Ríkisfjármál. Í tengslum við kjarasamninga sl. vor voru gerðar ýmsar breytingar frá fjárlögum á tekjum og gjöldum ríkissjóðs. Á tekjuhlið voru gerðar eftirfarandi breytingar:
- Lántökuskattur féll niður 1. júlí.
- Vörugjald á framleiðslu trjávöru- og málmiðnaðar féll niður 1. september.
- Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði var lækkaður úr 2,2% í 1,5%.
- Jöfnunargjald á innfluttum vörum var hækkað úr 3% í 5%.

Eftirfarandi breytingar voru m.a. gerðar á útgjöldum ríkissjóðs í tengslum við kjarasamningana:
- Ákveðið var að auka niðurgreiðslur frá 1. apríl til ársloka.
- Bætur almannatrygginga voru hækkaðar til samræmis við launahækkanir.
- Bótatímabil atvinnuleysistrygginga var lengt úr 180 dögum í 260 daga.

Í byrjun sumars lá fyrir að umtalsverður halli yrði á ríkissjóði, eða rúmir 4 milljarðar króna, ef ekki yrði gripið til ráðstafana. Þessi halli átti rætur að rekja til breyttra forsenda í verðlagsmálum og ákvarðana í tengslum við kjarasamninga og ýmissa ákvarðana um aukin ríkisútgjöld frá því fjárlög voru afgreidd, bæði með samþykktum Alþingis um viðbótarfjármagn til vegamála, og ríkisstjórnar vegna erfiðleika í ýmsum atvinnugreinum, einkum í sjávarútvegi og landbúnaði, vegna atvinnumála skólafólks o.fl. Í lok júlí var því tilkynnt um frekari aðgerðir í ríkisfjármálum, sem fólu í sér eftirfarandi:
- Lækkun ríkisútgjalda um allt að 800 m.kr. með lækkun fjármagnstilfærslna og stofnkostnaðar.
- Breytt innheimta á bensíngjaldi, þannig að skilafrestur er styttur úr tveimur mánuðum í einn.
- Breytt innheimta launaskatts, þannig að hann verður innheimtur mánaðarlega í stað annars hvers mánaðar.
- Ákvörðun um að halli ríkissjóðs yrði fjármagnaður innanlands. Til að greiða fyrir því var m.a. ákveðið að hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum, sem einungis eru samsett úr ríkisskuldabréfum og ríkisvíxlum, muni framvegis njóta eignarskattsfrelsis með sama hætti og spariskírteini ríkissjóðs gera nú.

Ákveðið var að nauðsynleg lagasetning í þessu sambandi biði þess að þing kæmi saman. Með þessum aðgerðum var talið að hægt að minnka rekstrarhalla ríkissjóðs um allt að 1.300 m.kr. og skapa forsendur til að fjármagna það sem eftir yrði af hallanum á innlendum lánsfjármarkaði.

Vaxta- og peningamál. Í upphafi febrúar mótaði ríkisstjórnin víðtæka stefnu í peninga- og vaxtamálum, sem hafði það að meginmarkmiði að koma á lægri raunvöxtum en stuðla jafnframt að betra jafnvægi á lánamarkaði með ýmsum umbótum í peninga- og vaxtamálum. Í þessu skyni voru gerðar margvíslegar breytingar á lögum um Seðlabanka, lögum um viðskiptabanka og á vaxtalögum. Einnig voru sett lög um starfsemi verðbréfafyrirtækja og eignarleiga. Grundvelli lánskjaravísitölunnar var breytt í upphafi ársins þannig að laun hafa jafnt vægi á við framfærslu- og byggingarkostnað. Þessi breyting hefur dregið úr misgengi

launa og lánskjara. Þá hefur tekist að ná fram samruna lánastofnana með sameiningu fjögurra banka í Íslandsbanka.

Í stefnumótun ríkisstjórnarinnar í vaxta- og peningamálum í byrjun febrúar fólst að ríkissjóður neytti stöðu sinnar sem stærsti lántakandi á fjármagnsmarkaðnum til að lækka vexti á spariskírteinum, og samningar við lífeyrissjóði um skuldabréfakaup af Húsnæðisstofnun ríkisins tryggðu vaxtalækkun. Seðlabankinn átti síðan að beita sér fyrir samsvarandi vaxtalækkun á öðrum hlutum lánsfjármarkaðarins. Fyrsta skrefið var stigið um miðjan apríl er samningar náðust við lífeyrissjóðina um tengingu vaxta á skuldabréfakaupum þeirra við vexti spariskírteina ríkissjóðs, og var þannig rutt úr vegi öllum hindrunum á þessum vettvangi fyrir vaxtalækkun. Vextir spariskírteina ríkissjóðs voru síðan lækkaðir í byrjun júlí úr 6,8 og 7% í 5,5 og 6%. Enn vantar þó nokkuð á að vextir á öðrum hlutum lánsfjármarkaðarins hafi aðlagast þessari breytingu.

1.3 Afkoma ríkissjóðs árið 1989

Breyttar forsendur. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1989 í janúarmánuði síðastliðnum var gengið út frá ákveðnum forsendum um framvindu efnahagsmála á þessu ári. Annars vegar var gert ráð fyrir nokkrum samdrætti í framleiðslu og þjóðarútgjöldum. Hins vegar var miðað við tilteknar forsendur um verðlags-, gengis- og launabreytingar til ársloka 1989. Á þessum grundvelli voru fjárlög fyrir árið 1989 afgreidd með rúmlega 600 m.kr. afgangi.

Framan af ári var útkoman í góðu samræmi við áætlanir, enda var verðlags- og launaþróun þá nálægt forsendum fjárlaganna. Þegar komið var fram undir mitt ár höfðu forsendur hins vegar breyst í svo veigamiklum atriðum að hallarekstur var óumflýjanlegur. Skýringin á þessum breyttu horfum er í stórum dráttum þríþætt:

Í fyrsta lagi hafa verðforsendur fjárlaga breyst verulega. Í stað 13-14% verðhækkunar er nú spáð 21-23% meðalhækkun verðlags á þessu ári, eða 7-10% meira en reiknað var með í fjárlögum. Þetta frávik stafar ekki hvað síst af mun meiri gengisbreytingum en fjárlög gerðu ráð fyrir, en laun hafa einnig hækkað meira en þar var gengið út frá. Þá hefur veltusamdráttur orðið meiri en áður var reiknað með.

Í öðru lagi hafa verið teknar ýmsar ákvarðanir um aukin ríkisútgjöld frá því fjárlög voru afgreidd, bæði með samþykktum Alþingis um viðbótarfjármagn til vegamála og eins hafa framlög til atvinnumála verið aukin, svo sem til sjávarútvegs, landbúnaðar o.fl.

Í þriðja lagi voru teknar ákvarðanir í tengslum við gerð kjarasamninganna síðastliðið vor um að lækka og jafnvel fella alveg niður tiltekna skatta. Þá var líka ákveðið að auka niðurgreiðslur.

Allt hefur þetta breytt forsendum fjárlaga, þannig að nú eru horfur á rúmlega 4½ milljarðs króna rekstrarhalla á ríkissjóði í lok þessa árs. Þessi halli svarar til um það bil 1½% af landsframleiðslu. Til samanburðar má nefna að árið 1988 svaraði hallinn á ríkissjóði til tæplega 3% af landsframleiðslu, reiknað á greiðslugrunni.

	Fjárlög 1989 m.kr.	Breytingar frá fjárlögum m.kr.	Endurskoðuð áætlun 1989 m.kr.
Tekjur	77.100	2.683	79.783
Útgjöld	76.464	7.995	84.459
Rekstrarafkoma	**636**	**-5.312**	**-4.676**
Lánahreyfingar, útstreymi	-6.045	-709	-6.835
Lántökur alls	5.435	6.076	11.511
Greiðsluafkoma	**26**	**-26**	**0**

Tekjuhlið. Lakari horfur í ríkisfjármálum koma fram bæði á tekju- og gjaldahlið. Á fjárlögum ársins 1989 var reiknað með að heildartekjur ríkissjóðs yrðu 77.100 m.kr. á þessu ári. Endurskoðuð áætlun í lok september bendir til þess að tekjurnar verði heldur meiri, eða 79.800 m.kr. Frávik frá áætlun fjárlaga er því um 2.700 m.kr., eða 3½%.

	Fjárlög 1989 m.kr.	Breytingar frá fjárlögum m.kr.	Endurskoðuð áætlun 1989 m.kr.
Tekjur alls	**77.100**	**2.683**	**79.783**
Óbeinir skattar	56.610	802	60.412
Beinir skattar	13.425	600	14.025
Innflutningsgjald af bílum	1.315	-315	1.000
Vörugjald	2.750	-450	2.300
Söluskattur	32.505	970	33.475
Skil ÁTVR	6.050	-550	5.500
Launatengd gjöld	5.353	463	5.816
Aðrir óbeinir skattar	11.637	684	12.321
Aðrar tekjur	4.065	1.281	5.346
Vaxtatekjur	3.185	1.215	4.400
Arðgreiðslur o.fl.	880	66	946

Helstu frávik frá fjárlagaáætlun koma fram í auknum tekjum af söluskatti, tekjuskatti einstaklinga og launatengdum gjöldum. Þessi hækkun skýrist fyrst og fremst af breyttum verðlags-, gengis- og launaforsendum. Vaxtatekjur hafa einnig aukist langt umfram áætlanir, m.a. vegna sérstaks innheimtuátaks í söluskatti og raunar öðrum opinberum gjöldum.

Á móti þessum hækkunum vega minni tekjur af innflutningsgjaldi bifreiða, sölu áfengis og tóbaks og vörugjaldi. Vörugjaldið var lækkað í kjölfar ákvörðunar stjórnvalda við gerð kjarasamninganna síðastliðið vor, en meiri samdráttur í veltu en reiknað var með í fjárlögum skýrir lækkun fyrrnefndu tekjustofnanna.

Að öllu samanlögðu er áætlað að tekjur ríkissjóðs hækki um 24% í krónum talið milli 1988 og 1989, en það svarar til rúmlega 2% aukningar að raungildi frá árinu 1988. Þetta jafngildir því að tekjur ríkissjóðs hafi aukist um 1.700 m.kr. milli áranna 1988 og 1989, reiknað á verðlagi 1989. Hlutfall tekna af landsframleiðslu hefur einnig hækkað, úr 25½% árið 1988 í 27% árið 1989, eða nánast það sama og nemur minnkun á halla ríkissjóðs úr 3% 1988 í 1½% árið 1989.

Útgjöld. Heildarútgjöld ríkissjóðs stefna í 84.500 m.kr. á þessu ári, eða tæplega 8 milljarða króna umfram fjárlög. Þar af má rekja tæplega helming, eða um 3,1 milljarð til verðlags- og launabreytinga. Afgangurinn tengist sérstökum ákvörðunum vegna kjarasamninga og erfiðrar stöðu í atvinnumálum. Auk þess er fyrirsjáanlegur útgjaldaauki á nokkrum öðrum liðum, sérstaklega á sviði landbúnaðar og félagsmála. Þá samþykkti Alþingi á vorþingi nokkra hækkun útgjalda, meðal annars til vegamála.

Af einstökum stórum liðum má nefna 1.600 m.kr. í auknum tryggingabótum, um 1.300 m.kr. í niðurgreiðslum og útflutningsuppbótum, 600 m.kr. til atvinnumála og rúmlega 800 m.kr. í aukin vaxtaútgjöld.

	Fjárlög 1989 m.kr.	Breytingar frá fjárlögum m.kr.	Endurskoðuð áætlun 1989 m.kr.
Gjöld alls	**76.464**	**7.995**	**84.459**
Rekstrarkostnaður	29.759	2.470	32.229
Tryggingagreiðslur, framlög og niðurgreiðslur	28.667	2.470	32.229
Lífeyris- og sjúkratryggingar	16.511	1.590	18.101
Niðurgreiðsla á matvörum	4.173	770	4.943
Útflutningsuppbætur	1.100	520	1.620
Endurgreiðsla söluskatts til sjávarútvegs	937	100	1.037
Önnur framlög	5.946	1.306	7.252
Vaxtagjöld	7.540	820	8.360
Fjárfesting og viðhald	10.498	420	10.918

Heildarútgjöld ríkissjóðs árið 1989 munu samkvæmt þessu hækka um 18% í krónum talið frá árinu 1988. Það jafngildir um það bil 1½% aukningu að raungildi milli ára, þ.e. þegar tekið er tillit til verð- og launabreytinga á gjaldahlið. Sé miðað við verðlag landsframleiðslu er hins vegar um tæplega 1% samdrátt raungildis útgjalda að ræða.
Hlutfall útgjalda af landsframleiðslu hækkar um rúmlega ½%, úr 28,1% 1988 í 28,7% árið 1989 er sú aukning stafar einungis af samdrætti landsframleiðslunnar.

Almennur rekstrarkostnaður ríkisins hækkar mun minna en heildarútgjöld, eða um tæplega 14%. Þar af vega launagreiðslur þyngst, en þær hækka aðeins um 10½% milli ára. Þetta má fyrst og fremst rekja til sérstakra aðgerða til þess að halda aftur af launa- og rekstrargjöldum ríkisstofnana. Enn fremur dragast útgjöld til fjárfestinga verulega saman. Á

móti þessu vegur umtalsverð hækkun á tryggingagreiðslum, niðurgreiðslu á matvörum og framlögum til atvinnumála.

Lánahreyfingar. Samkvæmt fjárlögum var gert ráð fyrir að lánsfjárþörf ríkissjóðs yrði að fullu mætt með lántökum innanlands, þ.e. með sölu spariskírteina fyrir 5.300 m.kr. á árinu öllu. Það sem af er árinu hefur salan gengið vel og er nú búið að selja fyrir um 3.200 m.kr. Jafnframt hefur sala á ríkisvíxlum gengið vel og í lok september er sala umfram innlausn um 4 milljarðar króna. Innlend fjáröflun er því orðin um 7 milljarðar króna.

Að teknu tilliti til rúmrar lausafjárstöðu innlánsstofnana og mikillar innlausnar spariskírteina í haust má ætla að auka megi innlenda fjáröflun umfram það sem reiknað er með í fjárlögum. Á hinn bóginn er ekki lengur gert ráð fyrir tekjuafgangi á ríkissjóði heldur umtalsverðum halla. Í endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að þessum halla verði að fullu mætt með innlendri fjáröflun, annars vegar með ríkisvíxlum og hins vegar með spariskírteinum og annarri innlendri fjáröflun.

1.4 Ríkisútgjöld 1980 - 1988

Á árunum 1980-1988 óx verg landsframleiðsla um 26%. Á sama tíma uxu tekjur ríkisins um 33% og ríkisútgjöld um 50%. Sérstaka athygli vekur þróunin frá 1983 en þá myndast bil milli gjalda og tekna sem haldist hefur síðan. Eftirfarandi línurit sýnir breytingar þessar og áætlun sömu stærða fyrir árin 1989 og 1990.

Þróun tekna og gjalda ríkissjóðs

á verðlagi ársins 1989



Á þessu tímabili hafa útgjöld til félagsmála, mennta-, heilbrigðis- og velferðarmála vaxið mest eða um 61% og hlutur þeirra í heildarútgjöldum aukist úr 54% í 58%. Hlutur atvinnumála þar á meðal niðurgreiðslna, hefur lækkað úr 27% í um 20% en samt vaxið að raungildi um 10%. Almenn stjórnsýsla og utanríkismál hafa haldið óbreyttri hlutdeild eða 10% og því vaxið eins og meðaltalið en ýmis mál, þar sem vextir eru stærsti hlutinn, hafa aukist um 109%. Vextir einir hafa vaxið um 163% og aukið hlutdeild sína úr 5,5% útgjalda 1984 í 9,5% 1988. Þess ber þó að geta að með yfirtöku ríkissjóðs á lánum raforkufyrirtækja á þessum áratug og fleiri hliðstæðum breytingum hefur orðið tilfærsla milli útgjalda til atvinnuvega og vaxtagjalda.

Megineinkenni þessarar þróunar er stöðugur vöxtur útgjalda umfram tekjur og umfram landsframleiðslu. Útgjaldahliðin virðist að mestu ónæm fyrir efnahags- og tekjuþróun og vex jöfnun skrefum hvort sem til þess eru efni eða ekki.

1.5 Ríkisútgjöld 1989 og 1990

Samkvæmt því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, verður halli á ríkissjóði 1990 tæplega 3 milljarðar króna. Sú niðurstaða verður þrátt fyrir að ríkisútgjöld dragast saman að raungildi um rúmlega 4% og verða sem hlutfall af vergri landsframleiðslu um 1% lægri en horfur eru á að þau verði á árinu 1989.

Samdráttur útgjalda næst með því að þeirri aðhaldsstefnu í rekstri sem einkenndi fjárlög ársins 1989 er haldið áfram og dregið sem unnt er úr tilfærslum og stofnkostnaði. Eftirfarandi tafla sýnir yfirlit yfir áætluð útgjöld ríkissjóðs á árinu 1990 samanborið við fjárlög 1989 og endurskoðaða áætlun fyrir árið 1989.

	Fjárlög 1989	Áætluð útkoma 1989	Frumvarp 1990	Breyting frá fjárlögum 1989 %	Breyting frá áætlun 1989 %
Rekstrarkostnaður	28.747	31.128	35.842	24,7	15,1
Tryggingar, niðurgreiðslur og framlög	29.679	34.053	37.914	27,7	11,3
Vextir	7.540	8.360	9.125	21,0	9,2
Viðhald	1.695	1.845	1.988	17,3	7,8
Fjárfesting	8.802	9.073	8.338	-5,3	-8,1
Samtals	**76.463**	**84.459**	**93.207**	**21,9**	**10,4**

Heildarútgjöld hækka um 10,4% frá áætlun fyrir 1989 og er það 4-5% minni hækkun en svarar til áætlaðra breytinga á verðlagi milli ára. Frávikin frá þeirri hækkun eru þó mismikil eftir útgjaldaflokkum. Rekstur stofnana ríkisins, þar sem heilbrigðis- og skólamál og félagsleg þjónusta eru stærstur hluti, víkur minnst frá almennum verðlagsbreytingum. Í fjárlögum yfirstandandi árs var beitt stífu aðhaldi í rekstri ríkisstofnana. Launagjöld voru miðuð við um 4% samdrátt í vinnumagni og aðrir kostnaðarliðir lækkaðir. Í frumvarpinu nú er þessari stefnu fylgt áfram þannig að sú lækkun sem ákveðin var á yfirstandandi ári er ekki dregin til baka. Hins vegar þótti augljóst að í sumum tilvikum yrði að gera leiðréttingar þegar áætlanir reyndust óraunhæfar með tilliti til reynslu og reikninga frá fyrri árum. Í sumum tilvikum var um að ræða ónákvæmni í áætlunum en í öðrum tilvikum virtist sem svo að á undanförnum árum hafi verið litið fram hjá misræmi í áætlun og

veruleika. Slíkar leiðréttingar taka til fjölmargra stofnana en eru hvað mestar hjá Alþingi, nokkrum af æðstu stjórnsýslustofnunum, svo sem nokkrum ráðuneytum, stofnunum skattkerfisins og ýmsum stofnunum í dóms- og löggæslukerfinu. Að frátöldum slíkum leiðréttingum var í aðalatriðum fylgt þeirri stefnu að gera ekki ráð fyrir auknu umfangi í starfsemi frá því sem fjárlög þessa árs byggjast á. Þrátt fyrir það er á nokkrum stöðum lítilleg aukning vegna ákvarðana sem fyrir lágu um breytingar af ýmsum toga og í fáeinum tilvikum er ætlað fyrir breytingum á næsta ári fyrst og fremst í stofnunum fatlaðra og heilbrigðisþjónustu.

Tilfærslur ýmiss konar hækka samtals minna en svarar til verðbreytinga, en breytingar innan þess flokks eru þó mjög misjafnar. Framlög til tryggingamála breytast í takt við verðlag að teknu tilliti til breyttra laga um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og þeirra ákvarðana stjórnvalda að draga úr kostnaði í heilbrigðiskerfinu með lækkun á lyfjakostnaði o.fl. Brott falla stórir millifærsluliðir sem áður voru þar sem eru endurgreiðslur á gjöldum til atvinnuveganna. Tengist sú breyting því að nýtt fyrirkomulag óbeinna skatta gerir slíkar tilfæringar ónauðsynlegar.

Auk aðhalds í rekstri er í frumvarpinu mjög dregið úr fjárfestingu hjá ríkinu Í heild lækka fjárfestingarframlög um 750 m.kr. eða 8% frá áætlun þessa árs. En lækkun að raungildi er um 20%.

Þrátt fyrir mikið aðhald í rekstri og takmörkun framkvæmda sem eins og að framan segir leiðir til lækkunar á raungildi ríkisútgjalda sem nemur nálægt 4 milljörðum króna, næst ekki það takmark að ríkissjóður verði án halla á árinu 1990. Að nokkru má skýra það með því tekjufalli hjá ríkissjóði sem fylgir samdráttarskeiði í efnahagslífinu, en fleira kemur til. Það má með rökum sýna fram á að það útgjaldastig, sem náð er í ríkisbúskapnum, liggi allnokkru hærra en það tekjuöflunarstig sem vilji er fyrir hendi að halda. Þannig hefur ekki tekist að vinna upp þann mun tekna og gjalda sem varð til á árunum eftir 1989. Ljóst má vera að ríkisútgjöldum verður ekki náð niður, svo að nokkru nemi, án þess að dregið verði nokkuð úr þjónustu þeirri sem fram er boðin af hálfu ríkisins. Nokkrum árangri má þó enn ná með því að láta neytendur þjónustu greiða a.m.k. hluta þess kostnaðar sem af hlýst og með hagræðingu af ýmsum toga.

Reynsla margra undangenginna tilrauna til að lækka útgjöld ríkisins er ekki góð og bendir til þess að í þjóðfélaginu og í opinberu stjórnsýslukerfi séu aðstæður þannig að þær hindri árangursríkar aðhaldsaðgerðir.

Stjórnkerfi ríkisins, allt frá Alþingi og til einstakra stofnana, er útgjaldahvetjandi, fjölmargir þjóðfélagsaðilar sem í orði hvetja til aðhalds, krefjast útgjalda á borði, og vinnubrögð við fjármálastjórn og fjárlagagerð er um of útgjaldamótandi.

Stærstur hluti útgjalda ríkisins er bundinn af ákvörðunum Alþingis í margháttuðum lögum sem oftar en ekki eru sett án þess að horft sé til kostnaðar og aukinna krafna um útgjöld sem af þeim leiðir. Þá hefur löggjafinn valið þá leið í vaxandi mæli á undanförnum árum að marka ákveðnar tekjur og ætla þær í framkvæmdir á ýmsum sviðum. Má þar nefna vegasjóð, tekjur flugmálaáætlunar, framkvæmdasjóð fatlaðra og aldraðra, Happdrætti Háskóla Íslands, lottótekjur o.fl. Mikill hluti af þessum mörkuðu tekjum fer í að reisa húsnæði og koma upp aðstöðu fyrir starfsemi án þess að ráðstafanir hafa verið gerðar til að sjá fyrir fé til að reka hana. Ber nauðsyn til að breyta þessu fyrirkomulagi.

Umfjöllun Alþingis um fjárlagafrumvarp hefur fyrst og fremst snúist um útgjaldahliðina eina. Mestur tími fjárveitinganefndar fer í viðtöl og athuganir á erindum sem snúast um aukin útgjöld.

Fjárlagagerðin er frá upphafi útgjaldamótandi. Ráðuneyti og stofnanir eru nánast beðin um óskir um aukin útgjöld og oftast án þess að spurt sé um markmið, valkosti og hagkvæmni.

Virk viðleitni til að hamla gegn viðvarandi aukningu ríkisútgjalda verður að byggjast á því að ferill fjárlagagerðar, bæði undirbúningur og hvernig ákvarðanir eru teknar, taki mið af því fé sem til ráðstöfunar er hverju sinni og að þeim sem að málum þessum koma, hvort sem er í stofnunum, ráðuneytum eða á þingi, sé það ljóst að verið er að velja á milli verkefna og að á þeim hvíli sú skylda og ábyrgð að velja það sem mikilvægast er hverju sinni.

Tilraun til að nálgast slíkt mark væri að taka upp fjárlagagerð sem byggist á útgjaldarömmum, samhliða gerð fjárlagaáætlana til nokkurra ára. Með útgjaldaáætlun komandi fjárlagaárs sem grunn yrði ráðuneytum og málefnaflokkum gefinn upp bindandi rammi og fjárlagatillögum yrði að halda innan hans. Auk þess að gera kleift að ákveða fyrirfram heildarniðurstöðu fjárlaga með hliðsjón af ástandi á hverjum tíma, myndu ráðuneyti og stofnanir verða að velja sér verkefni eftir mati á mikilvægi þeirra í stað þess að skrifa upp óskalista.

Samfara slíkum breytingum við undirbúning fjárlaga ætti að móta verkefni Alþingis í þessum málum þannig að þar kæmu í meira mæli en nú er til umfjöllunar stefnumarkandi ákvarðanir í ríkisfjármálum þannig að tryggt yrði samræmi í stefnumótun um ríkisútgjöld og ríkistekjur.

Í þessu sambandi skal og minnt á umræðu um breytingu á fjárlagaárinu og um fjáraukalög, sem hvort tveggja gæti stuðlað að bættum vinnubrögðum og árangri.

Breyttu fjárlagaári er ætlað að gefa þinginu meiri tíma til að fjalla um fjárlögin og veita ráðrúm til nauðsynlegs undirbúnings frá því að fjárlög eru samþykkt og þar til framkvæmd þeirra hefst, þannig að nauðsynlegur undirbúningur geti farið fram. Auk þess er talið að það muni auðvelda framkvæmd fjárlaga að heill vetur (skólaár o.fl.) teljast til fjárlagaársins.

Í framhaldi af því lagði fjármálaráðherra fram eftirfarandi tillögur í sumar til umræðu í ríkisstjórn og í þingflokkum stjórnarflokkana:

1. Fjárlagaár verði frá 1. júní til 31. maí ár hvert. Til greina kemur að ákvæði verði til bráðabirgða um að á haustþingi 1989 skuli samþykkja fjárlög fyrir tímabilið 1. janúar 1990 til 31. maí 1991, eða að samþykkt verði tólf mánaða fjárlög nú, en ný fjárlög fyrir tímabilið 1. júní 1990 til 31. maí 1991 verði samþykkt á vorþingi 1990. Í framtíðinni verði fjárlög lögð fyrir haustþing og bundið verði í lög að afgreiða verði fjárlög fyrir lok apríl.

2. Í framtíðinni verði lögð fram fjárlagaáætlun til þriggja ára samhliða fjárlagafrumvarpi hverju sinni. Fjárlagaáætlun hljóti sérstaka meðferð í þinginu og verði samþykkt á svipaðan hátt og vegaáætlun nú.

3. Útgjaldarammar verði meginaðferð við ákvörðun útgjaldahliðar fjárlaga í framtíðinni. Þannig fái einstök ráðuneyti ákveðna upphæð sem þau skipta síðan sjálf niður á verkefnaflokka og stofnanir áður en fjárlagafrumvarp er lagt fram.

4. Gerðar verði núllgrunnsáætlanir fyrir einstök ráðuneyti og stofnanir á fimm ára fresti. Með þeim hætti verður um fimmtungur ríkiskerfisins endurskoðaður frá grunni á hverju ári og öll starfsemi ríkisins tvisvar á hverjum áratug.

5. Fjáraukalög verði að jafnaði lögð fram ef nauðsynlegt reynist að bæta við útgjöldum og aukafjárveitingar verði einungis veittar í samræmi við löglegar skuldbindingar. Fjáraukalög verði lögð fram á haustþingi ef nauðsyn er talin vera á aukafjárveitingum vegna lögbundinna skuldbindinga ríkissjóðs eða breytinga á forsendum fjárlaga. Hvert ráðuneyti fái í fjárlögum ákveðna upphæð til úthlutunar sem "annað" eða "óviss útgjöld". Í fjárlögum verði einnig liður til ráðstöfunar vegna óvissuútgjalda fyrir ríkisstjórnina í heild. Teknar verði inn í fjárlög heimildir til að breyta útgjöldum beinna rekstrarliða og lögbundinna útgjalda til samræmis við verðlagsbreytingar umfram forsendur fjárlaga, en að jafnaði verði gerð grein fyrir notkun þessara heimilda við framlagningu fjáraukalaga.

1.6. Breytingar á tekjuöflun ríkissjóðs

Tekjuhlið fjárlagafrumvarps fyrir árið 1990 endurspeglar það meginmarkmið ríkisstjórnarinnar að skattbyrðin, mæld sem hlutfall tekna af landsframleiðslu, haldist sem næst óbreytt milli áranna 1989 og 1990. Á næsta ári er gert ráð fyrir að dragi úr landsframleiðslu þriðja árið í röð. Þar með munu tekjur ríkissjóðs lækka um 1½% að raungildi á næsta ári, eða um 1.300-1.400 m.kr. frá áætluðum tekjum á þessu ári.

Á undanförnum misserum hafa verið gerðar miklar breytingar á tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs. Meginmarkmið þessara breytinga hefur verið að gera skattheimtuna traustari og þar með styrkja þær undirstöður sem starfsemi ríkissjóðs byggist á, hvort sem það er í heilbrigðis-, trygginga- eða menntamálum. Á næsta ári er enn gert ráð fyrir nokkrum breytingum á þessu sviði. Þessar eru helstar:

Virðisaukaskattur kemur til framkvæmda um næstu áramót og leysir þar með söluskattinn af hólmi. Gert er ráð fyrir einu skatthlutfalli á smásölustigi, sem verði 26%. Til þess að ná fram verðlækkun á helstu nauðsynjavörum heimilanna verður skatturinn að nokkru endurgreiddur á framleiðslustigi, þannig að á mjólk, dilkakjöt, innlent grænmeti og fisk leggst ígildi 13% skatts.

Skattlagning raunvaxtatekna einstaklinga hefur verið í undirbúningi. Þessi skattlagning miðar að því að afnema þau skattalegu forréttindi sem fjármagnstekjur hafa notið umfram atvinnutekjur, um leið og stefnt er að samræmingu í skattalegri meðferð mismunandi forma fjármagnstekna. Sérstaklega er stefnt að því að jafna skattalega stöðu þeirra sem fjárfesta í hlutabréfum og skuldabréfum. Jafnframt er gert ráð fyrir að með skattalegum hætti verði hægt að örva til myndunar aukins eiginfjár í atvinnurekstri. Gert er ráð fyrir að samhliða upptöku samræmds tekjuskatts á fjármagnstekjur verði eignarskattar lækkaðir.

Tekjuskattlagning einstaklinga. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að endurskoða tekjuskattkerfið á næstunni í því skyni að það stuðli að meiri jöfnuði með því að létta skattbyrði af lágtekjufólki en auka hana á hátekjufólki. Við þessa endurskoðun hefur verið ákveðið að eftirfarandi kostir verði skoðaðir sem tæki til aukins jöfnuðar innan tekjuskattskerfisins:

1. Að barnabætur verði í ríkara mæli tekju- og eignatengdar, þannig að þær komi fyrst og fremst í hlut lágtekjufólks.
2. Að hækka skatta á fólki með háar tekjur með því að hækka tekjuskattshlutfall og persónuafslátt.
3. Að komið verði á sérstöku skattþrepi á háar tekjur.
4. Að teknir verði upp tekjutengdir húsaleigustyrkir.

Auk þess eru ýmis önnur atriði í tekjuöflun ríkissjóðs til athugunar. Ýmis leyfis- og afgreiðslugjöld verða hækkuð sérstaklega til þess að þau standi undir auknum kostnaðarhlut viðkomandi stofnana. Skattar af rekstri bifreiða lækka á næsta ári, þegar á heildina er litið. Annars vegar er gert ráð fyrir að bensíngjald fylgi ekki verðlagsbreytingum, þ.e. lækki að raungildi á næsta ári. Á móti vegur að hluta sérstök hækkun á bifreiðagjaldi. Skattlagning fyrirtækja og sjóða verður til endurskoðunar, með það í huga að draga úr mismunun milli aðila og auka samræmingu. Hér má meðal annars nefna skattlagningu orkufyrirtækja, fækkun frádráttarliða, sérstaka sveiflujöfnunarsjóði og breytingar sem stuðla að aukinni eiginfjármyndun í atvinnulífinu. Jafnframt verður unnið að endurskoðun launatengdra gjalda með það fyrir augum að samræma álagningu þeirra.

2 Fjárlagafrumvarp 1990 - Yfirlit

Greinargerð með fjárlagafrumvarpinu er í sjö aðalköflum. Á eftir inngangi er í þessum kafla sett fram yfirlit um helstu atriði og niðurstöður frumvarpsins. Í þriðja kafla er fjallað um tekjuhlið frumvarpsins, í þeim fjórða um gjaldahlið frumvarpsins, í fimmta kafla er sérstaklega fjallað um fyrirtæki og sjóði í B-hluta, í sjötta kafla er gerð grein fyrir heildarskuldbindingum ríkissjóðs, lánum og veittum ábyrgðum, og í sjöunda kafla eru rædd fjárfestingar- og lánamál opinberra aðila. Á fylgiskjali er að finna yfirlit yfir kostnað og stöðu framkvæmda sem unnar eru á vegum Framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins. Greinargerðinni fylgja einnig yfirlitstöflur af ýmsum toga.

2.1 Gjaldaforsendur

Fjárlagafrumvarpið er miðað við áætlun um þróun helstu hagstærða eins og hún liggur fyrir í þjóðhagsáætlun. Eins og þar kemur fram eru horfur á því að á næsta ári dragist landsframleiðsla saman og neysla og fjárfesting fari minnkandi. Í þjóðhagsáætlun er gert ráð fyrir að verðlagsbreytingar milli áranna 1989 og 1990 verði um 16% eftir um 21% hækkun frá 1988 til 1989. Efnahagsþróun áranna 1985 til 1988 einkenndist af vexti og þenslu. Aukinni landsframleiðslu fylgdi enn meiri aukning neyslu og fjárfestingar, sem leiddi til þess að þegar við lok vaxtatímabilsins var þjóðarbúið komið í verulegan viðskiptahalla sem gerir erfiðara en ella væri, að mæta minnkandi landsframleiðslu. Eins og jafnan á efnahagslegum umbrotatímum er torvelt að spá um framvindu í þróun einstakra þátta efnahagsmála og er því í fjárlagafrumvarpinu ekki byggt á slíkri áætlun en hins vegar reynt að meta áhrif verðlagsbreytinga eins og þær koma fram í þjóðhagsáætlun á fjárlögin í heild, bæði tekjur og gjöld.

Gjöld í frumvarpinu eru á áætluðu meðalverðlagi 1989. Þau gjöld, sem fram koma á rekstrarliðum, þ.e. laun og önnur rekstrargjöld einstakra stofnana eru þó sett fram á áætluðu janúarverðlagi 1990. Fyrir verðlagsbreytingum þessara gjaldaliða til meðalverðlags 1990 er áætlað á sérstökum fjárlagalið, launa- og verðlagsmál.

Tekjuáætlun miðast við sömu forsendur varðandi efnahags- og verðlagsþróun, en áhrifin á tekjur eru þó allt aðrar en á gjöld. Samdráttur veltustærða gerir það að verkum að tekjur tengdar þeim halda ekki í við verðlagsþróun. Í því ríkisfjármálakerfi sem hér er má gera ráð fyrir að á samdráttartímum dragist ríkistekjur saman nokkuð örar en landsframleiðsla en

gjöld nokkuð hægar. Samdrátturinn leiðir því til halla á ríkissjóði, sem allt eftir orsökum samdráttar og ástandi annarra þátta efnahagslífsins getur verið viðunandi eða óæskilegur.

2.2 Afkomuhorfur

Samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1990 er samandregin niðurstaða rekstrarreiknings þessi:

Gjöld	m.kr.	Tekjur	m.kr.
Rekstrarkostnaður	35.842	Beinir skattar	15.210
Tryggingar, framlög	37.914	Óbeinir skattar	69.430
Vextir	9.125	Aðrar tekjur	5.712
Viðhald	1.988		
Fjárfesting	8.338		
Samtals gjöld	93.207	Samtals tekjur	90.352
		Halli	2.855
Samtals	93.207		93.207

Eins og fram kemur er gert ráð fyrir að á árinu 1990 verði halli á ríkissjóði tæplega 3 milljarðar króna eða 1% af landsframleiðslu, samanborið við um 1,5% á þessu ári. Hallinn er um 3,1% útgjalda, sem þýðir það að tekjur ríkisins nægja fyrir u.þ.b. 97% útgjaldanna en afganginn verður að taka að láni. Að frátöldum vöxtum eru útgjöldin þó einungis um 93% teknanna. Um 7% teknanna fara til greiðslu á vöxtum og dugir þó ekki til þar sem til vaxtagreiðsla í heild þarf um 10,1% ríkistekna.

Heildargjöld ríkissjóðs á árinu 1990 eru áætluð 93,2 milljarðar króna. Sú fjárhæð svarar til tæplega 27,8% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Samsvarandi tölur fyrir árið 1989 eru 84,5 milljarðar og 28,7%. Lækka gjöld ríkissjóðs því um tæplega 1% af landsframleiðslu og er sú lækkun árangur af þeirri ákvörðun ríkissjórnarinnar að beita ströngu aðhaldi í rekstri og draga saman fjárfestingar.

Tekjur ríkissjóðs á árinu 1990 eru áætlaðar 90,4 milljarðar króna, sem svarar til um 27% af landsframleiðslu sem er sama hlutfall og í ár eða nokkru lægra.

Eftirfarandi yfirlit sýna skiptingu tekna og gjalda og samanburð við verga landsframleiðslu:

Tekjur, hlutfallsleg skipting, samanburður við VLF

	% af tekjum		% af VLF	
	Áætlun 1989	Frumvarp 1990	Áætlun 1989	Frumvarp 1990
Beinir skattar	17,6	16,8	4,8	4,5
Óbeinir skattar	75,7	76,8	20,5	20,7
Aðrar tekjur	6,7	6,3	1,8	1,7
Samtals	**100,0**	**100,0**	**27,1**	**27,0**

Gjöld, hlutfallsleg skipting og samanburður við VLF

	% af útgjöldum		% af VLF	
	Áætlun 1989	Frumvarp 1990	Áætlun 1989	Frumvarp 1990
Rekstrarkostnaður	36,9	38,5	10,6	10,7
Tryggingar, niðurgreiðslur og framlög	40,3	40,7	11,6	11,3
Vextir	9,9	9,8	2,8	2,7
Viðhald	2,2	2,1	0,6	0,6
Fjárfesting	10,7	8,9	3,1	2,5
Samtals	**100,0**	**100,0**	**28,7**	**27,8**

2.3 Lánahreyfingar

Í 1. gr. frumvarpsins koma fram lánahreyfingar ríkissjóðs. Sýnd er innlend og erlend lánsfjáröflun svo og afborganir lána, framlög ríkisins til hlutafélaga og hreyfingar á skammtímakröfum.

Hreinar afborganir. Heildarafborganir af teknum lánum ríkissjóðs nema 5.700 m.kr. Þar af er talið að innlausn eldri spariskírteina ríkissjóðs nemi 2.000 m.kr. Mat á þessu er jafnan háð nokkurri óvissu en innlausn spariskírteina er áætluð í ljósi reynslu síðustu ára og þeirra kjara sem útistandandi bréf bera. Afborganir af erlendum lánum nema alls 1.370 m.kr. og eru um 24% af heildarafborgunum ríkissjóðs. Afborganir af lánum til Seðlabanka nema alls 1.000 m.kr. Innheimtar afborganir nema alls 3.480 m.kr., þar af eru 1.700 m.kr. af gengisbundnum lánum og 1.780 m.kr. af lánum sem tengd eru innlendu verðlagi. Hreinar afborganir ríkissjóðs nema því 2.220 m.kr.

Veitt lán. Til veittra lána á árinu 1990 teljast þau lán sem ríkissjóður hefur beina milligöngu um að afla fyrir B-hluta fyrirtæki og sjóði. Lán þessi eru 1.480 m.kr. vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Að auki verða veittar ríkisábyrgðir til nokkurra aðila sem skýrt er nánar frá í frumvarpi til lánsfjárlaga.

Hluta- og stofnfjárframlög. Hluta- og stofnfjárframlög eru áætluð 160 m.kr. á árinu 1990. Hér er um að ræða eftirtalin framlög:

1. Framlag til Alþjóðabankans er samtals 36,3 m.kr. Hér er um að ræða 24,3 m.kr. vegna hlutafjárhækkunar á grundvelli laga nr. 27/1988 og er það önnur afborgun af fimm. Þá er 5,0 m.kr. framlag í sjóð hjá Alþjóðabankanum er stofnaður yrði til að greiða eingöngu út laun íslenskra verkfræðinga er fengju afmörkuð verkefni á vegum bankans. Loks er 7,0 m.kr. greiðsla á verðbótakröfu bankans á grundvelli skuldbindinga vegna fyrri hlutafjárhækkana.
2. Stofnfjárframlag til Alþjóðaframfarastofnunarinnar, IDA, nemur 47,3 m.kr. Er það þriðja og síðasta framlag í svokölluðum IDA-8 viðbótarframlögum.

3. Hækkun á hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum var heimiluð með lögum nr. 93/1987 og nemur 10,7 m.kr. á árinu 1990.
4. Stofnfjárframlag til Norræna þróunarsamvinnusjóðsins, NUF, önnur greiðsla af fimm, 14,9 m.kr. Lög um sjóðinn voru samþykkt á Alþingi í febrúar 1989.
5. Stofnfjárframlag til ESAF-lánadeildar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, 16,5 m.kr. Hér er um tíunda hluta af heildarframlagi til lánadeildarinnar sem greiða skal á næstu 6 árum. Lán úr þessum flokki eru ætluð fátækustu aðildarríkjum sjóðsins til að bæta greiðslustöðu þeirra við útlönd.
6. Stofnfjárframlag til Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda, 1,9 m.kr., fjórða greiðsla af níu.
7. Að síðustu er áætlað fyrir hlutafjárframlögum ríkisins í ýmsum fyrirtækjum sem það á eða kann að eignast aðild að á árinu 1990, 32,4 m.kr.

Viðskiptareikningur. Á undanförnum árum hefur ávallt verið útstreymi umfram innstreymi á þessum reikningum hjá ríkissjóði. Þessir reikningar taka til ýmissa skuldaviðurkenninga til skamms tíma vegna söluskatts, staðgreiðslu launa, launaskatts o.fl. Hér af leiðir tímabundið fjárútstreymi sem þarf að fjármagna. Áætlað útstreymi umfram innstreymi af þessum reikningum nemur 600 m.kr. á árinu 1990.

Í heild nema lántökur A-hluta ríkissjóðs 7.370 m.kr., þar af verða 1.370 m.kr. teknar að láni erlendis en sú upphæð jafngildir áætluðum afborgunum ríkissjóðs af erlendum skuldum ríkissjóðs. Taka ber fram að lánsfjármögnun byggingarsjóðanna telst ekki til lánsfjármála A-hluta ríkissjóðs. Litið er á þessa sjóði sem lánastofnanir, enda fara lántökur þeirra hjá lífeyrissjóðum ekki um ríkissjóð, heldur taka þeir lán til starfsemi sinnar beint og endurlána til einstaklinga og fyrirtækja. Að öðru leyti vísast í 6. og 7. kafla til skýringa á lánsfjáröflun og ráðstöfun.

2.4 Lagabreytingar

Hér er sett fram yfirlit yfir þær lagabreytingar sem taldar eru forsendur þess að tekju- og gjaldahlið frumvarpsins standist. Í frumvarpi til lánsfjárlaga er sótt um nauðsynlegar breytingar á lögum til skerðingar á framlögum og heimildir til innlendrar lántöku ríkissjóðs og annarra opinberra aðila. Auk þess er þar leitað heimilda til ábyrgðaveitinga og skuldbreytinga á lánum ríkissjóðs og fleiri aðila.

Lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlagafrumvarpsins

Lög um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Skatthlutfall breytist.

Lög um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekju- og eignaskatt. Skattlagning fjármagnstekna og breyting á eignaskatti.

Lög um breyting á lögum nr. 14/1965, um launaskatt. Breyting gjalddaga.

Lög um breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald. Álagning endurskoðuð.

Lög um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald. Gjaldtaka endurskoðuð.

Lög um breyting á lögum nr. 88/1987, um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Gildistími laganna framlengdur.

Framkvæmdasjóður aldraðra. Breyting álagningar og breytt ráðstöfun tekna.

Lagabreytingar vegna gjaldahliðar frumvarpsins

Stofnlánadeild landbúnaðarins og lífeyrissjóður bænda. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, skal framlag ríkissjóðs til stofnlánadeildarinnar eigi nema hærri fjárhæð en 48.360 þús.kr. Þetta framlag er til Lífeyrissjóðs bænda en skv. 19. gr. laga nr. 50/1985, skal Stofnlánadeild landbúnaðarins standa undir 37,5% lífeyrisgreiðslna til ársloka 1989. Flutt verður frumvarp þess efnis að gildistími þessa ákvæðis framlengist.

Lög um breyting á lögum nr. 29/1963, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Breyting á verðtryggingargreiðslum ríkissjóðs.

Bjargráðasjóður. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs á árinu 1990 til sjóðsins falla niður.

Hafnabótasjóður. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 69/1984, um Hafnabótasjóð, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins ekki nema hærri fjárhæð en 20.000 þús. kr. á árinu 1990.

Iðnlánasjóður. Þrátt fyrir ákvæði 3. tölul. 9. gr. laga nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, skal framlag ríkissjóðs á árinu 1990 falla niður.

Ferðamálaráð. Þrátt fyrir ákvæði 8. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs ekki nema hærri fjárhæð en 36.000 þús. kr. á árinu 1990.

Kvikmyndasjóður. Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 71.000 þús. kr. á árinu 1990.

Menningarsjóður. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 50/1957, um Menningarsjóð, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi nema hærri fjárhæð en 8.500 þús. kr. á árinu 1990.

Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum. Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laga nr. 32/1979, um framlög ríkissjóðs til greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, falla þær greiðslur niður á árinu 1990. Þess í stað skal sá hluti framleiðendagjalds, sbr. 2. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, sem tekinn hefur verið inn í verðlag búvara, ganga til greiðslu kostnaðar við forfallaþjónustuna eftir nánari ákvörðun landbúnaðarráðherra.

Ríkisútvarpið. Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, skulu aðflutningsgjöld af innfluttum hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum til þeirra renna í ríkissjóð á árinu 1990.

Jarðræktar- og búfjárræktarlög, framlög. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 84/1989, um búfjárrækt og jarðræktarlög nr. 56/1987 skal framlagið úr ríkissjóði vegna þeirra eigi vera hærra en 110.000 þús. kr. á árinu 1990. Enn fremur fellur niður greiðsla ríkissjóðs á hluta ferðakostnaðar sbr. 7. gr. téðra jarðræktarlaga.

Listskreytingasjóður ríkisins. Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1.gr. laga nr. 34/1982, um Listskreytingasjóð ríkisins, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi vera hærra en 10.000 þús. kr.

Eyðing refa og minka. Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. laga nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka, skal framlag ríkissjóðs vegna bóta fyrir eyðingu refa og minka eigi vera hærra en 10.000 þús. kr. á árinu 1990.

3 Tekjur

Tekjur ríkissjóðs fyrir árið 1990 eru áætlaðar 90,4 milljarðar króna, eða 10,6 milljörðum hærri en árið 1989. Hækkun er rúmlega 13%, en í þjóðhagsáætlun er gert ráð fyrir að almennt verðlag hækki um 15 - 16% að meðaltali á næsta ári. Það þýðir að tekjur breytast eingöngu í samræmi við verðhækkun milli ára og raunar varla það, þar sem tekjurnar, metnar á föstu verðlagi, dragast saman um tæpan 1½ milljarð króna milli áranna 1989 og 1990. Heildarskattbyrði, þ.e. skatttekjur ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, er hins vegar sú sama bæði árin, eða 25,3%, og svipuðu máli gegnir um hlutfall heildartekna af landsframleiðslu.

Greiðslugrunnur	Áætlun 1989 m.kr.	Frumvarp 1990 m.kr.
Tekjur ríkissjóðs	**79.783**	**90.352**
Beinir skattar	14.025	15.210
Óbeinir skattar	60.412	69.430
Aðrar tekjur	5.346	5.712
Skatttekjur ríkissjóðs sem % af VLF	**25,3**	**25,3**
Heildartekjur ríkissjóðs sem % af VLF	**27,1**	**27,0**

Hér á eftir verður gerð grein fyrir tekjuhorfum ríkissjóðs á næsta ári svo og þeim breytingum, sem á tekjustofnum verða.

3.1 Beinir skattar

Eignarskattar. Sem endranær byggir áætlun um álagningu eignarskatta fyrst og fremst á spá um hækkun fasteignamats á milli ára, en fasteignir eru meginhluti þessa skattstofns, einkum hjá einstaklingum. Á síðasta ári voru samþykktar umtalsverðar breytingar á eignarskattslögunum, sem komu til framkvæmda við álagningu beinna skatta um mitt ár 1989. Tekið var upp nýtt skattþrep í eignarskatti einstaklinga, auk þess sem almenna hlutfallið var hækkað, jafnt hjá fyrirtækjum sem einstaklingum. Nú er hins vegar stefnt að nokkurri lækkun eignarskatta í tengslum við væntanlega skattlagningu fjármagnstekna.

Miðað við svipaða innheimtu á næsta ári og í ár er áætlað að tekjur ríkissjóðs af

eignarsköttum verði um 2,3 milljarðar króna á árinu 1990 samanborið við tæplega 2,2 milljarða króna 1989. Í þessu felst um 10% raunlækkun eignarskatta milli ára. Eignarskattsaukinn nemur um 270 m.kr., en á þessu ári er gert ráð fyrir að hann skili um 230 m.kr. í tekjur.

Reiknað er með að sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði verði óbreyttur á næsta ári frá því sem hann er nú. Síðast liðið vor var þessi skattur lækkaður úr 2,2% í 1,5% af fasteignamati, samkvæmt ákvörðun stjórnvalda í því skyni að greiða fyrir kjarasamningum á almennum markaði. Miðað við sömu verðforsendur og í áætlun um eignarskatta gætu tekjur af þessum gjaldstofni numið um 400 m.kr. á árinu 1990, samanborið við 330 m.kr. á þessu ári.

Tekjur af erfðafjárskatti verða líklega um 180 m.kr. í ár. Gert er ráð fyrir að sá skattur skili svipuðum tekjum á árinu 1990, eða 200 m.kr að teknu tilliti til verðlagsbreytinga.

Tekjuskattar. Áætlun um tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga fyrir árið 1990 tekur að meginhluta mið af forsendum þjóðhagsáætlunar um almenna verð- og kostnaðarþróun á næsta ári. Ýmsir óvissuþættir eru þó tengdir þessari áætlun, þar sem nú eru í undirbúningi ýmsar breytingar á tekjuskattslögunum, sem raunar varða bæði einstaklinga og fyrirtæki.

Fyrst ber að nefna skattlagningu fjármagnstekna. Í tengslum við þá breytingu er ráðgert að lækka eignarskatta, eins og áður var nefnt. Með þessu verður stigið stórt skref í átt til samræmingar á skattlagningu almennra launa og fjármagnstekna á árinu 1990.

Þá er rétt að nefna, að um næstu áramót verður tekið upp nýtt form á niðurgreiðslu vaxta í gegnum skattkerfið, þ.e.a.s vaxtabætur koma í stað vaxtaafsláttar, en þær eru bæði tekju- og eignatengdar. Auk þess að vera forsenda fyrir breyttri skipan í húsnæðismálum, sem felst í upptöku á svonefndu húsbréfakerfi, miðar þessi breyting að því að gera þessa niðurgreiðslu markvissari og tryggja þannig betur hag þeirra tekjulágu og skuldsettu, umfram hina tekjuhærri og efnameiri.

Að öllu samanlögðu er áætlað að innheimtar tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga verði 10,3 milljarðar króna á árinu 1990. Þar er innheimta á eftirstöðvum fyrri ára meðtalin. Til samanburðar má nefna að á þessu ári er innheimtan áætluð 9,1 milljarður króna.

Mikil óvissa ríkir um tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti félaga á næsta ári. Horfur eru á að afkoma fyrirtækja verði lakari á þessu ári en á árinu 1988, sem óhjákvæmilega leiðir til minni tekna af þessum skattstofni á næsta ári. Vaxandi greiðsluerfiðleikar hjá fyrirtækjum gætu einnig sett mark sitt á innheimtuna, bæði á þessu ári og hinu næsta. Miðað við þessar forsendur er óvarlegt að ætla, að tekjuskattur félaga færi ríkissjóði meira en 1.700 - 1.800 m.kr. í tekjur árið 1990, samanborið við um 2¼ milljarð króna í ár.

Á hinn bóginn verður haldið áfram að endurskoða og samræma skattlagningu fyrirtækja og sjóða með það að markmiði að draga úr mismunun milli aðila. Má þar nefna skattlagningu orkufyrirtækja, frekari fækkun frádráttarliða, sérstaka sveiflujöfnunarsjóði, samræmda álagningu launatengdra gjalda og annað sem dregið gæti úr mismunun og jafnframt stuðlað að aukinni eiginfjármyndun fyrirtækja.

Síðastliðið vor var samþykkt á Alþingi að taka upp að nýju sérstakt gjald til Framkvæmdasjóðs aldraðra. Talið er að innheimtar tekjur af þessu gjaldi verði um 230 m.kr. á næsta ári. Þá er miðað við að þessi skattur verði 2.500 kr. á hvern gjaldskyldan einstakling en það er lækkun frá því sem óbreytt lög gera ráð fyrir.

Tekjuáætlun ríkissjóðs 1989 - 1990

	Áætlun 1989					
	Fjárlög 1989 m.kr.	Á verðlagi 1989 m.kr.	Á verðlagi 1990 m.kr.	Frumvarp 1990 m.kr.	Raunbreyting 1989 - 1990 m.kr.	%
Beinir skattar	**13.425**	**14.025**	**15.700**	**15.210**	**-490**	**-3**
Eignarskattar	2.975	2.675	.	2.880	.	.
Tekjuskattar	10.450	11.350	.	12.330	.	.
Óbeinir skattar	**59.610**	**60.412**	**69.900**	**69.430**	**-470**	**-½**
Gjöld af innflutningi	10.283	10.193	.	9.874	.	.
Söluskattur/virðisaukaskattur	32.505	33.475	.	40.550	.	.
Launatengd gjöld	5.353	5.816	.	6.770	.	.
Rekstrarhagnaður ÁTVR	6.050	5.500	.	6.150	.	.
Bifreiðaskattar	1.745	1.705	.	2.115	.	.
Aðrir óbeinir skattar	3.674	3.723	.	3.971	.	.
Aðrar tekjur	**4.065**	**5.346**	**6.100**	**5.712**	**-388**	**-6½**
Vaxtatekjur	3.185	4.400	.	4.255	.	.
Arðgreiðslur o.fl.	880	946	.	1.457	.	.
Heildartekjur ríkissjóðs	**77.100**	**79.783**	**91.700**	**90.352**	**-1.348**	**-1½**

3.2 Óbeinir skattar

Skattar af framleiðslu og innflutningi. Hlutur innflutnings- og vörugjalda í heildartekjum ríkissjóðs hefur sífellt verið að minnka síðasta áratuginn. Á árinu 1980 skiluðu þessi gjöld t.d. um fjórðungi ríkissjóðstekna, en þau verða líklega helmingi minni í ár, eða 12½% af heild. Sömu þróunar gætir á næsta ári, en þá er talið að tekjur af þeim verði um 9,9 milljarðar króna, eða aðeins um einn tíundi hluta heildarteknanna. Þá er við það miðað að tekjur af jöfnunargjaldi verði um ½ milljarður króna á árinu 1990. Á þessu ári er gert ráð fyrir að tekjur af innflutnings- og vörugjöldum verði 10,2 milljarðar króna.

Innheimta tolltekna er áætluð 2.750 m.kr. á árinu 1990. Sú áætlun byggir á verð- og veltuforsendum þjóðhagsáætlunar fyrir árið 1990, þar sem reiknað er með allnokkrum veltusamdrætti í almennum vöruinnflutningi. Til samanburðar verða tolltekjur líklega um 2½ milljarður króna í ár.

Gríðarlegur samdráttur verður í innflutningi bifreiða á þessu ári samanborið við árið 1988. Þannig er útlit fyrir að aðeins verði fluttar inn um 7.500 bifreiðar, en í fyrra voru innfluttar bifreiðar tæplega 15.000 talsins. Talið er að innflutningur bifreiða verði heldur minni á næsta ári, eða kringum 7.000 bílar. Er þá miðað við bæði atvinnubifreiðar og fólksbíla. Á þeim forsendum verða áætlaðar tekjur ríkissjóðs af innflutningsgjaldi bifreiða rúmlega 1 milljarður króna á árinu 1990, eða svipaðar og í ár í krónum talið.

Um mitt ár var álagningu bensíngjalds breytt á þann veg að tekið var upp mishátt gjald eftir blýinnihaldi bensíns. Í dag eru gjöldin tvö, þ.e. 16,43 krónur á hvern lítra af blýlausu bensíni, en 17,95 krónur á lítra af öðru bensíni. Þá hefur innheimtu bensíngjalds verið flýtt um einn mánuð, sem þýðir að á árinu 1989 renna í ríkissjóð þrettán mánaða tekjur af

Skipting ríkissjóðstekna á greiðslugrunni árið 1980



Skipting ríkissjóðstekna á greiðslugrunni árið 1990 samkvæmt frumvarpi



bensíngjaldi. Miðað við svipaða bensínsölu á árinu 1990 og í ár er áætlað, að tekjur af þessum gjaldstofni verði rúmlega 3 milljarðar króna á næsta ári, samanborið við 2,9 milljarða króna 1989. Í þeim tölum er reiknað með að hækkun bensíngjalds verði um fjórðungur af áætlaðri heimildarhækkun þess á árinu 1990.

Um síðustu áramót varð veruleg breyting á álagningu vörugjalds, sem raunar var þríþætt. Í fyrsta lagi var gjaldstofninn breikkaður, m.a. með víkkun á vörugjaldsskyldu byggingarvara. Í öðru lagi var gjaldið lækkað úr 14% í 9%. Í þriðja lagi var lagt sérstakt 16% gjald á sælgæti og gosdrykki. Í vor tóku stjórnvöld hins vegar þá ákvörðun að fella niður vörugjald af framleiðslu úr trjávöru og ýmsum málmvörum í því skyni að greiða fyrir gerð kjarasamninga á hinum almenna markaði. Þessi breyting kom síðan til framkvæmda þann 1. september sl. og hefur í för með sér um 350 m.kr. tekjutap fyrir ríkissjóð á þessu ári. Áhrif þessarar breytingar verða hins vegar mun meiri á árinu 1990, en þá er gert ráð fyrir, að tekjur af vörugjaldi verði þriðjungi minni að raungildi en í ár, eða aðeins um 1.800 m.kr. Á þessu ári eru innheimtar tekjur af vörugjaldi áætlaðar 2.300 m.kr.

Virðisaukaskattur. Um næstu áramót verður virðisaukaskattur tekinn upp í stað söluskatts. Sú breyting kemur til með að hafa veruleg áhrif bæði á tekju- og gjaldahlið frumvarpsins. Gert er ráð fyrir einu skatthlutfalli á smásölustigi, eða 26%. Þessi hækkun er nauðsynleg til að styrkja stöðu ríkissjóðs á næsta ári, en að óbreyttum lögum hefðu tekjur ríkissjóðs lækkað um allt að 4 milljörðum króna á árinu 1990. Á hinn bóginn hafa stjórnvöld ákveðið að lækka verð á helstu nauðsynjavörum heimilanna í tengslum við kerfisbreytinguna með því að endurgreiða hluta virðisaukaskattsins á framleiðslustigi. Verð á mjólk, dilkakjöti, innlendu grænmeti og fiski mun þannig lækka um tæp 10% í byrjun næsta árs, þar sem á þessar vörur verður aðeins lagt ígildi 13% skatts. Þessi aðgerð er talin kosta ríkissjóð um 1 milljarð króna á heilu ári.

Á þessum forsendum og miðað við verðlags- og veltuforsendur þjóðhagsáætlunar munu heildartekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti verða um 40½ milljarður króna á árinu 1990. Á hinn bóginn er rétt að hafa nokkurn fyrirvara á þessari tölu í ljósi þess að svo margþætt kerfisbreyting eins og hér er á ferðinni hlýtur óhjákvæmilega að skapa nokkra óvissu í áætlanagerðinni. Þá ber einnig að nefna að innheimta á eftirstöðvum söluskatts er meðtalin í ofangreindri fjárhæð. Reiknað er með að tekjur af söluskatti verði um 34,8 milljarðar króna, brúttó, á þessu ári.

Launatengd gjöld. Eins og áður hefur komið fram verður unnið að endurskoðun launatengdra gjalda á næsta ári með það fyrir augum að samræma álagningu þeirra. Jafnframt verður skoðaður sá möguleiki að sameina þau fjögur gjöld, sem í dag eru lögð á atvinnureksturinn, í eitt sérstakt gjald. Í heild munu tekjur ríkissjóðs af launatengdum gjöldum nema um 6,8 milljörðum króna á árinu 1990, eða um 7½% af heildartekjum ríkissjóðs. Til samanburðar munu tekjur af þessum gjaldstofni líklega verða um 5,8 milljarðar króna í ár.

Rekstrarhagnaður ÁTVR. Þann 1. mars 1989 hóf ÁTVR sölu á áfengu öli, sem talið var að skila myndi ríkissjóði nokkrum tekjuauka. Áætlanir um bjórsölu hafa nokkurn veginn gengið eftir. Þó hefur innlenda framleiðslan náð stærri markaðshlutdeild en ráð var fyrir gert. Hins vegar hefur gætt meiri samdráttar í annarri áfengissölu en reiknað var með og þá ekki síður í tóbakssölu. Búist er við svipaðri þróun á næsta ári, þ.e. að sala þessara vara dragist saman um 3 - 4% frá þessu ári. Miðað við þá forsendu og að verð á áfengi og tóbaki hækki í takt við almennar kostnaðarbreytingar má búast við, að ÁTVR skili 6.150

m.kr. af hagnaði sínum í ríkissjóð á næsta ári. Endurskoðuð áætlun fyrir árið 1989 gerir ráð fyrir að skil á hagnaði ÁTVR verði um 5½ milljarður króna á því ári.

Bifreiðaskattar. Áætlað er að heildartekjur ríkissjóðs af bifreiðasköttum, þ.e. þungaskatti og bifreiðagjaldi, verði samtals um 2,1 milljarður króna á árinu 1990. Þá er miðað við að bifreiðagjald hækki nokkuð á næsta ári, eða um 2-3 kr. á kíló. Talið er að sú ráðstöfun þýði um 300 m.kr. í viðbótartekjur fyrir ríkissjóð, þannig að heildartekjur af bifreiðagjaldi verði rúmar 900 m.kr 1990. Hins vegar mun þungaskattur og raunar einnig bensíngjald, eins og áður var nefnt, ekki hækka í samræmi við heimildir á næsta ári. Tekjur af þungaskatti fyrir árið 1990 eru áætlaðar um 1.200 m.kr., eða tæpum 100 m.kr. meiri en á þessu ári. Þegar allt er meðtalið munu skattar af rekstri bifreiða á næsta ári lækka að raungildi frá því sem nú er.

Aðrir óbeinir skattar. Áætlun fyrir árið 1990 gerir ráð fyrir að tekjur af þessum stofni verði um 4 milljarðar króna samanborið við um 3,7 milljarða króna á þessu ári. Stefnt er að sérstakri hækkun á ýmsum leyfis- og afgreiðslugjöldum, þannig að þau standi undir stærri hluta af rekstrarkostnaði viðkomandi stofnana. Á móti kemur að skattur á lántökur erlendir var felldur niður um mitt þetta ár. Tekjur af þeim skatti verða um 300 m.kr. á árinu 1989. Sú aðgerð ásamt fleirum var liður í því að greiða fyrir gerð kjarasamninga milli Alþýðusambands Íslands og vinnuveitenda í lok apríl á þessu ári.

3.3 Aðrar tekjur

Vaxtatekjur. Innheimta vaxtatekna er talin verða tæpir 4,3 milljarðar króna á árinu 1990, eða um 150 m.kr. minni í krónum talið en 1989. Kemur þar tvennt til. Í ár eru tekjur ríkissjóðs af dráttarvöxtum óvenjumiklar, vegna stórhertrar innheimtu á skattskuldum fyrri ára, einkum þó á söluskatti. Þótt ekki verði slakað á í þessum efnum á næsta ári er óvarlegt að búast við jafnmiklum tekjuauka af slíku átaki eins og raunin varð á þessu ári. Þá skilaði Seðlabankinn í ríkissjóð hluta af þeim viðurlögum, sem viðskiptabönkunum var gert að greiða vegna slakrar lausafjárstöðu á árinu 1988, eða um 250 m.kr. Reiknað er með að þær tekjur verði hverfandi 1990 þar sem lausafjárstaða bankanna hefur batnað mikið á þessu ári.

Arðgreiðslur. Tekjur ríkissjóðs af arðgreiðslum eru áætlaðar um 1,3 milljarður króna árið 1990. Þar vega þyngst áætlaðar arðgreiðslur Seðlabanka, Pósts og síma og Fríhafnar, en þær nema um 80% þeirrar fjárhæðar. Á þessu ári verða arðgreiðslur í ríkissjóðs um 800 m.kr.

4 Gjöld

Í greinargerð um áætluð útgjöld ríkissjóðs 1990 er fyrst fjallað um heildargjöld, hagræna skiptingu þeirra og gerður samanburður við yfirstandandi ár. Því næst er fjallað um fjárveitingar til einstakra ráðuneyta, stofnana og verkefna í A-hluta fjárlaga. Á eftir fylgir greinargerð í B-hluta.

4.1 Hagræn skipting útgjalda 1990 og samanburður við 1989

Heildargjöld ríkissjóðs á árinu 1990 eru áætluð 93,2 milljarðar króna. Er sú fjárhæð um 8,5 milljörðum króna hærri en útlit er talið fyrir að verði niðurstaða á yfirstandandi ári. Hækkun milli ára er um 10,4% eða 4-5% minni en áætlaðar almennar verðbreytingar milli áranna 1989 og 1990, sem taldar eru verða 15-16%. Ríkisútgjöld dragast því saman að raungildi sem nemur um 4,5% eða um 4-4,5 milljarða króna. Samkvæmt áætlun fyrir árið 1989 verða útgjöld ríkissjóðs á því ári um 28,7% af vergri landsframleiðslu en samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er áætlað að það hlutfall lækki í um 27,8%. Lækkun þessa hlutfalls samfara því að hlutfall tekna stendur í stað kemur fram í því að halli á ríkissjóði lækkar frá því að vera áætlaður 4,6 milljarðar á þessu ári í tæplega 3 milljarða eða um 0,9% af vergri landsframleiðslu.

Tafla á næstu síðu sýnir hagræna skiptingu gjalda samanborið við áætlaða útkomu 1989.

Við mat á tölum í töflunni þarf að hafa í huga margvíslegar breytingar sem torvelda beinan samanburð. Stærst slíkra breytinga er breytt verkaskipting ríkis og sveitarfélaga sem gengur í gildi um n.k. áramót. Með þeirri breytingu falla niður ýmsir gjaldaliðir en aðrir bætast við. Í heild hefur verkaskiptingin í för með sér allnokkuð aukin útgjöld ríkisins, en á móti kemur nokkur hækkun tekna þar sem hluti söluskatts rann áður í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Í heild má þó gera ráð fyrir að þessi breyting kosti ríkissjóð mun meira en áætlað hafði verið, sbr. hér síðar.

Í öðru lagi hefur upptaka virðisaukaskatts það í för með sér að endurgreiðsla uppsafnaðra gjalda til atvinnuveganna fellur niður og í þriðja lagi er gerð breyting á framsetningu nokkurra fjárlagaliða, einkum þannig að ríkisstofnanir, sem ekki höfðu framlag sundurgreint eftir gjaldategundum sem var fært í einu lagi sem tilfærsla, eru nú settar upp með venjulegri aðgreiningu gjalda. Helstu skýringar á breytingum eru þessar:

Rekstrarkostnaður hækkar um 4.714 m.kr. eða 15,1%. Vegna áhrifa verkaskiptingar hækka rekstrarliðir um rúmlega 400 m.kr. og um sömu upphæð vegna breyttrar uppsetningar eða alls um 800 m.kr. Að þessu frátöldu er hækkun því um 3,9 milljarða króna eða um 12,5%. Laun í rekstri hækka um 19,3%. Hækkun umfram verðlagsbreytingar skýrist að mestu af áðurgreindum tilfærslum á stofnunum og verkefnum. Hækkun launa af þeim ástæðum er um 700 m.kr. og skýrir um 3% af hækkun launa alls. Að slíkum tilfærslum frátöldum er hækkun launa því um 16%. Auk verðlagsbreytinga er þar um lítils háttar aukningu að ræða í stofnunum fatlaðra og í heilbrigðisstofnunum, fyrst og fremst vegna starfsemi sem hófst á þessu ári en kemur með fullum þunga á árið 1990. Önnur rekstrargjöld hækka um 11,2% og sértekjur um 30,0%. Mikil hækkun sértekna skýrist af því að þær stofnanir sem breytt var í uppsetningu eru flestar með miklar sértekjur. Enn fremur er í frumvarpinu haldið þeirri stefnu að ætla þeim stofnunum, sem taldar eru eiga að standa undir sér, að skila nokkru fé í ríkissjóð til þess að mæta óbeinum kostnaði svo sem verðtryggingu lífeyris o.fl.

	Fjárlög 1989 m.kr.	Áætlun 1989 m.kr.	Frumvarp 1990 m.kr.	Hækkun %
1. Rekstrarkostnaður	**28.747**	**31.128**	**35.842**	**15,1**
Laun	22.488	23.562	28.116	19,3
Önnur gjöld	9.748	11.238	12.498	11,2
Sértekjur	-3.489	-3.672	-4.772	30,0
2. Tryggingagreiðslur, niðurgreiðslur, framlög	**29.679**	**34.053**	**37.914**	**11,3**
Lífeyristryggingar	10.760	10.700	12.382	15,7
Sjúkratryggingar	5.751	7.401	9.417	27,2
Slysatryggingar	318	318	398	25,2
Atvinnuleysistryggingasjóður	277	277	1.252	352,0
Niðurgreiðsla á vöruverði	3.353	4.053	4.053	0
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.617	1.797	2.215	23,3
Þjóðleikhús, rekstur	171	266	260	-2,3
Þróunarmál	93	100	111	11,0
Alþjóðastofnanir	121	141	177	25,5
Endurgreiddur söluskattur í sjávarútvegi	937	1.037	-	.
Lífeyrissjóður bænda, af niðurgreiðslufé	260	260	280	7,7
Lífeyrissjóður bænda, framlag	76	76	81	6,6
Endurgreitt jöfnunargjald í iðnaði	250	250	-	.
Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	610	1.130	767	-32,1
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	490	490	614	25,3
Endurgreiðsla kjarnfóðurgjalds	383	453	483	6,6
Endurgreiðsla á söluskatti í fiskeldi og landbúnaði	70	198	-	.
Sauðfjárveikivarnir	335	425	318	-25,2
Uppbætur á lífeyri	1.012	1.101	547	-50,3
Niðurgreiðsla á rafmagni	225	325	231	-28,9
Póst- og símamálastofnunin	157	157	183	16,6
Strandferðir, framlög	265	265	293	10,6
Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	-	-	1.185	.
Ríkisábyrgð á launum	35	200	140	-30,0
Annað	2.113	2.633	2.527	-4,0
3. Vaxtagreiðslur	**7.540**	**8.360**	**9.125**	**9,2**
4. Viðhald	**1.695**	**1.845**	**1.988**	**7,8**
Vegagerð ríkisins	1.285	1.435	1.507	5,0
Annað	410	410	481	17,3
5. Fjárfesting alls	**8.802**	**9.073**	**8.338**	**-8,1**
Stofnkostnaður	3.728	4.474	4.927	10,1
Þjóðleikhús	-	-	125	.
Þjóðarbókhlaða	90	120	120	0,0
Framkvæmdasjóður fatlaðra	201	201	201	0,0
Ríkisspítalar	295	295	180	-39,0
Útgjöld samkvæmt heimildarlögum	150	150	200	33,3
Vegagerð ríkisins	1.390	1.795	2.095	16,7
Flugvellir	272	272	325	19,5
Annað	1.330	1.641	1.681	2,4

	Fjárlög 1989 m.kr.	Áætlun 1989 m.kr.	Frumvarp 1990 m.kr.	Hækkun %
Fjárfestingarframlög	5.074	4.599	3.411	-25,8
Byggðastofnun	125	125	200	60,0
Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina	500	500	350	-30,0
Bygging grunnskóla	385	385	-	.
Dagvist barna, stofnkostnaður	95	95	-	.
Landgræðsla, skógrækt	94	94	113	20,2
Byggingarsjóðir	1.650	1.150	650	-43,5
Sjúkrahús og læknisbústaðir	257	257	221	-14,0
Framkvæmdasjóður aldraðra	160	160	160	.
Ríkisábyrgðasjóður	200	200	300	50,0
Vegagerð ríkisins	330	330	381	15,5
Hafnamál	488	488	406	-16,8
Orkusjóður	239	239	247	3,3
Annað	551	576	383	-33,5
Samtals	76.463	84.459	93.207	10,4

Tryggingagreiðslur, niðurgreiðslur og framlög taka miklum og misjöfnum breytingum eins og taflan ber með sér. Í heild vaxa greiðslur þessar um 11,3% eða nærri 4 milljarða króna. Stærstu breytingar eru þessar:

Sjúkratryggingar hækka um nálega 2 milljarða króna vegna þess að sveitarfélög greiða ekki lengur framlag til þeirra. Atvinnuleysistryggingasjóður hækkar um nærri 1 milljarð króna, þar af um 313 m.kr. vegna þess að framlag sveitarfélaga fellur niður en að öðru leyti af því að framlag ríkissjóðs er ekki skert eins og verið hefur síðustu ár.

Niðurgreiðslur á vöruverði eru óbreyttar í krónutölu. Endurgreiðslur á söluskatti í sjávarútvegi, fiskeldi og landbúnaði og jöfnunargjaldi í iðnaði, alls tæplega 1,5 milljarða króna á þessu ári, falla niður. Uppbætur á útfluttar landbúnaðarvörur miðast við þau 5% sem gengið er út frá í lögum og lækka því nokkuð. Framlag til sauðfjárveikivarna lækkar vegna minni niðurskurðar. Uppbætur á lífeyri opinberra starfsmanna eru lækkaðar um nálega helming vegna áforma um að breyta lögum á þann veg að iðgjöld á hverjum tíma standi undir stærri hluta lífeyris en nú er. Niðurgreiðsla á rafmagni lækkar um þær 100 m.kr. sem ákveðnar voru fyrir þetta ár til aðstoðar við fiskvinnsluna. Þá bætist við nýr liður, framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga, en það framlag var áður hluti söluskatts og var ekki fært í gegn um ríkissjóð.

Vextir af lánum ríkissjóðs hækka milli ára um 765 m.kr. eða 9,2% sem er heldur minna en áætlaðar verðlagsbreytingar. Vaxtagreiðslur eru mjög sveiflukenndar og háðar m.a. gengi og því hvernig spariskírteini koma til innlausnar.

Viðhald hækkar um 7,8% frá þessu ári en þar er talin með sérstök hækkun á vegaviðhaldi með 150 m.kr. viðbótarfjárveitingu. Að henni frátalinni er hækkun milli ára 17,3%, bæði hjá Vegagerðinni og í almennu viðhaldi.

Fjárfesting lækkar um rúm 8% og verður í krónum lægri en samkvæmt fjárlögum 1989. Einstakir liðir hækka og breytast misjafnlega eins og taflan ber með sér. Beinn stofnkostnaður hjá ríkinu hækkar um 10%, sem er tæplega verðlagsbreyting milli ára. Nýtt er stofnkostnaðarframlag til Þjóðleikhúss og nokkur hækkun hjá Vegagerð og í flugvallagerð. Aðrar framkvæmdir dragast saman að raungildi og var miðað við að hefja lítt nýja framkvæmdaáfanga. Fjárfestingartilfærslur lækka um tæplega 1,2 milljarða króna. Að hluta,

eða sem svarar 480 m.kr., er um afleiðingar verkaskiptingar að ræða en að öðru leyti um lækkun á framlagi til byggingarsjóðanna, 500 m.kr., Atvinnutryggingarsjóðs 150 m.kr. og annarra framkvæmdaliða.

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga. Eins og fram kemur víða í skýringum við frumvarpið hafa breytt verkaskipti ríkis og sveitarfélaga, skv. lögum sem samþykkt voru á síðasta þingi, mikil áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Lög þessi voru undirbúin í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og varð samkomulag um fjármálalegt uppgjör við þau sem byggjast átti á því að breytt verkaskipting hefði ekki veruleg áhrif á fjárhag ríkisins og sveitarfélaganna almennt.

Stærstu verkefni sem fluttust til voru grunnskólar og tónlistarkennsla sem fóru til sveitarfélaga og rekstur heilbrigðisstofnana sem fór til ríkisins. Auk þess var létt af sveitarfélögum miklum greiðslum til sjúkratrygginga og atvinnuleysistrygginga. Við mat á áhrifum þessara breytinga og annarra var byggt á upplýsingum aðila og grófu mati á kostnaði við verkefnin.

Við fjárlagagerð fyrir árið 1990 um þá kostnaðarliði sem færast til ríkisins, einkum í heilbrigðismálum, kom í ljós, þegar nákvæmar upplýsingar um einstakar stofnanir lágu fyrir, að þær forsendur, sem samkomulag um breytta verkaskiptingu var byggt á, reyndust rangar að mati Fjárlaga- og hagsýslustofnunar svo hundruðum milljóna skipti. Samkvæmt þeim upplýsingum er kostnaður ríkissjóðs vegna þeirra verkefna í heilsugæslumálum, sem hann yfirtekur frá sveitarfélögunum, 400-500 m.kr. hærri í fjárlagafrumvarpinu en sú áætlun sem aðilar gengu út frá við gerð samkomulagsins. Auk þessa mismunar á rekstrarkostnaði hafa ekki allar þær breytingar gengið eftir sem samkomulag um fjármálauppgjör miðaðist við. Alþingi ákvað að hlutdeild sveitarfélaga í stofnkostnaði heilbrigðisstofnana skyldi ekki hækka eins og frumvarpið hafði gert ráð fyrir og ekki voru gerðar þær ráðstafanir í málefnum aldraðra sem ætlað var.

Af þeim ástæðum sem að framan greinir hafa ráðherrar fjármála, félagsmála og heilbrigðismála tekið mál þetta upp við stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og óskað eftir endurskoðun á reikniforsendum samkomulagsins og efni þess til þess að taka mið af raunverulegum forsendum sem nú eru að koma í ljós. Hefur samstarf um það efni verið ákveðið.

Þó forsendur fjármálauppgjörsins hafi breyst svo mjög, var við gerð fjárlagafrumvarpsins engu að síður ákveðið að framlag ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga skyldi standa í frumvarpinu eins og lög segja til um. Er það gert með tilliti til þess að greiðslur úr Jöfnunarsjóði renna til hinna minni og tekjulægri sveitarfélaga og þeirra sem fá aukna kostnaðarbyrði með breyttri verkaskiptingu, en það sem á ríkissjóð hallar mun í meira mæli koma stærstu og fjársterkustu sveitarfélögunum til góða.

Hins vegar þykir rétt að láta sérstakt uppgjör á tilteknum skuldum ríkisins við sveitarfélög, en það var hluti framangreinds samkomulags, bíða eftir niðurstöðu þess endurmats sem fara á fram og samkomulagi aðila um það. Er því ekki að sinni gert ráð fyrir framlagi vegna uppgjörsins en málið verður lagt fyrir fjárveitinganefnd áður en fjárlög hljóta afgreiðslu.

4.2 Ráðuneyti, málefnaflokkar og einstakar stofnanir

Í þessum hluta greinargerðarinnar eru skýrðar helstu breytingar á málefnaflokkum og stofnunum.

Flokkun málefna innan ráðuneyta hefur verið endurskoðuð og málefnaflokkar eru meira

sundurgreindir en áður. Í upphafi kafla um hvert ráðuneyti er gerð grein fyrir þeim málefnaflokkum sem þar er að finna og tölur frumvarpsins bornar saman við fjárlög fyrir 1989. Við þann samanburð þarf að hafa í huga að tölur fjárlaga fyrir 1989 hjá einstökum stofnunum eru ekki á verðlagi í janúar 1989 á sama hátt og tölur frumvarpsins nú eru á verðlagi í janúar 1990. Þegar frumvarp til fjárlaga fyrir 1989 var lagt fram fólst í því lækkun launagjalda um 2,5% sem náð var með þeim hætti að stofnanir voru látnar bera 2,5% launahækkun án verðlagsbóta. Um önnur rekstrargjöld gegnir því máli að hækkun ferðakostnaðar, risnu o.fl., sem ákveðin var við lokaafgreiðslu fjárlaga, var færð á einstakar stofnanir síðar.

Í fjárlagakafla hvers ráðuneytis er nú bætt við nýjum lið; *998 Ráðstöfunarfé*. Eins og nafn viðfangsefnisins ber með sér er hér um að ræða fé sem gert er ráð fyrir að viðkomandi ráðherra ákveði hvernig ráðstafað verði. Eins og reynslan sýnir koma óhjákvæmilega upp á árinu ný tilefni og verkefni sem talið er nauðsynlegt að sinna og til ráðuneytanna sækja ýmsir aðilar, félagasamtök og stofnanir, eftir stuðningi við einstök mál eða verkefni, sem viðkomandi ráðherra vill sinna, enda oft um að ræða hliðstæðu þess sem hlotið hefur atbeina í fjárlögum. Enn fremur er oft brýn nauðsyn á athugun, úttekt eða undirbúningsvinnu við málefni sem ráðuneytinu ber að sinna en ekki var fyrirséð.

Þar sem fé er að jafnaði ekki tiltækt til ráðstöfunar í þessu skyni verður niðurstaðan oftast endalausar óskir um aukafjárveitingar. Fjárlagalið þessum er ætlað að bæta úr þessum vanda og verða jafnframt til þess að gera einstök ráðuneyti ábyrgari í afstöðu til slíkra óvæntra útgjalda með því að hafa ákveðna afmarkaða fjárhæð og vitneskju um að óskir um aukafjárveitingar í þessu skyni séu til einskis.

Við ákvörðun tillagna var höfð hliðsjón af umfangi og verksviði ráðuneytanna og í hve miklum mæli gefnar hafa verið út á síðustu árum aukafjárveitingar til smáverkefna af þeim toga sem lýst hefur verið.

Stærri og viðameiri verkefni, sem upp geta komið og ekki falla innan þessa ramma fyrir einstök ráðuneyti, er eðlilegt að kynnt séu og um þau fjallað af ríkisstjórninni. Í samræmi við það og með hliðsjón af reynslu er því gert ráð fyrir sérstöku viðfangsefni á liðnum launa- og verðlagsmál sem vera á til ráðstöfunar til verkefna sem ákveðin verða á grundvelli samþykkta ríkisstjórnarinnar.

Með þessu fyrirkomulagi ætti að draga stórlega úr erindum og óskum ráðuneyta um aukafjárveitingar og minnka verulega þörf á útgáfu aukafjárheimilda.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Heildarútgjöld vegna æðstu stjórnar ríkisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Embætti forseta Íslands	47.977	43.180	-4.797	-10
Alþingi og stofnanir þess	524.911	662.987	138.076	26
Ríkisstjórn og Hæstiréttur	61.153	83.935	22.782	37
Annað	-	70.550	70.550	.
Samtals	634.041	860.652	226.611	27

Fjárlagaliðum æðstu stjórnar ríkisins er skipað í málefnaflokka á eftirfarandi hátt:
Embætti forseta Íslands:
101 Embætti forseta Íslands.
Alþingi og stofnanir þess:
201 Alþingi; 610 Umboðsmaður Alþingis; 620 Ríkisendurskoðun.
Ríkisstjórn og Hæstiréttur:
301 Ríkisstjórn; 401 Hæstiréttur.
Annað:
510 Bessastaðir; 520 Opinberar heimsóknir.

Helstu breytingar á framlögum til málefnaflokka æðstu stjórnar ríkisins eru skýrðar nánar í umfjöllun um einstakar stofnanir.

Engar markaðar tekjur renna til æðstu stjórnar ríkisins. Helstu breytingar á fjárveitingum til einstakra stofnana og viðfangsefna eru sem hér segir:

101 Embætti forseta Íslands

Breyting er gerð á uppsetningu fjárlagaliða sem tengjast embætti forseta Íslands frá því sem er í fjárlögum 1989. Framlag vegna almenns rekstrar embættisins er fært á fjárlagalið 101, framlag vegna *endurbóta á Bessastöðum* á fjárlagalið 510 og kostnaðar vegna *opinberra heimsókna* á fjárlagalið 520. Ástæðan til þessara breytinga er m.a. að hér er um að ræða kostnaðarliði, sem eru mjög breytilegir frá ári til árs og ekki rétt að tengja um of rekstri forsetaembættisins. Rekstrarframlag er 42.070 þús. kr. Miðað er við 9,2 stöðugildi, þar af 8 fastráðinna og 1,2 verkefnaráðinna. Er það aukning um eitt stöðugildi frá fjárlögum 1989. Fyrirhugaðar eru breytingar á skipulagi og rekstri forsetaskrifstofu og Bessastaða og gert er ráð fyrir ráðningu starfsmanns sem einkum sinnir rekstri og fjármálum embættisins. Fjárveiting til *opinberra heimsókna* er nú fært á sér fjárlagalið og fellur því framlag til þessa niður á þessum fjárlagalið. Framlag vegna *fálkaorðunnar* hækkar um 59% frá fjárlögum 1989 og er þá tekið tillit til reiknings 1988.

201 Alþingi

Heildarframlag hækkar úr 436.146 þús. kr. í 543.852 þús. kr. eða um 25%. *Umboðsmaður Alþingis* færist nú á sér fjárlagalið en að frádregnu framlagi til umboðsmanns í fjárlögum hækkar rekstrarframlag til Alþingis um 32%. Launagjöld hækka um 11% og nema alls 267.812 þús. kr. Önnur gjöld nema alls 253.340 þús. kr. Helstu breytingar á fjárveitingum til einstakra viðfangsefna eru sem hér segir:

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Þingfararkaup alþingismanna	131.309	142.804	11.495	9
Starfskostnaður	38.720	53.180	14.460	37
Skrifstofu- og alþingiskostnaður	141.646	184.184	42.538	30
Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings	970	1.130	160	16
Útgáfukostnaður Alþingistíðinda	23.200	28.440	5.240	23
Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	18.000	22.570	4.570	25
Uppbætur á lífeyri starfsmanna stjórnmálaflokka	-	1.740	1.740	.
Umboðsmaður Alþingis	10.101	-	-10.101	.
Rekstrarkostnaður fasteigna	10.280	18.550	8.270	80
Hús Jóns Sigurðssonar	4.550	3.984	-566	-12
Þingmannasamtök NATO	2.560	5.460	2.900	113
Þingmannanefndir Evrópuráðsins	3.590	4.190	600	17
Norðurlandaráð	10.200	41.710	31.510	309
Þingmannafundir Fríverslunarsamtaka Evrópu	1.600	1.870	270	17
Alþjóðaþingmannasamtökin	2.585	3.070	485	19
Vestnorræna þingmannaráðið	1.140	1.330	190	17
Þátttaka alþingismanna í allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna	2.000	3.540	1.540	77
Fasteignir	4.865	9.100	4.235	87
Hús Jóns Sigurðssonar	5.230	-	-5.230	.
Umboðsmaður Alþingis, tæki og húsbúnaður	1.000	-	-1.000	.
Ýmis stofnkostnaður	22.600	17.000	-5.600	-25
Samtals	436.146	543.852	107.706	25

Framlag til *starfskostnaðar* er 53.180 þús. kr. samanborið við 38.720 þús. kr. í fjárlögum 1989. Hækkun er 37% en kostnaður hefur aukist verulega á undanförnum árum. *Skrifstofu- og alþingiskostnaður* hækkar úr 141.646 þús. kr. í 184.184 þús. kr. eða um 30%. Þar af nema launagjöld 123.574 þús. kr. en önnur gjöld 59.360 þús. kr. Hækkun er m.a. vegna skipulagsbreytinga á skrifstofu þingsins og verður starfseminni nú skipt í tvö svið, þingsvið og fjármála- og rekstrarsvið. Við bætist nýtt viðfangsefni, *uppbætur á lífeyri starfsmanna stjórnmálaflokka*. Stjórnmálaflokkum ber eins og öðrum launagreiðendum, sem eiga aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, að greiða svokallaða verðtryggingu á lífeyri. Gert er ráð fyrir að verðtrygging þessi nemi um 3.000 þús. kr. á árinu 1990 en með vísan til þess, sem fram kemur í greinargerð með fjárlagalið *09-381 Uppbætur á lífeyri*, er hér gert ráð fyrir að 1.740 þús. kr. greiðist til sjóðsins en að öðru leyti beri hann verðtryggingu lífeyris með tekjum sínum. Framlag vegna *umboðsmanns Alþingis* verður nú fært á fjárlagalið 610 og fellur framlag til hans á þessum fjárlagalið því niður. *Rekstrarkostnaður fasteigna* hækkar um 80%,

úr 10.280 þús. kr. í 18.550 þús. kr., og er hækkun m.a. vegna aukins leigukostnaðar. Til *Húss Jóns Sigurðssonar* eru ætlaðar 3.984 þús. kr. en það er lækkun um 13% frá fjárlögum 1989. Framlag til *þingmannasamtaka NATO* hækkar úr 2.560 þús. kr. í 5.460 þús. kr. eða um 113%. Hækkun er vegna fyrirhugaðs NATO fundar hér á landi á næsta ári. Fjárveiting til *Norðurlandaráðs* hækkar um 309%, úr 10.200 þús. kr. í fjárlögum 1989 í 41.710 þús. kr., en á næsta ári verður fundur Norðurlandaráðs haldinn hér á landi. Einnig verður Ísland með formennsku í ráðinu á næsta ári og hlýst nokkur kostnaðarauki af því. *Þátttaka alþingismanna í allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna* er nýtt viðfangsefni sem tekið var inn við 3. umræðu um frumvarp til fjárlaga 1989. Kostnaður þessi var áður færður á utanríkisráðuneyti en til þessa liðar eru nú ætlaðar 3.540 þús. kr. samanborið við 2.000 þús. kr. í fjárlögum 1989. Til viðhalds *fasteigna* eru ætlaðar 9.100 þús. kr. en það er hækkun um 87% frá fjárlögum 1989. Til viðfangsefnisins *ýmis stofnkostnaður* eru veittar 17.000 þús. kr. sem m.a. eru ætlaðar til áframhaldandi framkvæmda við öryggis- og eftirlitskerfi Alþingis og við sjónvarps- og hljóðvarpsaðstöðu í risi Alþingishússins.

301 Ríkisstjórn

Framlag til ríkisstjórnar er 56.821 þús. kr. samanborið við 39.701 þús. kr. í fjárlögum 1989 og er hækkun um 43%. Áætlað er fyrir launum ellefu ráðherra og ellefu aðstoðarmanna ráðherra samanborið við níu ráðherra og níu aðstoðarmenn í fjárlögum 1989. Launagjöld ríkisstjórnar nema alls 49.401 þús. kr. en önnur gjöld 7.420 þús. kr. Við bætist nýtt viðfangsefni, *1.10 Nefndakostnaður vegna samþykkta Alþingis*. Framlag er 3.376 þús. kr. og er einungis um launagjöld að ræða. Rétt þykir að fram komi sérstaklega sá kostnaður sem stafar af verkefnum sem Alþingi ákveður og felur ríkisstjórninni að sinna.

510 Endurbætur á Bessastöðum

Með lögum nr. 31 frá 12. maí 1989 ákvarðaði Alþingi um endurbætur og framtíðaruppbyggingu forsetasetursins á Bessastöðum. Með nefndum lögum voru veittar 50.000 þús. kr. til framkvæmda og áætlanagerðar 1989. Fjárveiting til framkvæmda 1990 er 52.000 þús. kr. Er miðað við að ljúka viðgerð á Bessastaðastofu á árinu 1990 en ekki verði um aðrar verulegar framkvæmdir að ræða á næsta ári. Ekki liggja nú fyrir endanlegar áætlanir um framkvæmdirnar og verður fjárveitinganefnd Alþingis gerð nánari grein fyrir þeim fyrir afgreiðslu fjárlaga.

520 Opinberar heimsóknir

Hér er um að ræða nýjan fjárlagalið þar sem færður verður allur kostnaður vegna opinberra heimsókna forseta Íslands og heimsókna erlendra þjóðhöfðingja til hans. Framlag er 18.550 þús. kr. Á móti fellur niður framlag til opinberra heimsókna sem áður var fært á embætti forseta Íslands. Einnig er gert ráð fyrir að af þessum lið verði einnig greiddur sérstakur kostnaður utanríkisráðuneytis vegna sömu heimsókna.

610 Umboðsmaður Alþingis

Umboðsmaður Alþingis er nýr fjárlagaliður en framlag til þessa embættis er í gildandi fjárlögum fært á viðfangsefnið 201-1.10. Rekstrarframlag hækkar úr 10.101 þús. kr. í fjárlögum 1989 í 13.445 þús. kr. eða um 33%. Launagjöld nema alls 7.145 þús. kr. og er sem áður gert ráð fyrir einni fastri stöðu og tveimur tímabundnum. Til *tækja og húsbúnaðar* eru ætlaðar 500 þús. kr. Kostnaður vegna umboðsmanns Alþingis hækkar

allmikið en þó er ekki orðið við óskum embættisins um fjölgun starfsmanna og aukið framlag. Þess má og geta að mikill óbeinn kostnaður hlýst af starfi umboðsmanns Alþingis vegna mikillar vinnu í ráðuneytum og stofnunum við að svara erindum og vinna upplýsingar sem hann óskar eftir.

620 Ríkisendurskoðun

Ríkisendurskoðun færist nú á nýjan fjárlagalið. Áætluð útgjöld Ríkisendurskoðunar hækka úr 88.765 þús. kr. í fjárlögum 1989 í 105.190 þús. kr. eða um 19%. Í fjárlögum 1989 var veitt fé til tímabundinnar ráðningar í fimm stöður og heimilaði ráðninganefnd ríkisins á árinu 1989 að þær yrðu gerðar að föstum stöðum. Er því áætlað fyrir 38 stöðum fastráðinna starfsmanna en engum tímabundnum stöðum. Önnur rekstrargjöld hækka um 23% og nema alls 31.860 þús. kr. Til *tölvu- og húsbúnaðar* eru veittar 1.500 þús. kr.

01 Forsætisráðuneyti

Framlög til málefnaflokka forsætisráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Ráðuneyti	54.096	67.165	13.069	24
Annað	721.113	603.539	-117.574	-16
Samtals	775.209	670.704	-104.505	-13

Fjárlagaliðum forsætisráðuneytis er skipað í málefnaflokka á eftirfarandi hátt:
Ráðuneyti:

101 Aðalskrifstofa.

Annað:

102 Þjóðhagsstofnun; 171 Byggðastofnun; 172 Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina; 901 Húsameistari ríkisins; 902 Þjóðgarðurinn Þingvöllum.

Hækkun útgjalda málefnaflokka forsætisráðuneytis er skýrð í umfjöllun um einstakar stofnanir ráðuneytisins.

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis. Verður nú gerð grein fyrir veigamestu breytingum á fjárveitingum til stofnana og viðfangsefna.

101 Aðalskrifstofa

Heildarframlag til aðalskrifstofu hækkar um 24% frá fjárlögum og verður 67.165 þús. kr. Framlag til *yfirstjórnar* er 40.492 þús. kr. og hækkar um 20%. Fjöldi stöðugilda á föstum launum er sá sami og verið hefur, þ.e. átta. Lausráðnum starfsmönnum fjölgar hins vegar um 1,5 stöðugildi vegna nýrrar stöðu ritara í fullu starfi og gæslumanns í hálfu starfi. Í fjárlögum 1989 er ekki gert ráð fyrir lausráðnum starfsmönnum. Áætlað

er að 620 þús. kr. verði varið til gerðar litastaðals fyrir íslenska fánann og til endurnýjunar á ríkisfánum. Framtíðarkönnun, sem hófst fyrir nokkrum árum á vegum forsætisráðuneytisins, er lokið að því er snertir vinnu við öflun og úrvinnslu gagna. *Framtíðarkönnun* er nýtt viðfangsefni og er gert ráð fyrir 3.500 þús. kr. fjárveitingu vegna kostnaðar við útgáfu könnunarinnar. Framlag vegna viðhalds á *Stjórnarráðshúsi* er 2.600 þús. kr., 1.800 þús. kr. er varið til endurbóta á *ráðherrabústað við Tjarnargötu*. Til viðhalds á *ráðherrabústaðnum á Þingvöllum* eru veittar 400 þús. kr. Önnur viðfangsefni gefa ekki tilefni til sérstakrar umfjöllunar.

102 Þjóðhagsstofnun

Ríkissjóður og Seðlabanki Íslands skipta með sér kostnaði af starfsemi Þjóðhagsstofnunar. Seðlabankinn greiðir allan húsnæðiskostnað stofnunarinnar, svo og kostnað vegna ýmiss konar þjónustu. Auk þess greiðir Seðlabankinn 40% af öðrum kostnaði stofnunarinnar en ríkissjóður 60%. Framlag ríkissjóðs til Þjóðhagsstofnunar hækkar úr 30.340 þús. kr. í 34.333 þús. kr. eða um 13%. Launagjöld stofnunarinnar hækka um 13% og verða 46.023 þús. kr. og önnur gjöld um 19% og verða 11.330 þús. kr. Áætlað er að sértekjur verði 23.020 þús. kr. Af þeirri fjárhæð er hlutur Seðlabankans 22.878 þús. kr.

171 Byggðastofnun

Samkvæmt lögum nr. 64/1985 ákvarðast ráðstöfunarfé Byggðastofnunar af eigin fé, framlögum í fjárlögum og lánsfé samkvæmt lánsfjárlögum. Á árinu 1990 verður framlag ríkissjóðs 200.000 þús. kr. og hækkar það um 75.000 þús. kr. frá fjárlögum 1989 eða um 60%, sem er mesta hækkun á framlögum til sjóða og stofnana.

172 Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina

Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina var stofnaður samkvæmt lögum nr. 83/1988. Skv. 5. gr. laganna skal stofnfé sjóðsins vera 1.000.000 þús. kr. Til greiðslu á árinu 1988 komu 150.000 þús. kr. og í fjárlögum 1989 er fjárveiting til sjóðsins 500.000 þús. kr. Á árinu 1990 er gert ráð fyrir að greiða afgang stofnfjárins eða 350.000 þús. kr. Nánar er fjallað um fjármál sjóðsins í greinargerð um B-hluta fyrirtæki og sjóði.

901 Húsameistari ríkisins

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á starfsemi embættisins á árinu 1990. Fjöldi stöðugilda er sá sami og í fjárlögum eða 22. Launagjöld embættisins hækka um 28% og verða 34.293 þús. kr. Önnur gjöld verða 7.800 þús. kr og hækka um 21%. Stofnuninni er gert að skila tekjuafgangi í ríkissjóð sem nemur 20% af launagjöldum eða 6.867 þús. kr.

902 Þjóðgarðurinn Þingvöllum

Framlag til þjóðgarðsins hækkar úr 17.044 þús. kr. í 21.073 þús. kr. eða um 24%. Launagjöld hækka um 11% og verða 5.673 þús. kr. Miðað er við 2,5 stöðugildi verkefnaráðinna starfsmanna vegna starfa sem sinna þarf árið um kring og tvö ársverk sex sumarstarfsmanna í fjóra mánuði. Önnur rekstrargjöld verða 8.360 þús. kr. og hækka um 22%. Sértekjur hækka um 26% og verða 2.160 þús. kr. Til viðhalds girðinga, tjaldstæða og ýmissa mannvirkja verður varið 1.800 þús. kr. Til viðfangsefnisins *aðalskipulag* eru veittar 4.200 þús. kr. og er framlagið ætlað til rannsókna á fornleifum, stígagerðar og merkinga í þinghelginni og þátttöku Þingvallanefndar í gerð

svæðaskipulags. Til *lífríkisrannsókna í Þingvallavatni* er varið 3.200 þús. kr. Landsvirkjun greiðir sömu upphæð vegna rannsóknanna en þær hafa nú staðið yfir í 14 ár.

998 Ráðstöfunarfé

Liður þessi er nýr og er ætlaður til að mæta óvæntum útgjöldum sem leyst hafa verið með aukafjárveitingum. Framlag er 5.000 þús. kr. Um frekari skýringar vísast til umfjöllunar í kafla 4.1 hér að framan.

02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka menntamálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Ráðuneyti	139.658	173.892	34.234	25
Háskólar og rannsóknir	1.781.742	2.086.722	304.980	17
Framhaldsskólar	2.554.098	3.020.754	466.656	18
Héraðsskólar	187.643	166.505	-21.138	-11
Grunnskólar	4.265.061	4.078.698	-186.363	-4
Sérstofnanir fyrir börn og unglinga	392.295	479.561	87.266	22
Önnur fræðslumál	295.101	348.345	53.244	18
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.617.000	2.215.000	598.000	37
Söfn, listastofnanir o.fl.	573.712	815.081	241.369	42
Ýmis framlög	607.531	494.966	-112.565	-19
Samtals	12.413.841	13.879.524	1.465.683	12

Fjárlagaliðum menntamálaráðuneytis er skipað í málefnaflokka á eftirfarandi hátt:

Ráðuneyti:

101 Aðalskrifstofa.

Háskólar og rannsóknir:

201-208 Háskóli Íslands og stofnanir tengdar honum; 210 Háskólinn á Akureyri; 221 Kennaraháskóli Íslands; 223 Rannsóknastofnun uppeldismála; 231 Náttúrufræðistofnun Íslands; 232 Rannsóknaráð ríkisins; 233 Rannsóknasjóður; 276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna; 501 Tækniskóli Íslands.

Framhaldsskólar:

301-307, 309 Menntaskólar; 318-319 Framhaldsskólar, safnliðir; 308, 350-363 Fjölbrautaskólar; 506-581 Ýmsir sérskólar.

Héraðsskólar:

601-610 Héraðsskólar; 621 Skálholtsskóli.

Grunnskólar:

222 Æfingaskóli Kennaraháskóla Íslands; 700-708 Grunnskólar; 710 Fræðsluskrifstofur; 720 Grunnskólar, almennt.

Sérstofnanir fyrir börn og unglinga:

750 Skólar fyrir þroskaheft börn; 799 Heyrnleysingjaskólinn; 802 Vernd barna og ungmenna; 870 Meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur; 871 Unglingaheimili ríkisins.

Önnur fræðslumál:

422 Námsgagnastofnun; 423 Námsstjórn og þróunarverkefni; 431 Iðnfræðsluráð; 881 Náms- og fræðimenn, framlög; 883 Lektorar í íslensku við erlenda háskóla; 884 Jöfnun á námskostnaði; 885 Fullorðinsfræðsla.

Lánasjóður íslenskra námsmanna:

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.

Söfn, listastofnanir o.fl.:

901-909 Ýmis söfn; 931 Náttúruverndarráð; 973 Þjóðleikhús; 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands; 977 Þjóðarbókhlaða.

Ýmis framlög:

803 Dagvistarstofnanir; 804 Kvikmyndaeftirlit ríkisins; 975 Vísindasjóður; 976 Menningarsjóður; 980 Listskreytingasjóður; 981 Kvikmyndasjóður; 982 Listir, framlög; 983 Vísindaleg starfsemi, styrkir; 984 Norræn samvinna; 985 Menningarsjóður félagsheimila; 986 Íþróttasjóður; 988 Æskulýðsmál; 989 Ýmis íþróttamál; 991 Húsafriðun; 998 Ráðstöfunarfé; 999 Ýmislegt.

Í menntamálaráðuneytinu mun á árinu 1990 verða efnt til sparnaðarátaks í öllum stofnunum þess og er gert ráð fyrir að draga úr kostnaði ríkissjóðs um 200 m.kr. Fjárhæð þessi er færð til lækkunar gjalda á fjárlagaliðunum *319 Framhaldsskólar, almennt* og *720 Grunnskólar, almennt*. Stefnt verður að frekari sparnaði og verður það sem sparast umfram 200 m.kr. nýtt í þágu skóla og uppeldismála og einstakra menningarstofnana í samræmi við ákvarðanir ráðuneytisins. Hér á eftir verður greint frá helstu breytingum á framlögum til einstakra málefnaflokka.

Hækkun útgjalda málefnaflokksins *Ráðuneyti* er skýrð nánar í umfjöllun um aðalskrifstofu menntamálaráðuneytis.

Útgjöld vegna *Háskóla og rannsókna* hækka nokkuð. Þar vega þyngst Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og Kennaraháskóli Íslands en áætluð útgjöld þeirra eru töluvert hærri en í fjárlögum 1989 eins og nánar er gerð grein fyrir í umfjöllun um þessa skóla. Tekjur Happdrættis Háskóla Íslands dragast verulega saman en því er ætlað að standa straum af stofnkostnaði og viðhaldi Háskólans og stofnana hans. Nánar er fjallað um þetta í greinargerð um þessar stofnanir og í greinargerð um B-hluta.

Útgjaldabreytingar í málefnaflokknum *Framhaldsskólar* eiga að mestu leyti rætur að rekja til lagabreytinga. Samkvæmt nýjum lögum um framhaldsskóla greiðir ríkissjóður allan rekstrarkostnað þeirra en fram að þessu greiddu sveitarfélög hluta af kostnaði fjölbrautaskóla og iðnskóla. Héraðsskólinn á Laugum í Suður-Þingeyjarsýslu bætist í hóp framhaldsskóla og fær fjárlaganúmerið 363 Framhaldsskólinn á Laugum. Útgjaldabreytingar ýmissa sérskóla eru skýrðar sérstaklega í umfjöllun um þá. Breytingar eru ekki miklar utan Tónlistarfræðsla lækkar verulega þar sem ný lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga kveða á um að sveitarfélög taki við þeim kostnaði af almennum tónlistarskólum sem ríkissjóður bar áður. Vegna sparnaðarátaks menntamálaráðuneytis eru 70 m.kr. færðar til lækkunar á gjöldum á fjárlagalið 319 Framhaldsskólar, almennt.

Útgjöld til málefnaflokksins *Héraðsskólar* eru svipuð að raungildi og í fjárlögum 1989 enda ekki fyrirhugaðar breytingar á rekstri þessara skóla sem fækkar um einn, sbr. framangreint.

Framlag til *Grunnskóla* lækkar en sú lækkun stafar af breyttri skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga og því að hluti af sparnaðarátaki menntamálaráðuneytis, 130 m.kr., er færður til lækkunar á fjárlagalið 720 Grunnskólar, almennt. Ný lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga skýra þó útgjaldabreytingar að stærstum hluta. Þar er kveðið á um að sveitarfélög skuli nú greiða allan annan rekstrarkostnað grunnskóla en laun vegna kennslu og stjórnunar. Að auki greiðist stofnkostnaður grunnskóla af sveitarfélögum. Á móti kemur að samkvæmt lögum þessum greiðir ríkissjóður nú allan kostnað af rekstri fræðsluskrifstofa og kostnaður við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu greiðist úr ríkissjóði.

Framlag til málefnaflokksins *Sérstofnanir fyrir börn og unglinga* hækkar nokkuð milli ára. Unglingaheimili ríkisins hækkar nokkuð umfram verðlagsforsendur en Unglingaheimilið færist nú sem A-hluta stofnun en ekki sem B-hluta stofnun eins og í fjárlögum líðandi árs. Nýr liður í þessum málefnaflokki er 870 Meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur og vísast í umfjöllun um þann fjárlagalið.

Stofnanir í málefnaflokknum *Önnur fræðslumál* eru með svipað rekstrarumfang og í fjárlögum 1989 og gefa ekki tilefni til sérstakra skýringa.

Framlag til *Lánasjóðs íslenskra námsmanna* er 37% hærra en í gildandi fjárlögum og er það miðað við óbreyttan grunn framfærslukostnaðar frá því sem hann er í fjárlögum fyrir árið 1989, að teknu tilliti til breytinga á verðlagi og gengi. Framlag til sjóðsins er nánar skýrt í umfjöllun um sjóðinn í umfjöllun B-hluta.

Verulegar breytingar eru á rekstri Þjóðleikhúss og vísast í umfjöllun um Þjóðleikhúsið í B-hluta. Að öðru leyti gefa stofnanir í málefnaflokknum *Söfn, listastofnanir o.fl.* ekki tilefni til sérstakra athugasemda hér.

Útgjaldabreytingar í flokknum *Ýmis framlög* eru skýrðar í umfjöllun um einstakar stofnanir flokksins en þær eru af ýmsum toga. Að stærstum hluta skýra þó lög um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga útgjaldalækkunina. Vegna þeirra laga fellur nú niður framlag ríkissjóðs til dagvistarstofnana, félagsheimilasjóðs og íþróttasjóðs. Við bætast þrír nýir fjárlagaliðir, Kvikmyndaeftirlit ríkisins, Menningarsjóður félagsheimila, en til hans rennur 10% af skemmtanaskatti, og 998 Ráðstöfunarfé.

Markaðir tekjustofnar ráðuneytis eru þessir: Einkaleyfisgjald, 20% af hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands, er 43.800 þús. kr., samanborið við 62.300 þús. kr. í fjárlögum 1989, og er lækkun um 30%. Skemmtanaskattur, en af honum renna 10% til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og önnur 10% til Menningarsjóðs félagsheimila, samtals 11.500 þús. kr. Miðagjald, sem rennur til Menningarsjóðs, lækkar um 2.500 þús. kr. og verður 8.500 þús. kr. Hér á eftir verður fjallað um helstu fjárlagaliði ráðuneytis til skýringar á breytingum einstakra málefnaflokka.

101 Aðalskrifstofa

Áætluð rekstrarútgjöld aðalskrifstofu menntamálaráðuneytis hækka úr 139.658 þús. kr. í fjárlögum 1989 í 173.892 þús. kr. eða um 25%. Launagjöld nema alls 95.972 þús. kr. og hækka um 17% frá fjárlögum 1989. Stöður fastráðinna starfsmanna eru 45 en tímabundnum stöðum fjölgar um eina og verða sjö. Um er að ræða stöðu ráðgjafa menntamálaráðherra. Önnur rekstrargjöld verða 76.670 þús. kr. og hækka um 34% en tekið er tillit til reikningsniðurstöðu ársins 1988. Til eignakaupa í rekstri eru ætlaðar 1.250 þús. kr. Gert er ráð fyrir að aðalskrifstofa menntamálaráðuneytis flytjist í nýtt húsnæði í upphafi næsta árs. Ekki er enn ljóst hvaða áhrif flutningurinn mun hafa á rekstrarútgjöld hennar.

201 Háskóli Íslands

Nú í haust hefur orðið nokkur fjölgun nýskráninga við Háskóla Íslands. Menntamálaráðherra hefur skipað nefnd sem í eiga sæti fulltrúar fjármálaráðherra, menntamálaráðherra, Háskóla Íslands og fjárveitinganefndar Alþingis og ætlað er m.a. að fara yfir málefni Háskólans með tilliti til fjölgunar nemenda. Fjárveitingar til kennslu hækka ekki til samræmis við fjölgun nemenda og verður skólinn því að mæta henni með hagræðingu og sparnaði. Fjárveiting til *Háskóla Íslands* hækkar úr 1.036.415 þús. kr. í fjárlögum fyrir árið 1989 í 1.249.614 þús. kr. eða um 21%. Launagjöld hækka um 22% og verða 1.007.894 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka úr 284.010 þús. kr. í 390.950 þús. kr. eða um 38%. Sértekjur stofnunarinnar verða 268.280 þús. kr. en eru áætlaðar 312.010 þús. kr. í fjárlögum 1989 og lækka því um 14%. Stöðum við Háskólann fjölgar um tvær frá fjárlögum 1989. Um er að ræða tvær stöður við *námsbraut í hjúkrunarfræði* sem fluttar eru frá Nýja hjúkrunarskólanum sem nú verður lagður niður. Stöður við Háskólann verða samtals 351, þar af 339 fastar stöður. Kennslumagn einstakra deilda og námsbrauta við Háskólann breytist lítið frá fjárlögum 1989. Þó er gert ráð fyrir lítils háttar aukningu umfram stöðubreytingar við *námsbraut í hjúkrunarfræði* auk þess sem stundakennsla eykst lítillega við *viðskipta- og hagfræðideild* vegna nýs árgangs í hagfræðiskor. Aðrar breytingar eru helstar að stöðum á *yfirstjórn* fækkar um 12,5 sem flytjast á einstakar deildir og námsbrautir í samræmi við skipulagsbreytingar sem gerðar hafa verið á stjórnsýslu Háskólans. Launagjöld viðkomandi viðfangsefna breytast í samræmi við það. Framlag vegna *sameiginlegra útgjalda* hækkar um 70%. Hækkun umfram verðlagsbreytingar skýrist af auknum framlögum vegna nýs vinnumatskerfis, stjórnunarauka, fjölgunar stundakennara á lektorslaunum og aukins framlags í Sáttmálasjóð. Hækkanir þessar nema ríflega 90.000 þús. kr. og eru afleiðingar af kjarasamningum við Félag háskólakennara á síðasta vori. Aðrar breytingar á framlögum til reksturs Háskólans eru litlar að raungildi. Hins vegar hafa vissar breytingar verið gerðar hvað varðar umsvif nokkurra deilda. Nú er í fyrsta skipti gert ráð fyrir starfsemi ýmissa sérstofnana innan nokkurra deilda Háskólans. Þessar stofnanir eru: Hagfræðistofnun innan *viðskipta- og hagfræðideildar*, Verkfræðistofnun innan *verkfræðideildar*, Félagsvísindastofnun innan *félagsvísindadeildar* og Líffræðistofnun innan *raunvísindadeildar*. Starfsemi þessara stofnana er að mestu kostuð af sértekjum þeirra þannig að ekki er um útgjaldaauka að ræða fyrir ríkissjóð þótt nú sé í fyrsta skipti gert ráð fyrir umsvifum þeirra í frumvarpi til fjárlaga. Sértekjur í rekstri Háskólans sjálfs nema 150.580 þús. kr. og hækka um 103% og skýrist hækkun umfram verðlagsforsendur af því að rekstur þessara stofnana er nú tekin með.

Stofnkostnaður og viðhald fasteigna. Áætlað er að Háskóli Íslands verji 117.700 þús. kr. til byggingaframkvæmda, viðhalds, tækja- og bókakaupa. Fé til framkvæmdanna kemur allt af tekjum af Happdrætti Háskóla Íslands. Tekjur af Happdrætti Háskóla Íslands til ráðstöfunar fyrir Háskóla Íslands og stofnanir hans eru áætlaðar 190.200 þús. kr. Eru tekjur nú áætlaðar verulega lægri á næsta ári en gert var í fjárlögum 1989. Ástæðan er einkum sú að sala svokallaðra skafmiða hefur dregist verulega saman. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjármagna viðhald, framkvæmdir og tækjakaup allra stofnana Háskólans með tekjum af happdrættinu, svo sem lög gera ráð fyrir. Þannig er gert ráð fyrir að viðhald og eignakaup *Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum* að fjárhæð 7.500 þús. kr. og tækjakaup *Raunvísindastofnunar Háskólans* að fjárhæð 5.000 þús. kr. greiðist af tekjum happdrættisins. Þá er ráðgert að 60.000 þús. kr. renni til framkvæmda við *Þjóðarbókhlöðu* á árinu 1990. Þjóðarbókhlaðan er að hluta til háskólastofnun sem taka mun við starfsemi háskólabókasafns og stórbæta aðstöðu þess.

Auk þess mun Háskólinn fá umtalsvert húsrými til nýrra nota við flutning bókasafnsins í Þjóðarbókhlöðu. Bygging Þjóðarbókhlöðu er þannig ígildi nýbyggingar fyrir Háskólann og ekki óeðlilegt að til hennar renni tekjur af happdrættisfé eins og til annarra háskólabygginga.

202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Heildarfjárveiting til *Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum* lækkar úr 55.970 þús. kr. frá fjárlögum 1989 í 42.786 þús. kr., eða um 24%. Rekstrargjöld hækka um 18% og verða 89.946 þús. kr. Við afgreiðslu fjárlaga 1989 samþykkti Alþingi að auka launagjöld við *rannsóknadeild fisksjúkdóma* sem nemur tveimur stöðugildum og eru heimilaðar stöður við stofnunina þá alls 32,6. Auk þess er nú lagt til að fjárveiting til annarra launagreiðslna verði aukin sem nemur árslaunum 2,5 starfsmanna umfram heimilaðar stöður. Það framlag er ætlað til að greiða laun starfsmanna sem ráðnir verða til skamms tíma til að sinna aukinni sértekjuöflun stofnunarinnar. Alls er áætlað að sértekjur hækki um 62% frá fjárlögum og verði 54.660 þús. kr. Sértekjur af rekstri eru áætlaðar 47.160 þús. kr. en voru 33.760 þús. kr. samkvæmt áætlun fjárlaga 1989 og hækka því um tæplega 40% á milli ára. Ekki er áætlað fyrir framlagi úr ríkissjóði til viðhalds og stofnkostnaðar heldur gert ráð fyrir framlagi af happdrættisfé Háskóla Íslands að upphæð 7.500 þús. kr. og færist það sem sértekjur undir nýtt viðfangsefni, *happdrættisfé*.

203 Raunvísindastofnun Háskólans

Heildarframlag til stofnunarinnar nemur 93.830 þús. kr. og hækkar um 3% frá fjárlögum 1989. Áætlunin er miðuð við óbreytta starfsemi í rekstri stofnunarinnar og eru föst stöðugildi 42 eins og í gildandi fjárlögum, auk 12,47 stöðugilda lausráðinna starfsmanna. Rekstrargjöld verða samtals 123.190 þús. kr. og er það ríflega 12% hækkun á milli ára. Tækjakaup deilda eru áætluð 5.000 þús. kr. og er gert ráð fyrir jafnháu framlagi af happdrættisfé Háskólans og færist það sem sértekjur á nýtt viðfangsefni, *happdrættisfé*.

205 Stofnun Árna Magnússonar

Framlag til reksturs stofnunarinnar hækkar um 13%, úr 31.375 þús. kr. í 35.369 þús. kr. Sem áður eru heimilaðar fjórtán stöður fastráðinna auk þess sem tímabundnar ráðningar jafngilda 3,5 stöðugildum. Ekki er gert ráð fyrir neinni breytingu á starfsemi stofnunarinnar.

206 Orðabók Háskólans

Rekstrarframlag verður 13.610 þús. kr. eða 24% hærra en í fjárlögum. Starfsmenn eru níu, þar af fimm fastráðnir. Nokkur aukning er á framlagi til verkefna Orðabókarinnar.

207 Íslensk málstöð

Framlag til Íslenskrar málstöðvar er 7.503 þús. kr. og hækkar um 21% frá fjárlögum 1989. Starfsemi er með svipuðu sniði og gert er ráð fyrir í fjárlögum líðandi árs. Eitt brýnasta verkefni Íslenskrar málstöðvar er nýyrðasmíði og íðorðaskráning og er gert ráð fyrir nokkurri aukningu fjárframlaga til að sinna því verkefni á næsta ári.

208 Örnefnastofnun

Áætluð útgjöld stofnunarinnar hækka um 7% í 3.796 þús. kr. en það er minna en nemur hækkun verðlags. Rit stofnunarinnar, Grímnir, kemur ekki út á næsta ári en það kemur út annað hvort ár og skýrir það lækkun framlags.

210 Háskólinn á Akureyri

Framlag til *Háskólans á Akureyri* er 78.048 þús. kr. og er það 60% hærri fjárveiting en í fjárlögum 1989. Mikil hækkun skýrist af áformum um mjög aukna starfsemi á árinu 1989 vegna fjölgunar námsára í heilbrigðis- og rekstrardeildum ásamt stofnun sjávarútvegsbrautar við skólann. Stöðuheimildum fjölgar um 7 frá gildandi fjárlögum og verða alls 20,5. Launagjöld eru alls 41.938 þús. kr. en önnur rekstrargjöld 21.400 þús. kr. Framlag til *tækja og búnaðar* er 5.000 þús. kr. og 10.000 þús. kr. er varið til stofnkostnaðar við *húsnæði og innréttingar.*

221 Kennaraháskóli Íslands

Framlag til Kennaraháskóla Íslands hefur verið endurmetið í samvinnu menntamálaráðuneytis og fjárlaga- og hagsýslustofnunar með tilliti til reikningsniðurstöðu 1988. Einnig hefur fjárlaganúmeri og viðfangsefnaskiptingu verið breytt þannig að það samræmist skóla á háskólastigi. Heildarfjárveiting skólans er 208.730 þús. kr. samanborið við 167.155 þús. kr. í fjárlögum 1989 og er það hækkun um 25%. Rekstrarframlag nemur alls 198.630 þús. kr., þar af eru launagjöld 157.750 þús. kr. Gert er ráð fyrir sem nemur 46,86 stöðugildum fastráðinna starfsmanna og 25,38 stöðugildum starfsmanna með tímabundna ráðningu samanborið við 46,86 stöðugildi fastráðinna starfsmanna í fjárlögum 1989. Stöðugildi skiptast á viðfangsefni með eftirfarandi hætti:

Viðfangsefni	Fastráðnir starfsmenn	Lausráðnir starfsmenn
Kennaraháskóli Íslands	6,06	6,00
Rannsóknastarfsemi	-	4,00
Rekstur fasteigna	1,00	4,68
Bókasafn og gagnasmiðja	2,00	3,00
Kennsla	35,80	4,20
Endurmenntun	2,00	-
Réttindanám	-	3,50
Samtals	46,86	25,38

Fjölgun tímabundinna staða er fyrst og fremst vegna þess að í fjárlögum 1989 er sú fjárhæð, sem ætluð er til stundakennslu, ekki metin í stöðum eins og nú er gert. Auk þess leiðir endurmat á fjárveitingu til skólans til fjölgunar á stöðum starfsmanna með tímabundna ráðningu. Eftirfarandi tafla sýnir hina nýju viðfangsefnaskiptingu og samanburð við fjárlög 1989:

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Kennaraháskóli Íslands / Yfirstjórn	142.715	22.547	-120.168	-84
Rannsóknastarfsemi	-	8.577	8.577	.
Rekstur fasteigna	-	31.506	31.506	.
Bókasafn og gagnasmiðja	-	8.974	8.974	.
Kennsla	-	98.670	98.670	.
Endurmenntun	6.983	14.392	7.409	106
Réttindanám	8.057	13.964	5.907	73
Fasteign	2.400	3.100	-	.
Endurbætur og tækjakaup	7.000	7.000	-	.
Samtals	167.155	208.730	41.575	25

Á viðfangsefninu *1.02 Rannsóknastarfsemi* er gert ráð fyrir fjórum rannsóknaorlofum auk kostnaðar tengdum þeim. Af 14.392 þús. kr. fjárveitingu til *endurmenntunar* er gert ráð fyrir u.þ.b. 2.800 þús. kr. framlagi til yfirstjórnar endurmenntunar. Framlag til viðhalds *fasteigna* er 3.100 þús. kr. Til stofnkostnaðar eru veittar 7.000 þús. kr. og þar af eru 3.000 þús. kr. ætlaðar til framkvæmda við lóð skólans en 4.000 þús. kr. til tækjakaupa.

222 Æfinga- og tilraunaskóli KHÍ

Æfinga- og tilraunaskólinn flyst einnig til og fær fjárlaganúmerið 222. Rekstrarframlag nemur 44.310 þús. kr. og hækkar um 11% frá fjárlögum. Til viðhalds *fasteignar* eru ætlaðar 700 þús. kr. og til framkvæmda við lóð skólans eru veittar 5.200 þús. kr.

223 Rannsóknastofnun uppeldismála

Eins og Kennaraháskóli Íslands færist Rannsóknastofnun uppeldismála á nýjan fjárlagalið. Framlag hækkar úr 4.132 þús. kr. í 5.008 þús. kr. eða um 21%. Launagjöld nema alls 3.008 þús. kr. og heimilað stöðugildi er sem áður hálft. Stöðugildi verkefnaráðinna fjölgar um 0,5 og verður 1,0 en þar er um að ræða stöðu framkvæmdastjóra.

231 Náttúrufræðistofnun Íslands

Heildarfjárveiting til stofnunarinnar hækkar úr 24.556 þús. kr. í 28.461 þús. kr. eða um 16%. Rekstrarframlag hækkar um 19% og verður 24.961 þús. kr. og þar af eru launagjöld 17.091 þús. kr. Til kaupa á hirslum undir vísindalega safngripi eru veittar 2.500 þús. kr. Við bætist nýtt viðfangsefni *6.10 Náttúrufræðihús*. Að undanförnu hafa viðræður staðið milli ríkisins, Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar um náttúrufræðihús. Til hönnunar þess eru veittar 1.000 þús. kr. enda takist um verkið samkomulag milli áðurnefndra aðila.

232 Rannsóknaráð ríkisins

Fjárveiting til ráðsins hækkar úr 15.866 þús. kr. í 18.257 þús. kr. eða um 15%. Sem áður er miðað við fimm heimilaðar stöður. Að auki bætist nú við ein verkefnaráðin staða. Sértekjur hækka um 670% milli ára þar sem gert er ráð fyrir að störf fyrir Rannsóknasjóð verði greidd af honum. Að venju er fjallað um framlög til rannsókna-

stofnana í heild undir þessum fjárlagalið. Í frumvarpinu er sú breyting gerð að nú færist framlag til allra rannsóknastofnana á hefðbundinn hátt sem launa- og rekstrargjöld í A-hluta ríkissjóðs í stað tilfærslu fjár til fyrirtækja og atvinnuvega. Er þetta gert til leiðréttingar vegna þess að fyrirætlanir um að gera stofnanirnar sjálfstæðari hafa ekki komið til framkvæmda og því óeðlilegt að færa framlag sem tilfærslur fjár þar eð allar stofnanirnar eru samkvæmt lögum stofnanir í A-hluta ríkissjóðs. Fjárveitingar til rannsóknastofnana, sem fjallað er um í langtímaáætlun Rannsóknaráðs, að viðbættum fjárveitingum til Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands og Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum, hækka alls um 13%. Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram fjárveiting til einstakra stofnana í fjárlögum 1989 og fjárlagafrumvarpi 1990 og breyting milli ára:

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Tilraunastöð Háskólans að Keldum	55.970	42.786	-13.184	-24
Raunvísindastofnun Háskólans	90.976	93.830	2.854	3
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	102.700	107.979	5.279	5
Veiðimálastofnun	32.700	37.007	4.307	13
Hafrannsóknastofnun	340.440	455.747	115.307	34
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	67.650	72.369	4.719	7
Iðntæknistofnun Íslands	86.540	89.986	3.446	4
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	42.940	41.866	-1.074	-3
Orkustofnun	187.665	198.258	10.593	6
Samtals	1.007.581	1.139.828	132.247	13

Mismunandi breytingar á framlagi til einstakra stofnana milli ára eiga sér ýmsar skýringar. Í fjárlögum 1989 eru tilfærslur á áætluðu meðalverðlagi það ár. Í frumvarpi eru sértekjur stofnana miðaðar við áætlað meðalverðlag 1990, en rekstrargjöld einstakra stofnana miðaðar við janúarverðlag 1990. Þetta þýðir að fjárveiting virðist í sumum tilvikum ekki hækka til jafns við almennar verðlagshækkanir. Því hærri sem sértekjur eru sem hlutfall af heildargjöldum stofnana, þeim mun minni virðist hækkun fjárveitingar úr ríkissjóði vera samanborið við fjárlög 1989. Að öðru leyti eru helstu skýringar á breyttum framlögum miðað við fjárlög 1989 eftirfarandi: Lækkun framlags til Tilraunastöðvarinnar á Keldum skýrist einkum af lækkun framlags til eignakaupa miðað við fjárlög 1989. Auk þess hækka sértekjur verulega vegna þess að í frumvarpi er gert ráð fyrir að kostnaður vegna viðhalds og eignakaupa greiðist af tekjum Happdrættis Háskóla Íslands. Sama á við um Raunvísindastofnun Háskólans, en framlag vegna hennar hækkar einungis um 3%. Rannsóknastofnun landbúnaðarins hækkar um 5%, en gert er ráð fyrir talsverðri lækkun viðhalds- og stofnkostnaðar miðað við fjárlög 1989. Framlag vegna Hafrannsóknastofnunar hækkar verulega þar sem stofnunin hefur ekki lengur tekjur af hvalarannsóknum og ekki er gert ráð fyrir leigutekjum af r/s Hafþóri. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hækkar talsvert vegna sérstakrar hækkunar fjárveitingar til tækjakaupa. Iðntæknistofnun Íslands hækkar lítillega og skýrist af því að nú er gert ráð fyrir sérstöku framlagi vegna samstarfsverkefnis iðnaðar og sjávarútvegs. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins lækkar lítillega. Ekki er gert ráð fyrir raunbreytingum á framlagi til stofnunarinnar miðað við fjárlög 1989. Nánari umfjöllun um stofnanirnar er að finna í greinargerðum um einstök fagráðuneyti.

233 Rannsóknasjóður

Eins og að framan greinir er gert ráð fyrir að Rannsóknasjóður beri kostnað Rannsóknaráðs af störfum fyrir sjóðinn og kemur það fram á rekstrarviðfangsefninu *1.01 Rannsóknasjóður*. Framlag úr ríkissjóði hækkar úr 80 m.kr. í 95 m.kr. en auk þess er ráðstöfunarfé sjóðsins samkvæmt lögum 10% af hreinum tekjum Framkvæmdasjóðs og eigin tekjur.

276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna

Tekjur sjóðsins nema 20% af hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands. Nú er talið að tekjur sjóðsins nemi 43.800 þús. kr. sem er 18.500 þús. kr. lækkun frá fjárlögum 1989. Fé sjóðsins skal ráðstafa til uppbyggingar rannsóknastofnana atvinnuveganna. Meðal þeirra verkefna, sem sjóðurinn mun kosta á næsta ári, er innrétting á húsnæði Hafrannsóknastofnunar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins við Skúlagötu. Greiðir sjóðurinn þá framkvæmd að því marki sem eigin tekjur hússins hrökkva ekki til. Er sjóðnum ætlað að leggja fram 20.000 þús. kr. í þessu skyni á árinu 1990.

301-309, 350-363 Menntaskólar og fjölbrautaskólar

Heildarframlag til menntaskóla (fjárlaganúmer 301-307 og 309) nemur 590.284 þús. kr. og hækkar um 18% frá gildandi fjárlögum. Gert er ráð fyrir rúmlega 4.000 nemendum en áætlun fyrir árið 1989 var byggð á 3.900 nemendum. Auk þess er gert ráð fyrir að nemendur í öldungadeildum verði um 630 en í áætlun fyrir fjárlög 1989 var gert ráð fyrir um 700 öldungadeildanemendum. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram skipting milli gjaldategunda og breyting frá fjárlögum líðandi árs:

	Fjárlög 1989	Frumvarp 1990	Breyting	
	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	%
Laun	437.538	505.574	68.036	16
Önnur gjöld	76.300	99.700	23.400	31
Samtals	513.838	605.274	91.436	18
Sértekjur	-12.990	-14.990	-2.000	15
Mismunur	500.848	590.284	89.436	18

Ný rammalöggjöf (sjá lög nr. 57/1988) var sett um framhaldsskóla. Lög þessi öðluðust gildi 1. janúar 1989 en framkvæmd fjárhagskafla þeirra laga var frestað til 1. janúar 1990. Í lögum þessum er kveðið svo á að ríkissjóður greiði allan rekstrarkostnað, að því undanskildu að ætlast er til að nemendagjöld standi undir þriðjungi kostnaðar við rekstur öldungadeilda og kvöldskóla. Fram að þessu hefur ríkissjóður greitt allan beinan kennslukostnað í svokölluðum dagskóla fjölbrautaskóla (fjárlaganúmer 308, 350-363) en aðrir rekstraraðilar, sem eru fyrst og fremst sveitarfélög, hafa greitt helming annars kostnaðar. Í öldungadeildum og kvöldskólum hefur ríkissjóður greitt þriðjung kostnaðar, nemendur þriðjung og rekstraraðilar þriðjung. Héraðsskólinn Laugum bætist nú í hóp fjölbrautaskóla og fær fjárlaganúmerið og nafnið *363 Framhaldsskólinn á Laugum*. Til

rekstrar fjölbrautaskóla eru ætlaðar 1.045.337 þús. kr. en samsvarandi upphæð í fjárlögum líðandi árs er 727.028 þús. kr. Hækkun er því um 318.309 þús. kr. Í fjárlögum 1989 er heildarkostnaður við skólareksturinn sýndur en hlutur sveitarfélaga færður sem sértekjur. Með gildistöku fjárhagskafla fyrrgreindra laga lækka þær hins vegar nú um 71%. Ef ekki er tekið tillit til sértekna þá hækka laun og önnur rekstrargjöld um 22%. Samkvæmt áætlun menntamálaráðuneytis er talið að nemendum í fjölbrautaskólum muni fjölga um tæplega 400 frá áætlun fyrir 1989. Alls er talið að rúmlega 9.000 nemendur muni stunda nám í þessum skólum næsta skólaár, þar af um 1.700 nemendur í kvöldskólum og öldungadeildum, og fækkar þeim nokkuð. Í töflu hér á eftir er sýnt samandregið yfirlit yfir rekstur fjölbrautaskóla á næsta ári, ásamt samanburði við gildandi fjárlög:

	Fjárlög 1989	Frumvarp 1990	Breyting	
	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	%
Laun	766.408	925.187	158.779	21
Önnur gjöld	134.530	169.890	35.360	26
Samtals	900.938	1.095.077	194.139	22
Sértekjur	-173.910	-49.740	124.170	-71
Mismunur	727.028	1.045.337	318.309	44

Önnur gjöld menntaskóla hækka nokkuð umfram verðlag. Skýrist það að mestu leyti af að Menntaskólinn á Ísafirði yfirtekur rekstur Iðnskólans á Ísafirði og af auknu húsnæði hjá Menntaskólanum á Egilsstöðum og Menntaskólanum við Sund. Að öðru leyti hækka önnur gjöld í takt við almennar verðlagsbreytingar. Skipulagður skólaakstur færist nú á nýtt viðfangsefni, *884-1.10 Skólaakstur*, en ekki á fjárlagaliði skólanna. Heildarlaunagjöld hækka nokkuð umfram verðlag þar sem ýmis ný og aukin verkefni leiða til aukins vinnumagns. Þar er helst til að nefna umsjón með námshópum og vinnu vegna svokallaðra P-áfanga en það eru fámennir áfangar þar sem kennsla hefur verið felld niður og áfangar fyrir utanskólanemendur. Einnig hefur nemendafjölgun áhrif til hækkunar. Áætlanir um nemendafjölda voru unnar snemmsumars en nú er útlit fyrir að nemendur mennta- og fjölbrautaskóla verði nokkru fleiri en þá var talið. Á fjárlagaliðnum *Framhaldsskólar, almennt* er áætlað fyrir útgjöldum vegna þessarar fjölgunar. Sú breyting hefur verið gerð að viðhald og stofnkostnaður færist nú á safnlið, *318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður*. Því er ekki gert ráð fyrir fjárveitingum til slíkra verkefna á fjárlagaliðum skólanna.

318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður

Sú breyting er nú gerð á framlögum til viðhalds- og stofnkostnaðar almennra framhaldsskóla að þau eru færð á einn safnlið í stað þess að vera færð sem viðfangsefni á fjárlagaliðum skólanna. Almennir framhaldsskólar eru skilgreindir sem menntaskólar (fjárlaganúmer 301-307, 309), fjölbrautaskólar (fjárlaganúmer 309, 350-

363) og iðnskólar (fjárlaganúmer 514-516). Heildarframlag er 369.500 þús. kr. Í töflu hér á eftir er sýnd viðfangsefnaskipting þessa fjárlagaliðar og framlag til einstakra viðfangsefna. Til samanburðar eru sýndar fjárveitingar í fjárlögum 1989 til þessara skóla.

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.
Viðhaldsfé	34.700	41.600
Menntaskólinn í Reykjavík, endurbætur KFUM og K hús	-	10.000
Menntaskólinn á Laugarvatni, endurbætur	-	4.000
Menntaskólinn við Hamrahlíð, breyting á húsnæði	7.000	27.300
Menntaskólinn við Sund, endurbætur og hönnun	7.300	10.000
Menntaskólinn á Egilsstöðum, mötuneyti o.fl.	-	13.000
Menntaskólinn í Kópavogi, stjórnsýsluálma	-	6.000
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, íþróttahús	28.000	46.800
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, lóðaframkvæmdir	3.000	2.400
Fjölbrautaskóli Suðurnesja, viðbygging	10.200	11.700
Fjölbrautaskóli Vesturlands, mötuneyti	21.000	24.000
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, viðbygging	2.100	10.000
Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki, heimavist	23.100	18.000
Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki, bóknámshús	4.000	8.000
Fjölbrautaskólinn á Selfossi, kennsluhúsnæði	28.500	31.200
Verkmenntaskóli Austurlands, heimavist	15.800	17.200
Verkmenntaskóli Austurlands, kennsluhúsnæði og frágangur lóðar	4.000	6.400
Verkmenntaskólinn á Akureyri, nýbygging	46.000	40.300
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, innrétting á húsnæði	3.700	2.600
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu, skólastjórabústaður	-	2.500
Fjölbrautaskólinn Ármúla	-	2.000
Tæki og búnaður	10.900	25.000
Tölvubúnaður	9.500	9.500
Samtals	258.800	369.500

Á viðfangsefninu *viðhaldsfé* er fé til allra skólanna og er gert ráð fyrir að menntamálaráðuneyti láti gera viðhaldsáætlun og ráðstafi fénu samkvæmt henni. Með sama hætti mun menntamálaráðuneyti ráðstafa fé af viðfangsefnunum *tæki og búnaður* og *tölvubúnaður*. Fjárveitingar til stofnkostnaðarframkvæmda skýra sig að mestu leyti sjálfar en eftirfarandi skal tekið fram: Framlag til Fjölbrautaskólans Ármúla er til að hanna og undirbúa viðbyggingu við skólann sem er mjög ásetinn. Framlag til Menntaskólans í Kópavogi er til byrjunar á stjórnsýsluálmu en þegar Kópavogsbær lagði til húsnæði á sínum tíma var samið um að ríkið tæki þátt í viðbyggingu við hann. Í fjárlögum 1988 og 1989 var heimild til að kaupa íbúðarhús fyrir Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu. Er hér miðað við að frá því verði horfið og íbúð byggð við skólann í staðinn.

319 Framhaldsskólar, almennt

Heildarfjárveiting nemur samtals 38.640 þús. kr. og lækkar um 51%. Eins og fram kemur í upphafi umfjöllunar um menntamálaráðuneyti ætlar ráðuneytið að efna til sparnaðarátaks á næsta ári. Hluti lækkunar vegna þessa er færður til lækkunar á

gjöldum á þessum fjárlagalið. Nánar er fjallað um þessa lækkun á útgjöldum menntamálaráðuneytis í upphafi greinargerðar um ráðuneytið. Ef ekki er tekið tillit til hinnar sérstöku lækkunar hækkar framlag um 37% frá fjárlögum 1989 og nemur 108.640 þús. kr. Menntamálaráðuneyti skiptir þessu fé en miðað er við að fjárveiting skiptist með eftirfarandi hætti:

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Sameiginleg þjónusta	2.050	2.280	230	11
Laun prófdómara	6.100	6.840	740	12
Orlof kennara	19.200	22.300	3.100	16
Forfallakennsla	8.100	11.400	3.300	41
Sérkennsla	6.100	6.840	740	12
Almenn þróunarverkefni	6.100	7.068	968	16
Námsefnisgerð	2.145	2.542	397	19
Námskeið skipstjórnarmanna	4.200	4.560	360	9
Endurmenntun framhaldsskólakennara	6.500	7.410	910	14
Óviss nemendafjöldi / Nýjungar í skólastarfi	13.000	26.000	13.000	100
Uppgjör við samrekstrarskóla	5.890	11.400	5.510	94
Samtals	79.385	108.640	29.255	37
Til lækkunar	-	-70.000	-70.000	.
Mismunur	79.385	25.530	-53.855	-68

Gert er ráð fyrir fé til að mæta auknum fjölda nemenda frá því áætlanir voru gerðar. Mun menntamálaráðuneyti ákveða deilingu þess fjár milli skóla. Einnig er gert ráð fyrir framlagi til nýjunga í skólastarfi, svo sem til aukinnar námsráðgjafar. Framlag til uppgjörs við samrekstrarskóla hækkar umfram verðlagsforsendur en á árinu 1990 þarf að gera upp viðskipti ríkis og sveitarfélaga vegna rekstrar framhaldsskóla. Viðfangsefnin *5.90 Viðhaldsfé, óskipt* og *6.01 Tölvur og búnaður* falla niður á þessum fjárlagalið en kostnaður vegna þessara þátta er nú færður á nýjan fjárlagalið, *318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður.*

422 Námsgagnastofnun

Framlag til stofnunarinnar er 201.225 þús. kr. sem er hækkun um 21.662 þús. kr. eða 12% frá gildandi fjárlögum. Nefnd, sem skipuð var til að meta stöðu Námsgagnastofnunar, gera tillögur um framtíðarþróun og endurskoða núgildandi lög um stofnunina, hefur skilað tillögum sem ekki hefur verið tekin afstaða til. Fjárveiting til Námsgagnastofnunar í frumvarpi til fjárlaga 1990 jafngildir 5.110 kr. á hvern nemanda í skyldunámi en áætlað er að þeir verði um 37.800 á árinu 1990. Í eftirfarandi töflu er sýnt rekstrarframlag og framlag á nemanda í skyldunámi undanfarin fimm ár. Tölur í aftasta dálki eru á föstu verðlagi og miðast við janúar 1990:

	Framlag þús. kr.	Nemenda-fjöldi	Framlag á nemanda kr.	Framlag á nemanda jan. 1990 kr.
Fjárlög 1986	82.428	37.000	2.230	4.046
Fjárlög 1987	98.623	37.100	2.660	4.120
Fjárlög 1988	145.696	38.000	3.830	4.890
Fjárlög 1989	162.403	37.700	4.310	5.020
Frumvarp 1990	163.318	37.800	4.320	5.110

Áætlaðar greiðslur til námsefnisgerðar eru nú miðaðar við rúmlega 300 mánaðaverk sem er svipað og í fjárlögum 1989. Í 6. grein frumvarps er heimild til að kaupa eða leigja nýtt húsnæði fyrir Námsgagnastofnun en ekki hefur enn verið tekin afstaða til hvort stofnunin flytur starfsemi sína í annað húsnæði eða hvort lokið verður endurbótum á núverandi húsnæði hennar. Til *innréttingar húsnæðis* eru engu að síður veittar 8.000 þús. kr. enda er ólokið framkvæmdum við inngang o.fl. sem nauðsynlegar eru, hver svo sem nýting hússins verður.

501 Tækniskóli Íslands

Rekstrarframlag er 140.880 þús. kr. og hækkar um 25.933 þús. kr. frá fjárlögum 1989 eða um 23%. Starfandi er nefnd sem skipuð var til að yfirfara rekstrarkostnað Tækniskóla Íslands. Gert er ráð fyrir að hún leggi fram niðurstöðu sína áður en Alþingi afgreiðir fjárlög. Til kaupa á *kennslutækjum* eru veittar 5.000 þús. kr. en 15.600 þús. kr. eru ætlaðar til að ljúka innréttingaframkvæmdum að Höfðabakka sem hafnar eru.

506 Vélskóli Íslands

Áætluð rekstrarútgjöld skólans eru 44.494 þús. kr. samanborið við 40.217 þús. kr. í fjárlögum 1989 en hækkun milli ára er 11%. Vélskóli Íslands og Stýrimannaskólinn í Reykjavík verða með sameiginlegan bókavörð en staða hans verður færð á Sjómannaskólahúsið. Því fækkar stöðugildum Vélskólans um hálft en launagjöld nema alls 38.714 þús. kr. Til *tækjakaupa* eru veittar 2.000 þús. kr. sem m.a. eru vegna viðhaldssamnings um vélhermi.

507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík

Framlag það, sem skólinn fær nú til kennslu og rekstrar, er 25.747 þús. kr. og hækkar um 10% miðað við fjárlög 1989. Launagjöld nema 23.107 þús. kr. en eins og hjá Vélskóla Íslands fækkar stöðugildum um hálft vegna sameiginlegs bókavarðar þessara tveggja skóla. Til viðfangsefnisins *kennslutæki* eru veittar 1.000 þús. kr.

514 Iðnskólinn í Reykjavík

Áætluð rekstrarútgjöld skólans eru 290.581 þús. kr. samanborið við 190.709 þús. kr. í fjárlögum 1989. Iðnskólinn fellur undir ný lög um framhaldsskóla. Eins og gerð er grein fyrir í umfjöllun um fjölbrautaskóla hér að framan tekur fjármálakafli þeirra laga gildi 1. janúar 1990. Af þessum sökum lækka sértekjur um 80% sem var hluti

Reykjavíkurborgar. Rekstur hækkar um 16% milli ára en að teknu tilliti til lækkunar sértekna hækkar rekstrarframlag til skólans um 52%. Rekstrarútgjöld á viðfangsefninu *annað en kennsla* hækka um 18% og er þar miðað við að 10,5 stöðugildi bætist við hjá ríkinu vegna yfirtökunnar. Viðhald og fé til tækjakaupa kemur af sameiginlegri fjárveitingu á fjárlagalið *318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður.*

516 Iðnskólinn í Hafnarfirði

Eins og Iðnskólinn í Reykjavík fellur Iðnskólinn í Hafnarfirði undir ný lög um framhaldsskóla. Rekstur hækkar um 22% en að teknu tilliti til 76% lækkunar sértekna hækkar rekstrarframlag til skólans um 53% og nemur alls 42.004 þús. kr.

517 Hótel- og veitingaskóli Íslands

Rekstrarframlag hækkar úr 23.145 þús. kr. í 28.962 þús. kr. eða um 25%. Ekki er gert ráð fyrir verulegri fjölgun nemenda. Launagjöld viðfangsefnisins *annað en kennsla* hækka um 814 þús. kr. eða 45%, m.a. vegna fjölgunar um hálft tímabundið stöðugildi og teljast þau nú vera 1,75. Til viðbótar framlagi til rekstrar eru veittar 1.200 þús. kr. til kaupa á tækjum og búnaði.

518 Fiskvinnsluskólinn

Rekstrarframlag hækkar úr 15.578 þús. kr. í 17.921 þús. kr. eða um 15%. Launagjöld á viðfangsefninu *annað en kennsla* hækka um 35% eða um 548 þús. kr. Ástæðan er fjölgun tímabundinna stöðugilda um hálft og er þá fulltrúi í heilu starfi við skólann en miðað var við hálft starf í fjárlögum 1989. Til *tækja og búnaðar* eru veittar 1.000 þús. kr. en 3.900 þús. kr. eru ætlaðar til að ljúka lóðaframkvæmdum.

522 Nýi hjúkrunarskólinn

Framlag til skólans fellur nú niður þar sem nám í hjúkrunarfræðum flyst til Háskóla Íslands.

531 Íþróttakennaraskóli Íslands

Íþróttakennaraskólinn færist nú á nýjan fjárlagalið. Rekstrarframlag hækkar um 15% og verður 21.971 þús. kr. Til *viðhalds íþróttavalla o.fl.* eru veittar 1.900 þús. kr. og til *tækjakaupa* eru ætlaðar 2.600 þús. kr.

561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands

Áætluð útgjöld skólans hækka úr 41.877 þús. kr. í 49.008 þús. kr. eða um 17%. Rekstrarframlag hækkar um 15% og nemur alls 46.908 þús. kr. Til stofnkostnaðar eru veittar 2.100 þús. kr. vegna viðbóta og lagfæringa á loftræstibúnaði.

563 Tónlistarfræðsla

Heildarframlag lækkar um 80% og nemur alls 42.479 þús. kr. Framlag til *Tónlistarskólans í Reykjavík* lækkar um 13.404 þús. kr. eða um 61% en með nýjum lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga kveður á um að sveitarfélögin taki við þeim kostnaði af almennum tónlistarskólum sem ríkissjóður bar áður. Viðfangsefnið *Aðrir tónlistarskólar* lækkar um 82% og nemur alls 33.900 þús. kr. Fé þetta er ætlað til kostnaðaruppgjörs við sveitarfélög.

571 Sjómannaskólahúsið

Rekstrarframlag hækkar um 3.196 þús. kr. og verður 17.262 þús. kr. Launagjöld hækka um 30% en bæst hefur við skólann sameiginlegur bókavörður Stýrimannaskólans og Vélskóla Íslands. Vegna þessa fækkar stöðum um hálfa við báða skólana. Á launalið Sjómannaskólahússins er áætlað fyrir einni stöðu fastráðins starfsmanns en sem nemur 2,75 stöðugildum starfsmanna með tímabundna ráðningu. Til viðhalds *fasteignar* eru ætlaðar 4.500 þús. kr. Til stofnkostnaðar eru veittar 5.300 þús. kr., þar af eru 1.300 þús. kr. ætlaðar til *eldvarna* en 4.000 þús. kr. til *lóðaframkvæmda.*

581 Verslunarskóli Íslands

Rekstrarframlag til skólans er 166.223 þús. kr. og er það 22% hækkun frá fjárlögum líðandi árs. Ríkissjóður greiðir laun kennara og framlag til rekstrar samkvæmt samningi dagsettum 30. janúar 1985. Gert er ráð fyrir 940 nemendum í dagskóla og 400 nemendum í öldungadeild. Framlag til tölvuskóla miðast við 100 nemendur.

601-610 Héraðsskólar

Hér verður fjallað um öll framlög til héraðsskóla. Samtals nema þau 158.802 þús. kr. en að stofnkostnaðar- og viðhaldsframlögum frátöldum eru samtals 127.902 þús. kr. ætlaðar til reksturs. Héraðsskólum fækkar nú um einn þar sem Héraðsskólinn á Laugum er orðinn að framhaldsskóla og flokkast með þeim. Skýrir það að hækkun fjárveitinga til héraðsskólanna er minni en nemur verðlagi. Heildarframlög til rekstrar eru sýnd í eftirfarandi töflu ásamt samanburði við fjárlagatölur 1989:

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Laun	81.767	94.042	12.275	15
Önnur gjöld	32.600	39.740	7.140	22
Viðhald	3.000	3.900	900	30
Stofnkostnaður	39.000	27.000	-12.000	-31
Samtals	156.367	164.682	8.315	5
Sértekjur	-3.940	-5.880	-1.940	49
Mismunur	152.427	158.802	6.375	4

700-720 Grunnskólar

Hér verður fjallað um rekstur grunnskóla í einu lagi. Heildarkostnaður er áætlaður 4.028.488 þús. kr. sem er hækkun um 4% frá gildandi fjárlögum 1989. Launagjöld nema alls 4.022.678 þús. kr. en það er hækkun um 16% frá fjárlögum 1989. Kjarasamningar við kennara fólu í sér, auk launahækkana, auknar greiðslur vegna umsjónar með námshópum og greiðslur fyrir áfanga- og fagstjórn. Önnur rekstrargjöld lækka úr 302.840 þús. kr. í 59.640 þús. kr. eða um 80% og er skýringar að mestu að leita í nýjum lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Eignakaup eru 7.000 þús. kr. vegna tölvuvæðingar á stjórnsýslu grunnskólans. Tilfærslur eru alls 69.170 þús. kr. og hækka um 47% frá fjárlögum líðandi árs. Rekstrargjöld skiptast þannig:

	Launagjöld þús. kr.	Önnur gjöld þús. kr.	Tilfærslur þús. kr.	Samtals þús. kr.
Fræðsluskrifstofur	22.205	10.541	28.970	61.716
Sálfræði- og ráðgjafarþjónusta	51.675	19.088	-	70.763
Kennsluráðgjafar	8.284	1.711	-	9.995
Almennur kennslukostnaður:				
a. almenn kennsla	3.197.175	-	-	3.197.175
b. einkaskólar	26.730	-	-	26.730
c. fornám	3.892	-	-	3.892
d. umferðarfræðsla	1.522	1.270	-	2.792
e. safnakennsla	2.295	140	-	2.435
f. sérstök fræðsluverkefni	1.144	4.950	-	6.094
Forfallakennsla	121.304	-	-	121.304
Orlof kennara	36.314	-	-	36.314
Rannsóknasjóður	39.819	-	-	39.819
Önnur laun (mötuneyti o.fl.)	40.297	-	-	40.297
Sérkennsla	423.285	3.775	-	427.060
Kennsla á Landspítala	3.159	-	-	3.159
Unglingaheimili	6.105	560	-	6.665
Framhaldsdeildir	16.290	3.710	-	20.000
Stjórnskipaðir prófdómarar	7.198	4.020	-	11.218
Sundskylda	-	-	23.760	23.760
Höfundagreiðslur	-	-	10.220	10.220
Þróunarsjóður dagvistarheimila	-	3.500	-	3.500
Þróunarstörf	9.038	-	-	9.038
Réttindanám leiðbeinenda	-	-	5.950	5.950
Leiðsögn nýliða	4.947	-	-	4.947
Grunnskólar, annað	-	6.375	270	6.645
Tölvuvæðing	-	7.000	-	7.000
Samtals	4.022.678	66.640	69.170	4.158.488

Framlag til sundkennslu er nú ekki áætlað sérstaklega, heldur er gert ráð fyrir að hún rúmist innan viðmiðunarstundaskrár samkvæmt auglýsingu um skiptingu kennslustunda milli námsgreina í 1. - 9. bekk grunnskóla. Framlag til almennrar kennslu lækkar sem því nemur. Nemendum fækkar í öllum kjördæmum nema Reykjaneskjördæmi. Gert er ráð fyrir að grunnskólanemendur verði rúmlega 41.000 og er fjöldi nemenda í hverju kjördæmi, samanborið við áætlaðan fjölda vegna fjárlaga 1989, sýndur í yfirliti á næstu síðu. Samkvæmt nýjum lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga greiða sveitarfélög allan rekstrarkostnað vegna kennslu og stjórnunar annan en laun. Skýrir þetta mikla lækkun annarra rekstrargjalda. Sveitarfélög taka nú á sig allan kostnað vegna skólaaksturs, mötuneyta nemenda, félagsstarfs í skólum, skrifstofustarfa, gæslustarfa o.fl. Á móti kemur að ríkið greiðir nú allan kostnað við fræðsluskrifstofur og sálfræði- og ráðgjafarþjónustu. Sú breyting hefur verið gerð að fræðsluskrifstofur eru færðar á sér fjárlagalið, *710 Fræðsluskrifstofur*, en eru ekki taldar með fræðsluumdæmunum.

	Fjöldi nemenda	Fjöldi nemenda	Breyting	
	1989	1990		%
Reykjavík	13.064	13.047	-17	.
Reykjanes	11.068	11.292	224	2
Vesturland	2.934	2.828	-106	-4
Vestfirðir	1.809	1.769	-40	-2
Norðurland vestra	2.016	1.965	-51	-3
Norðurland eystra	4.680	4.616	-64	-1
Austurland	2.318	2.239	-79	-3
Suðurland	3.623	3.554	-69	-2
Samtals	41.512	41.310	-202	.

Sálfræði- og ráðgjafarþjónusta og kennsluráðgjafar færast einnig á þennan lið. Framlög til fræðsluskrifstofa utan Reykjavíkur eru að sinni í tilfærsluformi. Óskað hefur verið eftir sundurliðaðri áætlun um starfsemi þessara ríkisstofnana og verður hún lögð fram fyrir afgreiðslu fjárlaga og framsetningunni þá breytt, þ.e. framlagi skipt niður í laun, önnur rekstrargjöld o.s.frv. Fjöldi starfa við sálfræði- og ráðgjafarþjónustu er samtals 34,42. Skiptast þau þannig að í Reykjavíkurumdæmi eru 16,25, í Reykjanesumdæmi 4,67, Vesturlandsumdæmi 3,5, í Vestfjarðaumdæmi 1,5, í Norðurlandsumdæmi vestra 1,5, í Norðurlandsumdæmi eystra 4, í Austurlandsumdæmi 1,5 og í Suðurlandsumdæmi 1,5. Kennsluráðgjafar er sjö, einn í hverju kjördæmi utan Reykjavíkur. Taflan á næstu síðu sýnir fjárveitingar til viðfangsefna undir fjárlagaliðnum *720 Grunnskólar, almennt* og samanburð við fjárlög líðandi árs.

Skýringar á helstu breytingum milli ára eru eftirfarandi: Framlag til *framhaldsdeilda í grunnskólum* hækkar um 10.369 þús. kr. eða um 108% en samkvæmt áðurnefndum lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga færist nú kostnaður vegna framhaldsdeilda alfarið á ríkissjóð. Sama á við um *endurmenntun sálfræðinga* sem hækkar um 151%. Þá falla niður fjárveitingar vegna *sundskyldu í skólum, skíðakennslu í skólum* og *mötuneyti skyldunámsnema í héraðsskólum*. Þó er gert ráð fyrir 23.760 þús. kr. framlagi vegna sundskyldu en þar er um að ræða uppgjör við sveitarfélög. Framlag til *sérstakra fræðsluverkefna* hækkar um 103% en þar er m.a. um að ræða fíknivarnir og kynfræðslu. *Þróunarsjóður dagvistarheimila* er nýr liður hér en var áður undirliður á fjárlagalið dagvistarheimila. Framlag er 3.500 þús. kr. Þrátt fyrir að dagvistarmál séu nú verkefni sveitarfélaga er gert ráð fyrir að menntamálaráðuneyti taki þátt í stefnumótun í uppeldismálum barna á forskólaaldri enda fer það með forsjá Fósturskóla Íslands. Við bætast tvö ný viðfangsefni í kjölfar kjarasamninga við kennara síðastliðið vor en þau eru *Rannsóknasjóður grunnskólakennara* og *leiðsögn nýliða*. Fjárveiting til *yngri barna í grunnskólum* hækkar í 40.678 þús. kr. eða um 174%. Fjárveiting þessi er sérstaklega ætluð til forskólakennslu en frá og með hausti 1990 verður áætlað fyrir forskólanemendum með sama hætti og skyldunámsnemendum. *Þróunarstörf í grunnskólum* hækka úr 4.194 þús. kr. í 9.038 þús. kr. en áætlað er að veita meira fé í þróunarverkefni. Fjárveitingar til viðfangsefnanna *umsjón með bekkjardeildum o.fl.* og *áfanga- og fagstjórn* falla niður á þessum fjárlagalið en áætlað er fyrir kostnaði vegna þessa með

kennslukostnaði í hverju fræðsluumdæmi um sig. *Starfsleikninám* er nýtt viðfangsefni en undir liðnum *sérkennsla, óskipt* er eingöngu gert ráð fyrir fé til að auka sérkennslu samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðuneytisins. Eins og áður hefur komið fram mun menntamálaráðuneytið efna til sérstaks sparnaðarátaks á næsta ári. Hluti þess sparnaðarátaks er færður til lækkunar á gjöldum þessa fjárlagaliðs. Nánar er fjallað um þessa lækkun á útgjöldum menntamálaráðuneytis í upphafi greinargerðar um ráðuneytið.

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Framhaldsdeildir í grunnskólum	9.631	20.000	10.369	108
Umferðarfræðsla í skólum	2.298	2.792	494	22
Sundskylda í skólum	20.000	23.760	3.760	19
Skíðakennsla í skólum	400	-	-400	.
Kennsla á Landspítala og Landakotsspítala	2.630	3.159	529	20
Unglingaheimili, skóli	5.437	6.665	1.228	23
Safnakennsla	2.142	2.435	293	14
Sérstök fræðsluverkefni	3.000	6.094	3.094	103
Þróunarsjóður dagvistarheimila	-	3.500	3.500	.
Mötuneyti skyldunámsnema í héraðsskólum	10.535	-	-10.535	.
Orlof kennara	8.510	10.425	1.915	23
Rannsóknasjóður grunnskólakennara	-	39.819	39.819	.
Stjórnskipaðir prófdómarar	9.538	11.218	1.680	18
Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi	8.580	10.220	1.640	19
Sérkennsla í grunnskólum, óskipt	12.025	15.255	3.230	27
Kennsla yngri barna í grunnskólum	14.847	40.678	25.831	174
Þróunarstörf í grunnskólum	4.194	9.038	4.844	116
Starfsleikninám	-	13.439	13.439	.
Umsjón með bekkjardeildum o.fl.	58.515	-	-58.515	.
Endurmenntun sálfræðinga	590	1.480	890	151
Áfanga- og fagstjórn	53.436	-	-53.436	.
Réttindanám leiðbeinenda	5.010	5.950	940	19
Leiðsögn nýliða	-	4.947	4.947	.
Grunnskólar, óskipt	9.580	17.185	7.605	79
Tölvuvæðing í grunnskólum	6.400	7.000	600	9
Samtals	247.298	255.059	7.761	3
Til lækkunar	-	130.000	130.000	.
Mismunur	247.298	125.059	-122.239	-49

730 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra

Í nýjum lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga segir að stofnkostnaður grunnskóla greiðist af sveitarfélögum. Því fellur framlag á þessum fjárlagalið niður.

750 Skólar fyrir þroskaheft börn

Fjárlagaliðurinn hækkar úr 301.077 þús. kr. í fjárlögum 1989 í 358.272 þús. kr. eða um 57.195 þús. kr. sem er 19% hækkun. Við bætist nýtt viðfangsefni, *viðhald fasteigna*, og er framlag 2.600 þús. kr. Sé hann ekki talinn með í hækkuninni nemur hún 18%. Launaliðurinn hækkar um 31.055 þús. kr. í 231.332 þús. kr. eða um 16%. Nemendum

í þjálfunarskólum fjölgar um tólf en stöðugildum kennara um 0,3. Nokkur aukning verður á kennslumagni í Öskjuhlíðarskóla og veldur það fjölgun á reiknuðum stöðum úr 58,82 stöðugildum í 60,95 eða um 2,13 stöðugildi. Í Öskjuhlíðarskóla eru 10 stöðugildi annarra starfsmanna en kennara og læknis sem telst vera í 25% úr stöðu. Hækkun á fjárveitingu til Dalbrautarskólans, en þar er um að ræða sérdeild fyrir einhverf börn, skýrist af því að starfsemi mun u.þ.b. tvöfaldast frá því sem áætlað var í fjárlögum 1989 en þá var í fyrsta skipti fjárveiting til hans. M.a. fjölgar kennarastöðum úr 2,5 í 5,5. Önnur gjöld fjárlagaliðarins hækka um 8.610 þús. kr. eða 26% ef viðhaldsfé er ekki talið með og eignakaup um 21%. Tilfærslur hækka um 15.190 þús. kr. eða 22%. Mestur hluti þeirra eða 64.610 þús. kr. er vegna dagvistar forskólabarna. Í eftirfarandi yfirliti er sýndur samanburður á framlögum í frumvarpi og í fjárlögum:

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Öskjuhlíðarskóli	68.017	80.034	12.017	18
Fjölskylduheimilið Reynilundi 4	5.026	5.716	690	14
Skóladagheimilið Lindarflöt 41	4.001	4.678	677	17
Þjálfunarskóli Kópavogshælis	27.549	33.914	6.365	23
Þjálfunarskólinn Sólheimum	2.513	3.178	665	26
Þjálfunarskóli geðdeildar barnaspítala	17.328	17.287	-41	0
Þjálfunarskóli ríkisins Bjarkarási við Stjörnugróf	14.071	15.939	1.868	13
Þjálfunarskóli ríkisins Safamýri	38.770	45.936	7.166	18
Þjálfunarskóli Tjaldanesi	2.430	2.722	292	12
Þjálfunarskóli Akureyri (Sólborg)	17.406	21.139	3.733	21
Þjálfunarskóli Dalbraut (sérdeild einhverfra)	2.954	6.569	3.615	122
Dagvist forskólabarna	57.399	69.784	12.385	22
Sameiginleg þjónusta	36.155	38.280	2.125	6
Almennt	7.458	10.496	3.038	41
Viðhald fasteigna	-	2.600	2.600	.
Samtals	301.077	358.272	57.195	19

799 Heyrnleysingjaskólinn

Gengið er út frá því að starfsemi skólans verði með sama sniði og ákveðið var með fjárlögum 1989. Framlag til skólans er eingöngu til rekstrar og kennslu og nemur 55.786 þús. kr. Er það í samræmi við almennar launa- og verðlagshækkanir.

802 Vernd barna og ungmenna

Heildarframlag hækkar um 24% og nemur alls 15.846 þús. kr. Til *Barnaverndarráðs Íslands* eru ætlaðar 9.486 þús. kr. samanborið við 8.223 þús. kr. í fjárlögum 1989. Sem áður er áætlað fyrir fjórum stöðum fastráðinna starfsmanna. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á starfsemi ráðsins. Fjárveiting til *meðferðarheimilisins að Torfastöðum* hækkar um 39% eða um 1.770 þús. kr. og nemur 6.360 þús. kr. Framlag ríkisins er samkvæmt samningi frá 1. janúar 1982. Hækkun nú stafar af lækkun sértekna en þar

er um að ræða daggjöld frá sveitarfélögum sem ekki hafa skilað sér í þeim mæli sem áætlað var.

803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður

Framlag á þessum fjárlagalið fellur niður þar sem kveðið er á um í nýjum lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að bygging og rekstur dagvistarheimila sé í verkahring sveitarfélaga.

804 Kvikmyndaeftirlit ríkisins

Þó hér sé nýr fjárlagaliður hefur nokkur kostnaður við þessa starfsemi verið greiddur úr ríkissjóði á undanförnum árum. Framlag nú er 1.240 þús. kr., en að öðru leyti er rekstur þess kostaður af skoðunargjöldum.

870 Meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur

Í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að setja á stofn meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur. Fjárveiting til þessa verkefnis er áætluð 20.000 þús. kr. en endanlegar áætlanir um rekstur heimilisins liggja ekki fyrir. M.a. hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvar heimilið verði staðsett. Samstarfsnefnd ráðuneyta í ávana- og fíkniefnamálum munu kynna ítarlegri áætlanir fyrir fjárveitinganefnd Alþingis fyrir afgreiðslu fjárlaga.

871 Unglingaheimili ríkisins

Unglingaheimili ríkisins, sem í fjárlögum 1989 er fært í B-hluta, er nú fært í A-hluta. Framlag hækkar úr 24.400 þús. kr. í 29.657 þús. kr. eða um 22% frá fjárlögum 1989. Launagjöld nema 45.837 þús. kr. og er áætlað fyrir 23 stöðum fastráðinna starfsmanna. Önnur gjöld eru 15.030 þús. kr. Sértekjur eru áætlaðar 31.210 þús. kr. en þar er um að ræða daggjöld sveitarfélaga.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Framlag er 2.215.000 þús. kr. og hækkar úr 1.617.000 þús. kr. í fjárlögum 1989. Fjallað er um Lánasjóð íslenskra námsmanna í sérstakri greinargerð um B-hluta fjárlaga.

881 Náms- og fræðimenn, framlög

Framlag nemur samtals 23.220 þús. kr. en var 20.750 þús. kr. í fjárlögum 1989. Viðfangsefnið *upplýsingastofa námsmanna* fellur niður þar sem starfræksla upplýsingastofnunar er nú hafin á vegum Háskóla Íslands. Við bætist viðfangsefnið *styrkur til grænlenskra námsmanna*. Að öðru leyti eru viðfangsefni þau sömu og í fjárlögum 1989. Fjárveiting til *Menntastofnunar Íslands og Bandaríkjanna* hækkar um 108% en stofnun þessi hefur milligöngu um ýmis menningarsamskipti Íslands og Bandaríkjanna. Framlag til styrktar erlendum námsmönnum er miðað við fjórtán erlenda námsmenn auk þess sem veittir verða tíu mánaðarstyrkir til þeirra er hyggjast ljúka fyrra árs prófi í íslensku. Breytingar á framlögum til einstakra viðfangsefna má sjá í eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum	4.600	5.460	860	19
Styrkur til grænlenskra námsmanna	-	710	710	.
Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna	400	830	430	108
Styrkur til útgáfustarfa	1.950	2.320	370	19
Upplýsingastofa námsmanna	880	-	-880	.
Safngripaviðgerðir, námsvistargjöld	1.360	1.480	120	9
Félagsstofnun stúdenta	4.560	5.420	860	19
Stúdentagarðar	7.000	7.000	-	.
Samtals	20.750	23.220	2.470	12

884 Jöfnun á námskostnaði

Framlag til *1.01 Jöfnunar á námskostnaði* er 59.400 þús. kr. samanborið við 50.000 þús. kr. í fjárlögum 1989 og er hækkun samsvarandi áætluðum breytingum á verðlagi. Við bætist nýtt viðfangsefni *1.10 Skólaakstur* og er framlag 10.880 þús. kr. Fjárhæð þessari verður varið til að greiða fyrir skólaakstri nemenda á framhaldsskólastigi.

885 Fullorðinsfræðsla

Heildarframlag er 3.360 þús. kr. og hækkar um 530 þús. kr. frá fjárlögum líðandi árs eða um 19%. Í eftirfarandi yfirliti er sýndur samanburður á framlögum í frumvarpi og í fjárlögum 1989:

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Bréfaskólinn	1.870	2.500	630	34
Námsflokkar	230	-	-230	.
Heimilisiðnaðarskólinn	500	590	90	18
Námskeið fyrir ófaglærða bókaverði	230	270	40	17
Samtals	2.830	3.360	530	19

Fjárveiting til *námsflokka* fellur niður þar sem stór þáttur þessarar fullorðinsfræðslu fer nú fram í framhaldsskólum, m.a. í öldungadeildum.

901 Landsbókasafn

Rekstrarframlag til safnsins verður 35.961 þús. kr. sem er 19% hækkun frá gildandi fjárlögum. Gengið er út frá því að starfsemi safnsins verði óbreytt á árinu 1990 frá því sem ákveðið er í fjárlögum 1989. Því er tekið mið af 23,25 heimiluðum stöðum og tveim stöðum verkefnaráðinna starfsmanna. Launagjöld hækka þó ívið umfram verðlagsforsendur vegna ISBN númerakerfis. Er þar um að ræða alþjóðlegt númerakerfi vegna skrásetningar bóka. Til viðbótar rekstrarframlaginu eru 7.000 þús. kr. veittar til *bókakaupa o.fl.*

902 Þjóðminjasafn Íslands

Rekstrarframlag til safnsins er 38.742 þús. kr. samanborið við 32.987 þús. kr. í fjárlögum 1989. Hækkun er um 17% en gert er ráð fyrir svo til óbreyttu framlagi að raungildi frá fjárlögum. Ætlunin er að menntamálaráðuneyti og fjárlaga- og hagsýslustofnun meti í sameiningu kostnað samfara nýjum þjóðminjalögum sem taka gildi um næstu áramót. Gert er ráð fyrir að fjárveitinganefnd Alþingis geti tekið afstöðu til tillagna þar að lútandi fyrir afgreiðslu fjárlaga. Til viðhaldsverkefna eru ætlaðar 19.000 þús. kr., 10.900 þús. kr. til viðhalds á *húseigninni við Suðurgötu* og 8.100 þús. kr. til *verndunar gamalla húsa*. Til *tækjakaupa* eru veittar 1.000 þús. kr. en 3.000 þús. kr. til *endurbóta*.

903 Þjóðskjalasafn Íslands

Framlag til rekstrar Þjóðskjalasafns hækkar um 16%, úr 26.062 þús. kr. í 30.134 þús. kr. Launagjöld nema alls 16.054 þús. kr. en gert er ráð fyrir nýrri tímabundinni stöðu starfsmanns sem á að sinna ráðgjafarþjónustu um skipulagningu skjalasafna ráðuneyta, embætta og stofnana. Fastar stöður á safninu eru nú ellefu auk fjögurra með tímabundnum ráðningum. Vegna þessarar nýju stöðu hækka sértekjur og nema 2.130 þús. kr. Til áframhaldandi framkvæmda við innréttingar og endurbyggingu húsanna að Laugavegi 162 eru veittar 10.000 þús. kr.

906 Listasafn Einars Jónssonar

Rekstrarframlag til safnsins er 3.173 þús. kr. samanborið við 2.789 þús. kr. í fjárlögum 1989 og er hækkun um 14%. Sem áður er miðað við eina stöðu fastráðins starfsmanns og sem nemur 0,7 stöðugildum starfsmanns með tímabundinni ráðningu. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á rekstri safnsins. Auk framlags til rekstrar eru veittar 1.300 þús. kr. til viðhalds fasteignar.

907 Listasafn Íslands

Heildarrekstrarframlag til *Listasafns Íslands* og *Listasafns Ásgríms Jónssonar* er 30.116 þús. kr. samanborið við 24.613 þús. kr. í fjárlögum líðandi árs. Hækkun er um 22%. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á rekstri safnanna. Launagjöld nema alls 19.966 þús. kr. og er þar miðað við 10,30 stöðugildi fastráðinna starfsmanna og tvær tímabundnar stöður hjá *Listasafni Íslands* en eina stöðu fastráðins starfsmanns og hálfa stöðu með tímabundinni ráðningu hjá *Listasafni Ásgríms Jónssonar*. Önnur gjöld en laun eru 12.550 þús. kr. og hækka um 22% frá fjárlögum. Sértekjur hækka um 880 þús. kr. eða um 58%. Til *viðhalds fasteigna* eru veittar 1.900 þús. kr. og er það ætlað til viðhalds á *Listasafni Ásgríms Jónssonar*. Til *listaverkakaupa* eru veittar 10.000 þús. kr. en til *nýbyggingarinnar, Fríkirkjuvegi 7*, eru ætlaðar 13.000 þús. kr. Við bætist nýtt stofnkostnaðarviðfangsefni, *6.30 Kjarvalshús, endurbætur*, og er framlag 6.500 þús. kr. en brýnt er að hefja endurbætur á Kjarvalshúsi.

909 Blindrabókasafn Íslands

Rekstrarframlag til blindrabókasafnsins hækkar um 20%, úr 16.997 þús. kr. í fjárlögum 1989 í 20.432 þús. kr. Til *tækjakaupa* eru veittar 400 þús. kr.

931 Náttúruverndarráð

Rekstrarframlag til Náttúruverndarráðs nemur 34.800 þús. kr. og hækkar úr 29.257 þús.

kr. eða um 19%. Launagjöld hækka um 45% og önnur gjöld vegna rekstrar hækka um 28%. Rekstrarviðfangsefni eru níu og gengið er út frá því að starfsemin verði í megindráttum óbreytt frá því sem er í ár. Þó hækkar launaliður yfirstjórnar ráðsins um 3.062 þús. kr. eða um 65%. Er þar áætlað fyrir tveimur stöðum fastráðinna starfsmanna og tveimur stöðum með tímabundnum ráðningum en það er fjölgun um 1,75 stöðugildi. Á móti þessari útgjaldaaukningu hækka sértekjur þannig hækkun framlags til yfirstjórnar Náttúruverndarráðs er 13.366 þús. kr. eða 48%. Gert er ráð fyrir að rekstur *friðlýsingarsjóðs* og *þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum* sé greiddur af sértekjum. Fjárveiting til *rannsóknastarfa við Mývatn* hækkar um 59% en nauðsynlegt þykir að flýta þeim rannsóknum. Framlag til *hreinlætisaðstöðu við Gullfoss* fellur nú niður en í fjárlögum eru veittar 1.000 þús. kr. til hönnunar og undirbúnings á framkvæmdum. Í eftirfarandi yfirliti er sýnt framlag til viðfangsefna Náttúruverndarráðs í frumvarpi og í fjárlögum 1989.

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Náttúruverndarráð	9.014	13.366	4.352	48
Fræðslustarfsemi	670	780	110	16
Friðlýsingarsjóður	190	-	-190	.
Eftirlit við Mývatn og Laxá	1.295	1.548	253	20
Rannsóknastörf við Mývatn	2.836	4.509	1.673	59
Þjóðgarðurinn í Skaftafelli	1.846	1.231	-615	-33
Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum	2.030	-	-2.030	.
Friðlýst svæði, merkingar og eftirlit	3.636	4.246	610	17
Sérfræðirannsóknir við Mývatn	7.740	9.120	1.380	18
Viðhaldsfé, óskipt	1.200	1.500	300	25
Rannsóknastörf við Mývatn	1.000	1.300	300	30
Þjóðgarðurinn í Skaftafelli	1.800	1.000	-800	-44
Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum	1.100	1000	-100	-9
Hreinlætisaðstaða við Gullfoss	1.000	-	-1.000	.
Samtals	35.357	39.600	4.243	12

973, 974 Þjóðleikhús og Sinfóníuhljómsveit Íslands

Heildarframlag til Þjóðleikhússins nemur 385.000 þús. kr. samanborið við 171.000 þús. kr. í fjárlögum 1989. Til endurbóta á fasteign eru ætlaðar 125.000 þús. kr. Ekki er enn ljóst hvaða áhrif endurbætur á fasteign munu hafa á rekstur leikhússins árið 1990 en væntanlega þarf að fella niður starfsemi á stóra sviði leikhússins um nokkurra mánaða skeið. Framlag til Sinfóníuhljómsveitar nemur 86.300 þús. kr. og þar af eru 4.000 þús. kr. vegna innréttingar á skrifstofuhúsnæði í Háskólabíó fyrir Sinfóníuhljómsveitina. Hljómsveitin er með húsnæði á tveimur stöðum en til stendur að segja því húsnæði upp og flytja alla starfsemi hennar í Háskólabíó. Nánari umfjöllun um Þjóðleikhús og Sinfóníuhljómsveit er að finna í greinargerð um stofnanirnar í B-hluta frumvarpsins, samanber og sérstaka umfjöllun um byggingarsjóð menningarstofnana í greinargerð um fjárlagalið *977 Þjóðarbókhlaða.*

975 Vísindasjóður

Þessi fjárlagaliður skiptist í tvö viðfangsefni, *1.01 Vísindaráð* og *6.01 Vísindasjóð*. Sú breyting er nú gerð á rekstri *Vísindaráðs* að það færist í A-hluta en ekki sem tilfærsla til B-hluta. Rekstrarframlag til *Vísindaráðs* er 7.606 þús. kr. en það er hækkun um 28% frá fjárlögum. Launagjöld nema alls 5.476 þús. kr. og er áætlað fyrir 2,5 stöðugildum starfsmanna með tímabundna ráðningu. Þar er um að ræða eina stöðu framkvæmdastjóra, eina stöðu skrifstofustjóra og hálfa stöðu fulltrúa. Önnur gjöld en laun eru 3.300 þús. kr. og sértekjur 1.170 þús. kr. *Vísindasjóður* hefur tekjur af arðsjóði Seðlabanka Íslands auk framlags í fjárlögum. Framlag úr ríkissjóði verður 12.000 þús. kr., framlag úr arðsjóði Seðlabanka Íslands 82.500 þús. kr. og eigin tekjur verða 2.500 þús. kr. Ráðstöfunarfé sjóðsins verður því 97.000 þús. kr.

976 Menningarsjóður, framlag

Tekjur Menningarsjóðs eru samkvæmt lögum gjald af aðgöngumiðum að kvikmyndasýningum og dansleikjum og árlegt framlag úr ríkissjóði. Áætlaðar markaðar tekjur nema 8.500 þús. kr. og er gjaldfærsla í samræmi við það.

977 Þjóðarbókhlaða

Samkvæmt lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, skal á árunum fram til aldamóta lagður á sérstakur eignaskattur sem varið skal til að standa straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana og stuðla að verndun gamalla bygginga í eigu ríkisins. Framkvæmdir við Þjóðarbókhlöðu voru verulega auknar á þessu ári. Þó að haldið yrði áfram á sama framkvæmdahraða, er ljóst að ekki verður unnt að ná þeim markmiðum sem fram koma í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar, að ljúka Þjóðarbókhlöðunni á fjórum árum. Kemur þar tvennt til, annars vegar samdráttur í efnahagslífinu en hins vegar sú nauðsyn að ljúka í einni lotu áfanga í Þjóðleikhúsinu svo að unnt verði að taka það í notkun síðar á árinu 1990 eftir hlé á starfsemi, sem gera verður vegna framkvæmdanna. Á árinu 1990 er ákveðið að verja 120.000 þús. kr. til framkvæmda við Þjóðarbókhlöðu. Á móti 60.000 þús. kr. framlagi úr framangreindum sjóði er gert ráð fyrir 60.000 þús. kr. framlagi frá Háskóla Íslands þannig að heildarráðstöfunarfé til framkvæmda við bókhlöðuna er 120.000 þús. kr. Þjóðarbókhlaðan mun hýsa háskólabókasafn og er að því leyti hluti Háskólans og því eðlilegt að tekjur af Happdrætti Háskóla Íslands kosti þessa byggingu engu síður en aðrar byggingar skólans. Einnig má benda á að með flutningi í Þjóðarbókhlöðu mun mikið húsnæði losna í Háskólanum og verða til annarra nota. Tekjur af eignarskattsaukanum á árinu 1990 eru áætlaðar um 270 m.kr. Eins og gildir um önnur fjárfestingarframlög er miðað við að þau verði dregin saman um nálega fjórðung vegna hins alvarlega ástands í efnahagsmálum og ríkisfjármálum en að öðru leyti verði fénu varið til framkvæmda við þær byggingar sem lögin geta tekið til. Er þar um að ræða um 215 m.kr. sem ráðstafað er þannig: Þjóðleikhús 125 m.kr., Þjóðarbókhlaða 60 m.kr., Þjóðskjalasafn 10 m.kr., Þjóðminjasafn 13 m.kr. og óráðstafað 7 m.kr.

980 Listskreytingasjóður

Gert er ráð fyrir að framlag ríkissjóðs verði 10.000 þús. kr. sem er hækkun um 67% milli ára.

981 Kvikmyndasjóður

Samkvæmt lögum nr. 94/1983 eru tekjur sjóðsins söluskattur af seldum miðum

kvikmyndahúsa. Framlag til sjóðsins er 71.000 þús. kr. og er það sama upphæð og veitt var til sjóðsins í fjárlögum 1989. Á næsta ári fá íslenskir kvikmyndagerðarmenn aðgang að Norræna kvikmyndasjóðnum og Kvikmyndasjóði Evrópu. Má því gera ráð fyrir að aðgangur kvikmyndagerðarmanna að þessum sjóðum styrki starfsemi þeirra verulega.

982 Listir, framlög

Heildarframlag nemur 199.220 þús. kr. og hækkar frá gildandi fjárlögum um 8%. Viðfangsefni eru þau sömu og í fjárlögum 1989. Yfirleitt er miðað við að framlög séu óbreytt nema þar sem fyrir er sérstök viðmiðun við laun eða verðlag. Framlag til *heiðurslauna listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis* er 10.200 þús. kr. en að venju er gert ráð fyrir að Alþingi fjalli um þennan lið og ráðstafi fjárhæðinni.

983 Vísindaleg starfsemi, styrkir

Heildarframlag nemur 11.530 þús. kr. samanborið við 11.742 þús. kr. í fjárlögum líðandi árs. Lækkun milli ára er 2%. Ekki er um veigamiklar breytingar að ræða á framlögum til viðfangsefna þessa fjárlagaliðar.

984 Norræn samvinna

Heildarframlag er 6.340 þús. kr. og hækkar úr 6.130 þús. kr. í fjárlögum 1989. Framlag til *Menningarsjóðs Íslands og Finnlands* hækkar um 19% en vegna gengisbreytinga varð framlag í fjárlögum 1989 of lágt. Viðfangsefnið *Þátttaka í framkvæmdastjórn UNESCO* fellur niður en fjárveiting til þessa verkefnis færist nú undir fjárlagaliðinn *999 Ýmislegt*, á viðfangsefnið *1.22 Þátttaka í starfi UNESCO*.

985 Menningarsjóður félagsheimila

Samkvæmt nýjum lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga veita nú sveitarstjórnir byggingarstyrki til félagsheimila. Framlag ríkisins til félagsheimilasjóðs, sem í fjárlögum 1989 er færður á þennan fjárlagalið, fellur því niður. Fjárlagaliður þessi breytir um nafn og heitir nú Menningarsjóður félagsheimila en samkvæmt fyrrgreindum lögum skulu 10% af skemmtanaskatti renna til Menningarsjóðs félagsheimila. Áætlaðar markaðar tekjur nema 57.500 þús. kr. og framlag til Menningarsjóðs er því 5.750 þús. kr.

986 Íþróttasjóður

Framlag til þessa sjóðs fellur niður í samræmi við lög um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

988 Æskulýðsmál

Fjárveiting nemur alls 21.190 þús. kr. og hækkar frá fjárlögum 1989 um 19%. Við bætast viðfangsefnin *félagsstörf í skólum* og *Iðnnemasamband Íslands*. Að öðru leyti eru viðfangsefni hin sömu og í fjárlögum 1989 og eru framlög til þeirra óbreytt frá fjárlögum.

989 Ýmis íþróttamál

Fjárveiting nemur samtals 51.260 þús. kr. og hækkar um 6.170 þús. kr. frá fjárlögum 1989. Framlag til *Ólympíunefndar Íslands* lækkar um 39% enda þrjú ár þar til næstu ólympíuleikar verða haldnir. Fjárveiting til *Skákskólans* fellur niður en framlag til *Skáksambands Íslands* hækkar sem því nemur. Við bætist viðfangsefnið *Íþróttafélög, styrkir* og er framlag 7.000 þús. kr. Fjárveiting á þeim lið er ætluð til styrktar

íþróttafélögum eftir að framlag til *Íþróttasjóðs* féll niður samkvæmt nýjum lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Framlag til *Bridgesambands Íslands* hækkar um 73%. Að öðru leyti er um óbreytt framlög til viðfangsefna þessa fjárlagaliðar að ræða.

991 Húsafriðun

Framlag nemur samtals 18.930 þús. kr. og hækkar frá fjárlögum 1989 um 4.200 þús. kr. eða 29%. Framlag til Nesstofu hækkar um 213%. Á grundvelli 6. greinar heimildar í fjárlögum 1989 voru keypt útihús við Nesstofu í samvinnu við Seltjarnarnesbæ og samtök lyfjafræðinga og lækna. Ætlunin er að vinna að endurbótum húsanna vegna læknaminjasafns og vinna að skipulagningu svæðisins. Fjárveiting til *Sjóminjasafn Íslands* hækkar vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

998 Ráðstöfunarfé

Liður þessi er nýr og er ætlaður til að mæta óvæntum útgjöldum, sem leyst hafa verið með aukafjárveitingum. Framlag er 15.000 þús. kr. Um frekari skýringar vísast til umfjöllunar í kafla 4.1 hér að framan.

999 Ýmislegt

Heildarframlag nemur 53.400 þús. kr. en var 54.440 þús. kr. í fjárlögum 1989. Lækkun er um 2%. Viðfangsefnin *fundur íþróttaráðherra Evrópu á Íslandi*, *Dimmuborgir* og *Skóli Ísaks Jónssonar, stofnkostnaður* falla niður. Framlag til þessa skóla fellur nú niður þar sem kveðið er á um í nýjum lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að sveitarfélög greiði stofnkostnað grunnskóla. Aftur á móti bætast við viðfangsefnin *norræn umhverfisráðstefna, þátttaka í starfi UNESCO, vísindasamstarf EB* og *Kvikmyndasjóður Evrópu*. Framlag *til Cornell- og Manitobaháskóla* hækkar um 380 þús. kr. eða um 271% og er sú hækkun sérstaklega ætluð Manitobaháskóla. Viðfangsefnið *Safnastofnun Austurlands* hækkar um 600 þús. kr. eða um 17% en samkvæmt samningi er ríkissjóður skuldbundinn til að greiða tiltekinn hluta byggingarkostnaðar á árunum 1987 til 1995.

03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka utanríkisráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Ráðuneyti	269.050	291.781	22.731	8
Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	156.697	196.347	39.650	25
Sendiráð og fastanefndir	249.574	348.884	99.310	40
Þróunarmál, alþjóðastofnanir o.fl.	174.000	293.880	119.880	69
Samtals	849.321	1.130.892	281.571	33

Fjárlagaliðum utanríkisráðuneytis er skipað í málefnaflokka á eftirfarandi hátt:
Ráðuneyti:
101 Aðalskrifstofa; 102 Varnarmálaskrifstofa; 103 Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs.
Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli:
201 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli.
Sendiráð og sendinefndir:
301-313 Öll sendiráð og fastanefndir Íslands erlendis.
Þróunarmál, alþjóðastofnanir o.fl.:
390 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi; 399 Ýmis utanríkismál; 401 Alþjóðastofnanir; 998 Ráðstöfunarfé.

Breyting á útgjöldum málefnaflokksins *Ráðuneyti* stafar annars vegar af því að greiðsla Íslands vegna Norrænu ráðherranefndarinnar færist nú á annan fjárlagalið og hins vegar af því að framlag til aðalskrifstofu hækkar talsvert, aðallega vegna aukinnar áherslu á samskipti og samningaviðræður við Evrópubandalagið á næsta ári og einnig vegna áherslu ráðuneytisins á stefnumótun varðandi afvopnun á úthöfum.

Útgjöld málefnaflokksins *Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli* hækka um 25%. Gerðar hafa verið talsverðar skipulagsbreytingar og hagræðing hjá embættinu. Í þessari hagræðingu felst umtalsverð fækkun starfsmanna, einkum hjá sérsveit lögreglunnar. Einnig er um að ræða tilfærslu á verkefnum frá tollgæslu til lögreglu. Nánar verður fjallað um þessar breytingar í greinargerð um embættið hér að neðan.

Málefnaflokkurinn *Sendiráð og fastanefndir* hækkar um 40%. Hækkun málaflokksins umfram verðlagsforsendur tengist aðallega aukinni áherslu ráðuneytisins á samskipti við Evrópubandalagið og er m.a. gert ráð fyrir stofnun sérstaks sendiherraembættis í Brussel. Auk þess hafa verið gerðar nokkrar breytingar á framlögum til einstakra sendiráða. Fjallað verður nánar um þetta í sérstakri greinargerð um sendiráðin.

Útgjöld málefnaflokksins *Þróunarmál, alþjóðastofnanir o.fl.* hækka um 119.880 þús. kr. eða 69%. Helstu ástæður hækkunar eru þær að nú er framlag Íslands til Norrænu ráðherranefndarinnar fært á fjárlagaliðinn Alþjóðastofnanir. Þá hefur verið ákveðið að styðja fleiri verkefni á vegum Sameinuðu þjóðanna en verið hefur. Loks er gert ráð fyrir sérstökum fjárlagalið, 998 Ráðstöfunarfé, en framlag á þessum lið er ætlað til þess að mæta sérstökum þörfum sem upp kunna að koma á árinu 1989.

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis. Hér á eftir verður fjallað um einstaka fjárlagaliði til skýringar á breyttum framlögum til einstakra málefnaflokka.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting til aðalskrifstofu ráðuneytisins nemur alls 246.873 þús. kr. Þar af er framlag til reksturs *yfirstjórnar* 135.527 þús. kr. og hækkar það um 34% frá fjárlögum 1989. Auk þess er gert ráð fyrir 2.000 þús. kr. framlagi til frekari tölvuvæðingar og endurnýjunar á ljósritunarvélum. Í töflu hér á eftir er gerð nánari grein fyrir skiptingu framlags til aðalskrifstofu eftir viðfangsefnum:

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Yfirstjórn	101.118	135.527	34.409	34
Kjörræðismenn	870	580	-290	-33
Samningar við erlend ríki	1.310	-	-1.310	.
Alþjóðaráðstefnur	15.070	16.480	1.410	9
Upplýsinga- og kynningarstarfsemi	4.600	5.060	460	10
Kvikmyndir og myndbönd, landkynning	480	590	110	23
Viðskiptaskrifstofa	51.152	67.606	16.454	32
Útflutningsráð Íslands	13.100	15.560	2.460	19
Viðskiptafulltrúi í Tokyo	-	3.470	3.470	.
Tækjakaup	1.500	2.000	500	33
Samtals	189.200	246.873	57.673	30

Stöðugildum í *yfirstjórn* fjölgar um eitt. Um er að ræða tímabundna ráðningu sérfræðings til að útfæra tillögur Íslands um afvopnun á úthöfum. Launagjöld verða 57.967 þús. kr. og hækka um 34%. Stöðugildi í *yfirstjórn* verða samtals 27, þar af 25 föst stöðugildi. Hækkun launagjalda stafar m.a. af umræddri fjölgun starfsmanna, en einkum af því að áætlaður kostnaður vegna yfirvinnu hefur verið hækkaður til samræmis við raunveruleg umsvif á aðalskrifstofu ráðuneytisins með hliðsjón af reikningi síðustu ára. Reynsla yfirstandandi árs sýnir að áætlun fjárlaga 1989 er óraunhæf og verður ekki náð þrátt fyrir verulegar aðhaldsaðgerðir. Hækkun annarra rekstrargjalda skýrist aðallega af auknum ferðakostnaði auk þess sem gert er ráð fyrir talsvert meiri tilflutningi starfsmanna en verið hefur. Framlag vegna *viðskiptaskrifstofu* verður 67.606 þús. kr. og hækkar um 32%. Helstu ástæður hækkunarinnar felast í fjölgun stöðugilda um tvö og verða þau nú níu í stað sjö áður, þar af þrjú vegna starfsmanna með tímabundna ráðningu. Launagjöld *viðskiptaskrifstofu* verða 17.466 þús. kr. og hækka um 51%. Fjölgun starfsmanna tengist aukinni áherslu ráðuneytisins á samskipti við Evrópubandalagið. Önnur rekstrargjöld breytast lítið að raungildi, en í fjárlögum 1989 var gert ráð fyrir mikilli kostnaðarhækkun vegna formennsku Íslands í EFTA og könnunarviðræðna við Evrópubandalagið. Ljóst er að á næsta ári munu hefjast umfangsmiklar samningaviðræður við Evrópubandalagið og því ekki talið fært að lækka fjárveitingu skrifstofunnar þó formennsku Íslands í EFTA ljúki um áramót. Framlag vegna *kjörræðismanna* lækkar verulega og framlag vegna *samninga við erlend ríki* fellur niður. Er það gert að tillögu ráðuneytis um sparnað.

103 Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs

Framlag vegna *skrifstofu ráðherranefndar Norðurlandaráðs* verður 10.819 þús. kr. og lækkar það verulega frá fjárlögum 1989, en þá var framlagið 51.057 þús. kr. Skýringin á þessu er að nú færist framlag Íslands til *Norrænu ráðherranefndarinnar* sem sérstakt viðfangsefni undir fjárlagaliðinn *alþjóðastofnanir*, en framlagið er 39.800 þús. kr. í fjárlögum 1989. Rekstrarkostnaður skrifstofunnar lækkar lítillega eða um 4%. Skýrist það af því að sérstakt framlag að fjárhæð 2.300 þús. kr. er í fjárlögum 1989 vegna formennsku Íslands í ráðherranefnd Norðurlandaráðs. Nú er ekki gert ráð fyrir framlagi vegna þessa. Hins vegar er gert ráð fyrir um 900 þús. kr. sérstaklega vegna þess að Norðurlandaráðsþing verður haldið hér á landi á næsta ári.

201 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli

Að undangenginni athugun fjárlaga- og hagsýslustofnunar hafa verið ákveðnar umtalsverðar breytingar á rekstri embættisins. Í endurskipulagningunni felst að stöðum verður fækkað um þrettán. Stöðum hjá lögreglu fækkar um tíu, þar af sex hjá sérsveit. Stöðum hjá tollgæslu fækkar um þrjár. Fækkun starfsmanna kemur ekki öll til framkvæmda strax og er í frumvarpinu gert ráð fyrir að kostnaður falli niður vegna 8,45 stöðugilda lögreglumanna og 2,35 stöðugilda tollvarða á árinu 1990. Þessar breytingar hafa m.a. í för með sér að starfsemi sérsveita dregst verulega saman og að vopnaleit færist frá tollgæslu yfir til sérsveitar lögreglu. Aðrar breytingar, sem ekki tengjast framangreindum skipulagsbreytingum, eru þær að kostnaður vegna varnarstöðva utan Keflavíkurflugvallar fellur niður vegna þess að embættið hætti að annast löggæslu við varnarstöðina á Stokksnesi á þessu ári. Útgjöld lögreglustjóraembættisins verða samtals 196.347 þús. kr. og hækka um 25%, þar af er framlag vegna stofnkostnaðar 1.000 þús. kr. og framlag vegna viðhalds 2.600 þús. kr. Stofnkostnaðarfjárveiting er ætluð til kaupa á fjarskiptabúnaði og innréttingum, en viðhaldsfé er ætlað til mjög aðkallandi viðgerða á bifreiðastæðum og athafnasvæði umhverfis lögreglustöð. Í eftirfarandi yfirliti má sjá skiptingu kostnaðar á einstök viðfangsefni embættisins og breytingu framlags miðað við fjárlög 1989.

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Yfirstjórn	13.799	14.308	509	4
Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	66.222	79.676	13.454	20
Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	73.709	98.763	25.054	34
Varnarstöðvar utan Keflavíkurflugvallar	1.567	-	-1.567	-100
Viðhald	-	2.600	2.600	·
Stofnkostnaður	1.400	1.000	-400	-29
Samtals	156.697	196.347	39.650	25

Eins og sést á þessu yfirliti hækkar framlag til reksturs *tollgæslu* og *ríkislögreglu* umtalsvert, þrátt fyrir fækkun stöðugilda um 10,8 svo sem að framan greinir. Skýringin á þessu felst einkum í því að ekki hefur verið tekið nægilegt tillit til raunverulegs launakostnaðar hjá embættinu í fjárlögum síðustu ára. Þetta kemur í ljós ef ríkisreikningur síðustu ára er skoðaður og einnig ef borinn er saman kostnaður við rekstur annarra löggæsluembætta í landinu. Nú hefur verið gert átak í að lagfæra þetta og tekið er mið af raunverulegum kostnaði embættisins með hliðsjón af kostnaði vegna svipaðrar starfsemi annars staðar á landinu. Hefur þetta verið gert í samráði við stofnunina og eru aðilar sammála um að með þessum leiðréttingum muni stofnunin geta starfað innan þess ramma sem fjárlög heimila.

301-313 Sendiráð Íslands erlendis

Framlag til reksturs sendiráða og fastanefnda Íslands erlendis verður samtals 331.184 þús. kr. og hækkar um 40%. Framlag vegna viðhalds allra sendiráða verður 12.100 þús. kr. og hækkar um 66%. Hækkun fjárveitingar vegna viðhalds umfram verð- og

gengisbreytingar stafar aðallega af sérstakri hækkun vegna umfangsmikils viðhalds á sendiherrabústað í París og á eignum íslenska ríkisins í Moskvu. Stofnkostnaðarframlag verður 5.600 þús. kr., en er 4.900 þús. kr. í fjárlögum 1989. Fjárveitingin er m.a. ætluð til frekari tölvuvæðingar á skrifstofum sendiráðanna og endurnýjunar hús- og skrifstofubúnaðar. Í eftirfarandi töflu kemur fram sundurliðun á rekstrarframlögum til einstakra sendiráða og breyting á framlagi miðað við fjárlög.

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Sendiráð Íslands í Bonn og fastanefnd hjá Evrópuráðinu	14.849	19.276	4.427	30
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	19.415	25.343	5.928	31
Sendiráð Íslands í London	20.673	27.660	6.987	34
Sendiráð Íslands í Moskvu	20.374	27.354	6.980	34
Sendiráð Íslands í Ósló	16.943	23.558	6.615	39
Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD og UNESCO	24.380	33.356	8.976	37
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	14.032	19.993	5.961	42
Sendiráð Íslands í Washington	21.889	30.773	8.884	41
Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	28.429	41.234	12.805	45
Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu	13.260	25.970	12.710	96
Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	20.469	27.245	6.776	33
Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	22.661	29.422	6.761	30
Samtals	237.374	331.184	93.810	40

Stöðugildum útsendra starfsmanna í sendiráðum Íslands erlendis fjölgar um tvö og verða stöðugildi útsendra starfsmanna samtals 47. Stöðugildi staðarráðinna starfsmanna verða 20,5 svo sem verið hefur. Mestur hluti kostnaðar við sendiráðin fellur til í mynt viðkomandi lands. Launa- og gjaldatölur eru umreiknaðar miðað við áætlaða gengisskráningu 1. janúar 1990, en í fjárlögum 1989 er miðað við gengisskráningu 29. september 1988. Mismunandi hreyfingar á gengi einstakra mynta og mismunandi verðbólga í einstökum ríkjum veldur því m.a. að framlög til einstakra sendiráða hækka mismikið miðað við fjárlög 1989. Verðlagsbreytingar, þ.e. hækkun erlends gjaldeyris og verðbólga erlendis, eru að meðaltali áætlaðar vera um 30% til hækkunar frá fjárlögum fyrir 1989. Helstu breytingar umfram verðlags- og gengisbreytingar eru að launakostnaður sendiráðsins í Brussel hækkar um 5.222 þús. kr. og framlag vegna annarra gjalda um 2.816 þús. kr. Um er að ræða kostnað vegna stofnunar sérstaks sendiherraembættis hjá Evrópubandalaginu auk þess sem starfsemi sendiráðsins er styrkt með einni stöðu til viðbótar. Aðrar helstu breytingar umfram verðlagsforsendur eru að launakostnaður vegna staðarráðinna starfsmanna nokkurra sendiráða og fastanefnda hækkar nokkuð. Er það m.a. gert til að leiðrétta misræmi sem orðið hefur á launakjörum þeirra miðað við launakjör starfsmanna í sambærilegum störfum í viðkomandi landi. Önnur rekstrargjöld hækka einnig hjá nokkrum sendiráðum. Stafar

hækkunin einkum af auknum síma- og póstburðargjöldum, sem m.a. er afleiðing af kröfum um meira og skjótara upplýsingastreymi.

390 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Framlag vegna *þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi* verður 110.890 þús. kr. og hækkar um 19%. Á þennan fjárlagalið færast m.a. framlög til *Þróunarsamvinnustofnunar Íslands* og *Háskóla Sameinuðu þjóðanna*, ásamt með ýmsum framlögum til alþjóðastofnana sem hafa með höndum hjálparstarf. Framlag til *Þróunarsamvinnustofnunar* verður 64.000 þús. kr. og hækkar um 7%. Framlag til *Háskóla Sameinuðu þjóðanna* verður 14.670 þús. kr. og hækkar um 27%. Hækkun umfram verðlagsbreytingar er einkum til að mæta að nokkru leyti skerðingu á framlagi frá Japan til þessarar starfsemi. Framlag til *Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna*, sem ákveðið er í Bandaríkjadölum, verður 102.000 Bandaríkjadalir eða 6.660 þús. kr. og hækkar um 82%. Staðfestir reikningar frá stofnuninni sýna að hlutdeild Íslands nemur þessari fjárhæð á næsta ári. Framlag til annarra viðfangsefna er reiknað í íslenskum krónum, en miðað er við að framlögin haldi verðgildi sínu frá fjárlögum 1989.

401 Alþjóðastofnanir

Framlög til alþjóðastofnana nema 177.250 þús. kr. Á þessum fjárlagalið eru annars vegar greiðslur vegna skuldbindinga Íslands um að greiða ákveðið hlutfall af rekstrarkostnaði eða öðrum kostnaði við viðkomandi stofnanir. Hins vegar er um að ræða frjáls framlög sem Alþingi og ríkisstjórn ákveða hverju sinni. Flest framlögin eru ákveðin í erlendri mynt. Ekki er um raunbreytingar á framlögum að ræða nema borist hafi staðfestar upplýsingar frá viðkomandi stofnunum um breytingar á skyldaframlagi Íslands frá fjárlögum 1989. Helstu breytingar á framlögum eru að í frumvarpi er gert ráð fyrir framlagi til þriggja nýrra verkefna. Um er að ræða 2.818 Bandaríkjadala framlag til *eftirlitssveita Sameinuðu þjóðanna í Angólu, UNAVEM*, 127.842 Bandaríkjadala framlag til *friðargæslusveita Sameinuðu þjóðanna í Namibíu, UNTAG* og 4.608 ECU (Evrópumynt) framlag vegna *tölvugagnaskiptakerfis fyrir viðskipti, TEDIS*, en Ísland hefur ásamt öðrum EFTA-löndum nýverið undirritað samning við Evrópubandalagið um aðild að TEDIS. Sú breyting hefur einnig verið gerð að nú færist framlag Íslands til *Norrænu ráðherranefndarinnar* á þennan fjárlagalið sem sérstakt viðfangsefni og verður framlagið 6.820 þús. danskar kr. eða 58.010 þús. kr. Ekki er um raunbreytingar á framlögum að ræða til annarra stofnana eða verkefna í heild. Þó hafa verið gerðar breytingar á einstökum framlögum í þeim tilvikum að utanríkisráðuneytið hafi lagt fram staðfestar upplýsingar um hækkun skyldaframlags eða gert tillögu um lækkun á framlagi.

988 Ráðstöfunarfé

Liður þessi er nýr og er ætlaður til að mæta óvæntum útgjöldum sem leyst hafa verið með aukafjárveitingum. Framlag er 5.000 þús. kr. Um frekari skýringar vísast til umfjöllunar í kafla 4.1 hér að framan.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka landbúnaðarráðuneytis breytast milli ára sem hér greinir:

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Ráðuneyti	44.604	51.994	7.390	17
Landbúnaðarmál	2.436.966	2.745.953	308.987	13
Landgræðsla, skógrækt	240.295	295.572	55.277	23
Búnaðarskólar	155.085	157.817	2.732	2
Samtals	2.876.950	3.251.336	374.386	13

Fjárlagaliðum landbúnaðarráðuneytisins er skipað í málefnaflokka á eftirfarandi hátt:
Ráðuneyti:

101 Aðalskrifstofa.

Landbúnaðarmál:

171 Jarðeignir ríkisins; 172 Jarðasjóður; 201 Búnaðarfélag Íslands; 202 Hagþjónusta landbúnaðarins; 205 Veiðistjóri; 206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins; 242 Mat á landbúnaðarafurðum; 243 Sauðfjárveikivarnir; 244 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða; 246 Veiðimálastofnunin; 247 Yfirdýralæknir; 272 Einangrunarstöð í Hrísey; 287 Stofnlánadeild landbúnaðarins; 288 Jarðræktar- og búfjárræktarlög, framlög; 289 Endurgreiðsla gjalda í landbúnaði; 290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir; 299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi; 998 Ráðstöfunarfé.

Landgræðsla, skógrækt:

231 Skógrækt ríkisins; 232 Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins; 235 Landgræðsla ríkisins; 270 Landgræðslu- og landverndaráætlun; 271 Landgræðslusjóður.

Búnaðarskólar:

501 Bændaskólinn á Hvanneyri; 502 Bændaskólinn á Hólum; 503 Garðyrkjuskóli ríkisins.

Hækkun útgjalda málefnaflokksins *Ráðuneyti* er skýrð nánar í umfjöllun um aðalskrifstofu ráðuneytisins.

Útgjöld til málefnaflokksins *Landbúnaðarmál* eru svipuð að raungildi og í fjárlögum 1989, en með talsverðum breytingum milli einstakra fjárlagaliða. Hagþjónusta landbúnaðarins er ný stofnun, sem áætlað er að taki til starfa í byrjun árs 1990. Þá er ekki áætlað fyrir framlagi til Áburðarverksmiðju ríkisins eins og verið hefur undanfarin tvö ár, og framlög samkvæmt jarðræktar- og búfjárræktarlögum eru sameinuð undir einum fjárlagalið en hafa fram til þessa verið aðskilin. Framlag lækkar til tveggja stofnana miðað við fjárlög líðandi árs og eru það Búnaðarfélag Íslands og Sauðfjárveikivarnir, og gert er ráð fyrir óbreyttu framlagi til Jarðasjóðs. Framlög til annarra stofnana hækka frá fjárlögum og er hækkunin á bilinu 3-25% milli ára.

Af einstökum málefnaflokkum landbúnaðarráðuneytisins hækka mest framlög til *Landgræðslu- og skógræktar* eða um 23% frá fjárlögum 1989. Til skógræktar er samtals varið 116.832 þús. kr. og skiptist sú fjárveiting á þrjá fjárlagaliði í stað tveggja áður, þ.e. Skógrækt ríkisins, Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins og hlut Skógræktarinnar af framlagi

samkvæmt Landgræðslu- og landverndaráætlun. Önnur framlög til landgræðslu og landverndar eru 178.740 þús. kr. og skiptast á einstaka fjárlagaliði samkvæmt venju.

Ekki eru áætlaðar miklar breytingar í rekstri *Búnaðarskóla* á árinu 1990. Framlög til reksturs skólanna eru miðuð við sem næst óbreytta starfsemi frá áætlun fjárlaga 1989, en heldur minna fé er nú varið til nýframkvæmda við skólana.

Engir markaðir tekjustofnar renna til ráðuneytisins. Verður hér á eftir gerð grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á breytingum á framlögum til málefnaflokka landbúnaðarráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting á árinu 1990 verður 51.994 þús. kr., sem er 17% hækkun frá fjárlögum 1989. Stöðugildi á *aðalskrifstofu* verða samtals 13,5 og fjölgar um eitt, sem er ný staða sérfræðings til að sinna auknum verkefnum í tengslum við framkvæmd búvörulaga nr. 46/1985, með síðari breytingum. Launagjöld hækka um 27% frá fjárlögum 1989 og verða 28.944 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 15% og verða 25.250 þús. kr.

201 Búnaðarfélag Íslands

Í tengslum við gerð fjárlaga 1989 og 1990 hefur verið gert ráð fyrir að endurskoðun færi fram á framtíðarskipan verkefna og tekjustofna *Búnaðarfélags Íslands*. Skipuð var nefnd sem unnið hefur að þessu verkefni, en hún hefur ekki lokið störfum. Framlag á árinu 1990 nemur alls 74.965 þús. kr. og er það 2% lækkun frá fjárlögum 1989. Sú breyting verður á starfsemi *Búnaðarfélagsins* að nýstofnuð *Hagþjónusta landbúnaðarins* yfirtekur hluta af verkefnum búreikningastofu landbúnaðarins. Í framhaldi af því er ákveðið að flytja 2,5 stöðugildi og rekstrarfjárveitingu alls að upphæð 7.341 þús. kr. frá *Búnaðarfélaginu* yfir til *Hagþjónustu landbúnaðarins*. Að öðru leyti er áætlað að starfsemi *Búnaðarfélagsins* verði svipuð umfangs og gert var ráð fyrir í fjárlögum 1989.

202 Hagþjónusta landbúnaðarins

Hagþjónusta landbúnaðarins tekur til starfa á árinu 1990 samkvæmt lögum nr. 63/1989 og er til húsa á Hvanneyri í Borgarfirði enda skal rekstur hennar vera í nánum tengslum við búvísindadeild bændaskólans. Eins og áður greinir yfirtekur stofnunin að hluta verkefni búreikningastofu landbúnaðarins og lækkar rekstrarfjárveiting til *Búnaðarfélags Íslands* sem nemur fjárveitingu til reksturs *hagþjónustunnar*. Áætlað er fyrsta starfsárið að auk forstöðumanns starfi þar einn sérfræðingur í heilli stöðu og ritari í hálfri stöðu. Launaliður nemur alls 3.371 þús. kr. og önnur rekstrargjöld 3.610 þús. kr. Þá er fjárveiting til tækjakaupa 1.200 þús. kr.

205 Veiðistjóri

Fjárveiting til embættis *veiðistjóra* var á fjárlögum 1989 í formi tilfærslna til fyrirtækja og atvinnuvega. Horfið er frá þeirri skipan mála og fjárveiting ákveðin í formi launagjalda og annarra rekstrargjalda, samtals 5.859 þús. kr., auk 10.000 þús. kr. framlags til sveitarfélaga vegna eyðingar refa og minka.

206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Sama gildir um *Rannsóknastofnun landbúnaðarins* og embætti *veiðistjóra*, að horfið er frá því að hafa fjárveitingu til stofnunarinnar í formi tilfærslna til fyrirtækja og atvinnuvega. Heildarfjárveiting nemur 107.979 þús. kr. og er það 5% hækkun frá

fjárlögum 1989. Unnið hefur verið að endurskipulagningu stofnunarinnar og eru umtalsverðar breytingar áætlaðar í rekstrinum á árinu 1990. Hætt verður rekstri tilraunastöðva að Skriðuklaustri og Reykhólum, en starfsemi annarra tilraunastöðva efld með tilflutningi verkefna og stöðuheimilda frá Skriðuklaustri, Reykhólum og aðalstöðvum stofnunarinnar að Keldum. Starfsmannafjöldi í heild verður óbreyttur frá áætlun fjárlaga 1989, þ.e. 53 stöðugildi fastráðinna og 3,75 stöðugildi lausráðinna starfsmanna. Skipting fjárveitingar á einstök rekstrarviðfangsefni er talsvert breytt frá fjárlögum 1989. Rekstur tilraunastöðva að *Stóra-Ármóti*, *Hesti*, *Möðruvöllum* og *Sámsstöðum* færist sem sérstök rekstrarviðfangsefni. Samtals er varið 22.774 þús. kr. til reksturs tilraunastöðvanna auk 2.000 þús. kr. fjárveitingar til viðfangsefnisins *tilraunastöðvar, óskipt*, sem ætluð er til uppgjörs vegna tilraunastöðvanna að Skriðuklaustri og Reykhólum. Rekstrarframlag til *aðalstöðva* er 78.005 þús. kr., sem er um 1% lækkun frá fjárlögum 1989. Lækkunin skýrist af minni starfsemi hjá *aðalstöðvum* samhliða eflingu tilraunastöðvanna fjögurra. Til stofnkostnaðar og viðhalds er samtals varið 5.200 þús. kr.

231 Skógrækt ríkisins

Framlag til *Skógræktar ríkisins* er 78.629 þús. kr. sem er tæplega 2% lækkun frá fjárlögum 1989. Lækkunin skýrist af því að sú breyting er nú gerð að *Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins* er færð undir sérstakan fjárlagalið 04-232, og dregst framlag til *Skógræktar ríkisins* saman sem því nemur. Föst stöðugildi verða 19 í stað 24, en 5 stöðugildi fastráðinna starfsmanna flytjast með rannsóknastöðinni. Nýtt viðfangsefni *skógræktarátak á Fljótsdalshéraði* bætist við í framhaldi af ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 27. júní s.l., um að hrinda í framkvæmd stórátaki í ræktun nytjaskóga á Fljótsdalshéraði. Á árinu 1989 er 12.000 þús. kr. varið til þessa verkefnis. Framlag á árinu 1990 er ákveðið 15.000 þús. kr., þar til nánar verður ákveðið um framkvæmd með hliðsjón af kostnaðar- og framkvæmdaáætlun landbúnaðarráðuneytisins. Á vegum ráðuneytisins er nú unnið að gerð slíkrar áætlunar. Ekki er hér áætlað fyrir framlagi til *Landgræðslusjóðs* eins og var í fjárlögum 1989. Framlag ríkissjóðs færist allt á sérstakan fjárlagalið sjóðsins 04-271. Framlag til stofnkostnaðar, 7.100 þús. kr., skiptist þannig að 4.500 þús. kr. eru til greiðslu afborgana og vaxta af lánum vegna landakaupa og framkvæmda en 2.600 þús. kr. eru til kaupa á vélum og tækjum.

232 Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins

Rannsóknastöð Skógræktarinnar ríkisins færist nú sem sérstakur fjárlagaliður, en var áður færð sem hluti *Skógræktar ríkisins*. Framlag er alls 23.603 þús. kr. Rekstrarfjárveiting til *rannsóknastöðvar á Mógilsá* er 16.503 þús. kr. og 460 þús. kr. er varið til *tilrauna með rótarskóga*. Framlag til viðfangsefnisins *tilraunir með ræktun iðnviðar* er stóraukið frá fjárlögum 1989. Það er nú 6.640 þús. kr. í stað 1.200 þús. kr. og hækkar í framhaldi af samþykkt ríkisstjórnarinnar um að beita sér fyrir því að asparræktun til nytja verði sérstakt þróunarverkefni á sviði skógræktar næstu fjögur til fimm ár.

235 Landgræðsla ríkisins

Framlag til *Landgræðslu ríkisins* er nú 80.340 þús. kr. sem er 21% hækkun frá fjárlögum 1989. Gert er ráð fyrir að *búrekstur* skili 4.185 þús. kr. til landgræðslustarfsins. Til viðhalds fasteigna í Gunnarsholti, girðinga og til skoðunar flugvéla eru ætlaðar 3.900 þús. kr. og stofnkostnaðarframlag til *fræverkunarstöðvar* er 6.600 þús. kr.

243 Sauðfjárveikivarnir

Framlag úr ríkissjóði er 326.923 þús. kr. en var 354.684 á fjárlögum 1989 og lækkar því um tæplega 8%. Lækkunin skýrist af mun minni niðurskurði sauðfjár vegna riðuveiki en verið hefur undanfarin ár. Áætlað er að fargað verði um 10.000 fjár á árinu 1989, en árið 1988 var talan rúmlega 27.000 og árið 1987 um 28.000 fjár. Á árinu 1990 greiðir ríkissjóður förgunarbætur vegna niðurskurðar 1989 og afurðatjónsbætur vegna niðurskurðar á árunum 1987 til 1989. Einnig verða greiddar bætur fyrir svokallaða línubrjóta, vegna verkstjórnar við niðurskurð og urðun á riðuveiku fé, vegna sótthreinsunar og hluta af flutningskostnaði líflamba. Þá er áætlað að verja allt að 6.500 þús. kr. til greiðslu afurðatjónsbóta haustið 1990, vegna niðurskurðar að vetri og vori umfram fyrirliggjandi áætlun. Launa- og rekstrargjöld stofnunarinnar eru 14.083 þús. kr. og framlag til viðhalds varnargirðinga er 9.200 þús. kr.

246 Veiðimálastofnunin

Rekstrarframlag til *Veiðimálastofnunar* var á fjárlögum 1989 í formi tilfærslna til fyrirtækja og atvinnuvega, en færist nú sem launagjöld og önnur rekstrargjöld að frádregnum sértekjum. Heildarfjárveiting nemur 37.007 þús. kr. og er það um 13% hækkun frá fyrra ári. Undanfarin ár hefur stofnunin aukið mjög sértekjur sínar og er áætlað að þær verði 25.350 þús. kr. á árinu 1990. Föst stöðugildi eru 11,8 auk 5,2 stöðugilda lausráðinna starfsmanna, sem eingöngu starfa við öflun sértekna. Stofnkostnaðarframlag til tækjakaupa er 1.500 þús. kr., sem ætlað er til kaupa á örmerkingartæki og leitartækjum fyrir örmerki í fiski. Framlag til *Laxeldisstöðvarinnar í Kollafirði* er 8.320 þús. kr. og er það í samræmi við fyrra samkomulag um að ríkissjóður greiði föst laun fjögurra starfsmanna auk vaxta og afborgana af lánum. Að öðru leyti er ætlast til þess að rekstur stöðvarinnar standi undir sér fjárhagslega.

247 Yfirdýralæknir

Framlag til embættis *yfirdýralæknis* er samtals 53.335 þús kr. og hækkar um 16% frá fjárlögum 1989. 31,5 stöðugildi skiptast þannig á milli einstakra viðfangsefna að auk yfirdýralæknis starfar aðstoðarmaður í hálfu starfi hjá *yfirstjórn*. Skipaðar stöður *héraðsdýralækna* eru 28 og 2 hjá *dýralækni fisksjúkdóma*. Embætti *dýralæknis loðdýra* er fellt niður frá fjárlögum 1989, svo og fjárveiting til *menntunar í fisksjúkdómum*. Til viðhalds dýralæknisbústaða er framlag að upphæð 4.400 þús. kr.

271 Landgræðslusjóður

Framlag til sjóðsins er 3.800 þús. kr. Á fjárlögum 1989 var framlag á þessum fjárlagalið 1.900 þús. kr. og jafnhátt framlag var veitt til sjóðsins undir fjárlagalið *Skógræktar ríkisins*. Eðlilegt þykir að sameina framlög ríkissjóðs undir einum fjárlagalið og er svo gert hér.

287 Stofnlánadeild landbúnaðarins

Framlag úr ríkissjóði, 48.360 þús. kr., er ætlað til að greiða 37,5% hluta *Stofnlánadeildar* af lífeyrisgreiðslum til bænda samkvæmt 19. gr. laga nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda. Ekki er lagaheimild til að greiða þetta framlag úr ríkissjóði á árinu 1990. Nauðsynlegt er að framlengingarákvæði laga nr. 20/1985 verði breytt til þess að ofangreinda fjárveitingu megi greiða úr ríkissjóði.

288 Jarðræktar- og búfjárræktarlög, framlög

Á vordögum 1989 voru samþykkt ný búfjárræktarlög á Alþingi og lög um breytingar á jarðræktarlögum nr. 56/1987. Í þessum lögum felast veigamiklar breytingar frá fyrri löggjöf. Við fjárlagagerð fyrir árið 1990 hefur verið ákveðið að sameina framlög samkvæmt jarðræktar- og búfjárræktarlögum undir einn fjárlagalið, en þau hafa áður verið aðskilin. Framlag til rekstarviðfangsefnisins *búfjárrækt* er 19.800 þús. kr. Þessi fjárhæð er ætluð til að greiða 65% hluta ríkissjóðs af launum forstöðumanna ræktunarstöðva, aðstoðarmanna þeirra og frjótækna. Hluti ríkissjóðs af launum héraðsráðunauta, 24.651 þús. kr., færist á viðfangsefnið *ráðunautar*. Önnur lögbundin framlög falla undir viðfangsefnið *jarðræktar- og búfjárræktarframlög*. Fjárveiting er 110.000 þús. kr. og er til ráðstöfunar á árinu 1990 til greiðslu á skuldum ríkissjóðs frá fyrri árum auk nýframkvæmda á árinu. Ógreiddar skuldbindingar ríkissjóðs vegna búfjárræktar á árunum 1987 til 1989 eru nú áætlaðar um 125.000 þús. kr. og eftirstöðvar vegna jarðræktarframkvæmda á árunum 1988 og 1989 um 308.000 þús. kr. Áformað er að greiða þessar skuldbindingar ríkissjóðs upp á nokkrum árum. Framangreind fjárhæð er ætluð til að greiða af þessari skuld, svo og þær nýframkvæmdir sem samþykktar verða að komi til greiðslu á árinu. Miðað er við að ekki verði teknar upp skuldbindingar fyrir hönd ríkissjóðs umfram það sem fjárveiting hvers árs leyfir.

289 Endurgreiðsla gjalda í landbúnaði

Á fjárlögum 1989 skiptist endurgreiðsla gjalda á tvö viðfangsefni, annars vegar *endurgreiðslu kjarnfóðurgjalds* og hins vegar *endurgreiðslu söluskatts í fiskeldi og loðdýrarækt*. Ekki er áætlað fyrir endurgreiðslu söluskatts á árinu 1990, þar sem virðisaukaskattur verður tekinn upp í hans stað.

290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir

Með lögum nr. 29/1987, um breytingu á lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, var ákveðið að á árunum 1987 til 1992 skuli varið úr ríkissjóði fé í þágu landbúnaðarins, sem svari til allt að 9% af heildarverðmæti landbúnaðarafurða á hverju ári. Allt að 5% skuli varið til greiðslu *útflutningsbóta* og 4% til *Framleiðnisjóðs landbúnaðarins*. Áætlað heildarverðmæti landbúnaðarafurða á verðlagsárinu 1989/1990 samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Íslands er um 15.346.000 þús. kr. Lögbundin framlög eru því allt að 767.000 þús. kr. til greiðslu *útflutningsbóta* og 614.000 þús. kr. til *Framleiðnisjóðs landbúnaðarins*. Það er um 25% hækkun frá fjárlögum 1989. Fjárveiting til *útflutningsbóta* er notuð til að greiða bændum umsamdar bætur fyrir ónotaðan fullvirðisrétt og fyrir leigu fullvirðisréttar til lengri tíma, auk beinnar niðurgreiðslu á útflutningi mjólkurafurða og kindakjöts. Á næsta ári kemur einnig til greiðslu afborgunar af 550.000 þús. kr. láni sem Framleiðsluráð landbúnaðarins tók á árinu 1988 til greiðslu útflutningsbóta. Á þeim tíma var útlit fyrir að svigrúm gæfist á árunum 1990 og 1991 til þess að endurgreiða þetta lán samhliða minnkandi framleiðslu á kindakjöti umfram þarfir innanlandsmarkaðar. Síðar komu í ljós þau áhrif sem úthlutun á fullvirðisrétti umfram búvörusamning hafa á aukna þörf fyrir útflutningsbætur umfram fyrri áætlanir. Áætlað svigrúm til endurgreiðslu lánsins á árunum 1990 og 1991 er því ekki fyrir hendi. Áætlun um ráðstöfun *útflutningsbóta* á árinu 1990 miðast því við að samið verði um að dreifa endurgreiðslu lánsins á fleiri ár. Í stað afborgunar að upphæð 370.000 þús. kr., eins og ráðgert hafði verið, er ein-

ungis svigrúm til þess að greiða 140.300 þús. kr. afborgun. Ráðgert er að ráðstöfun á framlagi til *útflutningsbóta* á árinu 1990 verði sem hér segir:

Áætluð ráðstöfun útflutningsbóta á árinu 1990

Útflutningur á mjólkurvörum 2,4 milljón lítrar @ 50 kr./lítra		120.000
Útflutningur á kindakjöti, 1.100 tonn @ 380 kr./kg		418.000
Greiðslur fyrir ónotaðan fullvirðisrétt, 730 tonn @ 121 kr./kg x 2/3		59.000
Leigugreiðslur fyrir ónotaðan fullvirðisrétt		30.000
Afborgun af láni frá árinu 1988		140.300
	Samtals	767.300

Landbúnaðarráðherra og Stéttarsamband bænda hafa skrifað undir nýjan viðauka við búvörusamning þann, sem gildir fram til 1992. Í þessum viðauka fallast bændur á 1,8% skerðingu fullvirðisréttar til framleiðslu sauðfjárafurða, ásamt því að ríkissjóður greiði einungis tvo þriðju hluta áður umsaminnar greiðslu fyrir ónotaðan fullvirðisrétt. Þá var einnig samið um frestun á hækkun launaliðar til bænda, sem átti að taka gildi hinn 1. september s.l. Stjórnvöld munu hins vegar beita sér fyrir því að draga úr birgðum kindakjöts sem nemur samdrætti í framleiðslu. Samkvæmt því skulu birgðir minnka um allt að 600 tonn fyrir lok verðlagsársins. Þá munu birgðir kindakjöts í landinu verða um 1.540 tonn við upphaf sláturtíðar 1990. Ætlunin er að *Framleiðnisjóður landbúnaðarins* noti hluta ríkisframlags á næsta ári til að efla markaðsstarf innanlands, sem fellur undir verkefni sjóðsins sbr. 37. gr. laga nr. 46/1985 og reglugerð nr. 406/1986. Á yfirstandandi ári hefur með markaðsátaki á vegum markaðsnefndar landbúnaðarafurða tekist að auka sölu á kindakjöti um a.m.k. 500 tonn frá því sem reiknað hafði verið með. Áformað er að halda áfram á sömu braut, með söluherferð sem byggist á árstíðabundnu tilboði á kindakjöti. Reiknað er með að *Framleiðnisjóður* styrki þetta markaðsstarf á næsta ári og með stuðningi sjóðsins megi tryggja a.m.k. sölu þeirra 600 tonna sem þarf til að ríkissjóður standi við sinn hluta samningsins við bændasamtökin.

501 Bændaskólinn á Hvanneyri

Heildarframlag til skólans nemur 62.270 þús. kr. en var 67.803 þús. kr. á fjárlögum 1988. Lækkun á framlagi ræðst af minni fjárveitingu til viðhalds og stofnkostnaðar, en rekstrarframlag hækkar um 5% milli ára og verður 53.870 þús. kr. Fjárveiting til viðhalds fasteigna er 2.500 þús. kr. og 5.900 þús. kr. til stofnkostnaðar.

502 Bændaskólinn á Hólum

Fjárveiting til skólans er nú 53.187 þús. kr. en var 49.615 þús. kr. á fjárlögum 1989 og hækkar því um 7% á milli ára. Rekstrargjöld skólans eru áætluð 57.667 þús. kr. og miðast við sem næst óbreytt umfang á starfsemi skólans frá áætlun gildandi fjárlaga. Haldið er áfram að vinna að viðhaldi mannvirkja skólans og framlag til þess er 4.500 þús. kr. Fjárveiting til stofnkostnaðar, 3.000 þús. kr., er ætluð til áframhaldandi framkvæmda við hesthúsbyggingu.

503 Garðyrkjuskóli ríkisins

Framlag til skólans er alls 42.360 þús. kr. og er það 12% hækkun frá fjárlögum. Rekstrargjöld hækka um tæplega 15% og verða 36.670 þús. kr. Fjárveiting til viðhalds mannvirkja skólans er nú 3.500 þús. kr. Stofnkostnaðarframlag skiptist þannig að 4.000 þús. kr. er varið til nýframkvæmda og 600 þús. kr. til tækjakaupa.

998 Ráðstöfunarfé

Liður þessi er nýr og er ætlaður til að mæta óvæntum útgjöldum sem leyst hafa verið með aukafjárveitingum. Framlag er 3.000 þús. kr. Um frekari skýringar vísast til umfjöllunar í kafla 4.1 hér að framan.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld til málefnaflokka sjávarútvegsráðuneytis breytast milli ára sem hér greinir:

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Ráðuneyti	50.562	65.704	15.142	30
Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	590.711	688.105	97.394	16
Annað	987.248	65.243	-922.005	-93
Samtals	1.628.521	819.052	-809.469	-100

Fjárlagaliðum sjávarútvegsráðuneytisins er skipað í málaflokka á eftirfarandi hátt:

Ráðuneyti:

101 Aðalskrifstofa.

Rannsókna- og eftirlitsstofnanir:

201 Fiskifélag Íslands; 202 Hafrannsóknastofnun; 203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins; 216 Ríkismat sjávarafurða; 290 Veiðieftirlit; 901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.

Annað:

221 Verðlagsráð sjávarútvegsins; 299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi; 998 Ráðstöfunarfé.

Hækkun útgjalda málefnaflokksins *Ráðuneyti* er skýrð nánar í umfjöllun um aðalskrifstofu ráðuneytisins.

Samanlagt fela framlög til *Rannsókna- og eftirlitsstofnana* ekki í sér umtalsverða breytingu að raungildi frá fjárlögum 1989. Skipting á einstakar stofnanir tekur þó miklum breytingum. Fjárveiting til Hafrannsóknastofnunar er um 66% af heildarframlagi til málefnaflokksins og hækkar um 34% frá gildandi fjárlögum. Ekki er áætlað fyrir framlagi úr ríkissjóði til reksturs veiðieftirlits, en fjárveitingar til annarra stofnana innan þessa málefnaflokks hækka á bilinu 7% til 17% frá fjárlögum 1989.

Eins og sjá má af ofangreindri töflu lækkar framlag ríkissjóðs til málefnaflokksins *Ýmis starfsemi* um rúmlega 922.000 þús. kr. frá fjárlögum 1989. Það verður til þess að

heildarframlag til stofnana sjávarútvegsráðuneytisins lækkar um rúmlega helming milli ára. Ástæðan felst í því að vegna upptöku virðisaukaskatts er ekki áætlað fyrir endurgreiðslu söluskatts í sjávarútvegi á árinu 1990. Á fjárlögum 1989 er framlag til endurgreiðslu söluskatts 937.000 þús. kr.

Engir markaðir tekjustofnar renna til verkefna á sviði sjávarútvegsráðuneytisins. Verður hér á eftir gerð grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á breytingum á framlögum til málefnaflokka ráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting til *aðalskrifstofu* sjávarútvegsráðuneytis hækkar úr 50.562 þús. kr. í fjárlögum 1989 í 65.704 þús. kr. eða um 30% Heimiluð stöðugildi verða 18 en voru 16 á fjárlögum 1989. Fjölgun er vegna flutnings á einum starfsmanni til *aðalskrifstofu* frá *Fiskifélagi Íslands* og vegna nýs starfs fiskimálafulltrúa sem starfa mun að málefnum EFTA og EB. Launagjöld hækka um 31% og verða 36.504 þús. kr. og önnur rekstrargjöld verða 25.750 þús. kr. sem jafngildir 29% hækkun milli ára. Stofnkostnaðarfjárveiting að upphæð 2.500 þús. kr. er ætluð til húsgagnakaupa.

201 Fiskifélag Íslands

Framlag til *Fiskifélags Íslands* verður 42.620 þús. kr. á árinu 1990 og er það 11% hækkun frá fjárlögum 1989. Eitt stöðugildi deildarstjóra færist til *aðalskrifstofu*, en að öðru leyti miðast fjárveitingin við sem næst óbreytta starfsemi frá áætlun fjárlaga, m.a. er áætlað fyrir þeirri aukningu sem Alþingi veitti stofnuninni við afgreiðslu fjárlaga 1989.

202 Hafrannsóknastofnun

Fjárveiting til *Hafrannsóknastofnunar* hækkar úr 340.440 þús. kr. á árinu 1989 í 455.747 þús. kr. eða um 34%. Launagjöld stofnunarinnar hækka um 20% milli ára og verða 215.917 þús. kr. Starfsmannahald miðast við óbreytt umfang frá gildandi fjárlögum. Föst stöðugildi eru 56. Auk þeirra eru 33 stöðugildi ætluð áhöfnum skipa og áætlað er fyrir 12,2 stöðugildum starfsmanna til að sinna sérstökum verkefnum. Önnur rekstrargjöld hækka um 15% frá fjárlögum 1989 og verða 172.720 þús. kr. Litlar breytingar eru áætlaðar á starfsemi stofnunarinnar frá gildandi fjárlögum. Sértekjur dragast þó verulega saman þar sem hvorki er gert ráð fyrir leigutekjum af r/s Hafþóri né sértekjum vegna hvalarannsókna. Af þessum ástæðum dragast sértekjur saman um 37.070 þús. kr. frá áætlun fjárlaga 1989 og er því tekjutapi mætt með auknu framlagi úr ríkissjóði. Gert er ráð fyrir 200 daga úthaldi á hverju skipa stofnunarinnar og er það óbreytt frá fjárlögum. Undir viðfangsefninu *annar skiparekstur* kemur fram kostnaður við togaraverkefnið svokallaða. Til viðhalds eru nú veittar 33.400 þús. kr. sem er 30% hækkun frá fjárlögum. Framlag til stofnkostnaðar hækkar um tæplega 35% og verður 48.400 þús. kr. Stofnkostnaður skiptist þannig að 10.000 þús. kr. er varið til kaupa á tækjum og búnaði fyrir einstakar deildir og útibú en 38.400 þús. kr. til endurbóta á skipum stofnunarinnar. Eftirfarandi yfirlit sýnir samanburð á fjárlögum 1989 og frumvarpi fyrir árið 1990.

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Yfirstjórn og rannsóknir				
Yfirstjórn	39.323	47.630	8.307	21
Rannsóknasvið	75.290	86.005	10.715	14
Raftæknideild	6.947	7.936	989	14
Tímabundin verkefni	15.073	16.967	1.894	13
Útibú samtals	12.141	15.272	3.131	26
Samtals	148.774	173.810	25.036	17
Sérstök verkefni				
Hvalarannsóknir	25.600	18.550	-7.050	-28
Lúðueldi á Reykjanesi	8.180	12.670	4.490	55
Alþjóðleg samstarfsverkefni	4.950	6.080	1.130	23
Aflaskýrslur	1.150	1.420	270	23
Samtals	39.880	38.720	-1.160	-3
Útgerð				
Bjarni Sæmundsson	43.148	52.218	9.070	21
Árni Friðriksson	36.332	45.353	9.021	25
Dröfn	21.276	28.034	6.758	32
Veiðarfærakostnaður	13.650	16.662	3.012	22
Annar skiparekstur	27.540	33.840	6.300	23
Samtals	141.946	176.107	34.161	19
Annað				
Viðhald	25.700	33.400	7.700	30
Stofnkostnaður	35.900	48.400	12.500	35
Samtals	61.600	81.800	20.200	33
Samtals útgjöld	392.200	470.437	78.237	20
Sértekjur til frádráttar	-51.760	-14.690	-37.070	-72
Samtals	340.440	455.747	115.307	34

203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

Framlag úr ríkissjóði til reksturs *Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins* var á fjárlögum 1989 í formi tilfærslna til fyrirtækja og atvinnuvega. Ákveðið hefur verið að hverfa aftur til fyrra forms á fjárlögum 1990 og hafa rekstrarframlag í formi launagjalda og annarra rekstrargjalda, að frádregnum sértekjum. Heildarfjárveiting er 72.369 þús. kr. og er það um 7% hækkun frá gildandi fjárlögum. Framlagið miðast við svipað umfang á starfsemi stofnunarinnar og verið hefur. Stöðugildi verða alls 40 eins og í áætlun fjárlaga 1989. Til tækjakaupa er framlag að upphæð 13.100 þús. kr.

290 Veiðieftirlit

Verkefni *veiðieftirlitsins* hafa stóraukist á undanförnum árum með tilkomu aukinna takmarkana á veiðiheimildum fiskiskipa. Nauðsynlegt þykir að efla starf eftirlitsins enn frekar en gert hefur verið á undanförnum árum og miðast áætlun þessa frumvarps við að svo verði gert. Starfsmönnum fjölgar sem nemur fjórum nýjum stöðugildum veiðieftirlitsmanna og heimiluð stöðugildi verða alls 21. Einnig er ráðgert að auka samstarf *veiðieftirlits* og *Landhelgisgæslu*, m.a. með því að nota þyrlu gæslunnar við að flytja veiðieftirlitsmenn um borð í fiskiskip á miðunum. Til þessa verkefnis er áætlað að verja 3.300 þús. kr. í stað 2.000 þús. kr. á fjárlögum 1989. Launagjöld eru alls áætluð 39.200 þús. kr. og önnur rekstrargjöld 17.800 þús. kr. Heildarkostnaður við rekstur *veiðieftirlitsins* mun aukast um 45% á milli ára og verður 57.000 þús. kr. Sú grundvallarbreyting er áformuð að framvegis verði rekstur stofnunarinnar borinn uppi af gjaldi sem tekið verði fyrir úthlutun á veiðiheimildum. Er gert ráð fyrir að tekjur af útgáfu veiðiheimilda færist sem sértekjur *veiðieftirlitsins*. Ekki er því áætlað fyrir beinu framlagi úr ríkissjóði en gert ráð fyrir að allur rekstrarkostnaður greiðist með sértekjum.

299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi

Undir þennan lið færast þrjú viðfangsefni. Framlag til *sjóvinnukennslu, sjóvinnu- og rannsóknabátur*, 6.150 þús. kr., er áætlaður rekstrarstyrkur til útgerðar sjóvinnu- og rannsóknabátsins Mímis. Á fjárlögum 1989 er 5.000 þús. kr. varið til þessa verkefnis, sem hækkar því um 23% á milli ára. Fjárveiting til viðfangsefnisins *stjórn fiskveiða* hækkar um 17% frá fjárlögum 1989 og verður 9.329 þús. kr. Það er áætlaður kostnaður við starf nefndar sem vinnur að nýju frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða, ásamt framlagi til viðhalds og áframhaldandi þróunar tölvuhugbúnaðar, sem notaður er við stjórn fiskveiða. Viðfangsefnið *gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir í sjávarútvegi* kemur í stað tveggja viðfangsefna í fjárlögum 1989; *05-298-1.01 Fiskleit, markaðsöflun og tilraunir í útgerð og fiskvinnslu* og *05-299-1.32 Námskeið fyrir fiskvinnslufólk*. Framlag er 41.068 þús. kr. og hækkar um 28% frá fjárlögum 1989. Framlagið hækkar svo mikið vegna gæðaátaks sem fyrirhugað er að hrinda í framkvæmd á árinu 1990. Einn fastráðinn starfsmaður skal sinna námskeiðahaldi og endurmenntun fiskvinnslufólks, en að öðru leyti er framlag óskipt til þeirra verkefna sem tilgreind eru.

901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna

Framlag er 55.162 þús. kr. og hækkar um 17% frá fjárlögum 1989. Stöðuheimildir eru 17 í stað 16,4 í gildandi fjárlögum. Aukningin er vegna breytingar á hlutastöðu starfsmanns hjá *yfirstjórn*, sem ráðinn verður í fullt starf við innheimtu sértekna. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir aukinni starfsemi hjá stofnuninni á árinu 1990. Framlag til viðhalds húseigna að Keldnaholti er 4.400 þús. kr.

998 Ráðstöfunarfé

Liður þessi er nýr og er ætlaður til að mæta óvæntum útgjöldum sem leyst hafa verið með aukafjárveitingum. Framlag er 3.000 þús. kr. Um frekari skýringar vísast til umfjöllunar í kafla 4.1 hér að framan.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Útgjöld til málefnaflokka dómsmálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Ráðuneyti o.fl.	71.834	82.472	10.638	15
Dómsmálastofnanir	303.461	353.763	50.302	17
Löggæslustofnanir	819.949	1.015.154	195.205	24
Sýslumenn og bæjarfógetar	1.256.498	1.561.633	305.135	24
Fangelsismál	221.342	255.223	33.881	15
Landhelgisgæsla o.fl.	472.370	559.431	87.061	18
Kirkjumál	313.604	376.470	62.866	20
Samtals	3.459.058	4.204.146	745.088	22

Fjárlagaliðum dóms- og kirkjumálaráðuneytis er skipað í málefnaflokka á eftirfarandi hátt:
Ráðuneyti o.fl.:

101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa; 102 Stjórnartíðindi.

Dómsmálastofnanir:

201 Hæstiréttur; 202 Ríkissaksóknari; 203 Borgardómarinn í Reykjavík; 204 Borgarfógetinn í Reykjavík; 205 Sakadómur Reykjavíkur; 238 Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum; 281 Dómsmál, ýmis starfsemi.

Löggæslustofnanir:

206 Lögreglustjórinn í Reykjavík; 208 Rannsóknarlögregla ríkisins; 209 Lögregluskóli ríkisins; 282 Ýmis löggæslukostnaður.

Sýslumenn og bæjarfógetar:

210 Héraðsdómstólar; 211-237 Sýslumenn og bæjarfógetar.

Fangelsismál:

239 Fangelsismálastofnun; 240-243 Fangelsi; 283 Fangamál, ýmis kostnaður.

Landhelgisgæsla o.fl.:

251 Landhelgisgæsla; 252 Ökukennsla; 253 Almannavarnir; 255 Umferðarráð; 262 Löggildingarstofan; 284 Áfengis- og fíkniefnamál; 998 Ráðstöfunarfé.

Kirkjumál:

301 Biskup Íslands; 302 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar; 303 Prestaköll og prófastsdæmi; 304 Ýmis kirkjuleg málefni, 371 Kirkjubyggingasjóður; 373 Kristnisjóður.

Ekki er um teljandi breytingar að ræða á málefnaflokknum *Ráðuneyti o.fl.*

Útgjöld málefnaflokksins *Dómsmálastofnanir* hækka um 3% umfram verðlag og veldur þar mestu um aukið álag vegna fjölgunar mála í dómskerfinu. Eðlilegt þykir að þær dómsmálastofnanir sem ekki eru þegar í greiðsluþjónustu fjármálaráðuneytisins hugi að notkun hennar á næsta ári.

Heildarframlag til *Löggæslustofnana* ráðuneytisins hækkar um 24% og verður 1.015.154 þús. kr. Hækkun útgjaldanna umfram almennt verðlag má nær alla rekja til Lögreglustjórans í Reykjavík svo sem nánar verður rakið í umfjöllun um þá stofnun.

Málefnaflokkurinn *Sýslumenn og bæjarfógetar* hækkar um 24% eða nokkuð umfram það sem verðlagshækkanir gefa tilefni til og verða heildarútgjöld til hans 1.561.633 þús. kr. samkvæmt frumvarpinu. Hækkun þessi á sér margvíslegar skýringar sem greint er frá í nánari umfjöllun um málefnaflokkinn. Helst ber þó að nefna hækkun launakostnaðar vegna aukins álags í dómskerfinu og aukin verkefni, svo sem yfirtaka sjúkrasamlaga og tollgæslu.

Framlög til *Fangelsismála* hækka um 3% umfram verðlag og má rekja mestan hluta hækkunarinnar til fjölgunar fanga.

Málefnaflokkurinn *Landhelgisgæsla o.fl.* hækkar nokkurn veginn í samræmi við verðlag eða um 18%. Nánari umfjöllun er að finna í greinargerð um einstakar stofnanir.

Útgjöld til *Kirkjumála* hækka um 9% umfram almenna verðlagsþróun og er þar fyrst og fremst um að ræða hækkanir samkvæmt kjarasamningum á launum presta og starfstengdum kostnaði sem þeim er greiddur. Einnig hefur komið í ljós að ýmsir þættir voru vanáætlaðir í fjárlögum 1989.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir helstu breytingum á framlögum til málefnaflokka og einstakra stofnana og viðfangsefna.

101 Aðalskrifstofa

Framlag ríkissjóðs verður 74.226 þús. kr. sem er 17% hækkun frá gildandi fjárlögum. Ekki er um að ræða efnislegar breytingar frá fyrra ári og eru föst stöðugildi því enn 21,63 og tímabundnar stöður verða áfram tvær og hálf. Jafnframt er enn áætlað fyrir sérstökum launakostnaði vegna samningar frumvarpa í tengslum við ný lög um aðskilnað framkvæmdavalds og dómsvalds í héraði.

201 Hæstiréttur

Gert er ráð fyrir auknum sértekjum af *útgáfu Hæstaréttardóma* svo og hagræðingu hvað varðar útgáfukostnað en sértekjurnar eru nú færðar undir það viðfangsefni í stað *yfirstjórnar*. Því lækkar framlag til útgáfukostnaðar að raunvirði frá fjárlögum 1989. Að öðru leyti er um óbreyttar forsendur að ræða í rekstri stofnunarinnar. Til viðhalds fasteignar eru veittar 600 þús. kr. líkt og á líðandi ári og til kaupa á tækjum og búnaði eru veittar 500 þús. kr.

202 Ríkissaksóknari

Heildarframlag til stofnunarinnar verður 36.956 þús. kr. og er það nokkur hækkun umfram verðlag sem kemur til vegna sérstakrar athugunar á málum er varða skatta- og efnahagsbrot. Á yfirstandandi ári og því síðasta hefur meðal rekstrargjalda verið áætlað sérstaklega fyrir launagjöldum vegna *tölvuvæðingar sakaskrár*. Þetta er nú fært undir sérstakt stofnkostnaðarviðfangsefni til aðgreiningar frá reglubundnum rekstrarkostnaði og eru veittar til þess 1.000 þús. kr.

203 Borgardómarinn í Reykjavík

Fjárveiting til rekstrar embættisins hækkar um 10.609 þús. kr. frá gildandi fjárlögum og verður 58.988 þús. kr. Hækkun umfram verðlag stafar af auknum launakostnaði sem rekja má til launahækkunar dómara og aukins álags í kjölfar mikillar fjölgunar mála. Vegna þessa hefur yfirvinnukostnaður aukist mikið en auk þess er nú tímabundið bætt við stöðu dómarafulltrúa. Ráðninganefnd ríkisins hefur nýverið heimilað fjölgun á föstum stöðugildum um tvö en þau voru áður til ráðstöfunar í tímabundin verkefni. Alls hefur þá embættið 25 föst stöðugildi en eitt tímabundið með sérstakri fjárveitingu

á næsta ári. Stofnkostnaðarframlag til kaupa á tölvubúnaði og endurnýjunar húsgagna verður 1.400 þús. kr.

204 Borgarfógetinn í Reykjavík

Rekstrarframlag til embættis borgarfógeta hækkar nokkuð umfram eðlilegar verðlagshækkanir miðað við gildandi fjárlög og er aðalástæðan sú sama og hjá embætti borgardómara og margra fleiri dómsmálastofnana. Framlagið verður 81.346 þús. kr. en þar af eru launagjöld 58.236 þús. kr. sem er raunhækkun um 9%. Meirihluta þeirrar hækkunar má rekja til aukins yfirvinnukostnaðar en auk þess er bætt við einni stöðu lögfræðings tímabundið til að mæta hinu mikla álagi sem hvílir á embættinu. Fastar stöðuheimildir eru sem fyrr 31 en verkefnabundnar heimildir með sérstakri fjárveitingu teljast samkvæmt frumvarpinu vera sjö. Á næsta ári verða veittar 2.100 þús. kr. til kaupa á tækjum og búnaði. Fjárveitingin er miðuð við að 1.500 þús. kr. verði notaðar til tölvuvæðingar skiptaréttar og 600 þús. kr. til kaupa á skrifstofubúnaði.

205 Sakadómur Reykjavíkur

Heildarframlag til stofnunarinnar verður 53.783 þús. kr. á næsta ári eða sem næst óbreytt að raunvirði samanborið við fjárlög 1989. Launagjöld eru sem fyrr miðuð við 27,5 stöðuheimildir stofnunarinnar og hækka þau um 13% milli ára. Gert er ráð fyrir áframhaldandi *tölvuvæðingu málaskrár* og til þess eru veittar 1.000 þús. kr.

206 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Heildarframlag til embættis lögreglustjórans í Reykjavík skiptist á viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Rekstur	**598.206**	**721.950**	**123.744**	**21**
Yfirstjórn	41.039	47.685	6.646	16
Sími og fjarskipti	60.60	8.270	2.210	36
Almenn löggæsla	498.911	563.303	64.392	13
Eftirlit á vegum	5.100	3.460	-1.640	-32
Fangaklefar	12.677	15.750	3.073	24
Eftirlit með vínveitingahúsum	-	-	-	.
Útlendingaeftirlit	11.273	13.621	2.348	21
Mötuneyti	3.291	3.480	189	6
Aðallögreglustöð	19.855	23.062	3.207	16
Rekstur ökutækja	-	43.319	43.319	.
Viðhald og stofnkostnaður	**35.200**	**50.000**	**14.800**	**42**
Aðallögreglustöð, viðhald	13.500	16.200	2.700	20
Tæki og búnaður	2.900	-	-2.900	.
Sími og fjarskipti	4.100	-	-4.100	.
Aðallögreglustöð, stofnkostnaður	3.000	-	-3.000	.
Endurnýjun ökutækja	11.700	19.500	7.800	67
Breyting á verkstæði	-	14.300	14.300	.
Heildarframlag	**633.406**	**771.950**	**138.544**	**22**

Eins og sést á yfirlitinu hækkar framlag til embættisins um 138.544 þús. kr. frá gildandi fjárlögum og þar af er hækkun á rekstrarframlagi 123.774 þús. kr. sem er 5% hækkun að raunvirði. Stærstur hluti raunhækkunarinnar skýrist af hærri útgjöldum vegna *almennrar löggæslu* en gert er ráð fyrir í gildandi fjárlögum. Þessi hækkun sést ekki í yfirlitinu hér á undan nema hafa *rekstur ökutækja* með í samanburðinum því að kostnaður vegna þeirra var áður færður undir *almenna löggæslu* en er nú bókaður á sérstakt viðfangsefni til aðgreiningar frá öðrum kostnaði. Þegar tekið er tillit til þessa er hækkun framlags til *almennrar löggæslu* u.þ.b. 45.000 þús. kr. eða um 8% að raunvirði miðað við fjárlög 1989. Hækkunin er mestöll á launalið en önnur rekstrargjöld hækka einnig lítillega umfram áætlaðar sértekjur. Hækkun launaliðar umfram verðlag er af tvennum toga. Annars vegar aukast yfirvinnu- og álagsgreiðslur auk þess sem áætlað er fyrir aukinni afleysingu miðað við fjárlög 1989. Hins vegar er embættinu veitt tímabundin heimild til að ráða í sex ný störf. Í gildandi fjárlögum er gert ráð fyrir 220.000 yfirvinnustundum og verður áfram miðað við það magn að viðbættum 5.000 stundum vegna viðbótarstarfanna en afleysing er nú miðuð við 24 mannár. Undir *rekstri ökutækja* er gert ráð fyrir launum sjö starfsmanna sem teljast vera í verkefnabundnum stöðum en fastar stöðuheimildir við *almenna löggæslu* eru nú 244 talsins. Þar af hefur ráðninganefnd ríkisins nýlega staðfest sjö nýjar stöður sem fastar, er áður voru til ráðstöfunar samkvæmt sérstakri fjárveitingu. Að öðru leyti eru stöðumál embættisins óbreytt nema hvað framsetningu er breytt, þannig að fjögur störf við kaffiumsjón eru ekki lengur talin til stöðuígilda en áætlað er áfram fyrir launagjöldum vegna þeirra. Sem fyrr er gert ráð fyrir að kostnaður við *eftirlit með vínveitingahúsum* sé greiddur með sértekjum en til samræmis við raunverulegt fyrirkomulag eru tvö föst stöðugildi færð af viðfangsefninu, annað til *yfirstjórnar* sem telst þá hafa 23 föst stöðugildi og hitt til *útlendingaeftirlits* sem hefur þá fimm fastar stöður. Alls hefur embætti lögreglustjórans í Reykjavík 283 föst stöðugildi og 11,5 samkvæmt tímabundinni fjárveitingu á næsta ári. Gert er ráð fyrir að dregið verði úr kostnaði vegna *eftirlits á vegum* og af þeim sökum lækkar fjárveiting til þess um 1.640 þús. kr. frá gildandi fjárlögum. Áætlaður kostnaður vegna *fangaklefa* hækkar um 10% umfram verðlag þar sem tekið er tillit til reikningstalna síðustu tveggja ára. Framlag til *mötuneytis* hækkar um 189 þús. kr. og er þá miðað við að ríkissjóður beri launakostnað líkt og í öðrum mötuneytum ríkisstarfsmanna en starfsmenn greiði hráefnisverðið. Framlag til *viðhalds lögreglustöðvar* er til viðgerðar á veggjum, gluggum og þaki lögreglustöðvar í samræmi við kostnaðaráætlun þar um. Veittar eru 14.300 þús. kr. til *breytinga á verkstæði.* Áformað er að hverfa frá núverandi verkstæðisformi, bjóða út allar stærri viðgerðir en starfrækja þjónustustöð fyrir smáviðgerðir og hreinsun. Vegna þessa er nauðsynlegt að breyta verkstæðishúsinu við Síðumúla og er áðurnefnt framlag til að ljúka því verki. Miðað er við að þegar breytingin er afstaðin verði starfsmenn verkstæðisins þrír en í fjárveitingu fyrir næsta ár er áfram gert ráð fyrir þeim sjö starfsmönnum sem á verkstæðinu hafa starfað. Gert er ráð fyrir að ráðstafað verði 24.700 þús. kr. til *endurnýjunar ökutækja* en seld verði ökutæki fyrir 5.200 þús. kr. Á síðasta ári var gerð sérstök úttekt á bifreiðamálum embættisins og lagðar fram tillögur um úrbætur. Niðurstaðan varð m.a. áðurgreind breyting á rekstrarfyrirkomulagi en jafnframt er talið hagræði að því að yngja upp bifreiðaflotann vegna bágborins ástands og mikils viðhaldskostnaðar.

08 Rannsóknarlögregla ríkisins

Rekstrarframlag til stofnunarinnar hækkar um 19.203 þús. kr. og verður 138.244 þús.

kr. Reiknað er með óbreyttu umfangi í starfsmannahaldi eða 51 stöðugildi á föstum launum og ígildi 2,5 stöðugilda matráðskvenna og næturvarðar. Áætluð yfirvinna er miðuð við 42.000-43.000 yfirvinnustundir sem er svipað því sem verið hefur undanfarin ár. Hækkun launagjalda er því í takt við almenna hækkun launa en önnur gjöld hækka nokkuð umfram verðlag miðað við fjárlög yfirstandandi árs, m.a. vegna aukinnar áherslu á náms- og kynnisferðir rannsóknarlögreglumanna til erlendra ríkja. Til *viðhalds húseignar* eru veittar 3.200 þús. kr. og stofnkostnaðarframlag til kaupa á *tækjum og búnaði* verður 6.500 þús. kr. Miðað er við að endurnýjaðar verði allt að þrjár bifreiðar og keyptur ýmis skrifstofubúnaður.

209 Lögregluskóli ríkisins

Næsta ár verður annað heila fjárlagaárið sem Lögregluskóli ríkisins starfar sem sjálfstæð stofnun en hann var áður hluti af embætti lögreglustjórans í Reykjavík. Undir þennan fjárlagalið er einnig færður *námskostnaður* sem samanstendur af launum, dagpeningum og ferðakostnaði nemenda skólans. Stefnt verður að því að draga úr þessum kostnaði á næsta ári en vegna fjölgunar nemenda hækkar fjárveiting til *námskostnaðar* um því sem næst 60% að raunvirði frá gildandi fjárlögum. *Rekstrarkostnaður* skólans hækkar að raunvirði um 21% miðað við fjárlög líðandi árs og verður 19.339 þús. kr. Miðað er við að sex fastir kennarar skólans vinni 1.800 yfirvinnustundir og að til ráðstöfunar í stundakennslu verði 1.695 þús. kr. Að gefnum þessum forsendum hækka launagjöld að raunvirði um 18% borið saman við gildandi fjárlög og verða 12.599 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 2.440 þús. kr. frá fjárlögum líðandi árs og verða 6.740 þús. kr. og er þá áætlað ríflega fyrir föstum rekstrarkostnaði. Húsnæðismál skólans hafa ekki verið leyst til frambúðar og gæti þurft að breyta fjárveitingu til skólans í samræmi við ákvarðanir þar um. Til kaupa á ýmsum *tækjum og búnaði* eru veittar 1.500 þús. kr.

210 Héraðsdómstólar

Hér er um að ræða nýjan fjárlagalið sem stofnað er til vegna laga er samþykkt voru á síðastliðnu vori um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Lögin taka gildi 1. júlí 1992 og samkvæmt þeim er gert ráð fyrir að stofnaðir verði dómstólar á eftirtöldum stöðum: Borgarnesi, Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi og Hafnarfirði. Í Reykjavík verður sú breyting að sameinaðir verða í einn dómstól embætti borgardómara, Sakadómur Reykjavíkur, dómstóll í ávana- og fíkniefnamálum og hluti af verkefnum er heyrt hafa undir borgarfógetaembætti. Með því að láta lögin ekki taka gildi fyrr en að ofan er greint var ætlunin að tími gæfist til að undirbúa sem best umræddan aðskilnað. Meðal annars þarf að útvega dómstólunum hentugt húsnæði og er 8.000 þús. kr. framlag þessa fjárlagaliðar ætlað til að standa straum af undirbúnings- og hönnunarkostnaði vegna þessa. Lauslega áætlað er talið að rýmisþörf fyrir dómstóla utan Reykjavíkur sé í kringum 1.800 m^2 en ef byggt yrði dómhús í Reykjavík þyrfti það að vera um 4.000 m^2 að flatarmáli.

211-237 Embætti sýslumanna og bæjarfógeta

Heildarframlag til þessara embætta hækkar um 24% frá fjárlögum 1989 og verður 1.553.633 þús. kr. Áætluð rekstrargjöld hækka um 25% og verða 1.433.633 þús. kr. en heildarframlag til viðhalds og stofnkostnaðar hækkar samtals um 11% þótt innbyrðis séu breytingar ólíkar. Í eftirfarandi yfirliti má sjá heildarbreytingu á einstökum útgjaldaþáttum embætta sýslumanna og bæjarfógeta:

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Launagjöld	**895.596**	**1.109.033**	**213.437**	**24**
Yfirstjórn	354.294	427.250	72.956	21
Löggæsla	512.104	604.325	92.221	18
Hreppstjórar	12.954	15.427	2.473	19
Tollgæsla	16.244	26.955	10.711	66
Sjúkrasamlög	-	35.076	35.076	.
Önnur gjöld með eignakaupum	**273.551**	**356.510**	**82.959**	**30**
Yfirstjórn	123.385	159.320	35.935	29
Löggæsla	147.690	184.460	36.770	25
Hreppstjórar	1.460	1.910	450	31
Tollgæsla	1.016	3.390	2.374	234
Sjúkrasamlög	-	7.430	7.430	.
Sértekjur	**21.149**	**31.910**	**10.761**	**51**
Rekstrarviðfangsefni alls	**1.147.998**	**1.433.633**	**285.635**	**25**
Viðhaldsviðfangsefni alls	**10.500**	**19.500**	**9.000**	**86**
Stofnkostnaðarviðfangsefni alls	**98.000**	**100.500**	**2.500**	**3**
Samtals	1.256.498	1.553.633	297.135	24

Framlög til þessara embætta vaxa nokkru meira en almennar hækkanir kaupgjalds og verðlags gefa tilefni til og eru fyrir því ýmsar ástæður sem hér eru tilgreindar. Fjöldi dómsmála hefur aukist mikið að undanförnu og leitt til aukaálags á dómskerfið sem valdið hefur auknum launagreiðslum og öðrum viðbótarkostnaði. Innheimtuverkefni embættanna hafa aukist þar sem þau hafa tekið að sér innheimtu staðgreiðslugjalda, þar á meðal útsvars og í sumum tilfellum annarra sveitarsjóðsgjalda. Ráð er gert fyrir þessu og má telja meginorsök hækkunar framlaga til *yfirstjórna* embættanna. Þá verður hrein kostnaðaraukning hjá einstökum embættum vegna yfirtöku á rekstri sjúkrasamlaga um áramót og er hún áætluð 42.506 þús. kr. Þessi viðbótarkostnaður er færður í einu lagi undir sérstakt viðfangsefni í frumvarpinu, *rekstrarkostnaður vegna yfirtöku sjúkrasamlaga*, en að líkindum verður þessi kostnaðaráætlun endurskoðuð fyrir samþykkt fjárlaga og fjárveitingu dreift á viðkomandi embætti. Tollgæslukostnaður hefur reynst meiri hjá nokkrum embættum en áætlað er í fjárlögum líðandi árs en yfirstjórn tollgæslu utan Reykjavíkur var færð yfir á embættin um áramót og áætluð fjárveiting vegna hennar flutt af embætti ríkistollstjóra og dreift á embættin. Launaliður löggæslukostnaðar hefur verið meiri í reynd en fjárlög gera ráð fyrir hjá einstökum embættum, bæði hvað varðar mannafjölda og yfirvinnugreiðslur. Í fjárlagagerð hefur hvert einstakt tilvik verið metið allítarlega. Laun vegna löggæslu hjá nokkrum embættum hafa af þessum sökum verið hækkuð, yfirleitt þá áætlaðar auknar yfirvinnugreiðslur, en önnur fá samkvæmt frumvarpinu svipaða fjárveitingu og í fjárlögum líðandi árs og þurfa því að gera viðeigandi ráðstafanir ef vinnumagn er umfram forsendur fjárlaga. Hér á eftir eru sýnd yfirlit yfir þann stöðufjölda sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu við *yfirstjórn*, *löggæslu* og *tollgæslu* hjá hverju og einu embætti. Að lokum má nefna að gert er ráð fyrir hertum innheimtuaðgerðum á næsta ári sem ætla má að valdi aukakostnaði en slíkar

aðgerðir hafa skilað góðum árangri á líðandi ári. Eftirfarandi tafla sýnir þann fjölda stöðugilda hjá hverju embætti sem heimiluð hafa verið hjá Ráðninganefnd ríkisins.

Embætti	Yfirstjórn	Löggæsla	Tollgæsla
212 Bæjarfógeti Akranesi	8,75	11,00	
213 Sýslumaður Borgarnesi	7,50	5,00	
214 Sýslumaður Stykkishólmi	8,50	9,00	
215 Sýslumaður Búðardal	3,00	0,50	
216 Sýslumaður Patreksfirði	6,00	4,00	
217 Bæjarfógeti Bolungarvík	3,00	2,00	
218 Sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði	12,50	12,00	0,50
219 Sýslumaður Hólmavík	3,00	1,00	
221 Sýslumaður Blönduósi	7,50	4,00	
222 Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki	8,00	7,00	0,50
223 Bæjarfógeti Siglufirði	5,00	5,00	
224 Bæjarfógeti Ólafsfirði	2,50	2,00	
225 Sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri	29,50	33,00	2,00
226 Sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík	11,00	8,00	
227 Sýslumaður og bæjarfógeti Seyðisfirði	7,75	3,00	
228 Bæjarfógeti Neskaupstað	4,00	2,00	
229 Sýslumaður og bæjarfógeti Eskifirði	9,50	6,00	
230 Sýslumaður Höfn í Hornafirði	4,50	3,00	
231 Sýslumaður Vík í Mýrdal	3,00	1,00	
232 Sýslumaður Hvolsvelli	6,00	4,00	
233 Bæjarfógeti Vestmannaeyjum	10,00	10,00	1,00
234 Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi	16,00	20,00	
235 Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík	23,00	32,00	3,00
236 Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði	36,50	37,00	1,00
237 Bæjarfógeti Kópavogi	23,00	24,00	
Samtals	259,00	245,50	8,00

Föstum stöðugildum fjölgar um tólf frá fjárlögum 1989 og verða samtals 512,5. Níu bætast við föst stöðugildi yfirstjórnar embættanna en þrjár við löggæslu. Allar þessar stöður voru áður í fjárlögum bundnar tímabundinni fjárveitingu. Tekið skal fram að undir löggæslu á Akureyri eru þrjár stöður sem tilheyra fangavörslu en rekstur *fangelsis* þar er nú færður á sérstakt viðfangsefni. Stöðugildi tollgæslumanna eru í fyrsta skipti í fjárlögum undir embættum sýslumanna og bæjarfógeta á líðandi ári en sú breyting var gerð í meðförum Alþingis. Hér á eftir er yfirlit yfir þær stöður sem áætlað er fyrir í frumvarpinu en ekki eru fastar stöðuheimildir fyrir. Þar af hefur áður verið áætlað fyrir 10,25 stöðugildum en 17,83 stöðugildi eru ný í þessu frumvarpi. Þar af eru 5,5 stöðugildi vegna yfirstjórnar embættanna, 9,33 vegna löggæslu og 3,0 vegna tollgæslu. Gert er ráð fyrir að sótt verði um fastar heimildir fyrir hluta af þessum stöðum sem eru alls 28,08 stöðugildi til ráðninganefndar ríkisins.

Embætti	Yfirstjórn	Löggæsla	Tollgæsla
213 Sýslumaður Borgarnesi		1,00	
218 Sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði	1,00		
219 Sýslumaður Hólmavík	0,50		
222 Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki	0,50		
224 Bæjarfógeti Ólafsfirði	0,50		
226 Sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík		1,00	
227 Sýslumaður og bæjarfógeti Seyðisfirði			1,00
229 Sýslumaður og bæjarfógeti Eskifirði		1,33	
230 Sýslumaður Höfn í Hornafirði	0,50	0,25	
231 Sýslumaður Vík í Mýrdal	1,00		
232 Sýslumaður Hvolsvelli	0,50		
233 Bæjarfógeti Vestmannaeyjum	0,50		1,00
234 Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi	0,50		
235 Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík	1,50	6,00	
236 Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði	1,50	2,00	3,00
237 Bæjarfógeti Kópavogi	3,00		
Samtals	11,50	11,58	5,00

Auk þeirra stöðugilda sem fram koma í töflunni er reiknað með að í kringum 20 stöður dreifist á þau embætti sem taka við rekstri sjúkrasamlaga um áramót. Sem fyrr segir er gert ráð fyrir að lagðar verði fram breytingartillögur vegna þessa fyrir samþykkt fjárlaga.

Viðhaldsviðfangsefni. Áætlað er fyrir viðhaldi hjá embættunum sameiginlega undir fjárlagaliðnum *06-211-5.50 Fasteignir* og fjárveitingunni ráðstafað af dómsmálaráðuneytinu. Á næsta ári verður framlag 19.500 þús. kr. sem lauslega áætlað er ríflega 1% af byggingarkostnaði þeirra fasteigna sem hér um ræðir.

Stofnkostnaðarviðfangsefni. Stofnkostnaðarframlög eru sem hér segir:

Stofnun	Viðfangsefni	Þús. kr.
Sýslumenn og bæjarfógetar	Tæki og búnaður	14.000
	Húsnæði vegna sjúkratrygginga	3.000
Bæjarfógeti Akranesi	Innrétting lögreglustöðvar	5.200
Sýslumaður Patreksfirði	Viðbygging	6.800
Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki	Nýbygging	10.000
Bæjarfógeti Siglufirði	Embættisbústaður	3.900
	Nýbygging	12.100
Sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík	Nýbygging	1.600
Bæjarfógeti Neskaupstað	Lögreglustöð	2.400
Sýslumaður og bæjarfógeti Eskifirði	Lögreglustöð Egilsstöðum	15.600
Sýslumaður Vík í Mýrdal	Innréttingar	700
Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi	Lögreglustöð	13.000
Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík	Skrifstofuhúsnæði	12.200
	Samtals	100.500

Undir sameiginlegum fjárlagalið, *06-211, Sýslumenn og bæjarfógetar*, er framlag til kaupa á *tækjum og búnaði* sem ráðstafað er af dómsmálaráðuneytinu í samráði við fjárlaga- og hagsýslustofnun. Framlagið verður óbreytt að krónutölu frá gildandi fjárlögum, 14.000 þús. kr., og er gert ráð fyrir að stærstur hluti fjárveitingarinnar fari til þess að bæta tölvukerfi nokkurra embætta. Frá næstkomandi áramótum mun rekstur sjúkrasamlaga utan Reykjavíkur verða alfarið í höndum sýslumanna og bæjarfógeta. Hjá nokkrum embættum þarf að bæta við eða breyta húsnæði vegna þessa og eru 3.000 þús. kr. veittar til þessa undir sérstöku viðfangsefni, *húsnæði vegna sjúkratrygginga*. Á árinu 1988 var keypt húsnæði á Akranesi til nota fyrir lögreglu. Á næsta ári verður unnið að innréttingu þessa húsnæðis en gert er ráð fyrir að verkinu ljúki á árinu 1991. Á þessu ári verður lokið viðbyggingu við skrifstofuhúsnæði og lögreglustöð á Patreksfirði. Fjárveiting í frumvarpinu, 6.800 þús. kr., er ætluð til að greiða endanlegan kostnað við verkið og kaup á húsgögnum. Á Sauðárkróki er í byggingu skrifstofuhúsnæði fyrir embætti sýslumanns og lögreglustöð. Húsið er uppsteypt og frágengið að utan svo og lóð. Gert er ráð fyrir að ljúka efri hæð ásamt inngangi á næsta ári en neðri hæð á árinu 1991. Á neðri hæð verður lögreglustöð en embættisskrifstofa sýslumanns á efri hæð. Einnig er gert ráð fyrir að héraðsdómur Norðurlands vestra verði hýstur á efri hæð. Til þess að ljúka umræddum áfanga eru ætlaðar 10.000 þús. kr. í frumvarpinu auk fjárveitingar í fjárlögum 1989. Á þessu ári verður að mestu lokið við smíði lögreglustöðvar og skrifstofuhúsnæðis bæjarfógetans í Siglufirði. Fjárveiting í frumvarpinu er til þess að ljúka verkinu svo og kaupa nauðsynlegan búnað. Í byggingu hefur verið embættisbústaður fyrir bæjarfógeta og var hann tilbúinn til notkunar á síðasta ári. Hús og lóð eru þó ekki endanlega frágengin. Til þess að gera upp skuldir hjá Innkaupastofnun ríkisins og ljúka verkinu endanlega eru ætlaðar 3.900 þús. kr. í frumvarpinu. Á síðasta ári var lokið við smíði skrifstofuhúsnæðis og lögreglustöðvar á Húsavík. Til þess að ljúka innréttingu skjalageymslu og til lokauppgjörs eru ætlaðar 2.400 þús. kr. Fjárveiting til lögreglustöðvar í Neskaupstað er til að ljúka innréttingu. Á Egilsstöðum er gert ráð fyrir að ljúka smíði 1. áfanga lögreglustöðvar á næsta ári. Í þeim áfanga er reiknað með að steypa húsið upp og ljúka frágangi þess að utanverðu. Ólokið er endanlegu uppgjöri vegna bílskúrs og innréttingar skrifstofuhúsnæðis fyrir sýslumanninn í Vík og er lokaframlag 700 þús. kr. til þessa. Á þessu ári verður að mestu lokið við smíði lögreglustöðvar á Selfossi. Ólokið er þó endanlegum frágangi húss og lóðar og kaupum húsbúnaðar. Í frumvarpinu eru ætlaðar 13.000 þús. kr. til þessa á næsta ári. Innrétting skrifstofuhúsnæðis fyrir bæjarfógetann í Keflavík mun verða langt komin á í lok þessa árs. Á næsta ári er gert ráð fyrir verklokum og kaupum á húsbúnaði.

239-243 og 283 Fangelsismál

Rekstrarforsendur fangelsa eru að mestu óbreyttar frá gildandi fjárlögum en heildarframlag til þessa málefnaflokks hækkar þó lítillega umfram almennar verðlagshækkanir af ástæðum sem skýrðar verða hér á eftir. Í eftirfarandi yfirliti má sjá breytingar á framlögum til einstakra stofnana og fjárlagaliða er varða *Fangelsismál*:

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Rekstur	203.842	238.023	34.289	17
Fangelsismálastofnun	17.506	20.487	2.981	17
Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu	73.168	90.281	17.113	23
Vinnuhælið Litla-Hrauni	89.515	99.379	9.864	11
Vinnuhælið Kvíabryggju	17.522	19.297	1.775	10
Fangamál, ýmis kostnaður	6.131	8.687	2.556	42
Viðhald	**9.000**	**7.000**	**-2.000**	**-22**
Stofnkostnaður	**8.000**	**10.200**	**2.200**	**28**
Samtals	220.842	255.223	34.381	16

Fangelsismálastofnun var stofnuð með lögum nr. 48/1988 og tók til starfa 1. janúar á þessu ári. Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri hennar á næsta ári en ekki hefur verið fundið varanlegt húsnæði undir starfsemina. Framlag til stofnkostnaðar verður 700 þús. kr. Framlag til *fangelsa á höfuðborgarsvæðinu* hækkar um 17.113 þús. kr. sem er um 8% hækkun umfram almennt verðlag. Hækkun þessi stafar aðallega af auknum matvælakostnaði en einnig nokkurri hækkun launakostnaðar og verður hvort tveggja rakið til fjölgunar fanga. Framlag til að ljúka innréttingu á kvennafangelsinu við Kópavogsbraut og til kaupa á húsgögnum verður 4.300 þús. kr., þar af 850 þús. kr. til húsgagnakaupanna. Sú breyting hefur orðið á rekstrarforsendum *Vinnuhælisins Litla-Hrauni* að þar fer nú fram framleiðsla og sala bílnúmera og renna sölutekjurnar til rekstrarins. Vegna þessa hefur verið stofnað nýtt viðfangsefni *1.21 Númeradeild* þar sem færð verða til bókar gjöld og tekjur af framleiðslunni. Eitt fast stöðugildi er fært af *almennum rekstri* til þessa nýja viðfangsefnis. Gert er ráð fyrir að tekjur af númerasölu á næsta ári verði 26.000 þús. kr. eða 6.946 þús. kr. umfram gjöldin og er þá miðað við að seld verði 20.000 pör á 1.300 kr. hvert. Nauðsynlegt er að endurskoða þessar forsendur fyrir samþykkt fjárlaga. Á síðasta ári var rekstri mötuneytis breytt þannig að gerður var verktakasamningur við bryta og féllu þá niður tvö störf. Ráðninganefnd ríkisins samþykkti á þessu ári tvær fastar stöður aðstoðarvarðstjóra í stað þeirra sem féllu niður í mötuneyti. Önnur staðan þótti nauðsynleg í frekari umsjón með fangavinnu en hin staðan er áðurnefnd staða í *númeradeild*. Auk þessara tilfærslna er nú stofnað nýtt viðfangsefni fyrir *ýmsa framleiðslu og fangavinnu* þar sem færður er kostnaður og tekjur vegna vinnu fanga við hellusteypu og fleira. Föst stöðugildi við *rekstur fangelsis* eru nú 31 og sem fyrr segir eitt í *númeradeild*. Auk þess eru verkefnabundin störf við *rekstur fangelsins* talin svara til 3,68 stöðugilda og er þar um að ræða heilsugæslu, akstur, þvott og ræstingu. Til ýmissa *eignakaupa* eru vinnuhælinu veittar 4.500 þús. kr. Þar af eru 3.200 þús. kr. ætlaðar til endurnýjunar á tækjakosti vegna fangavinnu (kaupa á hellusteypuvél og steypuhrærivél) en 1.300 þús. kr. til kaupa á bifreið. Útgjöld á fjárlagaliðnum *fangamál, ýmis kostnaður* hækka umfram verðlag þar sem nú er áætlað fyrir *sjúkrakostnaði vegna refsifanga* á nýju viðfangsefni á þessum lið. Fjárveitingin er til að standa straum af kostnaði við skipulagningu réttargeðlækninga á Íslandi svo og geðlæknishjálp, ráðgjöf og fleira er varðar geðrannsóknir. Fjárveiting til þessa verður 1.000 þús. kr. Til *viðhalds og endurnýjunar fangelsa* verða veittar 7.000

þús. kr. sem er sama fjárhæð og í fjárlögum líðandi árs en þetta viðfangsefni var nýmæli þá. Fjárveitingunni verður ráðstafað af dómsmálaráðuneytinu.

251 Landhelgisgæsla Íslands

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð milli frumvarpsins og fjárlaga 1989 á fjárveitingum til einstakra viðfangsefna hjá Landhelgisgæslunni:

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Yfirstjórn	39.803	42.439	2.636	7
V/s Ægir	76.583	95.054	18.471	24
V/s Óðinn	51.271	73.689	22.418	44
V/s Týr	74.233	93.634	19.401	26
Fluggæsla	135.407	167.389	31.982	24
Þyrluvakt lækna	2.565	3.059	494	19
Sjómælingar og sjókortagerð	15.239	16.839	1.600	11
Viðhald	4.500	6.500	2.000	44
Tæki og búnaður	17.600	10.700	-6.900	-39
Samtals	417.201	509.303	92.102	22

Heildarframlag til stofnunarinnar hækkar um 22% en rekstrarframlag hækkar um 25% og verður 492.103 þús. kr. Fjárveiting til rekstrar miðast við sömu forsendur og fjárlög yfirstandandi árs. Því er áfram miðað við að varðskipin Ægir og Týr séu gerð út í 12 mánuði en varðskipið Óðinn sinni aðallega þjónustu við vita yfir sumarmánuðina. Sem fyrr er gert ráð fyrir sama fjölda flugtíma og í fjárlögum 1989 á Fokker-vél stofnunarinnar eða 750. Hins vegar er miðað við að flugtímum á þyrlunum, TF-SIF og TF-GRÓ fjölgi um 175 og verði 750. Launagjöld stofnunarinnar hækka um 16% og er þá miðað við sömu forsendur um starfsmannahald og í fjárlögum þessa árs. Önnur rekstrargjöld hækka hins vegar um 36% frá fjárlögum og hefur þá verið tekið tillit til verðhækkana á brennsluolíu og flugsteinolíu frá janúar til september á þessu ári. Framlag til ýmissa viðhaldsverkefna er 6.500 þús. kr. Stofnkostnaðarframlag verður 10.700 þús. kr. og er það ætlað til kaupa á svokölluðu Inmarsat A gervitunglafjarskiptatæki sem skapar skilyrði til fullkomins fjarskiptasambands milli varðskipanna innbyrðis eða við stjórnstöð í landi.

252 Ökukennsla

Undir þennan fjárlagalið eru nú færð gjöld og tekjur vegna ökuprófa og ökukennslu. Þessu hlutverki var áður sinnt af Bifreiðaeftirliti ríkisins sem fært var til bókar á þessum fjárlagalið. Rekstrargjöld eru miðuð við laun sex starfsmanna ásamt rekstrarkostnaði og eru heildargjöld áætluð 23.780 þús. kr. Gert er ráð fyrir að tekjur af prófgjöldum standi undir kostnaði af starfseminni og því þurfi ekki að koma til framlags úr ríkissjóði. Þessar tekjur hafa áður runnið beint í ríkissjóð og hafa gjöld fyrir próf ökumanna verið ákveðin árlega í reglugerð um dómsmálagjöld o.fl. Endurskoða þarf upphæð prófgjalda með tilliti til kostnaðar sem af starfseminni leiðir.

255 Umferðarráð

Rekstrarframlag til Umferðarráðs lækkar frá fjárlögum um 3.204 þús. kr. og verður 19.055 þús. kr. Ástæðan er sú að nú fellur niður sérstök fjárveiting til *þjóðarátaks í umferðaröryggi* sem verið hefur á fjárlögum tvö ár í röð. Að öðru leyti er gert ráð fyrir óbreyttum rekstri stofnunarinnar.

262 Löggildingarstofan

Áætluð rekstrargjöld hækka samkvæmt frumvarpinu um 36% og verða 18.370 þús. kr. Ástæða töluverðrar hækkunar umfram verðlag er að nú er gert ráð fyrir tveimur verkefnaráðnum starfsmönnum sem verið hafa í starfi um nokkurt skeið. Föst stöðugildi stofnunarinnar eru sem fyrr 5,63. Gert er ráð fyrir að stofnunin standi undir kostnaði af starfseminni með þjónustutekjum. Í desember verður ákveðin ný gjaldskrá í reglugerð og verður að taka mið af þessu við þá ákvörðun.

281 Dómsmál, ýmis starfsemi

Heildarframlag undir þessum fjárlagalið er óbreytt að raunvirði frá fjárlögum 1989 en fáeinar innbyrðis breytingar er nauðsynlegt að skýra. Gert er ráð fyrir að *málskostnaður*, sem fellur á ríkissjóð, verði svipaður því sem miðað er við í gildandi fjárlögum en sú fjárhæð var ríflega tvöfalt hærri en í fyrri fjárlögum. Kostnaður vegna *meðdómsmanna* hefur aukist og er áætluð 60% hækkun frá fjárlögum líðandi árs samkvæmt frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að prófgjöld standi undir *prófum skjalaþýðenda* og *prófum fasteignasala* líkt og í fjárlögum líðandi árs. Á næsta ári er reiknað með að kostnaður við *útgáfu lagasafns* verði svipaðar og í fjárlögum 1989. Hins vegar er gert ráð fyrir að fleiri eintök verði seld eða 1.200 í stað 1.000 á þessu ári. Miðað er við að eintakið verði selt á 6.900 krónur. Framlag hækkar vegna þessa nokkuð minna en áætlað verðlag og verður 9.560 þús. kr. *Dómsmál, ýmis kostnaður* er safnliður sem aðallega er notaður fyrir tölvu- og hugbúnaðarkostnað hjá stofnunum dómsmálaráðuneytis og er fjárveiting til þessa 8.000 þús. kr. Ráðstöfun fjárveitingarinnar er stýrt af dómsmálaráðuneytinu í náinni samvinnu við fjárlaga- og hagsýslustofnun. Hjá mörgum stofnunum ráðuneytisins er alls kyns skráavinnsla ríkur þáttur í daglegum störfum og því talið mikið hagræði að því að tölvuvæða skráninguna. Helstu verkefni sem í gangi hafa verið eru tölvuvæðing sakaskrár, tölvuvæðing málaskráa fyrir nokkur embætti, ökuferilsskrá, þinglýsingaskrá o.fl. Stofnanirnar sem helst um ræðir eru embætti sýslumanna og bæjarfógeta, Lögreglustjórinn í Reykjavík, Rannsóknarlögregla ríkisins, Ríkissaksóknari, Borgardómarinn í Reykjavík, Borgarfógetinn í Reykjavík og Sakadómur Reykjavíkur. Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á hreinum framlögum (sértekjur dregnar frá þar sem við á) í fjárlögum 1989 og frumvarpi 1990.

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Málskostnaður	41.634	46.491	4.857	12
Meðdómsmenn	4.857	7.754	2.897	60
Setu- og varadómarar	2.137	2.541	404	19
Siglingadómur	503	633	130	26
Gjafsóknar- og málsvarnarlaun	2.360	2.610	250	11
Setusaksóknari	3.691	3.419	-272	-7
Próf málflytjenda	271	358	87	32
Próf skjalaþýðenda	-	-	-	.
Próf fasteignasala	-	-	-	.
Útgáfa lagasafns	8.602	9.560	958	11
Útgáfa norræns dómasafns	254	314	60	24
Tölvunefnd	1.874	2.130	256	14
Matsnefnd eignarnámsbóta	985	653	-332	-34
Námsleyfi lögfræðinga	2.198	2.377	179	8
Orator, almenn lögfræðiaðstoð	190	230	40	21
Norræn samvinna á sviði sakfræði	300	410	110	37
Aðgerðir gegn fíkniefnum	2.890	2.720	-170	-6
Dómsmál, ýmis kostnaður	7.300	8.000	700	10
Samtals	80.046	90.200	10.154	13

282 Ýmis löggæslukostnaður

Undir þessum fjárlagalið eru tvö viðfangsefni. Annars vegar ýmis rekstrarkostnaður vegna löggæslu sem ekki er áætlaður hjá einstökum stofnunum, svo sem kostnaður við tímabundna löggæslu, þjóðhöfðingjaheimsóknir, gjöld tengd Interpol, þátttöku í norrænu lögreglustarfi o.fl. Framlag til þessa er óbreytt að raunvirði. Hins vegar er framlag til kaupa á *lögreglubifreiðum* undir stofnkostnaðarviðfangsefni. Kaupin verða ákveðin í nánu samstarfi við Bíla- og vélanefnd.

301 Biskup Íslands

Rekstrarframlag til Biskupsstofu hækkar úr 18.084 þús. kr. í fjárlögum 1989 í 29.341 þús. kr. eða um 62%. Ástæður þessarar miklu hækkunar eru af tvennum toga. Annars vegar eru nú færðir undir Biskupsstofu nýir kostnaðarliðir sem áður hafa verið færðir undir fjárlagaliðinn *06-304 Ýmislegt*. Um er að ræða fjögur ný viðfangsefni eins og sést í yfirlitinu hér á eftir og er fjárveiting vegna þeirra alls 6.198 þús. kr. Hins vegar hefur rekstrarumfang Biskupsstofu aukist í kjölfar skipulagsbreytinga sem gerðar hafa verið og er það í samræmi við niðurstöðu nefndar um endurskoðun starfseminnar. Hið nýja skipulag var tekið upp í september á síðasta ári og hefur því verið við lýði í rúmt ár. Meðal annars tók til starfa ný deild, *fræðslu- og þjónustudeild*, sem fer með ýmis konar fræðslumál og þar á meðal æskulýðsstarf o.fl. en nafninu á viðfangsefni númer 1.10 hefur verið breytt í samræmi við það. Á þessum tíma hefur komið í ljós að rekstrarkostnaður vegna starfseminnar er meiri en gert er ráð fyrir í fjárlögum 1989. Skýringin er þríþætt. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir aukinni yfirvinnu og jafnframt launaflokkahækkunum í tengslum við breytta verkaskiptingu og verkefni starfsmanna. Í öðru lagi er launakostnaður, sem áður var greiddur af Kristnisjóði, nú greiddur af Biskupsstofu. Í þriðja lagi er Biskupstofu veitt heimild til að ráða á árinu mann til að

rita sögu kirkjuráðs og er áætlað fyrir launum hans. Eftirfarandi tafla sýnir hvernig fjárveiting Biskupsstofu skiptist á viðfangsefni og breytist milli ára:

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Rekstur	**18.084**	**29.341**	**11.257**	**62**
Yfirstjórn	10.748	12.903	2.155	20
Biskupsbústaður	490	650	160	33
Fræðslu- og þjónustudeild	6.846	9.590	2.744	40
Kirkjuráð	-	827	827	.
Kirkjuþing	-	3.231	3.231	.
Alþjóðasamvinna	-	1.680	1.680	.
Prestastefna	-	460	460	.
Viðhald	**600**	**-**	**-600**	.
Stofnkostnaður	**-**	**1.600**	**1.600**	.
Samtals	18.684	30.941	12.257	62

303 Prestaköll og prófastsdæmi

Rekstrarframlag hækkar um 21% frá fjárlögum 1989 og verður 239.590 þús. kr. Samþykkt er ein staða prests í Reykjavíkurprófastsdæmi vegna stofnunar nýs prestakalls, Grafarvogsprestakalls. Nú eru heimilaðar 124 stöður presta, þar af eru 15 jafnframt prófastsstöður, og ein staða verkefnaráðins prests í London auk hinnar nýju stöðu. Launagjöld *presta og prófasta* hækka um 18% og verða 191.450 þús. kr. Framlag til annarra rekstrargjalda hækkar um 13.750 þús. kr. og verður 48.210 þús. kr. eða 40% hærra en í fjárlögum. Að langmestum hluta eru gjöld þessi bundin í kjarasamningi presta eða ákveðin með reglum um greiðslur á embættiskostnaði presta sem dómsmálaráðuneytið setur í samráði við fjármálaráðuneytið og Prestafélag Íslands. Hækkun frá gildandi fjárlögum umfram verðlagshækkanir stafar aðallega af tvennu. Annars vegar hafa laun presta hækkað meira en almennt er, svo og hefur að loknu endurmati verið viðurkennd hækkun á skrifstofukostnaði. Hins vegar stafar hækkunin af því að áætlunin fyrir 1990 hefur verið gerð af meiri nákvæmni en við síðustu fjárlagagerð. Komið hefur í ljós að nokkrir kostnaðarþættir voru vanáætlaðir miðað við gerða samninga og þær reglur sem í gildi voru. Til viðhalds prestsbústaða eru nú ætlaðar 32.500 þús. kr. Prestsbústaðir í eigu ríkisins eru 84 talsins. Talið er að allt að 50 bústaðir séu í viðunandi ástandi. Aðrir bústaðir eru verr farnir og er viðgerðarkostnaður í þeim tilfellum meiri en venjulegur viðhaldskostnaður. *Til bygginga á prestssetrum* eru ætlaðar 10.000 þús. kr. Fjárveitingin er ekki merkt tiltekinni framkvæmd. Á þremur stöðum þarf að byggja eða kaupa prestssetushús, þ.e. í Mosfellsprestakalli í Árnessýslu, í Útskálaprestakalli í Kjalarnesprófastsdæmi og Bjarnanesprestakalli í Skaftafellsprófastsdæmi.

304 Ýmis kirkjuleg málefni

Breytingar á framlögum undir þessum fjárlagalið er sýndar í eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Húsmæðraskólinn á Löngumýri	752	1.059	307	41
Kirkjugarðaeftirlit	1.358	1.841	483	36
Ýmislegt	8.281	5.010	-3.271	-40
Viðhald húseignar á Löngumýri	500	700	200	40
Skálholtsstaður	1.000	5.000	4.000	400
Hallgrímskirkja	12.000	10.000	-2.000	-17
Hóladómkirkja	9.000	5.000	-4.000	-44
Samtals	32.891	28.610	-4.281	-13

Fjárveiting undir viðfangsefninu *ýmislegt* lækkar frá fjárlögum 1989 vegna þess að nokkrir kostnaðarliðir og framlög sem greidd hafa verið með þessari fjárveitingu eru nú færðir undir fjárlagalið Biskupsstofu, þ.e. *06-301 Biskup Íslands*. Biskupsstofa hefur annast greiðslur og fjármálalega umsjón þessara kostnaðarliða og því þykir eðlilegt að þeir færist þar. Nánar má lesa um þennan tilflutning í umfjöllun um fjárlagalið Biskupsstofu.

998 Ráðstöfunarfé

Liður þessi er nýr og er ætlaður til að mæta óvæntum útgjöldum, sem leyst hafa verið með aukafjárveitingum. Framlag er 8.000 þús. kr. Um frekari skýringar vísast til umfjöllunar í kafla 4.1 hér að framan.

07 Félagsmálaráðuneyti

Útgjöld til málefnaflokka félagsmálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Ráðuneyti	55.525	66.029	10.504	19
Húsnæðismál	1.650.000	650.000	-1.000.000	-61
Stjórnsýslustofnanir o.þ.h.	38.453	-881	-39.334	-102
Málefni fatlaðra	1.178.697	1.401.107	222.410	19
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	-	1.185.000	1.185.000	.
Annað	214.777	315.284	100.507	47
Samtals	3.137.452	3.616.539	479.087	15
Þar af markaður tekjustofn	200.000	200.000	0	0

Fjárlagaliðum félagsmálaráðuneytisins er skipt í málefnaflokka á eftirfarandi hátt:
Ráðuneyti:
101 Aðalskrifstofa
Húsnæðismál:
271 Byggingarsjóður ríkisins; 272 Byggingarsjóður verkamanna
Stjórnsýslustofnanir:
301 Skipulagsstjóri ríkisins; 302 Ríkissáttasemjari; 951 Brunamálastofnun ríkisins; 953 Jafnréttisráð; 954 Vinnueftirlit ríkisins.
Málefni fatlaðra:
700-708 Málefni fatlaðra, sameiginleg og eftir starfssvæðum; 750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins; 795 Framkvæmdasjóður fatlaðra.
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga:
990 Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.
Annað:
399 Vatnsveitur; 981 Vinnumál; 982 Ríkisábyrgð á launum; 998 Ráðstöfunarfé; 999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

Helsta breytingin sem varðar málefnaflokkinn *Ráðuneyti* er að gert er ráð fyrir nýrri stöðu verkefnaráðins starfsmanns til að sinna framkvæmd laga um ríkisábyrgð á launum.

Fjárveitingar til *Húsnæðismála* eru lækkaðar úr 1.650 m.kr. í fjárlögum 1989 í 650 m.kr. í þessu frumvarpi. Fjárveiting til Byggingarsjóðs ríkisins verður 150 m.kr. í stað 1.050 m.kr. og fjárveiting til Byggingarsjóðs verkamanna 500 m.kr. í stað 600 m.kr. Nánar er fjallað um þennan málaflokk síðar undir A- og B-hluta ríkissjóðs.

Starfsemi sem fellur undir málefnaflokkinn *Stjórnsýslustofnanir o.þ.h.* er nánast sú sama og gert er ráð fyrir í fjárlögum 1989.

Helsta breytingin, sem gerð er á málefnaflokknum *Málefni fatlaðra*, er sú að sambýlum fjölgar um fjögur með 19,5 (reiknuðum) stöðugildum.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga er nýr málefnaflokkur og rekur uppruna sinn til nýrrar lagasetningar um tekjustofna sveitarfélaga (l. nr. 91/1989).

Í málefnaflokknum *Annað* verða þær breytingar helstar að framlag til vatnsveitna fellur niður. Framlag vegna ríkisábyrgðar á launum gjaldþrotabúa og orlofslaunum hækkar um rúmar 100 m.kr. og liðurinn *Ráðstöfunarfé* er nýr. Að öðru leyti vísast til þess sem segir um einstaka liði í athugasemdunum.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting til *aðalskrifstofu* ráðuneytisins hækkar úr 55.525 þús. kr. í 66.029 þús. kr. eða um 19%. Laun hækka úr 29.075 þús. kr. í 34.899 þús. kr. eða um 5.824 þús. kr. sem er um 20% Fastar stöðuheimildir eru 16 auk þess sem gert er ráð fyrir fjárveitingu til tveggja verkefnaráðinna starfsmanna og er það fjölgun um eina stöðu frá fjárlögum 1989 vegna vinnu við ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota. Kostnaður við hana, þ.e. laun og launatengd gjöld, er áætlaður rúmlega 900 þús. kr. Með hliðsjón af reynslu síðustu ára er yfirvinnustundum fjölgað um rúmlega 700 klst. frá fjárlögum 1989 og hækkar launakostnaður við það um 813 þús. kr. að meðtöldum launatengdum gjöldum. Að öðru leyti eru launahækkanir í samræmi við forsendur þessa frumvarps. Liðurinn tilfærsla hækkar úr 1.220 þús. kr. í 1.450 þús. kr. Þetta er norrænt verkefni á sviði jafnréttismála, sem nefnist BRYT, og er rekið í samvinnu við Akureyrarbæ. Ríkissjóður greiðir sem svarar hálfum árslaunum starfsmanns auk annars kostnaðar. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki á árinu 1990.

271-272 Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna

Framlög ríkisins í byggingarsjóðina eru ákveðin með tilliti til eftirfarandi markmiða og forsendna:

1. Að lífeyrissjóðirnir noti kaupskyldu sína þannig að 45% fari til kaupa af byggingarsjóðunum og 10% til kaupa á húsbréfum.
2. Að útlán Byggingarsjóðs ríkisins ásamt húsbréfakaupum lífeyrissjóðanna verði að raungildi ekki lægri en útlán Byggingarsjóðs ríkisins samkvæmt fjárlögum 1989.
3. Að sérstök áhersla verði lögð á lán til nýrra kaupleiguíbúða og þjónustuíbúða fyrir aldraða og verði lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins til þess a.m.k. 500 m.kr. 1990.
4. Að útlán sjóðanna á árinu 1990 verði 500 m.kr. hærri en raungildi útlána samkvæmt fjárlögum 1989 vegna félagslegra íbúða.
5. Að dregið verði úr útgáfu lánsloforða til n.k. áramóta í samræmi við áætlaða fjármögnun Byggingarsjóðs ríkisins 1989 og 1990.

Framlög til sjóðanna, 150 m.kr. til Byggingarsjóðs ríkisins og 500 m.kr. til Byggingarsjóðs verkamanna, miðast við að gera sjóðunum kleift að ná framangreindum markmiðum. Nánar er greint frá málefnum sjóðanna í greinargerð um þá í B-hluta fjárlaga.

301 Skipulagsstjóri ríkisins

Fjárveiting til embættis skipulagsstjóra ríkisins í fjárlögum 1989 er 11.531 þús. kr. eftir að sértekjur að fjárhæð 47.010 þús. kr. hafa verið dregnar frá gjöldum. Í þessu frumvarpi eru gjöld umfram tekjur áætluð 8.300 þús. kr. Gert er ráð fyrir svipaðri starfsemi og er á þessu ári. Sértekjur hækka nokkuð umfram gjaldaliðina og gert er ráð fyrir fjárveitingu til tölvukaupa sem nemur 1.250 þús. kr.

399 Vatnsveitur

Fjárveiting til vatnsveituframkvæmda, 30.000 þús. kr. í fjárlögum 1989, fellur niður samkvæmt ákvæði í 3. gr. laga nr. 87/1989, um breytingu á lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

700-708 Málefni fatlaðra

Heildartölur þessara fjárlagaliða breytast eins og hér er sýnt:

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Laun	614.608	771.050	156.442	25
Önnur gjöld	212.544	250.970	38.070	18
Eignakaup	1.200	350	-850	-71
Tilfærslur	156.826	182.580	26.110	17
Samtals	985.178	1.204.950	219.772	22
Sértekjur	-49.380	-60.170	-10.790	22
Mismunur	935.798	1.144.780	208.982	22

Í fjárlögum 1989 var viðfangsefninu *07-700-1.99 Óskipt* og var gert ráð fyrir að fjárveitingin yrði nýtt á árinu 1989 eftir því sem stofnað yrði til nýs rekstrar eða rekstur stofnana og heimila, sem fyrir voru í rekstri, yrði efldur. Þetta hefur verið gert af félagsmálaráðuneytinu og eru fjárhæðir taldar á þeim viðfangsefnum sem þeim var úthlutað til. Eru þau öll á þessum fjárlagaliðum nema 2.077 þús. kr. sem fóru til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Eru þetta laun þriggja starfsmanna. Eins og kemur fram á ofangreindu yfirliti hækka laun um 156.442 þús. kr. Í þessari hækkun eru talin laun 19,5 (reiknaðra) stöðugilda á fjórum nýjum sambýlum og er launakostnaður áætlaður 14.631 þús. kr. Umrædd sambýli eru þessi: *07-701-1.93 Sambýli fyrir ungmenni í Reykjavík,* stöðugildi 4,5, *07-702-1.27 Sambýli í Keflavík,* með 7,0 stöðugildi, *07-708-1.24 Sambýli Bitru,* stöðugildi 4,0 og *07-708-1.25 Sambýli Hlíðartungu* með 4,0 stöðugildi. Gert er ráð fyrir rekstri þessara sambýla frá miðju ári 1990. Í fjárlögum 1989 var gert ráð fyrir rekstri nokkurra heimila hluta úr ári en eru á árinu 1990 áætluð í rekstri allt árið. Þetta veldur auknum launakostnaði, sem nemur rúmlega 19.000 þús. kr. Eftir stendur launahækkun sem nemur tæplega 123.000 þús. kr. eða um 20%. Í þeirri hækkun er nokkurt launaskrið og hækkun á áætlaðri yfirvinnu á árinu 1990 frá fyrri árum og er þar byggt á reynslu undanfarin ár. Eins og fyrr segir fjölgar reiknuðum stöðugildum um 19,5 og verður heildarfjöldi stöðugilda við stofnanir fatlaðra 587,57 eins og fram kemur á þessu yfirliti:

	Heimilaðar stöður	Reiknuð stöðug.	Samtals
Reykjavík	53,10	129,49	182,59
Reykjanes	50,35	94,70	145,05
Vesturland	14,50	4,18	18,68
Vestfirðir	20,25	0,50	20,75
Norðurland vestra	14,50	1,00	15,50
Norðurland eystra	45,10	55,40	100,50
Austurland	14,00	15,50	29,50
Suðurland	30,50	44,50	75,00
Samtals	242,30	345,27	587,57

Undanfarin ár hafa sveitarfélög borið 15% af kostnaði við rekstur leikfangasafna og skammtímavistana og eru sértekjur frá þeim í fjárlögum 1989 áætlaðar 5.980 þús. kr. Falla þessar tekjur niður frá næstu áramótum vegna breytinga á lögunum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Í fjárlögum 1989 er fjárveiting til þessa fjárlagaliðar talin vera 39.822 þús. kr. en við þá tölu hefur verið bætt 2.077 þús. kr. og verður fjárlagatalan því 41.899 þús. kr. Fjárhæðin, 2.077 þús. kr., er flutt af viðfangsefninu *07-700-1.99 Óskipt,* sem fyrr er getið, og er laun til þriggja starfsmanna hluta úr ári. Heildarfjárveitingin hækkar því úr 41.899 þús. kr. í 55.327 þús. kr. eða um 13.428 þús. kr. Laun hækka úr 32.429 þús. kr. í 40.517 þús. kr., eða um 8.088 þús. kr. eða næstum 25%. Hátt í helming þeirrar hækkunar, sem er umfram verðlag, má rekja til hækkunar á yfirvinnu en hún var verulega vanmetin við síðustu fjárlagagerð. Fastar stöðuheimildir við stöðina eru

20,3 og verkefnaráðnir 9,5 stöðugildi þannig að heildarfjöldi starfsmanna er 29,8. Önnur gjöld hækka um 4.760 þús. kr., þ.e. úr 9.740 þús. kr. í 14.500 þús. kr. Mestu veldur um hækkunina aukinn húsakostur og kaup á fatnaði og matvælum.

795 Framkvæmdasjóður fatlaðra

Framlag til sjóðsins er áætlað óbreytt frá fjárlögum 1989, eða 201.000 þús. kr.

951 Brunamálastofnun ríkisins

Heildargjöld hækka úr 25.636 þús. kr. í 31.479 þús. kr., eða um 5.843 þús. kr. Laun hækka úr 13.374 þús. kr. í 17.089 þús. kr., eða um 3.713 þús. kr. Af þeirri hækkun eru 1.794 þús. kr. áætlaðar vegna verkefnaráðningar eins verkfræðings. Fastar stöðuheimildir eru óbreyttar eða átta talsins. Sértekjur hækka úr 26.636 þús. kr. í 62.410 þús. kr. Tekin er inn stofnkostnaðarfjárveiting að upphæð 3.000 þús. kr. til kaupa á tölvu og hugbúnaði og tækjum til kennslu og námskeiðahalda.

953 Jafnréttisráð

Heildargjöld hækka úr 8.489 þús. kr. í 10.140 þús. kr., eða um 1.651 þús. kr. Laun hækka úr 5.899 þús. kr. í 6.730 þús. kr., eða 831 þús. kr. sem er 14% aukning. Gert er ráð fyrir sama starfsmannafjölda og í fjárlögum 1989, eða 2,0 stöðugildum fastra starfsmanna og 1,3 stöðugildum verkefnaráðinna. Önnur gjöld hækka um 820 þús. kr., eða úr 2.590 þús. kr. í 3.410 þús. kr. og er það tæplega 32% hækkun. Hækkunin er byggð á reikningstölum fyrri ára.

954 Vinnueftirlit ríkisins

Heildargjöld stofnunarinnar hækka um 11.854 þús. kr. eða úr 71.936 þús. kr. í 83.790 þús. kr. og er það 16% hækkun. Gert er ráð fyrir líkum umsvifum og á árinu 1989. Starfsmannafjöldi er óbreyttur, þ.e. fastar heimildir eru 30,0 stöðugildi og verkefnaráðnir starfsmenn 3,33. Sértekjur hækka úr 77.236 þús. kr. í fjárlögum 1989 í 103.330 þús. kr. eða 26.094 sem er tæplega 34% hækkun. Gert er ráð fyrir 8.800 þús. kr. til fasteignakaupa.

981 Vinnumál

Í fjárlögum 1989 er framlag til þessa fjárlagaliðar 42.527 þús. kr. Stærsti liðurinn er viðfangsefnið *ýmislegt* eða 42.480 þús. kr. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1989 var gerð tillaga um skiptingu þessa liðar, en þá var gert ráð fyrir hækkun nokkurra undirliða með hliðsjón af þeim erindum og umsóknum sem fyrir lágu. Við meðferð og afgreiðslu fjárveitinganefndar kom í ljós að hún breytti skiptingu liðarins verulega frá tillögunni eftir að fjárlög höfðu verið afgreidd. Leiddi það til misskilnings og gagnrýni ýmissa þeirra samtaka sem þekktu tillögur samkvæmt frumvarpinu en fengu hjá nefndinni annað í sinn hlut. Af þessari ástæðu er nú ekki gerð tillaga um skiptingu þessa liðar. Skiptingin verður í höndum fjárveitinganefndar í samráði við félagsmálaráðuneytið.

982 Ríkisábyrgð á launum

Þessi liður nefnist í fjárlögum 1989 *ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota* en verður nú viðfangsefni undir liðnum *ríkisábyrgð á launum* í frumvarpinu. Áætlað er að veita til viðfangsefnisins 110.000 þús. kr. en í fjárlögum 1989 er fjárveitingin 35.440 þús. kr. Hækkunin er 74.560 þús. kr. Kostnaður vegna ríkisábyrgðar á launum hefur vaxið

stórum skrefum og er talið að á þessu ári geti greiðslur orðið hátt í 200.000 þús. kr. Við framkvæmd þessa lagaákvæðis hafa komið í ljós verulegir annmarkar, sem leitt hafa til þess að greiðslur eru meiri en þarf til að ná réttmætum tilgangi laganna. Sú fjárhæð sem hér er sett fram miðast við að sú endurskoðun, sem hafin er á lögum þessum, leiði til úrbóta þannig að greiðslur rúmist innan þessara marka. Nýtt viðfangsefni undir þessum fjárlagalið, *ríkisábyrgð á orlofslaunum*, er til orðið vegna ákvæða í 11. gr. laga nr. 30/1987. Kostnaður er áætlaður 30.000 þús. kr.

990 Framlag í jöfnunarsjóð sveitarfélaga

Um er að ræða nýjan fjárlagalið sem varð til við setningu laga nr. 91/1989, um tekjustofna sveitarfélaga, og vísast til inngangskafla athugasemda við frumvarpið þar sem gerð er grein fyrir þessari lagasetningu. Framlagið reiknast sem 1,4% af beinum og óbeinum sköttum til ríkissjóðs.

998 Ráðstöfunarfé

Liður þessi er nýr og er ætlaður til að mæta óvæntum útgjöldum sem leyst hafa verið með aukafjárveitingum. Fjárveiting er 5.000 þús. kr. Um frekari skýringar vísast til umfjöllunar í kafla 4.1 hér að framan.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Í meðfylgjandi yfirliti er sýnt framlag til einstakra viðfangsefna í fjárlögum fyrir árið 1989, í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1990 og samanburður við fjárlög 1989:

	Fjárlög 1989	Frumvarp 1990	Breyting	
	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	%
Meðlög skv. 21., 22., og 23. gr. framfærslulaga . .	6.210	7.180	970	16
Meðlög skv. lögum nr. 9/1981	56.050	64.830	8.780	16
Slysavarnafélag Íslands	7.080	7.080	-	.
Sjómannastofur	680	680	-	.
Félagasamtök, styrkir	11.000	11.800	800	7
Starfsmenntun í atvinnulífinu	12.250	12.250	-	.
Kvennaathvarf í Reykjavík	6.130	8.130	2.000	33
Samtök kvenna gegn kynferðislegu ofbeldi	-	2.000	2.000	.
Snjóflóða- og skriðufallavarnir	3.420	3.420	-	.
Ýmis framlög	3.990	3.000	-990	
Samtals	1.041.688	1.274.034	232.346	22

Viðfangsefnið *félagasamtök, styrkir* hækkar um 800 þús. kr. og er sú hækkun ætluð Leigjendasamtökunum.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Aðalskrifstofa	69.845	85.411	15.566	22
Tryggingamál	17.406.098	23.779.153	6.373.055	37
Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	171.949	188.809	16.860	10
Sjúkrahús og heilsugæsla	11.589.697	13.916.706	2.327.009	20
Annað	258.653	299.261	40.608	16
Samtals	29.496.242	38.269.340	8.773.098	30

Fjárlagaliðum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis er skipað í málefnaflokka sem hér segir:

Ráðuneyti:
101 Aðalskrifstofa.
Tryggingamál:
271 Tryggingastofnun ríkisins; 273 Framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs; 274 Eftirlaunasjóður aldraðra.
Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir:
301 Landlæknir; 323 Tryggingaeftirlitið; 324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands; 326 Sjónstöð Íslands; 327 Geislavarnir ríkisins.
Sjúkrahús og heilsugæsla:
350-373 og 400-408 Sjúkrahús; 378 Læknishéraðasjóður; 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir; 385 Framkvæmdasjóður aldraðra; 480 Heilsugæslustöðvar.
Annað:
340 Málefni fatlaðra; 395 Lyfjamál; 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi; 501 Skólar heilbrigðisstétta; 502 Þroskaþjálfaskóli Íslands; 610 Gæsluvistarsjóður; 621 Bindindisstarfsemi; 998 Ráðstöfunarfé.

Helsta breyting á niðurröðun málefnaflokka frá fjárlagafrumvarpi fyrra árs er á þann veg að bætt hefur verið við nýjum flokki, Eftirlits- og stjórnsýslustofnunum, en viðfangsefni undir þeim lið voru áður undir liðnum Annað. Liðurinn *08-391 Heilsugæslustöðvar* hefur fengið nýtt númer, *08-480*, og liðirnir *08-471 Gæsluvistarsjóður, framlag* og *08-481 Bindindisstarfsemi* hafa fengið ný númer, *08-610* og *08-621*.

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis nema samanlagt 3.083.000 þús. kr. og eru sem hér segir: Lífeyristryggingaiðgjald atvinnurekenda er talið munu nema 2.400.000 þús. kr. og hækka um 450.000 þús. kr. frá fjárlögum 1989. Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda eru áætluð 357.000 þús. kr. og hækka um 49.000 þús. kr. Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs hækkar um 35.000 þús. kr og er áætlað 313.000 þús. kr. Hlutur Gæsluvistarsjóðs af

hagnaði ÁTVR er 5.000 þús. kr. og tekjur af samúðarskeytum Landssímans eru taldar verða 8.000 þús. kr.

101 Aðalskrifstofa

Heildarfjárveiting nemur 85.411 þús. kr. sem er 22% hækkun frá fjárlögum 1988. Fjöldi stöðugilda er óbreyttur frá fyrra ári, 22,5 stöður, en launagjöld aukast umfram verðlagsforsendur vegna tilfærslu milli starfa í hærri launaflokka, auk þess sem yfirvinna eykst. Framlag til stofnkostnaðar er 1.200 þús. kr. og er ætlað til búnaðar- og tækjakaupa.

271 Tryggingastofnun ríkisins

Miklar breytingar hafa orðið á fjárframlögum til Tryggingastofnunar ríkisins sem aðallega stafar af tvennu: Annars vegar er gert ráð fyrir að lífeyrisgreiðslur breytist nokkuð, og er það ætlan stjórnvalda að flytja um það frumvarp á þessu þingi, og hins vegar hafa lög um breytta verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga nr. 87/1989 orðið til þess að færa yfir til ríkisins hlut sveitarfélaga í kostnaði við sjúkratryggingar. Fjárframlög til Tryggingastofnunar ríkisins vegna lífeyristrygginga, sjúkratrygginga og slysatrygginga nema samtals 22.197.000 þús. kr. og er þar miðað við áætlað meðalverðlag 1990. Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu útgjalda milli viðfangsefna og samanburður við fjárlög 1989:

Almannatryggingar 1989 og 1990

	Fjárlög 1989	Frumvarp 1990	Breyting	
	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	%
Yfirstjórn	212.911	231.995	19.084	9
Lífeyristryggingar	10.760.000	12.382.000	1.622.000	15
Sjúkratryggingar	5.750.800	9.417.000	3.666.200	64
Slysatryggingar	318.090	398.000	79.910	25
Samtals	17.041.801	22.428.995	5.387.194	32

Sömu forsendur gilda um framlög til almannatrygginga og um laun og verðlag í frumvarpinu.

1.01 Yfirstjórn. Fjárveiting til yfirstjórnar nemur 231.995 þús. kr. en var 212.911 þús. kr. í fjárlögum 1989. Fastar stöður eru 124 og standa óbreyttar frá yfirstandandi ári, en þá hafði fjölgað um 11,3 stöðugildi frá árinu áður. Til viðhalds húseignar eru ætlaðar 2.200 þús. kr. og er þar um að ræða hlut stofnunarinnar í viðgerð á þaki og suðurhlið hússins. Þá eru veittar 2.900 þús. kr. til kaupa og uppsetningar á nýrri símstöð fyrir stofnunina.

1.10 Lífeyristryggingar. Heildarframlag nemur 12.382.000 þús. kr. og hækkar um 15% frá fjárlögum 1988. Hér er gert ráð fyrir lengingu fæðingarorlofs í samræmi við lög nr. 57 og 59/1987, en fæðingarorlof lengist úr fimm mánuðum í sex frá upphafi ársins 1990. Að öðru leyti tekur áætlun fyrir árið 1990 mið af hækkun bóta á árinu 1989, auk þess sem gert er ráð fyrir að bótaþegum fjölgi í samræmi við aldurssamsetningu

þjóðarinnar og að fenginni reynslu síðustu ára. Ellilífeyrisþegum fjölgar að meðaltali um 1,5% árlega en fjölgun í öðrum bótaflokkum er óreglulegri. Framlög til lífeyristrygginga eru áætluð um 200 m.kr. lægri en þau yrðu að óbreyttum reglum. Byggist það á því að stefnt er að breytingum á þeim á þann hátt að sú tekjuviðmiðun, sem verið hefur, verði breikkuð í samræmi við fyrirhugaðar breytingar á skattalögum. Eftirfarandi yfirlit sýnir áætluð útgjöld lífeyristrygginga sundurliðuð á hina ýmsu bótaþætti ásamt samanburði við fjárlög 1989:

Lífeyristryggingar 1989 og 1990

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Gjöld	**11.573**	**13.332**	**1.759**	**15**
Lífeyris- og örorkubætur	8.760	9.997	1.237	14
Elli- og örorkulífeyrir	3.034	3.386	352	12
Tekjutrygging	4.084	4.631	547	13
Uppbót o.fl.	834	1.003	169	20
Heimilisuppbót	482	598	116	24
Sérstök heimilisuppbót	101	120	19	19
Örorkustyrkur	225	259	34	15
Barnalífeyrir	214	277	63	29
Ekkju-, ekkla- og makabætur	180	206	26	14
Mæðra- og feðralaun	578	683	105	18
Fæðingarorlof	894	1.060	166	19
Meðlög	813	950	137	17
Bílakaupastyrkur	67	100	33	49
Vextir	67	59	-8	-12
Tekjur	**11.573**	**13.332**	**1.759**	**15**
Framlög ríkissjóðs	10.760	12.382	1.622	15
Meðlög, sveitarfélög	813	950	137	17

Bótahækkanir á árinu 1989 hafa verið sem hér segir: 1. mars 1,25%, 1. maí 5,3% og 1. september 3,8%.

1.20 Sjúkratryggingar. Fjárveiting nemur 9.417 m.kr. og skiptist á helstu útgjaldaliði svo sem sýnt er í töflu á næstu síðu. Hækkun einstakra liða er mismunandi mikil. Vistgjöld á sjúkrastofnunum hækka á við almennar verðlagshækkanir, auk þess sem þeim stofnunum,sem kostaðar eru af daggjöldum hefur fjölgað, svo og vistrýmum. Í upphafi ársins 1989 færðust tíu sjúkrastofnanir af daggjöldum yfir á föst fjárlög sem nánar er útskýrt í greinargerð með fjárlagafrumvarpi 1989. Hækkun vistgjalda á sjúkrastofnunum hefur verið sem hér segir á árinu 1989: 1. janúar varð 1,3% hækkun, 1. mars 3,9%, 1. júní 5,8%, 1. júlí 1,5% og 1. september varð 0,1% lækkun. Hafa daggjöld því hækkað um 12,9% frá upphafi árs til 1. september 1989.
Verðhækkunarþáttur sjúkratrygginga er í samræmi við almennar gengis-, launa- og verðlagsforsendur frumvarpsins. Með l. nr. 87/1989 um breytta verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga hefur orðið veruleg breyting á skiptingu sjúkratrygginga. Tannlæknakostnaður flyst yfir á ríkið en í þessu frumvarpi er sá viðbótarkostnaður sýndur sem

Sjúkratryggingar 1989 og 1990

	Fjárlög 1989 m.kr.	Frumvarp 1990 m.kr.	Breyting m.kr.	%
Gjöld	**7.255**	**9.417**	**2.162**	**30**
Vistgjöld á sjúkrastofnunum	2.200	2.880	680	31
Heimaþjónusta við aldraða	114	43	-71	-62
Hjálpartæki	364	484	120	33
Útgjöld skv. 39. gr. tryggingalaga	150	251	101	67
Lækniskostnaður	1.011	982	-29	-3
Tannlæknakostnaður	460	617	157	34
Innlendur og erlendur sjúkrakostnaður	867	1.489	622	72
Sérreikningar sjúkrastofnana	-	1.096	1.096	.
Ferða- og flutningskostnaður	-	131	131	.
Erlendur sjúkrakostnaður	-	262	262	.
Lyfjakostnaður	1.618	2.110	492	30
Sjúkradagpeningar	208	249	41	20
Bifreiðakaupastyrkir	23	32	9	39
Rekstrarkostnaður	120	160	40	33
Vaxtakostnaður	120	120	0	0
Tekjur	**7.255**	**9.417**	**2.162**	**30**
Hlutur ríkissjóðs	5.840	9.417	3.577	61
Hlutur sveitarfélaga	1.415	-	-1.415	.

sérstakt fjárlagaviðfangsefni undir liðnum *08-480 1.03 Tannlæknakostnaður* vegna 16. gr. l. nr. 87/1989, þótt hér sé um kostnað að ræða sem greiðast á af sjúkratryggingum. Þessum kostnaði er haldið aðskildum til hægðarauka við umræðu um fjárlög en ætlunin er að sameina þennan lið sjúkratryggingum í meðferð Alþingis. Sömuleiðis hefur með sömu lögum verið ákveðið að heimaþjónusta við aldraða flytjist yfir á sveitarfélög, annað en bein heimahjúkrun, og skýrir það að þessi liður lækkar milli ára. Þá er það og ein af forsendum þessa frumvarps að hægt verði að lækka kostnað af lyfja- og læknisþjónustu um 500 m.kr. á árinu 1990. Það er komið undir aðgerðum sem stjórnvöld hyggjast beita sér fyrir á komandi ári. Áfram er gert ráð fyrir 120 m.kr. vaxtakostnaði vegna lántöku sjúkratrygginga hjá vörslusjóðum Tryggingastofnunar ríkisins og er það annað árið sem gert er ráð fyrir slíkum kostnaði, en reynsla ársins 1989 gefur tilefni til að ætla að þessi kostnaður þurfi ekki að aukast frá yfirstandandi ári.

1.30 Slysatryggingar. Útgjöld slysatrygginga eru áætluð 398 m.kr. sem er 25% hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Á sl. þingi var samþykkt breyting á slysatryggingakafla almannatryggingalaga þess efnis að sjúklingar á sjúkrastofnunum verði tryggðir fyrir áverka af völdum læknismeðferðar. Áætluð er 25 m.kr. hækkun inni á slysatryggingum vegna þessa liðar. Innheimtar markaðar tekjur í ríkissjóð af slysatryggingaiðgjaldi samkvæmt reglugerð nr. 142/1987 eru áætlaðar 357 m.kr., sbr. 3.gr. frumvarpsins, og eru því nokkuð lægri en útgjöld á þessu viðfangsefni.

273 Atvinnuleysistryggingasjóður

Með l. nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, fellur niður framlag sveitarfélaga til Atvinnuleysistryggingasjóðs og í stað þess er kveðið svo á í

29. gr. umræddra laga að ríkissjóður greiði framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs sem nemi þrefalt hærri fjárhæð en heildariðgjöld atvinnurekenda. Framlag sveitarfélaga til sjóðsins var ekki skoðað sem tekjur ríkisins og fór því ekki gegnum fjárlög. Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins eru iðgjöld áætluð 313 m.kr. og framlag ríkissjóðs á móti því áætlað 939 m.kr. eða samtals 1.252 m.kr.

274 Eftirlaunasjóður aldraðra

Lög um eftirlaun til aldraðra nr. 2/1985 falla úr gildi í lok yfirstandandi árs og ætti kostnaður ríkissjóðs við greiðslu lífeyris samkvæmt þeim lögum þar með að falla niður. Stjórnvöld gera hins vegar ráð fyrir að lög þessi verði framlengd og því er gert ráð fyrir fjárframlagi í frumvarpi þessu er nemur 98.158 þús. kr. og er það byggt á sömu forsendum um þróun launa og verðlags og aðrir þættir þessa frumvarps svo og á gildandi lögum um eftirlaun til aldraðra. Þá er gert ráð fyrir 303.000 þús. kr. framlagi frá Atvinnuleysistryggingasjóði til sjóðsins.

324 Heyrnar- og talmeinastöð

Framlag til rekstrar nemur 38.201 þús. kr. og hækkar um 25% frá gildandi fjárlögum. Föstum stöðugildum fjölgar um eitt og verða þau 19 að tölu, en viðbótarstöðugildið var samþykkt sem verkefnaráðið árið 1989. Er þar um stöðu heyrnarsérfræðings að ræða. Tilfærslur hækka úr 25.060 þús. kr. í 30.890 þús. kr. og eru þær til heyrnartækjakaupa einstaklinga. Samtals nemur fjárveiting 56.941 þús. kr. að teknu tilliti til áætlaðra sértekna.

325 Hollustuvernd ríkisins

Miklar breytingar hafa verið gerðar á starfsumfangi og stjórnarformi Hollustuverndar ríkisins með lögum nr. 81/1988. Deildir stofnunarinnar eru nú fjórar auk yfirstjórnar. Tók ný deild, *eiturefnaeftirlit*, til starfa á yfirstandandi ári, en starfsemi eiturefnanefndar hefur um leið flust til stofnunarinnar. Þá hefur stofnuninni verið falið eftirlit með innflutningi matvæla, annarra neysluvara og hættulegra efna í nauðsynjavörum ásamt skráningu innfluttra vörutegunda og vörutegunda sem framleiddar eru innanlands. Samt leiða þessar breytingar ekki til mikillar hækkunar á framlagi til rekstrar stofnunarinnar þar sem á móti er áætlað að sértekjur hennar aukist. Byggist það á því að mikill hluti eftirlitsins er gjaldskyldur og því kostaður beint af sértekjum. Heildarframlag til rekstrar stofnunarinnar er 79.763 þús. kr. og hækkar um 13.918 þús. kr. frá fjárlögum 1989. Framlag til minni háttar eignakaupa nemur 3.350 þús. kr. og gjöld því samtals 83.113 þús. kr. Á móti kemur að sértekjur eru taldar hækka úr 5.990 þús. kr. í fjárlögum 1989 í 19.500 þús. kr. þannig að mismunur gjalda og sértekna verður 63.613 þús. kr. sem er 10% hækkun frá gildandi fjárlögum. Stöðugildi á föstum launum verða 28,3, þar af eitt flutt frá eiturefnanefnd, auk fjögurra verkefnaráðinna, en voru 24,8 föst stöðugildi 1989 auk 2,5 verkefnaráðinna. Framlag til stofnkostnaðar er 9.800 þús. kr. og er það fyrsti hluti af fjárveitingu til stofnkostnaðar sem gert er ráð fyrir að dreifa á þrjú ár. Með þessum stofnkostnaði er ætlað að byggja upp tækjakost stofnunarinnar í samræmi við aukið hlutverk hennar, auk þess að standa undir kostnaði í tengslum við flutning stofnunarinnar í nýtt húsnæði.

340 Málefni fatlaðra

Tilfærslur undir þessum fjárlagalið eru til þeirra stofnana sem sjá um læknisfræði-

lega endurhæfingu fatlaðra, sbr. lög nr. 41/1983, um málefni fatlaðra. Heildarframlag nemur 45.850 þús. kr. og hækkar um 46% frá gildandi fjárlögum. Nýtt viðfangsefni hefur bæst við undir þessum lið, *1.40 Endurhæfingarstöð hjarta-og lungnasjúklinga* sem 6.300 þús. kr. eru veittar til.

350-357, 359-368 og 400-408 Sjúkrahús

Hér verður fjallað um öll sjúkrahús önnur en þau fjögur stærstu, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, Ríkisspítala, Borgarspítalann og St. Jósefsspítala, Landakoti. Launaáætlanir sjúkrahúsanna eru byggðar á heimiluðum stöðugildum fyrir hvert sjúkrahús að viðbættu álagshlutfalli fyrir afleysingar, yfirvinnu, vaktaálag o.fl. Hámarksálag á föst laun er 67% auk launatengdra gjalda. Litlar breytingar hafa orðið í rekstri nema að sjúkrarúmum hefur fjölgað á Hjúkrunarheimilinu að Sunnuhlíð í Kópavogi, en einungis var gert ráð fyrir þeirri fjölgun hluta árs 1989. Einnig var starfsemi Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði flutt í nýtt húsnæði snemma á árinu 1989 og er í frumvarpinu gert ráð fyrir að grunnheimildum við sjúkrahúsið fjölgi um 6,5 stöður vegna þessa. Rekstrargjöld hvers sjúkrahúss eru ákveðin að hluta til með hliðsjón af rekstrargjöldum skv. ársreikningi 1988 og fjárveitingu í fjárlögum yfirstandandi árs, auk þess sem í sumum tilfellum er tillit tekið til sérstakra þátta, svo sem breyttra aðstæðna einstakra sjúkrahúsa. Eftirfarandi tafla sýnir hvernig stöðugildi skiptast á einstök sjúkrahús:

Sjúkrahús Akraness	160
Sjúkrahúsið Patreksfirði	32
Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði	67,5
Héraðshæli Austur-Húnvetninga, Blönduósi	57
Sjúkrahúsið Sauðárkróki	120,6
Sjúkrahúsið Siglufirði	54
Sjúkrahúsið Húsavík	96
Sjúkrahúsið Seyðisfirði	29
Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	60
Sjúkrahúsið Egilsstöðum	39
Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	93,5
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	68,3
Sjúkrahúsið Keflavík	70
Sólvangur, Hafnarfirði	120
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	97,5
St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	45
Sjúkrahús Hvammstanga	40
Sjúkrahús Bolungarvíkur	20
Sjúkraskýlið Hólmavík	12
Sjúkraskýlið Þingeyri	7
Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri	5
Sundabúð II, Vopnafirði	13
Sunnuhlíð, Kópavogi	52

Undir fjárlagalið *08-381 5.50* og *6.60* er fjárveiting til meiri háttar viðhalds og tækjakaupa þeirra sjúkrahúsa sem rædd eru í þessum kafla. Liðir þessir eru óskiptir og mun heilbrigðis-og tryggingamálaráðuneytið sjá um skiptingu þess fjár. Er þar um að ræða 85% hlut ríkissjóðs á kostnaði við kaup og framkvæmdir á móti 15% hlut sveitarfélaga. Framlag til stofnkostnaðar þessara sömu sjúkrahúsa er að finna undir lið *08-381 6.90* þar sem fjárveiting til byggingar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva er sett

fram óskipt. Verður þeirri fjárhæð skipt af fjárveitinganefnd. Eftirfarandi yfirlit sýnir framlag til rekstrar hvers sjúkrahúss og samanburð við fjárlög yfirstandandi árs:

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Sjúkrahús Akraness	304.491	357.406	52.915	17
Sjúkrahúsið Patreksfirði	61.195	70.352	9.157	15
Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði	123.476	145.116	21.640	18
Héraðshæli Austur-Húnvetninga, Blönduósi	86.573	100.381	13.808	16
Sjúkrahúsið Sauðárkróki	200.189	234.143	33.954	17
Sjúkrahúsið Siglufirði	95.376	110.388	15.012	16
Sjúkrahúsið Húsavík	173.790	195.598	21.808	13
Sjúkrahúsið Seyðisfirði	58.767	68.170	9.403	16
Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	121.492	139.525	18.033	15
Sjúkrahúsið Egilsstöðum	74.956	87.138	12.182	16
Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	164.509	187.702	23.193	14
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	133.212	150.270	17.058	13
Sjúkrahúsið Keflavík	126.871	152.094	25.223	20
Sólvangur, Hafnarfirði	164.392	190.087	25.695	16
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	195.324	216.191	20.867	11
St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	77.432	90.030	12.598	16
Sjúkrahús Hvammstanga	66.523	77.762	11.239	17
Sjúkrahús Bolungarvíkur	28.901	37.493	8.592	30
Sjúkraskýlið Hólmavík	18.059	21.268	3.209	18
Sjúkraskýlið Þingeyri	8.281	10.131	1.850	22
Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri	7.195	9.395	2.200	31
Sundabúð II, Vopnafirði	18.840	23.895	5.055	27
Sunnuhlíð, Kópavogi	72.993	92.119	19.126	26
Samtals	2.468.267	2.766.654	298.387	12

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Heildarframlag til rekstrar sjúkrahússins er 967.952 þús. kr. sem er hækkun um 17% frá gildandi fjárlögum. Laun eru 656.902 þús. kr. og hækka um 14%. Á grunnlaun leggjast 67%, auk launatengdra gjalda til að mæta afleysingum, yfirvinnu, álagi o.fl. Stöðuheimildir teljast 396 og eru óbreyttar frá þessu ári en á árinu 1989 hefur þeim fjölgað um sex vegna þess að tekið hefur verið í notkun nýtt húsnæði og starfsemin aukin. Til annarra rekstrargjalda og minni eignakaupa er varið 319.750 þús. kr. og sértekjur eru áætlaðar 91.920 þús. kr. Til meiri háttar eignakaupa er varið 10.000 þús. kr. og er það ætlað til endurnýjunar og viðhalds á þeim tækjakosti sem fyrir er á spítalanum. Til nýbyggingar sjúkrahússins er varið 40.600 þús. kr. Samanstendur það framlag af 23.850 þús. kr. til endurgreiðslu á 85% hlut ríkissjóðs í láni sem tekið var til kaupa á röntgentækjum og tölvusneiðmyndatæki. Komu þessi tæki til landsins á þessu ári og verður lánið endurgreitt á árunum 1990 og 1991. Það er 1,4 milljónir svissneskra franka að upphæð og endurgreiðast 700 þúsund svissneskir frankar hvort ár. Lánið var tekið af Akureyrarbæ sem greiðir af því alla vextina og 15% höfuðstólsins en ríkissjóður 85% höfuðstólsins. Til annars stofnkostnaðar er varið 16.750 þús. kr. og er þar miðað við áætlun sjúkrahússins um framkvæmdir undir þessum lið, öðrum en

frágangi húsnæðis á tengigangi fyrir skrifstofur lækna o.fl. Er þeirri áætlun dreift á tvö ár.

371 Ríkisspítalar

Viðfangsefni undir þessum fjárlagalið eru níu að tölu. Fimm hin fyrstu ná til rekstrar Ríkisspítala, þá kemur eitt viðhaldsviðfangsefni og þrjú viðfangsefni er ná til stofnkostnaðar. Fjárveiting til rekstrar spítalanna nemur 5.114.368 þús. kr. og er það 13% hækkun frá fjárlögum 1989. Stöðuheimildir eru nú 2.132,86 talsins og hefur fjölgað um 9,75 stöður frá gildandi fjárlögum. Er þar um að ræða tvær stöður á fæðingardeild, þrjár stöður lækna, 3,75 stöður vegna glasafrjóvgunar og ein staða tæknimanns við loftræstikerfi og annan tæknibúnað að Ármúla 1a. Nokkrar tilfærslur stöðuheimilda hafa átt sér stað milli viðfangsefna. Stöðuheimildir skiptast á viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi yfirliti:

Stöðuheimildir á Ríkisspítölum

Legudeildir, svæfinga- og gjörgæsludeild	991,30
Geðdeild	439,70
Stofnanir öryrkja og þroskaheftra	176,21
Stoðdeildir, rannsóknastofur	233,25
Þjónustudeildir	292,40

Á grunnlaun er bætt 68% álagi til að mæta öllum öðrum launagjöldum en launatengdum gjöldum. Þróunin á álagshlutfalli sjúkrahúsa hefur verið á þann veg að þrýstingur til hækkunar þess, sem verið hefur talsverður á undanförnum árum, hefur hjaðnað nokkuð með breyttu atvinnuástandi. Þó er höfð hliðsjón af því að fæðingarorlof hefur lengst, en það kemur einmitt við sjúkrastofnanir þar sem stór hluti starfsliðs eru konur. Önnur rekstrargjöld byggja á reikningum ársins 1988, fjárlögum yfirstandandi árs og beiðnum Ríkisspítala um aukna starfsemi. Til viðhalds er varið 63.300 þús. kr. sem er sama upphæð að raungildi og í fjárlögum 1989. Fjárveiting til stofnkostnaðarverkefna Ríkisspítala markast af því að aðhald er mikið í öllum stofnkostnaðarverkefnum þessa frumvarps. Nær engin ný verkefni eru hafin og framhaldsvinna við þegar hafin verkefni er minni en ætla hefði mátt í meðalári. Til stofnkostnaðar undir *Stjórnarnefnd Ríkisspítala* eru ætlaðar 80 m.kr. og til *Yfirstjórnar mannvirkjagerðar á Landspítalalóð* 70 m.kr. og að lokum 29.900 þús. kr. til að ljúka framkvæmdum að *Ármúla 1a.* Samtals nemur framlag til launa 3.364.638 þús. kr. og hækkar um 15% frá fjárlögum 1989. Önnur gjöld til rekstrar nema 1.749.730 þús. kr. og hækka um 8% frá tölu fjárlaga 1989. Sértekjur eru áætlaðar 558.510 þús. kr. og hækka um 32%. Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu framlags til rekstrar á hvert viðfangsefni og breytingu frá fjárlögum 1989. Hækkun milli viðfangsefna er mismikil, en eins og segir hér að framan, hefur átt sér stað tilfærsla milli viðfangsefna:

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Legudeildir, svæfinga- og gjörgæsludeildir	2.085.514	2.290.318	204.804	10
Geðdeild	688.508	797.345	108.837	16
Stofnanir öryrkja og þroskaheftra	283.270	278.261	-5.009	-2
Stoðdeildir, rannsóknastofur	548.118	636.883	88.765	16
Þjónustudeildir	921.596	1.111.561	189.965	21
Óbreytt starfsemi	10.887	-	-10.887	.
Samtals	4.537.893	5.114.368	576.475	13

372 Borgarspítalinn í Reykjavík

Heildarfjárveiting til spítalans nemur 2.393.472 þús. kr. en þar af eru 1.797.962 launakostnaður, 898.910 þús. kr. önnur rekstrargjöld, 44.200 þús. kr. til stærri viðhaldsverkefna, og 45.000 þús. kr. til ýmissa eignakaupa, aðallega til endurnýjunar og viðhalds tækja. Þá er veitt 10.000 þús. kr. til nýframkvæmda, aðallega til B-álmu. Álag á grunnlaun er 67% auk launatengdra gjalda. Stöðugildi verða 1.143 að tölu og fjölgar um 7,5 frá fyrra ári. Er þar um að ræða stöður þriggja hjúkrunarfræðinga á slysadeild auk hálfs stöðugildis smitsjúkdómalæknis. Fjölgun á slysadeild er vegna breytinga á fyrirkomulagi, þar sem styrkja á móttöku og fyrstu greiningu. Nú er ennfremur áætlað fyrir heilsársrekstri á einni deild í B-álmu sem einungis var áætlaður fjögurra mánaða rekstur á í fjárlögum 1989.

373 St. Jósefsspítali, Landakoti

Heildarframlag til spítalans nemur 1.046.419 þús. kr. Til rekstrar er veitt 1.186.039 þús. kr. og þar af eru laun 760.609 þús. kr. og hækka um 17%. Stöðugildi eru samtals 455,5 og hefur fjölgað um 9,8 frá fyrra ári. Er sú fjölgun í samræmi við tillögur samstarfsnefndar um rekstur sjúkrahússins og er þar um að ræða 2 stöður fóstra, 3 stöður sjúkraliða, 2 stöður skrifstofumanna og 2,8 stöðugildi almennra starfsmanna. Auk launa grunnheimilda er áætlað fyrir verk- og lífeyrisgreiðslum til 32 sérfræðinga, samtals 880.000 einingar. Sértekjur eru áætlaðar 176.270 þús. kr. Til viðhalds húsnæðis o.fl. eru áætlaðar 6.500 þús. kr. og til ýmissa eignakaupa 10.000 þús. kr. Þá er 10.000 þús. kr. varið til röntgentækjakaupa á sérstöku viðfangsefni.

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Viðfangsefni á þessum fjárlagalið eru sjö talsins. Á liðinn *Viðhald sjúkrahúsa, óskipt* eru ætlaðar 32.500 þús. kr. og er það framlag til stærri viðhaldsverkefna á sjúkrahúsum öðrum en þeim fjórum stærstu sem áður var fjallað um. Til *tækjakaupa, óskipt* er 30.000 þús. kr. framlag og er það aðallega til endurnýjunar á stærri tækjum svo sem röntgentækjum, og til *byggingar sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða* 200.000 þús. kr., en fjárveitingarnefnd mun að venju skipta þeim lið á einstök verkefni. Í sérstöku fylgiskjali er að finna yfirlit um allar framkvæmdir við heilbrigðisstofnanir sem unnið er að á vegum Framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins. Til *St. Fransiskusspítalans í Stykkishólmi* er veitt 9.000 þús. kr. til stofnkostnaðarframkvæmda og 9.500 þús. kr. til heilsugæslu í Garðabæ

og er það önnur árleg greiðsla af þremur sem ríkissjóður innir af hendi til kaupa á húsnæði fyrir heilsugæsluna. Til *heilsugæslu í Reykjavík* er veitt 52.000 þús. kr. og er þar um að ræða framlag til að ljúka byggingu og tækjavæðingu heilsugæslustöðva við Hraunberg og Garðastræti í samræmi við samning sem gerður hefur verið á yfirstandandi ári milli heilbrigðismálaráðherra, fjármálaráðherra og Reykjavíkurborgar. Þá er 2.000 þús. kr. veitt til byggingar eða kaupa *heimilis fyrir mænuskaddaða* en það er nýtt viðfangsefni.

385 Framkvæmdasjóður aldraðra

Framlag til *Framkvæmdasjóðs aldraðra* er 160.000 þús. kr., hið sama og í fjárlögum 1989. Með lögum um málefni aldraðra nr. 82/1989 var tekið upp aftur sérstakt 2.500 kr. gjald á hvern gjaldanda, en það hafði áður verið til í lögum en fallið niður á yfirstandandi ári. Gjaldi þessu er ætlað að gefa af sér um 230 m.kr. á árinu 1990, en framlag til sjóðsins er óbreytt að krónutölu í þessu frumvarpi frá yfirstandandi fjárlögum. Ætlun stjórnvalda er að flytja frumvarp á komandi þingi þess efnis að hlutverk sjóðsins verði endurskilgreint þannig að það taki ekki aðeins til framkvæmda eins og nú er heldur einnig til rekstrarþátta í tengslum við skyld verkefni. Verður því að taka nánara tillit til þessa þáttar þegar frumvarp þetta er í meðförum Alþingis.

399 Heilbrigðismál, ýmis framlög

Eftirfarandi yfirlit sýnir hvernig fjárveitingar undir þessum lið skiptast í samanburði við fjárlög yfirstandandi árs:

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Eiturefnanefnd	1.688	622	-1.066	-63
Daggjaldanefnd	2.574	2.891	317	12
Neyslu- og manneldismál	5.954	8.497	2.543	43
Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	-	2.000	2.000	
Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsleit	62.950	73.100	10.150	16
Minningarsjóður Landspítalans	7.000	8.000	1.000	14
Hjartavernd, Mónica-rannsóknir	2.850	2.850	-	.
Hjartavernd	6.270	7.270	1.000	16
Kostnaður vegna laga nr. 25/1975	922	1.075	153	17
Kostnaður skv. lögum um farsóttir sóttvarnir og ofnæmi	29.490	36.701	7.211	24
Tóbaksvarnir	5.130	5.350	220	4
Ljósmæðralaun	1.709	2.117	408	24
Norræni heilsugæsluskólinn	11.390	12.470	1.080	9
Ýmis framlög	7.280	9.500	2.220	30
Kvartananefnd	150	190	40	27
Kynsjúkdómar, eyðni	8.390	9.833	1.443	17
Réttargeðlækningar	300	-	-300	.
Samtals	154.047	182.466	28.419	18

Helstu breytingar á viðfangsefnum undir þessum lið eru eftirfarandi: Mest af starfsemi Eiturefnanefndar hefur verið færð undir *80-325 1.05 Eiturefnaeftirlit*. Framlag til *neyslu-*

og manneldismála hefur verið aukið nokkuð, eða úr 5.954 þús. kr. 1989 í 8.497 þús. kr. á næsta ári. Tekinn hefur verið upp nýr liður, *krabbameinsskráning*, sem fram fer hjá Krabbameinsfélagi Íslands. Er 2.000 þús. kr. veitt til þessa liðar.

480 Heilsugæslustöðvar

Miklar breytingar hafa orðið á þessu viðfangsefni með lögum um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Skv. 5. gr. þeirra laga ber ríkissjóði nú að greiða rekstrarkostnað heilsugæslustöðva en áður bar honum eingöngu að greiða launakostnað fastráðinna lækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra og sjúkraþjálfara. Liðurinn *08-391 Heilsugæslustöðvar* hefur nú fengið nýtt númer, *08-480*. Þar undir eru fjórir liðir. Hinn fyrsti er 1.01 en á honum er sá kostnaður sem áður var greiddur af ríkissjóði, mestmegnis laun. Liður 1.02 hefur að geyma þann viðbótarkostnað sem ríkissjóður verður fyrir við að yfirtaka rekstrarkostnað heilsugæslustöðva. Á lið 1.03 er áætlun um þann tannlæknakostnað sem áður var greiddur af sveitarfélögum og færist nú yfir á ríkissjóð. Í greinargerð með frumvarpi til ofangreindra laga var summan af kostnaði þeim sem nú er færður á liði 1.02 og 1.03 talinn nema 260 m.kr. á verðlagi 1988, sem jafngildir um 380 m.kr. á verðlagsforsendum þessa frumvarps. Þegar unnið hefur verið úr upplýsingum frá sveitarfélögunum nú, reynist kostnaðurinn vera mun meiri, eða sem næst 870 m.kr. Ljóst er að með þeim niðurstöðum sem nú liggja fyrir um rekstrarkostnað heilsugæslu sem færast til ríkisins, eru forsendur samkomulagsins um fjármálauppgjör vegna verkaskiptingarinnar gerbreyttar og því nauðsyn að endurskoða það. Hefur mál þetta verið tekið upp við Samband íslenskra sveitarfélaga og er nánar reifað í 4. kafla þessarar greinargerðar. Til viðhalds heilsugæslustöðva er varið 15 m.kr., nær jafnhárri fjárhæð og í fjárlögum 1989.

998 Ráðstöfunarfé

Liður þessi er nýr og er ætlaður til að mæta óvæntum útgjöldum, sem leyst hafa verið með aukafjárveitingum. Um frekari skýringar vísast til umfjöllunar í kafla 4.1 hér að framan. Framlag undir þessum lið er 8.000 þús. kr.

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld til málefnaflokka fjármálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Ráðuneyti o.fl.	191.732	258.878	67.146	35
Skatta- og tollamál	789.581	1.214.449	424.868	54
Verðlagsmál og ríkisábyrgðir	1.948.090	2.951.000	1.002.910	51
Annað	610.556	919.565	309.009	51
Samtals	3.539.959	5.343.892	1.803.933	51
Þar af markaður tekjustofn	160.000	200.000	40.000	25

Fjárlagaliðum fjármálaráðuneytis er skipað í málefnaflokka á eftirfarandi hátt:

Ráðuneyti o.fl.:

101 Fjármálaráðuneyti, hið almenna ráðuneyti; 102 Launaskrifstofa ríkisins; 103 Ríkisbókhald; 104 Ríkisféhirðir; 105 Ríkislögmaður.

Skatta- og tollamál:

201 Ríkisskattstjóri; 202-212 Skattstofur; 214 Ríkisskattanefnd; 251 Gjaldheimtur og innheimtukostnaður; 261 Ríkistollstjóri; 262 Tollstjórinn í Reykjavík.

Verðlagsmál og ríkisábyrgðir:

381 Uppbætur á lífeyri; 971 Ríkisábyrgðir og tjónabætur; 989 Launa- og verðlagsmál.

Annað:

402 Fasteignamat ríkisins; 481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum; 901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins; 981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs; 998 Ráðstöfunarfé; 999 Ýmislegt.

Hér verður greint frá helstu breytingum á framlögum til einstakra málefnaflokka.

Hækkun útgjalda málefnaflokksins *Ráðuneyti o.fl.* á sér ýmsar orsakir sem greint er frá í umfjöllun um einstakar stofnanir en almennt má segja að kostnaður við rekstur ráðuneytisins og stofnana þess hafi farið vaxandi undanfarin ár án þess að nægjanlegt tillit hafi verið tekið til þess við fjárlagagerð.

Útgjöld vegna *Skatta- og tollamála* aukast mikið á næsta ári vegna upptöku virðisaukaskatts. Munar þar mest um fjölgun starfsmanna á skattstofum og hjá ríkisskattstjóra en álagning virðisaukaskatts krefst mun meiri vinnu en álagning söluskatts þar sem gjaldendur eru ríflega tvöfalt fleiri, eins og gerð var grein fyrir þegar lögin voru til meðferðar hjá Alþingi. Auk þess hefur staðgreiðsla tekjuskatts haft í för með sér þörf fyrir meiri mannafla en gert er ráð fyrir í fjárlögum líðandi árs. Í þriðja lagi hefur kostnaður við gjaldheimtur og annar innheimtukostnaður hækkað umfram verðlag og ræður þar mestu hækkun skýrsluvélakostnaðar og hert framkvæmd innheimtu.

Undir málefnaflokkinn *Verðlagsmál og ríkisábyrgðir* heyra útgjaldaliðir sem teljast vera hreinar áætlunarstærðir og tengjast þróun verðlags og efnahagslífs.

Útgjaldabreytingar í flokknum *Annað* eru skýrðar í umfjöllun um einstakar stofnanir flokksins en þær eru af ýmsum toga. Fjárlagaliðurinn *útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum* tengist aðallega þeim útgjaldaheimildum er felast í 6. grein fjárlaga og er hann nú hækkaður um 50.000 þús. kr. Þá hækkar fjárlagaliðurinn *981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs* um 67.700 þús. kr., m.a. vegna ýmissa framkvæmda sem ákveðið var að fresta við síðustu fjárlagagerð og nú eiga að halda áfram. Þá er og verið að taka í notkun húsnæði fyrir menntamálaráðuneyti, Hagstofu Íslands og Ríkisbókhald og losa þar með leiguhúsnæði. Í þriðja lagi er töluverð hækkun á ýmsum skýrsluvélakostnaði sem færður er undir *999 Ýmislegt.*

Markaður tekjustofn fjármálaráðuneytis er áhættugjald ríkisábyrgða sem ætlað er að standa undir kostnaði Ríkisábyrgðasjóðs.

Nú verður fjallað um helstu breytingar á fjárveitingum og starfsemi stofnana sem heyra undir fjármálaráðuneyti.

101 Hið almenna ráðuneyti

Síðustu ár hafa fjárveitingar til ráðuneytisins að jafnaði verið nokkuð lægri en raunkostnaðartölur hafa gefið tilefni til. Á þessu er nú ráðin bót eins og hjá öðrum ráðuneytum sem eins er ástatt með. Skýrir það hækkun frá fjárlögum 1989 þar sem tölur eru lagaðar að raunverulegum kostnaði. Rekstrarframlag til ráðuneytisins hækkar

um 23.181 þús. kr. og verður 89.294 þús. kr. Ein staða bætist tímabundið við hjá ráðuneytinu vegna vinnu við launa- og réttindamál er varða breytta verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Launagjöld hækka um 28% og verða 58.624 þús. kr. Hefur þá verið tekið tillit til reynslutalna um yfirvinnu sem eru allnokkru hærri en gert er ráð fyrir í fjárlögum 1989 . Önnur rekstrargjöld hækka um 10.280 þús. kr. frá fjárlögum líðandi árs og verða 30.670 þús. kr. Til *eignakaupa* ráðuneytisins eru veittar 1.800 þús. kr.

102 Launaskrifstofa ríkisins

Rekstrarumsvif þessarar stofnunar hafa aukist nokkuð undanfarin ár vegna þeirrar þróunar á vinnumarkaði að æ fleiri stéttarfélög hafa rétt til að gera kjarasamninga við ríkið. Vegna þessa var á síðasta ári stofnað sérstakt launa- og samningasvið sem er stoðaðili við gerð kjarasamninga á vegum ríkisins. Jafnframt er upplýsingasöfnun sinnt í vaxandi mæli en kostnaður vegna þess fer vaxandi. Rekstrarframlag til stofnunarinnar hækkar um 18.638 þús. kr. og verður 64.054 þús. kr. Þar af verða launagjöld 49.384 þús. kr. sem er 44% hækkun frá fjárlögum. Stöðugildum verkefnaráðinna er fjölgað um fimm og miðast áætlun launagjalda þá alls við 32 heilsársstörf. Vegna fjölgunar staða hækka launagjöld töluvert umfram almenna hækkun en einnig vegna þess að yfirvinnukostnaður hefur aukist mikið og áætlun tekur mið af því. Framlag til kaupa á ýmsum skrifstofubúnaði er 4.000 þús. kr.

103 Ríkisbókhald

Rekstrarframlag til ríkisbókhalds hækkar úr 42.498 þús. kr. í 55.660 þús. kr. eða um 31% frá fjárlögum 1989. Hækkun umfram verðlag er aðallega vegna hærri launakostnaðar miðað við gildandi fjárlög. Ástæða þessa er einkum aukin verkefni sem lögð hafa verið á stofnunina síðustu ár, m.a. í tengslum við uppgjör staðgreiðslu, álagningu bifreiðagjalda svo og uppbygging og eftirlit með tekjubókhaldskerfi ríkisins. Fjárlagaheimildum til lausráðninga fjölgar um tvær og eru þá sjö alls en föst stöðugildi eru 27,5. Gert er ráð fyrir að ríkisbókhald flytjist í nýtt húsnæði á Sölvhólsgötu 7 í nóvember á næsta ári. Framlag til húsbúnaðar- og tölvukaupa er 4.000 þús. kr.

104 Ríkisféhirðir

Fjárveiting til ríkisféhirðis hækkar um 27% frá fjárlögum 1989 og verður 24.451 þús. kr. Launagjöld eru óbreytt að raungildi en önnur rekstrargjöld hækka hins vegar um 35% umfram verðlag og verða 9.630 þús. kr. Ástæður þess eru nokkrar og ber fyrst að nefna kostnaðaraukningu með tilkomu staðgreiðslukerfis skatta. Í öðru lagi fjölgar á ári hverju þeim stofnunum sem eru í þjónustu ríkisféhirðis og veldur það sjálfkrafa nokkurri kostnaðaraukningu. Í þriðja lagi verður tímabundinn kostnaðarauki af því að ljúka tölvuvæðingu hjá stofnuninni og má ætla að hann verði u.þ.b. 1.000 þús. kr. Þá má ætla að einhver rekstrarkostnaður falli á stofnunina vegna reksturs tékkaeftirlitskerfis sem nýlega var tekið í notkun.

105 Ríkislögmaður

Fjárveiting til embættis ríkislögmanns verður 15.619 þús. kr. og hækkar um 25% frá gildandi fjárlögum. Hækkun umfram verðlag má rekja til fjölgunar á verkefnum embættisins sem í auknum mæli hefur þurft að fela lögmönnum utan stofnunarinnar. Launagjöld stofnunarinnar hækka um 20% og verða 9.739 þús. kr. en önnur rekstrargjöld verða 5.980 þús. kr. sem er 34% hækkun frá fjárlögum.

201 Ríkisskattstjóri

Upptaka virðisaukaskatts í stað söluskatts hefur í för með sér þörf fyrir verulega aukinn mannafla og því er áætlað fyrir 18 nýjum stöðum í gjaldadeild embættis ríkisskattstjóra. Með þessari viðbót verða heilsársstöður embættisins 82,5 á næsta ári en gert er ráð fyrir að þar af verði 5-10 stöður með tímabundinni ráðningu meðan nýjar vinnuaðferðir vegna virðisaukaskatts eru í mótun. Eftir er að fjalla um þessa aukningu í ráðninganefnd. Áætluð launagjöld verða 143.084 þús. kr. eða um 49% hærri en í gildandi fjárlögum. Alls hækkar rekstrarframlag til embættis ríkisskattstjóra um 50% og verður 178.634 þús. kr. Gert er ráð fyrir að á næsta ári flytjist embættið með alla starfsemi sína í Víðishúsið að Laugavegi 166 en áður hafði skattrannsóknadeild embættisins flust í það húsnæði. Vegna þessa flutnings verður framlag til kaupa á húsbúnaði 8.000 þús. kr. en gert er ráð fyrir að þeim kaupum verði lokið á árinu 1991. Undir sama stofnkostnaðarviðfangsefni er gert ráð fyrir 6.000 þús. kr. til kaupa á tölvubúnaði.

202-211 Skattstofur

Heildarframlag til skattstofanna verður 346.027 þús. kr. og hækkar um 96.277 þús. kr. eða 39% frá fjárlögum 1989. Í byrjun næsta árs verður tekið upp kerfi virðisaukaskatts í stað söluskatts og hefur það í för með sér töluverða fjölgun starfa á skattstofunum. Jafnframt er nú komin reynsla á staðgreiðslukerfi tekjuskatta og nauðsynlegt hefur reynst að fjölga stöðum vegna þess. Alls er fjölgað um 27 stöður sem dreifast misjafnlega á skattstofurnar. Þar af teljast 16 stöður vera í tengslum við virðisaukaskatt en 11 eru vegna staðgreiðslukerfis skatta. Vegna þessarar fjölgunar verður bein hækkun á launalið skattstofanna um 43.000 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka eins og verðlagsbreytingar gefa tilefni til. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram skipting heildarframlagsins á einstakar skattstofur og fjöldi fastra stöðugilda samkvæmt frumvarpinu en ráðninganefnd á eftir að fjalla um viðbótarstöðurnar:

	Fjöldi stöðu-gilda	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Skattstofan í Reykjavík	78,5	95.630	130.886	35.256	37
Skattstofa Vesturlands	11,0	18.541	21.395	2.854	15
Skattstofa Vestfjarða	7,0	11.976	17.597	5.621	47
Skattstofa Norðurlands vestra	8,17	12.344	16.843	4.499	36
Skattstofa Norðurlands eystra	22,0	29.555	40.252	10.697	36
Skattstofa Austurlands	11,0	16.311	21.049	4.738	29
Skattstofa Suðurlands	13,0	16.436	25.195	8.759	53
Skattstofa Vestmannaeyja	4,5	7.069	10.420	3.351	47
Skattstofa Reykjaness	39,0	41.888	62.390	20.502	49
Samtals	194,17	249.750	346.027	96.277	39

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir eftirtöldum breytingum á föstum stöðugildum einstakra skattstofa: Fjölgað er um 6,5 stöðugildi á *Skattstofunni í Reykjavík*, um tvær stöður á *Skattstofu Vestfjarða*, um eina stöðu á *Skattstofu Norðurlands vestra*, um fjórar stöður á *Skattstofu Norðurlands eystra*, um tvær stöður á *Skattstofu Austurlands*, um fjórar stöður á *Skattstofu Suðurlands*, um hálfa stöðu á *Skattstofu Vestmannaeyja* og um sjö

stöður á *Skattstofu Reykjaness*. Auk þess er tímabundið bætt við hálfri stöðu á *Skattstofu Vesturlands*. Framlag er veitt til stærstu skattstofanna til kaupa á skrifstofubúnaði og auk þess fær *Skattstofan í Reykjavík* 2.300 þús. kr. til kaupa á tölvubúnaði.

212 Skattakerfið, ýmis útgjöld

Undir þessum fjárlagalið er áætlað fyrir ýmsum sameiginlegum útgjöldum og öðrum kostnaði sem tilheyrir *skatta-og tollamálum*. Fjárveiting til þessara kostnaðarliða hækkar um 116.297 þús. kr. frá fjárlögum þessa árs en þar af eru 68.000 þús. kr. framlag til stofnkostnaðar. Útgjöld af viðfangsefninu *sameiginleg útgjöld skattstofa o.fl.* eru áætluð 116.036 þús. kr. og er þar fyrst og fremst um að ræða reglubundin sameiginleg útgjöld skattstofanna, svo sem vegna prentunar á framtalsgögnum, tölvuvinnslu skattálagningar, hefðbundinna auglýsinga og fleira. Einnig verður greidd af þessum lið sérstök kynning á tekju og útgjaldahlið ríkisfjármála. Þá er sérstakt rekstrarviðfangsefni fyrir prentunar-, auglýsinga- og kynningarkostnað vegna upptöku virðisaukaskatts á næsta ári og eru 37.100 þús. kr. ætlaðar til þess. Til *nýsmíði hugbúnaðar vegna virðisaukaskatts* eru ætlaðar 53.000 þús. kr. á næsta ári. Fjárveiting til *tölvubúnaðar* verður 15.000 þús. kr.

214 Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd

Fjárveiting til nefndarinnar verður 21.429 þús. kr. og hækkar um 48% frá fjárlögum þessa árs. Fastar stöðuheimildir eru sjö en nú er miðað við að þeim verði fjölgað, a.m.k. tímabundið, um tvær. Álag á nefndinni hefur aukist mikið og þar sem vinna við úrskurði er tímafrek er hætta á að mál tefjist þar. Bið eftir úrskurði getur oft valdið kostnaði annars staðar í skattakerfinu auk þess sem innheimta álagðra gjalda tefst jafnlengi og úrskurðirnir.

251 Gjaldheimtur og innheimtukostnaður

Þessi fjárlagaliður hefur hingað til tilheyrt Gjaldheimtunni í Reykjavík einni en er nú breytt á þann veg að hann verður almennur liður fyrir allar gjaldheimtur og innheimtukostnað sem fellur á ríkissjóð. Hér er því færður kostnaður sem áður hefur verið bókaður á fjárlagaliðinn *09-999 Ýmislegt* og falla þar niður viðfangsefnin *ýmis innheimtukostnaður* og *þungaskattsálagning með ökumælum*. Þá er stofnað nýtt viðfangsefni fyrir *Gjaldheimtu Suðurnesja* en kostnaður vegna hennar var áður færður undir *ýmsan innheimtukostnað*. Þá er áætlað fyrir *kostnaði vegna sérstakra innheimtuaðgerða*. Skipting fjárlagaliðarins er sem hér segir:

	Fjárlög 1989	Frumvarp 1990	Breyting	
	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	%
Gjaldheimtan í Reykjavík	41.420	68.325	26.905	65
Gjaldheimta Suðurnesja	-	4.160	4.160	-
Ýmis innheimtukostnaður	28.840	32.770	3.930	14
Kostnaður vegna sérstakra innheimtuaðgerða	-	5.000	5.000	-
Þungaskattsálagning með ökumælum	3.740	3.966	226	6
Samtals	74.000	114.221	40.221	54

261 Ríkistollstjóri

Embætti ríkistollstjóra var stofnsett með breyttum tollalögum er tóku gildi hinn 1. september 1987. Undir það embætti færðust Tollgæsla Íslands, endurskoðunardeild og tollstjórnardeild, en sú deild hefur umsjón með framkvæmd tollalöggjafarinnar. Í fjárlögum 1989 var gerð sú breyting að flytja stöður tollvarða við almenna tollgæslu undir *Tollstjórann í Reykjavík* og embætti sýslumanna og bæjarfógeta þar sem við átti. Jafnframt var samþykkt að fjölga stöðum embættisins um sex. Ráðninganefnd ríkisins hefur heimilað tilflutning á stöðu yfirlögfræðings frá *Tollstjóranum í Reykjavík*. Að auki er bætt við þremur nýjum stöðum og hefur embættið samkvæmt frumvarpinu 18 fastar stöðuheimildir og 6 verkefnabundnar. Eftir samþykkt fjárlaga 1989 hefur komið í ljós að gjöld embættisins voru vanáætluð miðað við það rekstrarumfang sem lögin hafa ætlað því. Af þeim sökum hækkar framlag til rekstrarins allmikið umfram almennar verðlagshækkanir eða um 56% og verður 70.418 þús. kr. Þar af verða launagjöld 36.308 þús. kr. en önnur rekstrargjöld 34.500 þús. kr. Stór hluti annarra gjalda felst í rekstri tölvukerfis sem ekki var reiknað með í rekstrarforsendum fjárlaga. Framlag til kaupa og viðhalds tölvubúnaðar verður 3.700 þús. kr.

262 Tollstjórinn í Reykjavík

Rekstrarfjárveiting til embættisins hækkar úr 206.477 þús. kr. í fjárlögum 1989 í 241.684 þús. kr. eða um 17%. Gert er ráð fyrir að umfang rekstrarins verði óbreytt frá því sem miðað er við í fjárlögum líðandi árs utan þess tilflutnings á stöðu sem minnst er á í umfjöllun um *Ríkistollstjóra*. Sú stöðuheimild dregst af 60 stöðum *tollgæslu* sem færðar eru undir *Tollstjórann í Reykjavík* í fjárlögum, sbr. umfjöllun um *Ríkistollstjóra*. Ráðninganefnd ríkisins hefur staðfest tvær verkefnabundnar stöður sem fastar. Auk 59 fastra stöðuheimilda við *tollgæslu* eru þá 67 fastar stöður við innheimtu og meðferð tollskjala auk fjögurra stöðugilda samkvæmt tímabundinni fjárveitingu. Framlag til kaupa á tölvubúnaði og bifreið verður 3.200 þús. kr.

381 Uppbætur á lífeyri

Á þennan lið er fært það fé sem greitt er úr ríkissjóði vegna verðbóta á lífeyri ríkisstarfsmanna. Er gert ráð fyrir að það verði lækkað nokkuð og að sjóðurinn beri sjálfur lífeyrisgreiðslur, þar á meðal verðtryggingu að hluta eftir því sem iðgjöld og aðrar tekjur sjóðsins nægja. Þessi tilhögun mun ekki verða til þess að skerða rétt sjóðsfélaga. Samkvæmt gildandi reglum fellur hluti lífeyrisgreiðslna úr sjóðnum á ríkissjóð. Greiðslur úr ríkissjóði vegna verðtryggingar eru hins vegar miklu meiri en til þarf til að standa við skuldbindingar sjóðsins á ári hverju og er mismuninum varið til að efla eiginfjárstöðu sjóðsins, fyrst og fremst í formi ríkisskuldabréfa. Lífeyrisréttindi sjóðsfélaga ráðast hins vegar ekki af stöðu sjóðsins. Á árinu 1988 voru lífeyrisgreiðslur alls um 1,6 milljarðar króna, þar af bar sjóðurinn einungis rúmlega hálfan milljarð. Annað var greitt með svokallaðri verðtryggingu launagreiðenda. Á sama tíma voru iðgjaldatekjur sjóðsins rúmlega 1 milljarður króna og greiddir vextir til sjóðsins um 430 m. kr.

481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Undir þessum fjárlagalið er áætlað fyrir útgjöldum ríkissjóðs vegna heimildarákvæða samkvæmt 6. grein frumvarpsins, svo og útgjöldum sem ríkissjóði er gert að inna af hendi samkvæmt ýmsum sérlögum en ekki var hægt að sjá fyrir við samningu

fjárlagafrumvarps eða afgreiðslu fjárlaga. Framlag er áætlað 200.000 þús. kr. og er það 50.000 þús. kr. hærra framlag en í fjárlögum 1989. Hækkun er fyrst og fremst gerð með tilliti til þess að á þennan lið verði færð heildarfjárhæð fasteignakaupa til samræmis við bókhaldsreglur.

901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins

Stofnunin starfar samkvæmt lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, og felast verkefni hennar í að annast eftirlit með verklegum framkvæmdum og undirbúa verkútboð og gerð verksamninga. Alls eru starfsmenn 15 talsins og þar af er einn lausráðinn. Til nýrra verkefna, og þá aðallega gerðar skilamats, er áætlað að verja 1.750 þús. kr. á næsta ári. Gert er ráð fyrir nýjum verkefnum undir öðrum rekstrargjöldum en þau verða 41.597 þús. kr. Rekstur stofnunarinnar er fjármagnaður af sértekjum en henni er gert að skila til ríkissjóðs andvirði 20% launagjalda eða 5.053 þús. kr.

971 Ríkisábyrgðir og tjónabætur

Á þessum fjárlagalið hefur verið gerð sú breyting að auk útgjalda *Ríkisábyrgðasjóðs* eru nú færðar þar á sérstöku viðfangsefni *tjónabætur* sem falla á ríkissjóð vegna þess að fjármunir eru ekki tryggðir umfram skyldutryggingu. Um leið er heiti fjárlagaliðarins breytt til samræmis við það. Upphæð *tjónabóta* er áætluð 50.000 þús. kr. á næsta ári en útgjöld *Ríkisábyrgðasjóðs* eru áætluð 250.000 þús. kr. Áhættugjald ríkisábyrgða er markað sem tekjustofn sjóðsins og er ætlað að það verði 220.000 þús. kr. á næsta ári eða 60.000 þús. kr. hærri upphæð en í fjárlögum 1989. Með lögum nr. 68/1987, um ráðstafanir í fjármálum, var þetta gjald ákveðið þannig að greidd skyldu 1,5% af ábyrgðarupphæð í áhættugjald af einfaldri ábyrgð ríkissjóðs og 2% af sjálfskuldarábyrgð. Á árinu 1990 eru innheimtur af þessum ábyrgðum áætlaðar 30.000 þús. kr. Auk þess skulu aðilar, er njóta lögum samkvæmt ábyrgðar ríkissjóðs, greiða 0,0625% ábyrgðargjald ársfjórðungslega af skuldbindingum sínum í erlendum gjaldeyri. Á árinu 1990 eru innheimtur þessa gjalds áætlaðar 190 m.kr.

981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Fjárveiting af þessum lið verður 96.100 þús. kr. og skiptist milli átta viðfangsefna. Til undirbúnings- og hönnunarkostnaðar vegna nýbyggingar við Arnarhvol eru veittar 1.000 þús. kr. Til að gera húsnæði á *Laugavegi 166* hæft til innflutnings fyrir ríkisskattstjóra verða veittar 30.000 þús. kr. á næsta ári. Til að ljúka frágangi á lóð við *stjórnsýsluhúsið á Ísafirði* eru veittar 1.000 þús. kr. Til áframhalds á frágangi innanhúss að *Bjarnarbraut 8, Borgarnesi* eru veittar 15.000 þús. kr. Til að kosta breytingar á húsnæði fyrir *Skattstofuna í Reykjavík* í *Tollhúsinu við Tryggvagötu* eru veittar 2.000 þús. kr. Til að gera tvær efstu hæðirnar á *Sölvhólsgötu 7* tilbúnar undir tréverk og ganga endanlega frá annarri eru veittar 25.000 þús. kr. Miðað er við að *Ríkisbókhald* geti flutt inn á síðari hluta ársins. Til að kosta breytingar á húsnæðinu að *Sölvhólsgötu 4* eru veittar 9.100 þús. kr. og til að gera nauðsynlegar breytingar á húsnæðinu að *Skuggasundi 3*, svokölluðu Edduhúsi, eru veittar 13.000 þús. kr. Gert er ráð fyrir að Hagstofa Íslands flytjist í húsið í mars á næsta ári.

989 Launa- og verðlagsmál

Eins og fram kemur í kafla 2.1 í greinargerðinni er fjárlagafrumvarpið miðað við þróun hagstærða eins og hún er sett fram í þjóðhagsáætlun. Þar er gert ráð fyrir að verðlagsbreytingar milli áranna 1989 og 1990 verði um 16%. Framlög vegna

rekstrarkostnaðar ríkisstofnana eru á fjárlagaliðum þeirra sett fram á verðlagi eins og áætlað er að það verði í janúar 1990. Á þennan fjárlagalið er færð sú upphæð sem talin er þurfa til að bæta stofnunum upp hækkun gjalda til meðalverðlags 1990. Þó stofnkostnaðarframlög séu almennt miðuð við meðalverðlag á árinu 1990 er nú færð á þennan fjárlagalið fjárhæð til að mæta ófyrirséðum stofnkostnaðargreiðslum. Löng reynsla er fyrir því að við uppgjör á verksamningum koma fram kröfur vegna aukaverka og verðbóta sem ekki er komist hjá að greiða. Þessar aukagreiðslur eru þó mjög mismunandi og því ekki heppilegt að áætla fyrir þeim á hverjum lið um sig. Að lokum er einnig fært á þennan lið fé sem áætlað er til að mæta útgjöldum sem byggjast á samþykktum ríkisstjórnarinnar, sbr. skýringar í niðurlagi kafla 4.1.

998 Ráðstöfunarfé

Liður þessi er nýr og er ætlaður til að mæta tilfallandi útgjöldum, sem leyst hafa verið með aukafjárveitingum. Um frekari skýringar vísast til umfjöllunar í kafla 4.1 hér að framan. Framlag til þessa verður 5.000 þús. kr.

999 Ýmislegt

Hér á eftir kemur fram skipting framlags á einstök viðfangsefni þessa fjárlagaliðar:

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Símakostnaður og burðargjöld	35.228	52.061	16.833	48
Skýrsluvélakostnaður vegna launagreiðslna	35.340	52.560	17.220	49
Skýrsluvélakostnaður vegna tekjubókhalds	67.150	106.220	39.070	58
Kjarasamningar	5.143	7.385	2.242	44
Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	1.730	4.950	3.220	186
Kjararannsóknir	2.780	4.658	1.878	68
Bókhaldskerfi ríkisins	1.770	3.710	1.940	110
Ýmis sameiginlegur kostnaður	15.000	15.640	640	4
Styrkur til blaðaútgáfu	50.000	61.830	11.830	24
Ýmsar endurgreiðslur	10.000	35.000	25.000	250
Lífeyrissjóðir sjómanna	990	1.150	160	16
Lífeyrissjóður bænda	75.790	80.600	4.810	6
Starfsmenntunar- og þróunarsjóður	-	91.380	91.380	.
Milliþinganefndir	230	-	-230	-100
Ýmsar nefndir	-	4.558	4.558	.
Sektarnefnd	-	1.413	1.413	.
Dómkröfur og málskostnaður	5.890	7.280	1.390	24
Til útgáfumála skv. ákvörðun þingflokka	22.000	26.140	4.140	19
Óviss útgjöld	35.000	30.000	-5.000	-14
Samtals	364.041	586.535	222.494	61

Helstu breytingar, sem vert er að nefna, eru þessar: Framlög til ýmissa viðfangsefna hækka umfram almennar verðlagshækkanir þar sem tekið hefur verið mið af raunkostnaði liðins árs og má þar nefna *símkostnað og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið, skýrsluvélakostnað vegna launagreiðslna, skýrsluvélakostnað vegna tekjubókhalds, kjarasamninga, tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum, kjararannsóknir* og

bókhaldskerfi ríkisins. Ýmsar endurgreiðslur hækka úr 10.000 þús. kr. í 35.000 þús. kr. en framlag af því viðfangsefni er ætlað til að endurgreiða einstaklingum og samtökum aðflutningsgjöld og kemur í stað undanþága í 6. grein fjárlaga um niðurfellingu slíkra gjalda. Ástæða hækkunarinnar er að greiða þarf eldri skuldaviðurkenningar á næsta ári auk nýrra endurgreiðslna sem ætlað er að komi til á næsta ári. Framlag í *starfsmenntunar- og þróunarsjóð* er nýr liður þar sem áætlað er fyrir þeim 1,5% fastra launa háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna sem renna eiga í sjóð þennan samkvæmt kjarasamningum við BHMR. Tvö viðfangsefni hafa verið felld niður af þessum fjárlagalið og flutt undir fjárlagaliðinn *gjaldheimtur og innheimtukostnaður* en þau eru *ýmis innheimtukostnaður* og *þungaskattsálagning með ökumælum*. Tvö ný viðfangsefni hafa verið stofnuð undir fjárlagaliðnum. Annað er *1.45 Ýmsar nefndir* og þar undir er aðallega áætlað fyrir nefndakostnaði vegna ýmissa fastra nefnda. Hitt er *1.50 Sektarnefnd* en þar undir er áætlað fyrir kostnaði nefndar með þessu heiti sem stofnuð var með nýjum skattalögum. Hlutverk nefndarinnar er að úrskurða í þeim kærumálum er varða sektir og vísað er til nefndarinnar og þjónar hún þeim tilgangi að flýta fyrir kærumeðferð í skattakerfinu.

10 Samgönguráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka þessa ráðuneytis breytast milli ára eins og meðfylgjandi yfirlit sýnir:

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Ráðuneyti	37.564	45.759	8.195	22
Vegamál	3.213.372	4.235.000	1.021.628	32
Siglingamál	950.140	953.206	3.066	0
Flugmál	389.538	512.304	122.766	32
Aðrar stofnanir	233.581	285.567	51.986	22
Annað	249.188	290.905	41.717	17
Samtals	5.073.383	6.322.741	1.249.358	25
Þar af markaðir tekjustofnar	3.960.000	4.330.000	370.000	9

Fjárlagaliðum samgönguráðuneytis er skipt í málefnaflokka á eftirfarandi hátt:

Ráðuneyti:

101 Aðalskrifstofa.

Vegamál:

211 Vegagerð ríkisins.

Siglingamál:

321 Strandferðir, framlög; 331 Vita- og hafnamálaskrifstofan; 332 Vitastofnun Íslands; 333 Hafnamál; 341 Siglingamálastofnun ríkisins; 342 Rannsóknarnefnd sjóslysa.

Flugmál:

471 Flugmálastjórn.

Aðrar stofnanir:
652 Veðurstofa Íslands; 656 Landmælingar Íslands.
Annað:
102 Póst- og símamálastofnunin; 485 Ýmis framlög; 651 Ferðamálaráð; 998 Ráðstöfunarfé.

Hækkun útgjalda til málefnaflokka samgönguráðuneytis er skýrð í umfjöllun um einstakar stofnanir þess.

Markaðir tekjustofnar samgönguráðuneytis breytast milli ára sem hér segir: Innflutningsgjald af bensíni er áætlað 3.060.000 þús. kr. samanborið við 2.830.000 þús. kr. í fjárlögum 1989. Tekjur af þungaskatti hækka úr 1.065.000 þús. kr. í 1.175.000 þús. kr. Samtals nema þessar tekjur 4.235.000 þús. kr. en eru 3.895.000 þús. kr. í gildandi fjárlögum. Tekjur af vitagjaldi hækka úr 26.000 þús. kr. í 36.500 þús. kr. Skipaskoðunargjald er áætlað hið sama og í fjárlögum 1989 eða 39.000 þús. kr. Hluti af vörusölu á Keflavíkurflugvelli hækkar úr 218.400 þús. kr. í 314.000 þús. kr. Með lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, voru sett ákvæði um mörkun tekna af flugvallagjaldi og eldsneytisnotkun. Tekjur af þessum stofni eru innheimtar beint til Flugmálastjórnar og fara til framkvæmda á flugvöllum.

101 Aðalskrifstofa

Rekstrarframlag til aðalskrifstofu samgönguráðuneytis hækkar úr 37.564 þús. kr. á árinu 1989 í 45.759 þús. kr. eða um 22%. Starfsmenn verða tólf eins og áður, þar af einn lausráðinn. Launagjöld hækka um 10% og verða 24.609 þús. kr. Gert er ráð fyrir að önnur gjöld hækki um 39% og verði 21.150 þús. kr. Hækkunina má að mestu leyti rekja til væntanlegrar formennsku í tveimur norrænum samstarfsnefndum. Einnig er fyrirhugað að flytja skjalasafn ráðuneytisins úr húsnæði félagsmálaráðuneytis. Samfara þeim flutningi eru nokkrar breytingar nauðsynlegar.

102 Póst- og símamálastofnunin

Í fjárlögum 1989 eru veittar 157.000 þús. kr. til Póst- og símamálastofnunar undir þessum fjárlagalið. Þetta eru skil á tekjum frá Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO) til Póst- og símamálastofnunar fyrir ýmsa þjónustu í þágu millilandaflugs á íslensku flugstjórnarsvæði. Nú eru þessar tekjur áætlaðar 183.000 þús. kr. Nánar er fjallað um fjárreiður Póst- og símamálastofnunar í greinargerð um B-hluta fyrirtæki og sjóði.

211 Vegagerð ríkisins

Framlag til Vegagerðar ríkisins verður nú 4.235.000 þús. kr. sem er 32% hækkun frá fjárlögum 1989. Tekjustofnar til vegamála eru bensíngjald og þungaskattur og er því ekki gert ráð fyrir beinu ríkisframlagi af almennum skatttekjum.

321 Strandferðir, framlög

Framlög undir þessum lið eru áformuð 292.500 þús. kr. samanborið við 264.609 þús. kr. á árinu 1989. Í fjárlögum 1989 var 155.000 þús. kr. framlagi ríkissjóðs til Skipaútgerðar ríkisins skipt niður á tvö viðfangsefni: *Skipaútgerð ríkisins* og *endurskipulagningu strandflutninga*. Fjárveitingu til síðarnefnda viðfangsefnisins er nú slegið saman við það fyrrnefnda og verður framlag til *Skipaútgerðar ríkisins* 178.000 þús. kr. Nú standa yfir samningaviðræður milli Skipaútgerðar ríkisins, Eimskipafélags

Íslands og skipadeildar Sambandsins um vöruflutninga meðfram ströndum landsins. Áformað er að viðræðunum verði lokið um næstkomandi áramót. Nánar er fjallað um fjárreiður Skipaútgerðar ríkisins í kaflanum um B-hluta fyrirtæki og sjóði. Fjárveiting til viðfangsefnisins *flóabátar og vöruflutningar* nemur 114.500 þús. kr. Samvinnunefnd samgöngumála mun gera tillögu um skiptingu fjárins þegar fjallað verður um frumvarpið á Alþingi.

331 Vita- og hafnamálaskrifstofan

Framlag til rekstrar Vita- og hafnamálaskrifstofunnar nemur 27.208 þús. kr. og lækkar um 2%. Launagjöld verða 47.538 þús. kr. og hækka um 21%. Gert er ráð fyrir að aukin launagjöld skili sér að hluta sem hækkun á sértekjum. Heimilaðar fastar stöður verða eftir sem áður 25 og stöðugildi verkefnaráðinna starfsmanna eitt. Önnur rekstrargjöld hækka um 16% og verða 17.710 þús. kr. Í fjárlögum 1989 er gert ráð fyrir 1.300 þús. kr. framlagi vegna útgáfu leiðsögubókar. Ekki verður gert ráð fyrir framlagi á árinu 1990 vegna þessa verkefnis. Til kaupa á *símstöð* eru veittar 2.300 þús. kr. Í samræmi við ákvæði 6. gr. fjárlaga 1989 er fjármálaráðherra heimilt að selja húseignina að Seljavegi 32 í Reykjavík og verja hluta andvirðisins til að ljúka við að byggja upp aðstöðu fyrir Vita- og hafnamálaskrifstofuna á lóð stofnunarinnar í Kópavogi. Húsið er nú í sölu og framkvæmdir í Kópavogi komnar nokkuð áleiðis. Gert er ráð fyrir 20.000 þús. kr. framlagi til *húsbyggingar* á árinu 1990 og þá miðað við að söluandvirði húseignarinnar við Seljaveg renni í ríkissjóð.

332 Vitastofnun Íslands

Framlag til rekstrarviðfangsefna stofnunarinnar hækkar úr 60.396 þús. kr. á árinu 1989 í 67.189 þús. kr. eða um 11%. Landhelgisgæslan hefur tekið að sér þá þjónustu við vita sem vitaskipið Árvakur sá um. Framlag til viðfangsefnisins *rekstur vitaskips* fellur því niður 1990 en það er 1.500 þús. kr. í fjárlögum 1989. Til framkvæmda við vitana er gert ráð fyrir 16.500 þús. kr. framlagi sem er hækkun um 2.500 þús. kr. frá gildandi fjárlögum. Við 2. umræðu Alþingis á frumvarpi til fjárlaga 1989 var tekið inn viðfangsefnið *Kolbeinsey, sjóvarnarmerki* og veittar til þess 3.400 þús. kr. Fjárveitingin er ætluð til uppsetningar sjóvarnarmerkja við Kolbeinsey og til rannsókna á eyjunni. Árið 1990 er gert ráð fyrir að 2.500 þús. kr. verði varið til áframhaldandi rannsókna.

333 Hafnamál

Fjárveiting til þessa fjárlagaliðar lækkar um 70.840 þús. kr. frá fjárlögum 1989 og verður 434.770 þús. kr. Þar af er framlag til *hafnarannsókna og mælinga* 21.970 þús. kr. sem er 22% hækkun frá fjárlögum 1989. Samkvæmt lögum um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga gilda nú almenn hafnalög um landshafnir. Því fellur niður framlag til viðfangsefnisins *landshafnir, óskipt* en það er 15.000 þús. kr. í fjárlögum 1989. *Kostnaður vegna yfirtöku sveitarfélaga á landshöfnum* er nýtt viðfangsefni sem verður til vegna breytinga á áðurnefndum lögum. Gert er ráð fyrir 3.000 þús. kr. framlagi til þessa viðfangsefnis. Um er að ræða greiðslur vegna biðlauna og annarra hliðstæðra skuldbindinga. Til stofnkostnaðarviðfangsefnisins *tæki og innréttingar* eru veittar 3.500 þús. kr. Þar af er áætlað að verja 1.550 þús. kr. til kaupa á nýju öldumælisdufli í stað þess sem tapaðist 1987 og 1.950 þús. kr. til að ljúka við að standsetja nýju straumfræðistöðina. Framlög til *hafnarmannvirkja og lendingarbóta* eru, í samræmi við þá ákvörðun að draga úr opinberum framkvæmdum saman, lækkuð um 60.000 þús. kr. og verður 350.000 þús. kr. Framlag til viðfangsefnisins *landshafnir,*

endurgreiðsla lána, 300 þús. kr., er til greiðslu afborgana og vaxta af láni vegna framkvæmda við höfnina í Þorlákshöfn. Framlag til *Hafnabótasjóðs* verður 20.000 þús. kr. en er 25.000 þús. kr. í gildandi fjárlögum. Þetta er lægri fjárhæð en lög kveða á um og mun því verða leitað heimildar í lánsfjárlögum til þessa fráviks. Að öðru leyti þykir ekki ástæða til að fjalla um einstök viðfangsefni en vísað er til meðfylgjandi yfirlits:

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Hafnarannsóknir og mælingar	17.970	21.970	4.000	22
Kostnaður vegna yfirtöku sveitarfélaga á landshöfnum	-	3000	3.000	.
Tæki og innréttingar	-	3500	3.500	.
Ferjubryggjur	6.000	6000	-	.
Hafnarmannvirki og lendingarbætur	410.000	350.000	-60.000	-15
Landshafnir, óskipt	15.000	-	-15.000	.
Sjóvarnargarðar	31.300	30.000	-1.300	-4
Landshafnir, endurgreiðsla lána	340	300	-40	-12
Hafnabótasjóður, framlag	25.000	20.000	-5.000	-20
Samtals	505.610	434.770	-70.840	-14

Í umfjöllun um framkvæmdir við hafnarmannvirki hefur verið hreyft þeirri hugmynd að taka sérstakt gjald af innflutningi um hafnirnar og láta það standa undir kostnaði við hafnargerð eða hluta hans.

341 Siglingamálastofnun ríkisins

Heildarfjárveiting til stofnunarinnar verður 85.019 þús. kr. Þar af eru 75.919 þús. kr. ætlaðar til rekstrar eða um 17% hærri fjárhæð en í gildandi fjárlögum. Gert er ráð fyrir 42,5 stöðugildum fastráðinna starfsmanna og einu stöðugildi lausráðins starfsmanns. Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum í júlí sl. framkvæmdaáætlun um mengunarmælingar í sjó og sjávarlífverum. Áætlunin miðar að því að hér á landi sé fyrir hendi alþjóðlega viðurkennd sérþekking til að meta mengun sjávar hér við land, svo og til að fylgjast með breytingum á mengun á hafsvæðum umhverfis landið í framtíðinni. Því er gert ráð fyrir að veita 6.000 þús. kr. til *mengunarmælinga í sjó* á næsta ári. Til kaupa á mengunarvarnabúnaði eru veittar 3.100 þús. kr. Tekjur tengdar stofnuninni innheimtast bæði beint til hennar og einnig af innheimtumönnum ríkissjóðs. Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins nema slíkar innheimtur alls 39.000 þús. kr.

471 Flugmálastjórn

Með lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, er mörkuð stefna um framkvæmdir í flugmálum. Samkvæmt lögunum eiga tekjur af flugvallagjaldi og gjaldi, sem innheimt er af flugvélaeldsneyti, að renna óskertar til framkvæmda í flugmálum. Tekjur þessar eru alls áætlaðar 325.000 þús. kr. Tekjurnar eru færðar til bókar undir viðfangsefninu *yfirstjórn*. Í rekstri Flugmálastjórnar er gert ráð fyrir óbreyttum starfsmannafjölda frá því sem nú er, 179 stöðugildum fastráðinna

starfsmanna og 16,5 stöðugildum lausráðinna. Heildarlaun hjá stofnuninni nema alls 419.194 þús. kr. og hækka um 23% frá fjárlögum 1989. Rekstrargjöld allra rekstrarviðfangsefna nema 245.660 þús. kr. og hækka um 21%. Aðrar sértekjur en þær, sem tíundaðar voru að framan, nema 152.550 þús. kr. Hér er um að ræða tekjur vegna ýmissa þjónustugjalda svo og lendingargjalda. Útgjöld vegna *alþjóðaflugþjónustunnar*, 163.154 þús. kr., eru að fullu greidd af Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO) og er sú greiðsla innheimt samkvæmt 3. gr. fjárlaga. Fjárveitinganefnd Alþingis mun ákveða skiptingu fjár til framkvæmda eins og verið hefur. Auk annarra framkvæmda er ráðgert að undirbúa lengingu Egilsstaðaflugvallar í allt að 2.700 metra. Áætlað er að verja 2.000 þús. kr. til þessa. Rekstrarkostnaður flugmálastjórnar hefur farið mjög vaxandi á síðustu árum. Aukin umsvif í flugmálum og stækkun og fjölgun mannvirkja á þar hlut að máli. Tímabært er að taka til athugunar hvort ekki sé rétt að markaðar tekjur af flugmálum renni að hluta til annarra þátta en framkvæmda einna, t.d. með hliðsjón af vegamálum þar sem markaðar tekjur standa að öllu leyti undir rekstri, viðhaldi og fjárfestingu. Mörkun tekna til framkvæmda eingöngu kann að leiða til þess að ákvarðanir eru teknar um framkvæmdir og uppbyggingu án þess að hugað sé að þeim rekstrar- og viðhaldskostnaði sem með því er lagður grundvöllur að.

485 Ýmis framlög

Heildarframlag á þessum lið er 38.530 þús. kr. og hækkar um 3.410 þús. kr. frá gildandi fjárlögum. Framlag til viðfangsefnisins *sjálfvirkt tilkynningarkerfi fyrir fiskiskip* fellur niður. Ákveðið hefur verið að Ísland gerist aðili að Ferðamálaári Evrópu 1990 sem Evrópubandalagið og Fríverslunarsamtök Evrópu ætla í sameiningu að standa fyrir. Því bætist við viðfangsefnið *Ferðamálaár Evrópu 1990*. Að öðru leyti þykir ekki ástæða til að fjalla um einstök viðfangsefni en vísað er til meðfylgjandi yfirlits:

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Flugbjörgunarsveitir	1.190	1.370	180	15
Tilkynningarskylda íslenskra skipa	8.500	11.880	3.380	40
Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	660	780	120	18
Sjálfvirkt tilkynningarkerfi fyrir fiskiskip	3.990	-	-3.990	.
Norrænar jarðskjálftamælingar á Suðurlandi	4.060	3.560	-500	-12
Ýmislegt	4.240	2.380	-1.860	-44
Rannsóknarnefnd flugslysa	980	1.140	160	16
Öryggismálaskóli sjómanna	11.500	13.260	1.760	15
Ferðamálaár Evrópu 1990	-	4.160	4.160	.
Samtals	35.120	38.530	3.410	10

651 Ferðamálaráð

Heildarfjárveiting til stofnunarinnar hækkar úr 57.068 þús. kr. í 66.375 þús. kr. eða um 16%. Rekstrarframlag hækkar um 14% og verður 10.375 þús. kr. Viðfangsefninu *ferðamálasamtök landshluta* er slegið saman við rekstur skrifstofunnar í Reykjavík. Rekstur skrifstofunnar kemur fram á viðfangsefninu *Ferðamálaráð* og er miðað við að hann sé að öllu leyti greiddur úr ríkissjóði. Fjórir fastráðnir starfsmenn starfa við ráðið.

Á viðfangsefninu *ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985* koma skil ríkissjóðs af tekjum Fríhafnarinnar í Keflavík. Leitað verður heimildar í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1990 til að haga skilum Fríhafnarinnar til Ferðamálaráðs þannig að framlagið verði 36.000 þús. kr., sem er 8.000 þús. kr. hærra. Til viðfangsefnisins *hótel, framlög* renna 20.000 þús. kr. en það er 5.000 þús. kr. hærra framlag en í fjárlögum 1989.

652 Veðurstofa Íslands

Rekstrarframlag til Veðurstofu Íslands verður nú 212.564 þús. kr. sem 17% hækkun frá gildandi fjárlögum. Ekki er um breytingu að ræða á rekstri Veðurstofunnar frá því sem er í fjárlögum yfirstandandi árs. Heimiluð stöðugildi eru eftir sem áður 61,17 talsins og stöðugildi lausráðinna starfsmanna 4,5. Til viðbótar ofangreindu rekstrarframlagi eru veittar 12.900 þús. kr. til greiðslu afborgana af veðurratsjá. Er það síðasta greiðsla af þremur.

656 Landmælingar Íslands

Rekstrarframlag til Landmælinga Íslands verður nú 45.103 þús. kr. sem er 22% hækkun frá gildandi fjárlögum. Launagjöld hækka um 12% og verða 33.283 þús. kr. og önnur gjöld um 25% og verða 56.725 þús. kr. Landmælingar Íslands hafa hafið stórátak í gerð grunnkorta af Íslandi. Er þar um að ræða fullkomnari kort en áður hafa þekkst sem jafnframt verða grunnur að útgáfu gróður- og jarðfræðikorta. Vegna þessara verkefna er gert ráð fyrir nýju viðfangsefni, *sérstök verkefni í kortagerð*, og veitt til þess 10.000 þús. kr. Til *tækjakaupa* er fyrirhugað að verja 5.000 þús. kr.

998 Ráðstöfunarfé

Liður þessi er nýr og er ætlaður til að mæta óvæntum útgjöldum sem leyst hafa verið með aukafjárveitingum. Gert er ráð fyrir að ráðstöfunarfé ráðherra verði 3.000 þús. kr. Um frekari skýringar vísast til umfjöllunar í kafla 4.1 hér að framan.

11 Iðnaðarráðuneyti

Framlög til einstakra málaflokka iðnaðarráðuneytis breytast sem hér segir:

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Ráðuneyti	35.185	41.327	6.142	17
Iðnaðarmál	213.840	215.402	1.562	1
Jöfnunargjald	250.000	-	-250.000	.
Orkumál o.fl.	721.619	765.958	44.339	6
Samtals	1.220.644	1.022.687	-197.957	-16
Þar af markaðir tekjustofnar	59.000	75.000	16.000	27

Fjárlagaliðum iðnaðarráðuneytis er skipað í málefnaflokka á eftirfarandi hátt:
Ráðuneyti:
101 Aðalskrifstofa.
Iðnaðarmál:
201 Iðntæknistofnun; 203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins; 240 Iðnaðarrannsóknir; 299 Iðja og iðnaður, framlög.
Jöfnunargjald:
289 Jöfnunargjald
Orkumál:
301 Orkustofnun; 302 Rafmagnseftirlit ríkisins; 371 Orkusjóður; 399 Ýmis orkumál; 998 Ráðstöfunarfé.

Sá hluti jöfnunargjalds sem ráðstafað hefur verið á vegum iðnaðarráðuneytis hefur verið notaður til að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt. Um áramótin er fyrirhugað að taka upp virðisaukaskatt. Frá þeim tíma verður hætt að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt.

Hækkun útgjalda annarra málefnaflokka iðnaðarráðuneytis er skýrð í umfjöllun um einstaka fjárlagaliði ráðuneytisins.

Markaðir tekjustofnar iðnaðarráðuneytis eru rafmagnseftirlitsgjald og er áætlað að það nemi 75.000 þús. kr. á árinu 1990.

101 Aðalskrifstofa

Rekstrarframlag til *yfirstjórnar* verður 41.327 þús. kr. og er það 17% hækkun frá gildandi fjárlögum. Engin breyting er fyrirhuguð á rekstri ráðuneytisins. Fjöldi stöðuheimilda er sá sami og í gildandi fjárlögum, þ.e. 13 stöðugildi á föstum launum og eitt stöðugildi lausráðins starfsmanns. Á *vörumerkja- og einkaleyfaskrifstofu* er gert ráð fyrir að stöðugildum lausráðinna starfsmanna fjölgi um 1,5 og verði tvö. Um er að ræða stöðu skrifstofumanns í fullu starfi og fulltrúa í hálfu starfi. Stöðugildi á föstum launum eru eftir sem áður tvö. Gert er ráð fyrir að sértekjur standi undir rekstrinum.

201 Iðntæknistofnun Íslands

Heildarframlag til *Iðntæknistofnunar Íslands* verður 89.986 þús. kr. í stað 86.540 þús. kr. í fjárlögum 1989. Í fjárlögum áranna 1988 og 1989 hefur framlag til Iðntæknistofnunar verið fært sem tilfærsla til fyrirtækja og atvinnuvega. Nú er sú breyting gerð að aftur er horfið til fyrra fyrirkomulags og í frumvarpi er hefðbundinn rekstur stofnunarinnar færður sem launa- og rekstrargjöld A-hluta ríkissjóðs. Launagjöld verða 110.866 þús. kr. Fjöldi fastra stöðugilda er óbreyttur, eða 39,55. Heimiluð störf lausráðinna starfsmanna verða 22,8 þannig að í frumvarpi er gert ráð fyrir samtals 62,35 störfum við stofnunina og er það aukning um 4,4 stöðugildi frá þessu ári. Þessi fjölgun stöðugilda er gerð til að aðlaga grunn fjárlaga að umsvifum stofnunarinnar, en þau hafa aukist talsvert á undanförnum árum. Önnur rekstrargjöld verða 91.690 þús. kr. Sértekjur eru áætlaðar á meðalverðlagi 1990 og verða 126.120 þús. kr. Auk þessa er stofnað nýtt viðfangsefni, *samstarfsverkefni iðnaðar og sjávarútvegs*. Stofnunin hyggst hrinda af stað umfangsmiklu samstarfsverkefni í sjávarútvegi og iðnaði. Verkefnið lýtur að þróun tækja og búnaðar fyrir útgerð og fiskvinnslu. Markmið þess er að þróa heildarferli vinnslu á fiski í frystihúsum. Framlag til verkefnisins verður 4.750 þús. kr. og færist sem tilfærsla til atvinnuvega í frumvarpinu. Fjárveiting vegna tækjakaupa verður 8.800 þús. kr. sem er sama fjárhæð og í fjárlögum 1989.

202 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins

Rekstur *Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins* færist nú sem launa- og rekstrargjöld í A-hluta ríkissjóðs í stað tilfærslu til atvinnuvega eins og er í fjárlögum 1989. Heildarframlag ríkissjóðs til stofnunarinnar verður 41.866 þús. kr., en er 42.940 þús. kr. í fjárlögum 1989. Miðað er við að starfsemin verði með svipuðu sniði og verið hefur og verða launagjöld 64.796 þús. kr. en önnur rekstrargjöld 26.830 þús. kr. Sértekjur eru áætlaðar á meðalverðlagi 1990 og verða 56.560 þús. kr. Framlag vegna reksturs verður því samtals 35.056 þús. kr. Fjárveiting til eignakaupa verður 6.800 þús. kr. sem er óbreytt frá fjárlögum.

240 Iðnaðarrannsóknir

Í fjárlögum 1989 eru veittar 17.690 þús. kr. til þessara verkefna. Undir þennan lið falla athuganir á nýiðnaðarkostum. Áætlað er að veita 21.980 þús. kr. í þessu skyni á næsta ári.

299 Iðja, iðnaður, framlög

Taflan hér að neðan sýnir yfirlit yfir framlög til einstakra viðfangsefna þessa fjárlagaliðar.

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Iðnþróun og tækninýjungar	7.960	7.130	-830	-10
Alþjóðastaðlar CEN-CENELEC	6.520	8.360	1.840	28
Byggingarþjónustan	500	590	90	18
Iðnþróunarverkefni	1.910	2.170	260	14
Iðnráðgjafar	10.620	10.950	330	3
Evreka	12.160	14.060	1.900	16
Framlag til styrktar ullariðnaði o.fl.	20.000	10.000	-10.000	-50
Iðnþróun og markaðsmál	7.000	8.310	1.310	19
Samtals	66.670	61.570	-5.100	-13

Lækkun á framlagi til *iðnþróunar og tækninýjunga* stafar af því að framlag vegna norræns tækniárs og framleiðniátaks iðnaðarráðuneytis fellur niður. Fjárveiting næsta árs er ætluð til framkvæmda á iðnaðarverkefnum. *Framlagi til styrktar ullariðnaði o.fl.* er ætlað að reyna að mæta þeim erfiðleikum sem upp hafa komið í ýmsum greinum iðnaðar, þar á meðal ullariðnaði. Ljóst er að ekki hefur verið komist yfir þau vandamál. Því er gert ráð fyrir 10.000 þús. kr. framlagi á árinu 1990. Ekki er þörf á að fjalla sérstaklega um aðra liði.

301 Orkustofnun

Framlag til Orkustofnunar miðast við óbreyttar forsendur frá fjárlögum 1989. Föst stöðugildi eru eftir sem áður 89,75. Heildarframlag til stofnunarinnar er 188.088 þús. kr. sem er 10% hækkun frá gildandi fjárlögum. Til viðfangsefnisins *sérverkefni í fiskeldi* eru veittar 5.570 þús. kr. Stefnt er að því að ljúka verkefninu á næsta ári. Til tækjakaupa eru áætlaðar 4.600 þús. kr.

302 Rafmagnseftirlit ríkisins

Framlag til rekstrar stofnunarinnar hækkar úr 54.714 þús. kr. í 66.400 þús. kr. eða um 21%. Sem áður er miðað við 21 stöðugildi á föstum launum og 5 stöðugildi verkefnaráðinna. Launagjöld hækka um 19% frá fjárlögum og verða 43.016 þús. kr. Önnur gjöld hækka úr 25.080 þús. kr. í 29.914 þús. kr. eða um 19%. Sértekjur lækka úr 6.630 þús. kr. í 6.530 þús. kr. Stofnuninni er ætlað að skila rekstrarafgangi að upphæð 8.600 þús. kr. í ríkissjóð miðað við að tekjur af rafmagnseftirlitsgjaldi verði 75.000 þús. kr. eins og fram kemur í 3. gr. frumvarpsins.

371 Orkusjóður

Á undanförnum árum hefur hlutverk Orkusjóðs í uppbyggingu raforkukerfisins gjörbreyst. Verulega hefur dregið úr lánaumsvifum sjóðsins og ríkissjóður hefur yfirtekið ýmis stór lán til orkufyrirtækja. Um nokkurt skeið hefur staðið til að endurskoða starfsemi sjóðsins. Enn hefur ekki orðið að því. Framlag ríkissjóðs nemur 251.180 þús kr. samanborið við 242.620 þús. kr. í fjárlögum 1989. Í meðfylgjandi yfirliti er sýnd skipting fjárveitingar á einstök viðfangsefni í fjárlögum 1989 og frumvarpi 1990.

	Fjárlög 1989	Frumvarp 1990	Breyting	
	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	%
Rekstur Orkusjóðs	1.300	1.560	260	20
Notendur utan samveitna	2.170	2.520	350	16
Lánagreiðslur, framlög	160.800	168.700	7.900	5
Lán til jarðhitaleitar	12.350	12.400	50	0
Sveitarafvæðing	21.000	21.000	-	.
Styrking dreifikerfis í sveitum	45.000	45.000	-	.
Samtals	242.620	251.180	8.560	12

399 Ýmis orkumál

Fjárveiting hækkar úr 234.820 þús. kr. á árinu 1989 í 242.120 þús. kr. Sú breyting er gerð að framlag til viðfangsefnanna *markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar* og *önnur orkumál* fellur niður. Fyrirhugað er að nýta orkulindir til atvinnuuppbyggingar og endurskoða orkuvinnslu og orkudreifingu með sameiningu orkufyrirtækja í huga. Vegna þessara aðgerða bætist við nýtt viðfangsefni, *markaðs- og skipulagsmál.* Til þessa viðfangsefnis verða veittar 9.500 þús. kr. Framlagið er ætlað til ýmissa undirbúningsverkefna. Starfstími Hafsbotnsnefndar er á enda. Því lækkar framlag til *setlagarannsókna* úr 4.950 þús. kr. í 2.020 þús. kr. Framlag til *niðurgreiðslu á rafhitun* nemur 230.600 þús. kr. samanborið við 224.890 þús. kr. á árinu 1989. Á árinu 1989 var Fjarhitun Rangæinga og Fjarhitun Vestmannaeyja bætt á lista þeirra veitna sem njóta niðurgreiðslna.

998 Ráðstöfunarfé

Liður þessi er nýr og er ætlaður til að mæta óvæntum útgjöldum sem leyst hafa verið með aukafjárveitingum. Framlag verður 8.000 þús. kr. Um frekari skýringar vísast til umfjöllunar í kafla 4.1 hér að framan.

12 Viðskiptaráðuneyti

Útgjöld til málefnaflokka viðskiptaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Yfirstjórn	47.630	48.703	1.073	2
Niðurgreiðslur	3.613.000	4.353.740	740.740	21
Annað	52.863	68.616	15.753	30
Samtals	3.713.493	4.471.059	757.566	20

Fjárlagaliðum viðskiptaráðuneytis er skipt upp í málefnaflokka á eftirfarandi hátt:
Ráðuneyti:
101 Aðalskrifstofa.
Niðurgreiðslur:
201 Niðurgreiðslur á vöruverði.
Annað:
902 Verðlagsstofnun; 903 Skráning hlutafélaga.

101 Aðalskrifstofa

Framlag nemur samtals 48.703 þús. kr. og hækkar úr 47.630 þús. kr. í fjárlögum 1989 eða um 2%. Gert er ráð fyrir svipaðri starfsemi og á árinu 1989. Miðað er við ellefu fastar stöður og hefur þar fækkað um eina verkefnaráðna stöðu frá fyrra ári. Laun hækka um 4% í 23.817 þús. kr. og önnur gjöld vegna rekstrar hækka um 5% og verða 22.790 þús. kr. Framlag til Neytendasamtakanna er 2.880 þús. kr. borið saman við 2.420 þús. kr. í fjárlögum 1989, en þá hækkaði það um 110% frá árinu áður. Þá hefur verið bætt inn nýjum lið, *1.02 Prófnefnd verðbréfamiðlara*, en nefnd þeirri er ætlað að annast menntun og próf fyrir verðbréfamiðlara skv. l. nr. 20/1989. Á hún að kosta starf sitt af sértekjum, en í upphafi er 866 þús. kr. fjárveiting lögð til í frumvarpi þessu til að standa straum af ýmsum upphafskostnaði.

201 Niðurgreiðslur á vöruverði

Fjárveiting undir þessum lið er 4.333.000 þús. kr. Af framlaginu renna 280.000 þús. kr. til Lífeyrissjóðs bænda og 4.053.000 þús. kr. til niðurgreiðslna á vöruverði. Áætlun um niðurgreiðslur er sýnd í eftirfarandi töflu og er miðuð við að niðurgreiðslufjárhæð á hverja einingu verði óbreytt frá því sem nú er, en stjórnvöld kunna að breyta þeim tölum innbyrðis innan ramma heildarfjárhæðar:

	Tonn eða þús. lítrar	Niðurgr. m.kr.
Dilkakjöt	8.500	1.670
Mjólk	47.500	1.190
Undanrenna	2.700	40
Skyr	1.380	46
Smjör	1.250	553
Rjómi	1.800	-
Ostur 45 °	1.750	148
Ostur 30 °	580	41
Annað	-	365
	Samtals	4.053

Fjárhæð niðurgreiðslna ber að skoða með hliðsjón af því að í ársbyrjun 1990 verður tekinn upp virðisaukaskattur þar sem í ráði er að lægri skattprósenta mun gilda fyrir algengustu matvæli en fyrir aðrar vörur.

902 Verðlagsstofnun

Fjárveiting til almennrar starfsemi nemur 59.416 þús. kr. sem er 15% hækkun frá fyrra ári, en til viðbótar kemur sérstök 3.000 þús. kr. fjárveiting vegna tímabundins álags og er henni ætlað að mæta auknum kostnaði stofnunarinnar á komandi ári vegna herts verðlagseftirlits. Fjárveiting til tölvu- og skrifstofubúnaðar er 1.200 þús. kr.

903 Skráning hlutafélaga

Hlutafélagaskrá hefur almennt verið kostuð af sértekjum vegna starfsemi þeirrar stofnunar. Nú verður gert sérstakt átak til að tölvuvæða skrána, svo að stofnunin geti veitt betri þjónustu og sinnt betur verkefnum sínum. Er stefnt að því að koma upp skrá hjá SKÝRR sem víðtækur aðgangur verður að. Eru ráðgerðar 5.000 þús. kr. til þessa sérstaka verkefnis og er það fjárveiting til þessa eina árs.

998 Ráðstöfunarfé

Liður þessi er nýr og er ætlaður til að mæta óvæntum útgjöldum sem leyst hafa verið með aukafjárveitingum. Um frekari skýringar vísast til umfjöllunar í kafla 4.1 hér að framan.

13 Hagstofa Íslands

Fjárveiting til Hagstofu Íslands hækkar úr 89.392 þús. kr. í fjárlögum 1989 í 108.648 þús. kr. eða um 22%.

101 Aðalskrifstofa

Rekstrarframlag til *yfirstjórnar* hækkar úr 64.588 þús. kr. í 82.906 þús. kr. eða um 28%. Rekstrargjöld hækka úr 69.158 þús. kr. í fjárlögum 1989 í 89.776 þús. kr. eða um 30%. Á móti hækka sértekjur úr 4.570 þús. kr. í 6.870 þús. kr. sem er 50%

hækkun frá fjárlögum 1989. Stöðum fjölgar um eina vegna ráðningar starfsmanns sem einkum mun sinna útreikningi á launavístitölu. Stöðugildi fastráðinna starfsmanna eru 23,08. Auk þess eru sjö starfsmenn með tímabundna ráðningu. Hækkun rekstrargjalda skýrist að mestu leyti af flutningi Hagstofunnar úr Alþýðuhúsinu við Hverfisgötu í Edduhúsið við Skuggasund. Við bætist nýtt viðfangsefni, *1.02 Neyslukönnun*, en samkvæmt lögum nr. 5/1984 um vísitölu framfærslukostnaðar skal gera neyslukönnun eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Fjárveiting til þessa verkefnis á árinu 1990 er 4.281 þús. kr. Til kaupa á *tölvubúnaði* eru ætlaðar 4.500 þús. kr.

102 Þjóðskráin

Rekstrarframlag hækkar úr 19.704 þús. kr. í fjárlögum í 19.742 þús. kr. Ef ekki er tekið tillit til 40% hækkunar sértekna hækka rekstrargjöld úr 38.524 þús. kr. í fjárlögum líðandi árs í 46.172 þús. kr. Gert er ráð fyrir átta föstum stöðum og 8,18 stöðugildum verkefnaráðinna starfsmanna. Til kaupa á *tölvubúnaði* eru veittar 1.500 þús. kr.

14 Umhverfisráðuneyti

Heildarfjárveiting til umhverfisráðuneytis er 22.951 þús. kr.

101 Aðalskrifstofa

Um næstu áramót er gert ráð fyrir að til starfa taki nýtt ráðuneyti, *umhverfisráðuneyti*. Í tillögum nefndar sem endurskoða á lög og reglugerðir um Stjórnarráð Íslands kemur fram að ráðuneytinu er ætlað að fara með yfirstjórn þeirra málefnaflokka er snerta verndun og nýtingu umhverfisins. Gert er ráð fyrir að ýmsar stofnanir, sem nú fara með afmarkaða þætti umhverfismála, flytjist undir umhverfisráðuneytið. Vænta má að frumvarp þess efnis verði lagt fyrir yfirstandandi Alþingi. Fjárveiting til aðalskrifstofu umhverfisráðuneytisins er 19.951 þús. kr. og gert ráð fyrir þremur stöðum ráðuneytisstarfsmanna, en eins og í öðrum ráðuneytum eru laun ráðherra og aðstoðarmanns, ef ráðinn er, greidd af fjárlagalið ríkisstjórnar. Fjárveiting þessi er vegna starfsemi ráðuneytisins án þess að til komi sérstök verkefni, sem nú heyra undir önnur ráðuneyti. Við breytingar á lögum og reglugerð um Stjórnarráðið er gert ráð fyrir því að þær fjárveitingar flytjist til umhverfisráðuneytisins, sem nú eru ætlaðar til málefnaflokka sem þangað munu flytjast frá öðrum ráðuneytum. Á það bæði við um fjárveitingar sem ætlaðar eru til þeirra stofnana eða stofnanahluta sem flytjast til ráðuneytisins og um fjárveitingar og starfsmannaheimildir sem þau ráðuneyti, sem með verkefnin fara nú, hafa til umsýslu með viðkomandi málefnaflokki. Í sérstaklega merktum lið *) í tölukafla frumvarpsins er að finna rekstraráætlun umhverfisráðuneytis miðað við þau áform um verkefni þess, sem hafa verið rædd. Í þeim lagabreytingum, sem gerðar verða og ráða verkefnatilflutningi milli ráðuneyta, þarf að kveða á um flutning fjárheimilda og starfsmanna.

998 Ráðstöfunarfé

Liður þessi er nýr og er ætlaður til að mæta óvæntum útgjöldum sem leyst hafa verið með aukafjárveitingum. Framlag er 3.000 þús. kr. Um frekari skýringar vísast til umfjöllunar í kafla 4.1 hér að framan.

15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun

Útgjöld til málefnaflokka Fjárlaga- og hagsýslustofnunar breytast milli ára sem hér greinir:

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Ráðuneyti o.fl.	71.037	105.704	27.167	36
Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	7.540.000	9.125.000	1.585.000	21
Samtals	7.611.037	9.230.704	1.612.167	21

101 Aðalskrifstofa

Framlag nemur samtals 63.769 þús. kr. og hækkar úr 44.669 þús. kr. í fjárlögum 1989. Hækkun umfram verðlagsbreytingar skýrist af eftirtöldum þremur þáttum: Leiðréttingu á rekstrargjöldum, en þátttaka stofnunarinnar í rekstrarkostnaði Arnarhvols hafði verið vanáætluð um 3.000 þús. kr. Sérstakri fjárveitingu, 3.600 þús. kr. vegna vinnu við gerð langtímaáætlana og við endurmat á fjárþörf ríkisstofnana. Loks er nýtt viðfangsefni, *Starfsnúmerakerfi,* sem notað verður til að endurskoða ráðningarheimildir og starfsmannafjölda ríkisstofnana með það að markmiði að tryggja að fjöldi starfa hjá hverri stofnun sé jafnan í samræmi við ráðningarheimildir. Til þessa viðfangsefnis eru ætlaðar 6.261 þús. kr. á árinu 1990.

181 Ríkisbifreiðar, framlag

Fjárveitingu á þessum lið, 4.000 þús. kr., er varið til að auðvelda ríkisstofnunum í A-hluta endurnýjun á bifreiðum þegar skipti eru talin hagkvæm. Er talið æskilegra og það auðvelda eftirlit með bílakaupum stofnana að hafa þennan hátt á í stað þess að áætla fyrir endurnýjun bifreiða hjá hverri stofnun um sig.

182 Tölvumál

Heildarfjárveiting vegna tölvumála nemur 36.935 þús. kr. og hækkar úr 23.868 þús. kr. í fjárlögum 1989. Til tölvumála Stjórnarráðsins eru áætlaðar 21.000 þús. kr. Launagjöld nema 2.865 þús. kr. samanborið við 2.778 þús. kr. í fjárlögum þessa árs. Í kostnaði þessum eru fólgin kaup á búnaði, greiðslur fyrir afnot forrita og kaup á ráðgjöf og þjónustu fyrir ráðuneyti og ríkisstofnanir. Hafa ráðuneyti og stofnanir í vaxandi mæli nýtt sér þá margháttuðu ráðgjöf sem í boði er. Í áætlun nú er gert ráð fyrir einum manni í föstu starfi eins og verið hefur og framlagi til að kaupa að ráðgjöf í sérstökum tilvikum.

991 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir

Gert er ráð fyrir að vaxtagreiðslur A-hluta ríkissjóðs á árinu 1990 nemi 9.125.000 þús. kr. Í fjárlögum 1989 var þessi fjárhæð 7.560.000 þús. kr. en í endurskoðaðri áætlun

er gert ráð fyrir að vaxtagreiðslur nemi alls 8.210.000 þús. kr. Í meðfylgjandi yfirliti er sýnd sundurliðun á vaxtagjöldum 1989 og 1990 (allar upphæðir í m.kr.):

	Fjárlög 1989	Endurskoðuð áætlun 1989	Frumvarp 1990
Innlend lán	1.140	1.380	2.050
Spariskírteini vegna innlausnar	1.040	860	575
Seðlabanki Íslands:			
Langtímalán	335	340	240
Yfirdráttur á viðskiptareikningum	1.210	1.230	1.300
Erlend lán	3.815	4.400	4.960
Samtals	7.540	8.210	9.125

Nánar er fjallað um vexti og afborganir í 6. kafla þessarar greinargerðar.

998 Ráðstöfunarfé

Liður þessi er nýr og er ætlaður til að mæta óvæntum útgjöldum, sem leyst hafa verið með aukafjárveitingum. Framlag er 1.000 þús. kr. Um frekari skýringar vísast til umfjöllunar í kafla 4.1 hér að framan.

5 Athugasemdir um ríkisfyrirtæki og sjóði í B-hluta

Í frumvarpi þessu eru fjárhæðir í B-hluta settar fram á áætluðu meðalverðlagi ársins 1990. Í sumum tilvikum er sá grunnur ótraustur sem áætlanir fyrirtækja og sjóða byggjast á og þarf að hafa það í huga. Fyrir afgreiðslu fjárlaga þarf að endurmeta fjárhagsstöðu nokkurra ríkisfyrirtækja.

Fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta er hér skipt upp í fjóra flokka, þ.e. fyrirtæki sem selja vörur og þjónustu, lánastofnanir, ýmsa sjóði og aðra aðila. Umsvif B-hluta aðila skiptast þannig í frumvarpinu, í m.kr.:

	Ríkis-fyrirtæki	Lána-stofnanir	Sjóðir	Aðrir aðilar	B-hluti samtals
Gjöld	29.935	4.334	2.258	798	37.325
Tekjur af sölu vöru, þjónustu o.fl.	34.602	4.060	929	829	40.420
Framlög úr A-hluta ríkissjóðs	716	3.714	1.476	19	5.925
Mismunur	5.383	3.440	147	50	9.020
Veitt lán	5	16.174	113	-	16.292
Fjárfesting	1.981	72	100	55	2.208
Afborganir lána	652	3.156	92	11	3.911
Skil í ríkissjóð og til annarra	7.137	-	-	-	7.137
Annað, sjóðsbreytingar o.fl.	66	45	81	-	192
Innheimtar afborganir	75	2.675	237	-	2.987
Afskriftir	2.939	-	1	16	2.956
Tekin lán	332	13.332	-	-	13.664
Ráðstöfun eigin fjár	5.383	3.440	147	50	9.020
Annað	1.112	-	1	-	1.113

Tekjuafgangur í B-hluta nemur samtals 9.020 m.kr. Þar af eru arðskil til ríkissjóðs 7.137 m.kr. og eru sem hér segir: Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins 6.150 m.kr., Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli 314 m.kr., Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli 54 m.kr., Sala varnarliðseigna 35 m.kr., Póst- og símamálastofnunin 350 m.kr. og Happdrætti Háskóla Íslands 234 m.kr., þar af 190 m.kr. til Háskóla Íslands og stofnana hans. Til fjárfestinga renna alls 2.208 m.kr. og eru þær veigamestu þessar: Póst- og símamálastofnunin 800 m.kr., Síldarverksmiðjur ríkisins 380 m.kr., Rafmagnsveitur ríkisins 335 m.kr., Áburðarverksmiðja ríkisins 105 m.kr. og Ríkisútvarpið 165 m.kr.

Tekin lán í B-hluta nema alls 13.664 m.kr. Ráðgert er að afla byggingarsjóðunum 11.102 m.kr. lánsfjár á árinu 1990, þar af 10.855 m.kr. með sölu skuldabréfa til lífeyrissjóða. Þá er miðað við að A-hluti ríkissjóðs taki 1.510 m.kr. að láni og endurláni til B-hluta aðila eins og fram kemur í 1. gr. frumvarpsins. Þær B-hluta stofnanir sem njóta lánafyrirgreiðslu ríkissjóðs eru: Lánasjóður íslenskra námsmanna 1.480 m.kr. og Flugstöð Leifs Eiríkssonar 30 m.kr.

21 Forsætisráðuneyti

172 Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina

Sjóðnum, sem stofnaður var með bráðabirgðalögum nr. 83/1988, er ætlað að leysa úr fjárhagsvanda fyrirtækja í útflutningsgreinum með lánum og skuldbreytingum. Samkvæmt lögum um sjóðinn átti framlag ríkissjóðs að vera 1.000 m.kr. Þar af voru 150 m.kr. greiddar 1988, 500 m.kr. eru í fjárlögum í ár og er því gert ráð fyrir eftirstöðvum, 350 m.kr., í fjárlögum 1990. Fjármunatekjur, þar með talin innheimt lántökugjöld, eru áætlaðar 610 m.kr. Erlend lántaka er áætluð 250 m.kr. og lántaka innan lands vegna skuldbreytinga er áætluð 500 m.kr. Rekstrarkostnaður er áætlaður 15 m.kr. og greiddir vextir og lántökugjöld 400 m.kr. Sjóðurinn hefur því 1.295 m.kr. til beinna lánveitinga og skuldbreytinga á næsta ári.

22 Menntamálaráðuneyti

201 Happdrætti Háskóla Íslands

Heildarútgjöld *Happdrættis Háskóla Íslands* eru áætluð 1.141.620 þús. kr. og dragast þau saman um 5%. Tekjur happdrættisins eru áætlaðar 1.375.620 þús. kr. Lækka þær um 25% frá fjárlögum 1989 þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að verð happdrættismiða hækki úr 400 kr. í 500 kr. hver miði. Þessi samdráttur í tekjum er einkum vegna mikils samdráttar í sölu á svonefndum happaþrennum, en í fjárlögum 1989 var gert ráð fyrir að seldar yrðu 10.000 þús. slíkir seðlar á því ári. Einnig er gert ráð fyrir samdrætti í sölu miða í flokkahappdrættinu. Áætlaður rekstrarhagnaður 1990 er 234.000 þús. kr. Af þessari fjárhæð eru 43.800 þús. kr. einkaleyfisgjald sem rennur í ríkissjóð sem síðan veitir jafnhárri fjárhæð til *Byggingarsjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna.* Afgangurinn, 190.200 þús. kr., rennur til *Háskóla Íslands* og stofnana hans.

211 Háskólabíó

Áætlað er að heildarútgjöld *Háskólabíós* verði 215.180 þús. kr. og hækka þau um 71% frá fjárlögum 1989. Tekjur fyrirtækisins samkvæmt frumvarpi verða 231.280 þús. kr. og ráðstöfun eigin fjár því 16.100 þús. kr. Allmiklar byggingarframkvæmdir eiga sér nú stað hjá fyrirtækinu og er gert ráð fyrir að fjárfesting á árinu 1990 verði 38.200 þús. kr. Ætlast er til að framkvæmdir verði fjármagnaðar með eigin ráðstöfunarfé og eru lántökur ekki heimilaðar.

276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna

Tekjur sjóðsins eru skil ríkissjóðs á einkaleyfisgjaldi af hagnaði *Happdrættis Háskóla Íslands*, en það er áætlað 43.800 þús. kr. Verður þessu fé að vanda varið til uppbyggingar á aðstöðu fyrir rannsóknastofnanir atvinnuveganna. Ætlast er til að sjóðurinn leggi fram 20.000 þús. kr. til endurbóta á húsnæði rannsóknastofnana sjávarútvegsins að Skúlagötu 4, Reykjavík, á móti framlagi af tekjum hússins.

871 Unglingaheimili ríkisins

Sú breyting er gerð í frumvarpinu að rekstur *Unglingaheimilis ríkisins* hefur verið

færður yfir í A-hluta ríkissjóðs. Nánar er fjallað um rekstur stofnunarinnar í greinargerð um stofnanir í A-hluta ríkissjóðs.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Ráðstöfunarfé sjóðsins er 3.695.000 þús. kr. á árinu 1990 og hækkar um 40,6% frá fjárlögum 1989. Þar af er fjárveiting 2.215.000 þús. kr. og lántaka 1.480.000 þús. kr. Í fjárlögum 1989 er framlag ríkissjóðs 1.617.000 þús. kr. að viðbættum 74.500 þús. kr. óráðstöfuðu framlagi frá árinu 1988. Fjárveitingin í frumvarpi 1990 er að raungildi jöfn þessari samtölu að viðbættri aukinni greiðslubyrði sjóðsins af teknum lánum. Samanlagt gerir þetta 1.713.000 þús. kr. en uppfært til meðalverðlags 1990 hækkar það um 29,3% og verður framlag ríkissjóðs því 2.215.000 þús. kr. Útlán sjóðsins eru áætluð 2.871.500 þús. kr. og aukast um 44% frá fjárlögum 1989. Sú fjárhæð miðast við það að við ákvörðun úthlutunarreglna fyrir skólaárið 1990-1991 verði heildarútlán sjóðsins miðuð við útlán í forsendum fjárlaga 1989 að teknu tilliti til breytinga á verðlagi, gengi og fjölda lánþega. Að því leyti sem útlán sjóðsins á fyrri hluta árs 1990 verða umfram áðurnefndar forsendur verður að mæta þeim með lántöku. Hækkanir á framfærslugrunni námslána umfram breytingu á verðlagi rúmast ekki innan þess fjárhagsramma sem hér er gengið út frá. Afborganir af teknum lánum nema 714.550 þús. kr. Aukning skulda sjóðsins er því 765.450 þús. kr. Vaxtagreiðslur umfram vaxtatekjur nema 135.934 þús. kr. og lánveitingar á næsta ári eru áætlaðar 2.871.500 þús. kr. Að frádregnum innheimtum afborgunum, 277.950 þús. kr., nemur eignamyndun sjóðsins 2.593.550 þús. kr. sem er 1.828.100 þús. kr. umfram aukningu skulda. Þá er gert ráð fyrir fjárfestingu í tölvubúnaði og hugbúnaði vegna hönnunar á nýju lánakerfi að fjárhæð 22.100 þús. kr. Ekki er gert ráð fyrir auknum umsvifum á skrifstofu. Eftirfarandi yfirlit sýnir fjármál sjóðsins í hnotskurn í ár og á næsta ári:

	Fjárlög 1989 þús. kr.	Frumvarp 1990 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Innstreymi:	2.859.500	4.151.900	1.292.400	45
Framlag ríkissjóðs	1.617.000	2.215.000	598.000	37
Tekin lán	915.000	1.480.000	565.000	62
Afborganir, vextir o.fl.	253.000	456.900	203.900	81
Annað, sjóður frá fyrra ári	74.500	-	-74.500	-100
Útstreymi:	2.859.500	4.151.900	1.292.400	45
Rekstrarkostnaður	58.850	73.900	15.050	26
Afborganir, vextir o.fl.	748.000	1.109.850	361.850	48
Fjárfesting	-	22.100	22.100	.
Ferðastyrkir	57.200	74.550	17.350	30
Veitt lán	1.995.450	2.871.500	876.050	44

Í áætlunum um lánveitingar á árinu 1990 er gert ráð fyrir óbreyttum fjölda lánþega frá fyrra ári.

970 Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður

Samkvæmt útvarpslögum skulu aðflutningsgjöld af innfluttum útvarps- og sjónvarpstækjum renna til sjóðsins auk 10% tekna Ríkisútvarpsins af afnotagjöldum og auglýsingum. Í frumvarpi er eins og í fjárlögum 1989 gert ráð fyrir að innflutnings-

gjöldin renni í ríkissjóð þannig að tekjur sjóðsins verða 10% af tekjum af afnotagjöldum og auglýsingum, samtals 165.430 þús. kr., og er þá miðað við óbreytta gjaldskrá. Tekjum sjóðsins verður annars vegar varið til greiðslu vaxta og afborgana af kaupleigusamningum og eldri lánum, samtals 95.740 þús. kr. Hins vegar er gert ráð fyrir að verja samtals 69.690 þús. kr. til kaupa á tækjum og búnaði, en við það er miðað að öll fjárfesting Ríkisútvarpsins á næsta ári verði fjármögnuð af fé framkvæmdasjóðsins.

971-972 Ríkisútvarpið, hljóðvarp og sjónvarp

Heildarútgjöld *Ríkisútvarpsins, hljóðvarps og sjónvarps* verða 1.940.440 þús. kr. og hækka um 16% frá fjárlögum 1989. Þar af eru yfirfærslur til *framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins* 165.430 þús. kr. og afborganir af skammtímaskuldum við ríkissjóð eru áætlaðar 157.880 þús. kr. Að óbreyttri gjaldskrá verða tekjur hljóðvarps og sjónvarps samtals 1.762.630 þús. kr. Til að ná endum saman miðað við gjaldaáætlun þurfa afnotagjöld og auglýsingatekjur að hækka um 8% í ársbyrjun 1990.

973 Þjóðleikhúsið

Talsverð óvissa ríkir um rekstur Þjóðleikhússins á ári komanda. Stofnuninni hefur ekki tekist að halda rekstri innan fjárlaga undanfarin ár. Húsið sjálft er í fremur lélegu ásigkomulagi og fyrirhugaðar eru umfangsmiklar endurbætur á því. Þar sem ekki hefur verið tekin ákvörðun um starfsemina á næsta ári er í frumvarpi þessu reiknað með svipaðri starfsemi og verið hefur. Heildarútgjöld vegna reksturs Þjóðleikhússins eru áætluð 402.790 þús. kr. og hækka um 68%. Framlag ríkissjóðs til reksturs leikhússins verður 260.000 þús. kr. samanborið við 171.000 þús. kr. í fjárlögum 1989 og hækkar því um 52%. Þessi hækkun á gjaldaáætlun leikhússins og framlagi úr ríkissjóði er viðurkenning á að umfang starfseminnar á undanförnum árum hafi verið meira en fjárlög hafa heimilað og gert ráð fyrir. Í frumvarpinu er komið til móts við þessa þróun og ætlast er til að starfsemi stofnunarinnar verði endurskipulögð þannig að starfsemin haldist innan marka fjárlaga í framtíðinni. Heildartekjur Þjóðleikhússins að meðtöldu framlagi úr ríkissjóði eru áætlaðar 386.480 þús. kr. og þurfa eigin tekjur stofnunarinnar að hækka um 13% til þess að ná endum saman miðað við útgjaldaáætlun frumvarpsins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir stofnkostnaðarframlagi í A-hluta ríkissjóðs að fjárhæð 125.000 þús. kr. til þess að fjármagna viðgerð á Þjóðleikhúsbyggingunni. Nánar er fjallað um þetta í greinargerð um stofnanir í A-hluta.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Heildarrekstrargjöld hljómsveitarinnar verða 159.960 þús. kr. og hækka um 27% miðað við fjárlög 1989. Miðað er við að tónleikastarfsemi verði með svipuðu sniði og verið hefur, en verið er að skoða rekstrarskipulag hljómsveitarinnar. Stöðuheimildir eru jafnmargar og verið hafa, alls 71,5, þar af eru 68,5 föst stöðugildi. Samkvæmt lögum hefur hljómsveitin tekjur af aðgöngumiðasölu og 10% af innheimtum skemmtanaskatti. Þeim kostnaði, sem umfram er, skipta eignaraðilar með sér í eftirfarandi hlutföllum: Menningarsjóður útvarpsstöðva 25%, Reykjavíkurborg 18% og Seltjarnarneskaupstaður 1%. Framlag ríkissjóðs vegna reksturs hljómsveitarinnar er nú áformað 82.300 þús. kr. Auk þess er í A-hluta ríkissjóðs stofnkostnaðarfjárveiting vegna hljómsveitarinnar að fjárhæð 4.000 þús. kr. Nánar er fjallað um ráðstöfun þessa framlags í greinargerð um einstök ráðuneyti.

23 Utanríkisráðuneyti

101 Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli

Rekstrargjöld fyrirtækisins eru áætluð 1.146.010 þús. kr. og hækka um 30%. Áætlaðar fjárfestingar nema 11.500 þús. kr. og eru þær vegna stækkunar vöruskemmu og innréttinga. Heildartekjur nema 1.454.610 þús. kr. og skil í ríkissjóð eru áætluð 314.000 þús. kr. sem er 44% hækkun frá fjárlögum 1989.

111 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli

Heildarrekstrargjöld eru áætluð 159.990 þús. kr. sem er um 30% hækkun frá fjárlögum 1989. Tekjur stofnunarinnar eru að stærstum hluta lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli, en stofnunin hefur auk þess tekjur af yfirumsjón með rekstri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Á sama hátt og í fjárlögum 1989 er gert ráð fyrir að 10% af lendingargjöldum, eða 18.210 þús. kr., renni til reksturs flugstöðvarinnar. Áætlað er að framlag Flugmálastjórnar í ríkissjóð á árinu 1990 verði 53.600 þús. kr. Er það um 86% hækkun frá fjárlögum 1989.

114 Flugstöð Leifs Eiríkssonar, rekstur

Heildargjöld flugstöðvarinnar eru áætluð 554.550 þús. kr. og hækka þau um 104% frá fjárlögum 1989. Þar af eru vextir 327.710 þús. kr. Nú hefur megnið af framkvæmdalánum flugstöðvarinnar hjá ríkissjóði verið endurlánað á samræmdum kjörum þar sem greiðslu afborgana er dreift sem jafnast á 25 ára tímabil og koma fyrstu afborganir til greiðslu árið 1995. Vextir af þessum lánum eru breytilegir og taka mið hverju sinni af erlendum millibankavöxtum (svonefnd LIBOR-kjör). Heildartekjur flugstöðvarinnar eru áætlaðar 376.230 þús. kr. Helsti tekjustofn hennar er útleiga húsnæðis og miðað er við að leiga sé greidd fyrir um 95% af húsrými stöðvarinnar. Leigutekjur eru áætlaðar 314.940 þús. kr. Aðrar tekjur eru áætlaðar 61.209 þús. kr. Af þessum tekjum eru 18.210 þús. kr. vegna 10% af lendingargjöldum en afgangurinn sameiginlegur kostnaður sem greiðist af leigjendum. Ljóst er að tekjustofnar flugstöðvarinnar nægja ekki til að standa straum af rekstrarkostnaði hennar. Miðað við þá tekjustofna, sem flugstöðin hefur nú, er áætluð fjárvöntun á næsta ári 88.500 þús. kr. Ekki er fyrirsjáanlegt að útgjöld stöðvarinnar muni lækka á næstu árum og því nauðsynlegt að gera ráðstafanir til frambúðar til þess að tryggja jafnvægi í rekstri fyrirtækisins.

115 Flugstöð Leifs Eiríkssonar, nýbygging

Gert er ráð fyrir lántöku að fjárhæð 30.000 þús. kr. Fjárhæðin er ætluð til uppsetningar og frágangs á listaverki Magnúsar Tómassonar, Þotuhreiðrinu.

24 Landbúnaðarráðuneyti

221 Áburðarverksmiðja ríkisins

Rekstrargjöld verksmiðjunnar eru áætluð 1.171.540 þús. kr. eða rúmlega 23% hærri en í fjárlögum 1989. Afborganir lána eru áætlaðar 81.020 þús. kr. og fjárfesting 105.000 þús. kr. Helsta fjárfestingarverkefni er endurnýjun rafgreina fyrir um 90.000 þús. kr.

en auk þess er áætlað að verja 10.500 þús. kr. til endurnýjunar véla- og tækjabúnaðar. Framleiðsla og sala á áburði er áætluð 50.000 þús. tonn á árinu 1990 og dregst saman um 4.500 tonn, eða 9% frá áætlun 1989. Ekki er gert ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði til niðurgreiðslu áburðarverðs eins og verið hefur undanfarin tvö ár. Miðað við áætlað framleiðslu- og sölumagn þarf áburðarverð að vera 22.400 kr. fyrir hvert tonn til þess að jafnvægi verði í rekstri fyrirtækisins á árinu 1989. Það jafngildir u.þ.b. 17% hækkun frá meðaltalssöluverði 1989.

238 Grænfóðurverksmiðjur

Rekstri þessara verksmiðja hefur verið hætt af hálfu ríkissjóðs. Áætlað er að endanlegt uppgjör fari fram á árinu 1990, eignir verði seldar og verksmiðjurnar formlega lagðar niður sem fyrirtæki í B-hluta fjárlaga.

25 Sjávarútvegsráðuneyti

211 Fiskimálasjóður

Með lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, var aðaltekjustofn sjóðsins, hluti af útflutningsgjaldi, felldur niður. Sjávarútvegsráðherra mun leggja til við Alþingi að sjóðurinn verði sameinaður Fiskveiðasjóði. Eignir og skuldir *Fiskimálasjóðs* munu þá flytjast yfir til Fiskveiðasjóðs. Áformað er að þessi breyting verði framkvæmd á árinu 1990 og *Fiskimálasjóður* því lagður niður sem B-hluta stofnun á fjárlögum.

222 Síldarverksmiðjur ríkisins

Á næstu árum er áformað af hálfu *Síldarverksmiðju ríkisins* að hefja framleiðslu á svokölluðu gæðamjöli. Framleiðsluverðmæti þess er mun meira og nýting hráefnis betri en fæst með framleiðslu á venjulegu fiskmjöli, en þessi framleiðsla krefst mikillar fjárfestingar í nýjum tækjabúnaði. Áætlað er að hefja endurnýjun tækjabúnaðar á næsta ári í fiskmjölsverksmiðjunni á Seyðisfirði. Brýnt er að endurnýja tækjakost verksmiðjunnar því að starfsleyfi hennar rennur út á árinu 1990 og fæst ekki endurnýjað nema verulegar endurbætur verði gerðar á tækjabúnaði. Fjárfesting er áætluð 380.000 þús. kr., sem fjármögnuð verður með erlendu láni að upphæð 300.000 þús. kr., auk framlags úr rekstri fyrirtækisins.

272 Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging

Staðið hafa yfir miklar endurbætur á húsi rannsóknastofnana sjávarútvegsins að Skúlagötu 4, Reykjavík. Þar eru *Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins* og *aðalskrifstofa* sjávarútvegsráðuneytisins til húsa. Á árinu 1990 er áætlað að halda áfram framkvæmdum við húsið og verja til þess 29.550 þús. kr. Þessar framkvæmdir greiðast af leigutekjum og 20.000 þús. kr. framlagi frá *Byggingarsjóði rannsókna í þágu atvinnuveganna*, enda falla framkvæmdir vegna rannsóknastofnana þessara undir ákvæði laga um verkefni sjóðsins.

26 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

371 Kirkjubyggingasjóður

Hlutverk sjóðsins er samkvæmt lögum nr. 21/1981 að veita þjóðkirkjusöfnuðum lán til kirkjubygginga og til varanlegra endurbóta á eldri kirkjum. Tekjur sjóðsins eru lögbundið framlag ríkissjóðs og þær gjafir sem sjóðnum berast. Framlag ríkissjóðs var ákveðið 600 þús. kr. árið 1981 og hækkar samkvæmt byggingarvísitölu í júlí ár hvert. Nú er þessi fjárhæð 5.550 þús. kr.

372 Kirkjugarðasjóður

Meginhlutverk sjóðsins er að veita kirkjugarðsstjórnum lán til að girða og fegra kirkjugarða, svo og til þess að setja minnismerki þar sem verið hafa kirkjugarðar, kirkjur eða bænahús að fornu. Tekjur sjóðsins eru 8% af kirkjugarðsgjöldum en þau eru annars vegar hluti aðstöðugjalds á hverjum stað og hins vegar ákveðin fjárhæð lögð á hvern einstakling yfir 16 ára aldri.

373 Kristnisjóður

Meginmarkmið *Kristnisjóðs* er stuðningur við þjóðkirkjuna til eflingar kristinni trú og siðgæði í landinu. Aðaltekjustofn sjóðsins er árlegt framlag ríkissjóðs í samræmi við lög nr. 35/1970. Þar er kveðið svo á að til sjóðsins skuli renna fjárhæð er svarar til hámarkslauna presta í prestaköllum sem lögð voru niður með sömu lögum. Einnig rennur í sjóðinn fjárhæð er svarar til prestslauna fyrir hvert prestakall þar sem prestlaust er. Framlagið verður samkvæmt þessum ákvæðum 15.780 þús. kr.

27 Félagsmálaráðuneyti

271-272 Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna

Með lögum nr. 54/1986, sem tóku gildi 1. september 1986, var lögum um Húsnæðisstofnun breytt. Hámarkslán til einstaklinga urðu þá bundin skilyrði um skuldabréfakaup lífeyrissjóðs þess sem þeir ættu aðild að. Þannig getur lánþegi því aðeins fengið fullt lán úr byggingarsjóðunum að lífeyrissjóður hans kaupi skuldabréf af Húsnæðisstofnun fyrir 55% að lágmarki af svokölluðu ráðstöfunarfé sínu. Í þessu felst að aukist ráðstöfunarfé lífeyrissjóða eykst útlánageta íbúðarlánasjóðanna. Frá því að lögin tóku gildi hefur ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna aukist verulega að raungildi. Engu að síður hefur eftirspurn eftir lánsfé verið meiri en unnt hefur verið að sinna, enda hafa lánskjör verið með þeim hætti að hvati hefur verið til lántöku óháð húsnæðisþörf og lánsþörf. Sem dæmi um þenslu í húsnæðislánakerfinu, sem jafnframt er vísbending um hversu ómarkvisst það er, má benda á að útlán byggingarsjóðanna ein eru nálega sama fjárhæð og öll nýfjárfesting í íbúðarhúsnæði á landinu.

Árið 1988 skipaði félagsmálaráðherra nefnd sem hafði það hlutverk að semja lagafrumvarp um breytta skipan hins almenna húsnæðislánakerfis. Með lögum nr. 76/1989, sem taka gildi 15. nóvember 1989, var lögum um Húsnæðisstofnun breytt í þá veru að inn komu ákvæði um húsbréfaviðskipti. Tekið er upp kerfi skuldabréfaskipta - húsbréfamiðlunar - í stað beinna lána til íbúðakaupa, sem ætlað er að í fyllingu tímans taki yfir hið almenna húsnæðislánakerfi. Jafnframt var lífeyrissjóðunum heimilað

að fullnægja samningsbundnum skuldabréfakaupum af Húsnæðisstofnun ríkisins að hluta með húsbréfum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Lánveitingar byggingarsjóðanna verða í framtíðinni nær eingöngu til kaupa á félagslegum íbúðum og kaupleiguíbúðum og skref í þá átt tekið á árinu 1990.
Greiðsluáætlun byggingarsjóðanna í frumvarpi til fjárlaga 1990 er í samræmi við hin nýju lög. Gert er ráð fyrir að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á árinu 1990 verði rúmir 24 milljarðar króna og aukist um 18,5% að raungildi frá árinu 1989. Hækkunin skýrist að stærstum hluta af vaxandi hlutdeild verðtryggingar í eignum sjóðanna og breiðari iðgjaldsstofni. Þá er hér miðað við að um 10% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða, eða 2.410 m.kr., fari til kaupa á húsbréfum og um 45%, eða 10.855 m.kr., fari til kaupa á skuldabréfum Húsnæðisstofnunar. Það fé skiptist þannig að 7.710 m.kr. fer til Byggingarsjóðs ríkisins og 3.145 m.kr. til Byggingarsjóðs verkamanna. Útlán byggingarsjóðanna á árinu 1990 verða 500 m.kr. hærri að raungildi en útlán í fjárlögum 1989. Er það í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá s.l. vori sem tekin var í tengslum við kjarasamninga. Útlán Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1990 eru áætluð 7.661 m.kr. Sú fjárhæð að viðbættum kaupum lífeyrissjóða á húsbréfum er að raungildi um 150 m.kr. hærri en ætlað var til útlána í fjárlögum 1989. Útlánin skiptist þannig að almenn lán eru áætluð 7.161 m.kr., nýjar kaupleiguíbúðir og þjónustuíbúðir fyrir aldraða 500 m.kr. Aukin áhersla er lögð á útlán til síðast töldu flokkanna. Mismunur á greiðslubyrði af veittum og teknum lánum er áætlaður um 193 m.kr. Rekstrarkostnaður umfram tekjur nemur 223 m.kr. Vegna aukins ráðstöfunarfjár lífeyrissjóða er gert ráð fyrir að Byggingarsjóður ríkisins geti staðið undir þessari áætlun með því að framlag úr ríkissjóði verði 150 m.kr. Útlán Byggingarsjóðs verkamanna á árinu 1990 eru áætluð 3.739 m.kr. Mismunur á greiðslubyrði af teknum og veittum lánum er áætlaður 491 m.kr. og rekstrarkostnaður er áætlaður 104 m.kr. Auk skuldabréfakaupa lífeyrissjóða að fjárhæð 3.145 m.kr. nemur fjárveiting úr ríkissjóði 500 m.kr., framlög sveitarfélaga 208 m.kr. og aðrar tekjur 273 m.kr. Í töflum í töfluviðauka eru sýnd fjármál byggingarsjóðanna á árunum 1989 og 1990.

28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

273 Atvinnuleysistryggingasjóður

Í greiðsluáætlun fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð er tekið mið af óbreyttri sjóðsstöðu milli ára. Útgjöld eru áætluð 1.806.100 þús. kr. á árinu 1990. Af þeirri upphæð eru 1.453.000 þús. kr. ætlaðar til bótagreiðslna og er þá miðað við þjóðhagsáætlun um atvinnustig á árinu 1990. Þá eru ætlaðar 303.000 þús. kr. til greiðslu á eftirlaunum til þeirra sem ekki hafa áunnið sér rétt í lífeyrissjóði. Þessar greiðslur eiga sér stoð í lögum nr. 117/1984, um eftirlaun til aldraðra, og ná til ársloka 1989. Hér er þó gert ráð fyrir að lögin verði framlengd fyrir þann tíma. Loks eru 50.100 þús. kr. vegna annarra rekstrargjalda og framlags til Kjararannsóknanefndar. Tekjur sjóðsins eru áætlaðar 1.692.680 þús. kr. Af þeirri fjárhæð eru iðgjöld atvinnurekenda áætluð 313.000 þús. kr., fjármunatekjur 440.680 þús. kr. og framlag úr ríkissjóði 939.000 þús. kr. til viðbótar iðgjöldum atvinnurekenda. Þá er gert ráð fyrir að innheimtar afborganir umfram veitt lán nemi 113.420 þús. kr.

311 Ríkisspítalar, þvottahús

Undir þennan fjárlagalið heyrir þvottahús *ríkisspítalanna*, saumastofa og dauðhreinsunardeild. Fjármagns til rekstrar afla áðurnefndar deildir með sölu þjónustu til ýmissa sjúkrastofnana á höfuðborgarsvæðinu. Mismun á áætluðum tekjum og gjöldum, 1.830 þús. kr., verður varið til fjárfestingar.

29 Fjármálaráðuneyti

101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

Heildartekjur af sölu áfengis, áfengs öls og tóbaks eru áætlaðar 9.531.740 þús. kr. á árinu 1990. Það er um 13% hækkun frá fjárlögum 1989. Gert er ráð fyrir veltusamdrætti í samræmi við áætlaðan samdrátt í verslunar- og þjónustugreinum í landinu, ásamt því að útsöluverð hækki í hlutfalli við almenna launa- og verðlagsþróun. Rekstrarhagnaði er áformað að verja þannig að 6.150.000 þús. kr. verði skilað í ríkissjóð, 5.340 þús. kr. verði varið til afborgunar lána og 70.000 þús. kr. til fjárfestingar.

102 Lyfjaverslun ríkisins

Rekstrargjöld stofnunarinnar eru áætluð 688.110 þús. kr. en tekjur 744.750 þús. kr. á árinu 1990. Áformað er að verja 23.600 þús. kr. til fjárfestingar í vélum og tækjum til að bæta samkeppnishæfni lyfjaverslunarinnar á tímum harðnandi samkeppni. Afborganir af lánum verða samtals 52.020 þús. kr. og þar af er 43.700 þús. kr. afborgun af skuld stofnunarinnar við ríkissjóð. Við slit á sameiginlegum fjárhag *Lyfjaverslunar* og *Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins* á árinu 1986 var skuld stofnunarinnar við ríkissjóð 202.178 þús. kr., en var í maí s.l. talin 172.700 þús. kr.

981 Fasteignir ríkissjóðs

Rekstrargjöld og leigutekjur *Fasteigna ríkissjóðs* verða 139.020 þús. kr. sem er ríflega tvöföldun frá áætlun fjárlaga 1989. Munar þar mestu að stofnunin yfirtekur rekstur húseigna sem voru áður sjálfstæðar rekstrareiningar, svo sem Tollstöðvarhús og Borgartún 7. *Fasteignir ríkissjóðs* er stofnun sem annast rekstur tiltekinna fasteigna í eigu ríkissjóðs. Ríkisstofnanir sem afnot hafa af þeim greiða leigugjald en *Fasteignir ríkissjóðs* annast hlutverk leigusala, greiða fasteignagjöld, annast viðhald o.fl.

30 Samgönguráðuneyti

101 Póst- og símamálastofnunin

Rekstrargjöld með afskriftum eru áætluð 7.571.950 þús. kr. og hækka um 21% frá fjárlögum 1989. Rekstrartekjur eru áætlaðar 7.019.430 þús. kr. og hækka um 8% frá fjárlögum 1989. Er þá ekki gert ráð fyrir breytingum á gildandi gjaldskrá. Fjárfestingar eru áætlaðar 800.000 þús. kr. og er þá miðað við að aðflutningsgjöld og virðisaukaskattur af ýmiss konar símabúnaði verði felld niður svo sem verið hefur. Hluti þessarar fjárfestingarheimildar felur í sér skuldbindingar Íslands vegna frumfjárfestingar í uppsetningu Lóran staðsetningarkerfis í samræmi við samning þar að lútandi milli ríkja

við norðaustanvert Atlantshaf. Kostnaður við uppsetningu þessa kerfis er áætlaður um ein milljón Bandaríkjadala eða um 65.000 þús. kr. á ári næstu þrjú ár. Stofnuninni er ætlað að skila 350.000 þús. kr. í ríkissjóð á næsta ári. Til þess að framangreind áætlun gangi eftir þurfa tekjur stofnunarinnar að verða um 9,5% hærri á árinu 1990 en áætlað er að þær verði 1989.

321 Skipaútgerð ríkisins

Áætlun fyrir Skipaútgerð ríkisins í frumvarpi 1990 tekur mið af óbreyttri starfsemi. Hins vegar standa yfir viðræður milli Skipaútgerðar ríkisins, Eimskipafélags Íslands og Skipadeildar Sambandsins um samvinnu á sviði strandflutninga. Stefnt er að því að niðurstöður þeirra viðræðna liggi fyrir um áramót. Framlag ríkissjóðs til rekstrar Skipaútgerðarinnar árið 1990 verður 178.000 þús. kr. en í fjárlögum 1989 voru 155.000 þús. kr. ætlaðar til Skipaútgerðarinnar og endurskipulagningar strandflutninga. Rekstrargjöld Skipaútgerðarinnar eru áætluð 592.550 þús. kr. og taka mið af óbreyttri starfsemi. Ekki eru horfur á að Skipaútgerðin greiði niður skuldir sínar við Ríkisábyrgðasjóð á næsta ári.

333-335 Landshafnir Þorlákshöfn, Keflavík-Njarðvík og Rifi

Allar landshafnirnar falla burt sem fyrirtæki í B-hluta ríkissjóðs vegna breyttrar tilhögunar í samræmi við 74 gr. laga um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

31 Iðnaðarráðuneyti

231 Sementsverksmiðja ríkisins

Rekstrargjöld verksmiðjunnar eru áætluð 800.325 þús. kr. og hækka um 16% frá fjárlögum 1989. Reiknað er með svipuðu umfangi í rekstri og á yfirstandandi ári. Sala á sementi er áætluð 118.000 tonn á árinu 1990, en 115.000 tonn á þessu ári. Tekjuáætlun miðast við óbreytt verð á sementi frá núverandi gjaldskrá, þ.e. 6.200 kr. fyrir tonnið. Heildartekjur eru áætlaðar 739.400 þús. kr. Til fjárfestingar eru ætlaðar 39.000 þús. kr. og er þar um að ræða endurnýjun tækja og búnaðar. Afborgun lána verður 56.980 þús. kr. Fjárþörf umfram tekjur er áætluð tæplega 58.000 þús. kr. að gefnum þeim forsendum sem hér eru taldar. Samkvæmt því þarf verð á sementi að hækka um tæplega 8% frá núgildandi verðskrá til þess að jafnvægi verði í rekstri fyrirtækisins á árinu 1990.

321 Rafmagnsveitur ríkisins

Á grundvelli heimildar í 6. gr. fjárlaga var af hálfu ríkissjóðs á árinu 1989 gert samkomulag við Rafmagnsveitur ríkisins um yfirtöku ríkisins á öllum langtímaskuldum veitnanna, samtals að eftirstöðvum 1.410 m.kr. í árslok 1988. Jafnframt afhenti ríkissjóður veitunum tvö skuldabréf í sinni eigu, samtals að fjárhæð 994 m.kr. í árslok 1988, útgefin af Hitaveitu Suðurnesja í tengslum við sölu Rafmagnsveitnanna á mannvirkjum hitaveitunnar. Með samkomulaginu er að fullu staðið við fyrirheit þau sem stjórnvöld gáfu árið 1986, þegar verðjöfnunargjald af raforku var fellt niður. Framvegis verða allar almennar raforkuframkvæmdir fyrirtækisins fjármagnaðar úr rekstri. Rekstrargjöld eru áætluð 3.288.290 þús. kr. árið 1990 og hækka um 20,8% frá

gildandi fjárlögum. Rekstrartekjur eru áætlaðar 2.703,8 m.kr. og byggja á gjaldskrá frá í október 1989. Til fjárfestinga eru áætlaðar 335 m.kr. sem fjármagnaðar verða af eigin tekjum. Að óbreyttum töxtum Landsvirkjunar virðist ekki þörf á frekari hækkun á töxtum Rafmagnsveitnanna á árinu 1990.

6 Lánamál og skuldbindingar A-hluta ríkissjóðs

Í þessum kafla er gerð grein fyrir lánamálum ríkissjóðs, veittum og teknum lánum og áætlun um greiðslubyrði þeirra. Fjallað er um bókfærðar skuldir og veitt lán ríkissjóðs til aðila utan A-hluta. Mismunur tekinna og veittra lána sýnir eiginlega lánsfjárráðstöfun ríkissjóðs. Sett er fram stutt yfirlit yfir greiðslubyrði ríkissjóðs af lánum árin 1989 og 1990. Enn fremur er gefið yfirlit um heildarskuldbindingar ríkissjóðs í árslok 1988 vegna ábyrgða sem skráðar eru hjá Ríkisábyrgðasjóði.

6.1 Tekin og veitt lán A-hluta ríkissjóðs

Halli á A-hluta ríkissjóðs á undanförnum árum hefur aukið eftirspurn hans eftir lánsfé og er næsta víst að ríkissjóður mun verða umsvifamikill lántakandi á næstu árum. Í ljósi þessa hefur aukin áhersla verið lögð á lánsfjáröflun ríkissjóðs og hefur megináhersla verið lögð á innlendan lánamarkað, þó þannig að eftirspurn hans eftir lánsfé samrýmist þeim markmiðum í peningamálum innan lands sem að er stefnt hverju sinni. Það sem upp á hefur vantað til að brúa lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs hefur verið tekið að láni erlendis. Erlendri lánsfjáröflun eru einnig takmörk sett, sérstaklega í ljósi viðvarandi viðskiptahalla við útlönd.

Lánveitingar ríkissjóðs eru tvíþættar, þ.e. formlegar lánveitingar og viðskiptareikningar. Formleg lán ríkissjóðs voru á fyrri hluta þessa áratugar að stærstum hluta tekin erlendis og endurlánuð til framkvæmda hjá opinberum aðilum. Hin síðari ár hefur fé til endurlána aftur á móti að stærstum hluta verið tekið að láni innan lands samtímis því sem hlutfall formlegra lánveitinga ríkissjóðs hefur farið lækkandi vegna yfirtöku ríkissjóðs á lánum orkufyrirtækja. Þannig var hlutfall formlegra lána ríkissjóðs 18% af vergri landsframleiðslu í árslok 1985 en er áætlað 10% í árslok 1989.

Í árslok 1986 tók ríkissjóður yfir langtímaskuldir Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða og Rafveitu Siglufjarðar, samtals að fjárhæð um 4.500 m.kr. Ríkissjóður hafði að stærstum hluta veitt þessi lán og fólst yfirtakan í að þau töldust ekki lengur meðal veittra lána. Skuldir orkufyrirtækjanna við ríkissjóð voru mestmegnis gengisbundnar. Á móti fékk ríkissjóður fimm verðtryggð skuldabréf að fjárhæð um 2.000 m.kr. Þar af voru yfirtekin tvö skuldabréf Rafmagnsveitna ríkisins í tengslum við sölu fyrirtækisins á mannvirkjum Hitaveitu Suðurnesja að fjárhæð tæpar 1.000 m.kr. Þá gáfu orkufyrirtækin út verðtryggð skuldabréf til 25 ára með 6,5% vöxtum og skiptust þau þannig: Rafmagnsveitur ríkisins 600 m.kr., Orkubú Vestfjarða 400 m.kr. og Rafveita Siglufjarðar 15 m.kr. Hrein yfirtaka ríkissjóðs vegna þessa nam því um 2.500 m.kr. á verðlagi í árslok 1986. Þetta var gert til að tryggja viðkomandi orkuveitum óbreyttar ráðstöfunartekjur við niðurfellingu á verðjöfnunargjaldi af raforku.

Þróun mála, hvað snertir verðlag á orku og tekjur af orkusölu, varð önnur en gert hafði verið ráð fyrir við yfirtöku lánanna. Því var talið rétt að gera frekari ráðstafanir til þess að tryggja fjárhagslega stöðu orkuveitnanna til þess að þær gætu í framtíðinni fjármagnað nauðsynlegar framkvæmdir með fjármagni úr rekstri. Á grundvelli heimildar í 6. gr. fjárlaga

var af hálfu ríkissjóðs á árinu 1989 gert samkomulag við Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða um yfirtöku á öllum langtímaskuldum þeirra. Með samningnum yfirtók ríkissjóður áðurnefnt skuldabréf Orkubús Vestfjarða, að eftirstöðvum 569 m.kr. í árslok 1988, og allar langtímaskuldir Rafmagnsveitna ríkisins, samtals að eftirstöðvum 1.410 m.kr. í árslok 1988. Jafnframt afhenti ríkissjóður Rafmagnsveitunum áðurnefnd tvö skuldabréf, útgefin af Hitaveitu Suðurnesja, samtals að fjárhæð 994 m.kr. í árslok 1988. Breytingar þessar hafa í för með sér vaxtatap fyrir ríkissjóð sem nemur 200 m.kr. á árinu 1990 og eykur á halla hans sem því nemur.

Á grundvelli heimildar í lánsfjárlögum var á árinu 1987 gert samkomulag við Hitaveitu Akureyrar og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar um ráðstafanir til að bæta rekstur veitnanna í framtíðinni. Hluti samkomulagsins var yfirtaka ríkissjóðs á hluta langtímaláns sem hann hafði tekið á árinu 1983 og endurlánað veitunum. Samtals nam yfirtaka ríkissjóðs 320 m.kr. á verðlagi í ársbyrjun 1987, þar af 100 m.kr. vegna Hitaveitu Akureyrar og 220 m.kr. vegna Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Á árinu 1988 gerði ríkissjóður hliðstætt samkomulag við Fjarhitun Vestmannaeyja sem m.a. fólst í yfirtöku ríkissjóðs á skuldum veitunnar við ríkissjóðs að fjárhæð 89 m.kr. á verðlagi í ársbyrjun 1987.

Eftirfarandi yfirlit sýnir stöðutölur veittra og tekinna lána ríkissjóðs fyrir árin 1983-1988 ásamt áætlun fyrir 1989 og 1990 (m.kr.):

Veitt og tekin lán ríkissjóðs 1983-1990
Stöðutölur á verðlagi í lok hvers árs

	1983	1984	1985	1986	1987	1988	Áætlun 1989	Áætlun 1990
1. Tekin lán	**18.941**	**26.913**	**37.570**	**44.287**	**52.026**	**68.273**	**97.685**	**106.100**
Seðlabanki Íslands	915	1.897	3.683	1.693	3.059	3.448	3.340	2.650
Spariskírteini	3.310	3.244	5.165	8.541	11.775	16.659	22.285	28.610
Lífeyrissjóðir	454	699	1.004	2.018	2.349	2.507	2.600	2.400
Ríkisvíxlar	-	-	-	-	931	725	4.525	4.525
Aðrir innlendir aðilar	1.780	1.606	2.088	2.731	3.957	4.729	6.295	5.875
Erlend lán	12.482	19.497	25.630	29.304	29.955	40.205	58.640	62.040
2. Lánveitingar	**15.149**	**21.414**	**29.839**	**29.713**	**35.632**	**47.569**	**54.620**	**58.410**
Veitt lán	13.048	18.182	24.737	22.985	24.182	29.967	32.620	33.410
Lán tengd innlendu verðlagi.	3.114	4.168	10.517	11.596	13.476	15.795	15.920	17.340
Gengisbundin lán	9.934	14.014	14.220	11.389	10.706	14.172	16.700	16.070
Viðskiptareikningar, nettóinneign	2.101	3.232	5.102	6.728	11.450	17.602	22.000	25.000
3. Tekin lán umfram lánveitingar	**3.792**	**5.499**	**7.731**	**14.574**	**16.394**	**20.704**	**43.065**	**47.690**
Lánveitingar í % af teknum lánum	80,0	79,6	79,4	67,1	68,5	69,7	55,9	55,1
4. Hlutfall af vergri landsframleiðslu: [1]								
Tekin lán	25,1	26,2	28,2	27,3	24,1	25,0	30,4	30,6
þar af erlendar skuldir	17,1	18,5	19,5	18,3	14,5	14,7	18,2	17,9
Veitt lán	17,4	17,7	18,0	14,0	11,0	11,0	10,2	9,6
þar af gengisbundin lán	13,6	13,3	10,3	6,9	5,2	5,2	5,2	4,6
Viðskiptareikningar nettó	2,5	3,4	3,7	4,0	5,0	6,4	6,8	7,2
Tekin lán umfram lánveitingar	5,2	5,1	6,5	9,3	8,0	7,6	13,4	13,8

1) Reiknað til meðalverðlags hvers árs með lánskjaravísitölu og meðalgengisvísitölu.
Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Yfirlitið sýnir að skuldir ríkissjóðs, sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, náðu hámarki árið 1985. Í árslok 1988 var hlutfallið 25% en var um 28% í árslok 1985. Einnig lækkaði hlutfall erlendra skulda ríkissjóðs eða úr rúmlega 19% af vergri landsframleiðslu í tæp 15% frá árslokum 1985 til ársloka 1988. Þessi hlutföll aukast aftur á árinu 1989. Hlutfall heildarskulda ríkissjóðs stefnir í að verða rúm 30% í árslok 1989 og hlutfall erlendra skulda í rúm 18%.

Hrein inneign ríkissjóðs á viðskiptareikningum hefur vaxið ört á síðustu árum. Hér er um að ræða ýmsa reikninga til skamms tíma vegna óinnheimtra skatta o.fl. Í árslok 1988 nam hrein inneign ríkissjóðs á viðskiptareikningum 17.602 m.kr. og hafði aukist um 6.150 m.kr. frá árslokum 1987. Hækkunin skýrist að stærstum hluta af 3.800 m.kr. ógjaldföllnum tekjum vegna staðgreiðslu launa 1988. Tekju- og launaskattur af greiddum launum í desember er bókfærður í ríkisreikningi á viðkomandi ár, þó svo að þeir gjaldfalli ekki fyrr en á næsta ári. Sama er að segja um söluskatt af sölu í desember, en ógjaldfallinn söluskattur í árslok 1988 var 800 m.kr. hærri en í árslok 1987. Samtals námu ógjaldfallnar tekjur ríkissjóðs í árslok 1988 um 8 milljörðum króna.

Síðustu tveir dálkar yfirlitsins sýna áætlaðar stöðutölur veittra og tekinna lána ríkissjóðs í árslok 1989 og 1990. Tekið er mið af áætlun um útkomu yfirstandandi árs og fjárlagafrumvarps 1990. Sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hækka skuldir ríkissjóðs árið 1989 vegna fjármögnunar á tekjuhalla áranna 1988 og 1989. Hlutfallið hækkar enn á árinu 1990 eða í rúm 30% enda verður ríkissjóður rekinn með nokkrum halla á því ári.

Uppistaðan í innlendri lánsfjáröflun ríkissjóðs hefur verið sala spariskírteina. Handhafar eða eigendur bréfanna eru fyrst og fremst ýmsir sjóðir og einstaklingar. Lánstími skírteinanna er breytilegur eftir flokkum og hefur fjölbreytni þeirra aukist nokkuð hin síðustu ár. Eldri bréfin koma í flestum tilvikum til lokainnlausnar fjórtán til sextán árum eftir útgáfu. Spariskírteini útgefin árið 1987 og síðar hafa verið með binditíma á bilinu tvö til átta ár og komið til lokainnlausnar að þeim tíma liðnum. Með þessu er verið að draga úr þeirri óvissu sem hefur ríkt um innlausn spariskírteina en hún ræðst að miklu leyti af þróun vaxta á innlendum lánsfjármarkaði. Í árslok 1988 nam verðgildi útistandandi skírteina með vöxtum og verðbótum alls 19.497 m.kr. Á sama tíma nam verðmæti þeirra spariskírteina sem voru innleysanleg 2.248 m.kr.

Áætluð innlausn á árinu 1990 miðast við hve mikið er til lokainnlausnar á því ári. Að auki er metin líkleg innlausn skírteina með hliðsjón af þeim raunvöxtum sem hver flokkur spariskírteina skilar eigendum sínum.

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 1990 er lánsfjárþörf ríkissjóðs áætluð 7.370 m.kr. Af þeirri fjárhæð er ráðgert að taka 1.370 m.kr. erlent lán, eða sem nemur áætluðum afborgunum af erlendum skuldum ríkissjóðs. Því sem eftir stendur lánsfjárþarfar ríkissjóðs á árinu 1990, 6.000 m.kr., mun mætt með sölu spariskírteina. Á móti er innlausn eldri spariskírteina áætluð 2.575 m.kr., þar af eru 575 m.kr. vegna vaxtaþáttarins. Nánar er fjallað um lánsfjáröflun ríkissjóðs í kafla 7.4.

Eftirfarandi yfirlit sýnir áætlun um veitt og tekin lán ríkissjóðs 1989 og 1990 á meðalverðlagi hvors árs:

Veitt og tekin lán ríkissjóðs 1989-1990

	Milljónir kr.	
	1989	1990
1. Tekin ný lán	**16.515**	**7.370**
Sala spariskírteina	6.000	6.000
Sala ríkisvíxla	3.800	-
Önnur innlend lántaka	1.405	-
Erlend lán	5.310[1])	1.370
2. Afborganir af teknum lánum	**6.760**	**5.700**
Innlausn spariskírteina	3.480	2.000
Seðlabanki	900	1.000
Önnur innlend lán	1.120	1.330
Erlend lán	1.260	1.370
3. Tekin lán, nettó (1-2)	**9.755**	**1.670**
Spariskírteini	2.520	4.000
Seðlabanki	-900	-1.000
Önnur innlend lán	285	-1.330
Erlend lán	4.050	-
4. Veitt ný lán	**2.105**	**1.510**
Lán tengd innlendu verðlagi	1.580	1.510
Gengisbundin lán	525	-
5. Innheimtar afborganir	**2.530**	**3.480**
Af lánum tengdum innlendu verðlagi	1.250	1.780
Af gengisbundnum lánum	1.280	1.700
6. Veitt lán, nettó (4-5)	**- 425**	**-1.970**
7. Tekin lán, nettó, umfram veitt lán, nettó (3-6)	**10.180**	**3.640**
8. Hlutfall af vergri landsframleiðslu (%):		
Tekin lán, nettó	3,3	0,5
Veitt lán, nettó	-0,1	-0,6
Tekin lán umfram veitt, nettó	3,5	1,1

1) Þar af 5.000 m.kr. til greiðslu á viðskiptaskuld í Seðlabanka vegna greiðsluhalla 1988.

Áætlun um greiðslur af veittum og teknum lánum ríkissjóðs á árinu 1990 byggist í grófum dráttum á eftirfarandi: 1) Stöðu tekinna og veittra lána í september 1989 samkvæmt lánaskrá ríkissjóðs, 2) horfum á nýjum lántökum og lánveitingum til ársloka 1989 í samræmi við endurskoðaða áætlun í ríkisfjármálum, 3) teknum (veittum) lánum 1990 miðað við forsendur þessa frumvarps.

Eins og oft áður ríkir óvissa um væntanleg lánskjör bæði á innlendum og erlendum lánsfjármörkuðum á næstu misserum. Innlend lán ríkissjóðs eru flest bundin föstum vöxtum. Þar sem öll fyrirhuguð lánsfjáröflun ríkissjóðs á næstu fjórum árum verður í formi sölu á spariskírteinum koma vextir af þeim ekki til greiðslu fyrr en við innlausn þeirra. Sú lækkun raunvaxta á innlendum lánamarkaði, sem orðið hefur undanfarið ár, hefur því óveruleg áhrif

á vaxtagreiðslur af langtímalánum ríkissjóðs á næstu 4-5 árum. Meðalvextir erlendra lána á árinu 1989 eru taldir verða um 8,5%, en munu lækka í 8,3% á árinu 1990. Breytilegir vextir á lánum í Bandaríkjadölum, sem koma til greiðslu í ár, eru áætlaðir að meðaltali 9,4% og í áætlun næsta árs er miðað við 9% vexti. Árið 1989 er áætlað að rúmlega 60% af öllum erlendum skuldum þjóðarbúsins séu með breytilegum vöxtum. Gróft áætlað leiðir einnar prósentu lækkun breytilegra vaxta á erlendum lánsfjármarkaði til um 1.000 m.kr. lækkunar á vaxtagreiðslum þjóðarinnar út á við á heilu ári. Áætlað hlutfall erlendra skulda ríkissjóðs árið 1989 með breytilegum vöxtum er rúmlega 40% sem er allnokkru lægra en af erlendum skuldum þjóðarbúsins í heild. Lækkun breytilegra vaxta um eina prósentu dregur úr vaxtagreiðslum ríkissjóðs út á við um 200 m.kr.

Eftirfarandi yfirlit sýnir áætlun um greiðslur ríkissjóðs af skuldum og innheimtu af veittum lánum árin 1989 og 1990:

Afborganir og vextir af teknum og veittum lánum ríkissjóðs 1989-1990

	Milljónir kr.			
	1989		1990	
	Afb.	Vextir	Afb.	Vextir
A. Greiðslur af teknum lánum	**6.760**	**8.360**	**5.700**	**9.125**
1. Áhvílandi í árslok 1989	6.760	7.130	5.700	7.825
Seðlabanki Íslands	900	340	1.000	240
Innlausn spariskírteina	3.480	860	2.000	575
Gengisbundin lán innanlands	180	70	210	70
Önnur innlend lán	940	1.460	1.120	1.980
Erlend lán	1.260	4.400	1.370	4.960
2. Tekin lán 1990	-	-	-	-
3. Yfirdráttur í Seðlabanka	-	1.230	-	1.300
B. Innheimta af veittum lánum	**2.530**	**4.400**	**3.480**	**4.255**
1. Veitt lán í árslok 1989	2.530	1.950	3.480	2.155
Tengd innlendu verðlagi	1.250	600	1.780	665
Gengisbundin lán	1.280	1.350	1.700	1.490
2. Veitt lán 1990	-	-	-	-
3. Dráttarvextir af skammtímakröfum	-	2.450	-	2.100
C. Nettó-útstreymi afborgana og vaxta	**4.230**	**3.960**	**2.220**	**4.870**

Niðurstöður framangreindrar áætlunar benda til verulegs útstreymis umfram innstreymi af lánareikningi ríkissjóðs. Heildargreiðslur ríkissjóðs af teknum lánum á árinu 1990 eru 14.825 m.kr. eða 16,4% af heildartekjum, þar af eru vextir um 10%. Á móti nema innborganir af veittum lánum ríkissjóðs alls 7.735 m.kr. eða um 8,6% af heildartekjum. Hrein greiðslubyrði ríkissjóðs vegna afborgana og vaxta á lánareikningum nemur því 7.090 m.kr. eða 7,8% af heildartekjum á árinu 1990. Þetta hlutfall er áætlað rúm 10% í ár.

Við gerð lántökusamninga hefur þess verið gætt að árlegar afborganir af skuldum

ríkissjóðs séu sem jafnastar. Þannig hefur ferli afborgana af erlendum lánum verið skoðað þegar binditími spariskírteina ríkissjóðs hefur verið ákveðinn.

Að lokum er vert að skoða greiðsluyfirlit ríkissjóðs yfir fimm ára tímabil, 1986-1990 og kanna hver lánsfjárþörf ríkissjóðs hefur verið hvert ár og hvernig hún hefur verið brúuð:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs 1986-1990
(m.kr.)

	Reikningur 1986	Reikningur 1987	Reikningur 1988	Áætlun 1989	Frumvarp 1990
Tekjur	38.235	48.963	64.382	79.783	90.352
Gjöld	40.111	51.688	71.583	84.459	93.207
Tekjujöfnuður	-1.876	-2.725	-7.201	-4.676	-2.855
Veitt lán - afborganir	-322	99	779	-425	-1.970
Hlutafjárframlög	89	873	116	0	160
Viðskiptareikningur	964	1.824	211	500	600
Lánsfjárþörf, hrein	**2.607**	**5.521**	**8.307**	**4.751**	**1.645**
Innlend lán, umfram afborganir	1.886	2.728	1.526	6.605	2.670
- lántaka	3.617	4.485	4.882	11.205	6.000
- afborganir	1.731	1.757	3.356	4.600	3.330
Erlend lán, umfram afborganir	3.756	1.119	3.198	-950	0
- lántaka	5.004	2.155	4.230	310	1.370
- afborganir	1.248	1.036	1.032	1.260	1.370
Seðlabanki og sjóður	3.035	-1.674	-3.583	904	1.025
Hlutfall af vergri landsframleiðslu (%):					
Tekjujöfnuður	-1,2	-1,3	-2,8	-1,6	-0,8
Lánsfjárþörf, hrein	1,6	2,7	3,2	1,6	0,5
Innlend lán umfram afborganir	1,2	1,3	0,6	2,2	0,8
Erlend lán umfram afborganir	2,4	0,5	1,3	-0,3	0,0
Seðlabanki og sjóður	1,9	-0,8	-1,4	0,3	0,3

Yfirlitið sýnir að hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs, þ.e. lántökuþörf umfram afborganir, fór vaxandi þar til á árinu 1989. Þrátt fyrir góðærið er lántökuþörfin mikil á árunum 1986 og 1987, og bæði árin nema innlendar lántökur umfram afborganir um 1,3% af landsframleiðslu. Í því þensluástandi sem ríkti hefur það átt sinn þátt í að þrýsta upp raunvöxtum. Samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi mun innlend lántaka ríkissjóðs umfram afborganir nema um 0,8% af áætlaðri landsframleiðslu 1990, sem er minna en á undanförnum árum. Lánsfjárþörfin í heild verður mun minni en á undanfarið árum, eða 0,5% af landsframleiðslu, samanborið við 1,6% 1989 og um 3% árin 1987 og 1988.

6.2 Ríkisábyrgðir

Heildarskuldbindingum ríkisins má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi eru bókfærðar skuldir sem ríkissjóður hefur tekið innan lands og utan, eins og hefur verið skýrt frá í kaflanum hér að framan. Í öðru lagi skuldbindingar ríkissjóðs vegna lána sem ýmsir hafa fengið

heimild til að taka á ábyrgð ríkisins. Í þriðja lagi eru síðan sjálfvirkar ábyrgðir ríkisins sem felast í eignarhaldi þess, t.d. á ríkisbönkum og fjárfestingarlánasjóðum. Hér á eftir verður gerð grein fyrir skuldbindingum ríkissjóðs sem stofnað er til með formlegum ríkisábyrgðum.

Eftirfarandi tafla sýnir stöðu skráðra ríkisábyrgða á undanförnum árum (m.kr.):

Skráðar ríkisábyrgðir 1980-1988

Ár	Verðlag í lok hvers árs				Ríkisábyrgðir alls verðlag í árslok [1] 1988
	Óverðtryggð lán	Verðtryggð lán	Gengisbundin lán	Ríkisábyrgðir samtals	
1988	100	348	21.501	21.949	21.949
1987	416	6.305	17.703	24.424	29.588
1986	294	5.820	16.632	22.746	29.714
1985	275	4.979	12.873	18.127	25.887
1984	302	4.006	10.355	14.663	26.091
1983	241	3.598	6.599	10.438	23.170
1982[2]	-	-	3.346	5.618	20.592
1981[3]	-	-	-	2.044	12.357
1980[3]	-	-	-	1.365	10.511

1) Fært til verðlags í árslok 1988 með meðalgengisvísitölu og lánskjaravísitölu.
2) Innbyrðis skipting milli verðtryggðra lána og óverðtryggðra lána í árslok 1982 liggur ekki fyrir.
3) Innbyrðis skipting liggur ekki fyrir í árslok 1980 og 1981.

Eins og yfirlitið ber með sér hvíla verulegar skuldbindingar á ríkissjóði í veittum ábyrgðum. Í árslok 1988 jafngiltu skráðar ríkisábyrgðir, reiknaðar til meðalverðlags 1988, 8% af landsframleiðslu samanborið við 11,5% í árslok 1987. Hlutfallið hefur lækkað verulega á síðustu árum, en á árunum 1983-1986 voru skráðar ríkisábyrgðir, mældar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, á bilinu 13-15%. Á árinu 1988 fór fram uppgjör Húsnæðisstofnunar ríkisins við veðdeild Landsbanka Íslands og voru þá m.a. gerð upp lán veðdeildar sem voru með ríkisábyrgð. Hlutfallsleg lækkun skráðra ríkisábyrgða árið 1988 skýrist af því uppgjöri.

Ábyrgðir hafa verið veittar fjölmörgum aðilum á liðnum árum. Erfitt er að draga fram í stuttu yfirliti raunverulega áhættu ríkissjóðs af greiðslufalli lána sem ríkissjóður hefur gengist í ábyrgð fyrir. Þegar áhætta er metin þarf í fyrsta lagi að skoða hve stór hluti veittra ríkisábyrgða eru sjálfskuldarábyrgðir. Komi til vanskila með sjálfskuldarábyrgð getur lánveitandi gengið að ábyrgðaraðila og krafið hann um greiðslu án þess að fullreynt sé hvort skuldari geti staðið í skilum. Sé ábyrgðin hins vegar einföld þarf lánveitandi áður að reyna til hlítar hvort skuldari geti innt greiðsluna af hendi. Við skoðun á skráðum ríkisábyrgðum kemur í ljós að þær eru að stórum hluta með sjálfskuldarábyrgð.

Eftirfarandi yfirlit sýnir flokkun skráðra ábyrgða í grófum dráttum eftir þeim aðilum sem vega einna þyngst:

Flokkun skráðra ríkisábyrgða 1980-1988 eftir skuldurum
Fast verðlag í árslok 1988

Ár	Framkvæmda-sjóður	Veðdeild Landsbanka	Landsvirkjun	Aðrir	Ábyrgðir alls
1988	15.199	-	83	6.667	21.949
1987	15.414	7.078	143	6.953	29.588
1986	14.896	7.852	892	6.074	29.714
1985	11.521	7.710	1.120	5.536	25.887
1984	9.902	8.135	1.357	6.697	26.091
1983	6.945	8.778	1.509	5.938	23.170
1982	4.760	9.468	1.522	4.843	20.592
1981	2.997	5.006	1.290	3.064	12.357
1980	2.471	5.544	1.597	898	10.511

Ætla verður að áhætta ríkissjóðs af vanskilum hjá Framkvæmdasjóði Íslands og Landsvirkjun sé hverfandi lítil. Í dálkinum sem ber heitið "Aðrir" eru ýmis ríkisfyrirtæki, bæjar- og sveitarfélög og atvinnufyrirtæki. Innan þessa hóps hafa orðið talsverð vanskil á undanförnum árum. Útgjöld Ríkisábyrgðasjóðs hafa því orðið nokkur á tímabilinu 1981-1988, sbr. eftirfarandi yfirlit (m.kr.):

Hreinar útgreiðslur ríkissjóðs vegna vanskila lána með ríkisábyrgð 1981-1988

	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988
Innleystar kröfur	61	89	193	248	238	636	229	304
- Endurgreiðslur skuldara	-61	-67	-91	-121	-204	-356	-219	-221
Hreinar útgreiðslur ríkissjóðs	-	22	102	127	34	280	10	83

Heildarfjárhæð krafna, sem Ríkisábyrgðasjóður varð að leysa til sín á árinu 1988, nam 304 m.kr. Endurgreiðslur frá skuldurum til Ríkisábyrgðarsjóðs námu 221 m.kr. þannig að hreinar greiðslur úr sjóðnum námu 83 m.kr.

Í árslok 1988 námu kröfur ríkissjóðs alls 1.036 m.kr. vegna vanskila skuldunauta Ríkisábyrgðasjóðs. Hafa þær hækkað um 33% frá árslokum 1987. Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu þeirra eftir málaflokkum í árslok 1986-1988 (m.kr.):

Kröfur ríkissjóðs 1986-1988 vegna vanskila ýmissa aðila við Ríkisábyrgðasjóð

	1986	1987	1988
1. Hafnalán	12	11	24
2. Raforkulán	61	46	39
3. Fiskiðnaður	207	236	236
4. Togaralán	49	68	97
5. Samgöngur	238	269	475
6. Hitaveitulán	51	67	44
7. Landbúnaður	6	8	12
8. Aðrir	113	74	109
Samtals	737	779	1.036

Til viðbótar við framangreindar ábyrgðir er ríkissjóður skuldbundinn af sjálfvirkum ríkisábyrgðum sem eigandi ríkisbanka og opinberra fjárfestingarlánasjóða. Áhætta ríkisins af þessum skuldbindingum er þó óljós.

Að lokum skal vakin athygli á að einkafyrirtæki leita gjarnan til opinberra lánastofnana um milligöngu á erlendum lántökum út á heimildir viðskiptaráðuneytisins. Þannig hafa Framkvæmdasjóður Íslands, Iðnlánasjóður og Iðnþróunarsjóður tekið drjúgar upphæðir að láni erlendis fyrir einkaaðila. Það skal tekið fram að þótt hér sé oft um háar fjárhæðir að ræða eru í flestum tilvikum gerðar strangar kröfur um trygg veð að baki þessum lánveitingum. Engu að síður eru margar af þessum ábyrgðum óhjákvæmilega áhættusamar.

7 Lánsfjáráætlun

Sem fyrr hafa Seðlabanki Íslands og Þjóðhagsstofnun lagt til efni í þennan kafla frumvarpsins. Fyrst er gerð grein fyrir horfum um heildarfjárfestingu 1990 og síðan er fjallað um áformaða ráðstöfun þess lánsfjár sem aflað verður. Þá er fjallað um innlenda og erlenda lánsfjáröflun. Í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1990, sem lagt er fram samtímis fjárlagafrumvarpinu, er leitað nauðsynlegra lántökuheimilda.

7.1 Heildarfjárfesting

Gert er ráð fyrir því að fjárfesting dragist saman um 8% á árinu 1989. Er það nokkru meiri samdráttur en reiknað var með í þjóðhagsspá sem gerð var í maí síðastliðnum. Lækkunin stafar aðallega af minni innflutningi skipa og flugvéla og minni innflutningi bifreiða og véla til atvinnurekstrar. Byggingarvísitala er nú talin hækka um 23% frá meðaltali 1988 til 1989 og erlendur kostnaður er talinn hækka um 30%. Á árinu 1989 er fjárfesting atvinnuveganna talin dragast saman um tæplega 16%, framkvæmdir við íbúðarhús aukist lítið eitt, eða um 2%, en álitið að framkvæmdir hins opinbera dragist saman um 0,7%. Heildarfjárfesting 1989 er áætluð 54.100 m.kr. og talin nema 18,4% af landsframleiðslu.

Fjárfesting 1989-1990

	Verðlag hvors árs		Magnbreytingar frá fyrra ári	
	Áætluð útkoma 1989 m.kr.	Áætlun 1990 m.kr.	Áætluð útkoma 1989 %	Áætlun 1990 %
1. Atvinnuvegir	25.900	28.700	-15,8	-4,4
2. Íbúðarhús	11.650	13.500	2,0	0,0
3. Opinberar framkvæmdir	16.550	19.900	-0,7	3,7
4. Samtals	54.100	62.100	-8,0	2,0
5. Fjárfesting sem hlutfall af vergri landsframleiðslu	18,4%	18,5%		

Áætlað er að fjárfesting á árinu 1990 dragist saman um 1%. Að undanskildum flugvélakaupum Flugleiða hf. nemur samdráttur 9%. Hér er ekki reiknað með stóriðjuframkvæmdum og raforkuframkvæmdum sem þeim fylgja, þar sem ákvarðanir hafa enn ekki verið teknar. Á árinu 1990 er talið að fjárfesting atvinnuveganna muni dragast saman um 4,4%. Áætlað er að framkvæmdir við íbúðarhús verði svipaðar og í ár, en reiknað er með að fjárfesting hins opinbera aukist um 3,7%. Heildarfjárfestingin 1990 er áætluð 62.100 m.kr. eða 18,5% af landsframleiðslu.

Atvinnuvegir. Fjárfesting atvinnuveganna 1990 er talin dragast saman um 4,4%. Að undanskildum flugvélakaupum Flugleiða hf. nemur samdrátturinn 22%. Flugvélakaup Flugleiða hf. nema um 7.700 m.kr. eða rúmlega 12% af heildarfjárfestingunni. Er hér um að ræða tvær Boeing 757 þotur og eina Boeing 737-400 þotu, en Flugleiðir hf. keyptu tvær 737-400 þotur á þessu ári fyrir 2.800 m.kr. Vegna flugvélakaupanna eykst mjög fjárfesting í flutningatækjum á árinu 1990, eða um 83%.

Gert er ráð fyrir samdrætti í fjárfestingu annarra atvinnugreina nema í vinnslu sjávarafurða þar sem gert er ráð fyrir svipuðum framkvæmdum og í ár. Áformað er að ein eða tvær loðnuverksmiðjur láti setja upp mengunarvarna- og þurrkbúnað, en með nýrri þurrkunaraðferð fæst betra og verðmætara mjöl. Framkvæmdir í landbúnaði voru miklar á árunum 1985-1988, einkum við fiskeldisstöðvar og í loðdýrarækt. Áætlaðar framkvæmdir í landbúnaði 1990 eru aðeins um helmingur þess sem þær voru á árinu 1988. Framkvæmdir í almennum iðnaði eru taldar dragast saman um 20% 1990. Á þessu ári verður lokið við að reisa stálbræðslu fyrir sunnan Hafnarfjörð. Samdráttur í fjárfestingu atvinnuveganna er áætlaður um 25% á árunum 1988-1990. Fjárfesting þeirra jókst aftur á móti um rúmlega 70% á árunum 1984-1987.

Íbúðabyggingar. Íbúðabyggingar voru í lágmarki 1986 og höfðu þá dregist saman um nær 30% á tveimur árum. Árið 1987 jukust þær um 14%. Samkvæmt bráðabirgðatölum varð 5% aukning í íbúðabyggingum 1988, og talið er að 2% aukning verði í ár. Árið 1988 voru fullgerðar rúmlega 1600 íbúðir. Á árinu 1990 er gert ráð fyrir jafnmiklum framkvæmdum við íbúðarhús og 1989. Talið er að auknar lánveitingar til íbúðabygginga árið 1990 muni vega upp áhrifin af lækkandi kaupmætti.

Opinberar framkvæmdir. Áætlað er að framkvæmdir við byggingar og mannvirki hins opinbera aukist um 3,7% árið 1990. Talið er að framkvæmdir við rafvirkjanir og rafveitur aukist um 47%. Aukningin stafar af því að framkvæmdir Landsvirkjunar nær tvöfaldast á næsta ári. Áætlað er að fyrsta vél Blönduvirkjunar verði gangsett haustið 1991. Framkvæmdir við hitaveitur eru taldar dragast saman um 45%. Stafar samdrátturinn af minni framkvæmdum Hitaveitu Reykjavíkur, en fyrsta áfanga Nesjavallaveitu lýkur á næsta ári. Áætlað er að framkvæmdir við vatnsveitur aukist um 60% vegna vatnsveituframkvæmda á Suðurnesjum. Hér er um að ræða ný vatnsból fyrir Keflavík, nágrannasveitarfélög og Keflavíkurflugvöll. Hefjast framkvæmdir í haust og þeim lýkur á næsta ári.

Talið er að 3% samdráttur verði í framkvæmdum við samgöngumannvirki. Áætlað er að framkvæmdir í vegagerð aukist um 13%, en gert er ráð fyrir svipuðum framkvæmdum við götur og holræsi. Framkvæmdum við Flugstöð Leifs Eiríkssonar lauk að mestu í ár. Áætlað er að framkvæmdir við byggingar hins opinbera dragist saman um 2%. Framkvæmdum við Borgarleikhús lýkur á þessu ári, en til þeirrar byggingar var varið rúmlega 300 m.kr. í ár. Á árinu 1990 verður haldið áfram byggingu ráðhúss í Reykjavík og byggingu útsýnis- og veitingahúss á Öskjuhlíð.

Byggingarstarfsemi. Samkvæmt fjárfestingarspá fyrir árið 1990 verða umsvif í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð 3-4% minni en á þessu ári. Á árunum 1988 og 1989 er gert ráð fyrir 4-5% samdrætti hvort ár. Aftur á móti varð mikil aukning í þessari grein árið 1987, eða um 15%.

7.2 Opinberar framkvæmdir - opinber lánsfjárþörf

Heildarframkvæmdir á vegum opinberra aðila eru áformaðar 19.900 m.kr. á árinu 1990. Í því felst um 3,7% aukning samanborið við framkvæmdir yfirstandandi árs. Aukningin tekur þó einungis til framkvæmda við rafvirkjanir og rafveitur sem vaxa um 47% vegna aukinna framkvæmda Landsvirkjunar við Blönduvirkjun. Á öðrum sviðum opinberra framkvæmda mun verða samdráttur. Í töflu 10 í töfluviðauka má sjá að vægi opinberra framkvæmda er áætlað um 32,1% af heildarfjárfestingu í landinu og hefur hlutfallið farið hækkandi á undanförnum árum. Þannig var vægi opinberra framkvæmda 26,3% af heildarfjárfestingu árið 1986. Töflur 12-15 í viðauka sýna frekari sundurliðun opinberra framkvæmda á árinu 1990.

Fjármögnun opinberra framkvæmda er ýmist með beinum fjárveitingum A-hluta ríkissjóðs, lántökum eða úr rekstri fyrirtækja. Eftirfarandi yfirlit sýnir ráðgerða fjármögnun einstakra framkvæmdaflokka á árinu 1990 (m.kr.):

Fjármögnun opinberra framkvæmda 1990

	Áætluð fjárfesting 1990	Fjármögnun		
		Fjárveiting	Úr rekstri eða sjóðum	Lántökur
1. Raforku- og hitaveituframkvæmdir	4.780	66	1.414	3.300
2. Hita- og vatnsveitur	2.000	12	1.988	-
3. Samgöngumannvirki	6.640	3.130	3.510	-
4. Opinberar byggingar	6.480	2.352	3.768	360
Samtals	19.900	5.560	10.680	3.660
Hlutfallsleg samsetning fjármögnunar	100,0	27,9	53,7	18,4

Fjárveitingar ríkissjóðs til opinberra framkvæmda nema rúmlega fjórðungi heildarfjármögnunar þeirra eða 5.560 m.kr. á árinu 1990. Þá er ráðgert að skilað verði úr rekstri eða sjóðum ríflega helmingi framkvæmdakostnaðarins eða 10.680 m.kr. Loks eru lántökur til opinberra framkvæmda ráðgerðar 3.660 m.kr. Beinar fjárveitingar hafa lækkað hlutfallslega frá lánsfjáráætlun 1989, en lántökur hækka.

Veigamestu raforkuframkvæmdir eru nú eins og áður á vegum Landsvirkjunar, 3.600 m.kr., Rafmagnsveitna ríkisins, 335 m.kr., og sveitarfélaga, 694 m.kr. Aðrar raforkuframkvæmdir eru áætlaðar 151 m.kr.

Hita- og vatnsveituframkvæmdir eru einkum á vegum Hitaveitu Reykjavíkur og Vatnsveitu Reykjavíkur eða alls 1.120 m.kr. Einnig eru umfangsmiklar framkvæmdir við ný vatnsból á Suðurnesjum að fjárhæð um 440 m.kr.

Í samgöngumannvirkjum eru framkvæmdir við vega- og gatnagerð þyngstar eða alls 4.595 m.kr. Framkvæmdir við hafnir og vita eru áætlaðar 750 m.kr. og flugvallaframkvæmdir 325 m.kr. Framkvæmdir hjá Póst- og símamálastofnun eru áætlaðar 800 m.kr. Framkvæmdir Ríkisútvarpsins eru áætlaðar 165 m.kr. og eru allar á vegum Framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins. Þar af eru 95 m.kr. vegna afborgana af lánum og fjármögnunarleigu á tækjabúnaði og 70 m.kr. vegna uppbyggingar dreifikerfis og kaupa á nýjum búnaði fyrir hljóðvarp og sjónvarp.

Fyrirhugað er að verja 6.480 m.kr. til opinberra bygginga á árinu 1990. Til að reisa skóla- og íþróttamannvirki renna 2.250 m.kr. og til sjúkrahúsa er varið 1.500 m.kr. Til byggingar ráðhúss í Reykjavík og framkvæmda við hitaveitugeyma í Öskjuhlíð eru áætlaðar alls um 650 m.kr.

Lántökur opinberra aðila eru ekki einskorðaðar við fjármögnun framkvæmda. Eftirfarandi yfirlit sýnir lánsfjárráðstöfun opinberra aðila miðað við lánsfjárlög 1989, endurskoðaða áætlun í september 1989 og samkvæmt frumvarpinu 1990 (m.kr.):

Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila 1989 og 1990 (m.kr.)

	Lánsfjár-áætlun 1989	Endurskoðuð áætlun 1989	Lánsfjár-áætlun 1990
1. Ríkissjóður, A-hluti	**10.435**	**16.515**	**7.370**
Þar af endurlánað til B-hluta	1.340	1.565	1.510
Lánasjóður íslenskra námsmanna	915	915	1.480
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	350	350	30
Þjóðleikhúsið	75	-	-
Atvinnuleysistryggingasjóður	-	300	-
Þar af endurlánað til sveitarfélaga	-	65	-
Hitaveita Akureyrar	-	25	-
Hitaveita Suðurnesja	-	25	-
Hitaveita Eyra	-	15	-
Þar af endurlánað til atvinnufyrirtækja	-	475	-
Flóabáturinn Baldur	-	110	-
Iðnlánasjóður vegna Álafoss hf. og Hiks hf.	-	115	-
Ýmsir aðilar v/skuldbreytinga	-	250	-
2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	**1.360**	**1.360**	**3.400**
Landsvirkjun	1.260	1.260	3.300
Þróunarfélag Íslands	100	100	100
3. Sveitarfélög	**842**	**1.669**	**400**
Akureyrarbær	155	373[1])	-
Bæjarveitur Vestmannaeyja	25	27	56
Hitaveita Egilsstaða og Fella	16	16	-
Hitaveita Eyra	15	-	-
Hitaveita Siglufjarðar	56	56	-
Hitaveita Suðureyrar	60	60	-
Hitaveita Suðurnesja	380	420	-
Hríseyjarhreppur	35	-	-
Reykjavíkurborg	-	614[2])	-
Endurlán bankakerfis	-	18[3])	-
Sorpeyðingarstöð höfuðborgarsvæðis	-	-	260
Annað	100	85	73
4. Ráðstöfun (1+2+3)=Fjáröflun (5+6)	**12.637**	**19.544**	**11.170**
5. Innlend fjáröflun	**5.500**	**11.300**	**6.000**
Útgáfa spariskírteina	5.300	6.000	6.000
Ríkisvíxlar	-	3.800	-
Önnur innlend fjáröflun	200	1.500	-
6. Erlendar lántökur	**7.137**	**8.244**	**5.170**
Ríkissjóður, A-hluti	5.135	5.310	1.370
Fyrirtæki með eignaraðild ríkssjóðs	1.160	1.360	3.400
Sveitarfélög	842	1.574	400

1) Vegna Hitaveitu Akureyrar 154 m.kr., Fjórðungssjúkrahúss 48 m.kr. og til endurlána Krossanesverksmiðju 171 m.kr.
2) Hitaveita Reykjavíkur 575 m.kr., Reykjavíkurhöfn 39 m.kr.
3) Akranesbær 9,7 m.kr., Akureyrarbær 3,4 m.kr. og Mosfellsbær 5,3 m.kr.

Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila 1989 er talin nema 19.544 m.kr. á árinu 1989 og er henni mætt með innlendri fjáröflun að upphæð 11.300 m.kr. og erlendri lántöku að upphæð 8.244 m.kr. Aukin lánsfjárráðstöfun 1989 miðað við áætlun ársins nemur alls 6.907 m.kr., þar af hækka innlendar lántökur um 5.800 m.kr. og erlendar um rúman 1.107 m.kr. Hækkun erlendrar lántöku stafar að stærstum hluta af lántöku Reykjavíkurborgar að fjárhæð 614 m.kr. vegna framkvæmda Hitaveitu Reykjavíkur og Reykjavíkurhafnar. Þá varð erlend lántaka Akureyrarbæjar um 220 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir í lánsfjáráætlun. Lán að fjárhæð 110 m.kr. sem Flóabáturinn Baldur hf. hafði heimild til að taka fór um Endurlán ríkissjóðs eins og fyrri lán fyrirtækisins. Loks varð breyting á gengi krónunnar gagnvart erlendum myntum verulega meiri en gert var ráð fyrir í forsendum lánsfjáráætlunar. Af 1.574 m.kr. erlendri lántöku sveitarfélaga eru lántökur Reykjavíkurborgar, Akureyrarbæjar og Hitaveitu Suðurnesja, samtals að fjárhæð 1.407 m.kr., án ríkisábyrgðar. Hækkun innlenda hlutans skýrist af verulega meiri lánsfjárþörf ríkissjóðs á árinu 1989 en talið var í forsendum fjárlaga, þar sem í stað rúmlega 600 m.kr. tekjuafgangs eru líkur á að tekjuhalli ríkissjóðs á árinu 1989 verði nálægt 4.700 m.kr.

Erlendar afborganir opinberra aðila eru áætlaðar 3.415 m.kr. á árinu 1989 og hækka því hreinar erlendar lántökur þeirra til langs tíma um 4.945 m.kr.

Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila á árinu 1990 er áformuð 11.170 m.kr. Samanborið við endurskoðaða áætlun 1989 lækkar lánsfjárráðstöfunin um 8.300 m.kr. Lántökur ríkissjóðs lækka um rúma 9 milljarða króna, enda tóku þær á árinu 1989 jafnframt til fjármögnunar á halla ríkissjóðs á árinu 1988. Einnig verða lántökur sveitarfélaga um 1.250 m.kr. lægri á árinu 1990 samanborið við 1989. Aftur á móti hækka lántökur Landsvirkjunar um tvo milljarða króna frá árinu 1989.

Áformað er að afla opinberum aðilum alls 11.170 m.kr. lánsfjár á árinu 1990, þar af verði 6.000 m.kr. teknar innan lands og 5.170 m.kr. erlendis. Áætlaðar endurgreiðslur af erlendum skuldum nema alls 3.120 m.kr. Lántökur erlendis umfram afborganir eru því áætlaðar 2.050 m.kr. á árinu 1990.

Framkvæmdum og lánsfjárráðstöfun A- og B-hluta ríkissjóðs hafa þegar verið gerð skil í athugasemdum að framan. Hér á eftir er gerð grein fyrir framkvæmdum og lánsfjárráðstöfun fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og sveitarfélaga.

Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs

Landsvirkjun. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir á vegum Landsvirkjunar á árinu 1990 nemi um 3.600 m.kr. Er þá miðað við að fyrsta vél Blönduvirkjunar verði gangsett haustið 1991. Fjárfestingin skiptist þannig að 3.300 m.kr. renna til Blönduvirkjunar og 300 m.kr. til annarra framkvæmda, svo sem til að ljúka byggingu stjórnstöðvar og uppsetningar á nýjum kerfiráði.

Ráðgert er að fjármagna framkvæmdir Landsvirkjunar með 3.300 m.kr. erlendri lántöku vegna Blöndu og 300 m.kr. með fé úr rekstri fyrirtækisins. Loks miðast áætlanir fyrirtækisins við greiðslu afborgana að fjárhæð alls um 1.700 m.kr., þar af eru 1.130 m.kr. afborganir af erlendum lánum en 60 m.kr. renna til ríkissjóðs. Þá eru vaxtagreiðslur áætlaðar 2.770 m.kr. á árinu 1990, þar af fara 2.240 m.kr. til erlendra lánardrottna en 130 m.kr. til ríkissjóðs. Skuldir fyrirtækisins námu 28,5 milljörðum króna í árslok 1988, þar af námu erlendar skuldir 24 milljörðum króna.

Orkubú Vestfjarða. Á árinu 1989 yfirtók ríkissjóður skuld Orkubús Vestfjarða við ríkissjóð að eftirstöðvum 569 m.kr. í árslok 1988. Forsenda yfirtökunnar var sú að veitan gæti í framtíðinni fjármagnað nauðsynlegar framkvæmdir að fullu úr rekstri. Fyrirhugaðar framkvæmdir Orkubús Vestfjarða nema um 85 m.kr. á árinu 1990.

Íslenska járnblendifélagið hf. Hagur fyrirtækisins er mjög góður á yfirstandandi ári og er hreinn hagnaður áætlaður um 700 m.kr. Gert er ráð fyrir að greiða niður langtímaskuldir fyrirtækisins á næsta ári um 330 m.kr. og nema þá eftirstöðvar skulda um 630 m.kr. Gert er ráð fyrir að allar skammtímaskuldir hafi verið greiddar í árslok 1989. Arðgreiðslur fyrirtækisins í ríkissjóð 1990, vegna reksturs 1989, eru áætlaðar 110 m.kr. auk 4 m.kr. vegna skatta af arðgreiðslum til útlanda. Rekstrarhorfur fyrir árið 1990 eru ekki bjartar og samkvæmt þeim verður hagnaður lítill sem enginn. Fjárfestingar á árinu 1990 eru áætlaðar um 90 m.kr. vegna endurnýjunar og breytinga á tækjabúnaði. Verða þær að fullu fjármagnaðar með eigin tekjum fyrirtækisins.

Þróunarfélag Íslands hf. Félaginu er heimiluð 100 m.kr. erlend lántaka á árinu 1990. Áætlunin miðast við að félagið hafi til ráðstöfunar 210 m.kr. á árinu. Félagið hefur tekið þátt í stofnun nokkurra fyrirtækja. Þar má nefna fyrirtækið Tölvusamskipti, sem vinnur að útflutningi á samskiptaforritum hvers konar, fyrirtækið Kögun, sem annast mun rekstur á öllum hugbúnaði í sambandi við Íslenska loftvarnarkerfið, og fyrirtæki sem stofnað var með Háskólanum og hagsmunaaðilum í sjávarútvegi og er ætlað að vinna ensím úr fiskúrgangi. Hvað varðar fyrirhuguð útlán á árinu 1990 mun félagið leggja áherslu að vinna að sameiningu og samruna fyrirtækja.

Sveitarfélög

Á undanförnum árum hafa lántökur sveitarfélaga nær eingöngu verið tengdar fjármögnun framkvæmda og skuldbreytingum hjá hitaveitum. Endurgreiðslutími fjárfestingarlána hitaveitna hefur verið mun skemmri en afskriftartími mannvirkjanna. Margar hitaveitur hafa af þeirri ástæðu lent í miklum erfiðleikum, bæði vegna þungrar greiðslubyrði af áhvílandi skuldum og byrjunarörðugleikum í rekstri. Ríkissjóður hefur á síðustu árum létt á mörgum veitum með því að yfirtaka hluta af skuldum þeirra og skuldbreyta öðrum lánum til lengri tíma með það að markmiði að tryggja rekstrargrundvöll veitnanna til frambúðar. Fyrirhugaðar lántökur hitaveitna eru því óverulegar á næsta ári. Hér á eftir verður greint stuttlega frá fyrirliggjandi upplýsingum um fjármál nokkurra hitaveitna á árinu 1989.

Hitaveita Reykjavíkur. Fyrirliggjandi áætlun veitunnar um framkvæmdir á næsta ári nemur 870 m.kr. og verða þær fjármagnaðar að fullu með eigin tekjum. Veigamestar eru framkvæmdir við Nesjavallavirkjun um 640 m.kr.

Hitaveita Suðurnesja. Afkoma veitunnar er mjög góð. Framkvæmdaáform næsta árs nema alls um 350 m.kr. og verður öll fjármögnun með eigin fé. Fyrirtækið tók á árinu 1989 erlent lán að fjárhæð 420 m.kr. vegna nýframkvæmda og greiðslu á skammtímaskuldum. Jafnframt var tekið erlent lán að fjárhæð 25 m.kr. vegna skuldbreytinga á eldra láni. Lánagreiðslur fyrirtækisins eru áætlaðar um 660 m.kr. á árinu 1990, þar af eru afborganir 440 m.kr. og vextir 220 m.kr.

Hitaveita Akureyrar. Fyrirtækið ráðgerir ekki nýjar lántökur á árinu 1990 og framkvæmdir verða óverulegar. Á árinu 1989 tók veitan erlend lán að fjárhæð 180 m.kr. vegna afborgana og skuldbreytinga af eldri lánum.

Hitaveita Eyra. Veitunni er veitt heimild til 11 m.kr. lántöku á árinu 1989 til afborgana af lánum og vegna vanskila við Ríkisábyrgðasjóð.

Bæjarveitur Vestmannaeyja. Fyrirtækinu er veitt heimild til 56 m.kr. lántöku til að standa skil á skuldum við Ríkisábyrgðasjóð og afborgunum af erlendum lánum.

7.3 Fjárfestingarlánasjóðir

Fjárfestingarlánasjóðir, sem hér er greint frá, eru 17 að tölu, þar af eru 14 sem lánsfjár er aflað til samkvæmt lánsfjáráætlun eða lánsfjárlögum.

Í lánsfjáráætlun 1989 voru ný útlán fjárfestingarlánasjóða áætluð 20,4 milljarðar króna á árinu 1989. Endurskoðuð áætlun sjóðanna bendir hins vegar til að útlán þeirra verði nálægt 25,7 milljörðum króna á árinu 1989. Í lánsfjáráætlun 1990 eru ný útlán sjóðanna áætluð alls um 19,5 milljarðar króna á árinu 1990 eða um fjórðungi lægri en áætlun yfirstandandi árs. Lækkunin stafar fyrst og fremst af mikilli lækkun útlána Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina og Framkvæmdasjóðs Íslands. Útlán Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna eru áætluð svipuð í fjárhæðum en að viðbættum kaupum lífeyrissjóða á húsbréfum að upphæð 2.400 m.kr. eru lánveitingar til húsnæðismála talin aukast um 5% að raungildi frá árinu 1989.

Fjármögnun fjárfestingarlánasjóðanna, sem útlánastarfsemi þeirra byggist á, gerist sem kunnugt er með þrennum hætti: a) Eigin fjármögnun af fé er losnar úr rekstri, b) framlögum frá hinu opinbera og skatttekjum eins og lög ákveða og c) lánsfé eins og ákveðið er í lánsfjárlögum. Til að standa undir framangreindum heildarútlánum 1990, 19.533 m.kr., þurfa sjóðirnir að taka að láni 16.124 m.kr. Framlög og skatttekjur nema 2.932 m.kr. en eigið ráðstöfunarfé nemur aðeins 477 m.kr. eða 2,4% af heildarútlánum. Af 25,7 milljarða króna útlánum 1989, eru 800 m.kr. fjármagnað með eigin fé eða rúm 3%. Starfsemi sjóðanna byggist því í höfuðdráttum á lánsfé, enda nemur það um 83% af útlánum þeirra. Nánari sundurliðun á áætluðu greiðslustreymi fjárfestingarlánasjóða og lánsfjármögnun er að finna í töflum 22 og 23 í töfluviðauka.

Fjárfestingarlánasjóðirnir gegna þýðingarmiklu hlutverki í fjármögnun fjárfestingar hér á landi, ekki síst sökum þess hve áhættufjármagn í atvinnurekstri er hér óverulegt. Eins og undanfarin ár eru lífeyrissjóðirnir veigamikil uppspretta lánsfjár. Á árinu 1990 er gert ráð fyrir að þeir láni 10.855 m.kr. til íbúðalánasjóða og 130 m.kr. til Stofnlánadeildar landbúnaðarins sem eru lögbundin skuldabréfakaup Lífeyrissjóðs bænda af deildinni. Ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á árinu 1990 er áætlað 24.100 m.kr. Af þeirri fjárhæð mun 10%, eða 2.410 m.kr. fara til kaups á húsbréfum, þannig að óráðstafaður hluti lífeyrissjóðafjár er áætlaður um 10.800 m.kr.

Umsvif Framkvæmdasjóðs Íslands hafa farið minnkandi á undanförnum árum og munu minnka enn á næsta ári. Meginástæða þess er sú að fjárfestingarlánasjóðir eru í ríkari mæli farnir að taka erlend lán í eigin nafni í stað þess að Framkvæmdasjóður hafi þar milligöngu. Engar nýjar lántökur eru ráðgerðar en afborganir af eldri lánum eru áætlaðar 2.445 m.kr. Gert er ráð fyrir að útlán Framkvæmdasjóðs Íslands nemi alls 630 m.kr. á næsta ári og fara þau öll til fjárfestingarlánasjóða, en sú fjárhæð miðast við að tryggð sé lágmarksútlánageta viðkomandi sjóða.

Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina er ætlað að leysa úr fjárhagsvanda fyrirtækja í útflutningsgreinum með lánum og skuldbreytingum. Umsvif sjóðsins dragast verulega saman frá því sem þau verða á þessu ári. Ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 1990 er áætlað 1.460 m.kr., þar af hefur sjóðurinn til beinna lánveitinga og skuldbreytinga 1.295 m.kr. Auk framlags úr ríkissjóði, 350 m.kr. er innlend lántaka áætluð 500 m.kr. og erlend lántaka 250 m.kr.

Greiðsluhalli Fiskveiðasjóðs verður áfram mikill. Á árinu 1990 er áætlað að rekstrar- og fjármagnshreyfingar verði neikvæðar um einn milljarð króna og er þá ekki reiknað með neinum vaxtaafslætti eða að vanskil aukist á árinu. Greiðsluhallinn verður fjármagnaður að fullu með erlendu lánsfé. Ný útlán Fiskveiðasjóðs á árinu 1990 eru áætluð að hámarki 200 m.kr. og eingöngu til að greiða fyrir hagræðingu og samruna fyrirtækja í fiskvinnslu. Þetta

er 400 m.kr. lægri fjárhæð en í lánsfjáráætlun 1989 og er gert ráð fyrir að sjóðurinn afli fjár á innlendum markaði til þessara útlána. Lækkun nýrra útlána tekur mið af fyrirhuguðum samdrætti í veiðum og vinnslu á afla úr sjó og núverandi afkastagetu vinnslustöðva. Í lok september 1989 námu loforð Fiskveiðasjóðs um yfirtöku á erlendum lánum vegna nýsmíði, kaupa á tækjum og breytinga á fiskiskipum um fjórum milljörðum króna. Í lánsfjáráætlun 1990 er gert ráð fyrir 1.200 m.kr. af þessum útlánum undir erlendum lánum atvinnufyrirtækja og er það um þriðjungi lægri fjárhæð en í lánsfjáráætlun 1989. Tekið skal fram að ekki er gert ráð fyrir lánveitingum til fiskeldis þrátt fyrir heimild Fiskveiðasjóðs samkvæmt lögum nr. 71/1985.

Í lánsfjáráætlun og frumvarpi til lánsfjárlaga 1990 er Iðnlánasjóði heimiluð 800 m.kr. erlend lántaka og Iðnþróunarsjóði 650 m.kr. erlend lántaka. Til þess er ætlast að innan þeirra fjárhæða rúmist milliganga sjóðanna um erlend lán fyrir atvinnufyrirtæki sem auglýsing viðskiptaráðuneytis nr. 49/1988 heimilar. Að auki er Iðnlánasjóði heimiluð 300 m.kr. innlend lántaka og Iðnþróunarsjóði 100 m.kr. innlend lántaka. Að viðbættu eigin ráðstöfunarfé er gert ráð fyrir að Iðnlánasjóður geti ráðstafað um 1.810 m.kr. á árinu 1990 til lánveitinga og styrkja. Til samanburðar eru lánveitingar sjóðsins 1989 áætlaðar 1.460 m.kr. og lántökur 1.160 m.kr., þar af erlendar lántökur 760 m.kr. Á sama hátt er Iðnþróunarsjóður talinn geta lánað 980 m.kr. á árinu 1990. Áætlaðar lánveitingar Iðnþróunarsjóðs á árinu 1989 eru 825 m.kr. og erlendar lántökur um 650 m.kr. Samtals geta lán þessara sjóða til iðnaðar numið allt að 2,7 milljörðum króna.

Samkvæmt lánsfjáráætlun og frumvarpi til lánsfjárlaga 1990 hefur Byggðastofnun heimild til 850 m.kr. lántöku erlendis. Af þeirri fjárhæð eru 100 m.kr. ætlaðar til endurlána vegna viðgerða og endurbóta skipa innan lands. Til annarra lána hefur Byggðastofnun um 1.600 m.kr. á árinu 1990.

Gert er ráð fyrir að útlán Stofnlánadeildar landbúnaðarins geti numið allt að 440 m.kr. Áætlað er að Framkvæmdasjóður láni deildinni 475 m.kr. og að Lífeyrissjóður bænda veiti deildinni lán í samræmi við ákvæði laga að fjárhæð 130 m.kr.

Framleiðnisjóði landbúnaðarins er einkum ætlað að greiða fyrir búháttabreytingum, m.a. með því að lána til fjárfestingar í nýjum búgreinum og atvinnutækifærum. Sjóðurinn fær ráðstöfunarfé sitt nær eingöngu sem framlag úr ríkissjóði. Með lögum nr. 46/1985, með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 29/1987, er gert ráð fyrir að framlag til sjóðsins svari til 4% af heildarverðmæti landbúnaðarvara. Sú fjárhæð er áætluð 614 m.kr. í fjárlagafrumvarpi 1990.

Á árinu 1990 er gert ráð fyrir að Framkvæmdasjóður láni Ferðamálasjóði 130 m.kr. sem hafi þá til ráðstöfunar svipaða fjárhæð. Útlán sjóðsins fara til ýmissa framkvæmda víðs vegar um landið.

7.4 Innlend lánsfjáröflun og bankakerfi.

Aðstæður á innlendum lánamarkaði hafa þróast í átt til aukins jafnvægis á árinu 1989. Dregið hefur úr eftirspurn eftir lánsfé og betra jafnvægi komist á milli aukningar inn- og útlána innlánsstofnana. Í kjölfar þessa hafa raunvextir lækkað. Tók þess að gæta þegar á miðju síðasta ári, en ríkissjóður hefur fylgt því eftir með lækkun vaxta á spariskírteinum. Bankar og sparisjóðir hafa síðan fylgt í kjölfarið. Lausafjárstaða innlánsstofnana hefur farið batnandi og hefur í heild verið ofan þeirra marka sem reglur um lausafé setja.

Síðastliðinn vetur lagði viðskiptaráðherra fram frumvarp um breytingu á lögum um Seðlabanka og var það samþykkt skömmu fyrir páska. Meðal breytinga voru ný ákvæði um laust fé innlánsstofnana, sem sett voru í lögin í ljósi fenginnar reynslu af lausafjárregl-

um. Nýmælin styrkja það aðhald sem reglur um laust fé veita innlánsstofnunum. Í kjölfar lagabreytinganna gaf Seðlabanki út breyttar reglur um bindiskyldu, lausafjárhlutfall og gjaldeyrisjöfnuð innlánsstofnana, svo og reglur um spariskírteinakaup verðbréfasjóða.

Bindiskylda, sem verið hefur 12% af innlánum, var færð í 11% af ráðstöfunarfé. Bankabréf, veðdeildarbréf og nettótekjur færðust inn í þann grunn sem bindingin reiknast af. Áætlað er að grunnurinn stækki af þeim sökum um 20% í áföngum á næstu 4 árum.

Lausafjárhlutfall var lækkað úr 10% í 9% af ráðstöfunarfé. Þótt hlutfallið hafi verið lækkað fela nýju reglurnar í sér meira aðhald að innlánsstofnunum en þær fyrri vegna breytinga sem gerð var á uppgjöri erlends lausafjár. Meðal nýjunga við uppgjör lausafjár var það að spariskírteini ríkissjóðs í eigu innlánsstofnana teljast nú í meira mæli með lausu fé en áður var. Þetta hvetur innlánsstofnanir til að auka spariskírteinaeign sína.

Reglur um spariskírteinakaup verðbréfasjóða eru þær, að sjóðunum ber að kaupa skírteini fyrir sem svarar a.m.k. 20% af aukningu ráðstöfunarfjár uns spariskírteinaeign þeirra hefur náð 11% af stöðutölu ráðstöfunarfjár. Í ágústlok 1989 nam hlutfallið 8,8%, og hafði spariskírteinaeign sjóðanna aukist um 560 m.kr. frá ársbyrjun.

Innlend lánsfjáráætlun 1989. Samkvæmt endurskoðaðri lánsfjáráætlun er nú útlit fyrir að innlendar lántökur opinberra aðila og opinberra lánastofnana verði um 22,8 milljarðar króna árið 1989. Í lánsfjáráætlun hafði verið áætlað að þessar lántökur yrðu um 15,6 milljarðar króna og skýrist munurinn annars vegar af aukinni lánsfjárþörf ríkissjóðs og hins vegar af auknu lánsfé lífeyrissjóða til byggingarsjóðanna.

Stefnt er að því að afla ríkissjóði lánsfjár á innlendum markaði fyrir um 11,2 milljarða króna eða um 5,9 milljörðum króna umfram það sem áætlað hafði verið í lánsfjáráætlun. Í lánsfjáráætlun hafði verið reiknað með að sala spariskírteina næmi um 5,3 milljörðum króna. Ekki hafði verið reiknað með neinni sölu ríkisvíxla. Á árinu hefur sala ríkisvíxla hins vegar gengið vonum framar og var staða þeirra í lok septembermánaðar um 5 milljarðar króna. Búist er við nokkurri lækkun til áramóta, en áætlað er að lánsfjáröflun í þessu formi verði um 3,8 milljarðar króna yfir árið í heild. Samkvæmt því yrði að afla um 7,5 milljarða króna með sölu spariskírteina eða annarri innlendri fjáröflun. Sala spariskírteina á tímabilinu frá ársbyrjun til septemberloka nam um 3,2 milljörðum króna og þarf því að afla 4,3 milljarða króna á síðasta fjórðungi ársins. Búist er við um 2,5 milljarða króna innlausn spariskírteina á þessu tímabili, en slík innlausn örvar jafnan sölu nýrra spariskírteina. Eigi að síður verður það þungur róður að ná fram þessum áformum.

Verðbréfakaup lífeyrissjóða eru veigamesti liður innlendrar fjáröflunar. Lánveitingar þeirra til byggingarsjóðanna á árinu 1989 eru áætlaðar um 9,7 milljarðar króna sem er um 900 m.kr. umfram upphaflega lánsfjáráætlun. Aukningin skýrist fyrst og fremst af því að verðlag hefur hækkað meira en ráð var fyrir gert, en kaup lífeyrissjóðanna skulu miðast við 55% af ráðstöfunarfé þeirra. Þrátt fyrir aukið lánsfé til byggingarsjóðanna eykst útlánageta þeirra ekki að raungildi þar sem útgefin lánsloforð þeirra fylgja verðlagsbreytingum.

Stefnt hafði verið að því að innlend lántaka ríkis og byggingarsjóða samsvaraði um 42% af heildarlántökum en nú er útlit fyrir að þetta hlutfall verði nokkuð hærra eða 48%.

Innlend lánsfjáröflun 1990. Heildarlántökur opinberra aðila, opinberra lánastofnana og erlendar lántökur einkaaðila eru áætlaðar um 39,5 milljarðar króna á árinu 1990 á meðalverðlagi þess árs. Hér er um talsverða lækkun að ræða miðað við endurskoðaða áætlun ársins 1989, en lántökur þessara aðila eru áætlaðar um 47,9 milljarðar króna á árinu 1989. Mestu munar að gert er ráð fyrir mun minni lánsfjárþörf ríkissjóðs, A-hluta, eða 7,4 milljörðum samanborið við 16,6 milljarða króna. Ástæða þessa er tvíþætt, annars vegar minni halli í rekstri ríkissjóðs og hins vegar minni innlausn spariskírteina. Þá tók ríkissjóður 5 milljarða króna erlent lán á árinu 1989 til að fjármagna greiðsluhalla ársins 1988. Stefnt

er að því að draga úr erlendum lántökum á næsta ári og eru þær áætlaðar um 21,4 milljarðar króna eða um 54% af heildarlántökum. Áætlað er að innlendar lántökur opinberra aðila og lánastofnana nemi um 18,2 milljörðum króna og minnki um 4,6 milljarða króna frá 1989. Að raungildi er lækkunin enn meiri þar sem gert er ráð fyrir 16% hækkun verðlags milli ára. Nokkrar líkur eru því á að þessar lántökur geti náð fram að ganga án þess að hafa áhrif til hækkunar vaxta. Í meðfylgjandi töflu eru dregin heildaráform opinberra aðila um lántökur á innlendum markaði. Jafnframt eru sýndar afborganir sömu aðila af innlendum lánum.

Innlend lánsfjárþörf opinberra aðila og sjóða 1989 og 1990

	Lánsfjár-áætlun 1989	Áætluð útkoma 1989	Lánsfjár-áætlun 1990
Ríkissjóður, A-hluti	**5.300**	**11.205**	**6.000**
Spariskírteini	5.300	6.000	6.000
Ríkisvíxlar	-	3.800	-
Önnur fjáröflun	-	1.405	-
Opinberar lánastofnanir	**10.065**	**11.465**	**12.185**
Lífeyrissjóðir	8.925	9.825	10.985
Önnur fjáröflun	1.140	1.640	1.200
Samtals	**15.365**	**22.670**	**18.185**
Innlendar afborganir	...	9.230	8.775
Hrein lánsfjáröflun	**...**	**13.440**	**9.410**

Hrein lánsfjáröflun ríkissjóðs og opinberra lánastofnana er áætluð 9,4 milljarðar króna á árinu 1990 sem er um 4 milljörðum lægri fjárhæð en áætluð hrein lánsfjárþörf þessara aðila í ár. Þess má geta að hrein lánveiting lífeyrissjóða til byggingarsjóða er áætluð um 9,8 milljarðar. Þá ber að hafa í huga að ráðstöfunarfé lífeyrissjóða umfram það sem umsamið er til húsnæðiskerfisins er áætlað tæpir 11 milljarðar króna. Með þetta tvennt í huga verður varla ætlað að lánsfjárþörf ríkissjóðs í víðari skilgreiningu leiði til hækkana á vöxtum á árinu 1990.

Spariskírteini. Áætlað er að innlend fjáröflun ríkissjóðs á næsta ári verði fyrst og fremst í formi spariskírteina. Ekki er gert ráð fyrir að frekari aukning verði á sölu ríkisvíxla en gert ráð fyrir að staða í árslok 1989 haldist út árið. Áætlað er að sala spariskírteina nemi um 6 milljörðum króna. Verulega mun draga úr innlausn spariskírteina á næsta ári. Áætlað er að innlausn á árinu 1989 verði um 2,5 milljarðar króna, en áætluð innlausn á árinu 1989 er 4,7 milljarðar króna. Hrein lánsfjáröflun í formi spariskírteina á næsta ári er því áætluð um 3,5 milljarðar króna samanborið við 2,7 milljarða króna á árinu 1989. Ásókn hins opinbera í langtímalán mun því aukast nokkuð þótt dragi úr lánsfjárþörfinni á heildina litið.

Verðbréfakaup lífeyrissjóða. Stærstur hluti innlenda fjármagnsins á uppruna sinn hjá lífeyrissjóðunum. Áætlað er að ráðstöfunarfé lífeyrissjóða verði um 24,1 milljarður króna á áætluðu meðalverðlagi næsta árs samanborið við 17,6 milljarða króna á þessu ári. Áætlað er að raunaukning ráðstöfunarfjárins verði um 18% og skýrist sú aukning einkum af tvennu: Lokaáfanga í breikkun iðgjaldastofns lífeyrissjóðanna sem kemur til framkvæmda í byrjun

næsta árs og stækkun eignastofns lífeyrissjóðanna sem leiðir til mjög vaxandi vaxtatekna og afborgana. Reiknað er með að lífeyrissjóðir kaupi skuldabréf af byggingarsjóðunum fyrir 45% af ráðstöfunarfé sínu, þ.e. 10.855 m.kr. og er þá miðað við að kauphlutfallið lækki í 45% úr 55% af ráðstöfunarfé þeirra. Þessi lækkun er í samræmi við þau fyrirheit sem gefin voru í tengslum við setningu laganna um húsbréfaviðskipti, en þar er gert ráð fyrir að um 10% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna renni til kaupa á húsbréfum. Reiknað er því með að lífeyrissjóðir kaupi húsbréf fyrir að minnsta kosti 2.410 m.kr. Þá eru verðbréfakaup Lífeyrissjóðs bænda af Stofnlánadeild landbúnaðarins áætluð um 130 m.kr.

Bankakerfi og innlánsstofnanir. Þróun peningamála á árinu 1989 hefur einkennst af hægari vexti útlána en undanfarin ár. Gætir þar áhrifa af samdrætti í einkaneyslu og fjárfestingu auk þess sem birgðir útflutningsvara eru með allra minnsta móti um þessar mundir. Líklegt má telja að markaðsákvarðaðir vextir hafi flýtt því að dregið hefur úr vexti útlána eftir lok þensluáranna 1986 og 1987. Lítið hefur hins vegar hægt á vexti sparnaðar innlánsstofnana. Afleiðingin hefur því orðið sú að lausafjárstaða innlánsstofnana hefur snarbatnað. Útlit er nú fyrir að lausafjárstaðan batni um tæpa 6,3 milljarða króna á árinu. Stærstur hluti þessa bata hefur til þessa runnið til kaupa á ríkisvíxlum og hafa innlánsstofnanir með því móti fjármagnað stóran hluta fjárþarfar ríkissjóðs. Bati lausafjárstöðu skýrist m.a. af því að bindiskylda var lækkuð í apríl svo og af því að innheimtu söluskatts var seinkað um viku þannig að honum er nú skilað laust eftir hver mánaðamót.

Forsendur áætlunar um þróun peningamála á árinu 1990 eru annars vegar niðurstöður þjóðhagsáætlunar um hagvöxt, viðskiptajöfnuð og verðlagsbreytingar á næsta ári og hins vegar sérstök spá um peningaeftirspurn. Niðurstaða þeirrar spár er að peningamagn og sparifé að viðbættri verðbréfaútgáfu innlánsstofnana mun aukast um 15,7% á árinu 1990.

Helstu niðurstöður peningamálaáætlunar vegna ársins 1990 eru að útlit er fyrir að nokkuð kreppi að lausafjárstöðu innlánsstofnana á árinu og búast megi við lítils háttar rýrnun lausafjárstöðunnar. Horfur eru á að lán og endurlán innlánsstofnana aukist um 15,3%.

Peningamálaáætlun 1989 og 1990

	Staða 31.12.1988 m.kr.	Hreyfingar á árinu: Áætlun 1989 m.kr.	Áætlun 1990 m.kr.	Í % 1989	Í % 1990
Bankakerfi:					
1. Erlend skammtímastaða bankakerfis, nettó	5.260	5.700	1.400	...	...
2. Innlendir liðir	120.935	23.800	20.300	19,7	14,0
3. Samtals (1+2)=(4+5+6)	**126.195**	**29.500**	**21.700**	**23,4**	**13,9**
4. Peningamagn og sparifé	88.802	18.500	16.600	20,8	15,5
5. Verðbréfaútgáfa og aðrar innlendar lántökur	11.366	3.500	2.600	30,8	17,5
6. Endurlánað erlent fé að frádregnum erlendum lánum vegna afurðalána	26.027	7.500	2.500	28,8	7,5
Innlánsstofnanir:					
1. Lausafjárstaða	4.071	6.260	-750	...	...
Þar af ríkisvíxlar	168	3.800	0	...	...
2. Innstæður í Seðlabanka	12.162	740	780	6,8	6,0
3. Lán og endurlán	121.914	26.270	22.650	21,5	15,3
4. (1+2+3)=(5+6+7+8)	**138.147**	**33.270**	**22.680**	**24,1**	**13,2**
5. Innlán, verðbréfaútgáfa og innlendar lántökur	97.619	21.600	18.730	22,1	15,7
6. Fyrirgreiðsla Seðlabanka	4.241	1.670	-250	39,4	-4,2
7. Erlent lánsfé	34.165	9.000	3.200	26,3	7,4
8. Eigið fé og annað nettó	2.122	1.000	1.000	...	...

7.5 Erlend lán og greiðslujöfnuður

Í lánsfjáráætlun 1989 var gert ráð fyrir að erlendar lántökur til lengri tíma en eins árs næmu 14.215 m.kr. og að frádregnum afborgunum að upphæð 7.910 m.kr. yrði hreint innstreymi langra lána 6.305 m.kr. Við afgreiðslu lánsfjárlaga á Alþingi í lok mars 1989 hækkuðu lántökuheimildir opinberra aðila um rúma sex milljarða króna. Þar af var fimm milljarða lántaka ríkissjóðs til greiðslu viðskiptaskuldar í Seðlabanka vegna greiðsluhalla 1988 sem upphaflega var ráðgerð á árinu 1988. Endurskoðuð áætlun um erlendar lántökur á árinu 1989 nam alls um 21.000 m.kr.

Horfur eru á að erlendar lántökur til lengri tíma en eins árs verði um 25.100 m.kr. á árinu 1989. Að nokkru leyti stafar hækkunin af gengislækkun krónunnar, en talið er að meðalgengi erlendra gjaldmiðla hækki um 25% á milli áranna 1988 og 1989 í stað 17% samkvæmt endurskoðaðri áætlun. Lántökur sveitarfélaga aukast um 600 m.kr. vegna framkvæmda Hitaveitu Reykjavíkur. Lántökur fjárfestingarlánasjóða aukast lítið í heild. Í stað 800 m.kr. áætlaðrar lántöku Verðjöfnunarsjóðs erlendis, sem tekin var í Seðlabanka, hækka erlendar lántökur Byggðastofnunar, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs um ríflega þá upphæð. Langar erlendar lántökur atvinnufyrirtækja aukast um 1.200 m.kr. á föstu gengi og stafar hækkunin af skuldbreytingu erlendra skammtímalána sem tekin voru til að fjármagna nýsmíði fiskiskipa á árinu 1988.

Afborganir af löngum lánum á árinu 1989 eru taldar verða um 9.020 m.kr. og hreint innstreymi langra lána verður því um 16.110 m.kr. eða um 5,5% af vergri landsframleiðslu 1989. Á móti munu erlendar skammtímaskuldir lækka um 4.510 m.kr. Fjármagnsjöfnuður verður því jákvæður um 11.700 m.kr. Horfur eru á að halli á viðskiptum við útlönd á árinu

1989 verði verulega lægri en áður var talið, eða um 8.600 m.kr., sem er um 2,9% af áætlaðri landsframleiðslu. Heildargreiðslujöfnuður gæti því orðið jákvæður um 3.000 m.kr. á árinu 1989 og mun gjaldeyrisstaða Seðlabankans batna um sömu fjárhæð og verða um sautján milljarða króna í árslok 1989.

Í þjóðhagsáætlun 1990 er reiknað með að viðskiptahallinn verði um 10.100 m.kr. eða um 3,0% af áætlaðri landsframleiðslu 1990. Þar af má rekja um þrjá milljarða króna til aukins innflutnings á sérstökum fjárfestingarvörum vegna kaupa Flugleiða hf. á þremur Boeing-flugvélum. Erlendar lántökur eru áætlaðar 21.370 m.kr. á árinu 1990 og afborganir 10.430 m.kr. Hreint innstreymi langra lána verður því 10.940 m.kr., eða um 840 m.kr. umfram áætlaðan viðskiptahalla. Þess vegna gæti enn dregið úr erlendum skammtímalánum, sem má telja eðlilegt í ljósi áframhaldandi samdráttar í þjóðarframleiðslu og bættrar lausafjárstöðu bankanna. Í töflu 24 í töfluviðauka er greiðslujöfnuður við útlönd á árinu 1988 sýndur til samanburðar við áætlun 1989 og 1990.

Eftirfarandi yfirlit sýnir fyrirhugaðar erlendar lántökur á árinu 1990 með hliðsjón af lánsfjáráætlun 1989 og nýrri spá um innkomin lán á árinu 1989 í milljónum króna:

Erlendar lántökur 1989 og 1990

	Láns-fjárlög 1989	Horfur 1989	Lánsfjár-áætlun 1990
1. Opinberir aðilar	**7.137**	**8.360**	**5.170**
A og B hluti ríkissjóðs	5.135	5.500	1.370
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	1.160	1.350	3.400
Sveitarfélög	842	1.510	400
2. Opinberir lánasjóðir	**4.860**	**6.070**	**3.600**
3. Atvinnufyrirtæki	**8.950**	**10.700**	**12.600**
Skip og flugvélar	5.150	7.700	9.500
Annað	3.800	3.000	3.100
4. Löng erlend lán, alls (1+2+3)	**20.947**	**25.130**	**21.370**

Erlendar skuldir þjóðarinnar til langs tíma eru taldar aukast um 12% á árinu 1989. Þá hefur ekki verið tekið tillit til erlendrar verðbólgu sem er á bilinu 3-4%. Á sama tíma dregst landsframleiðsla saman um 2,8%. Hlutfall langra erlendra lána af landsframleiðslu hækkar um tæpar 9 prósentur, eða úr 41,3% 1988 í 50,4% á árinu 1989. Af þessu má sjá að raungengi íslensku krónunnar miðað við verðlag hefur lækkað nokkuð, eða um 5,9%, milli áranna 1988 og 1989. Í forsendum lánsfjáráætlunar 1990 er gert ráð fyrir um 13% hækkun á meðalgengi erlendra gjaldmiðla og um 6% aukningu erlendra lána. Skuldahlutfallið í árslok 1990 er áætlað 53,1% af vergri landsframleiðslu ársins. Er þar tekið tillit til 0,9% samdráttar í vergri landsframleiðslu næsta árs.

Hreinar skuldir þjóðarbúsins námu 41,6% af vergri landsframleiðslu á árinu 1988 og eru taldar verða um 48,3% í árslok 1989. Er það mun hagstæðari þróun en hlutfall langra erlendra lána sýndi hér að framan. Frávikin skýrast af því að löngu lánin sýna aðeins hluta af fjármögnun viðskiptahallans. Hrein staða þjóðarbúsins tekur til allra þátta til að mæta viðskiptahallanum, þ.e. langra lána, skammtímalántöku og rýrnandi gjaldeyrisstöðu. Lækkun skammtímaskulda á árinu 1989 og bætt gjaldeyrisstaða skýra minni hækkun hreinna skulda

þjóðarinnar samanborið við erlendar skuldir til langs tíma. Í forsendum áætlunarinnar fyrir árið 1990 er gert ráð fyrir að þetta hlutfall hækki nokkuð til jafns við hlutfall langra erlendra lána á árinu 1990 og nemi 50,7% af vergri landsframleiðslu. Í töflu 25 í töfluviðauka er m.a. sýnd þróun langra erlendra lána og hreinna skulda við útlönd á árabilinu 1980-1990.

Algengt er að mæla greiðslubyrði afborgana og vaxta af erlendum lánum sem hlutfall af þeim tekjum sem þjóðin aflar af útflutningi. Þróun þessa hlutfalls er sýnd í töflu 26 í töfluviðauka fyrir tímabilið 1980-1990. Þar kemur fram að greiðslubyrðin þyngist sífellt fyrri hluta tímabilsins, nær hámarki um miðbik þess og léttist eftir það. Greiðslubyrði erlendra lána var þyngst árið 1984 og nam tæplega fjórðungi af útflutningstekjum þjóðarinnar. Frá þeim tíma hefur hlutfallið lækkað nokkuð bæði vegna aukinna útflutningstekna og vaxtalækkunar á erlendum lánamörkuðum. Meðalvextir erlendra lána lækkuðu úr 8,7% 1986 í 7,8% árið 1987, en á tímabilinu 1980-1984 voru þessir vextir talsvert hærri eða 10-12%. Greiðslubyrði erlendra lána eykst á ný á yfirstandandi ári og því næsta. Ástæður þessa eru auknar erlendar skuldir og hækkun á meðalvöxtum af erlendum lánum í um 8,5%. Greiðslubyrði erlendra lána er áætluð 19,7% af útflutningstekjum 1989 og 20,1% á árinu 1990.

7.6 Erlendar skuldir þjóðarinnar

Í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga 1989 var fjallað um erlendar skuldir þjóðarinnar og þær skoðaðar í ljósi viðskiptajafnaðar, vergrar landsframleiðslu, gjaldmiðla, vaxtaákvarðana og endurgreiðslutíma. Jafnframt var litið á samband nafnvaxta, raunvaxta og hagvaxtar. Að þessu sinni verður fjallað um erlendar skuldir og áhrif þeirra á greiðslubyrði þjóðarinnar.

Síðastliðna tvo áratugi hefur viðskiptajöfnuður þjóðarinnar við útlönd einungis þrisvar sinnum verið jákvæður, árin 1970, 1978 og 1986. Önnur ár hefur þjóðin búið við viðskiptahalla, allt að 11% af vergri landsframleiðslu eins og á árunum 1974 og 1975. Í meginatriðum hefur halli á viðskiptum við útlönd verið fjármagnaður með erlendum lánum þar sem innstreymi erlends fjár, svo sem í formi beinna fjárfestinga útlendinga hér á landi eða fjárframlaga, hefur verið tiltölulega lítið. Erlendar skuldir þjóðarinnar hafa því vaxið jafnt og þétt og tilheyrandi vaxtagreiðslur hafa átt stóran þátt í að viðhalda viðskiptahallanum.

Skuldastaða. Áhrif langvarandi viðskiptahalla á erlendar skuldir þjóðarinnar sjást skýrt þegar litið er á þróun raungildis þeirra. Þá er búið að draga frá áhrif sem stafa af verðbólgu í útlöndum og af gengisbreytingum hér á landi. Þetta er sýnt í töflunni að neðan fyrir tímabilið 1979-1989. Jafnframt er sýnt raungildi hreinna skulda í útlöndum, þ.e. erlendra langtímaskulda að viðbættum erlendum skammtímaskuldum en að frádregnum ógreiddum útflutningi þjóðarinnar og gjaldeyriseign.

Erlendar langtímaskuldir og nettóstaða gagnvart útlöndum á föstu verðlagi. 1979 = 100

	Langtíma-skuldir	Hreinar skuldir
1979	100	100
1980	105	103
1981	114	107
1982	131	142
1983	142	148
1984	149	164
1985	158	176
1986	162	166
1987	168	182
1988	179	194
1989	194	200

Heimild: Seðlabanki Íslands

Eins og sjá má hafa báðar stærðirnar vaxið jafnt og þétt á tímabilinu, með þeirri undantekningu að hreinar skuldir lækkuðu að raungildi árið 1986. Í árslok 1989 benda líkur til að erlendar langtímaskuldir og hreinar erlendar skuldir hafi tvöfaldast að raungildi. Skammtímaskuldir í útlöndum hafa vaxið heldur meira hlutfallslega en langtímaskuldir.

Geta þjóðarinnar til að standa undir greiðslubyrði af erlendum skuldum hefur einnig vaxið jafnt og þétt á tímabilinu og raunvöxtur vergrar landsframleiðslu á tímabilinu var um 133%. Sé litið á skuldastöðu þjóðarinnar sem hlutfall af landsframleiðslu kemur í ljós að hún hefur sveiflast nokkuð á tímabilinu en jafnframt hafa skuldahlutföllin þokast á hærra stig en við upphaf tímabilsins.

Staða þjóðarbúsins út á við sem hlutfall af VLF

	Langtíma skuldir	Skammtíma-skuldir	Ógreiddur útflutningur	Gjaldeyrisstaða	Nettóstaða við útlönd
1979	31,0	4,2	-2,6	-3,8	28,8
1980	29,8	4,6	-2,6	-4,5	27,3
1981	30,8	4,5	-2,6	-5,9	26,8
1982	38,9	5,7	-2,5	-2,9	39,0
1983	48,6	6,6	-4,6	-3,5	47,1
1984	48,3	7,6	-4,6	-2,0	49,3
1985	50,8	11,2	-3,4	-6,1	52,5
1986	47,2	7,9	-2,9	-7,0	45,2
1987	40,6	8,5	-2,7	-5,0	41,4
1988	41,3	7,5	-2,8	-4,4	41,6
1989	50,4	.	.	.	48,3

Heimild: Seðlabanki Íslands

Erlendar langtímaskuldir, sem hlutfall af landsframleiðslu, voru nokkuð stöðugar um 1980. Á tímabilinu 1982-1985 hækka þær stórum, lækka síðan næstu tvö ár en hækka á ný árið 1988 og horfur eru á því að þær hækki umtalsvert á árinu 1989. Hreinar skuldir sem hlutfall af landsframleiðslu hafa þróast með svipuðum hætti. Í töflu 25 í töfluviðauka er yfirlit yfir skuldastöðu þjóðarinnar á meðalgengi hvers árs.

Erlendar skuldir eftir gjaldmiðlum. Síðustu ár hafa einkennst af óstöðugleika á erlendum gjaldeyrismörkuðum og sveiflum á gengi helstu gjaldmiðla. Sveiflur í gengi gjaldmiðla hafa mikil áhrif á erlenda skuldastöðu ríkja og greiðslubyrði og gera efnahagsstjórn innan lands erfiðari en ella. Helsta leiðin til að draga úr áhrifum slíkra sveiflna á efnahag er að reyna að haga gjaldmiðlasamsetningu erlendra skulda með hliðsjón af erlendum viðskiptum þjóðarinnar. Slíkt er þó oft vandkvæðum bundið. Í sumum tilvikum er ekki framboð á lánum í viðkomandi gjaldmiðli eða þau eru of dýr.

Hlutfallsleg samsetning erlendra skulda til langs tíma eftir gjaldmiðlum

	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988
USD	47,5	54,0	62,7	60,8	57,0	53,9	52,3	50,5	42,0	44,8
DEM	15,3	14,7	10,7	12,7	10,0	9,1	9,7	10,6	16,7	18,2
CHF	6,7	5,3	4,4	5,1	6,1	8,1	8,7	9,1	13,1	10,8
JPY	3,7	3,9	4,0	7,2	12,1	15,4	15,6	15,9	15,0	13,4
	73,2	77,9	81,8	85,8	85,2	86,5	86,3	86,1	86,8	87,2
GBP	0,8	0,7	3,5	3,4	5,4	6,1	5,9	5,5	5,3	4,8
Norðurlönd	8,6	6,9	4,9	3,8	3,2	2,3	2,2	2,0	1,6	1,0
Annað	17,4	14,5	9,8	7,0	6,2	5,1	5,6	6,4	6,3	7,0
Alls	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

Heimild: Seðlabanki Íslands

Fjórir gjaldmiðlar vega langþyngst í erlendum skuldum þjóðarinnar, þ.e. Bandaríkjadalir, vestur-þýsk mörk, svissneskir frankar og japönsk yen. Samanlagður hlutur þessara fjögurra gjaldmiðla hefur aukist á umræddu tímabili úr 73,2% í 87,2% en jafnframt hefur orðið mikil breyting á innbyrðis skiptingu þeirra. Þannig hefur hlutur dalsins lækkað en hlutur hinna gjaldmiðlanna hækkað á móti.

Vextir af erlendum skuldum. Erlend lán bera ýmist fasta vexti eða breytilega. Fastir vextir á láni draga úr óvissu um vaxtagreiðslur í framtíðinni en aftur á móti er tekin sú áhætta að markaðsvextir lækki síðar. Breytilegir vextir fylgja vaxtaþróun á skammtímamarkaði og geta sveiflast verulega. Við óhagstæð skilyrði geta þeir leitt til mikillar hækkunar á vaxtagreiðslum eins og við upphaf þessa áratugar. Almennt má ætla að vextir á skammtímamarkaði séu lægri en fastir vextir af langtímalánum og því er unnt að draga úr vaxtakostnaði með því að taka lán með breytilegum vöxtum. Helst verður dregið úr áhættu með því að hafa hluta af skuldunum með breytilegum vöxtum og hluta þeirra með föstum vöxtum og nýta þá möguleika, sem gefast á fjármagnsmörkuðum með s.k. vaxtaskiptum, til að hagræða skuldum sem best hverju sinni miðað við markaðsaðstæður. Hins vegar er erfitt að benda á hvert hlutfallið þar á milli eigi að vera. Slíkt er háð viðhorfi lántakandans til áhættu. Í eftirfarandi töflu kemur fram hlutfall fastra vaxta og breytilegra á langtímaskuldum þjóðarinnar fyrir tímabilið 1979-1988.

Hlutfallsleg skipting erlendra skulda þjóðarbúsins eftir fyrirkomulagi vaxtaákvarðana

	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988
Fastir vextir	68,2	61,9	54,0	52,2	56,9	53,8	50,0	45,9	47,6	41,0
Breytilegir vextir	31,8	38,1	46,0	47,8	43,1	46,2	50,0	54,1	52,4	59,0
þ.a. í Bandaríkjadölum .	29,2	36,9	45,5	45,3	39,5	38,0	40,0	42,8	36,0	40,7
Alls	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

Heimild: Seðlabanki Íslands

Eins og sjá má hefur hlutur breytilegra vaxta farið vaxandi eða úr 31,8% árið 1979 í 59% árið 1988. Sú spurning vaknar því hvort þjóðin sé ekki orðin of berskjölduð fyrir sveiflum í vöxtum á erlendum fjármagnsmarkaði.

Áhrif erlendra gengis- og vaxtabreytinga á greiðslur af erlendum skuldum. Hér að framan hefur verið bent á að við erlenda lántöku þarf að hafa í huga val á gjaldmiðli og val á milli fastra og breytilegra vaxta, og að valinu fylgi áhætta. Í töflunni að neðan eru sýnd áhrif hækkunar á gengi Bandaríkjadals gagnvart öðrum gjaldmiðlum á áætlaðar erlendar skuldir þjóðarinnar og ríkissjóðs í árslok 1989 og áætlaðar afborganir og vaxtagreiðslur á árinu 1989. Gengi dalsins er látið hækka um 1% gagnvart öðrum myntum en meðalgengi íslensku krónunnar haldið óbreyttu. Jafnframt eru sýnd áhrif einnar prósentu hækkunar breytilegra vaxta í öllum gjaldmiðlum á áætlaðar vaxtagreiðslur af erlendum skuldum þjóðarinnar og ríkissjóðs á árinu 1989.

Áhrif gengis- og vaxtabreytinga á áætlaðar erlendar skuldir 1989

	Þjóðarbúið %	Ríkissjóður %
A. Áhrif erlendra gengis -og vaxtabreytinga á áætlaðar erlendar skuldir 1989		
Skuldastaða í árslok 1989	+ 0,3	+ 0,3
Áætlaðar afborganir 1989	+ 0,2	+ 0,4
Áætlaðar vaxtagreiðslur 1989	+ 0,4	+ 0,4
B. Áhrif 1% hækkunar á breytilegum vöxtum í öllum gjaldmiðlum á vaxtagreiðslur [1]		
Áætlaðar vaxtagreiðslur 1989	+ 7,7	+ 5,2

[1]) Samkvæmt þessu yrði USD-Libor 10% að meðaltali á árinu 1989 í stað 9% eins og gert er ráð fyrir í fyrirliggjandi áætlunum.
Heimild: Seðlabanki Íslands.

Eins og sjá má hefur 1% gengishækkun dalsins í för með sér um 0,3% hækkun á erlendum skuldum þjóðarinnar og ríkissjóðs. Áætlaðar afborganir hækka hins vegar mismikið eða 0,2% af skuldum þjóðarinnar og 0,4% af skuldum ríkissjóðs. Vaxtagreiðslur hækka um 0,4% í báðum tilvikum. Almenn hækkun á öllum breytilegum vöxtum um eina prósentu mundi hækka vaxtagreiðslur af erlendum skuldum þjóðarinnar um tæplega 8% en ríkissjóðs um rúmlega 5%, enda eru erlendar skuldir með breytilegum vöxtum hærra hlutfall af skuldum þjóðarinnar í heild en hjá ríkisssjóði. Slík hækkun á vaxtagreiðslum svaraði til 0,9% af áætluðum útflutningstekjum 1989 og yki viðskiptahallann um 0,3% af landsframleiðslu.

Þessir útreikningar sýna að breytingar á erlendum gjaldeyris- og fjármagnsmörkuðum geta haft umtalsverð áhrif á afborganir og vexti af erlendum skuldum þjóðarinnar. Í þessu sambandi er bent á að á fyrstu átta mánuðum þessa árs hækkaði gengi Bandaríkjadals um u.þ.b. 10% gagnvart þýska markinu. Að vissu marki er unnt að draga úr áhrifum slíkra breytinga á skuldastöðu og greiðslur þjóðarinnar til útlanda með því að hafa samræmi á milli erlendra skulda, erlendra eigna og útflutningstekna. Besta vörnin er þó án efa sú að hverfa af braut erlendrar skuldasöfnunar og lækka erlendar skuldir þjóðarinnar jafnt og þétt.

Töfluviðauki

I Ríkissjóður A- og B-hluti
1. Heildarútgjöld A-hluta ríkissjóðs eftir tegundum 1989-1990
2. Ríkissjóður, A-hluti, greiðsluyfirlit gagnvart bankakerfinu
3. Heildarútgjöld A-hluta ríkissjóðs eftir ráðuneytum 1989-1990
4. Markaðar ríkissjóðstekjur 1990
5. Tryggingagreiðslur, framlög og niðurgreiðslur
6. Framlög A-hluta ríkissjóðs til fjárfestingar 1989-1990
7. Heildaryfirlit yfir gjöld, tekjur og fjármunahreyfingar fyrirtækja og sjóða í B-hluta
8. Yfirlit yfir framlög, fjárfestingu og lántökur í B-hluta 1989-1990

II Fjárfesting
9. Fjárfesting 1988-1990
10. Fjárfesting, sparnaður og viðskiptahalli 1987-1990
11. Byggingar og mannvirki hins opinbera 1988-1990
12. Raforku- og rafveituframkvæmdir 1990
13. Hitaveitu- og vatnsveituframkvæmdir 1990
14. Samgönguframkvæmdir 1990
15. Opinberar byggingar 1990

III Fjármögnun
16. Heildaryfirlit yfir innlendar og erlendar lántökur 1990
17. Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila 1989-1990

IV Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir
18. Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða 1985-1990
19. Byggingarsjóður ríkisins 1989-1990
20. Byggingarsjóður verkamanna 1989-1990
21. Framkvæmdasjóður Íslands 1989-1990
22. Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða 1990
23. Greiðsluáætlun fjárfestingarlánasjóða 1990

V Erlend lán og greiðslujöfnuður
24. Greiðslujöfnuður við útlönd 1988-1990
25. Staða þjóðarbúsins út á við 1980-1990
26. Greiðslubyrði erlendra lána 1980-1990
27. Erlendar lántökur til langs tíma, landsframleiðsla og verðmætaráðstöfun 1986-1990
28. Löng erlend lán 1981-1990, flokkuð eftir lánnotendum

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 1 Heildarútgjöld A-hluta ríkissjóðs eftir tegundum 1989-1990
(m.kr.)

I Heildarútgjöld 1990

	51 Laun	52-57 Önnur gjöld án eignak.	58 Eigna-kaup	59 Til-færslur	5 Gjöld samtals	4 Sér-tekjur	Mis-munur
Almennur rekstur	26 777	20 829	199	39 848	87 654	4 772	82 881
Viðhald	154	1 834	-	-	1 988	-	1 988
Fjárfesting	139	3 575	1 224	3 411	8 348	10	8 338
Samtals	27 070	26 238	1 423	43 259	97 990	4 783	93 207

II Heildarútgjöld 1989 og 1990

	Fjárlög 1989	Frumvarp 1990	Hækkun %
Almennur rekstur	**65 966**	**82 881**	**25,6**
51 Laun	23 613	26 777	13,4
52-57 Önnur gjöld	17 140	20 829	21,5
58 Eignakaup	148	199	34,3
59 Tilfærslur	28 667	39 848	39,0
5 Gjöld alls	69 568	87 654	26,0
4 Sértekjur	-3 602	-4 772	32,5
Viðhald alls	**1 695**	**1 988**	**17,3**
Fjárfesting	**8 803**	**8 338**	**- 5,3**
51-58 Stofnkostnaður	4 120	4 927	19,6
59 Fjármagnstilfærslur	4 683	3 411	- 27,2
Samtals	76 464	93 207	21,9

Tafla 2 Ríkissjóður, A-hluti

Greiðsluyfirlit gagnvart bankakerfinu
(m.kr.)

1	**Tekjur alls:**	89 952	**89 952**
	Beinir skattar	15 210	
	Óbeinir skattar	69 430	
	Aðrar tekjur	1 057	
	Tekjur án fjármagnstekna	85 697	
	Fjármagnstekjur, vextir	4 255	
2	**Gjöld alls:**		**83 319**
	Samneysla	40 669	
	Neyslu- og rekstrartilfærslur	39 848	
	Sértekjur	-4 783	
	Gjöld alls án fjármagnskostnaðar	75 734	
	Fjármagnskostnaður	7 585	
3	**Jöfnuður (1-2):**		**6 633**
	Almenn rekstrarafkoma	9 963	
	Fjármagnskostnaður umfram fjármagnstekjur	-3 330	
4	**Fjárfesting:**		**8 348**
	Stofnkostnaður	4 937	
	Fjármagnstilfærslur	3 411	
5	**Tekjur umfram gjöld (3-4)**		**-1 715**
	Lánahreyfingar		
6	**Afborganir:**		**1 220**
	Afborganir af teknum lánum öðrum en hjá Seðlabanka	2 700	
	Innlausn spariskírteina	2 000	
	Innheimtar afborganir af veittum lánum	-3 480	
7	**Veitt lán:**		**1 510**
	Til B-hluta ríkissjóðs	1 510	
8	**Hlutafjárframlög**		**160**
9	**Viðskiptareikningur**		**600**
10	**Lánsfjárþörf (6+7+8+9-5)**		**5 205**
11	**Lántökur:**		**7 370**
	Innlend útgáfa verðbréfa	6 000	
	Erlendar lántökur		
12	**Greiðsluhreyfing við bankakerfið (11-10)**		**2 165**
	Hreyfing gagnvart Seðlabanka		
13	**Jöfnuður: Útstreymi umfram innstreymi**		**2 140**
	Afborganir	1 000	
	Vaxtagreiðslur:		
	Af samningsbundnum lánum	240	
	Af yfirdráttarskuld	1 300	
	Arðgreiðsla í ríkissjóð	- 400	
14	**Greiðslujöfnuður, sjóðshreyfing (12-13)**		**25**

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 3 Heildarútgjöld A-hluta ríkissjóðs eftir ráðuneytum 1989-1990

	Fjárlög 1989		Frumvarp 1990		Breyting
	m.kr.	%	m.kr.	%	%
Æðsta stjórn ríkisins	634	0,8	861	0,9	35,7
Forsætisráðuneyti	721	0,9	671	0,7	-7,0
Menntamálaráðuneyti	12 414	16,2	13 880	14,9	11,8
Utanríkisráðuneyti	849	1,1	1 131	1,2	33,2
Landbúnaðarráðuneyti	2 877	3,8	3 251	3,5	13,0
Sjávarútvegsráðuneyti	1 629	2,1	819	0,9	-49,7
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	3 459	4,5	4 204	4,5	21,5
Félagsmálaráðuneyti	3 137	4,1	3 617	3,9	15,3
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	29 496	38,6	38 269	41,1	29,7
Fjármálaráðuneyti	3 540	4,6	5 344	5,7	51,0
Samgönguráðuneyti	5 073	6,6	6 323	6,8	24,6
Iðnaðarráðuneyti	1 221	1,6	1 023	1,1	-16,2
Viðskiptaráðuneyti	3 714	4,9	4 453	4,8	19,9
Hagstofa Íslands	89	0,1	109	0,1	22,1
Umhverfisráðuneyti	-	-	23	-	-
Fjárlaga- og hagsýslustofnun	7 611	10,0	9 231	9,9	21,3
Samtals	76 464	100,0	93 207	100,0	21,9

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 4 Markaðar ríkissjóðstekjur 1990
(þús. kr.)

	Tekjur	Greiðslur
Menntamálaráðuneyti:		
Einkaleyfisgjald af Happdrætti H.Í.	43 800	
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna		43 800
Skemmtanaskattur	57 500	
Sinfóníuhljómsveit Íslands		5 750
Til áfengis- og fíkniefnavarna		31 097
Miðagjald í menningarsjóð	8 500	
Menningarsjóður		8 500
Eignarskattsauki	270 000	
Þjóðarbókhlaða (lög nr. 49/1986)		60 000
Félagsmálaráðuneyti:		
Erfðafjárskattur	200 000	
Framkvæmdasjóður fatlaðra		200 000
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti:		
Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	2 400 000	
Tryggingastofnun ríkisins		2 400 000
Slysatryggingagjald	357 000	
Tryggingastofnun ríkisins		357 000
Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs	313 000	
Atvinnuleysistryggingasjóður		313 000
Samúðarskeyti Landsímans	8 000	
Landspítalinn, minningarsjóður		8 000
Hluti gjalds af einkasöluvörum	5 000	
Gæsluvistarsjóður		5 000
Gjöld í framkvæmdasjóð aldraðra	230 000	
Framkvæmdasjóður aldraðra		160 000
Fjármálaráðuneyti:		
Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	220 000	
Ríkisábyrgðir og tjónabætur		220 000
Samgönguráðuneyti:		
Innflutningsgjald af bensíni	3 060 000	
Þungaskattur af dísilbifreiðum samkvæmt ökumælum	890 000	
Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	285 000	
Vegagerð ríkisins		4 235 000
Vitagjald	36 500	
Vitastofnun Íslands		36 500
Skipaskoðunargjald	39 000	
Siglingamálastofnun ríkisins		39 000
Hluti af vörusölu Fríhafnar á Keflavíkurflugvelli	314 000	
Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985		36 000
Iðnaðarráðuneyti:		
Rafmagnseftirlitsgjald	68 000	
Rafmagnseftirlit ríkisins		66 400
Markaðir tekjustofnar, samtals	8 805 300	
Gjaldfærsla markaðra tekjustofna, samtals		8 225 047
Skerðing markaðra tekjustofna, samtals		580 253

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 5 Tryggingagreiðslur, framlög og niðurgreiðslur
(m.kr.)

	Fjárlög 1989	Frumvarp 1990
I. Einstaklingar, samtök og heimili	**20 377**	**31 261**
1. Skrifstofa Ráðherranefndar Norðurlandaráðs	40	-
2. Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 617	2 215
3. Jöfnun á námskostnaði	50	59
4. Þjóðleikhús	171	260
5. Sinfóníuhljómsveit Íslands	67	82
6. Kvikmyndasjóður	71	71
7. Listir, framlög	184	199
8. Ýmis íþróttamál	47	51
9. Alþjóðastofnanir	81	177
10. Þróunarmál	93	111
11. Stofnlánadeild landbúnaðarins	39	48
12. Sauðfjárveikivarnir	335	304
13. Kostnaður skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra	104	120
14. Vinnumál	41	48
15. Meðlög skv. lögum nr. 9/1981	56	65
16. Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	-	1 185
17. Ríkisábyrgð á launum	35	140
18. Sjúkratryggingar	5 751	9 417
19. Lífeyristryggingar	10 760	12 382
20. Slysatryggingar	318	398
21. Atvinnuleysistryggingasjóður	277	1 252
22. Krabbameinsfélag Íslands	63	75
23. Niðurgreiðslur á fiski	177	-
24. Launa- og verðlagsmál [1]	-	2 054
25. Uppbætur á lífeyri [1]	-	547
II. Fyrirtæki og atvinnuvegir	**7 061**	**6 947**
1. Áburðarverksmiðja ríkisins	22	-
2. Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir og framlag í Framleiðnisjóð	1 100	1 381
3. Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla	937	-
4. Söluskattur í fiskeldi og loðdýrarækt, endurgreiðsla	70	-
5. Póst- og símamálastofnunin	157	183
6. Skipaútgerð ríkisins og strandflutningar	155	178
7. Flóabátar og vöruflutningar	110	115
8. Jöfnunargjald í iðnaði	250	-
9. Fiskifélag Íslands	39	43
10. Niðurgreiðslur á vöruverði og framlag í lífeyrissjóð bænda	3 613	4 333
11. Endurgreiðsla á kjarnfóðurgjaldi	383	483
12. Niðurgreiðsla á rafhitun	225	231
III. Annað	**1 229**	**1 640**
Samtals	**28 667**	**39 848**

1) Þessir liðir voru ekki færðir sem tilfærslur í fjárlögum 1989.

Tafla 6 Framlög A-hluta ríkissjóðs til fjárfestingar 1989-1990
(m.kr.)

	Fjárlög 1989	Frumvarp 1990
I. Stofnkostnaður	**4 120**	**4 927**
1. Almennir framhaldsskólar	244	328
2. Alþingi	24	17
3. Bessastaðir	-	52
4. Borgarspítalinn í Reykjavík	46	55
5. Bygging grunnskóla	385	-
6. Embætti sýslumanna og bæjarfógeta	98	101
7. Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	57	51
8. Flugvellir, framkvæmdir	272	325
9. Framkvæmdasjóður fatlaðra	201	201
10. Hafrannsóknastofnun	36	48
11. Háskóli Íslands	203	88
12. Listasöfn	30	30
13. Lögreglumál, ökutæki o.fl.	60	75
14. Ríkisspítalar	295	180
15. St. Jósefsspítali, Landakoti	14	20
16. Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	28	96
17. Tækniskólar, vélskólar, stýrimannaskólar og iðnskólar	37	24
18. Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	150	200
19. Vegagerð, nema sýslu- og þéttbýlisvegafé	1 390	2 095
20. Vitabyggingar	14	17
21. Þjóðarbókhlaða	90	120
22. Þjóðleikhús	-	125
23. Annað	446	681
II. Fjármagnstilfærslur	**4 683**	**3 411**
1. Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina	500	350
2. Byggðastofnun	125	200
3. Bygging íþróttamannvirkja	51	-
4. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	257	221
5. Byggingarsjóður ríkisins	1 050	150
6. Byggingarsjóður verkamanna	600	500
7. Dagvistarheimili	95	-
8. Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985	28	36
9. Framkvæmdasjóður aldraða	160	160
10. Hafnamál	488	409
11. Jarðræktar- og búfjárræktarlög, framlög	100	110
12. Landgræðsluáætlun	92	109
13. Orkusjóður	239	247
14. Rannsóknasjóður	80	95
15. Ríkisábyrgðarsjóður	200	250
16. Sýslu- og þéttbýlisvegafé	330	381
17. Vatnsveitur	30	-
18. Vísindasjóður	10	120
19. Annað	248	72
Til fjárfestingar samtals	**8 803**	**8 338**

Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 7 Heildaryfirlit yfir gjöld, tekjur og fjármunahreyfingar fyrirtækja og sjóða í B-hluta
(m.kr.)

		Fjárlög 1989	Frumvarp 1990	Breyting (m.kr.)	Breyting (%)
51	Launagjöld	6 066	7 318	1 252	21
52-57	Önnur rekstrargjöld	6 430	8 490	2 060	32
52,58,8	Hráefni og vörur til endursölu	8 376	10 333	1 957	23
571	Fjármagnskostnaður	3 177	4 739	1 562	49
51-57	Viðhald	768	1 083	315	41
593	Afskriftir	2 124	2 956	832	39
59	Yfirfærslur	1 227	2 406	1 179	96
5,8	Gjöld samtals	28 167	37 325	9 158	33
44-46,7	Seldar vörur og þjónusta	29 939	34 810	4 872	16
48	Fjármunatekjur	2 693	4 376	1 683	62
4910	Framlög ríkissjóðs	5 250	5 924	674	13
49	Aðrar tekjur	1 381	1 234	- 147	- 11
4,7	Tekjur samtals	39 263	46 344	7 081	18
	Mismunur	11 097	9 020	-2 077	- 19
Fjármunahreyfingar út:					
16	Veitt lán	15 790	16 292	502	3
18	Fjárfestingar	1 673	2 208	535	32
26	Afborgun lána	3 646	3 911	265	7
	Annað	7 264	7 329	65	1
Fjármunahreyfingar inn:					
16	Innheimtar afborganir	1 983	2 987	1 004	51
19	Afskriftir	2 124	2 956	832	39
26	Tekin lán	12 889	13 664	775	6
39	Ráðstöfun eigin fjár	11 095	9 020	-2 075	- 19
	Annað	282	1 113	831	295

Tafla 8 Yfirlit yfir framlög, fjárfestingu og lántökur í B-hluta 1989-1990
(m.kr.)

		Framlög		Fjárfesting		Lántaka	
		1989	1990	1989	1990	1989	1990
21-172	Atvinnutryggingarsjóður	500,0	350,0			2 400,0	750,0
22-211	Háskólabíó			10,2	38,2		
22-233	Rannsóknasjóður	80,0	95,0				
22-276	Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	62,3	43,8	46,5	13,2		
22-679	Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni			0,6	0,5		
22-871	Unglingaheimili ríkisins	24,4					
22-872	Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 617,0	2 215,0		22,1	915,0	1 480,0
22-970	Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður			30,0	69,7		
22-971	Ríkisútvarpið, hljóðvarp			25,0			
22-972	Ríkisútvarpið, sjónvarp			30,0			
22-973	Þjóðleikhúsið	171,0	260,0	75,0		75,0	
22-974	Sinfóníuhljómsveit Íslands	67,0	82,3				
22-975	Vísindasjóður	15,8	12,0				
22-976	Menningarsjóður	11,0	8,5				
23-101	Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli			28,0	11,5		
23-111	Flugmálastjórn, Keflavík			2,4	2,0		
23-115	Flugstöð Leifs Eiríkssonar, nýbygging			281,0	30,0	350,0	30,0
23-121	Sala varnarliðseigna			1,7	1,5		
24-171	Jarðeignir ríkisins	15,7	18,7	13,7	18,7		
24-172	Jarðasjóður	15,0	15,0	6,2	10,7		
24-221	Áburðarverksmiðja ríkisins	22,0		60,0	105,0		
24-246	Laxeldisstöðin Kollafirði	7,6	8,3		2,6		
24-272	Einangrunarstöð í Hrísey	3,2	4,0	0,8	0,8		
25-222	Síldarverksmiðjur ríkisins			36,5	380,0		300,0
25-272	Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging			27,8	29,6		
26-371	Kirkjubyggingasjóður	4,6	5,6				
26-373	Kristnisjóður	14,3	15,8				
27-271	Byggingarsjóður ríkisins	1 050,0	150,0	15,0	50,0	6 925,0	7 749,0
27-272	Byggingarsjóður verkamanna	600,0	500,0			2 130,0	3 353,0
28-273	Atvinnuleysistryggingasjóður	277,0	1 252,0				
28-311	Ríkisspítalar, þvottahús			18,9	1,8		
28-378	Læknishéraðasjóður	2,5	2,5				
28-471	Gæsluvistarsjóður	6,0	6,0	6,0	6,0		
29-101	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins			63,0	70,0		
29-102	Lyfjaverslun ríkisins			18,2	23,6		
29-931	Arnarhvoll			2,0	5,9		
29-971	Ríkisábyrgðasjóður	200,0	250,0				
30-101	Póst- og símamálastofnunin	157,0	183,0	577,0	800,0		
30-211	Vegagerð ríkisins, áhaldahús			45,0	130,0		
30-321	Skipaútgerð ríkisins	61,0	178,0			60,0	
30-332	Hafnabótasjóður	25,0	20,0				
30-333	Landshöfn Þorlákshöfn	0,3					
31-231	Sementsverksmiðja ríkisins			73,0	39,0	31,5	
31-233	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg			3,3	9,7	3,0	2,0
31-321	Rafmagnsveitur ríkisins			176,0	335,0		
31-371	Orkusjóður	240,5	248,7				
	Samtals	5 250,2	5 924,1	1 672,6	2 206,9	12 889,5	13 664,0

II Fjárfesting

Tafla 9 Fjárfesting 1988-1990
(m.kr.)

	Verðlag hvers árs			Magnbreytingar [1] frá fyrra ári %		
	Bráðab.-tölur 1988	Áætluð útkoma 1989	Áætlun 1990	Bráðab.-tölur 1988	Áætluð útkoma 1989	Áætlun 1990
Fjárfesting alls	**46 930**	**54 100**	**62 100**	**-2,0**	**-8,0**	**-1,0**
Þar af:						
Landsvirkjun, járnblendiverksmiðja og álverksmiðja	1 250	2 300	4 500	37,1	49,6	69,0
Innflutt skip og flugvélar	5 405	6 500	9 400	39,6	-7,5	28,0
Útflutt skip og flugvélar	-2 447	- 900	- 600	...	...	...
Önnur fjárfesting	42 722	46 200	48 800	-2,3	-13,3	-9,0
I. Atvinnuvegirnir	**24 110**	**25 900**	**28 700**	**-6,8**	**-15,8**	**-4,4**
1. Landbúnaður [2]	2 400	2 000	1 770	-17,3	-33,3	-24,0
2. Fiskveiðar	5 900	4 400	2 100	17,8	-41,5	-59,0
3. Vinnsla sjávarafurða	1 500	1 530	1 800	-12,7	-20,0	-
4. Álverksmiðja	130	500	800	-42,9	215,4	38,0
5. Járnblendiverksmiðja	40	200	100	0,0	310,0	-57,0
6. Annar iðnaður (en 3.-5.)	4 730	5 050	4 720	0,0	-16,5	-20,0
7. Flutningatæki	1 600	4 500	9 400	-23,2	116,3	83,0
8. Verslunar-, skrifstofu-, gistihús o.fl.	4 020	3 960	3 900	-23,9	-20,0	-15,0
9. Ýmsar vélar og tæki	3 790	3 760	4 110	-2,4	-25,0	-7,0
II. Íbúðarhús	**9 270**	**11 650**	**13 500**	**5,0**	**2,0**	**-**
III. Byggingar og mannvirki hins opinbera	**13 550**	**16 550**	**19 900**	**3,5**	**-0,7**	**3,7**
1. Rafvirkjanir og rafveitur	2 100	2 800	4 780	42,4	8,4	47,0
2. Hita- og vatnsveitur	1 650	2 170	2 000	51,5	6,9	-21,0
þar af hitaveitur	(1 340)	(1 670)	(1 070)	64,9	1,3	-45,0
3. Samgöngumannvirki	5 300	5 880	6 640	-19,9	-9,8	-3,0
4. Byggingar hins opinbera	4 500	5 700	6 480	16,6	3,0	-2,0

1) Magnbreytingar 1988 eru miðaðar við fast verðlag ársins 1980. Magnbreytingar 1989 eru miðaðar við verðlag ársins 1988 en magnbreytingar 1990 eru miðaðar við verðlag ársins 1989.

2) Fiskeldisstöðvar meðtaldar.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 10 Fjárfesting, sparnaður og viðskiptahalli 1987-1990

	1987	1988	Áætluð útkoma 1989	Spá 1990
Verg landsframleiðsla (m.kr.)	**207 640**	**254 304**	**294 200**	**335 200**
Heildarfjárfesting (m.kr.)	**40 465**	**46 930**	**54 100**	**62 100**
a. Atvinnuvegir	21 953	24 110	25 900	28 700
b. Íbúðarhús	7 494	9 270	11 650	13 500
c. Opinberar framkvæmdir	11 018	13 550	16 550	19 900
Heildarfjárfesting í % af VLF	**19,5**	**18,5**	**18,4**	**18,5**
a. Atvinnuvegir	10,6	9,5	8,8	8,6
b. Íbúðarhús	3,6	3,6	4,0	4,0
c. Opinberar framkvæmdir	5,3	5,3	5,6	5,9
Heildarfjárfesting, hlutfallsleg skipting	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**
a. Atvinnuvegir	54,3	51,4	47,9	46,2
b. Íbúðarhús	18,5	19,7	21,5	21,7
c. Opinberar framkvæmdir	27,2	28,8	30,6	32,1
Verg landsframleiðsla, magnbreyting milli ára	**8,7**	**-1,2**	**-2,8**	**-1,1**
Heildarfjárfesting, magnbreyting milli ára	**18,9**	**-2,0**	**-8,0**	**-1,0**
a. Atvinnuvegir	21,8	-6,8	-15,8	-4,4
b. Íbúðarhús	14,0	5,0	2,0	-
c. Opinberar framkvæmdir	16,3	3,5	-0,7	3,7
Hlutfallstölur (% af VLF)				
Heildarfjárfesting	19,5	18,5	18,4	18,5
+Birgðabreytingar	-0,1	1,1	0,4	0,3
-Heildarsparnaður	15,9	15,9	15,9	15,8
Mismunur = viðskiptahalli	3,5	3,7	2,9	3,0

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Þjóðhagsstofnun.

II Fjárfesting

Tækjakaup deilda, Raunvísindastofnun Háskólans . . . 20
Tækjakaup, Blindrabókasafn Íslands . . . 58
Tækjakaup, Brunamálastofnun ríkisins . . . 126
Tækjakaup, Fósturskóli Íslands . . . 40
Tækjakaup, félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa . . . 118
Tækjakaup, Garðyrkjuskóli ríkisins . . . 86
Tækjakaup, Iðntæknistofnun Íslands . . . 169
Tækjakaup, Íþróttakennaraskóli Íslands . . . 41
Tækjakaup, Landmælingar Íslands . . . 168
Tækjakaup, Orkustofnun . . . 171
Tækjakaup, óskipt, Sjúkrahús og læknisbústaðir . . . 141
Tækjakaup, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins . . . 170
Tækjakaup, Rannsóknastofnun landbúnaðarins . . . 78
Tækjakaup, utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa . . . 67
Tækjakaup, Vélskóli Íslands . . . 37
Tækjakaup, Þjóðminjasafn Íslands . . . 55
Tækni- og veðurathuganadeild, Veðurstofa Íslands . . . 167
Tækniskóli Íslands . . . 36
Tæknivinnustofa Öryrkjabandalagsins . . . 120
Tölvu- og húsbúnaður, ríkisendurskoðun . . . 12
Tölvu- og húsbúnaður, Ríkisendurskoðun . . . 14
Tölvu- og skrifstofubúnaður, Verðlagsstofnun . . . 175
Tölvubúnaður o.fl., Tollstjórinn í Reykjavík . . . 157
Tölvubúnaður, almennir framhaldsskólar . . . 29
Tölvubúnaður, bifreið, Tollstjórinn í Reykjavík . . . 157
Tölvubúnaður, Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa . . . 176
Tölvubúnaður, Ríkistollstjóri . . . 156
Tölvubúnaður, skattakerfið, ýmis útgjöld . . . 155
Tölvubúnaður, Þjóðskráin . . . 176
Tölvudeild, Veðurstofa Íslands . . . 167
Tölvugagnaskiptakerfi fyrir viðskipti, TEDIS . . . 74
Tölvumál, fjárlaga- og hagsýslustofnun . . . 178
Tölvumiðstöð fatlaðra . . . 120
Tölvunefnd . . . 112
Tölvuvæðing hlutafélagaskrár . . . 175
Tölvuvæðing í grunnskólum . . . 50
Tölvuvæðing málaskrár, Sakadómur Reykjavíkur . . . 94

Bls.
Tölvuvæðing sakaskrár 93
Tölvuvæðing, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins 89
Tölvuvæðing, Skattstofan í Reykjavík 152

U

Umboðsmaður Alþingis 13
Umferðarfræðsla í skólum 50
Umferðarráð 111
Umhverfisráðuneyti 177
Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa 177
UN, Sameinuðu þjóðirnar 73
UNAVEM, Eftirlitssveitir Sameinuðu þjóðanna í Angólu 74
UNDP, Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna 73
UNDRO, Neyðarhjálparstofnun Sameinuðu þjóðanna 73
UNESCO, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna 74
UNFICYP, Gæslulið Sameinuðu þjóðanna á Kýpur 74
UNFPA, Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna 74
UNHCR, Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna 73
UNICEF, Alþjóðabarnahjálparstofnunin 73
UNIFIL, Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Líbanon 74
UNRWA, Aðstoð Sameinuðu þjóðanna við palestínska flóttamenn 73
UNTAG, Friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna í Namibíu 74
Unglingaheimili ríkisins 53
Unglingaheimili, skóli 50
Ungmennafélag Íslands 64
Uppbætur á lífeyri 157
Uppbætur á lífeyri starfsmanna stjórnmálaflokkanna 11
Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir 84
Upplýsinga- og kynningarstarfsemi, utanríkisráðuneyti 67
Upplýsingaþjónusta, Háskóli Íslands 18
Utanríkisráðuneyti 67
Utanríkisráðuneyti (B-hluti) 188

Ú

Útflutnings- og markaðsskólinn 66
Útflutningsráð Íslands 67
Útgáfa Hæstaréttardóma 92
Útgáfa lagasafns 112
Útgáfa lyfjaverðskrár 142
Útgáfa norræns dómasafns 112
Útgáfukostnaður Alþingistíðinda 11
Útgjöld á heilsugæslustöðvum vegna 5. gr. l. nr. 87/1989 147
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum 158
Útibú á Akureyri, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins 88

Bls.
Útibú á Húsavík, Hafrannsóknastofnun ... 87
Útibú á Höfn í Hornafirði, Hafrannsóknastofnun ... 87
Útibú á Ísafirði, Hafrannsóknastofnun ... 87
Útibú á Ísafirði, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins ... 88
Útibú á Neskaupstað, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins ... 88
Útibú í Ólafsvík, Hafrannsóknastofnun ... 88
Útibú í Vestmannaeyjum, Hafrannsóknastofnun ... 88
Útlendingaeftirlit, Lögreglustjórinn í Reykjavík ... 94
Útvarpsréttarnefnd ... 66

V

V/s Óðinn, Landhelgisgæsla Íslands ... 110
V/s Týr, Landhelgisgæsla Íslands ... 110
V/s Ægir, Landhelgisgæsla Íslands ... 110
Varnargirðingar, Sauðfjárveikivarnir ... 81
Varnarmálaskrifstofa ... 67
Veðurfarsdeild, Veðurstofa Íslands ... 167
Veðurfræðirannsóknir, Veðurstofa Íslands ... 167
Veðurratsjá, Veðurstofa Íslands ... 167
Veðurspádeild, Veðurstofa Íslands ... 167
Veðurstofa Íslands ... 167
Veðurstöðvar, Veðurstofa Íslands ... 167
Veðurþjónusta vegna millilandaflugs, Veðurstofa Íslands ... 167
Vegagerð ríkisins ... 162
Vegagerð ríkisins, áhaldahús (B-hluti) ... 205
Veiðarfærakostnaður, Hafrannsóknastofnun ... 88
Veiðieftirlit ... 90
Veiðimálastofnunin ... 81
Veiðistjóri ... 78
Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða ... 81
Verðlagsráð sjávarútvegsins ... 89
Verðlagsstofnun ... 174
Verkfræðideild, Háskóli Íslands ... 18
Verkmenntaskóli Austurlands ... 33
Verkmenntaskóli Austurlands, heimavist ... 29
Verkmenntaskóli Austurlands, kennsluhúsnæði og frágangur lóðar ... 29
Verkmenntaskólinn á Akureyri ... 33
Verkmenntaskólinn á Akureyri, nýbygging ... 29
Verkstjórn, málefni fatlaðra, Reykjanesi ... 121
Vernd barna og ungmenna ... 52
Verndaður vinnustaður Akranesi, málefni fatlaðra, Vesturlandi ... 122
Verndaður vinnustaður Bjargi, málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra ... 124
Verndaður vinnustaður Egilsstöðum, málefni fatlaðra, Austurlandi ... 124
Verndaður vinnustaður Selfossi, málefni fatlaðra, Suðurlandi ... 125
Verndaður vinnustaður Sjálfsbjargar ... 120
Verndaður vinnustaður Vestmannaeyjum, málefni fatlaðra, Suðurlandi ... 125

Bls.
Verndaður vinnustaður, Örvi . . . 121
Verndun gamalla húsa, Þjóðminjasafn Íslands . . . 55
Verslunarskóli Íslands . . . 43
Vestfjarðaumdæmi, Fræðsluskrifstofur . . . 49
Vestnorræna þingmannaráðið . . . 11
Vesturlandsumdæmi, Fræðsluskrifstofur . . . 49
Vélar og tæki, Bændaskólinn á Hvanneyri . . . 85
Vélar og tæki, Skógrækt ríkisins . . . 79
Vélar og tæki, Veiðimálastofnunin . . . 81
Vélskóli Íslands . . . 37
Viðbygging, Sýslumaður Patreksfirði . . . 99
Viðhald bílastæðis, Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli . . . 68
Viðhald fasteigna, Háskóli Íslands . . . 19
Viðhald fasteigna, Hæstiréttur . . . 92
Viðhald fasteigna, Listasafn Íslands . . . 57
Viðhald fasteigna, Skólar fyrir þroskaheft börn . . . 51
Viðhald fasteignar, Listasafn Einars Jónssonar . . . 57
Viðhald fasteignar, Safnahúsið við Hverfisgötu . . . 56
Viðhald húseigna, Tilraunastöð Háskólans að Keldum . . . 19
Viðhald húseignar á Löngumýri . . . 116
Viðhald húseignar, Rannsóknarlögregla ríkisins . . . 95
Viðhald húseignar, Tryggingastofnun ríkisins . . . 130
Viðhald húsnæðis o.fl., St. Jósefsspítali, Landakoti . . . 141
Viðhald húsnæðis, Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri . . . 136
Viðhald íþróttavalla o.fl., Íþróttakennaraskóli Íslands . . . 40
Viðhald og endurnýjun fangelsa . . . 113
Viðhald sendiráða . . . 72
Viðhald sjúkrahúsa, óskipt . . . 141
Viðhald vega . . . 162
Viðhald, Landhelgisgæsla Íslands . . . 110
Viðhald, óskipt, Borgarspítalinn . . . 140
Viðhald, óskipt, Hafrannsóknastofnun . . . 88
Viðhald, óskipt, hússtjórnarskólar . . . 41
Viðhald, r/s Árni Friðriksson, Hafrannsóknastofnun . . . 88
Viðhald, r/s Bjarni Sæmundsson, Hafrannsóknastofnun . . . 88
Viðhald, r/s Dröfn, Hafrannsóknastofnun . . . 88
Viðhald, ráðherrabústaður Tjarnargötu . . . 15
Viðhald, ráðherrabústaður Þingvöllum . . . 15
Viðhald, Stjórnarráðshús . . . 15
Viðhald, tilraunabúið Hesti . . . 78
Viðhald, tilraunastöðin Möðruvöllum . . . 78
Viðhaldsfé, almennir framhaldsskólar . . . 29
Viðhaldsfé, óskipt, Heilsugæslustöðvar . . . 147
Viðhaldsfé, óskipt, Héraðsskólar, almennt . . . 46
Viðhaldsfé, óskipt, Landgræðsla ríkisins . . . 80
Viðhaldsfé, óskipt, Náttúruverndarráð . . . 58
Viðskipta- og hagfræðideild, Háskóli Íslands . . . 18
Viðskiptafulltrúi í Tokyo . . . 67

Bls.
Viðskiptaráðuneyti . . . 174
Viðskiptaskrifstofa, utanríkisráðuneyti . . . 67
Vinnueftirlit ríkisins . . . 127
Vinnuhælið Kvíabryggju . . . 109
Vinnuhælið Litla-Hrauni . . . 109
Vinnumál . . . 127
Vinnustofan Ás . . . 120
Virðisaukaskattur, ýmis kostnaður . . . 155
Vistanir, málefni fatlaðra . . . 120
Vistheimili fyrir börn, málefni fatlaðra, Reykjanesi . . . 122
Vistheimili við Holtaveg, málefni fatlaðra, Reykjavík . . . 121
Vistheimilið Skálatúni, málefni fatlaðra, Reykjanesi . . . 121
Vistheimilið Sólborg, málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra . . . 124
Vistheimilið Tjaldanesi, málefni fatlaðra, Reykjanesi . . . 121
Vita- og hafnamálaskrifstofa, þjónustumiðstöð (B-hluti) . . . 206
Vita- og hafnamálaskrifstofan . . . 163
Vitabyggingar, Vitastofnun Íslands . . . 164
Vitastofnun Íslands . . . 164
Vísindaleg starfsemi, styrkir . . . 63
Vísindaráð . . . 60
Vísindasamstarf EB . . . 66
Vísindasjóður . . . 60
Vísindasjóður (B-hluti) . . . 186
Vörumerkja- og einkaleyfaskrifstofa . . . 169

W

WFP, Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna . . . 73
WHO, Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin . . . 73
WMO, Alþjóðaveðurfræðistofnunin . . . 74

Y

Yfirdýralæknir . . . 82
Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings . . . 11
Yfirstjórn mannvirkjagerðar á Landspítalalóð . . . 140

Ý

Ýmis eignakaup, Borgarspítalinn . . . 140
Ýmis eignakaup, Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri . . . 136
Ýmis eignakaup, St. Jósefsspítali, Landakoti . . . 141
Ýmis framleiðsla og fangavinna, Vinnuhælið Litla-Hrauni . . . 109
Ýmis framlög, samgönguráðuneyti . . . 166
Ýmis innheimtukostnaður, Gjaldheimtur og innheimtukostnaður . . . 156

Bls.
Ýmis íþróttamál . . . 64
Ýmis kirkjuleg málefni . . . 115
Ýmis lán ríkissjóðs, vextir . . . 179
Ýmis löggæslukostnaður . . . 113
Ýmis orkumál . . . 172
Ýmis sameiginlegur kostnaður, sýslumenn og bæjarfógetar . . . 96
Ýmis stofnkostnaður, Alþingi . . . 12
Ýmislegt, fjármálaráðuneyti . . . 160
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs . . . 159
Ýmsar nefndir, Ýmislegt, fjármálaráðuneyti . . . 160

Þ

Þátttaka alþingismanna í allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna . . . 11
Þátttaka í starfi UNESCO . . . 66
Þéttbýlisvegir . . . 163
Þingfararkaup alþingismanna . . . 11
Þingmannafundir Fríverslunarsamtaka Evrópu . . . 11
Þingmannanefndir Evrópuráðsins . . . 11
Þingmannasamtök NATO . . . 11
Þingvallabær o.fl. . . . 17
Þjálfunarskóli Akureyri (Sólborg) . . . 51
Þjálfunarskóli Dalbraut . . . 51
Þjálfunarskóli geðdeildar barnaspítala . . . 51
Þjálfunarskóli Kópavogshælis . . . 51
Þjálfunarskóli ríkisins Bjarkarási við Stjörnugróf . . . 51
Þjálfunarskóli ríkisins Safamýri . . . 51
Þjálfunarskóli Tjaldanesi . . . 51
Þjálfunarskólinn Sólheimum . . . 51
Þjóðarbókhlaða . . . 60
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum . . . 17
Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum . . . 58
Þjóðgarðurinn í Skaftafelli . . . 58
Þjóðhagsstofnun . . . 15
Þjóðleikhús . . . 59
Þjóðleikhúsið (B-hluti) . . . 186
Þjóðminjasafn Íslands . . . 55
Þjóðskjalasafn Íslands . . . 56
Þjóðskráin . . . 176
Þjónustudeildir, Ríkisspítalar . . . 140
Þjónustumiðstöð Bræðratungu, málefni fatlaðra, Vestfjörðum . . . 123
Þjónustumiðstöð Vonarlandi, málefni fatlaðra, Austurlandi . . . 124
Þroskaþjálfaskóli Íslands . . . 147
Þroskaþjálfun Höfn í Hornafirði, málefni fatlaðra, Austurlandi . . . 124
Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP . . . 73
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi . . . 73
Þróunarsamvinnustofnun Íslands . . . 73

Bls.
Þróunarsjóður dagvistarheimila 50
Þróunarstörf í grunnskólum 50
Þungaskattsálagning með ökumælum 156
Þyrluvakt lækna, Landhelgisgæsla Íslands 110
Þýðingarsjóður 62

Æ

Æðsta stjórn ríkisins 11
Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands 23
Æskulýðsmál 64
Æskulýðsráð ríkisins 64
Æskulýðssamband Íslands 64

Ö

Ökukennsla 110
Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri 146
Örnefnastofnun 21
Öryggismálanefnd 15
Öryggismálaskóli sjómanna 166
Öskjuhlíðarskóli 50

Leiðréttingar á prentvillum í texta.

Bls. 215, l. 25, les;	... að útgjöld ríkissjóðs jukust um rúmlega 5½% *árlega* frá 1984.
Bls. 216, l. 3, les;	... útflutningstekna, og minnkandi verðbólgu.
Bls. 217, l. 3, les;	Atvinnuleysi hefur að vísu aukist nokkuð en *þá* verður að hafa í huga að fram á mitt síðasta ár einkenndist ástand vinnumarkaðarins af mikilli umframeftirspurn *eftir* vinnuafli. Ekki þykir *æskilegt* að slíkt ástand skapist að nýju.
Bls. 218, l. 14, les;	..., bæði sem hlutfall af VLF og að raungildi.
Bls. 225, l. 25, les;	... sem varð til á árunum eftir *1983*.
Bls. 226, l. 27, les;	*Í þessu sambandi* lagði fjármálaráðherra fram eftirfarandi ...
Bls. 228, l. 33, les;	Gjöld í frumvarpinu eru á áætluðu meðalverðlagi *1990*.
Bls. 317, l. 9, les;	.... þrjár stöður vegna *K-byggingar*, 3,75 stöður vegna glasafrjóvgunar...

Efnisyfirlit

	Bls.
A-hluti: Greiðsluyfirlit ríkissjóðs	3
Rekstrarreikningur	4
Sundurliðun útgjalda eftir ráðuneytum, stofnunum og tegundum útgjalda	11
Æðsta stjórn ríkisins	11
Forsætisráðuneyti	15
Menntamálaráðuneyti	18
Utanríkisráðuneyti	67
Landbúnaðarráðuneyti	76
Sjávarútvegsráðuneyti	87
Dómsmálaráðuneyti	92
Félagsmálaráðuneyti	118
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	130
Fjármálaráðuneyti	150
Samgönguráðuneyti	162
Iðnaðarráðuneyti	169
Viðskiptaráðuneyti	174
Hagstofa Íslands	176
Umhverfisráðuneyti	177
Fjárlaga- og hagsýslustofnun	178
B-hluti: Ríkisfyrirtæki og sjóðir í ríkiseign	181
Heimildir	211
Athugasemdir	215
1. Inngangur	215
2. Fjárlagafrumvarp 1990, yfirlit	228
3. Tekjur	233
4. Gjöld	239
5. Athugasemdir um ríkisfyrirtæki og sjóði í B-hluta	342
6. Lánamál og skuldbindingar A-hluta ríkissjóðs	352
7. Lánsfjáráætlun	360
Töfluviðauki	379
Fylgiskjal 1: Yfirlit um stöðu framkvæmda á vegum Framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins 1. september 1989	406
Skrá yfir stofnanir og viðfangsefni (A- og B-hluti) í stafrófsröð	421

Nd. 2. Frumvarp til laga [2. mál]

um breytingu á lögum nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

1. gr.

Á eftir 3. tölul. 2. gr. laganna komi nýr liður sem orðast þannig:

Að safna þjóðhagslegum upplýsingum eftir kjördæmum og birta þær opinberlega einu sinni á ári í aðgengilegu formi, m.a. um tekjur og útgjöld ríkissjóðs, hlutdeild kjördæma í landsframleiðslu og gjaldeyrisöflun og um innlán og útlán innlánsstofnana.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 110. löggjafarþingi af sama flutningsmanni og Steingrími J. Sigfússyni en varð ekki útrætt. Fjárhags- og viðskiptanefnd leitaði umsagna um frumvarpið og eru þær umsagnir sem nefndinni bárust birtar sem fylgiskjal III með frumvarpinu. Frumvarpið er nú endurflutt óbreytt.

Á 109. löggjafarþingi bar flutningsmaður frumvarpsins fram fyrirspurnir til forsætisráðherra og viðskiptaráðherra um nokkrar þjóðhagsstærðir, flokkaðar eftir kjördæmum. Fyrirspurnirnar og svör við þeim eru fylgiskjöl I og II með þessu frumvarpi.

Eins og fram kemur í svörunum vantar mikið á að sundurliðaðar upplýsingar liggi á lausu um mörg þau atriði sem spurt var um. Hér er þó um að ræða undirstöðuatriði til að unnt sé að átta sig á mikilvægum þáttum byggðamála og framlagi einstakra kjördæma til þjóðarbúsins.

Til að ráða bót á þessu er Þjóðhagsstofnun samkvæmt frumvarpinu falið að safna upplýsingum um þessi efni og birta þær árlega.

Í 1. gr. frumvarpsins er ekki um tæmandi upptalningu að ræða á þeim upplýsingum sem Þjóðhagsstofnun er ætlað að safna og birta. Gert er ráð fyrir að starfsmenn stofnunarinnar hafi svigrúm til að auka við þá gagnasöfnun eftir eigin mati og óskum sem fram kunna að koma.

Eðlilegt er að gera ráð fyrir að fyrirmæli frumvarpsins gildi frá og með árinu 1990.

Fylgiskjal I.

Fyrirspurn frá Hjörleifi Guttormssyni til forsætisráðherra
á 109. löggjafarþingi um skiptingu aflaverðmætis, útflutningsverðmæti sjávarafurða, gjaldeyrisöflun og landsframleiðslu eftir kjördæmum.

1. *Hver hefur verið skipting aflaverðmætis eftir kjördæmum á hverju ári á tímabilinu 1981–1986?*
2. *Hver er skipting útflutningsverðmætis sjávarafurða áætluð á grundvelli aflaverðmætis í einstökum kjördæmum og sundurliðað eftir framleiðslustöðum og helstu fisktegundum?*

3. *Hvert hefur verið framlag hvers kjördæmis í gjaldeyrisöflun landsmanna á sama tímabili? Beðið er um heildargjaldeyristekjur af útflutningi og hreinar gjaldeyristekjur eftir því sem upplýsingar leyfa.*
4. *Hvert má áætla að hafi verið framlag hvers kjördæmis til landsframleiðslunnar í heild og á vinnandi mann á sama tímabili (1981–1986)?*

Verðmætistölur óskast færðar til verðlags ársins 1986 og að fram komi hlutfallsleg skipting þar sem við á.

Greinargerð.

Fram hefur komið, m.a. á þskj. 616 á 108. löggjafarþingi, að vissir erfiðleikar séu á að flokka útflutningsframleiðsluna eftir framleiðslustöðum þar sem útflutningshöfn getur verið önnur. Í 2. tölul. í fyrirspurninni er bent á leið til að áætla framleiðsluverðmæti sjávarafurða út frá sundurliðuðu aflaverðmæti.

Svar forsætisráðherra.

1. Ekki er mögulegt að fá umbeðnar upplýsingar eftir skiptingu kjördæma þar sem einu tiltæku heimildirnar eru frá Fiskifélagi Íslands sem skiptir landinu talsvert öðruvísi en kjördæmaskiptingin er, sbr. eftirfarandi yfirlit:

Suðurland: Vestmannaeyjar — Þorlákshöfn.
Reykjanes: Grindavík — Reykjavík.
Vesturland: Akranes — Búðardalur.
Vestfirðir: Barðaströnd — Veiðileysa.
Norðurland vestra: Strandir — Siglufjörður.
Norðurland eystra: Ólafsfjörður — Vopnafjörður.
Austurland: Bakkafjörður — Hornafjörður.

Að öðru leyti er spurningunni svarað í töflu 1.

Tafla 1.

Aflaverðmæti, landað til vinnslu innan lands.
(Upphæðir í millj. kr. á verðlagi hvers árs.)

	1981	**1982**	**1983**	**1984**	**1985**
Suðurland	297	418	731	1.025	1.258
Reykjanes	645	870	1.353	1.791	2.213
Vesturland	244	348	620	859	1.110
Vestfirðir	327	424	794	1.140	1.280
Norðurland vestra	176	163	376	664	1.006
Norðurland eystra	371	431	801	1.117	1.689
Austfirðir	404	418	843	1.314	1.906
Samtals	2.464	3.072	5.518	7.910	10.462

Aflaverðmæti, hlutfallsleg skipting.

	1981	1982	1983	1984	1985
Suðurland	12,1	13,6	13,2	13,0	12,0
Reykjanes	26,2	28,3	24,5	22,6	21,2
Vesturland	9,9	11,3	11,2	10,9	10,6
Vestfirðir	13,3	13,8	14,4	14,4	12,2
Norðurland vestra	7,1	5,3	6,8	8,4	9,6
Norðurland eystra	15,1	14,0	14,5	14,1	16,1
Austfirðir	16,4	13,6	15,3	16,6	18,2
Samtals	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

Heimild: Fiskifélag Íslands, *Útvegur 1981–1985*.

2. Eftir sömu landshlutaskiptingu og áður er greint frá er möguleiki að greina frá útflutningsverðmæti sjávarafurða á verðlagi ársins 1986, skipt á grundvelli aflaverðmætis einstakra landshluta.

Sjá töflu 2.

Tafla 2.

Útflutningsverðmæti sjávarafurða 1981–1985.[1])
(Upphæðirnar í millj. kr. á verðlagi ársins 1986.)[2])

	1981	1982	1983	1984	1985
Suðurland	3.629	3.211	3.196	3.492	3.810
Reykjanes	7.856	6.681	5.932	6.071	6.731
Vesturland	2.969	2.668	2.712	2.928	3.366
Vestfirðir	3.988	3.258	3.487	3.869	3.874
Norðurland vestra	2.129	1.251	1.647	2.256	3.048
Norðurland eystra	4.528	3.305	3.511	3.787	5.112
Austfirðir	4.916	3.211	3.705	4.459	5.779
Samtals	30.015	23.585	24.190	26.862	31.720

[1]) Skipting niður á landshluta er gerð á grundvelli aflaverðmætis innan lands, sbr. töflu 1.
[2]) Fjárhæðir eru færðar til verðlags ársins 1986 miðað við verðvísitölu sjávarafurðaframleiðslunnar.

Að mati Þjóðhagsstofnunar er afar torvelt að flokka útflutningsframleiðsluna eftir framleiðslustöðum með þeim gögnum sem eru tiltæk. Því verði sundurliðun eftir landshlutum að nægja á grundvelli verðmætis þess afla sem landað er til vinnslu í hverjum landshluta.

3. Upplýsingar um þetta atriði eru hvergi fyrirliggjandi og miðað við tiltæk gögn er heldur ekki hægt að afla þeirra. Gildir þetta um hvort tveggja heildargjaldeyristekjur og hreinar gjaldeyristekjur.

Ástæða er hins vegar til að geta þess að þó að slíkar upplýsingar lægju fyrir væri sitthvað við þann mælikvarða að athuga, til að mynda vegna þess að hver sú atvinnustarfsemi á svæðinu, sem starfar í heilbrigðri samkeppni við innflutning og framleiðir fyrir innlendan markað, sparar gjaldeyri og er þar af leiðandi engu þýðingarminni en útflutningsgreinin.

4. Þjóðhagsreikningagerð hér á landi er ekki enn komin á það stig að unnt sé að svara spurningum af þessu tagi. Til þessa hefur Þjóðhagsstofnun lagt áherslu á skýrslugerðina fyrir landið í heild og reynt að bæta hana og treysta eftir föngum. Við skiptingu landsframleiðslunnar eftir kjördæmum koma hins vegar upp ýmis ný álitamál, en fullyrða má að skýrslugerð af því tagi gæfi mun betri mynd af þætti hvers landshluta í þjóðarbúskapnum en gjaldeyristekjur eins og vikið er að í svari við þriðju spurningu.

Fylgiskjal II.

Fyrirspurn frá Hjörleifi Guttormssyni til viðskiptaráðherra
á 109. löggjafarþingi um innlán og útlán
innlánsstofnana eftir kjördæmum.

1. *Hver hefur verið staða og þróun innlána í innlánsstofnunum, flokkað eftir helstu tegundum sparnaðarforma og kjördæmum, árlega á tímabilinu 1976–1985?*
2. *Hver hefur verið staða og þróun útlána á sama tímabili hjá innlánsstofnunum, flokkað eftir kjördæmum og lántakendum (einstaklingum, stofnunum og fyrirtækjum)?*
3. *Hver hafa verið heildarútlán, flokkuð eftir kjördæmum, á sama tímabili frá innlánsstofnunum, lífeyrissjóðum og fjárfestingarlánasjóðum?*
   Beðið er um að allar upplýsingar verði jafnframt færðar til verðlags í desember 1986.

Svar viðskiptaráðherra.

Með svari þessu eru prentaðar töflur sem Seðlabanki Íslands hefur útbúið þar sem fram koma umbeðnar upplýsingar auk skýringa og fyrirvara sem gera verður við töflurnar.

Í fyrirspurninni er beðið um nánar tilgreinda flokkun inn- og útlána innlánsstofnana árlega á tímabilinu 1976–1985. Vegna umfangs þessa verkefnis og þeirrar vinnu sem í það þurfti að leggja reyndist nauðsynlegt að takmarka þessar upplýsingar nokkuð, þó þannig að ætla má að niðurstöðurnar gefi í heild mynd af þróun þeirra atriða sem óskað er upplýsinga um. Þá skal þess einnig getið að upplýsingar um innlán Póstgíróstofunnar eru ekki taldar með í þessum tölum þar sem skipting þeirra talna á einstaka landshluta liggur ekki fyrir í Seðlabankanum. Heildarinnlán Póstgíróstofunnar voru 1985 í árslok 465 millj. kr.

1. *Tafla 1* sýnir skiptingu samanlagðra innlána banka, sparisjóða og innlánsdeilda samvinnufélaga, skipt á einstök kjördæmi, í lok áranna 1976, 1978, 1980, 1982, 1984 og 1985. Upplýsingar þessar eru fengnar úr ársreikningum banka og sparisjóða og mánaðarskýrslum innlánsdeilda sem sendar eru bankaeftirliti Seðlabankans.

Tafla 2 sýnir þær tölur, sem koma fram í töflu 1, uppfærðar með lánskjaravísitölu til verðlags í desember 1986.

Töflur 3–8 sýna skiptingu innlána sömu stofnana fyrir hvert ár sem tilgreint er í töflu 1, skipt í sparnaðarform og kjördæmi.

2. *Tafla 9* sýnir heildarútlán (endurlánað erlent lánsfé innifalið) banka og sparisjóða í árslok fyrir sömu ár og tilgreind eru í 1. lið svarsins hér að framan. Upplýsingarnar eru fengnar úr ársreikningum þessara stofnana til bankaeftirlits Seðlabankans.

Hafa verður í huga varðandi þessar tölur að stofnunum er frjálst að bókfæra lánin hvort heldur er í aðalbanka eða útibúum. Þannig er t.d. endurlánað erlent lánsfé til aðila utan Reykjavíkur í einhverjum tilvikum bókfært í aðalbanka viðkomandi bankastofnunar. Sama gildir um afurðalánin, einkum hvað varðar fyrstu árin í þeim talnaröðum sem hér eru birtar. Skipting útlánanna á þann hátt sem hér er óskað eftir mun því ekki í öllum tilvikum gefa rétta mynd af raunverulegum útlánum í hvern landshluta.

Tafla 10 sýnir sömu upplýsingar og fram koma í töflu 9, uppfærðar til verðlags í desember 1986 með lánskjaravísitölu.

„Útlán" innlánsdeilda samvinnufélaga eru ekki tilgreind í töflunum. Ráðstöfunarfé þessara stofnana liggur í rekstri viðkomandi samvinnufélaga og er ekki bókfært sérstaklega í reikningum þessara félaga enda hafa innlánsdeildirnar ekki sjálfstæðan fjárhag.

Hagfræðideild Seðlabankans tekur mánaðarlega saman upplýsingar um flokkun útlána innlánsstofnana eftir atvinnugreinum samkvæmt upplýsingum frá þessum stofnunum. Niðurstöður flokkunarinnar eru birtar í riti Seðlabankans, *Hagtölur mánaðarins*. Þess ber þó að geta að niðurstöðurnar eru að hluta til byggðar á áætlunum þar sem skýrslur um flokkun lána berast ekki frá öllum innlánsstofnunum. Að auki eru útlán innlánsdeilda samvinnufélaga fengin með því að draga bundið fé í Seðlabankanum frá heildarinnlánum og telja mismuninn lán til samvinnufyrirtækja. Þá eru og innifalin í þessum tölum „útlán" Póstgíróstofunnar og að síðustu hafa verið dregin út svokölluð „millibankalán" sem eru innbyrðis lánveitingar bankanna.

Samanlagðar niðurstöður lánaflokkunar koma því ekki nákvæmlega heim við heildarútlán banka og sparisjóða samkvæmt ársreikningum þeirra.

Lánaflokkun sú, sem hér hefur verið fjallað um, byggist á upplýsingum um samandregin útlán einstakra banka. Engin skipting liggur fyrir í Seðlabankanum um hvernig flokkun lána einstakra útibúa bankanna er háttað og er því ekki mögulegt að skipta þessum tölum frekar á einstök kjördæmi eins og beðið er um í fyrirspurninni.

Í *töflum 11–14* eru sýndar niðurstöður lánaflokkunar innlánsstofnana í árslok fyrir tilgreind ár samkvæmt samantekt hagfræðideildar Seðlabankans með þeim fyrirvara sem getið er hér að framan.

3. Hagfræðideild Seðlabankans tekur saman upplýsingar um heildarútlán lífeyrissjóða og fjárfestingarlánasjóða. Upplýsingar um flokkun þessara lána á einstök kjördæmi liggja ekki fyrir.

Í *töflum 15 og 16* eru dregnar saman upplýsingar um heildarútlán þessara sjóða í árslok tilgreindra ára.

TAFLA 1.

BANKAR, SPARISJÓÐIR OG INNLÁNSDEILDIR SAMVINNUFÉLAGA.

Í þús. kr. (verðlag hvers árs)

INNLÁN ALLS Í ÁRSLOK:

KJÖRDÆMI:	1976	1978	1980	1982	1984	1985
1. Reykjavík	380.616	795.823	2.041.045	5.698.647	14.269.572	21.399.622
2. Reykjanes	60.984	136.601	396.070	1.185.466	3.236.534	4.749.088
3. Vesturland	35.880	83.643	212.763	525.655	1.195.340	1.681.038
4. Vestfirðir	30.833	69.425	178.118	422.041	985.574	1.378.268
5. Norðurland vestra	32.474	70.784	182.063	477.877	1.019.595	1.582.070
6. Norðurland eystra	70.721	147.144	394.741	977.194	2.102.221	3.107.937
7. Austurland	26.422	62.096	177.768	432.523	975.301	1.392.957
8. Suðurland	57.876	124.311	336.502	903.009	1.855.926	2.763.661
Samtals:	695.806	1.489.827	3.919.070	10.622.412	25.640.063	38.054.641

TAFLA 2.

BANKAR, SPARISJÓÐIR OG INNLÁNSDEILDIR SAMVINNUFÉLAGA.

Í þús. kr. (verðlag í des. 1986)

INNLÁN ALLS Í ÁRSLOK:

KJÖRDÆMI:	1976	1978	1980	1982	1984	1985
1. Reykjavík	13.399.768	14.403.275	15.976.089	18.656.716	22.944.400	24.680.791
2. Reykjanes	2.146.970	2.472.285	3.100.202	3.881.079	5.204.103	5.477.258
3. Vesturland	1.263.172	1.513.820	1.665.383	1.720.934	1.922.017	1.938.788
4. Vestfirðir	1.085.490	1.256.494	1.394.202	1.381.713	1.584.728	1.589.595
5. Norðurland vestra	1.143.262	1.281.090	1.425.081	1.564.514	1.639.432	1.824.646
6. Norðurland eystra	2.489.767	2.633.099	3.089.800	3.199.221	3.380.214	3.584.471
7. Austurland	930.199	1.123.850	1.391.463	1.416.030	1.568.210	1.606.536
8. Suðurland	2.037.552	2.249.853	2.633.939	2.956.347	2.984.189	3.187.408
Samtals:	24.496.180	26.933.766	30.676.539	34.776.554	41.227.293	43.889.493

TAFLA 3.

BANKAR, SPARISJÓÐIR OG INNLÁNSDEILDIR SAMVINNUFÉLAGA.

Í þús. kr. (verðlag ársins).

INNLÁN ALLS Í ÁRSLOK 1976:

KJÖRDÆMI:	Veltiinnlán	Spariinnlán	Samtals
1. Reykjavík	88.429	292.187	380.616
2. Reykjanes	13.399	47.585	60.984
3. Vesturland	7.696	28.184	35.880
4. Vestfirðir	7.895	22.938	30.833
5. Norðurland vestra	6.662	25.812	32.474
6. Norðurland eystra	14.361	56.360	70.721
7. Austfirðir	7.266	19.156	26.422
8. Suðurland	14.511	43.365	57.876
Samtals:	160.219	535.587	695.806

TAFLA 4.

BANKAR, SPARISJÓÐIR OG INNLÁNSDEILDIR SAMVINNUFÉLAGA.

Í þús. kr.

INNLÁN ALLS Í ÁRSLOK 1978:

KJÖRDÆMI:	Veltiinnlán	Spariinnlán	Innlendir gjaldeyris-reikningar	Samtals
1. Reykjavík	178.452	607.913	9.458	795.823
2. Reykjanes	29.009	107.173	419	136.601
3. Vesturland	17.948	65.482	213	83.643
4. Vestfirðir	19.250	50.115	60	69.425
5. Norðurland vestra	12.163	58.596	25	70.784
6. Norðurland eystra	26.546	120.246	352	147.144
7. Austurland	15.422	46.628	46	62.096
8. Suðurland	29.062	95.038	211	124.311
Samtals:	327.852	1.151.191	10.784	1.489.827

TAFLA 5.

BANKAR, SPARISJÓÐIR OG INNLÁNSDEILDIR SAMVINNUFÉLAGA.

Í þús. kr.

INNLÁN ALLS Í ÁRSLOK 1980:

KJÖRDÆMI:	Veltiinnlán	Spariinnlán	Innlendir gjaldeyris-reikningar	Samtals
1. Reykjavík	423.711	1.553.793	63.541	2.041.045
2. Reykjanes	75.439	315.772	4.859	396.070
3. Vesturland	43.992	167.074	1.697	212.763
4. Vestfirðir	43.946	133.599	573	178.118
5. Norðurland vestra	26.505	155.462	96	182.063
6. Norðurland eystra	70.807	321.034	2.900	394.741
7. Austurland	40.565	136.426	777	177.768
8. Suðurland	74.533	260.124	1.845	336.502
Samtals:	799.498	3.043.284	76.688	3.919.070

TAFLA 6.

BANKAR, SPARISJÓÐIR OG INNLÁNSDEILDIR SAMVINNUFÉLAGA.

Í þús. kr.

INNLÁN ALLS Í ÁRSLOK 1982:

KJÖRDÆMI:	Veltiinnlán	Spariinnlán	Innlendir gjaldeyris-reikningar	Samtals
1. Reykjavík	823.825	4.529.507	345.315	5.698.647
2. Reykjanes	180.218	964.968	40.280	1.185.466
3. Vesturland	75.444	437.639	12.572	525.655
4. Vestfirðir	82.852	335.865	3.324	422.041
5. Norðurland vestra	54.980	421.734	1.163	477.877
6. Norðurland eystra	113.767	842.244	21.183	977.194
7. Austurland	75.224	351.456	5.843	432.523
8. Suðurland	158.865	732.136	12.008	903.009
Samtals:	1.565.175	8.615.549	441.688	10.622.412

TAFLA 7.

BANKAR, SPARISJÓÐIR OG INNLÁNSDEILDIR SAMVINNUFÉLAGA.

Í þús. kr.

INNLÁN ALLS Í ÁRSLOK 1984:

KJÖRDÆMI:	Veltiinnlán	Spariinnlán	Innlendir gjaldeyris-reikningar	Samtals
1. Reykjavík	2.424.415	10.489.859	1.355.298	14.269.572
2. Reykjanes	564.633	2.459.446	212.455	3.236.534
3. Vesturland	205.000	954.757	35.583	1.195.340
4. Vestfirðir	214.274	757.257	14.043	985.574
5. Norðurland vestra	122.322	886.297	10.976	1.019.595
6. Norðurland eystra	273.690	1.776.385	52.146	2.102.221
7. Austurland	194.976	762.080	18.245	975.301
8. Suðurland	354.140	1.454.708	47.078	1.855.926
Samtals:	4.353.450	19.540.789	1.745.824	25.640.063

TAFLA 8.

BANKAR, SPARISJÓÐIR OG INNLÁNSDEILDIR SAMVINNUFÉLAGA.

Í þús. kr.

INNLÁN ALLS Í ÁRSLOK 1985:

KJÖRDÆMI:	Veltiinnlán	Spariinnlán	Innlendir gjaldeyrisr.	Samtals
1. Reykjavík	3.161.023	16.306.336	1.932.263	21.399.622
2. Reykjanes	704.538	3.658.555	385.995	4.749.088
3. Vesturland	237.338	1.393.746	49.954	1.681.038
4. Vestfirðir	227.156	1.115.113	35.999	1.378.268
5. Norðurland vestra	166.107	1.378.998	36.965	1.582.070
6. Norðurland eystra	339.938	2.646.675	121.324	3.107.937
7. Austurland	216.486	1.142.830	33.641	1.392.957
8. Suðurland	479.724	2.225.710	58.227	2.763.661
Samtals:	5.532.310	29.867.963	2.654.368	38.054.641

TAFLA 9.

BANKAR OG SPARISJÓÐIR.

Í þús. kr. (verðlag hvers árs)

ÚTLÁN OG ENDURLÁNAÐ ERLENT LÁNSFÉ Í ÁRSLOK:

KJÖRDÆMI:	1976	1978	1980	1982	1984	1985
1. Reykjavík	498.605	999.284	2.667.298	8.873.791	23.324.582	31.524.338
2. Reykjanes	54.503	117.421	298.064	1.029.015	3.017.129	4.211.598
3. Vesturland	28.796	67.553	156.212	600.679	1.722.039	2.211.841
4. Vestfirðir	30.378	56.371	201.710	610.843	1.823.917	1.996.100
5. Norðurland vestra	31.068	73.005	176.352	513.100	1.438.993	1.822.775
6. Norðurland eystra	73.388	152.032	395.699	1.101.201	2.754.067	3.553.845
7. Austurland	50.565	110.060	267.407	941.463	2.172.603	2.647.537
8. Suðurland	64.680	145.622	327.419	1.159.735	3.249.175	4.121.069
Samtals: *	831.983	1.721.348	4.490.161	14.829.827	39.502.505	52.089.103
* þar af endurl. erl. lánsfé	142.771	346.997	1.084.558	3.646.523	10.331.091	13.867.732

TAFLA 10.

BANKAR OG SPARISJÓÐIR.

Í þús. kr. (verðlag í des. 1986)

ÚTLÁN OG ENDURLÁNAÐ ERLENT LÁNSFÉ Í ÁRSLOK.

KJÖRDÆMI	1976	1978	1980	1982	1984	1985
1. Reykjavík	17.553.628	18.085.632	20.878.038	29.051.774	37.504.177	36.357.913
2. Reykjanes	1.918.804	2.125.154	2.333.069	3.368.877	4.851.316	4.857.355
3. Vesturland	1.013.777	1.222.614	1.222.735	1.966.554	2.768.909	2.550.978
4. Vestfirðir	1.069.472	1.020.236	1.578.867	1.999.830	2.932.721	2.302.159
5. Norðurland vestra	1.093.764	1.321.288	1.380.379	1.679.831	2.313.793	2.102.258
6. Norðurland eystra	2.583.659	2.751.565	3.097.298	3.605.206	4.428.333	4.098.750
7. Austurland	1.780.165	1.991.930	2.093.105	3.082.242	3.493.383	3.053.479
8. Suðurland	2.277.090	2.635.553	2.562.843	3.796.839	5.224.429	4.752.945
Samtals: *	29.290.359	31.153.972	35.146.334	48.551.153	63.517.061	60.075.837
* þar af endurl. erl. lánsfé	5.026.321	6.280.156	8.489.281	11.938.298	16.611.619	15.994.048

TAFLA 11

Í millj. kr.

ÚTLÁN OG ENDURLÁNAÐ ERL. LÁNSFÉ INNLÁNSSTOFNANA Á VERÐLAGI HVERS TÍMA.

	Ríkissjóður og stofnanir	Bæjar- og sveitarf.	Lánastofnanir aðrar en bankar	Fyrirtæki	Einstaklingar	Samtals
1976	13	29	41	635	130	848
1977	11	33	54	916	178	1.192
1978	20	57	68	1.359	257	1.761
1979	31	104	84	2.112	436	2.767
1980	82	206	122	3.481	703	4.594
1981	197	484	199	5.646	1.341	7.867
1982	369	872	357	11.393	2.134	15.125
1983	660	1.507	671	21.335	3.829	28.002
1984	559	1.760	1.060	30.951	5.707	40.037
1985	646	2.014	1.477	39.261	8.220	51.618

TAFLA 12

Í millj. kr.

ÚTLÁN OG ENDURLÁNAÐ ERL. LÁNSFÉ INNLÁNSSTOFNANA Á FÖSTU VERÐLAGI MIÐAÐ VIÐ LÁNSKJARAVÍSITÖLU DES. 1986.

	Ríkissjóður og stofnanir	Bæjar- og sveitarf.	Lánastofnanir aðrar en bankar	Fyrirtæki	Einstaklingar	Samtals
1976	458	1.021	1.444	22.356	4.577	29.856
1977	295	885	1.449	24.565	4.774	31.968
1978	362	1.032	1.231	24.596	4.651	31.872
1979	368	1.233	997	25.052	5.172	32.822
1980	642	1.613	955	27.247	5.503	35.960
1981	1.041	2.556	1.051	29.816	7.082	41.546
1982	1.208	2.855	1.169	37.300	6.986	49.518
1983	1.217	2.780	1.238	39.352	7.063	51.650
1984	899	2.830	1.705	49.767	9.176	64.377
1985	745	2.323	1.703	45.281	9.481	59.533

TAFLA 13

Í millj. kr.

ENDURLÁNAÐ ERLENT LÁNSFÉ INNLÁNSSTOFNANA Á VERÐLAGI HVERS TÍMA.

	Ríkissjóður og stofnanir	Bæjar- og sveitarf.	Lánastofnanir aðrar en bankar	Fyrirtæki	Einstaklingar	Samtals
1976	1	15	3	121	0	140
1977	0	10	3	169	0	182
1978	0	20	2	320	0	342
1979	0	55	3	479	0	537
1980	0	146	1	933	0	1.080
1981	2	387	1	1.381	0	1.771
1982	0	609	4	3.029	5	3.647
1983	0	968	33	6.649	20	7.670
1984	3	1.360	47	8.873	30	10.313
1985	0	1.162	165	11.474	63	12.864

TAFLA 14

Í millj. kr.

ERLEND ENDURLÁN INNLÁNSSTOFNANA Á FÖSTU VERÐLAGI
MIÐAÐ VIÐ LÁNSKJARAVÍSITÖLU DES. 1986.

	Ríkissjóður og stofnanir	Bæjar- og sveitarf.	Lánastofnanir aðrar en bankar	Fyrirtæki	Einstaklingar	Samtals
1976	35	528	106	4.260	0	4.929
1977	0	268	81	4.532	0	4.881
1978	0	362	36	5.792	0	6.190
1979	0	652	36	5.682	0	6.370
1980	0	1.143	8	7.303	0	8.454
1981	11	2.044	5	7.293	0	9.353
1982	0	1.994	13	9.917	16	11.940
1983	0	1.786	61	12.264	37	14.148
1984	5	2.187	76	14.267	48	16.583
1985	0	1.340	190	13.233	73	14.836

TAFLA 15

ÚTLÁN Í ÁRSLOK

Í millj. kr.

	Fjárfest-ingalána-sjóðir	Lífeyris-sjóðir
1976	576	222
1977	775	335
1978	1.197	566
1979	1.711	938
1980	2.662	1.690
1981	5.107	3.170
1982	9.758	6.197
1983	17.747	11.947
1984	25.550	16.525[1)]
1985	37.493	25.035[2)]

1) Bráðabirgðatölur.

2) Áætlun.

TAFLA 16

ÚTLÁN Í ÁRSLOK Á FÖSTU VERÐLAGI.

Í millj. kr.

	Fjárfest-ingalána-sjóðir	Lífeyris-sjóðir
1976	20.278	7.816
1977	20.783	8.984
1978	21.664	10.244
1979	20.295	11.126
1980	20.837	13.228
1981	26.969	16.740
1982	31.947	20.288
1983	32.734	22.036
1984	41.082	26.571[1)]
1985	43.242	28.874[2)]

1) Bráðabirgðatölur.

2) Áætlun.

Fylgiskjal III.

Umsagnir
sem bárust fjárhags- og viðskiptanefnd
um frumvarpið á 110. löggjafarþingi.

Eftirtaldir aðilar sendu jákvæðar umsagnir: Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, Fjórðungssamband Norðlendinga, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) og framkvæmdaráð Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi (SSA).

Í umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga 1. febr. 1988 er mælt með að frumvarpið verði að lögum að því viðbættu, að skýrslugerðin um innlán og útlán innlánsstofnana nái einnig til verðbréfa- og ávöxtunarstarfsemi, sem komið hefur eða getur komið í staðinn fyrir hin hefðbundnu inn- og útlánsviðskipti innlánsstofnana.

Umsögn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar frá 20. jan. 1988 er svohljóðandi:

Hlutverk Fjárlaga- og hagsýslustofnunar í umsögnum um lagafrumvörp er að meta hvaða áhrif það hefði á gjöld og tekjur ríkissjóðs ef frumvarpið væri samþykkt. Að reyna að meta kostnaðarauka við þetta frumvarp er ýmsum vandkvæðum háð. Ekki verður ráðið af frumvarpinu hvort það feli í sér aukið starfsmannahald og þá hvort núverandi húsnæði er nógu stórt. Það er vafamál hvort það hafi tilgang að Fjárlaga- og hagsýslustofnun gefi um það ítarlega kostnaðarumsögn.

Umsögn Seðlabanka Íslands, hagfræðideildar, frá 22. mars 1988, fer hér á eftir:

Nefndin hefur óskað umsagnar Seðlabankans um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun, en með frumvarpinu er stefnt að því að skylda stofnunina til þjóðhagslegrar skýrslugerðar eftir kjördæmum (þingskjal 67, *64. mál).*

Það skal í upphafi tekið fram, að Seðlabankanum hefur til þessa ekki veist tilefni til að taka fastmótaða afstöðu til slíkrar skýrslugerðar eftir landshlutum. Þá sjaldan, að slík tilefni hefur borið að höndum á verksviði bankans, hefur úrvinnsla af því tagi virst umfangsmikil og krefjast verulegs undirbúnings og skipulagsátaks. Rétt þykir þó að benda á eftirfarandi atriði:

1. Vafasamt getur verið að gefa tæmandi upptalningu á þeim skýrslugreinum, sem vert sé að vinna úr eftir landshlutum, enda varla tilætlun flutningsmanna. Þar sem fyrir hendi er Byggðastofnun sem hefur hvers konar byggðalega greiningu að hlutverki sínu og gefur út ýmislegt efni þar að lútandi, má telja eðlilegt að árétta starfssvið þeirrar stofnunar í þessu sambandi. Getur Byggðastofnun ýmist unnið verkin sjálf eða hlutast til um að þau séu framkvæmd af þar til bærum aðilum, og þá gegn kostnaðarframlagi, ef verkefnin útheimta kostnað umfram fjárráð verkaðila.
2. Þjóðhagsstofnun hefur veitt umsögn um málið og látið oss í té afrit af henni. Seðlabankinn er samdóma því sem þar segir, að margt annað í hagskýrslu- og þjóðhagsreikningagerð hljóti að hafa meiri forgang en sérskýrslur kjördæma, og enn fremur að gera skuli tilraunavinnslu á slíkri skiptingu þjóðhagsreikninga, áður en árleg skýrslugerð sé lögbundin.
3. Hyggilegt hlýtur að vera að gera frumáætlun um vinnumagn og kostnað við skýrslugerð sem þessa, áður en hún yrði lögbundin. Útlit er fyrir að verkefnið verði verulega kostnaðarsamt verði í það lagt án fullnægjandi undirbúnings í grundvallaratriðum. Veitist hins vegar tími til að sveigja frumvinnslu skýrslna að þessu marki með viðeigandi flokkun efnis og samningu úrvinnslukerfa, m.a. í tölvuvinnslu, má vænta minni kostnaðar eða truflana við almenna skýrslugerð.
4. Innlán og útlán innlánsstofnana eru meðal þeirra skýrslugreina sem frumvarpið fjallar um, og eru dæmi um flokkun þeirra eftir kjördæmum látin fylgja með greinargerð. Þetta er

dæmi skýrsluefnis sem ekki hefur verið undirbúið til þeirra nota sem um ræðir. Flokkun þessi getur að svo komnu máli aðeins miðast við staðsetningu bankaútibúa og sparisjóða, en ekki viðskiptaaðila þeirra á báðar hliðar. Til þess þyrfti að bæta staðareinkunn inn í frumflokkun lánanna og síðan bæta landshlutaflokkun í úrvinnslu. Margt annað er óunnið í þessari flokkun, einkum á hlið innlána. Landshlutagreining gæti átt samleið með þeirri skipulagsvinnu, en mundi bæta verulegu álagi á alla vinnsluna.

Benda má á að verðbréfaútgáfa færist mjög í vöxt og verðbréfaviðskipti koma að vissu marki í stað hefðbundinna útlána og innlána. Það hefur því takmarkaða þýðingu að leggja í mikla vinnu við flokkun inn- og útlána, ef sleppt er að flokka útgáfur verðbréfa og verðbréfaeign.

5. Frumvarpið gerir ráð fyrir að Þjóðhagsstofnun verði falin öll umrædd skýrsluverkefni, þar á meðal varðandi gjaldeyrisöflun og út- og innlán innlánsstofnana. Það er að sjálfsögðu ótækt að ætla stofnuninni að ganga þannig inn á verksvið annarra stofnana, svo sem í þessum tilvikum Seðlabankans, til skýrslugerðar sem aðeins er unnt að vinna í samhengi almennrar skýrsluvinnslu á sama sviði.

Af framangreindum ástæðum getur Seðlabankinn ekki mælt með lögbindingu þeirrar skýrslugerðar og með þeim hætti sem í frumvarpinu felst. Hér er hins vegar hreyft athyglisverðu máli sem vert er að mæla með að verði athugað nánar á faglegum grundvelli.

Umsögn Þjóðhagsstofnunar.
(20. jan. 1988.)

1. Inngangur

Efni frumvarpsins kemur fram í 1.gr. en þar segir orðrétt: "Á eftir 3. tölul. 2.gr. laganna komi nýr liður sem orðist þannig:

Að safna þjóðhagslegum upplýsingum eftir kjördæmum og birta þær opinberlega einu sinni á ári í aðgengilegu formi, m.a. um tekjur og útgjöld ríkissjóðs, hlutdeild kjördæma í landsframleiðslu og gjaldeyrisöflun og um innlán og útlán innlánsstofnana."

Hér á eftir verður einkum fjallað um einn þátt þessa máls þ.e. hlutdeild kjördæma í landsframleiðslu en einnig að nokkru um gjaldeyirsöflun. Aðrir þættir eins og tekjur og gjöld ríkissjóðs og inn- og útlán innlánsstofnana eftir kjördæmum eru á verksviði annarra stofnana.

Ljóst er að skipting landsframleiðslunnar eftir kjördæmum hlýtur að byggjast á þeim tölum, sem tiltækar eru fyrir landið í heild og verður því fyrst lýst stuttlega þeim uppgjörsaðferðum sem þar er beitt. Að því búnu verður fjallað um þá möguleika sem eru á því að skipta landsframleiðslunni eftir kjördæmum eða landshlutum. Að síðustu verður vikið að notagildi líklegra niðurstaðna.

2. Þjóðhagsreikningagerð

Ekki er ætlunin hér að lýsa þjóðhagsreikningagerð í smáatriðum heldur er í því sambandi vísað á þjóðhagsreikningaskýrslu nr. 3, sem Þjóðhagsstofnun gaf út í júní

1985. Þó verður ekki hjá því komist að nefna þrjár helstu aðferðir við uppgjör þjóðhagsreikninga. Þær eru

1) Ráðstöfunaruppgjör
2) Framleiðsluuppgjör
3) Tekjuskiptingaruppgjör

Í meginatriðum byggir ráðstöfunaruppgjörið á því að meta þau verðmæti sem ráðstafað er til endanlegra nota, þ.e. til einkaneyslu, samneyslu, fjárfestingar og útflutnings. Innflutningur dregst hins vegar frá og til þess að forðast tvítalningu er sleppt þeim aðföngum sem atvinnureksturinn kaupir af öðrum atvinnugreinum eða flytur inn.

Á hinn bóginn byggir framleiðsluuppgjörið á því að meta verðmætasköpunina eða virðisaukann þar sem hann verður til en ekki þar sem honum er ráðstafað. Virðisaukinn verður til í einstökum fyrirtækjum og atvinnugreinum og samanstendur af vinnulaunum, afskriftum af framleiðslufjármunum og hreinum hagnaði fyrirtækja áður en kemur til greiðslu vaxta.

Þriðja uppgjörsaðferðin er tekjuskiptingaruppgjörið en ekki hefur enn gefist tóm til þess að fullmóta og ljúka þjóðhagsreikningum hérlendis eftir þeirri aðferð. Aðferðin byggir á því að meta virðisaukann eftir að honum hefur verið útdeilt til þeirra, sem átt hafa þátt í myndun hans.

Allar þessar aðferðir ættu að gefa sömu niðurstöðu því í reynd er alltaf verið að meta sömu stærðina, þ.e. árangur efnahagsstarfseminnar eða virðisaukann á ákveðnu tímabili, oftast einu ári. Munurinn felst einungis í því hvar verðmætin eru metin, þ.e. hvort þau eru metin þar sem þeim er ráðstafað, eða þar sem þau verða til.

Undanfarin þrjátíu ár, hefur íslensk þjóðhagsreikningagerð byggst á fyrst töldu aðferðinni, þ.e. ráðstöfunaruppgjörinu. Það er ekki fyrr en á síðustu árum að framleiðsluaðferðinni hefur einnig verið beitt. Uppgjör frá framleiðsluhlið hefur nú verið gert fyrir tímabilið 1973-1985 og á grundvelli þess má m.a. fá vitneskju um hlutdeild einstakra atvinnugreina í landsframleiðslunni. Þessi vitneskja er þörf viðbót við hina hefðbundnu upplýsingar um einkaneyslu, samneyslu o.fl. sem ráðstöfunaruppgjörið gefur. Hins vegar er það nokkurt áhyggjuefni hve miklu munar á niðurstöðum þessara tveggja uppgjörsaðferða en undanfarin ár hefur þessi munur verið 7-9% og sýnir framleiðsluuppgjörið jafnan lægri niðurstöður. Að mati Þjóðhagsstofnunar er það eitt af þýðingarmestu verkefnum á sviði þjóðhagsreikningagerðar að leitast við að samræma þessar niðurstöður eftir því sem kostur er. Nú er unnið að því.

3. Skipting landsframleiðslu eftir kjördæmum.

Í framhaldi af því sem hér hefur verið sagt er rétt að víkja að skiptingu landsframleiðslunnar eftir kjördæmum eða landshlutum.

Fyrst hlýtur sú spurning að vakna hversu viðamikil athugun af þessu tagi eigi að vera. Almennt má þó segja að því traustari sem niðurstöðurnar eru fyrir landið í heild því betur ætti að vera unnt að skipta framleiðslunni eftir landshlutum.

Hér verður gengið út frá því að byggt verði á tiltækum gögnum og uppgjörsaðferðum fyrir landið í heild en að ekki sé ætlunin að auka stórum við núverandi þjóðhagsreikningagerð þótt á því væri vissulega full þörf.

Næst er þá að huga að því hvort notast eigi við áðurnefnt ráðstöfunaruppgjör eða framleiðsluuppgjör. Ráðstöfunaruppgjörið á sér langa sögulega hefð hér á landi eins og áður greinir. Ástæður þess má einkum rekja til traustrar skýrslugerðar um inn- og útflutning til og frá landinu og mikilvægi þessara viðskipta við mat á ráðstöfun verðmæta. Öðru máli gegnir um hliðstæðuna við utanríkisviðskipti í landshlutauppgjöri þ.e. viðskipti milli landshluta. Nánast engar upplýsingar eru til um þau sem að gagni gætu komið í þessu sambandi. Þegar af þessari ástæðu verður að telja ráðstöfunaruppgjörið, eins og það er í núverandi formi, ónothæft við landshlutauppgjör.

Þá er komið að framleiðsluuppgjörinu. Eins og áður segir byggir það uppgjör á því að meta virðisaukann þar sem hann verður til. Skráning viðskipta milli landshluta skiptir því ekki höfuðmáli heldur staðsetning framleiðslunnar. Virðisaukinn er metinn í einstökum fyrirtækjum eða öllu heldur úrtaki fyrirtækja. Þetta úrtak er síðan fært upp til heildar eftir allflóknum aðferðum sem Þjóðhagsstofnun hefur lýst í atvinnuvegaskýrslum sínum, en þær mynda stofninn að framleiðsluuppgjörinu. Í höfuðdráttum er byggt á virðisauka ákveðinna fyrirtækja sem lenda í úrtaki stofnunarinnar hverju sinni. Virðisauki fyrirtækja sem ekki lenda í úrtakinu er áætlaður. Áætlunin byggir á launagreiðslum allra fyrirtækja í landinu en þessar launagreiðslur liggja fyrir bæði eftir fyrirtækjum og atvinnugreinum. Með hliðsjón af hlutfallinu milli launa og virðisauka hjá úrtaksfyrirtækjum er virðisaukinn áætlaður í einstökum atvinnugreinum fyrir landið í heild. Ekki er þó gert ráð fyrir alveg föstum hlutföllum frá einu fyrirtæki til annars heldur er tekið tillit til stærðar og eignarforms innan hverrar atvinnugreinar.

Með líkum hætti og hér hefur verið lýst fyrir landið í heild ætti að vera unnt að áætla virðisaukann eftir atvinnugreinum og landshlutum. Þó er engan veginn gefið að hlutfall virðisauka og launa sé það sama hjá öllum fyrirtækjum af sömu stærð hvar sem er á landinu. Því má telja fullvíst að haldbærar niðurstöður fáist ekki nema það úrtak fyrirtækja sem atvinnuvegaskýrslur Þjóðhagsstofnunar og framleiðsluuppgjörið byggist á sé stækkað verulega. Þetta á þó ekki við um frystingu og söltun sjávarafurða en úrtak fyrirtækja í þeim greinum er nægilega stórt til þess að gefa trausta mynd af skiptingunni eftir landshlutum. En jafnvel þótt úrtak fyrirtækja í annarri atvinnustarfsemi verði stækkað verulega er ekki öllum vandamálum eða álitaefnum þar með rutt úr vegi. Nefna má nokkur þau helstu:

Verslunar-, þjónustu- og flutningafyrirtæki eiga að jafnaði viðskipti við öll kjördæmi og við útlönd. Framleiðsla þeirra telst til aðseturs þeirra. Dæmi af þessu tagi eru heildverslun, tryggingar, flugrekstur, vöruflutningarekstur á sjó og landi og ferðaskrifstofur.

Ekki er víst að starfsemi fyrirtækis fari fram í sama landshluta eða kjördæmi og fyrirtækið er skráð í og eins getur starfsemin verið í mörgum kjördæmum. Dæmi af þessu tagi er fiskiskipaútgerð og verktakastarfsemi.

Vissulega eru unnt að höggva á slíka hnúta með því að gefa sér ýmsar forsendur sem einfalda málið. Þannig mætti t.d. skipta ákveðnum þáttum í framleiðslunni hlutfallslega eftir íbúafjölda eða tekjum á íbúa. Með því væri hins vegar sagt óbeint að viðkomandi framleiðslu væri jafn haganlega fyrir komið í hvaða kjördæmi sem væri en eftir stæði sú spurning hvað hafi þá valdið ríkjandi staðsetningu í öndverðu. Annar möguleiki væri að skipta einhverjum hluta starfseminnar ekki milli kjördæma eða með öðrum orðum búa til nýtt "svæði" sem tæki til óskiptrar starfsemi. Dæmi um þetta er að finna í Noregi en um fjórðungur landsframleiðslunnar þar í landi er óskiptur milli fylkja í landshlutauppgjöri Norðmanna. Uppgjör af þessu tagi hafa Norðmenn gert þriðja til fjórða hvert ár.

4. Um mikilvægi landshlutauppgjörs.

Þrátt fyrir framangreind vandamál og álitaefni væri ástæða til þess að gera lauslegar ágiskanir um landshlutauppgjör og þá að mestu á grundvelli fyrirliggjandi efnis. Ástæðan er sú að útreikningar af þessu tagi, hversu ófullkomnir sem þeir væru, gæfu mun réttari mynd af þeim virðisauka, sem myndast í hverjum landshluta en sú umræða

sem verið hefur mjög fyrirferðarmikil og gengur út á samanburð á útflutningstekjum á íbúa. Sú umræða er afar villandi því þar er ekki tekið tilllit til þeirrar atvinnustarfsemi sem sinnir heimamarkaði og er iðulega í óvæginni samkeppni við innflutning. Sama er að segja um alla verslunar- og þjónustustarfsemi í landinu. Öll starfsemi af þessu tagi er engu þýðingarminni en útflutningsframleiðslan.

Því er oft haldið fram að mest öll efnahagsstarfsemin byggist á þeim útflutningstekjum sem landsbyggðin aflar. Í sjálfu sér er þetta rétt en hinu má þá ekki gleyma að því aðeins gengur útflutningsframleiðslan að aðrar atvinnugreinar sjái henni fyrir nauðsynjum. Hér er um órjúfanlega keðju að ræða. Bresti hún fer annað einnig úrskeiðis. Einhverjir munu vafalaust telja að hér sé vikið að sjálfsögðum hlutum. Samt vilja þessir sjálfsögðu hlutir gleymast þegar einblínt er á útflutningstekjur. Því eru þeir rifjaðir upp hér.

Landshlutauppgjör af því tagi sem hér hefur verið fjallað um gefur að því leyti mun réttari mynd en útflutningstekjur að öll atvinnustarfsemin er tekin með og að auki er dreginn frá kostnaður við öflun teknanna. Hins vegar er vert að hafa í huga við alla túlkun niðurstaðna að vægi eða mikilvægi einstakra greina ræðst af þeim launum sem greidd eru í greininni og þeim hagnaði sem hún skilar. Öll atvinnustarfsemi er því lögð að jöfnu. Verðmæti starfseminnar í þessum útreikningum ræðst af því verði sem kaupandinn greiðir fyrir hana hvort sem hún fer til útflutnings eða er seld á innlendum markaði. Einstaklingsbundin viðhorf um mikilvægi einhverrar starfsemi umfram aðra koma hér ekki við sögu.

5. Niðurstöður

Skemmst er frá því að segja að þunglega horfir um skilyrði þjóðarbúsins á næsta ári. Landsframleiðslan er talin verða ríflega 1% minni en á þessu ári. Í þessum horfum felst að næsta ár verði þriðja samdráttarárið í röð í íslenskum þjóðarbúskap. Gangi þessar spár eftir er þetta lengsta samdráttarskeið sem verið hefur hér á landi allt frá árunum 1949–1952. Samdráttur landsframleiðslu áranna 1988–1990 er áætlaður samtals um 5%, eða sem svarar til 15 milljarða króna á verðlagi þessa árs. Horfur eru á að samdráttur þjóðartekna verði enn meiri vegna versnandi viðskiptakjara, eða nær 22 milljarðar króna. Þessi samdráttur á sér stað á sama tíma og þróun efnahagsmála á alþjóðavettvangi hefur verið einstaklega hagstæð.

Meginástæðan fyrir þessari óhagstæðu þróun er sú, að nauðsynlegt hefur verið að draga úr fiskafla til þess að styrkja fiskistofnana, einkum þorskstofninn, og búa þannig í haginn fyrir framtíðina. Talið er að verðmæti fiskaflans á föstu verði dragist saman um 3½% á þessu ári og stefnt er að 6–7% samdrætti á næsta ári. Samkvæmt þessu verður fiskaflinn 10–12% minni á næsta ári en hann varð 1987, áður en samdráttarskeiðið hófst. Auk minni fiskafla hefur verð á sjávarvörum erlendis lækkað verulega frá því hámarki sem það náði á seinni hluta ársins 1987. Helstu freðfisks- og saltfisksafurðir hafa lækkað um 10–15% í erlendri mynt frá þessum tíma. Í flestum öðrum útflutningsgreinum hefur gengið betur, meðal annars hefur framleiðsla áls og kísiljárns verið mikil og gott verð fengist fyrir þessar afurðir.

Þótt skilyrði þjóðarbúsins hafi þannig verið erfið að undanförnu hefur tekist að halda fyllilega í horfinu varðandi verðbólgu og viðskiptahalla. Verðbólga frá upphafi til loka árs stefnir nú í 25%, en það er nánast sama verðbólga og í fyrra. Hins vegar eru horfur á að halli á viðskiptum við önnur lönd verði minni en í fyrra. Áætlað er að hallinn á þessu ári verði tæplega 3% af landsframleiðslu, samanborið við 3,7% á síðasta ári. Í þessu felst að þjóðarútgjöld hafa

dregist meira saman en þjóðartekjur. Þetta er mikilsverður árangur, ekki síst í ljósi þess að venjulega hefur reynst torvelt að laga þjóðarútgjöld að þjóðartekjum á samdráttartímum.

Þessar þrengingar í þjóðarbúskapnum og samdráttur eftirspurnar hafa óhjákvæmilega leitt til þess að afkoma atvinnuveganna hefur verið erfið. Þetta hefur, eins og kunnugt er, meðal annars komið fram í vaxandi fjölda gjaldþrota, en sums staðar hefur samdrátturinn leitt til skipulagsbreytinga og hagræðingar í atvinnulífinu. Þá hefur dregið úr eftirspurn á vinnumarkaði. Engu að síður hefur vinnumarkaður haldið nokkru jafnvægi, þótt atvinnuleysi hafi aukist.

Þungamiðja þeirrar efnahagsstefnu sem ríkisstjórnin mun fylgja á næsta ári er að stuðla að bættri stöðu atvinnulífsins, bæði með aðgerðum á vegum stjórnvalda og á vegum atvinnuveganna sjálfra, og treysta þar með atvinnuöryggi og lífskjör í landinu. Þetta verður fyrst og fremst gert með því að lagfæra rekstrarskilyrði með almennum aðgerðum, jafnframt því sem ríkisstjórnin mun stuðla að skipulagsbreytingum og hagræðingu. Forsendur árangurs í þessum efnum er að það takist að draga enn verulega úr verðbólgu og viðhalda því samræmi sem komist hefur á milli þjóðarútgjalda og þjóðartekna á þessu ári.

Í næsta kafla er lýst framvindu efnahagsmála á þessu ári. Í þriðja kafla er gerð grein fyrir markmiðum ríkisstjórnarinnar og þeim leiðum sem hún hyggst fara til að þau náist. Í fjórða kafla er lýst efnahagshorfum á árinu 1990. Loks er í fimmta kaflanum dregin upp mynd af efnahagshorfunum á næstu árum.

II. FRAMVINDAN 1989
ENDURSKOÐUÐ ÞJÓÐHAGSSPÁ FYRIR ÁRIÐ 1989

Framvinda efnahagsmála á þessu ári hefur mótast af minnkandi þenslu og umsvifum í þjóðarbúskapnum. Landsframleiðsla er talin verða um 3% minni en á síðasta ári og þjóðartekjur 4½% minni. Þjóðarútgjöld eru talin dragast enn meira saman, eða um 5½%. Í þessu felst að viðskiptahalli við útlönd minnkar. Samkvæmt þessari spá verður viðskiptahallinn 8,6 milljarðar króna sem svarar til 2,9% af landsframleiðslu. Til samanburðar var hallinn í fyrra 3,7% af landsframleiðslu.

2.1. Afli og útflutningsframleiðsla.

Samkvæmt áætlunum Hafrannsóknastofnunar verður heildarþorskaflinn um 340 þúsund tonn á árinu 1989, sem samsvarar um 9,5% samdrætti í aflaverðmæti. Annar botnfiskafli eykst nokkuð, þannig að í heild minnkar aflaverðmæti botnfisks um 3% milli áranna 1988 og 1989. Reiknað er með að loðnuaflinn í ár verði svipaður og á síðasta ári, um 900 þúsund tonn, og sömu sögu er að segja um síldaraflann, en árið 1988 veiddust rúmlega 90 þúsund tonn af síld. Rækju- og humarafli dregst saman miðað við fyrra ár, en veiðar á hörpudiski hafa gengið betur í ár en á síðasta ári. Í heild er því gert ráð fyrir að heildaraflaverðmæti á yfirstandandi ári verði um 3,5% minna en árið 1988, reiknað á föstu verði. Vegna aflasamdráttar dregst því útflutningsframleiðsla sjávarafurða saman og er gert ráð fyrir um 2% minni framleiðslu á árinu miðað við fyrra ár.

Allt útlit er fyrir að ál- og kísiljárnframleiðsla verði með mesta móti, en framleiðsla á áli gæti aukist nokkuð frá fyrra ári eða um 5–6%. Ekki er búist við framleiðsluaukningu í járnblendiverksmiðjunni þar sem framleiðslugeta verksmiðjunnar er að fullu nýtt. Í öðrum útflutningsgreinum er helst reiknað með að framleiðsla á fiskeldisafurðum aukist.

2.2. Hagur atvinnuveganna.

Afkoma atvinnuveganna hefur víða verið mjög léleg á undanförnum misserum. Á árinu 1987 var hreinn hagnaður alls atvinnurekstrar fyrir greiðslu tekju- og eignarskatts tæplega 1% af rekstrartekjum. Að teknu tilliti til tekju- og eignarskatta var hagnaður eftir skatta lítill sem enginn. Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum úr ársreikningum fyrirtækja á árinu 1988 var afkoman þá verri en 1987. Vísbendingar um afkomuna á þessu ári benda til þess að hún hafi batnað nokkuð aftur frá 1988, en þó tæplega nógu mikið til að snúa tapi í hagnað.

Auk þeirrar vitneskju um hag atvinnuveganna sem ársreikningar fyrirtækja gefa, má úr þjóðhagsreikningum fá grófar vísbendingar um þróun ýmissa heildarstærða um hag fyrirtækja eða öllu heldur um tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu milli launþega og þess sem atvinnureksturinn fær í sinn hlut til endurnýjunar og ávöxtunar þess fjármagns sem þar er bundið. Hér er um að ræða skiptingu þjóðartekna (vergra þáttatekna) milli launa og tengdra gjalda annars vegar og hagnaðar fyrir vexti og afskriftir (vergs rekstrarafgangs) hins vegar. Hagnaðarhlutfallið lækkaði verulega á milli áranna 1986 og 1987, er það fór úr 36% í 29%, lækkaði áfram 1988 í um 27%, en talið er að það hækki á þessu ári í rúmlega 29%. Á mynd 1 er hagnaðarhlutfallið sýnt fyrir Ísland og OECD-löndin í heild frá 1973 til 1987 og að auki er áætlun fyrir Ísland árin 1988 og 1989.



Á fimmtán ára tímabili frá 1973 til 1987 var hagnaðarhlutfallið um 34% fyrir Ísland en nokkru hærra eða 38% fyrir OECD-löndin í heild. Hins vegar koma fram miklar sveiflur í hlutfallinu fyrir Ísland og síðustu þrjú árin er það í sögulegu lágmarki og árið 1987 er það nærfellt þriðjungi lægra en í OECD-löndunum. Á sama tíma er hagnaðarhlutfall OECD-landanna yfir 15 ára meðaltali þeirra og hefur lítið sem ekkert lækkað þar á árunum 1988 og 1989. Rétt er að benda á að samanburður milli landa af þessu tagi getur verið varasamur þar sem hagkerfi landanna eru mismunandi.

Lækkun hagnaðarhlutfallsins hér á landi verður á sama tíma og raunvextir hafa hækkað. Umskiptin í afkomu fyrirtækjanna verða því veruleg þar eð þau þurfa nú að greiða jákvæða raunvexti af minnkandi hagnaði sínum. Sem dæmi má nefna að afar lauslegar áætlanir benda til þess að hækkun raunvaxta milli áranna 1987 og 1988 hafi numið um 3,5% af þáttatekjum. Í krónum talið fela þessar áætlanir í sér að vaxtagreiðslur atvinnuveganna hafi verið um 25 milljarðar króna á árinu 1988 miðað við verðlag í árslok. Sem hlutfall af þáttatekjum voru vaxtagreiðslurnar tæp 10% á árinu 1988, en voru árið áður rúm 6%. Hagnaðurinn skerðist því um nálega sjötta hluta vegna hækkandi raunvaxta milli ára. Ætla má að sem hlutfall af þáttatekjum hafi vaxtagreiðslur verið ívið hærri 1986 en þær voru 1987 en árin þar á undan var þetta hlutfall mun lægra. Framan af því tímabili sem hér um ræðir nutu fyrirtækin hins vegar góðs af stórlega neikvæðum vöxtum og færðu sér það í nyt með miklum fjárfestingum.

Þótt afkoma atvinnuvega sé almennt léleg um þessar mundir hefur hún líklega batnað frá 1988. Afkomubatinn er sennilega mestur í útflutnings- og samkeppnisgreinum, meðal annars vegna þess að raungengi krónunnar hefur lækkað verulega svo og vegna lækkunar raunlaunakostnaðar. Þá hafa raunvextir lækkað talsvert frá því á síðasta ári. Líklega hefur þó afkoma þjónustugreina ekki batnað og sama á við um aðrar greinar sem byggja fyrst og fremst á innlendum umsvifum vegna áframhaldandi samdráttar eftirspurnar. Hér á eftir verður nánar vikið að afkomuþróun í einstökum greinum.

Sjávarútvegur.

Afkoma í sjávarútvegi var ekki góð á árinu 1988. Botnfiskveiðar og -vinnsla voru sameiginlega rekin með töluverðum halla á árinu 1988. Mestur var hallinn á bátaflotanum og frystingu. Afkoman er betri um þessar mundir en hún var í fyrra, sérstaklega virðist afkoma

fiskvinnslunnar hafa batnað. Þetta stafar einkum af því að almenn rekstrarskilyrði greinarinnar hér innan lands hafa batnað með lækkandi raungengi krónunnar. Þá hafa talsverðar greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins bætt stöðu greinarinnar. Bæði frysting og söltun voru talin hallalaus við rekstrarskilyrði í september. Hins vegar er áfram halli á botnfiskveiðum, sem rekja má til bátaflotans en togarar virðast reknir með töluverðum hagnaði. Þegar á heildina er litið virðist stefna í 1–2% halla á botnfiskveiðum og -vinnslu og eru þá frystitogarar meðtaldir.



Þjóðhagsstofnun hefur ekki gert áætlanir um afkomu annarra greina sjávarútvegs á þessu ári. Nokkur óvissa ríkir um afkomu loðnuvinnslu en afurðaverð hefur farið lækkandi að undanförnu. Afkoma rækjuvinnslu hefur verið slæm en mikill samdráttur er í rækjuafla og má reikna með að halli verði á rækjuvinnslu í ár.

Þær afkomuhugmyndir sem hér hafa verið settar fram fyrir árin 1988 og 1989 eru framreiknaðar frá rekstrargrunni ársins 1987. Þjóðhagsstofnun vinnur nú að úrvinnslu úr rekstrarreikningum 1988 og mun að því verki loknu birta nýjar áætlanir sem framreiknaðar verða frá 1988. Að því er best verður séð nú munu hinar nýju afkomutölur gefa mjög áþekka mynd og hér hefur verið lýst.

Aðrar atvinnugreinar.

Eins og í sjávarútvegi vinnur Þjóðhagsstofnun nú að úrvinnslu úr reikningum ársins 1988 fyrir velflestar atvinnugreinar. Fyrstu niðurstöður, sem taka til reikninga 568 fyrirtækja úr ýmsum atvinnugreinum sýna að þau voru rekin með halla af reglulegri starfsemi sem var tæplega 1% af tekjum. Til samanburðar sýndu niðurstöður ársins 1987 að þá varð hagnaður af reglulegri starfsemi hjá þeim atvinnugreinum sem úrvinnslan nú nær yfir tæplega 1% af tekjum. Ef stuðst hefði verið við sömu afskriftareglur bæði árin, en afskriftir samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt voru lækkaðar á árinu 1988, hefði halli af reglulegri starfsemi orði um ½% meiri á árinu 1988 eða um 1–1½%.

Veltutölur samkvæmt söluskattsframtölum fyrir fyrstu sex mánuði ársins benda til framleiðsluaukningar í matvælaiðnaði, þ.e. án mjólkur- og kjötframleiðslu, en almennt til framleiðsluminnkunar í öðrum iðngreinum. Sérstaklega hefur orðið mikill samdráttur í framleiðslu- og þjónustugreinum fyrir ýmiss konar atvinnurekstur ekki síst málm- og skipasmíðaiðnaði. Um verslun er svipaða sögu að segja. Velta í matvöruverslunum og

svokölluðum blönduðum verslunum, en undir þær falla stórmarkaðarnir, hefur ekki dregist saman en mikill samdráttur er í annarri verslun og sama er að segja um þjónustu.

Í samgöngum má reikna með að rekstur verði erfiður á þessu ári og á það bæði við flug- og skiparekstur. Í byggingariðnaði er gert ráð fyrir nokkrum samdrætti, einkum vegna mun minni fjárfestinga í atvinnuhúsnæði, en umsvif við íbúðabyggingar hafa haldist svipuð og í fyrra. Engu að síður er gert ráð fyrir viðunandi afkomu á þessu ári. Í stóriðju má einnig reikna með góðri afkomu þó verð á áli og kísiljárni fari nú eitthvað lækkandi og afkoma verði því ekki eins góð og árið 1988.

Í landbúnaðargreinum er afkoman nokkuð misjöfn. Hvað hefðbundinn landbúnað varðar þá verða þar sjálfsagt litlar breytingar á afkomu en hún hefur verið frekar erfið og enn er framleiðsla sauðfjárafurða talsvert umfram innanlandsþarfir. Þá er afkoma loðdýraræktar afleit, en skinnaverð hefur verið afar lágt um nokkurt árabil.

Fiskeldi hefur hreppt nokkurn andbyr að undanförnu og má ætla að afkoma fyrirtækja í greininni sé slök um þessar mundir. Þetta stafar meðal annars af því að framleiðsluferillinn er fjárfrekur og enn hafa fá fyrirtækjanna í greininni náð fullum afköstum. Þá hefur afurðaverð farið lækkandi og horfurnar í þeim efnum eru óvissar.

2.3. Ríkisfjármál.

Áætlanir benda til þess að tekjuhalli ríkissjóðs verði rúmlega 4,5 milljarðar króna á árinu öllu, en í fjárlögum ársins var gert ráð fyrir rúmlega 600 milljóna króna tekjuafgangi. Þessi tekjuhalli svarar til um 1,6% af landsframleiðslu, samanborið við 2,8% í fyrra. Hallann á þessu ári má að mestu rekja til annars vegar ákvarðana um aukin útgjöld og skattalækkanir á þessu ári, meðal annars þeirra sem voru teknar í tengslum við gerð kjarasamninga síðastliðið vor, og hins vegar til endurskoðunar á fyrri áætlunum. Breyttar verðlagsforsendur frá fjárlagagerð hafa hins vegar lítil áhrif á afkomu ríkissjóðs, þótt þær hækki að sjálfsögðu bæði heildartekjur og heildarútgjöld ríkissjóðs.

Framvinda ríkisfjármála fyrstu átta mánuði ársins var á þann veg að tekjuhalli A-hluta ríkissjóðs var rúmlega 6,9 milljarðar króna. Á sama tíma var peningaleg eignaaukning ríkissjóðs tæplega 1 milljarður. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs mánuðina janúar til ágúst var því tæplega 7,9 milljarðar króna. Þeirri lánsfjárþörf hefur verið mætt með um 5,5 milljarða króna innlendri lántöku og rúmlega 4 milljarða króna erlendri lántöku, sem rann að mestu til Seðlabankans til að jafna greiðsluhallann í fyrra. Nettólántaka ríkissjóðs á fyrstu 8 mánuðum ársins nam því samtals 9,5 milljörðum króna og hefur ríkissjóður bætt stöðu sína við Seðlabanka um 1,7 milljarða króna.

Ef litið er til þróunar helstu tekna- og gjaldaliða (sjá eftirfarandi töflu) kemur í ljós að tekjur ríkissjóðs munu hækka um allt að 1,8% af landsframleiðslu frá árinu 1988. Munar þar mest um hækkun beinna skatta, sem svarar til 1,1% af landsframleiðslu. Heildarútgjöld ríkissjóðs munu hækka heldur minna mælt á þennan mælikvarða, eða um 0,6%. Samneyslan mun standa í stað, en rekstrartilfærslur aukast nokkuð. Á föstu verðlagi eru þessar hækkanir aftur á móti minni þar sem landsframleiðslan dregst saman milli áranna. Þannig er gert ráð fyrir að heildartekjur hækki milli ára um 4,5% á föstu verði miðað við verðlag landsframleiðslu en heildarútgjöld lækki um 0,6%.

Sundurliðun ríkistekna og -gjalda 1988 og 1989.
– Greiðslugrunnur –

	Útkoma 1988	Fjárlög 1989	Áætlun 1989	Breyting milli ára	Niðurst. 1988 í % af VLF	Áætlun 1989 í % af VLF
Tekjur	64.379	77.101	79.800	24,0	25,3	27,1
– beinir skattar	9.386	13.425	14.400	49,2	3,7	4,8
– óbeinir skattar	51.253	59.611	60.400	17,8	20,2	20,5
– vaxtatekjur o.fl.	3.740	4.065	5.400	44,4	1,5	1,8
Gjöld	71.583	76.464	84.400	17,9	28,1	28,7
– samneysla	29.839	31.454	34.050	14,1	11,7	11,6
– neyslu- og rekstrartilfærslur	26.471	28.667	32.900	24,3	10,4	11,2
– vaxtagjöld	6.864	7.540	8.400	22,4	2,7	2,9
– fjárfesting	8.409	8.803	9.050	7,6	3,3	3,1
Tekjuafgangur/halli	-7.204	637	-4.600		-2,8	-1,6

Á mynd 3, sem byggir á þjóðhagsreikningauppgjöri Þjóðhagsstofnunar og er því á rekstrargrunni, kemur fram að árlegur tekjuhalli hefur verið á ríkissjóði síðustu fimm árin. Þessi tekjuhalli nemur 0,9% af landsframleiðslu að meðaltali. Þá kemur fram að hlutfall heildarútgjalda ríkissjóðs af landsframleiðslu var tiltölulega stöðugt fyrstu átta ár þessa áratugar, eða um 26%. Hlutfall ríkistekna af landsframleiðslu var einnig tiltölulega stöðugt fyrstu fimm árin, eða um 27%. Síðan lækkar það nokkuð á árunum 1985 til 1987 og verður um 25,5%. Á árinu 1988 urðu hins vegar umtalsverðar breytingar á bæði tekjuöflunarkerfi og samsetningu útgjalda ríkissjóðs. Þá dróst landsframleiðsla saman um nálægt 1,5%. Þessar breytingar skýra að hluta þá þróun að ríkisútgjöld verða rúmlega 29% af landsframleiðslu árin 1988 og 1989 og ríkistekjurnar um 28,5%.

Mynd 3. Útgjöld, tekjur og tekjuafgangur ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu 1980-1989
Útgjöld og tekjur á vinstri ás og tekjuafgangur á hægri ás
Rekstrargrunnur



Þegar hið opinbera er skoðað í heild, þ.e. ríkissjóður og sveitarfélög, kemur í ljós að hlutfall heildartekna og -útgjalda hefur haldist tiltölulega stöðugt á árabilinu 1980 til 1987, eða í kringum 33% af landsframleiðslu. En á árinu 1988 fer það hlutfall hins vegar upp í 37% af landsframleiðslu vegna fyrrnefndra breytinga.

2.4. Peningamál.

Það sem af er þessu ári hefur þróun peningamála um margt verið hagstæð og meira jafnvægi verið á fjármagnsmarkaði en oft áður. Frá áramótum til ágústloka hafa innlán í innlánsstofnunum aukist um 16,7 milljarða króna að viðbættum áætluðum vöxtum og mælist þessi aukning innlána 5,2% umfram hækkun lánskjaravísitölu. Útgáfa verðbréfa innlánsstofnana og veðdeilda hefur aukist mikið á þessu ári, eða um 3,2 milljarða króna, sem svarar til fimmtungs raunaukningar. Á sama tíma jukust heildarútlán um 12,7 milljarða króna, sem svarar til 13,4% hækkunar og er raunaukning útlána engin. Á fyrstu 9 mánuðum fyrra árs var raunaukning útlána hins vegar tæplega 7% og raunaukning innlána um 4½%.

Þessa þróun má einkum rekja til betri greiðsluafkomu ríkissjóðs og minnkandi viðskiptahalla. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs á fyrstu 8 mánuðum ársins er talin vera um 7,9 milljarðar króna. Innlend fjármögnun utan Seðlabanka hefur gengið vonum framar. Þannig nam sala spariskírteina nær 1 milljarði umfram innlausn og ríkisvíxlar hafa selst fyrir rúma 4,4 milljarða króna umfram innlausn. Að viðbættum ýmsum innlendum lánahreyfingum er því hrein lánsfjáröflun innan lands 5,5 milljarðar króna og hrein lánsfjáröflun erlendis rúmir 4 milljarðar króna. Í heild er því greiðsluafkoma ríkissjóðs á fyrstu 8 mánuðum ársins neikvæð um 1 milljarð króna, sem er allmiklu betri niðurstaða en áætlað var. Staða ríkissjóðs og -stofnana gagnvart Seðlabankanum var í ágústlok um 2,2 milljörðum króna hagstæðari en í ársbyrjun, en á sömu mánuðum í fyrra versnaði staða ríkissjóðs og -stofnana um 4,5 milljarða króna.

Gjaldeyrisstaða Seðlabanka hefur batnað um 7,3 milljarða króna, þar af má rekja tæpan helming eða 3,6 milljarða til endurmats vegna gengisbreytinga. Bati gjaldeyrisstöðunnar skýrist af því að viðskiptahalli er mun minni en reiknað var með og erlendar lántökur hafa verið umfram hallann á viðskiptajöfnuði, en á fyrri hluta ársins var fjármagnsjöfnuður og fleira jákvæður um 5,8 milljarða króna. Grunnfé Seðlabanka hefur aukist um 2,5 milljarða króna og er sú aukning í takt við hækkun lánskjaravísitölu.

Raunvextir hafa lækkað á árinu um 2 prósentustig til jafnaðar. Vextir spariskírteina ríkissjóðs hafa lækkað úr 6,8–7% í 5,5–6% og ávöxtun á Verðbréfaþingi Íslands hefur lækkað úr 7,8% í 6,9%. Raunávöxtun hlutdeildarbréfa verðbréfasjóðanna hefur lækkað enn meira eða úr 13,2% í 9,8% í ágúst. Hins vegar hafa verðtryggð skuldabréf innlánsstofnana lækkað minnst eða úr 8,1% í 7,4%, en þá er rétt að hafa í huga að þessir vextir hafa lækkað á síðastliðnum 12 mánuðum um rúm 2 prósentustig. Þessi lækkun raunvaxta á fjármagnsmarkaði ber vitni um betra jafnvægi á markaðnum en verið hefur um langt skeið.

Eftirspurn eftir lánum hefur þannig lækkað verulega vegna almenns samdráttar í hagkerfinu. Þá hefur nýr grunnur lánskjaravísitölu lækkað fjármagnskostnað umtalsvert. Án þessarar breytingar á grunninum hefði lánskjaravísitalan hækkað um 16,5% frá áramótum í stað 13,4%. Á heilu ári svarar þessi munur til um 4%, sem jafna má til raunvaxtalækkunar. Raunvextir óverðtryggðra lána hafa hins vegar sveiflast mjög vegna óreglulegra verðlagsbreytinga. Þannig eru raunvextir almennra víxla á fyrstu 9 mánuðum ársins taldir hafa verið jákvæðir um rúmlega 7%, voru neikvæðir á fyrsta ársfjórðungi en mjög háir á undanförnum mánuðum, eða allt að 20%.

Lausafjárstaða innlánsstofnana var í ágústlok hagstæðari en í ársbyrjun um 6,4 milljarða króna og er þetta vísbending um útlánagetu innlánsstofnana. Þá er ljóst, að lánsfjárþörf ríkissjóðs á seinni hluta árs verður allmikil. Í þessum þáttum felast því nokkrir þensluhvatar sem mikilvægt er að vinna gegn.



Gengi krónunnar hefur formlega verið fellt þrisvar sinnum á þessu ári. Í byrjun janúar var gengið fellt um tæp 5%, um 2,5% í febrúar og um 1,5% í maí. Þá var Seðlabankanum veitt heimild til gengissigs um 2,5% í febrúar/mars og um 7% nú í sumar. Á mælikvarða miðgengis viðskiptavogar hefur verð erlends gjaldeyris hækkað um 23,8% frá áramótum til meðaltals septembermánaðar. Bandaríkjadollar hefur styrkst mjög það sem af er ári. Í árslok 1988 var kaupgengi hans skráð 46,2 íslenskar krónur en í lok september er dollarinn skráður á 60,7 og er hér um rétta þriðjungs hækkun að ræða. Gert er ráð fyrir að raungengi krónunnar miðað við verðlag lækki um 5,9%, en í fyrra hækkaði raungengi á þennan kvarða um 5,2%, þannig að raungengið á þessu ári er heldur lægra en á árinu 1987. Horfur eru á að raungengi miðað við laun lækki um 13,4% og er það rúmum 5% lægra en árið 1987 en rúmum 16% hærra en 1986.

2.5. Atvinnuástand.

Sú breyting sem varð á vinnumarkaði á síðari hluta árs 1988 hefur reynst viðvarandi það sem af er þessu ári. Atvinnuleysi undanfarna 8 mánuði er að meðaltali 1,6% af áætluðum mannafla og búist er við að á árinu verði atvinnuleysi 1,7% að meðaltali. Fyrstu 8 mánuði ársins í fyrra var atvinnuleysi 0,5% að meðaltali og 0,6% yfir allt árið. Þótt atvinnuleysi hér á landi hafi aukist að undanförnu er það með því minnsta sem þekkist í aðildarríkjum OECD.

Sérstaka athygli vekur að fjöldi atvinnulausra á höfuðborgarsvæðinu hefur nærri sjöfaldast frá fyrra ári. Fjöldi atvinnulausra á höfuðborgarsvæðinu er þó undir meðaltali fyrir landið allt á síðustu mánuðum. Í ágústmánuði var atvinnuleysi á höfuborgarsvæðinu til dæmis rúmlega 1,2% samanborið við tæplega 1,4% á landinu öllu. Mest er atvinnuleysið sunnanlands og vestanlands en minnst á Vestfjörðum og Austfjörðum. Athugun á samsetningu aflaheimilda eftir landshlutum það sem eftir er ársins bendir til þess að þessi munur gæti aukist á síðustu mánuðum ársins.

Þjóðhagsstofnun hefur gert þrjár kannanir á atvinnuástandi á þessu ári í janúar, apríl og september. Þessar kannanir gefa til kynna að talsvert sé um að atvinnurekendur vilji segja upp afgreiðslu- og skrifstofufólki og á þetta sérstaklega við um fyrirtæki í verslun og veitingastarfsemi. Almennt má segja að það séu fyrst og fremst fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu sem hafi áform um að segja upp starfsfólki.

Greiðslur ríkissjóðs vegna ríkisábyrgðar á launum vegna gjaldþrota fyrirtækja eru ríflega tvöfalt hærri á fyrstu átta mánuðum ársins en á sama tíma í fyrra. Fyrstu átta mánuði síðasta

árs greiddi ríkissjóður út 52 milljónir króna umfram inngreiðslur vegna 455 einstaklinga, en á þessu ári hefur hrein útgreiðsla ríkissjóðs numið 124 milljónum króna til ágústloka, vegna 1054 einstaklinga. Samkvæmt upplýsingum vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytis eru langmestar greiðslur vegna gjaldþrota fyrirtækja í veitingarekstri, en einnig er nokkuð um verslanir og kaupfélög.

2.6. Tekjur, verðlag og kaupmáttur.

Athuganir á framtöldum atvinnutekjum launþega vegna síðasta árs sýna að þær hækkuðu um 23% á milli áranna 1987 og 1988, og kaupmáttur þeirra lækkaði því um 2%. Þessar athuganir sýna einnig að meðalatvinnutekjur giftra karla voru um 1450 þús. kr. á síðasta ári, en það samsvarar 120 þús. kr. til jafnaðar á mánuði. Atvinnutekjur giftra kvenna voru hins vegar 570 þús. kr. Meðalatvinnutekjur allra voru um 850 þús. kr.

Samkvæmt bráðabirgðalögum sem sett voru í september 1988 hækkuðu laun um 1,25% þann 15. febrúar og verðstöðvun lauk 1. mars 1989. Flestir kjarasamningar á almennum vinnnumarkaði voru lausir í apríl, en samningar opinberra starfsmanna og bankamanna um áramótin. Þeir kjarasamningar sem gerðir voru í vor og gilda til loka ársins fólu í sér hækkun launa á samningstímanum um 9%. Athuganir kjararannsóknarnefndar á launaþróun landverkafólks innan Alþýðusambands Íslands benda til að 2–3% launaskriðs hafi gætt á síðari hluta fyrra árs og jafnvel á fyrri helmingi þessa árs. Þannig hækkaði greitt tímakaup í dagvinnu um 3% frá 3. ársfjórðungi 1988 til 1. ársfjórðungs 1989. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að meðallaun þessa hóps muni verða 13½% hærri á þessu ári en í fyrra. Hækkun launa annarra hópa er mismunandi, en í heild eru hækkanir til þeirra minni. Lítið er vitað enn sem komið er um þróun tekna sjómanna. Almennt fiskverð, sem ákveðið er af Verðlagsráði sjávarútvegsins hækkar um 15% milli ársmeðaltala, en á móti vegur aflasamdráttur. Hér er því gert ráð fyrir að atvinnutekjur á mann hækki um 12% frá fyrra ári. Kaupmáttur atvinnutekna yrði samkvæmt þessu 7½% lægri en að meðaltali í fyrra. Í þessu felst að hlutdeild launa af vergum þáttatekjum muni minnka, og gera áætlanir Þjóðhagsstofnunar ráð fyrir að hún lækki um 2,2% og verði 70½%, en í þessari áætlun er gengið út frá því að vinnuafl aukist ekki milli ára. Kaupmáttur þeirra ellilífeyrisþega sem njóta tekjutryggingar og heimilisuppbótar er talinn rýrna um rúm 4%. Aðrar bætur almannatrygginga hafa hækkað mun minna og kaupmáttur þeirra hefur rýrnað um nær 9%.

Mynd 5. Kaupmáttur atvinnutekna og þjóðartekna á mann, 1980-1990



Vísitala framfærslukostnaðar í september 1989 er 18,4% hærri en í desember 1988. Verðlagshækkanir má ekki síst rekja til gengislækkana á árinu, en meðalgengi krónunnar hefur lækkað um 19,2% frá ársbyrjun til meðaltals í september sem samsvarar 23,8% hækkun erlendra gjaldmiðla. Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir að framfærsluvísitalan í árslok verði 25% hærri en hún var í ársbyrjun. Hækkun vísitölunnar frá ársmeðaltali 1988 til 1989 yrði samkvæmt þessu 21%. Byggingarvísitalan hefur hækkað nokkru meira en framfærsluvísitalan eða um 22½% frá desember 1988. Í verðlagsspá Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að byggingarvísitalan hækki um 25,7% frá ársbyrjun til ársloka, sem þýðir að vísitalan verði 23% hærri að meðaltali á þessu ári en í fyrra.

Mynd 6. Þróun verðbólgu 1985-1989



Raunvextir voru óvenjuháir á síðasta ári. Raunvextir innlánsstofnana voru jákvæðir um 3,2% á innlánshlið og á útlánshlið um 10,3%. Athuganir sýna að heimilin eiga um ⅔ hluta allra innlána og hlutur þeirra í vaxtagreiðslum innlánsstofna er í raun heldur hærri, eða 70–75% þar sem stærri hluti innlána heimila liggur í innlánsformum sem bera raunvexti. Áætlanir benda og til að heimilin skuldi tæpan fjórðung af útlánum bankanna. Gert er ráð fyrir að raunvextir innlánsstofnana muni lækka nokkuð á þessu ári og þar með vaxtatekjur og -gjöld heimilanna, hér er gert ráð fyrir að vaxtatekjur hækki nokkuð í takt við atvinnutekjur.

Vegna hækkunar skatthlutfalls á einstaklinga úr 35,2% í 37,74% hefur skattbyrði þyngst. Á fyrstu 6 mánuðum þessa árs námu innheimtir skattar um 16% af staðgreiðsluskyldum tekjum, en 14,5% á sama tímabili í fyrra. Áætlanir benda til að skattbyrði af áætluðum heildartekjum einstaklinga aukist um tæplega 1% og verði um 9,5%.

Bráðabirgðatölur sýna að ráðstöfunartekjur einstaklinga verði fast að 200 milljörðum króna á þessu ári. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann yrði samkvæmt þessu um 8½% lægri á þessu ári en í fyrra. Sparnaður heimilanna hefur aukist verulega á undanförnum árum og sýna bráðabirgðatölur að sparnaður þeirra nemur um 9% af tekjum. Rétt er að taka fram að með sparnaði heimilanna er átt við mismun á áætluðum ráðstöfunartekjum og einkaneyslu. Afborganir lána umfram nýjar lántökur, innlánsaukning í bönkum, kaup á verðbréfum og fjárfesting í nýju íbúðarhúsnæði teljast þannig til sparnaðar heimilanna.

2.7. Þjóðarútgjöld.

Útlit er fyrir að þjóðarútgjöld í heild lækki að raungildi um tæplega 6% frá fyrra ári. Einkaneyslan gæti dregist saman um 6% á árinu miðað við þær vísbendingar sem liggja fyrir um heildarveltu í verslunar- og þjónustugreinum. Sérstaklega er áberandi samdráttur í verslun með varanlegar neysluvörur svo sem bíla, heimilistæki og húsbúnað af ýmsu tagi. Mun minni samdráttur virðist hins vegar vera í eftirspurn eftir almennum neysluvörum, enda eðlilegt að heimilin bregðist við lækkandi kaupmætti með því að ráðstafa minna fé til kaupa á varanlegum neysluvörum.

Samneyslan eykst um 1% að raungildi frá fyrra ári eins og nú horfir. Þetta er töluvert minni hækkun en að meðaltali á undanförnum árum. Það sem af er þessum áratug hafa útgjöld til samneyslu aukist að meðaltali um rúm 5% á ári.

Mikill samdráttur verður í fjárfestingu á árinu og í heild er gert ráð fyrir að fjármunamyndun alls dragist saman um 8% reiknað á föstu verði. Að mestu leyti er hér um að ræða samdrátt í almennri atvinnuvegafjárfestingu. Atvinnuvegafjárfestingin án kaupa og sölu flugvéla lækkar að raungildi um 30% frá fyrra ári. Fjárfestingin sem hlutfall af landsframleiðslu hefur farið lækkandi á undanförnum árum eins og sjá má á mynd 10.

Fjárfestingin hefur lækkað stöðugt frá 1974 sem hlutfall af landsframleiðslu nema á árunum 1979 og 1986. Þessa þróun má að miklu leyti rekja til minni virkjanaframkvæmda og hægari uppbyggingar fiskiskipaflotans á þessum áratug en á þeim síðasta. Einnig verður að hafa í huga mjög neikvæða raunvexti einkum á fyrri hluta síðasta áratugar sem hvöttu til hvers konar fjárfestinga.

Miklar sveiflur einkenna fjárfestinguna á undanförnum árum, einkum fjárfestingu atvinnuveganna. Þannig jókst fjárfesting atvinnuveganna á góðæristímabilinu 1985–1987, eins og myndin hér að neðan sýnir. Sem dæmi um aukninguna má nefna að fjárfesting í fiskiskipum þrefaldaðist á þessu tímabili og fjárfesting í verslunar- og skrifstofuhúsnæði tvöfaldaðist. Eftir að samdrátturinn í þjóðarbúskapnum hófst hefur fjárfesting atvinnuveganna hins vegar dregist ört saman.

Mynd 7. Fjárfesting atvinnuveganna 1980-1989

Magnvísitölur 1980 = 100



Neysla og fjárfesting dragast saman um 5% samtals, en vegna birgðabreytinga eru horfur á að samdráttur þjóðarútgjalda verði heldur meiri eða um 5%. Birgðir sjávarafurða minnka væntanlega á árinu, en veruleg birgðasöfnun verður í fiskeldi á meðan uppbygging fiskeldisstöðvanna á sér stað.

2.8. Utanríkisviðskipti og viðskiptakjör.

Nokkur umskipti hafa orðið á utanríkisviðskiptum á þessu ári og er nú útlit fyrir að umtalsverður afgangur verði á vöruviðskiptum við útlönd. Á fyrstu sjö mánuðum ársins var vöruskiptajöfnuðurinn hagstæður um 4,7 milljarða króna, en á sama tíma í fyrra var hann óhagstæður um 900 milljónir. Helstu ástæður þessarar hagstæðu þróunar eru að vöruútflutningur hefur aukist á sama tíma og innflutningur vöru hefur dregist verulega saman. Hvort framhald verður á þessu það sem eftir er ársins er erfitt að segja til um, en líklegt verður þó að telja að heldur dragi úr útflutningi sérstaklega á sjávarafurðum vegna mikils afla á fyrri hluta ársins. Mikill samdráttur hefur orðið í innflutningi á varanlegum neysluvörum svo sem bílum en einnig á fjárfestingarvörum og ýmiss konar rekstrarvörum. Almennur vöruinnflutningur dregst saman um rúmlega 10%, en vöruinnflutningurinn alls verður 9% minni í ár miðað við fast verðlag. Þannig er reiknað með því að vöruskiptajöfnuðurinn verði hagstæður um tæpa 5 milljarða króna, sem samsvarar 1,7% af landsframleiðslu.

Þjónustujöfnuður án vaxta var óhagstæður um 750 milljónir króna á fyrstu sex mánuðum ársins, sem er heldur lakari niðurstaða en á síðasta ári. Þá var þessi jöfnuður óhagstæður um 450 milljónir króna. Fyrir árið í heild er nú reiknað með því að þjónustujöfnuður án vaxta verði óhagstæður um 1 milljarð króna, samanborið við ½ milljarð króna í fyrra.

Vaxtagreiðslur af erlendum lánum eru taldar nema um 13,5 milljörðum króna á þessu ári, en að teknu tilliti til vaxtatekna og annarra þáttatekna má reikna með því að vaxtajöfnuðurinn verði neikvæður um rúmlega 12 milljarða króna.

Að öllu samanlögðu verður því viðskiptajöfnuðurinn neikvæður um 8,6 milljarða króna eða 2,9% af landsframleiðslu, ef þessar áætlanir ganga eftir.

Útlit er fyrir að viðskiptakjör þjóðarbúsins rýrni nokkuð á árinu, einkum vegna þess að verð á sjávarafurðum hefur ekki hækkað í hátt við verðhækkanir á innfluttum vörum. Allt bendir til þess að verð útfluttra sjávarafurða verði óbreytt í erlendri mynt miðað við árið 1988. Verð á áli og kísiljárni mun að líkindum hækka nokkuð milli ára vegna hagstæðrar verðþróunar framan af árinu, en á síðari hluta ársins er búist við verðlækkun. Olíuverð hækkar milli ára en það var mjög lágt á síðasta ári. Gert er ráð fyrir því að almennt vöruverð í viðskiptalöndunum hækki á bilinu 4–5% og að innflutningsverðlag hækki sem þessu nemur. Samkvæmt þessu versna viðskiptakjörin um 4½% milli ára.

2.9. Erlendar skuldir.

Erlendar skuldir hafa aukist verulega á þessu ári í hlutfalli við landsframleiðslu. Árið 1988 voru löng erlend lán 41,3% af landsframleiðslu, en í ár er útlit fyrir að þetta hlutfall verði rúmlega 50%. Að hluta stafar hækkun skuldahlutfallsins af lækkandi raungengi íslensku krónunnar en þar við bætast auknar erlendar lántökur á þessu ári. Greiðslubyrði af erlendum lánum, en þá er átt við vexti og afborganir sem hlutfall af útflutningstekjum, er áætluð um 19%. Til samanburðar var greiðslubyrðin 16,6% í fyrra.

Raunvextir af erlendum lánum hafa farið heldur lækkandi á undanförnum árum eftir að hafa hækkað verulega upp úr 1980 og náð hámarki 1985. Í ár er reiknað með að raunvextir af erlendum lánum verði rúmlega 4% og er þá miðað við vexti af langtímaskuldum. Vextir af skammtímaskuldum eru nokkru hærri eða rúmlega 5%.

III. EFNAHAGSSTEFNAN – MARKMIÐ OG LEIÐIR

3.1. Almenn markmið.

Erfið skilyrði þjóðarbúsins setja svip sinn á markmið og stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum á næsta ári. Brýnustu verkefnin beinast að því að bæta stöðu atvinnulífsins og treysta þar með atvinnuöryggi og ná samtímis niður verðbólgu. Ríkisstjórnin hyggst ná þessum markmiðum með samræmdri stjórn ríkisfjármála, peningamála, gengismála og með því að stuðla að skipulagsbreytingum sem tryggja sem mestar framfarir og hagræðingu í atvinnulífinu.

Nánar tiltekið eru markmið ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum á árinu 1990 þessi:

- Að bæta afkomu atvinnuveganna og stuðla á þann hátt að því að atvinnuástand haldist viðunandi.
- Að stuðla að endurskipulagningu, nýsköpun og aukinni hagkvæmni í atvinnulífinu og leggja þar með grunn að hagvexti og góðum lífskjörum á næstu árum.
- Að ná nýjum áfanga í baráttunni við verðbólgu og koma henni svo fljótt sem kostur er niður á svipað stig og í helstu viðskiptalöndum okkar.
- Að koma í veg fyrir að viðskiptahalli aukist.
- Að stuðla að réttlátari tekjuskiptingu og verja lífskjör hinna tekjulægstu, meðal annars með því að lækka framfærslukostnað.
- Að beita sér fyrir jafnvægi í byggðaþróun.

Þessum markmiðum hyggst ríkisstjórnin ná á grundvelli efnahagsstefnunnar, sem fram kemur í stefnuyfirlýsingu hennar 10. september síðastliðinn.

3.2. Ríkisfjármál.

Samdráttur í þjóðarbúskapnum og hallarekstur ríkissjóðs á síðustu árum setja svip sinn á stöðu ríkisfjármála. Samdrátturinn dregur úr tekjum ríkissjóðs um leið og kröfur aukast um ríkisútgjöld til að milda áhrif samdráttarins á heimili og fyrirtæki. Þessi þróun kemur í kjölfar samfellds hallareksturs á ríkissjóði frá árinu 1985. Nú er því við að glíma uppsafnaðan vanda í ríkisfjármálum, sem kemur fram í dagsljósið af fullum krafti um leið og kreppir að í þjóðarbúskapnum.

Við þessar aðstæður telur ríkisstjórnin ekki raunsætt að stefna að hallalausum ríkisbúskap á næsta ári. Því eru fjárlög lögð fram með halla sem nemur um 1% af áætlaðri landsframleiðslu á næsta ári. Ríkisstjórnin hefur hins vegar sett sér það markmið að eyða hallanum á næstu 2–3 árum. Ríkisstjórnin telur að tímabundinn halli á ríkissjóði þegar jafnmikið hefur dregið úr þenslu og raun ber vitni sé ekki í andstöðu við þá meginstefnu að ríkisfjármálin stuðli að jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Eftir sem áður er stefnt að minni halla en í ár, þannig að ríkisbúskapurinn valdi ekki aukinni þenslu á næsta ári.

Ríkisstjórnin hyggst beita sér fyrir ýmsum breytingum á sviði fjárlagagerðarinnar sjálfrar sem hafa það að markmiði að gera hana markvissari og stuðla að því að rammi fjárlaga standist betur í framkvæmd. Megintillögur ríkisstjórnarinnar um endurbætur á sviði fjárlagagerðar eru þessar:

- Fjárlagaáætlun til þriggja ára verður lögð fram um líkt leyti og fjárlagafrumvarp. Gert er ráð fyrir að fjárlagaáætlun hljóti sérstaka meðferð á þingi og verði samþykkt á svipaðan hátt og vegáætlun nú.
- Útgjaldarammar verða meginaðferð við ákvörðun útgjaldahliðar fjárlaga í framtíðinni.
- Gerðar verða núllgrunnsáætlanir fyrir einstök ráðuneyti og stofnanir á fimm ára fresti. Með þeim hætti verður fimmtungur ríkiskerfisins endurskoðaður frá grunni á hverju ári og öll starfsemi ríkisins tvisvar á hverjum áratug.
- Aukafjárveitingar verða einungis veittar í samræmi við löglegar skuldbindingar og aukafjárlög verða að jafnaði lögð fram ef nauðsynlegt reynist að bæta við útgjöldum. Dregið verður úr þörfinni á aukafjárveitingum með því að á fjárlögum verði gert ráð fyrir óvissum útgjöldum í hverju ráðuneyti og fyrir ríkisstjórnina í heild. Jafnframt verða teknar inn í fjárlög heimildir til að breyta útgjöldum beinna rekstrarliða og lögbundinna útgjalda til samræmis við verðlagsbreytingar umfram forsendur fjárlaga.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að miða við það að hlutfall ríkistekna af landsframleiðslu á næsta ári verði svipað og í ár. Þetta felur í sér um 1–1½ milljarðs króna lækkun tekna að raungildi á verðlagi ársins 1989. Ríkisstjórnin hyggst eftir sem áður beita sér fyrir ýmsum mikilvægum breytingum á sviði skattamála. Þessar breytingar eru helstar:

- Virðisaukaskattur mun taka gildi um næstu áramót, eins og lög gera ráð fyrir. Gert er ráð fyrir einu skatthlutfalli á smásölustigi, 26%. Helstu matvörur heimilanna fá hins vegar sérstaka skattmeðferð á framleiðslustigi, þannig að á þær leggist ígildi 13% skatts.
- Stefnt er að því að skattlagning raunvaxtatekna einstaklinga komi til framkvæmda á næsta ári. Gert er ráð fyrir að eignarskattar verði lækkaðir samtímis og gripið verði til aðgerða á sviði skattamála til að örva eiginfjármyndun í atvinnulífinu og viðskipti með hlutabréf.
- Skattlagning fyrirtækja verður endurskoðuð með tilliti til samkeppnisstöðu þeirra gagnvart erlendum keppinautum og með það að markmiði að breikka skattstofn fyrirtækjaskatta en lækka jaðarskatta. Í þessu sambandi verður hugað sérstaklega að því hvernig skattkerfið getur stuðlað að sveiflujöfnun á vegum fyrirtækjanna sjálfra.

Til að halda halla ríkissjóðs á næsta ári innan ásættanlegra marka er nauðsynlegt að gera ýmsar mikilvægar breytingar á útgjaldahlið ríkissjóðs. Helstu breytingar eru þessar:

- Til niðurgreiðslna verður varið sömu fjárhæðum og í ár, sem hefur í för með sér að niðurgreiðslustig mun fara lækkandi á næsta ári.
- Stefnt verður að því að draga úr útflutningsuppbótum á landbúnaðarafurðum, með því að takmarka þær sem mest við þegar gerðar skuldbindingar og nýta fé úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins til markaðsaðgerða.
- Stefnt er að lækkun framlaga til sjúkratrygginga, með lækkun lyfjakostnaðar og endurskoðun á fyrirkomulagi rannsóknalækninga og sérfræðilæknisþjónustu. Gert er ráð fyrir að í fjárlögum verði ákveðið hversu mikla sérfræðiþjónustu tryggingar kaupi árlega.
- Framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækka ekki umfram það sem stafar af fjölgun lánþega, gengisbreytingum og almennum verðlagsbreytingum.
- Framlag til Byggingarsjóðs ríkisins verður lækkað verulega frá því í ár, en fjárhæðin verður endurskoðuð fyrir lok afgreiðslu fjárlaga í ljósi stöðu sjóðsins á þeim tíma og markmiða ríkisstjórnarinnar í húsnæðismálum.
- Framlag ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins verður lækkað en þessi breyting kemur ekki til með að rýra stöðu sjóðsfélaga.

- Almennur stofnkostnaður verður lækkaður, þannig að einungis verði veitt fé í þegar gerða verksamninga. Stórframkvæmdum verði frestað og dreift á lengri tíma eftir því sem er tæknilega unnt. Almenn framkvæmdaframlög verða lækkuð með hliðstæðum hætti og stofnkostnaður.

3.3. Fjármagnsmarkaðurinn og peningamál.

Ríkisstjórnin mun áfram vinna að umbótum á skipulagi innlends fjármagnsmarkaðar til þess að auka sparnað og lækka raunvexti. Þau atriði sem sérstök áhersla verður lögð á eru meðal annars að laga íslenskan fjármagnsmarkað að breyttum aðstæðum í umheiminum, sérstaklega í Evrópu, með því að rýmka reglur um viðskipti með fjármagn, þannig að innlendir aðilar geti átt viðskipti við erlenda banka án ríkisábyrgðar. Markmiðið með þessu er að tryggja íslensku atvinnulífi sambærilega aðstöðu á fjármagnsmarkaði og er í helstu viðskiptalöndum okkar og veita innlendum lánastofnunum enn frekara aðhald. Samhliða hjöðnun verðbólgu og nánari tengslum íslenska fjármagnsmarkaðarins við útlönd verður stefnt að því að draga úr notkun innlendra vísitöluviðmiðana í lánssamningum. Vísitölutenging lengstu fjárskuldbindinga verður athuguð sérstaklega og áfram verður heimilt að gengistryggja lánssamninga.

Fjármálastefna ríkisstjórnarinnar miðast við það að raunvextir fari lækkandi. Raunvextir spariskírteina ríkissjóðs hafa verið lækkaðir úr 6,8–7% í 5,5–6% og hafa raunvextir innlánsstofnana lækkað í kjölfarið jafnframt því sem betra samræmi hefur komist á milli raunvaxta af verðtryggðum og óverðtryggðum inn- og útlánum en verið hafði um skeið.

Þegar hafa verið sett lög um starfsemi verðbréfafyrirtækja og eignarleigna, m.a. með neytendavernd að markmiði, og aðkallandi breytingar gerðar á lögum um Seðlabanka Íslands og um viðskiptabanka og sparisjóði til að skýra og skerpa ýmis ákvæði. Grundvelli lánskjaravísitölunnar hefur verið breytt þannig að laun hafa þar nú jafnt vægi á við framfærslu- og byggingarkostnað. Við þessa breytingu hefur dregið úr misgengi launa og lánskjara. Árangur hefur náðst í endurskipulagningu íslenska bankakerfisins með kaupum Alþýðubankans, Iðnaðarbankans og Verslunarbankans á eignarhlut ríkissjóðs í Útvegsbankanum og sameiningu þessara fjögurra banka í Íslandsbanka. Jafnframt eru horfur á því að Landsbanki kaupi Samvinnubankann. Þessi fækkun banka úr 7 í 4 eða jafnvel 3 skapar forsendur fyrir hagræðingu í bankakerfinu og lækkun rekstrarkostnaðar og þar með vaxtamunar.

Dregið verður úr ábyrgð ríkisins á fjárfestingarlánasjóðum. Stefnt verður að fækkun sjóðanna og því að þeir verði ekki eins bundnir einstökum atvinnugreinum og nú er. Einnig verður kannað, hvort bankakerfið geti í ríkara mæli en nú er yfirtekið starfsemi fjárfestingarlánasjóðanna.

Brýna nauðsyn ber til að styrkja fjárhagsstöðu fyrirtækja á Íslandi. Í því skyni mun ríkisstjórnin beita sér fyrir aukinni eiginfjármyndun í fyrirtækjum með því að gera fjárfestingu í hlutabréfum, að minnsta kosti um skeið, hagkvæmari en kaup á skuldabréfum frá skattalegu sjónarmiði.

3.4. Atvinnumál.

Í samkomulagi um stjórnarsamstarf þeirra 5 flokka er mynduðu nýja ríkisstjórn þann 10. september sl. er markmið stefnunar í atvinnumálum sett fram: „Aðstæður í efnahagslífinu krefjast raunhæfra aðgerða af hálfu ríkisvaldsins sem stuðli að öflugum hagvexti hér á landi á næstu árum. Mikilvægt er að auka hagkvæmni í hefðbundnum atvinnugreinum og skapa vaxtarskilyrði fyrir nýjar.“ Markmið þeirrar framsæknu atvinnustefnu, sem ríkisstjórnin hyggst fylgja, er að stuðla að hagvexti og skynsamlegri nýtingu sameiginlegra auðlinda þjóðarinnar, jafnframt því sem tillit verði tekið til byggðasjónarmiða. Ríkisstjórnin hefur skipað sérstaka nefnd með fulltrúum aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda til að fjalla um ástand í atvinnumálum og móta langtímastefnu um atvinnuuppbyggingu í landinu. Til þess að

ná þessum markmiðum leggur ríkisstjórnin áherslu á að móta almenna umgjörð um atvinnustarfsemina. Mikilvægur þáttur þessa er, að gengi krónunnar verði skráð með tilliti til rekstrarafkomu útflutnings- og samkeppnisgreina og með hliðsjón af viðskiptajöfnuði við útlönd. Brýnt er og að lækka vexti og fjármagnskostnað, en jafnframt að auka eiginfjármyndun fyrirtækja og örva viðskipti með hlutabréf. Í þessu skyni er ekki síst um að ræða breytingar á skattlagningu hlutafjár, bæði hvað varðar álagningu tekju- og eignarskatta, en skattalög hafa gert hlutafjáreign að síðri kosti en aðra fjárfestingu. Rýmkun heimildar til skattafsláttar vegna hlutabréfakaupa er meðal þeirra aðgerða sem ríkisstjórnin hyggst einnig grípa til.

Verðmyndun á orku verður tekin til endurskoðunar með það að markmiði að jafna orkuverð og efla innlendan orkubúskap. Til þess að stuðla að nýsköpun og tækniframförum í íslensku atvinnulífi verður skipulag rannsóknar- og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna endurskoðað.

Sjávarútvegur.

Á síðasta hausti og vetri beitti ríkisstjórnin sér fyrir stofnun Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina og Hlutafjársjóðs Byggðastofnunar. Hlutverk þessara sjóða er að endurskipuleggja fjárhag fyrirtækja sem framleiða til útflutnings. Sjóðirnir hafa á undanförnum mánuðum unnið mikið starf meðal annars við að koma lausaskuldum sjávarútvegsfyrirtækja í skil og stuðla að endurfjármögnun verst stöddu fyrirtækjanna. Hefur það verið gert bæði með lánum til hlutafjáraukningar og eins hefur Hlutafjársjóður haft milligöngu um breytingu skulda í hlutafé. Við lok þessa árs má gera ráð fyrir að verulegur hluti sjávarútvegsfyrirtækja búi við viðunandi fjárhagsuppbyggingu. Samfara þessum aðgerðum hefur verið beitt ýmsum öðrum sértækum aðgerðum til að leiðrétta rekstrargrundvöll sjávarútvegsins meðal annars með greiðslum verðbóta á afurðir frystingar og hækkun endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts til fiskvinnslufyrirtækja. Þá hefur jafnframt verið beitt almennum aðgerðum á sviði gengismála til að leiðrétta rekstrarskilyrðin.

Eins og lýst er hér í kaflanum á eftir um efnahagshorfurnar eru fyrirsjáanlegar á næsta ári ýmsar breytingar sem leiða raunar til þess að afkoma sjávarútvegsins versnar frá því sem nú er. Það er því ljóst að verði ekki gripið til aðgerða til að auka hagkvæmni og til að bæta almenn rekstrarskilyrði sjávarútvegsins má búast við að sá árangur sem náðst hefur með fjárhagslegri endurskipulagningu glatist. Á næstu mánuðum og missirum mun ríkisstjórnin beita sér fyrir ýmsum aðgerðum sem sumum hverjum er ætlað að bregðast við þeirri tekjuminnkun sem sjávarútvegurinn stendur frammi fyrir.

1. Úreldingarsjóður. Í upphafi næsta þings mun verða lagt fram frumvarp til laga um Úreldingarsjóð fiskiskipa og stefnt að því að hraða afgreiðslu þess. Frumvarp þess efnis var lagt fyrir Alþingi á sl. vori en varð ekki útrætt. Engar verulegar efnisbreytingar verða á frumvarpinu nema hvað gert verður ráð fyrir að auka stofnfé sjóðsins þannig að meiri árangur geti náðst þegar á næsta ári við að fækka fiskiskipum og bæta þar með aflaheimildir og rekstrargrundvöll þeirra skipa sem eftir verða í flotanum.
2. Starfsskilyrði fiskvinnslunnar. Til að bæta starfskilyrði fiskvinnslunnar og til að draga úr fyrirsjáanlegu atvinnuleysi innan lands mun verða lagt fram frumvarp á þessu hausti er miðar að því að minnka útflutning á óunnum fiski. Enn fremur telur ríkisstjórnin nauðsynlegt að endurskipuleggja fyrirkomulag úthlutunar heimilda til útflutnings á óunnum fiski.
3. Lög um uppboðsmarkaði. Lög um uppboðsmarkaði fyrir sjávarafla renna úr gildi um næstu áramót en þau giltu sem kunnugt er í þrjú ár til reynslu. Ríkisstjórnin mun leggja fram frumvarp þar sem uppboðsmörkuðum verður skapaður varanlegur rammi.

4. Nýting sjávarafla. Á vegum sjávarútvegsráðuneytisins er starfandi nefnd til að stuðla að betri nýtingu sjávarafla. Þá er af hálfu Ríkismats sjávarafurða unnið að því að hrinda í framkvæmd sérstöku gæðaátaki í sjávarútvegi. Búast má við að þessi vinna fari að skila árangri þegar á næsta ári en á þessari stundu er erfitt að meta að hve miklu leyti hún muni leiða til aukinnar verðmætasköpunar sjávarfangs.
5. Fiskimálasjóður. Á síðasta þingi var lagt fram frumvarp er miðar að því að leggja starfsemi Fiskimálasjóðs niður. Í frumvarpinu sem lagt verður fyrir þingið að nýju á þessu hausti er jafnframt gert ráð fyrir að sett verði á fót sérstök þróunardeild við Fiskveiðasjóð er yfirtaki eignir og skuldir Fiskimálasjóðs. Hlutverk þróunardeildarinnar verði að veita styrki og lán til ýmissa nýjunga varðandi nýtingu og markaðssetningu sjávarafurða.
6. Stjórn fiskveiða. Samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða við lög nr. 38. janúar 1988. um stjórn fiskveiða 1988–1990, er starfandi nefnd til að endurskoða lögin. Nefndin á að móta tillögur um breytingar á núgildandi lögum og skila fyrsta áliti á þessu hausti. Ríkisstjórnin áformar að leggja fram frumvarp þegar á þessu þingi er byggir á álitsgerð nefndarinnar.

Landbúnaður.

Eitt af helstu markmiðum ríkisstjórnarinnar er að lækka framfærslukostnað heimila. Í því skyni er stefnt að því að virðisaukaskattur verði endurgreiddur að hluta til af verði mjólkur, kindakjöts, fisks og innlends grænmetis. Hér er þó gert ráð fyrir að á smásölustigi verði eitt skatthlutfall, en með endurgreiðslu sem reiknast af vinnsluvirði á heildsölustigi verður skatturinn í reynd lægri á þessum tilteknu matvælum. Þá verða upphæðir kjarnfóðurgjalda og niðurgreiðslna endurmetnar í ljósi þessara breytinga og með samræmingu þessara þátta stefnt að því, að allar helstu tegundir innlendrar búvöru lækki í verði.

Í gildandi búvörulögum frá 1985 er mörkuð sú stefna að framleiðsla hefðbundinna búgreina lagi sig að innlendum markaði, verð á landbúnaðarafurðum lækki og að efld verði önnur atvinnustarfsemi samfara samdrætti í hefðbundnum búskap í hinum dreifðari byggðum landsins. Til þess að svo geti orðið verður áfram að ráðstafa fjármagni til stuðnings slíkra verkefna. Mikilvægt er að áfram verði unnið að endurskipulagningu vinnslu- og dreifingarstöðva landbúnaðarins með það að markmiði að lækka þar tilkostnað ekki síður en við sjálfa framleiðsluna.

Gengið er út frá því að nú sé jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar á mjólk og mjólkurvörum á innlendum markaði og að svo verði áfram. Hins vegar er talið að á verðlagsárinu 1989–1990 muni framleiðsla kindakjöts verða rúmum 10% meiri en innlend neysla. Þetta hlutfall er þó lægra en verið hefur um árabil. Mikilvægt er að í næstu framtíð takist að skapa nauðsynlegt jafnvægi í framleiðslu og sölu mismunandi kjöttegunda á innlendum markaði.

Nú nýlega var undirritað samkomulag milli landbúnaðarráðherra f.h. ríkissjóðs og Stéttarsambands bænda þar sem útkljáð voru ýmis deilumál vegna framkvæmdar búvörusamningsins. Mun það samkomulag draga úr framleiðslu og létta greiðslubyrði ríkissjóðs. Þá verður haldið áfram viðræðum um framtíðartilhögun framleiðslustjórnunar í landbúnaði og stefnt að niðurstöðu í þeim efnum snemma á næsta ári. Eitt höfuðmarkmiðið verður að laga framleiðslu betur að markaðsþörfum, skipuleggja landbúnað með tilliti til aðstæðna og landkosta, lækka tilkostnað á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar búvara.

Stjórnvöld munu stuðla að áframhaldandi uppbyggingu fiskeldis. Uppbyggingin er mjög hröð meðal annars vegna þess að ákveðið var að auka eldið í framhaldi af að seiðamarkaðir erlendis lokuðust. Tryggingasjóður fiskeldislána var stofnaður til þess að auka afurða- og rekstrarlánafyrirgreiðslu til fiskeldisfyrirtækja og áfram verður unnið að því að treysta grundvöll og bæta starfsskilyrðin t.d. með því að koma á svo nefndum bústofnslánum, sem ætlunin er að verði lán til lengri tíma til þess að tryggja eðlilega fjármögnun bústofns fyrirtækjanna.

Iðnaður og orkumál.

Það er mikilvægt markmið ríkisstjórnarinnar að bæta samkeppnisstöðu innlends samkeppnis- og útflutningsiðnaðar. Þetta á ekki síst við nú þegar verulegar breytingar eru að verða á viðskiptaháttum í umheiminum.

Iðnaðurinn hefur notið góðs af þeirri lækkun á raungengi krónunnar sem orðið hefur á síðustu missirum auk þess sem ýmis iðnfyrirtæki hafa notið lánafyrirgreiðslu hjá Atvinnutryggingarsjóði. Þá var vörugjald af ákveðnum aðföngum til iðnaðar fellt niður 1. september sl. jafnframt því sem jöfnunargjald á innfluttan iðnvarning var hækkað úr 3% í 5%.

Ullariðnaðurinn hefur verið endurskipulagður á undanförnum missirum með verulegum opinberum stuðningi og unnið að miklu markaðsátaki í hans þágu.

Í framhaldi af þeirri heildarúttekt sem gerð var á íslenskum skipasmíðaiðnaði hefur starfað nefnd á vegum iðnaðarráðuneytisins við að framfylgja þeim tillögum sem þar komu fram um endurskipulagningu þessa iðnaðar.

Virðisaukaskattur tekur gildi um næstu áramót. Það mun meðal annars leiða til jafnari starfskjara innlendra iðnfyrirtækja og samræma þau því sem gerist erlendis. Einnig mun aðstaða íslenskra iðnfyrirtækja til þess að sækja á erlenda markaði batna. Útflutningsfyrirtækjum verður veitt aðstoð við gerð útflutningssamninga og stuðlað að markaðsátaki meðal annars í heimshlutum sem lítið hefur verið sinnt til þessa.

Undanfarin tvö ár hefur á vegum iðnaðarráðuneytis og Iðntæknistofnunar verið unnið að vöruþróunarverkefni í samvinnu við nokkur fyrirtæki og samtök iðnaðarins. Nú er í undirbúningi á vegum sömu aðila að hrinda af stokkunum nýsköpunar- og þróunarverkefni þar sem sérstök áhersla verður lögð á að nýta og byggja upp tækni og þekkingu á sviðum þar sem Ísland hefur sérstöðu. Sérstakt átak verður gert til þess að efla innlendan iðnað sem byggir á sjávarútvegi en notfærir sér nútíma hátækni. Stefnt er að samvinnu rannsóknastofnana sjávarútvegsins og iðnaðarins í þessu skyni.

Á síðasta þingi voru samþykkt lög um skilagjald á einnota drykkjarvöruumbúðir. Í kjölfarið hefur verið komið á fót fyrirtæki sem safnar einnota umbúðum og kemur þeim í endurvinnslu. Stefnt er að því að stuðla að aukinni endurvinnslu meðal annars með því að taka upp skilagjald á bifreiðar.

Á vegum iðnaðarráðuneytisins starfar nefnd sem hefur það verkefni að móta stefnu til þess að aðlaga innlendan iðnað að þeim breytingum sem verða með tilkomu sameiginlegs innri markaðar Evrópubandalagsins fyrir árslok 1992.

Stefnt verður að frekari nýtingu orkulindanna til atvinnuuppbyggingar. Viðræðum um stækkun álversins í Straumsvík er haldið áfram og stefnt að því að ljúka þeim nú í haust. Jafnframt er hafinn undirbúningur að athugun á hagkvæmni þess að reisa nýtt álver.

Haldið verður áfram framkvæmdum við Blönduvirkjun þannig að hún geti hafið raforkuframleiðslu árið 1992. Undirbúningi annarra virkjana, bæði vatnsaflsvirkjana og jarðgufuvirkjana, verður hagað í samræmi við þau áform sem eru uppi um uppbyggingu stóriðju.

Á þessu ári verður varið 100 milljónum króna til niðurgreiðslna á raforku til fiskiðnaðar og 230 milljónum króna til jöfnunar á verði raforku til húshitunar úti á landi. Ríkissjóður yfirtók verulegar skuldir Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða og gerði það þessum aðilum kleift að lækka raforkuverð til almennra nota og iðnaðar. Í framhaldi af þessu verður verðmyndun á raforku endurskoðuð með það að markmiði að jafna enn frekar raforkuverð og efla innlendan orkubúskap.

IV. HORFUR 1990

Efnahagshorfurnar fyrir árið 1990 benda til áframhaldandi samdráttar í þjóðarbúskapnum. Þetta stafar einkum af því að nauðsynlegt er talið að draga úr fiskafla, einkum þorskafla, til þess að treysta fiskistofnana. Þá er gert ráð fyrir ströngu aðhaldi að þjóðarútgjöldum, sem meðal annars er byggt á þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar sem lýst er hér að framan. Reiknað er með að viðskiptakjör í heild verði nánast óbreytt á milli áranna 1989 og 1990. Miðað við forsendur þessarar áætlunar verða landsframleiðsla og þjóðartekjur um það bil 1% minni 1990 en á þessu ári og viðskiptahalli verður óbreyttur frá þessu ári.

Þessar horfur fela í sér, eins og fram kom í inngangi, að 1990 verði þriðja samdráttarárið í röð. Þjóðhagsreikningar ná allt aftur til ársins 1945. Á 10 af þessum 46 árum hefur landsframleiðsla dregist saman, þ.e. árin 1949–1952, 1967–1968, árið 1983 og 1988–1990. Lengsta samfellda samdráttarskeiðið frá stríðslokum varð á árunum 1949–1952, er landsframleiðsla lækkaði í fjögur ár samfleytt. Heildarsamdrátturinn á því tímabili varð um 6,5%. Spár um landsframleiðslu áranna 1988–1990 sýna að heildarsamdrátturinn verður um 5%. Til samanburðar má nefna að heildarsamdráttur áranna 1967–1968 var 7,2%.

Mynd 8. Verg landsframleiðsla á Íslandi og í OECD

Vísitölur 1980 = 100



Hér á eftir verður fjallað um helstu atriði í efnahagshorfum fyrir árið 1990. Þessar horfur mótast annars vegar af almennum efnahagsskilyrðum, jafnt innlendum sem erlendum, og hins vegar af forsendum um þau markmið og stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum sem lýst var í kaflanum hér á undan.

Eins og jafnan ríkir óvissa um ýmis atriði sem áhrif hafa á framvindu efnahagsmála á næstu missirum. Af innlendum vettvangi má nefna að flestir kjarasamningar eru lausir um næstu áramót. Þá eru atvinnuhorfur tvísýnni en oft áður vegna samdráttar í þjóðarbúskapnum og langvarandi rekstrarerfiðleika í atvinnulífinu. Af erlendum vettvangi má nefna að horfur um viðskiptakjör eru óráðnar, ekki síst horfur um þróun verðs á íslenskum sjávarvörum. Spár

alþjóðastofnana benda til þess að úr hagvexti dragi í heiminum á næstu missirum og getur það haft áhrif á eftirspurn eftir íslenskum vörum á erlendum mörkuðum. Mat OECD er að landsframleiðsla í aðildarríkjum þess vaxi um 2¾% á næsta ári í stað 3¼% hagvaxtar sem verið hefur undanfarin tvö ár. Enn fremur spáir OECD 4½% verðbólgu á næsta ári sem er óbreytt frá þessu ári. Þróun gengismála á erlendum gjaldeyrismörkuðum er óviss, eins og jafnan áður.

4.1. Afli.

Hafrannsóknastofnun hefur lagt til að verulega verði dregið úr fiskafla á næsta ári, einkum þó þorskafla. Um þorskafla segir í skýrslu Hafrannsóknastofnunar, *Nytjastofnar sjávar og umhverfisþættir* „... ef veidd verða 350 þúsund tonn árið 1990, sem er lítið eitt meira en gert er ráð fyrir að veiðist á yfirstandandi ári, mun veiðistofninn minnka úr 1.010 þús. tonnum í ársbyrjun 1990 í 820 þús. í ársbyrjun 1992 og hrygningarstofn um 40 þús. tonn". Enn fremur segir í skýrslu stofnunarinnar; „Verði aflinn árið 1990 takmarkaður við 300 þús. tonn, mun veiðistofn minnka um 70 þús. tonn en hrygningarstofn standa í stað. Með þessari veiðistefnu mun veiðidánarstuðull standa í stað. Við 250 þús. tonna afla á ári mun veiðistofn vaxa um 5% næstu tvö árin." Þá bendir Hafrannsóknastofnun á þann möguleika að þorskur gangi af Grænlandsmiðum til Íslandsmiða árin 1991 og 1992. Þótt ekki sé með vissu vitað um stærð þessa árgangs, telur stofnunin að hann geti verið verulega stór og líkur á slíkri göngu nokkuð miklar. Ef þessi yrði raunin er það mat stofnunarinnar, að 300 þúsund tonna afli á næsta ári, gæti þýtt að veiðistofninn muni vaxa um 20% á árunum 1991 og 1992 og hrygningarstofn um 250 þúsund tonn. Hafrannsóknastofnun leggur til að þorskafli á næsta ári verði takmarkaður við 250 þúsund tonn, en í því felst eins og að ofan greinir 5% vöxtur veiðistofns, þótt enginn Grænlandsþorskur gangi til Íslands.

Meðalþorskaflinn á tímabilinu 1981–1988 var 359 þúsund tonn, en meðaltalið felur hins vegar þær miklu sveiflur sem verið hafa í afla. Þannig var þorskafli mestur 461 þúsund tonn árið 1981 en minnstur árið 1984 er 281 þúsund tonn veiddust.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hámarksafla einstakra tegunda og er þeirrar ákvörðunar ekki að vænta fyrr en síðar á þessu ári. Að höfðu samráði við sjávarútvegsráðuneytið er hins vegar að svo stöddu reiknað með því að heildarafli á föstu verði dragist saman um 6%. Til samanburðar felst 13–14% samdráttur heildarafla í tillögum Hafrannsóknastofnunar. Í nánari atriðum eru aflaforsendur þessarar spár eftirfarandi:

	Þús. tonn	
	Spá 1989	Forsendur 1990
Þorskur	340	300
Annar botnfiskur	343	330
Síld	90	90
Loðna	900	900
Humar	2	2
Rækja	27	27
Hörpudiskur	13	13
Annað	8	8

Athygli er vakin á því að ekki liggja fyrir tillögur Hafrannsóknastofnunar um hámarksafla á rækju og loðnu. Um veiðiþol þessara stofna á næsta ári er því lítið vitað á þessari stundu. Hér verður byggt á þeirri forsendu að afli rækju og loðnu verði óbreyttur milli áranna 1989 og 1990.

Eins og áður sagði fela þessar forsendur í sér að fiskafli dragist saman um 6½% á næsta ári. Þessar forsendur þarf auðvitað að endurskoða þegar fiskveiðistefna næsta árs verður endanlega ákveðin síðar í haust.

4.2. Útflutningsframleiðsla.

Spáin um framleiðslu sjávarafurða er byggð á framangreindum forsendum um fiskafla á næsta ári. Talið er að framleiðslan dragist minna saman en heildaraflinn, eða um 5–6%, þar sem gert er ráð fyrir að aflanum verði ráðstafað með hagkvæmari hætti.

Framleiðsla á áli og kísiljárni hefur farið vaxandi á síðustu árum og má að mestu rekja aukninguna til hækkandi verðs á þessum afurðum. Á árinu 1989 er búist við að framleiðslugeta ál- og kísiljárnverksmiðjanna verði að fullu nýtt og því er ekki raunhæft að reikna með aukinni framleiðslu árið 1990. Um aðrar greinar ríkir nokkur óvissa, en þó má nefna að reiknað er með verulegri aukningu á framleiðslu eldisfisks til útflutnings.

4.3. Atvinnuástand.

Í þeim könnunum á atvinnuástandi sem Þjóðhagsstofnun hefur gert á þessu ári, hafa atvinnurekendur verið spurðir m.a. um áform um starfsmannahald á næstu mánuðum. Þegar niðurstöður fyrri kannana eru bornar saman við raunverulegan fjölda starfsmanna, kemur í ljós að fyrirtækin hafa reynst nokkuð sannspá. Fyrstu niðurstöður septemberkönnunar Þjóðhagsstofnunar á atvinnuástandi liggja nú fyrir, en þær eru byggðar á úrtaki um 230 fyrirtækja, og svörin eru borin saman við svör sömu fyrirtækja í fyrri könnunum. Þessar niðurstöður gefa til kynna að atvinnurekendur hafi áform um að fækka fólki um rúm 2,5% fram í apríl 1990, en það er tæpu 1% meira en atvinnurekendur töldu nauðsynlegt á sama tíma í fyrra. Þá breytingu sem hér hefur orðið má að mestu rekja til landsbyggðarinnar, en í fyrri könnunum á þessu ári hafa áform um fækkun starfsmanna einkum verið uppi hjá fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu. Það er einkum hjá fyrirtækjum í fiskiðnaði, samgöngum og byggingarstarfsemi, sem fram kemur vilji til að fækka starfsfólki.

Mynd 9. Mánaðarlegur fjöldi atvinnulausra 1983-90



Spá stofnunarinnar um atvinnuleysi á næsta ári er einkum byggð á sögulegu samhengi milli atvinnuleysis og breytinga landsframleiðslu á sama ári og árinu á undan. Með þessari aðferð fæst að atvinnuleysi gæti samsvarað 2,3% af heildarmannafla að meðaltali. Miklar sveiflur eru að jafnaði í atvinnuleysi innan ársins. Að venju er atvinnuleysi mest í byrjun árs og í lok þess og er þessi spá byggð á hefðbundinni árstíðarsveiflu. Líkleg þróun innan ársins er sýnd á mynd hér að ofan. Rétt er að benda á, að þessi niðurstaða byggir á því að ekki verði gripið til sérstakra atvinnuskapandi aðgerða. Þegar litið er til fyrri samdráttarskeiða kemur í ljós að um verulegan fólksflutning hefur verið að ræða til útlanda, en ekki er tekið tillit til þessa í þessari spá.

4.4. Verðlag, tekjur og kaupmáttur.

Veruleg óvissa er um launaþróun á næsta ári. Þessu veldur að flestir kjarasamningar á almennum vinnumarkaði falla úr gildi um næstu áramót. Samningar við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja eru þó lausir í nóvember næstkomandi og nýgerður samningur við starfsmenn Ísals fellur úr gildi 1. mars 1990. Kjarasamningar Bandalags háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins og fjármálaráðherra gilda þó til 31. desember 1994, en hafa ber í huga að í þeim samningi felast endurskoðunarákvæði sem beinast að samanburði á kjörum háskólamanna og annarra sambærilegra hópa. Auk þeirrar óvissu sem samningamál valda, má ætla að atvinnuástand muni einnig hafa áhrif á þróun launatekna. Þá er augljóst, að fyrirsjáanlegur aflasamdráttur á næsta ári mun rýra tekjur sjómanna og þeirra stétta, sem eiga sitt með beinum hætti undir aflabrögðum.

Áætlað er að raungengi miðað við verðlag verði því sem næst hið sama á næsta ári og í ár, en raungengi miðað við laun lækki nokkuð. Þá er gert ráð fyrir að ráðstöfunartekjur á mann muni hækka um 11% á milli áranna 1989 og 1990 og kaupmáttur þeirra muni dragast saman um tæplega 5%. Loks er miðað við að innflutningsverðlag hækki um 4–5%. Á þessum forsendum er reiknað með að framfærsluvísitalan muni hækka um 16% milli áranna 1989 og 1990.

Samkvæmt þessum spám er reiknað með að hlutur launa í vergum þáttatekjum lækki um 2 prósentustig og verði 68,5% á næsta ári. Til samanburðar má benda á að á tímabilinu 1973–1988 var þetta hlutfall að meðaltali 66,6%. Það sem af er þessum áratug er meðaltalið hins vegar 66,8%.

4.5. Þjóðarútgjöld.

Einkaneysla er talin dragast saman um 2% að raungildi á næsta ári, en á mann reiknað er samdrátturinn um 3%. Raunlækkun einkaneyslu er þannig nokkru meiri en landsframleiðslu og lækkar því hlutfall einkaneyslu og landsframleiðslu samkvæmt þessari spá úr 61,2% í 60,9%. Eins og mynd 11 sýnir jókst hlutur einkaneyslu af landsframleiðslu umtalsvert á árunum 1980–1987, er 63,4% var varið til einkaneyslu. Eins og að ofan greinir, er reiknað með að kaupmáttur ráðstöfnunartekna á mann rýrni um 4%. Því felst í þessum spám að sparnaður heimilanna muni dragast nokkuð saman.

Spá Þjóðhagsstofnunar um samneyslu er gerð á grundvelli upplýsinga frá fjármálaráðuneytinu um samneysluútgjöld í frumvarpi til fjárlaga og horfa um útgjöld sveitarfélaga. Á þessum forsendum er nú reiknað með að samneysluútgjöld verði 1% meiri að raungildi á næsta ári en á þessu.

Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum um fjárfestingaráform fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að fjárfestingin í heild dragist saman að raungildi um 1,0% frá því sem var á þessu ári. Endurnýjun flugflota Flugleiða hf. skiptir hér sköpum, þar sem fjárfesting án flugvélakaupa er talin muni dragast saman um sem nemur 9%. Flugleiðir áforma að endurnýja flota sinn á 2–3 árum og heildarkostnaðurinn er talinn verða um 170 milljónir Bandaríkjadollara, en á móti



koma tekjur vegna sölu flugvéla og nettókostnaður er því áætlaður um 130 milljónir Bandaríkjadollara. Þar af er reiknað með að kostnaður á næsta ári nemi um 120 milljónum Bandaríkjadollara, eða 6,8 milljörðum króna á gengi þessa árs, sem er rúmlega 12% af áætlaðri heildarfjárfestingu landsmanna á næsta ári.

Áætlanir um opinberar framkvæmdir sýna að þær munu aukast um 3,7% frá þessu ári. Þessa aukningu má að öllu leyti rekja til framkvæmda við rafvirkjanir og rafveitur, en þær eru taldar aukast að magni um 47%. Aðrar opinberar fjárfestingar munu hins vegar dragast saman um 5%. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir að framkvæmdir Landsvirkjunar miðist við að fyrsta vél Blönduvirkjunar verði gangsett haustið 1991, en ekki er reiknað með stóriðjuframkvæmdum. Framkvæmdir við hitaveitur eru taldar dragast saman um 45%. Stafar samdrátturinn af minni framkvæmdum Hitaveitu Reykjavíkur, en fyrsta áfanga Nesjavallaveitu lýkur á næsta ári. Fjárfesting atvinnuveganna (án flugvélakaupa) er talin dragast saman um fimmtung að raungildi. Gangi þessi spá eftir, verður fjárfesting atvinnuveganna á næsta ári 25% minni en á árinu 1987. Hins vegar jókst fjárfesting atvinnuveganna um rúmlega 70% á árunum 1984–1987.

Íbúðaframkvæmdir eru taldar verða jafnmiklar og í ár. Þannig er reiknað með að áhrif aukinna lánveitinga til íbúðaframkvæmda muni vega upp áhrifin af lækkandi kaupmætti.

Þjóðarútgjöld í heild.

Neysla og fjárfesting í heild eru samkvæmt ofansögðu talin dragast saman að raungildi um 1,2%, samanborið við 5% samdrátt á þessu ári. Gert er ráð fyrir að birgðir útflutningsvöru minnki og reiknað er með að sú birgðabreytingin svari til 0,1% af landsframleiðslu. Þjóðarútgjöldin í heild dragast því saman um 1,4% á næsta ári, gangi þessar spár eftir.

4.6. Utanríkisviðskipti og viðskiptakjör.

Miðað við forsendur þessarar áætlunar um útflutningsframleiðslu og birgðabreytingar dregst heildarvöruútflutningurinn saman á næsta ári um 1,6%. Minnkandi framleiðsla sjávarafurða er helsta skýringin á þessum samdrætti, en reiknað er með 4,5% samdrætti í framleiðslu sjávarafurða til útflutnings. Búast má við að útflutningsverðmæti annarra afurða aukist sem fyrst og fremst má rekja til frameiðsluaukningar í fiskeldi.

Reiknað er með áframhaldandi samdrætti í almennum vöruinnflutningi sem skýrist bæði af minni kaupmætti og lægra raungengi á næsta ári. Almennur innflutningur án olíu lækkar um

4% að raungildi, en í heild verður vöruinnflutningurinn 1,2% minni á næsta ári. Skýringin á þessum mismun er sú aukning sem gert er ráð fyrir í innflutningi á sérstökum fjárfestingarvörum, bæði skipum og flugvélum og einnig vélum og tækjum til virkjanaframkvæmda. Vöruskiptajöfnuðurinn verður því samkvæmt þessu hagstæður um 5 milljarða króna, eða 1,5% af landsframleiðslu. Þjónustuviðskiptin án vaxta verða áfram óhagstæð á næsta ári, en gert er ráð fyrir að þjónustujöfnuðurinn án vaxta verði neikvæður um 300 milljónir króna. Vaxtajöfnuðurinn verður neikvæður um 14,6 milljarða samkvæmt spánni sem samsvarar um 4,4% af landsframleiðslu. Viðskiptajöfnuðurinn verður samkvæmt þessu óhagstæður á næsta ári um tæpa 10 milljarða, eða 3% af landsframleiðslu.



Mynd 11. Hlutfallsbreyting þjóðarútgjalda og landsframleiðslu frá fyrra ári og viðskiptajöfnuður sem hlutfall af landsframleiðslu, 1980-1990

Viðskiptakjaraspáin fyrir árið 1990 byggir á þeirri meginforsendu að verðlag á sjávarafurðum erlendis hækki heldur meira en almennt verðlag í viðskiptalöndunum. Eftir að verð á sjávarafurðum á Bandaríkjamarkaði tók að lækka upp úr miðju ári 1987 hafa verið uppi vangaveltur um hvenær vænta mætti verðhækkunar á þessum mörkuðum.



Mynd 12. Markaðsverðlag sjávarafurða 1987-1989

M.v. SDR - Vísitala 1987=100

Bent hefur verið á að framboð á heimsmarkaði fari minnkandi vegna minni afla og einnig ætti aukin eftirspurn í Evrópu að leiða til verðhækkunar vestanhafs. Út frá þessum rökum hefur verið búist við verðhækkun á þessu ári sem enn hefur ekki komið fram. Engu að síður er það skoðun þeirra sem til þekkja að þótt fiskmarkaðir í Bandaríkjunum virðist í jafnvægi um þessar mundir muni minnkandi framboð fyrr eða síðar leiða til verðhækkunar. Ekki er búist við að hið háa verð á áli og járnblendi haldist á næsta ári heldur er gert ráð fyrir nokkurri verðlækkun. Verð á olíu gæti haldist óbreytt, en heimsmarkaðsverð á olíu hefur farið hækkandi að undanförnu. Verð almenns vöruinnflutnings gæti hækkað um 4% sé miðað við almennar verðlagsbreytingar í viðskiptalöndunum.

Að öllu samanlögðu er reiknað með því að viðskiptakjörin verði nánast óbreytt milli áranna 1989 og 1990.

4.7. Yfirlit þjóðhagsspár 1990.

Á þeim forsendum sem hér hefur verið lýst verður landsframleiðslan um 1% minni 1990 en á þessu ári og þjóðartekjur breytast svipað þar sem gert er ráð fyrir óbreyttum viðskiptakjörum. Gangi þessar spár eftir mun landsframleiðslan dragast saman þriðja árið í röð á næsta ári og verður hún um 5% minni en hún var árið 1987. Viðskiptahallinn verður 3% af landsframleiðslu sem er nær óbreytt frá árinu á undan. Í þessu felst því að þjóðarútgjöld munu dragast saman í takt við þjóðartekjur. Athygli er þó vakin á því að viðskiptahallinn hefur haldist nær óbreyttur á þessu samdráttarskeiði sem telja verður mikilsverðan árangur.

Samandregið yfirlit yfir helstu niðurstöður þessarar spár fylgir hér með í töflu.

Yfirlit þjóðhagsáætlunar 1990.

	1990	
	Breyting frá f. ári	Hlutdeild í hagvexti
Einkaneysla	-2,0	-1,2
Samneysla	1,0	0,2
Fjárfesting	-1,0	-0,2
Birgðabreytingar	-1,2	-0,1
Þjóðarútgjöld	-1,4	-1,4
Útflutningur vöru og þjónustu	-1,1	-0,4
Innflutningur vöru og þjónustu	-1,8	0,6
Landsframleiðsla	-1,1	-1,1

V. EFNAHAGSHORFUR Á NÆSTU ÁRUM

Hér á eftir eru kynntar niðurstöður úr nokkrum dæmum sem sýna mögulega þróun íslenskra efnahagsmála á næstu árum. Við útreikningana var notað haglíkan sem unnið hefur verið að á Þjóðhagsstofnun undanfarin tvö ár. Líkanið er hefðbundið að gerð og byggist á ráðstöfunaruppgjöri þjóðhagsreikninga, þ.e. skiptingu þjóðarframleiðslu í einkaneyslu, samneyslu, fjárfestingar, útflutning og innflutning vöru og þjónustu og vaxtatekjur og -gjöld. Aðferðir eru í meginatriðum þær sömu og var lýst í *Ágripi úr þjóðarbúskapnum,* nr. 1, maí 1989.

Forsendur.
Í töflu hér fyrir aftan eru dregnar saman helstu forsendur sem grunndæmið byggir á. Sú forsenda sem mest áhrif hefur á niðurstöður varðar útflutningsframleiðslu sjávarafurða. Hér er gert ráð fyrir samdrætti í framleiðslu á sjávarvörum 1989 og 1990, en aukningu um 1% á ári til 1993. Til grundvallar þessu liggur mat fiskifræðinga á núverandi afrakstursgetu fiskistofnanna, sem eru flestir fullnýttir, og því er gert ráð fyrir óbreyttum afla frá 1990. Sú sókn í þorsk sem er gert ráð fyrir hér (300.000 tonn á ári) veldur raunar nokkurri rýrnun veiðistofnsins og stöðnun eða hægum vexti hrygningarstofnsins, miðað við núverandi mat á nýliðun þorsks næstu árin. Gert er ráð fyrir að verðlag á sjávarafurðum hækki heldur hraðar en almennt verðlag erlendis frá 1990 til 1993 og að breytt ráðstöfun aflans valdi verðmætaaukningu framleiðslunnar á því skeiði þrátt fyrir óbreytta tonnatölu.

Ekki er gert ráð fyrir aukningu í framleiðslu á áli og kísiljárni eftir 1989, því verksmiðjurnar eru þá nálægt fullri framleiðslugetu. Verðlag á þessum vörum á árinu 1989 er byggt á áætlunum verksmiðjanna sjálfra, en gert er ráð fyrir lækkun 1990 og litlum hækkunum eftir það. Þetta er byggt á miklum hækkunum á undanförnum árum.

Talsverðri aukningu „annarrar" útflutningsframleiðslu er spáð 1989 til 1991 og byggist það á áætlunum um fiskeldi. Forsendur um verð eru mótaðar eftir spám um útflutningsverð samkeppnisaðila okkar.

Reiknað er með að samneysla og fjárfestingar hins opinbera fylgi forsendum þjóðhagsspár 1989 til 1990, en aukist síðan smám saman 1991 til 1994.

Gert er ráð fyrir að hagvöxtur og verðbólga erlendis verði hvoru tveggja um 3% á næstu árum og að raunvextir erlendis verði óbreyttir.

Ein mikilvægasta forsendan er ef til vill falin í formúlunni sem er notuð til að reikna launahækkanir, en þar er gert ráð fyrir að launagreiðslur nemi um 65% af vergum þáttatekjum, til lengri tíma litið.

Niðurstöður.
Í stuttu máli gefa þessir reikningar til kynna að niðursveiflan í efnahagslífinu, sem hófst 1988, muni standa til 1990, en þá rétti hagkerfið smám saman úr kútnum (mynd 13). Hagvöxtur 1991 til 1994 yrði, samkvæmt reikningunum, samt einungis 1–2% á ári, en vöxtur þjóðartekna eilítið meiri. Þetta er mun minni hagvöxtur en verið hefur hér á landi á síðustu áratugum. Til dæmis var meðalhagvöxtur 1970 til 1987 4,9%. Þetta er að sjálfsögðu töluvert minni hagvöxtur en spáð er í heiminum á næstu árum því alþjóðastofnanir gera almennt ráð fyrir um 3% hagvexti að meðaltali á ári á komandi árum.

Mynd 13. Landsframleiðsla og þjóðarútgjöld 1980-1994

Magnvísitölur 1986 = 100



Eðlileg afleiðing svo lítils hagvaxtar er aukið atvinnuleysi, sem yrði 2–2,5% af mannafla á tímabilinu eða sambærilegt við það sem var árið 1969. Þjóðarútgjöldin, samanlögð neysla og fjárfesting, vaxa hægar en landsframleiðslan á sama tímabili (mynd 13) og raungengi á mælikvarða verðlags fer lækkandi og verður um um 5% lægra 1994 heldur en 1989. Þetta þýðir betra jafnvægi í viðskiptum við útlönd en verið hefur. Talsverður viðskiptahalli verður þó 1989 og 1990, eða 2–3% af landsframleiðslu, en afgangur, sem nemur 1,5–2,5% af landsframleiðslu, verður á viðskiptum við útlönd frá árinu 1991. Erlendar skuldir, sem hlutfall af landsframleiðslu, komast í um 51% árið 1990, en lækka eftir það í um 35% í árslok 1994. Hrein vaxtagjöld, sem hlutfall af útflutningi, verða um 11,4% í ár, en fara lækkandi niður í um 7,5% árið 1994.

Þær niðurstöður sem lýst er hér að ofan draga upp fremur dökka mynd af efnahagsástandi næstu ára og gefa ekki ástæðu til að ætla að lífskjör muni batna fyrr en að nokkrum árum liðnum. Forsendan um samdrátt í sjávarafla liggur hér til grundvallar og raunar einnig forsendan um aðhald í útgjöldum hins opinbera.

Það má setja fram dæmi þar sem hagvöxtur er meiri, til dæmis með því að gera ráð fyrir að samneysla aukist með sama hraða og á undanförnum árum og áratugum, þ.e. um 5–6% á ári, en þannig forsenda leiðir af sér mun lakari erlenda skuldastöðu en þá sem sýnd er hér. Hið sama gildir um meiri hækkanir launa. Til dæmis leiðir 5% aukning samneyslu á ári frá 1990 (í stað 1–3% í dæminu að ofan) og 70% langtímahlutfall launa í vergum þáttatekjum til 2–3% hagvaxtarstigs. Atvinnuleysi í því dæmi væri 1,5–2% af mannafla, en viðskiptajöfnuður yrði lakari en í grunndæminu hér að ofan um sem nemur 1,5% af landsframleiðslu á árinu 1990 en bilið breikkar síðan um 1% á ári í um 5,5% af landsframleiðslu 1994. Erlendar skuldir yrðu 46% af landsframleiðslu 1994 og hrein vaxtagjöld um 10% af útflutningi. Raungengi yrði um 5% hærra 1994 en 1989. Rétt er að benda á að í því líkani sem notað er til þessara reikninga er vöruútflutningur gefin stærð og því eru neikvæð áhrif hás raungengis á útflutning, og þar með hagvöxt og viðskiptajöfnuð, líklega vanmetin.

Um þessar mundir er verið að kanna hagkvæmni þess að auka álframleiðslu hér á landi. Verði af slíkum áformum getur myndin, sem hér hefur verið brugðið upp, breyst nokkuð. Hagvöxtur yrði meiri en í grunndæminu, en raungengi hærra og viðskiptajöfnuður óhagstæðari á meðan á framkvæmdunum stæði. Meiri hluti þess munar yrði að vísu fjármagnaður af erlendum aðilum. Gerum nú ráð fyrir byggingu álvers með 120.000 tonna framleiðslugetu á ári, sem yrði byggt á árunum 1990–1993, framleiddi 60.000 tonn 1993 og 120.000 tonn frá

1994. Hagvöxtur yrði þá 1% meiri að jafnaði á ári 1990–1994 en í grunndæminu, atvinnuleysi um 0,5% minna og raungengi 1994 yrði 2% hærra. Erlendar skuldir í árslok 1994 yrðu svipaðar og í grunndæminu, sem hlutfall af landsframleiðslu, þrátt fyrir óhagstæðari viðskiptajöfnuð á fyrri hluta tímabilsins.

Það ber að sjálfsögðu að slá ótal varnagla þegar útreikningar til svo langs tíma eru settir fram. Til dæmis er sú forsenda falin í reikningunum að bygging útflutningsatvinnuveganna breytist ekki mikið frá því sem nú er, fyrir utan aukningu fiskeldis. Möguleiki er á göngum þorsks frá Grænlandi síðari hluta tímabilsins sem þyddi meira útflutningsverðmæti. Ytri aðstæður, sér í lagi verð á sjávarvörum á erlendum mörkuðum og olíuverð, geta einnig breytt myndinni verulega til betri eða verri vegar og sé litið til baka hafa orðið miklu meiri sveiflur á þessum stærðum en forsendur reikninganna gera ráð fyrir. Vegna þess hve afkoma sjávarútvegs er háð ytri aðstæðum og vegna þess að þarfir hans hafa ráðið ferðinni í hagstjórn hafa orðið mun meiri lífskjarasveiflur hér á undangengnum áratugum heldur en sjást í þessum spám.

Helstu forsendur.

	1989	1990	1991	1992	1993	1994
Útflutningsframleiðsla:						
Sjávarafurðir:						
magn	-2,0	-4,5	1,0	1,0	1,0	0,0
verð	0,0	5,0	4,0	4,0	4,0	3,0
Ál						
magn	5,5	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
verð	9,2	-5,0	1,5	1,5	1,5	3,0
Kísiljárn						
magn	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
verð	20,9	-5,0	1,7	2,1	2,1	3,0
Kísilgúr						
magn	-7,0	0,0	2,0	2,0	2,0	0,0
verð	-10,0	4,0	2,3	2,4	2,4	3,0
Annað [1]						
magn	16,2	12,0	10,0	5,0	5,0	3,0
verð	-2,9	4,0	2,3	2,4	2,4	3,0
Innflutningsverð:						
Almennur innflutningur án olíu	4,5	4,0	3,0	3,0	3,0	3,0
Eldsneyti	17,7	0,0	2,3	2,3	2,3	3,0
Rekstrarvörur til stóriðju	4,5	4,0	1,5	1,5	1,5	3,0
Hagvöxtur og verðlag erlendis:						
Hagvöxtur	3,3	3,0	3,0	3,0	3,0	3,0
Verðlag framfærslu	4,5	3,0	3,0	3,0	3,0	3,0
Verðlag þjóðarframleiðslu	4,4	3,0	3,0	3,0	3,0	3,0
Libor vextir [2]	10,2	9,7	8,7	8,7	8,7	8,7

1) Aukning er aðallega vegna fiskeldis.
2) 9,3% árið 1988.

Tafla 1. Þjóðhagsyfirlit 1987–1990.

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári, % [1]			
	1987	Bráðab. 1988	Spá 1989	Þjóðhags-áætlun 1990	1987	Bráðab. 1988	Spá 1989	Þjóðhags-áætlun 1990
1. Einkaneysla	131.712	158.200	180.000	204.600	16,4	-4,0	-6,0	-2,0
2. Samneysla	36.791	47.600	55.100	62.900	6,1	4,5	1,0	1,0
3. Fjárfesting	40.465	46.930	54.100	62.100	18,9	-2,0	-8,0	-1,0
4. Neysla og fjárfesting alls	208.968	252.730	289.200	329.600	15,0	-2,1	-5,0	-1,2
5. Birgðabreytingar [2]	-298	2.716	1.200	900	0,8	1,2	-0,7	-0,1
6. Þjóðarútgjöld, alls	208.670	255.446	290.400	330.500	15,9	-0,8	-5,6	-1,4
7. Útflutningur vöru og þjónustu	73.466	84.138	107.100	123.400	4,0	-4,2	1,9	-1,1
8. Innflutningur vöru og þjónustu	74.496	85.280	103.300	118.700	22,9	-3,0	-6,5	-1,8
9. **Verg landsframleiðsla**	**207.640**	**254.304**	**294.200**	**335.200**	**8,7**	**-1,2**	**-2,8**	**-1,1**
10. Vaxtajöfnuður o.fl.	-6.203	-8.333	-12.400	-14.600	.	.	.	.
11. Viðskiptajöfnuður (7.-8.+10.)	-7.233	-9.475	-8.600	-9.900	.	.	.	.
12. **Verg þjóðarframleiðsla (9.+10.)**	**201.437**	**245.971**	**281.800**	**320.600**	**8,7**	**-1,8**	**-3,3**	**-1,4**
13. Viðskiptakjaraáhrif [3]	.	.	.	.	1,9	0,5	-1,3	0,0
14. **Vergar þjóðartekjur (12.+13.)**	**.**	**.**	**.**	**.**	**10,3**	**-1,3**	**-4,6**	**-1,4**
15. Viðskiptajöfnuður sem % af VLF	.	.	.	.	-3,5	-3,7	-2,9	-3,0

1) Magnbreytingar 1987 og 1988 eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1980, en spá fyrir árin 1989 og 1990 á verðlagi fyrra árs.

2) Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutföll af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

3) Hlutfall af þjóðarframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

Tafla 2. Utanríkisviðskipti 1987–1990.

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári, % [1]			
	1987	Bráðab. 1988	Spá 1989	Þjóðhags-áætlun 1990	1987	Bráðab. 1988	Spá 1989	Þjóðhags-áætlun 1990
Útflutningsframleiðsla								
Sjávarafurðir	40.220	45.686	55.790	63.200	6,1	-2,3	-2,0	-4,5
Ál	4.780	6.689	9.600	10.300	10,0	-1,7	5,5	0,0
Kísiljárn	1.273	2.229	3.360	3.600	-8,6	14,7	0,0	0,0
Annað	5.912	7.338	10.250	13.400	20,4	7,1	15,1	11,6
Samtals	52.185	61.943	79.000	90.500	7,5	-0,8	0,9	-1,7
Útflutt skip og flugvélar	570	2.447	900	600	.	.	.	.
Birgðabreytingar	-298	2.716	1.200	900	.	.	.	.
Vöruútflutningur, alls	**53.053**	**61.674**	**78.700**	**90.200**	**3,2**	**-3,0**	**0,9**	**-1,6**
Vöruinnflutningur, alls	**55.020**	**62.234**	**73.900**	**85.200**	**24,9**	**-3,9**	**-9,0**	**-1,2**
Almennur vöruinnflutningur	49.076	53.927	63.550	71.300	24,5	-6,6	-10,2	-4,2
þ.a. olía	3.724	3.658	4.780	5.000	8,2	-4,5	-11,0	-6,6
þ.a. annað	45.352	50.269	58.770	66.300	26,4	-6,8	-10,2	-4,0
Sérstakur vöruinnflutningur	5.944	8.307	10.350	13.900	27,9	17,8	-1,6	17,6
Vöruskiptajöfnuður	**-1.967**	**-560**	**4.800**	**5.000**	.	.	.	.
Útflutt þjónusta (án vaxta o.fl.)	20.413	22.464	28.400	33.200	6,3	-7,4	4,7	0,6
Innflutt þjónusta (án vaxta o.fl.)	19.476	23.046	29.400	33.500	16,5	-0,5	0,6	-3,2
Þjónustujöfnuður (án vaxta o.fl.)	**937**	**-582**	**-1.000**	**-300**	.	.	.	.
Vaxtajöfnuður o.fl.	**-6.203**	**-8.333**	**-12.400**	**-14.600**	.	.	.	.
Viðskiptajöfnuður	**-7.233**	**-9.475**	**-8.600**	**-9.900**	.	.	.	.

1) Magnbreytingar 1987 og 1988 eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1980, en spá fyrir árin 1989 og 1990 eru á verðlagi fyrra árs.

Tafla 3. Fjármunamyndun 1987–1990.

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári, % [1]			
	1987	Bráðab. 1988	Spá 1989	Þjóðhags-áætlun 1990	1987	Bráðab. 1988	Spá 1989	Þjóðhags-áætlun 1990
Fjármunamyndun alls	**40.465**	**46.930**	**54.100**	**62.100**	**18,9**	**-2,0**	**-8,0**	**-1,0**
Þar af:								
Landsvirkjun, járnblendi-verksmiðja og álverksmiðja	770	1.250	2.300	4.500	1,7	37,1	49,6	69,0
Innfl. skip og flugvélar	3.268	5.405	6.500	9.400	61,2	39,6	-7,5	28,0
Útfl. skip og flugvélar	-570	-2.447	-900	-600				
Önnur fjármunamyndun	36.997	42.722	46.200	48.800	17,0	-2,3	-13,3	-9,0
I Atvinnuvegirnir	**21.953**	**24.110**	**25.900**	**28.700**	**21,8**	**-6,8**	**-15,8**	**-4,4**
1. Landbúnaður [2]	2.462	2.400	2.000	1.770	2,1	-17,3	-33,3	-24,0
2. Fiskveiðar	4.192	5.900	4.400	2.100	39,7	17,8	-41,5	-59,0
3. Vinnsla sjávarafurða	1.440	1.500	1.530	1.800	-6,0	-12,7	-20,0	0,0
4. Álverksmiðja	199	130	500	800	31,3	-42,9	215,4	38,0
5. Járnblendiverksmiðja	34	40	200	100	33,3	0,0	310,0	-57,0
6. Annar iðnaður	4.028	4.730	5.050	4.720	8,0	0,0	-16,5	-20,0
7. Flutningatæki	1.774	1.600	4.500	9.400	15,6	-23,2	116,3	83,0
8. Verslunarhúsnæði, skrifstofur o.fl.	4.480	4.020	3.960	3.900	54,3	-23,9	-20,0	-15,0
9. Ýmsar vélar og tæki	3.344	3.790	3.760	4.110	24,5	-2,4	-25,0	-7,0
II Íbúðarhús	**7.494**	**9.270**	**11.650**	**13.500**	**14,0**	**5,0**	**2,0**	**0,0**
III Fjárfesting hins opinbera	**11.018**	**13.550**	**16.550**	**19.900**	**16,3**	**3,5**	**-0,7**	**3,7**
1. Rafvirkjanir og rafveitur	1.250	2.100	2.800	4.780	2,3	42,4	8,4	47,0
2. Vatnsveitur, hitaveitur	930	1.650	2.170	2.000	-6,7	51,5	6,9	-21,0
3. Samgöngumannvirki	5.562	5.300	5.880	6.640	25,6	-19,9	-9,8	-3,0
4. Byggingar hins opinbera	3.276	4.500	5.700	6.480	15,1	16,6	3,0	-2,0

Athugasemdir:

1) Magnbreytingar 1987 og 1988 eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1980, en spá 1989 og 1990 á verðlagi fyrra árs.

2) Fiskeldisstöðvar meðtaldar.

Tafla 4. Tekjur, verðlag og kaupmáttur 1980–1990.

Á mann.

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	Áætlun 1989	Spá 1990
Vísitölur 1980=100											
Tekjur											
Ráðstöfunartekjur	100	159	248	395	505	743	977	1424	1737	1923	2128
Verðlag											
Framfærsluvísitala	100	151	228	420	543	718	871	1034	1297	1569	1822
Byggingarvísitala	100	152	237	405	495	654	814	957	1127	1387	1609
Verðlag einkaneyslu	100	151	230	421	559	740	889	1037	1299	1507	1748
Kaupmáttur [1]											
Ráðstöfunartekjur	100	105	109	94	93	103	112	138	134	123	117

1) Miðað við framfærsluvísitölu.

Tafla 5. Afli og aflaverðmæti 1980–1990.

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	Áætlun 1989	Spá 1990
Í þúsundum tonna											
Þorskur	428	461	382	294	281	323	366	390	376	340	300
Annar botnfiskur	231	255	308	309	284	263	266	294	325	343	330
Síld	53	40	57	59	50	49	66	75	93	90	90
Loðna	760	642	13	133	867	993	898	810	911	900	900
Humar	2	3	3	3	2	2	3	3	2	2	2
Rækja	10	8	9	13	24	25	36	39	30	27	27
Hörpudiskur	9	10	12	15	16	17	16	13	10	13	13
Annað	20	23	5	13	11	8	5	9	11	8	8
Heildarafli	1514	1441	788	839	1536	1680	1656	1632	1758	1723	1670
Breytingar aflaverðmætis á föstu verði,%											
Samtals		2,4	-13,2	-7,8	13,9	6,6	8,7	4,7	0,7	-3,6	-6,5
Samtals án loðnu		5,7	-2,7	-10,3	-2,0	5,3	12,1	6,5	-0,5	-3,9	-7,1

Athugasemd:
Verðlagning miðast við innanlandsverð.

Tafla 6. Yfirlit nokkurra þjóðhagsstærða 1980–1990.

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	Bráðab. 1988	Áætlun 1989	Spá 1990
Vísitölur 1980=100 (á mann)											
Landsframleiðsla	100	103	103	98	101	103	110	118	115	111	109
Þjóðarframleiðsla	100	102	103	97	99	101	108	116	111	107	104
Viðskiptakjör	100	101	101	104	105	104	108	112	114	109	109
Þjóðartekjur	100	103	103	98	100	102	111	121	117	111	108
Þjóðarútgjöld	100	105	109	98	103	105	109	125	122	114	111
Einkaneysla	100	106	110	102	104	108	116	133	126	117	113
Samneysla	100	106	111	115	114	120	127	134	137	137	137
Fjárfesting	100	100	98	85	92	92	91	107	103	93	92
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	100	105	109	94	93	103	112	138	134	123	117
Breyting frá fyrra ári, %											
Landsframleiðsla	4,5	2,9	0,6	-5,1	2,7	2,4	6,7	7,4	-2,8	-3,5	-2,0
Þjóðarframleiðsla	4,4	2,3	0,3	-5,7	2,2	2,1	6,8	7,4	-3,7	-4,3	-2,4
Viðskiptakjör	-3,4	1,1	-0,1	3,3	0,3	-0,8	4,1	3,9	1,2	-3,9	-0,4
Þjóðartekjur	3,2	2,7	0,0	-4,4	2,3	1,9	8,5	9,0	-3,2	-5,6	-2,6
Þjóðarútgjöld	4,6	4,9	3,7	-10,0	5,0	2,1	4,4	14,5	-2,5	-6,6	-2,3
Einkaneysla	2,2	5,8	3,9	-7,3	2,1	3,7	7,2	15,1	-5,7	-6,9	-3,0
Samneysla	1,0	6,1	4,7	3,4	-0,8	5,4	6,0	4,9	2,7	0,0	0,0
Fjárfesting	12,9	-0,2	-1,9	-13,4	8,0	0,7	-1,6	17,3	-3,7	-8,9	-2,0
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	0,6	5,3	3,3	-13,5	-1,1	11,3	8,4	22,8	-2,9	-8,2	-4,9

Sþ. 6. Tillaga til þingsályktunar [6. mál]

um tvöföldun Reykjanesbrautar.

Flm.: Hreggviður Jónsson, Ingi Björn Albertsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta hefja nú þegar undirbúning að tvöföldun Reykjanesbrautar frá Hafnarfirði að Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Skal gert ráð fyrir því að lögð verði önnur akbraut við hliðina á hinni gömlu þannig að fullkomin hraðbraut með algerlega aðskildum akstursstefnum og tveimur akreinum í hvora átt tengi saman þessa tvo staði. Stefnt verði að því að ljúka verkinu fyrir árslok 1992. Þetta verkefni verði tekið út úr vegáætlun og meðhöndlað sem sjálfstætt verkefni óháð langtímaáætlun um vegagerð. Leitað verði leiða til þess að afla fjár til verksins utan vegáætlunar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var fyrst flutt af Kolbrúnu Jónsdóttur og Júlíusi Sólnes á þinginu 1987-88 og síðan endurflutt af Júlíusi Sólnes og Hreggviði Jónssyni á síðasta þingi. Tillagan er nú flutt í þriðja sinn því það er mat flutningsmanna að hér sé um mjög brýnt mál að ræða.

Reykjanesbrautin frá Hafnarfirði til Keflavíkur er fyrsti vegarkafli þjóðvegakerfisins á Íslandi með bundnu slitlagi. Lagning vegarins á árunum 1963 og 1965 markaði tímamót í sögu vegagerðar á Íslandi. Ekki mátti draga það öllu lengur að leggja fullkominn veg milli höfuðborgarsvæðisins og Keflavíkur. Þegar fyrir 20 árum var umferðin á milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins orðin svo mikil að malarvegurinn gamli var orðinn ófullnægjandi.

Með tilkomu nýja vegarins varð mikil breyting til batnaðar. Flutningsgeta jókst gífurlega og öll umferð bíla milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins varð miklu greiðfærari. Þetta olli straumhvörfum í öllum samskiptum milli íbúa þessara svæða og átti sinn þátt í því að efla atvinnulíf á Suðurnesjum. Um svipað leyti og nýi vegurinn var tekinn í notkun var öllu millilandaflugi beint til Keflavíkurflugvallar. Hafa allir flugfarþegar, sem koma og fara frá Íslandi, átt leið um Reykjanesbrautina allar götur síðan. *Reykjanesbrautin er því þjóðvegur allra landsmanna.*

Umferð um Reykjanesbrautina hefur aukist jafnt og þétt, bæði fólksflutningar og vöruflutningar. Í vaxandi mæli eiga vöruflutningar til landsins með flugi þátt í því. Samstarf atvinnufyrirtækja á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu hefur einnig vaxið og það hefur í för með sér aukna umferð. Bættar samgöngur eru höfuðforsenda þess að tengja atvinnulíf þessara tveggja landsvæða saman, þannig að Suðurnesin og höfuðborgarsvæðið geti orðið að einu og sama atvinnusvæði. Þetta skiptir höfuðmáli í sambandi við byggðaþróun á Suðurnesjum og möguleika til þess að nýta til fullnustu þá kosti sem hin nýja Flugstöð Leifs Eiríkssonar hefur upp á að bjóða. Hefur verið talað um tollfrjáls atvinnusvæði í námunda við flugstöðina og eins um byggingu miðstöðvar fyrir erlend viðskipti. Atvinnulíf hefur átt erfitt uppdráttar seinni árin á Suðurnesjum. Mikill samdráttur hefur verið í útgerð og iðnaður og verslun ekki styrkst að sama skapi. Tvöföldun Reykjanesbrautar mundi gjörbreyta allri aðstöðu fyrir Suðurnesjamenn og er næg réttlæting fyrir því að hraða þessari framkvæmd.

Reykjanesbrautin í núverandi mynd fullnægir hvergi nærri þeim kröfum sem verður að gera til höfuðsamgönguæðar milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins. Akstursskilyrði á Reykjanesbrautinni eru oft mjög slæm. Í rigningu og þoku eru umferðaróhöpp tíð. Á veturna myndast oft mikil hálka á örfáum mínútum. Umferðarslys orsakast þá af framúrakstri og útafakstri vegna þess að á veginum er umferð í báðar áttir. Með vaxandi umferð hefur umferðarslysum farið mjög fjölgandi. Á þessum 50 km af 8.300 km þjóðvegakerfi landsins verða 12,3% allra umferðarslysa. Árið 1987 urðu þar alls 172 slys. Kolbrún Jónsdóttir, er var fyrsti flutningsmaður þessarar tillögu á þinginu 1987-88, ræðir þennan þátt í grein í DV 18. september sl. og segir þá m.a.:

„Reykjanesbrautin, eins og hún er í dag, er dauðagildra.

Þar hafa orðið þrjátíu og fjögur dauðaslys á tuttugu og þremur árum. Höfum við efni á að missa þar nú á komandi vetri mörg mannslíf inn í eilífðina vegna þess fjölda slysa sem á brautinni kunna að verða."

Síðar í sömu grein segir Kolbrún:

„Ekki er nóg að setja nýtt slitlag á brautina og ekki er hægt að fræsa hana meira því komið er niður á möl á mörgum stöðum.

Leggja þarf aðra braut við hlið hinnar gömlu með eyju á milli því flest slysin verða við framúrakstur og að bílar aki hver framan á annan."

Stuttu síðar segir Kolbrún enn fremur:

„Enginn annar vegur hefur sambærilega slysasögu, hvort sem mælt er í fjölda slysa, mannslífum eða eignatjóni. Bílum hefur fjölgað frá ári til árs og umferðin þyngist á „svarta veginum" svo að segja dag frá degi.

Nú er vetur í nánd og hálka myndast á brautinni á örfáum mínútum. Eitthvað verður að gerast strax því það getur hver og einn sagt sér að vegur sem á að bera 10.000 bíla á sólarhring á sér mikla slysasögu."

Á fylgiskjali er birt mynd er sýnir slys á Reykjanesbraut á árunum 1970–1987.

Í meðfylgjandi töflu eru tölur sem sýna umferðarþunga og fjölda umferðarslysa á Reykjanesbraut á ári hverju frá því að brautin var fullgerð eins og hún er nú. ÁDU táknar meðalfjölda bíla á sólarhring yfir árið, SDU táknar meðalfjölda bíla á sólarhring sumarmánuðina fjóra og MDU er mesta sólarhringsumferð ársins. Rétt er að taka fram að vegna breytinga á skráningu umferðarslysa þá eru ekki fyrir hendi sambærilegar tölur fyrir árið 1988 og árin á undan.

Umferð og slys á Reykjanesbraut.

Ár	MDU	ÁDU	SDU	Slys á ári
1965		1340		
1966			1530	
1967		1500		
1968		1540		
1969		1630		
1975		2820	3220	
1976			3310	
1977		3250	3540	
1978		3240	3710	
1979		3240	3460	
1980		3120	3530	
1981		3130	3550	
1982	4000	3070	3590	90
1983	3900	3010	3670	110
1984	4100	3180	3930	107
1985	5300	3610	4170	100
1986	5547	3663	4308	124
1987	7802	4663	5428	172
1988	8632	4974	5728	

Eftir nokkra stöðnun á árunum 1978–1982 fer því umferð á Reykjanesbraut greinilega ört vaxandi. Að byggja fullkomna hraðbraut með aðskildum aksturs stefnum er nú jafnnauðsynlegt og það var fyrir 20 árum að leggja veg með bundnu slitlagi milli Keflavíkur og Reykjavíkur.

Sérfræðingar Vegagerðarinnar telja að þegar mesta umferð á sólarhring sé komin í 8.000–10.000 bifreiðar þurfi að skilja akstursstefnur að. Í september 1988 mældist mesta umferð á sólarhring 8.632 bifreiðar. Ekki er ólíklegt að talan verði komin upp í 10.000 bifreiðar á þessu eða næsta ári, enda þekkja þeir sem þurfa að fara um Reykjanesbraut endalausar lestir bifreiða alla leið frá Keflavík til Hafnarfjarðar eða öfugt. Sem fyrst þarf því að fullgera aðra vegbraut og gera nauðsynleg umferðarmannvirki þannig úr garði að nýja flugstöðin við Keflavík og höfuðborgarsvæðið tengist með hraðbraut samkvæmt bestu erlendum fyrirmyndum, hraðbraut sem þolir mikla umferð og mikinn aksturshraða við hagstæð skilyrði. Það skref, sem yrði stigið með því að tvöfalda Reykjanesbrautina, er ekki lokaskref. Gera verður ráð fyrir því að stórauknar samgöngur og vöruflutningar um Flugstöð Leifs Eiríkssonar muni eflaust áður en langt um líður kalla á enn fullkomnari samgöngur. Hugsanlega eigum við eftir að sjá hraðlest á einteinungi fara á milli flugstöðvarinnar og höfuðborgarsvæðisins á 10–20 mínútum.

Samkvæmt upplýsingum Vegagerðar ríkisins er talið að lagning nýrrar akbrautar við hliðina á hinni gömlu með nauðsynlegum lagfæringum og ráðstöfunum vegna flokkunar vegarins sem hraðbrautar kosti um 1 milljarð króna. Sjálf tvöföldun brautarinnar mun kosta um 450–520 milljónir króna, lýsing með allri brautinni um 260 milljónir króna og gerð umferðarmannvirkja á gatnamótum, svo og lagfæring afreina, um 420–560 milljónir króna. Með því að bjóða verkið út til stórra verktaka, jafnt erlendra sem innlendra, má eflaust lækka þennan kostnað verulega.

Fylgiskjal.


REYKJAVÍK
KÓPAVOGUR
GARÐA
BÆR
Flugvöllur
Álftanes
HAFNARFJÖRÐUR
Straumsvík
Í Krísuvík
Kapelluhraun
SKÝRINGAR
Dauðaslys 1970 - 87
Önnur umferðarslys 1986
Vatnsleysu-strönd
Stranda-heiði
Vogar
Ytri-
Innri-Njarðvík
Til Grindavíkur
KEFLAVÍK
Flugvöllur
Í Hafnir

Nd. 7. Frumvarp til laga [7. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Málmfríður Sigurðardóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson,
Kristín Einarsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

1. gr.

13. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 73/1985, orðast svo:

Maki eða annar heimilisfastur einstaklingur, sem annast elli- eða örorkulífeyrisþega og getur af þeim sökum ekki stundað vinnu utan heimilis, á rétt á umönnunarbótum er nemi allt að 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu.

Sá sem annast hefur elli- eða örorkulífeyrisþega í a.m.k. fimm ár samfleytt getur við lát hans eða lok umönnunar öðlast rétt til lífeyris hliðstæðs ekkjulífeyri njóti hann ekki greiðslna frá lífeyrissjóði eða Tryggingastofnun ríkisins og sé af einhverjum ástæðum ekki fær um að stunda vinnu utan heimilis.

Hafi einstaklingur ekki getað stundað vinnu vegna umönnunar elli- eða örorkulífeyrisþega samfleytt undanfarin fimm ár á hann rétt á styrk til starfs- eða endurmenntunar samkvæmt mati tryggingaráðs, í því skyni að fá atvinnu á ný til að framfleyta sér þegar umönnunarstarfi lýkur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um almannatryggingar, sem nú eru í gildi, kveða svo á að greiða megi maka elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Nú er það svo að fleiri en makar kunna að hafa tekið að sér umönnun elli- eða örorkulífeyrisþega. Má þar nefna börn, tengdabörn, skyldmenni eða jafnvel vandalausa sem eru á sama heimili og sá sem umönnunarinnar nýtur. Telja verður eðlilegt að sá sem annast elli- eða örorkulífeyrisþega og getur ekki af þeim sökum stundað vinnu sér til framfæris hljóti einhverjar bætur vegna þess. Hér er kosið að nefna þær „umönnunarbætur". Sú stefna hefur að undanförnu rutt sér til rúms að rétt sé að elli- og örorkulífeyrisþegar njóti aðhlynningar í heimahúsum svo lengi sem þeir óska og fært telst. Flestir una sér best og líður best á eigin heimili og í því umhverfi sem þeir hafa vanist.

Mikill kostnaður fyrir ríkissjóð fylgir vistun einstaklinga á elliheimilum og sjúkrastofnunum. Daggjald fyrir einstakling á elliheimilum var 1. janúar 1989 1593 kr. Daggjöld á hjúkrunarstofnunum voru þá allt frá 2799 kr. þar sem það var lægst og allt að 6353 kr. þar sem það var hæst. 1. janúar 1989 voru 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu 22.030 kr. á mánuði eða um 735 kr. á dag. Af þessum tölum má sjá að þótt almannatryggingar greiddu aðstandendum slíka upphæð vegna umsjár einstaklings, sem annars yrði að vera á stofnun, þá sparaðist ríkinu samt sem áður mikið fé. Þá má einnig líta á það að fólk leggur oft og tíðum hart að sér við að hafa ellihruma eða farlama ættingja í heimahúsum og er sanngirnismál að hið opinbera komi til móts við það.

„Foreldraekkjur" nefna Norðmenn uppkomið fólk sem hefur búið heima og hugsað um sjúka eða fatlaða foreldra eða foreldri sem ekki getur komist af án hjálpar. Yfirleitt eru þetta konur. Við lát foreldris eða umönnunarlok af öðrum ástæðum, svo sem vistunar á sjúkrastofnun, er þetta fólk tíðum mjög illa sett í lífsbaráttunni. Algengt er til sveita að þessar „foreldraekkjur" sitji á jörð sem hefur lítinn sem engan fullvirðisrétt og er því verðlítil eða

verðlaus eign. Yfirleitt eru þetta fullorðnar konur og ógiftar og ekki færar um að reka búskap án aðstoðar. Þær hafa oftar en ekki einangrast inni á heimilinu við einhæf störf og treysta sér ekki út á almennan vinnumarkað vegna ókunnugleika á launuðum störfum en eru ekki komnar á ellilífeyrisaldur. Sjaldnast geta þær talist öryrkjar en lenda milli stafs og hurðar í kerfinu þrátt fyrir að þær með umönnunarstörfum sínum hafi án efa sparað ríkinu stórfé. Þessu frumvarpi er ætlað að rétta hlut þessara einstaklinga og veita störfum þeirra viðurkenningu.

Í norsku tryggingalöggjöfinni eru ákvæði um styrki til starfs- eða endurmenntunar til handa þeim sem langtímum hafa verið bundnir innan heimilis við umönnun sjúkra, aldraðra eða öryrkja til að auðvelda þeim að framfleyta sér af eigin rammleik. Við samningu þessa frumvarps hefur verið stuðst við norsk tryggingalög og tekið mið af því hvernig þar er staðið að bótum til þeirra sem þessu frumvarpi er ætlað að ná til.

Þetta frumvarp var áður flutt á 111. löggjafarþingi og er nú endurflutt óbreytt ásamt óbreyttri greinargerð.

Sþ. 8. Fyrirspurn [8. mál]

til iðnaðarráðherra um húshitunarkostnað.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hversu mikill munur er á húshitunarkostnaði sambærilegs íbúðarhúsnæðis hjá viðskiptavinum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða annars vegar og Hitaveitu Reykjavíkur hins vegar?
2. Hversu mikið yfirtók ríkissjóður í sumar af skuldum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða og hve mikið lækkaði raforkuverð vegna þessara aðgerða?
3. Til hvaða annarra aðgerða ætlar ríkisstjórnin að grípa á næstunni til að jafna húshitunarkostnað?

Sþ. 9. Fyrirspurn [9. mál]

til heilbrigðisráðherra um PCB-mengun.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hversu víða hefur orðið vart við PCB-mengun hérlendis og í hvaða mæli?
2. Til hvaða ráðstafana hefur verið gripið til að koma í veg fyrir meiri mengun af völdum PCB-efna?
3. Hvaða rannsóknir fara fram eða eru fyrirhugaðar til að fylgjast með PCB-mengun?

Sþ. 10. Fyrirspurn [10. mál]

til forsætisráðherra um atvinnumálanefndir.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hverjir eiga sæti í atvinnumálanefndum sem skipaðar hafa verið á þessu ári af forsætisráðherra og hagstofuráðherra?
2. Hvert er verksvið þessara nefnda hvorrar um sig og hvenær er þeim ætlað að ljúka störfum?

Sþ. 11. Fyrirspurn [11. mál]

til félagsmálaráðherra um sjóðsstöðu og ríkisframlög til Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Frá Guðmundi H. Garðarssyni.

1. Hvernig hefur framlag ríkissjóðs til Húsnæðisstofnunar ríkisins breyst á síðustu árum miðað við samkomulag aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar í febrúar 1986? Óskað er yfirlits til 30. sept. 1989.
2. Hversu stór hluti af framlagi ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum viðkomandi ára barst til Húsnæðisstofnunar? Óskað er sérstakrar sundurliðunar eftir mánuðum tímabilið 1. okt. 1988 til 30. sept. 1989.
3. Hver hefur verið mánaðarleg sjóðsstaða Húsnæðisstofnunar tímabilið 1. jan. 1988 til 30. sept. 1989? Óskað er að tilgreint sé sérstaklega hvernig sjóðsstöðu stofnunarinnar hefur verið háttað gagnvart Seðlabanka Íslands á umræddu tímabili.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 12. Tillaga til þingsályktunar [12. mál]

um kjarnorkuafvopnun á norðurhöfum.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Kristín Einarsdóttir, Guðmundur G. Þórarinsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hafa frumkvæði að því að kveðja hið fyrsta saman alþjóðlega ráðstefnu til að ræða um afvopnun á höfunum og undirbúa samningaviðræður með sérstöku tilliti til kjarnorkuafvopnunar á norðurhöfum. Jafnframt verði leitað eftir því við ríki sem eiga kjarnorkukafbáta og kjarnorkuknúin skip í norðurhöfum að þau takmarki umferð þeirra í grennd við Ísland og að aðrar tiltækar ráðstafanir verði gerðar til að bægja frá hættu af geislamengun vegna slysa og óhappa.

Greinargerð.

Eitt brýnasta verkefni á sviði afvopnunarmála er að samningaviðræður hefjist um stöðvun kjarnorkuvígbúnaðar og afvopnun á höfunum. Engar formlegar viðræður eiga sér nú stað um þetta efni og höfin eru þannig orðin eina sviðið sem ekki er fjallað um í afvopnunarviðræðum með þátttöku risaveldanna.

Eftir að Bandaríkin og Sovétríkin gerðu með sér samning um eyðingu skammdrægra og meðaldrægra eldflauga í Evrópu í desember 1987 hefur sú hætta blasað við að stórveldin ykju kjarnorkuvígbúnað í höfunum, ekki síst á norðurslóðum.

Nú er talið að til séu um 14.000 kjarnorkuvopn ætluð til notkunar í sjóhernaði og þeim fjölgar stöðugt. Stór hluti þessara vopna er tengdur kjarnorkuknúnum kafbátum og skipum sem sigla um norðurhöf.

Fjöldi slysa og hættulegra bilana hefur orðið í kjarnorkuherbúnaði á höfunum.

Skemmst er að minnast þess er sovéskur kjarnorkukafbátur fórst í Norður-Íshafinu suðvestur af Bjarnarey 7. apríl sl. og með honum yfir 40 sjóliðar. Það er þriðji sovéski kjarnorkukafbáturinn sem farist hefur frá 1983 og árið 1970 fórst sovéskur kjarnorkukafbátur undan strönd Spánar vegna bilana í kjarnakljúf. Það er sérstök mildi að ekki hefur orðið meiri

háttar geislamengun vegna þessara atburða. Bandarísk stjórnvöld hafa viðurkennt mörg alvarleg kjarnorkuslys á liðnum áratugum, m.a. svonefndar „brotnar örvar".

Á árunum 1965–1977 er talið að orðið hafi 380 slys og óhöpp sem tengdust kjarnorkuvopnum bandarískra sjóhersins. Helstu orsakir slíkra slysa og bilana eru rakin til mannlegra mistaka og bilana í tækjabúnaði.

Kjarnorkuvígbúnaðurinn á norðurhöfum felur ekki aðeins í sér stórfellda hættu fyrir heimsfriðinn heldur er í honum fólgin sérstök ógnun við efnahag þeirra þjóða sem mest eiga undir nýtingu sjávarauðlinda. Aukin geislavirkni í höfunum vegna bilana í kjarnorkukafbátum og skipum sem knúin eru með kjarnorku getur stofnað fiskistofnum og öðru lífríki hafsins í hættu. Jafnvel þótt aukin geislavirkni mælist ekki í kjölfar slysa getur umtalið eitt nægt til að skaða markaðsstöðu þeirra ríkja sem veiðar stunda í grennd við slysstað.

Íslenskir forsætis- og utanríkisráðherrar hafa lagt á það áherslu í ræðum á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna mörg undanfarin ár að afvopnun á höfunum sé sérstakt áhugamál Íslendinga og hafa lýst áhyggjum yfir þróun í gagnstæða átt. Núverandi utanríkisráðherra hefur tekið afvopnun á höfunum upp á alþjóðavettvangi, m.a. innan Atlantshafsbandalagsins, en ekki fengið þær undirtektir við óskum íslenskra stjórnvalda um þetta efni.

Hættan af geislavirkni í hafinu í kjölfar óhappa er ein út af fyrir sig næg ástæða til þess að Íslendingar hafi frumkvæði að því að reyna að koma af stað samningaviðræðum um afvopnun á höfunum og að dregið verði úr hættu á geislavirkni vegna bilana og leka í kjarnorkukafbátum. Íslendingar hafa þess utan gildar ástæður og góða stöðu til þess að knýja á um slíkar viðræður. Við erum smáþjóð sem engum ógnar og vill friðsamleg samskipti við aðrar þjóðir.

Leiðtogafundurinn í Reykjavík haustið 1986 markaði viss tímamót í sögu afvopnunarmála. Framkvæmd hans tókst vel og því væri vel til fallið að Ísland yrði á ný vettvangur afvopnunarviðræðna sem tengjast höfunum og norðurslóðum sérstaklega.

Í þingsályktunartillögunni er ekki kveðið á um það í einstökum atriðum hvernig standa skuli að undirbúningi alþjóðaráðstefnunnar eða hverjum skuli boðið að sækja hana. Eðlilegt er að ríkisstjórnin og utanríkisráðherra móti um það stefnu í samráði við utanríkismálanefnd Alþingis.

Sjálfsagt virðist þó að leitað verði m.a. eftir þátttöku þeirra ríkja sem halda úti kjarnorkukafbátum í norðurhöfum, en það eru Bandaríkin, Sovétríkin, Bretland og Frakkland, einnig að öll Norðurlöndin, Kanada og Írland ættu hlut að ráðstefnunni, svo og Atlantshafsbandalagið og Varsjárbandalagið. Eðlilegt má og telja að leitað verði eftir stuðningi framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna vegna undirbúnings ráðstefnunnar.

Rétt er að ríkisstjórnin í samvinnu við utanríkismálanefnd dragi ramma um verkefni og dagskrá ráðstefnunnar í einstökum atriðum eftir að hugmyndin hefur verið reifuð af utanríkisráðherra við væntanleg þátttökuríki. Meginverkefni ráðstefnunnar yrði augljóslega að fjalla um hætturnar af auknum kjarnorkuvígbúnaði á höfunum, takmörkun slíks vígbúnaðar og undirbúning samningaviðræðna um afvopnun á höfunum með sérstöku tilliti til norðurslóða.

Þá gerir tillagan ráð fyrir að ríkisstjórnin leiti eftir því við kjarnorkuveldin fjögur sem eiga kjarnorkukafbáta og kjarnorkuknúin skip í norðurhöfum að þau dragi úr umferð þeirra við Ísland. Þeirri stefnu þarf að vinna fylgi að ekki verði farið inn í íslenska efnahagslögsögu með kjarnavopn og kjarnorkuknúin skip og kafbáta.

Nauðsynlegt er einnig að íslensk stjórnvöld séu við því búin að bregðast við geislamengun sem hlotist gæti m.a. af bilunum, leka eða öðrum óhöppum í kjarnorkuknúnum kafbátum og skipum og vegna kjarnorkuvopna, einnig frá flugvélum.

Í því sambandi er eðlilegt að koma á sem víðtækustu alþjóðlegu samstarfi til að draga með öllum tiltækum ráðum úr vá vegna geislamengunar.

Tillaga sama efnis var lögð fram seint á síðasta þingi og komst þá ekki til umræðu. Því er þetta mál nú endurflutt.

Sþ. 13. Fyrirspurn [13. mál]

til sjávarútvegsráðherra um klak- og eldisstöð fyrir sjávarfiska.

Frá Hreggviði Jónssyni.

Hvað líður athugun á þingsályktunartillögu um klak- og eldisstöð fyrir sjávarfiska sem vísað var til ríkisstjórnarinnar 11. maí 1988?

Sþ. 14. Fyrirspurn [14. mál]

til menntamálaráðherra um undanþágu frá skólaskyldu og starfstíma grunnskóla.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur.

1. Hve margir starfandi grunnskólar hafa nú undanþágu frá fullri skólaskyldu eða starfstíma skóla, samkvæmt heimild í 5. gr. laga um grunnskóla, nr. 63/1974, með áorðnum breytingum? Svar óskast sundurliðað eftir fræðsluumdæmum.
2. Hve margir skólanna njóta undanþágu skv. 1. gr. grunnskólalaga annars vegar og 41. gr. hins vegar? Hve lengi hafa þeir haft þessar undanþágur og hvenær falla þær úr gildi?
3. Hve margir nemendur á aldrinum 7–16 ára njóta nú ekki fræðslu í sínu skólahverfi vegna undanþáguheimilda um skyldu ríkis og sveitarfélaga til „. . . að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 7 til 16 ára . . .“ eins og segir í 1. gr. grunnskólalaga? Svar óskast sundurliðað eftir fræðsluumdæmum.
4. Hvernig er af hálfu yfirvalda menntamála staðið að fræðslu og aðbúnaði þeirra sem ekki eiga þess kost að stunda skyldunám í sínu skólahverfi?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 15. Fyrirspurn [15. mál]

til menntamálaráðherra um kennara og leiðbeinendur í grunnskólum og framhaldsskólum.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur.

1. Hvert er hlutfallið milli grunnskólakennara og leiðbeinenda í fræðsluumdæmum landsins miðað við fullt stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar?
2. Hvert er hlutfallið milli framhaldsskólakennara og leiðbeinenda í fræðsluumdæmum landsins miðað við fullt stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar?
3. Hve margir leiðbeinendur á hvoru skólastigi fyrir sig starfa við stundakennslu?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 16. Fyrirspurn [16. mál]

til fjármálaráðherra um lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks.

Frá Málmfríði Sigurðardóttur.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um lífeyrisréttindi þeirra sem eingöngu sinna heimilis- og umönnunarstörfum sem samþykkt var á Alþingi 19. mars 1987?

Sþ. 17. Fyrirspurn [17. mál]

til ráðherra Hagstofunnar um eignarskatt á Norðurlöndum.

Frá Hreggviði Jónssyni.

1. Er eignarskattur af íbúðarhúsnæði í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð mismunandi eftir eignaformi, þ.e. einkaeign, félagaeign eða opinberri eign?
2. Hversu hár er eignarskattur í hverju þessara landa fyrir sig og með hvaða hætti er hann reiknaður?
3. Hvernig er eignarskattsstofn íbúðarhúsnæðis ákvarðaður af hinu opinbera í þessum löndum? Eru til opinberar skrár um allt íbúðarhúsnæði í þessum löndum?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 18. Fyrirspurn [18. mál]

til ráðherra Hagstofunnar um fasteignaskatt á Norðurlöndum.

Frá Hreggviði Jónssyni.

1. Er fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð mismunandi eftir eignaformi, þ.e. einkaeign, félagaeign eða opinberri eign?
2. Hversu hár er fasteignaskattur í hverju þessara landa fyrir sig og með hvaða hætti er hann reiknaður?
3. Er til opinbert fasteignamat á íbúðarhúsnæði í þessum löndum og eru allar slíkar eignir á skrá?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 19. Tillaga til þingsályktunar [19. mál]

um ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1989.

Flm.: Friðjón Þórðarson, Alexander Stefánsson, Óli Þ. Guðbjartsson, Margrét Frímannsdóttir, Árni Gunnarsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Alþingi ályktar að beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að hrint verði í framkvæmd ályktunum Vestnorræna þingmannaráðsins sem samþykktar voru á fundi ráðsins í Stykkishólmi í júní síðastliðnum og prentaðar eru með ályktun þessari sem fylgiskjal.

Greinargerð.

Aðalfundur Vestnorræna þingmannaráðsins var haldinn í Stykkishólmi 14.–16. júní 1989. Ráðið var formlega stofnað í Nuuk á Grænlandi í september 1985. Hlutverk þess er að annast samstarf þjóðþinga Færeyinga, Grænlendinga og Íslendinga og fjalla um sameiginleg hagsmunamál landanna.

Samkvæmt stofnskránni, sem samþykkt var á Alþingi 19. desember 1985, hefur ráðið einungis tillögurétt í málum en ekki ákvörðunarvald.

Sendinefndir þær, er sækja hina árlegu fundi ráðsins, eiga að sjá um að kynna þær tillögur, sem samþykktar eru, fyrir þingi og stjórn í heimalöndum sínum.

Hinir árlegu fundir hafa verið haldnir til skiptis á Grænlandi, Íslandi og í Færeyjum: Í Nuuk 1985, á Selfossi 1986, í Þórshöfn 1987, í Ilulissat (Jakobshavn) 1988 og í Stykkishólmi 1989. Næsti fundur ráðsins verður að ári í Færeyjum.

Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins skipa þeir alþingismenn er flytja þessa tillögu til þingsályktunar. Þeir eru kjörnir til eins árs í senn, einn frá hverjum þingflokki. Stjórn Vestnorræna þingmannaráðsins er kosin á aðalfundi ár hvert. Formaður er nú Friðjón Þórðarson, en fyrri varaformaður Jóngerð Purkhus Færeyjum og annar varaformaður Preben Lange Grænlandi.

Fylgiskjal.

VESTNORRÆNA ÞINGMANNARÁÐIÐ

Ályktanir 5. fundar ráðsins í Stykkishólmi
13.–15. júní 1989.

I.

Vestnorræna þingmannaráðið beinir þeim tilmælum til landsstjórna Færeyja og Grænlands og ríkisstjórnar Íslands að þær veiti fé á fjárlögum næstu þrjú ár til vestnorrænu ferðamálanefndarinnar til kynningarstarfs, áætlanagerðar og markaðsrannsókna á sviði ferðamála í löndunum þremur.

II.

Vestnorræna þingmannaráðið samþykkir að skora á landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands að vinna að því að skipuleggja kennaraskipti á grunnskóla- og framhaldsskólastigi milli landanna þriggja.

III.

Vestnorræna þingmannaráðið beinir þeim tilmælum til Alþingis Íslendinga að skrifstofa Norðurlandaráðs í Reykjavík annist fyrst um sinn verkefni stjórnunarlegs eðlis fyrir ráðið. Enn fremur að Alþingi veiti til þess nauðsynlegt fé og aðstöðu.

IV.

Vestnorræna þingmannaráðið ályktar að skora á landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands að þær geri árið 1992 að sérstöku vestnorrænu ári. Megináherslan verði lögð á jafnréttismál karla og kvenna, umhverfismál og æskulýðsmál. Ráðstefna um jafnrétti verði haldin á Íslandi, ráðstefna um umhverfismál á Grænlandi og um æskulýðsmál í Færeyjum. Enn fremur skorar ráðið á stjórnvöld að þau veiti nægilegt fé til þessara mála og tilnefni hvert einn fulltrúa til að undirbúa vestnorrænt ár 1992.

Yfirlýsing.

Með tilvísun til ályktunar nr. 4, sem samþykkt var á fundi Vestnorræna þingmannaráðsins í Ilulissat 1988, vill ráðið lýsa áhyggjum sínum af hernaðarumsvifum á Norður-Atlantshafi og hvetur stjórnvöld viðkomandi landa til að hrinda í framkvæmd þeim tillögum sem birtar eru

í ályktuninni, m.a. með því að kalla strax til hóp sérfræðinga til að annast fyrrnefnd umhverfisvandamál. Ráðið skorar því á landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands að þær geri allt sem í þeirra valdi stendur til að beita stórveldin þrýstingi í því skyni að flýta afvopnun á Norður-Atlantshafi.

Ráðið lýsir yfir miklum áhyggjum af auknum siglingum kjarnorkuknúinna skipa og kafbáta á þessu hafsvæði. Er það mat ráðsins að öllu máli skipti fyrir umhverfi landanna þriggja og tilvist að höfin verði gerð kjarnorkuvopnalaus.

Sþ. 20. Tillaga til þingsályktunar [20. mál]

um skipulag til verndunar vatnsbóla.

Flm.: Kristín Einarsdóttir, Páll Pétursson, Hjörleifur Guttormsson, Árni Gunnarsson, Guðmundur Ágústsson, Salome Þorkelsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir að umhverfi allra byggðakjarna á landinu verði rannsakað og skipulagt með tilliti til nýtingar og verndunar grunnvatns.

Á skipulagsuppdráttum þéttbýlisstaða verði sýnd fyrirhuguð þróun byggðar, friðlýst svæði og önnur landnotkun.

Jafnframt verði gerð kort af jarðfræði og grunnvatnskerfum á viðkomandi svæðum með tilliti til vatnsbóla.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 111. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Allsherjarnefnd fékk tillöguna til meðferðar og leitaði umsagnar allmargra aðila. Tillagan er endurflutt óbreytt þar sem umsagnaraðilar töldu að brýnt væri að taka á þeim málum sem tillagan nær til.

Í umsögn skipulagsstjórnar ríkisins um tillöguna kemur fram að unnið hefur verið að endurskoðun laga um vatnsréttindi, vatnstöku og vatnsvernd, en tillögur hafi strandað í stjórnkerfinu. Skipulagsstjórn telur eðlilegt að gert verði allsherjarátak í samráði við Hollustuvernd ríkisins, Náttúruverndarráð, Orkustofnun og hlutaðeigandi sveitarfélög á þessu sviði. Náttúruverndarráð tekur undir tillöguna og telur reyndar að ganga ætti lengra. Ráðið bendir á að enginn sérstakur aðili fari með eftirlit með því að grunnvatn sé ekki mengað. Samband íslenskra sveitarfélaga mælir með samþykkt tillögunnar. Í umsögn Orkustofnunar er bent á að vatnsöflun sé verkefni sveitarfélaga en ekki ríkisins. Tillagan gerir ekki ráð fyrir breytingu á því, heldur að samvinna opinberra aðila verði með þeim hætti að tryggð verði verndun grunnvatnskerfa landsins.

Íslendingar hafa löngum hælt sér af því að eiga besta vatn í heimi. Sagt er að hér sé hægt að drekka vatn úti í náttúrunni úr lækjum og vötnum og að vatnið í vatnskrönum heimahúsa sé alls staðar drykkjarhæft. Þótt þetta sé sannmæli um marga staði á það því miður ekki við um alla. Sums staðar er neysluvatn jafnvel svo mengað að talið hefur verið varhugavert að nota það óhreinsað.

Mikil hætta getur stafað af mengun á vatnasviðum vatnsbóla. Gildir það jafnt um yfirborðsvatn sem grunnvatn. Þótt grugg síist oftast alveg frá í grunnvatni og mikill hluti bakteríugróðurs deyi út á löngum ferli grunnvatnsins neðan jarðar geta borist efni í grunnvatn sem ekki eyðast auðveldlega. Efni berast með vatni frá yfirborði niður í grunnvatn og geta flust með því langar leiðir eftir sprungum og glufum í berginu. Efni, sem komist hafa í jarðveg, geta eftir fjölda ára borist í vatnsból þéttbýlisstaða. Kalt grunnvatn hér á landi er talið vera nokkurra ára gamalt upp í nokkurra áratuga gamalt.

Yfirborðsvatn er opið fyrir mengun. Grugg og óhreinindi berast í það í flóðum og leysingum, auk þess sem það getur orðið fyrir áfoki. Vatnið er ekki verndað fyrir úrgangi, fugladriti og hræjum fugla og fénaðar.

Meðal þess, sem veldur mengun, má telja ýmiss konar atvinnurekstur, mannvirkjagerð, efnistöku, ruslahauga og urðun sorps. Umferð vélknúinna farartækja, útivist og sumarbústaðir geta einnig valdið mengun, einkum þar sem ekki er gert ráð fyrir nauðsynlegri hreinlætisaðstöðu og eyðingu úrgangs og annarra mengandi efna.

Frágangi vatnsbóla er víða ábótavant þótt breyting hafi orðið til hins betra á því sviði hin seinni ár, einkum hjá nýlegum vatnsveitum. Einkum eru brögð að því að ekki sé nógu vel komið í veg fyrir írennsli yfirborðsvatns og að skepnum sé ekki haldið nógu langt frá með girðingum.

Eitt af vandamálunum, sem fylgir þéttri byggð, er losun sorps og eyðing þess. Eiturefnum og ýmsum hættulegum efnum hefur verið fleygt út í náttúruna án þess að hugsað væri um afleiðingarnar. Þar er ekki síst mikilvægt að taka tillit til vatnsbóla, bæði núverandi vatnsbóla og ekki síður til þeirra staða sem kunna að verða nýttir til vatnsöflunar síðar.

Nú sjá heilbrigðisfulltrúar á hverjum stað um að fylgjast með gæðum neysluvatns. Oftast er þar eingöngu um mælingu á gerlamagni í vatninu að ræða. Minna er um reglulegar mælingar á annarri mengun af völdum ólífrænna eða lífrænna efna. Mengun af völdum slíkra efna getur haft mjög skaðlegar afleiðingar fyrir menn og skepnur ekki síður en gerlamengun. Nauðsynlegt er því að setja staðla um mengandi efni í neysluvatni og gera á því reglulegar mælingar. Til þess þarf að gera úttekt á vatnstökusvæðum og aðrennslissvæðum þeirra. Jafnframt þarf að endurskoða löggjöf um vatnsréttindi, vatnstöku og vatnsvernd og samræma hana kröfum tímans. Samhæfa verður eftirlit með vatnstöku, vatnsnýtingu og vatnsvernd á landinu, þar með talið mengunar- og hollustueftirlit.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir hvernig æskilegt er að framtíðarskipulag þéttbýlisstaða þróist. Land er nýtt fyrir íbúðabyggð, atvinnuhúsnæði, til landbúnaðar eða útivistar. Þau svæði, sem eru ætluð til útivistar, eru nú vernduð eða friðlýst en slík friðun nær ekki til vatnsbóla.

Til þess að hægt sé að gera skipulagsuppdrætti af því tagi sem hér er gert ráð fyrir þarf að kortleggja jarðlög undir yfirborði, ekki síður en landið ofan jarðar. Gerð jarðlaga, halli, sprungur, gangar og fleira skipta verulegu máli þegar meta á landsvæði með tilliti til nýtingar. Jarðfræðikort af slíkum svæðum eru því mikilvæg til að geta skipulagt æskilega landnotkun og meta hvar mengunarhætta við vatnsból er mikil.

Þessa kortlagningu þyrfti að tengja öllu skipulagi og því er rétt að það ráðuneyti, sem fer með skipulagsmál, nú félagsmálaráðuneyti (Skipulagsstjórn ríkisins), hafi um það forustu. Eðlilegt er að við gerð kortanna verði samvinna milli Skipulagsstjórnar ríkisins, Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndarráðs, Orkustofnunar og e.t.v. fleiri aðila.

Tillaga þessi felur í sér að skipulega verði aflað þekkingar á náttúruauðlindinni *ferskvatn* og mótuð stefna um nýtingu hennar og vernd. Markmiðið er að tryggja verndun grunnvatnskerfa fyrir mengun svo að þau geti gefið af sér gott neysluvatn fyrir vaxandi byggð. Jafnframt því þarf að leiða í ljós hvert ástand vatnsbóla er um land allt og ráða bót á þar sem þess er talin þörf.

Verkefni, eins og það sem hér um ræðir, fellur eðlilega undir starfssvið þess ráðuneytis sem mun fara með stjórn umhverfismála þegar loks kemur að því að sérstöku ráðuneyti verður falin yfirstjórn þeirra.

Nd. 21. Frumvarp til laga [21. mál]

um breytingu á lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson, Alexander Stefánsson, Ólafur Þ. Þórðarson.

1. gr.

1. málsl. 1. mgr. 21. gr. laganna orðast svo:

Fyrir stimplun hlutabréfa, sem gefin eru út af félögum með takmarkaða ábyrgð, skal greiða ½% af fjárhæð bréfanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, 396. mál, en varð ekki útrætt. Því fylgdi svohljóðandi greinargerð:

Með frumvarpi þessu er lagt til að stimpilgjald hlutabréfa lækki úr 2% af fjárhæð bréfanna í ½%.

Um þessar mundir mun það samdóma álit fjölmargra í þjóðfélaginu að mikil nauðsyn sé að auka eigið fé fyrirtækja. Margt kemur þar til. Á undanförnum árum hefur gengið mjög á eigið fé fyrirtækja í mörgum greinum, ekki síst í útflutnings- og samkeppnisgreinum. Lánsfé er dýrt og vextir háir vegna mikillar eftirspurnar eftir lánsfé. Allt ber því að sama brunni þ.e. æskilegt er að fyrirtæki auki eigið fé sitt. Á það er hins vegar að líta að það er kostnaðarsamt að auka hlutafé vegna stimpilgjalda. Auki fyrirtæki hlutafé sitt um t.d. 50 millj. kr. ber því að greiða 1 millj. kr. í ríkissjóð í stimpilgjöld af hlutabréfunum.

Ekki síst við þær aðstæður, sem nú ríkja í þjóðfélaginu, er ástæða til að hvetja fyrirtækin til að auka hlutafé. Því er með þessum frumvarpsflutningi lagt til að stimpilgjald lækki í ½%.

Nd. 22. Frumvarp til laga [22. mál]

um breyting á byggingarlögum, nr. 54/1978.

Flm.: Birgir Ísleifur Gunnarsson.

1. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Byggingarnefnd fer með byggingarmálefni sveitarfélags undir yfirstjórn sveitarstjórnar.

2. gr.

7. og 8. mgr. 8. gr. laganna falli brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Krafan um sjálfstæði sveitarfélaganna í landinu er mjög rík, enda felur hún í sér valddreifingu, dregur úr miðstýringu ríkisstofnana í Reykjavík og treystir byggð í landinu.

Alþingi samþykkti ný sveitarstjórnarlög með lögum nr. 8/1986. Í 1. gr. þeirra laga er veruleg breyting frá eldri lögum til að tryggja sjálfstæði sveitarfélaga. Í 1. gr. eldri

sveitarstjórnarlaga, nr. 58/1961, segir: „Ríkið skiptist í sveitarfélög, sem ráða sjálf málefnum sínum, undir yfirstjórn ríkisstjórnarinnar (félagsmálaráðuneytisins), samkvæmt því sem lög ákveða.“ Í núgildandi sveitarstjórnarlögum segir í 1. mgr. 1. gr.: „Byggðin í landinu skiptist í staðbundin sveitarfélög sem stýra sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð.“ Þarna er mörkuð mjög skýr stefna um sjálfstæði sveitarfélaganna og ábyrgð þeirra á ákvörðunum og gerðum stjórnenda þeirra.

Oft hefur verið tilhneiging til þess í löggjöf að setja ríkisvaldið yfir sveitarfélögin í ýmsum málaflokkum og ríkisstofnanir látnar ráðskast með málefni þeirra. Einn slíkur málaflokkur er byggingarmálefni. Fáa málaflokka er hægt að hugsa sér þar sem staðarþekking og nálægð við verkefnin nýtur sín betur en í byggingarmálum. Þrátt fyrir það er sveitarfélögum ekki treyst fyrir meðferð þessara mála að öllu leyti í byggingarlögum, nr. 54/1978. Í þeim lögum eru félagsmálaráðuneytinu falin yfirráð yfir sveitarstjórnum sem kemur m.a. fram í því að ráðuneytið á að úrskurða ef ágreiningur ris milli sveitarstjórnar og byggingarnefndar og enn fremur á það að úrskurða ef einhver telur rétti sínum hallað og getur þá fellt úr gildi ákvarðanir sveitarstjórnar og byggingarnefndar. Ákvæði af þessu tagi stangast alveg á við nútímahugmyndir um vald, ábyrgð og sjálfstæði sveitarfélaganna. Þetta frumvarp er flutt til að afnema ákvæði af þessu tagi og til að treysta sjálfstæði sveitarfélaga í byggingarmálum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er fellt niður ákvæði þess efnis að byggingarnefnd starfi undir yfirstjórn sveitarfélags og ráðuneytis, en sveitarstjórn ein sett í staðinn.

Um 2. gr.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að felldar séu niður úr 8. gr. byggingarlaga tvær málsgreinar, þ.e. 7. og 8. mgr. Í 7. mgr. segir að rísi ágreiningur milli sveitarstjórnar og byggingarnefndar um afgreiðslu máls skeri félagsmálaráðherra úr en leita skuli hann áður umsagnar skipulagsstjórnar. Óeðlilegt er að ráðherra skeri úr slíkum ágreiningi. Sveitarstjórn á að hafa ákvörðunarvald um einstakar afgreiðslur byggingarnefndar eins og um afgreiðslu allra annarra nefnda sem starfa á vegum sveitarstjórna.

Í 8. mgr. segir að telji einhver rétti sínum hallað með ályktun byggingarnefndar eða sveitarstjórnar sé honum heimilt að skjóta mati sínu til úrskurðar félagsmálaráðherra og er síðan í þeirri málsgrein fjallað nánar um málsmeðferð. Mun eðlilegra er að með slík mál sé leitað til dómstóla en til pólitísks ráðherra og því er lagt til að málskotsréttur til félagsmálaráðherra sé felldur niður.

Hér má benda á að aukið hefur verið aðhald í opinberri stjórnsýslu með stofnun embættis umboðsmanns Alþingis.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 23. Tillaga til þingsályktunar [23. mál]

um þátttöku varnarliðsins í gerð þjóðvega hér á landi.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að kanna hvort varnarlið Bandaríkjanna á Íslandi og Mannvirkjasjóður Atlantshafsbandalagsins séu reiðubúin til að taka þátt í gerð þjóðvega hér á landi. Ráðherra skili Alþingi skýrslu um málið fyrir 1. nóv. 1990.

Greinargerð.

Bandaríkin tóku að sér að verja lýðveldið Ísland með varnarsamningi frá 5. maí 1951 á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins. Þremur dögum seinna sté bandarískur her á land og hefur dvalið hér síðan.

Þau ríki, sem taka að sér að vernda aðrar þjóðir, mega ekki láta staðar numið við moldina, heldur verður vernd þeirra að ná til fólksins í landinu. Hluti af þeim viðbúnaði eru greiðar samgöngur um landið og opnar leiðir frá hættusvæðum ef til styrjaldar kemur. Á sama hátt eru vel búin byrgi fyrir almenning á ófriðartímum hluti af þeim vörnum fólksins sem búast má við.

Á sínum tíma munu Bandaríkin og Mannvirkjasjóðurinn hafa verið reiðubúin til að leggja akveg frá Keflavíkurflugvelli og að herstöðinni í Hvalfirði utan við byggð, einnig að taka þátt í að leggja núverandi Keflavíkurveg og þá mun jafnframt hafa verið nefnt að hafa hann tvær aðskildar akreinar til að draga úr slysahættu. Þátttaka þeirra mun hafa komið til tals við gerð á stórri höfn við Njarðvík og ýmsum fleiri mannvirkjum hér á landi eins og nýju flugstöðinni. Síðast en ekki síst skal nefnt boð frá bandaríska hernum um að leggja tvöfaldan akveg frá Reykjavík til Akureyrar samkvæmt áætlun um að þjálfa verkfræðisveitir hersins við að leggja vegi við aðstæður ápekkar þeim sem eru á heimskautasvæðum. Öllum þessum viðræðum var hafnað.

Því er rétt að kanna hvort bandarískri herinn og Mannvirkjasjóður Atlantshafsbandalagsins eru reiðubúin til að ræða þessa vegagerð nú með hliðsjón af því að varnarliðið hefur ekki greitt vegagjöld á Íslandi eins og aðrir vegfarendur. Vel er hægt að hugsa sér að fyrsta skrefið sé að tvöfalda Reykjanesbrautina frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar til Reykjavíkur og draga þannig úr vaxandi slysahættu á þeirri leið. Síðan mætti halda áfram ferðinni umhverfis landið að öllum athafnasvæðum varnarliðsins og aftur til Keflavíkurflugvallar um sunnanvert Reykjanes. Full ástæða er til að reikna með væntanlegum varaflugvelli og tengja hann við þjóðvegakerfið með vegi yfir hálendið.

Að lokum er rétt að velja jafnan skemmstu leið á milli byggða eftir föngum og losna við ófærð og slysahættu með því að gera göng í gegnum fjöll og múla jafnt sem undir langa firði. Þetta á einkum við um þjóðvegi á Vestfjörðum, Austurlandi og hluta Norðurlands og í Hvalfirði. Þessi göng má síðan nota sem byrgi á vegum Almannavarna fyrir fólk að leita skjóls í ef til tíðinda dregur.

Sþ. 24. Tillaga til þingsályktunar [24. mál]

um byggðaáætlun fyrir suðurfirði Austurlands.

Flm.: Egill Jónsson, Jón Kristjánsson, Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um það við Byggðastofnun að hún geri byggðaáætlun fyrir suðurfirði Austurlands, frá Fáskrúðsfirði að norðan til Geithellnahrepps að sunnan.

Í áætlun þessari verði gerð grein fyrir ástandi og horfum í byggðaþróun. Sérstök áhersla er lögð á tillögur til úrbóta í atvinnumálum og opinberum framkvæmdum.

Fullt samráð um áætlunargerðina verði haft við sveitarstjórnir á þessu svæði, Samband sveitarfélaga á Austurlandi og alþingismenn Austurlands.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 111. löggjafarþingi en varð ekki útrædd. Henni fylgdi þá svohljóðandi greinargerð:

Suðurfjarðabyggðir eru þéttbýlisstaðirnir Búðahreppur, Stöðvarhreppur, Breiðdalsvík og Djúpivogur ásamt aðliggjandi sveitabyggðum. Þarna búa rúmlega 2.000 manns. Miðað við árið 1971 hefur íbúum þessara byggðarlaga fjölgað um nálega 100.

Atvinnulíf suðurfjarða er með því einhæfasta sem er að finna á landinu. Á þéttbýlisstöðunum er sjávarútvegur alls staðar yfir helmingur atvinnustarfsemi og á Stöðvarfirði starfa meira en tveir af hverjum þremur í þeirri atvinnugrein. Enda þótt svæðið liggi mjög vel við fiskimiðum hefur útgerð og fiskvinnsla átt í margvíslegum erfiðleikum. Fjárhagsstaða margra stærstu útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækjanna er alls óviðunandi og hefur svo verið lengi. Þetta hefur m.a. komið í veg fyrir eðlilega uppbyggingu og veikt byggðarlögin.

Þrátt fyrir þessar erfiðu aðstæður í rekstri margra fyrirtækja í fiskvinnslu og útgerð í þessum byggðarlögum er þar rekin ákaflega mikilvæg framleiðslustarfsemi. Samkvæmt upplýsingum frá Fiskifélagi Íslands, sem birtast í fylgiskjali I, var landaður afli á þessu svæði 28.463 tonn. Verðmæti hans nam 520 millj. kr. Afli heimaskipa, sem seldur var erlendis, var 4.120 tonn að verðmæti 210 millj. kr. Samtals var afli því 32.583 tonn að verðmæti 730 millj. kr.

Útflutningsverðmæti sjávarafurða, sem framleiddar voru í þessum byggðarlögum árið 1987 (tafla 2), var 1.210 millj. kr. en það er 2,92% af verðmæti útfluttra sjávarafurða landsmanna. Mikilvægi þessara byggðarlaga í framleiðslu sjávarafurða skýrist enn betur þegar til þess er litið að miðað við íbúatölu þeirra 1. desember 1987 nam verðmæti útfluttra sjávarafurða 650 þús. kr. á hvern íbúa.

Fylgiskjal II skýrir hvernig framleiðsla mjólkur- og sauðfjárafurða sveitabyggðanna hefur þróast hin síðari ár. Þar kemur fram að mjólkurframleiðslan hefur dregist saman um 103 þúsund lítra og hlutdeild í heildarmjólkurframleiðslunni minnkað úr 0,60 í 0,55%. Samdráttur sauðfjárafurða nemur 616 ærgildisafurðum sem er nokkuð í samræmi við almenna þróun í þeirri framleiðslu.

Segja má að sú þróun í landbúnaðarframleiðslu, sem að framan er skýrð, sé ekki einstakt áhyggjuefni, ef ekki kæmi fleira til. Á undanförnum árum hefur riða í sauðfé verið töluvert útbreidd í sumum sveitanna, einkum Breiðdal, en nú er með niðurskurði sauðfjár leitast við að útrýma sjúkdómnum. Augljóst er að riðuveikin hefur skapað mikla erfiðleika í búrekstri þar sem hennar hefur gætt og þannig lamað sauðfjárbúskapinn á þessu svæði. Færi svo að einhverjir bændur hæfu ekki aftur sauðfjárbúskap eykur það enn á vanda þessarar greinar, m.a. vegna smölunar á afréttum sem þá færist á færri bændur.

Þá veldur það enn fremur áhyggjum að starfsemi mjólkurbúsins og sláturhússins á Djúpavogi hefur nú verið lögð niður. Mikilvægt er að þessar aðstæður komi til sérstakrar athugunar við gerð þessarar áætlunar.

Þótt á síðustu árum hafi náðst umtalsverður árangur í samgöngumálum og öðrum opinberum framkvæmdum er samt margt ógert sem sérstaklega verður að huga að. Leggja ber áherslu á að koma á sem greiðustum samgöngum á landi með fjörðum til Reyðarfjarðar og enn fremur er nauðsynlegt að byggja upp greiða leið um Breiðdal til Egilsstaða. Halda ber áfram uppbyggingu flugvallarins í Breiðdal og brýn verkefni í hafnarmálum eru vissulega fyrir hendi.

Á síðustu árum hefur samvinna á milli sveitarfélaga á þessu svæði aukist og þau fjalla reglulega um hagsmuna- og framfaramál sín. Það sýnir að fólkið í þessum byggðum og þeir, sem þar eru í forustu, eru tilbúnir til að takast á við aðsteðjandi vandamál. Af hendi stjórnvalda ber að mæta slíku starfi með jákvæðum viðhorfum. Gerð byggðaáætlunar, eins og hér er lögð til, hefur grundvallarþýðingu fyrir slíkt starf.

Fylgiskjal I.

Fiskifélag Íslands.

Tafla 1.

Unninn afli á Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði, Breiðdalsvík og Djúpavogi árið 1987.

Tegund	*Tonn*	*Þús. kr.*
Þorskur	14.610	328.541
Ýsa	2.018	48.053
Ufsi	2.220	28.614
Karfi	858	13.992
Langa	85	1.287
Blálanga	1	23
Keila	15	259
Steinbítur	407	7.248
Hlýri	68	825
Skötuselur	6	6
Skata		6
Lúða	23	1.204
Grálúða	288	6.048
Skarkoli	42	719
Síld	7.388	42.077
Rækja	348	22.082
Humar	91	12.028
Ósundurliðað	15	6
Samtals	28.463	519.139

Ráðstöfun aflans var þessi:

	Tonn	*Þús. kr.*
Frysting	15.499	
Söltun	12.329	
Hersla	9	
Bræðsla	602	
Annað	74	

Auk þess skal telja til verðmæta sem beint tilheyra heimahöfnum:

Afli seldur erlendis:

Úr skipum	3.463	177.611
Selt úr gámum	657	32.783
Samtals	32.583	729.532

Tafla 2.

Afli skipa sem skrásett eru á Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði, Breiðdalsvík og Djúpavogi árið 1987, landað í heimahöfn, öðrum höfnum innan lands, frystur um borð, landað erlendis eða sendur úr landi í gámum.

Tegund	*Tonn*	*Þús. kr.*
Þorskur	18.095	492.232
Ýsa	2.743	88.176
Ufsi	2.774	42.873
Karfi	1.170	24.418
Langa	115	2.352
Blálanga	5	156
Keila	41	910
Steinbítur	465	9.914
Hlýri	73	883
Skötuselur	6	241
Skata	2	16
Lúða	34	2.894
Grálúða	866	35.462
Skarkoli	75	2.218
Lýsa		8
Gulllax	34	699
Þykkvalúra	4	396
Langlúra		1
Stórkjafta		2
Rækja	1.032	70.371
Síld	3.859	24.274
Loðna	46.019	98.135
Loðnuhrogn	193	8.412
Ósundurliðað	25	306
Samtals	77.630	905.349

Ráðstöfun þessa afla hefur verið sem hér segir (í tonnum):

Heimalandanir	23.424
Landað annars staðar innan lands	49.164
Fryst um borð í skipum	924
Landað erlendis	3.463
Selt erlendis úr gámum	657
Samtals	77.632

(Tveggja tonna mismunur liggur í uppfærslu brota úr tölum.)

Sem athugasemd við töflu 2 viljum við geta þess að tvö skip, Hilmir SU 171 og Hilmir II SU 177, eru skrásett á Fáskrúðsfirði. Því kemur afli þeirra hér með, en þessi skip munu lítil samskipti hafa við sína heimahöfn hvað áhöfn snertir eða útgerð.

Afli þeirra var:	*Tonn*	*Þús. kr.*
Hilmir SU 171	35.615	118.917
Hilmir II SU 177	15.745	45.006
Samtals	51.360	163.925
Afli annarra heimaskipa er því	26.273	741.426
Samkvæmt töflu 1 má segja að unnin hafi verið á þessu svæði úr skipum sem eiga sér aðra heimahöfn, en tilheyra svæðinu	2.190	
Samtals	28.463	

	Hlutfall af heildarverðmæti	*Hlutfall af heildarafla*
Unnið á svæðinu	2,08%	1,75%
Afli skipa skrásettra á svæðinu	3,63%	4,78%
Afli skipa annarra en nefndra tveggja skipa	2,97%	1,62%

Ef meta skal útflutningsverðmæti mundum við telja verð afurða vera (í millj. kr.):

Afli unninn á staðnum	1.000
Afli seldur erlendis frá skipum og gámum	210
Samtals	1.210*)

*) 2,92% af áætluðu verðmæti útfluttra sjávarafurða.

Fylgiskjal II.

21. nóv. 1988.

Hr. Egill Jónsson, alþingismaður,
Alþingi,
150 Reykjavík.

Vegna fyrirspurnar yðar í síma um þróun framleiðsluréttar og framleiðslumagn í sex syðstu hreppum Suður-Múlasýslu skal eftirfarandi tilgreint:

Fullvirðisréttur til framleiðslu mjólkur var fyrst ákvarðaður fyrir verðlagsárið 1985–1986 og hefur virkur framleiðsluréttur verið þannig eftir verðlagsárum (tölur eru í lítrum). Tölur fyrir 1988/1989 eru bráðabirgðatölur:

Sveitarfélag	*1985/1986*	*1986/1987*	*1987/1988*	*1988/1989*
Fáskrúðsfjarðarhreppur	128.986	129.926	126.797	126.996
Stöðvarhreppur				
Breiðdalshreppur	216.874	222.059	168.578	168.972
Beruneshreppur	240.781	232.829	229.686	232.977
Búlandshreppur				
Geithellnahreppur	69.791	67.129	63.046	68.222
Samtals	656.432	651.943	588.107	597.167
% af heild	0,60	0,62	0,57	0,58

Bundinn réttur hjá Framleiðnisjóði landbúnaðarins var í byrjun september sl. 38.074 lítrar úr Breiðdalshreppi.

Innvigtun mjólkur þessi sömu verðlagsár var þannig úr þessum sveitarfélögum (tölur eru í lítrum):

Sveitarfélag	*1985/1986*	*1986/1987*	*1987/1988*
Fáskrúðsfjarðarhreppur	136.520	130.361	116.655
Stöðvarhreppur og Breiðdalshreppur	214.385	237.667	164.273
Beruneshreppur	250.438	240.607	223.821
Búlandshreppur og Geithellnahreppur	70.261	70.191	63.719
Samtals	671.604	678.826	568.468
% af heild	0,60	0,63	0,55

Fullvirðisréttur til framleiðslu sauðfjárafurða var fyrst ákvarðaður fyrir verðlagsárið 1987–1988. Tölurnar fyrir verðlagsárið 1988–1989 eru nálægt því að vera endanlegar.

Virkur réttur er skráður þannig (tölur í ærgildum):

Sveitarfélag	*1987/1988*	*1988/1989*
Fáskrúðsfjarðarhreppur	3.892,4	3.597,3
Stöðvarhreppur	715,4	71,7
Breiðdalshreppur	5.152,5	2.007,2
Beruneshreppur	4.701,8	4.375,1
Búlandshreppur	408,9	370,4
Geithellnahreppur	5.048,0	4.902,6
Samtals	19.919,0	15.324,3
% af heild	3,17	2,52

Ein ærgildisafurð jafngildir hér 18,2 kg af kindakjöti. Bundinn réttur vegna samninga við Framleiðnisjóð landbúnaðarins og sauðfjársjúkdómanefnd verðlagsárið 1988–1989 var skráður þannig (tölur eru í ærgildum):

Sveitarfélag	*Framleiðnisjóður*	*Sauðfjársjúkdómanefnd*
Fáskrúðsfjarðarhreppur	29,2	282,2
Stöðvarhreppur	316,7	324,7
Breiðdalshreppur	180,8	3.100,6
Beruneshreppur	317,3	0
Búlandshreppur	37,3	0
Geithellnahreppur	128,8	0
Samtals	1.010,1	3.707,5

Vitað er að bundinn réttur mun aukast á næsta verðlagsári. Skýrslur um innvigtun kindakjöts undanfarandi verðlagsár í þessum sveitarfélögum gefa eftirfarandi til kynna í ærgildisafurðum talið:

Sveitarfélag	*1985/1986*	*1986/1987*	*1987/1988*
Fáskrúðsfjarðarhreppur	4.054,9	4.706,5	4.069,5
Stöðvarhreppur	775,8	937,4	408,3
Breiðdalshreppur	5.386,8	6.006,9	5.098,1
Beruneshreppur	4.765,3	5.352,4	4.697,3
Búlandshreppur	562,8	581,3	467,2
Geithellnahreppur	4.896,5	5.218,3	5.085,7
Samtals	20.442,1	22.802,8	19.826,1
% af heild	3,07	3,26	3,14

Innvigtunartölur fyrir verðlagsárið 1988–1989 liggja fyrst fyrir um miðjan desember nk.

Með von um að framanritaðar upplýsingar varpi nokkru ljósi á þróun búskapar í umræddum sveitarfélögum hin seinni ár.

Virðingarfyllst,
f.h. Framleiðsluráðs landbúnaðarins,

Gísli Karlsson.

Sþ. 25. Tillaga til þingsályktunar [25. mál]

um rannsókn á siglingaleið um Hornafjörð.

Flm.: Egill Jónsson, Jón Kristjánsson, Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að hlutast til um við Hafnamálastofnun ríkisins að hún hefji sem fyrst rannsóknir á innsiglingunni við Hornafjarðarós og öðrum aðstæðum í tengslum við skipaleiðir um Hornafjörð.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 111. löggjafarþingi en varð ekki útrædd. Henni fylgdi þá svohljóðandi greinargerð:

Á þessum vetri hefur það enn gerst að siglingaleiðin til Hafnar í Hornafirði hefur þrengst svo að hindrað hefur siglingu stærri skipa til Hafnar. Þarna eru náttúruöflin að verki. Í umhleypingasamri veðráttu, eins og verið hefur í vetur, kastar brimaldan sandi inn yfir tangann á Austurfjörum sem er að austanverðu við siglingaleiðina um Ósinn. Við þennan sandburð lengist Austurfjörutanginn og siglingaleiðin þrengist. Á sumrum, þegar vatn eykst í Hornafirði vegna ánna sem í hann falla, vex straumur í Ósnum svo að sandurinn, sem sjávaraldan bar inn yfir Austurfjörutangann, berst nú með straumnum til hafs.

Þær margslungnu aðstæður í náttúrufari, sem lítillega hefur verið drepið á að framan, eiga sér enga hliðstæðu við aðra höfn á Íslandi. Sú mikilvæga reynsla, sem fyrir hendi er varðandi aðstæður við Hornafjörð, er því staðbundin, enda hefur hennar verið aflað með starfi hafnsögumanna þar og skipstjórnarmanna, einkum frá Höfn, sem gjörkunnugir eru þessum óvenjulegu aðstæðum.

Þrátt fyrir þessi mikilvægu reynsluvísindi liggur ekki enn fyrir hvaða kostir eru helst færir til að hindra eða draga úr sandburði í innsiglinguna um Hornafjörð né hvaða ráð eru helst tiltæk til að flýta fyrir hreinsun skipaleiðar um Ósinn við þær aðstæður sem að framan getur.

Alkunna er að við innsiglinguna til Hornafjarðar eru aðstæður oft erfiðar, sæta verður sjávarföllum og vindur verður að vera innan ákveðinna marka. Það er því full ástæða til að hugleiða hvort ekki sé hægt að bæta skilyrði og auka öryggi sjófarenda um Ósinn með gerð brimvarnarmannvirkja utan hans.

Þótt þessar hugmyndir þyki ef til vill nokkuð fjarlægar er full ástæða til að hefja rannsóknir á aðstæðum við Hornafjörð. Fyrsti áfangi í þeim efnum er öldumælingar, en svo sem kunnugt er eru þær fyrsti þáttur í rannsóknum þar sem meta á ölduhæð og brimþunga. Slíkar mælingar taka langan tíma, oft þrjú til fimm ár eftir aðstæðum. Þessar mælingar eru fremur auðveldar í framkvæmd og verður því að ætla að unnt sé að greiða kostnað við þær af rannsóknarfé Hafnamálastofnunar.

Svo sem kunnugt er hefur rannsóknastöð Hafnamálastofnunar nýlega verið endurbyggð og búnaður hennar bættur. Reynslan sýnir að þessar breytingar hafa bæði flýtt fyrir niðurstöðum úr öldumælingum og aukið öryggi rannsókna. Þessar breyttu aðstæður í rannsóknastöðinni auðvelda rannsóknir á aðstæðum við Hornafjörð.

Þó að hafnaframkvæmdum hafi verið skorinn fremur þröngur stakkur í fjárveitingum má þó ætla að á næstu árum muni uppbygging almennra hafnarmannvirkja færast mjög til betra horfs. Hins vegar liggur fyrir að nokkrar stórar og kostnaðarsamar framkvæmdir rúmast ekki innan þeirra fjárveitinga sem ætla má að verði varið til hafnamála á næstu árum.

Í vega- og flugmálaáætlunum eru tilteknar framkvæmdir flokkaðar sem sérverkefni og að stærstum hluta greiddar af óskiptu fé til þeirra mála. Þessa skipan þarf einnig að taka upp við kostnaðarsamar hafnaframkvæmdir en það mundi auðvelda gerð brimvarnarmannvirkja við Hornafjörð ef niðurstöður rannsókna leiddu í ljós að slíkar framkvæmdir væru mögulegar.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að Hornafjörður er eina höfnin allt frá Vestmannaeyjum til Berufjarðar og að við hann stendur ein þróttmesta sjávar- og þjónustubyggð landsins. Bætt hafnarskilyrði mundu treysta enn frekar þennan mikilvæga grundvöll. Hér er því um sanngirnismál að ræða sem mikil þörf er á að komist í framkvæmd.

Sþ. 26. Tillaga til þingsályktunar [26. mál]

um könnun á aðstöðu einstaklinga með glúten-óþol.

Flm.: Hreggviður Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að kanna aðstöðu einstaklinga með glúten-óþol. Skal sérstaklega huga að aukakostnaði þeirra við matargerð og fæðiskostnað. Þá verði kannað með hvaða hætti einstaklingar með glúten-óþol njóti aðstoðar hins opinbera annars staðar á Norðurlöndum, svo sem með greiðslum frá almannatryggingum og hvaða skattalega meðferð þeir fá. Einnig verði kannað hvort gera megi glúten-óþol að skráningarskyldum sjúkdómi hér á landi.

Greinargerð.

Tillaga sama efnis var lögð fram á síðasta þingi en var þá ekki útrædd. Er því mál þetta endurflutt þar sem ætla má að nægur tími sé nú til að afgreiða það.

Á undanförnum árum hefur aukist tíðni sjúklinga sem greindir hafa verið með glúten-óþol. Miðað við nágrannalöndin má telja líklegt að þrisvar sinnum fleiri sjúklingar séu með glúten-óþol hérlendis en þegar hafa verið greindir, en þeir munu vera um fimmtíu. Ljóst er að sjúkdómur þessi hefur veruleg áhrif á líf þess er hann ber, líkamlega, andlega og fjárhagslega. Möguleikar einstaklinga til að standa straum af þeim aukakostnaði, er til fellur vegna sjúkdómsins, eru mjög mismunandi. Annars staðar á Norðurlöndum er talið að fjórum til fimm sinnum dýrara sé að útbúa mat fyrir fólk með glúten-óþol og vitað er að yfirvöld í Skandinavíu hafa tekið tillit til þessa mikla kostnaðar sem sjúklingar með glúten-óþol verða að bera. Nauðsynlegt er að fá gleggri mynd af stöðu þessa hóps í nágrannalöndunum og hér á landi og því ástæða til að kanna hvort ekki sé rétt að gera sjúkdóminn skráningarskyldan hérlendis.

Nd. 27. Frumvarp til laga [27. mál]

um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 63/1974, með síðari breytingum.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir, Birgir Ísl. Gunnarsson, Þorsteinn Pálsson.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Skylt er ríki og sveitarfélögum að sjá um að haldinn sé skóli fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6 til 16 ára, eftir því sem nánar segir í lögum þessum. Skóli þessi nefnist grunnskóli og er öllum börnum og unglingum á nefndum aldri skylt að sækja skóla. Undanþágu má þó veita frá skólaskyldu, sbr. 5., 7. og 8. gr.

2. gr.

44. gr. laganna orðast svo:

Við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skal þess gætt að hann fari í heild (kennslutími, stundahlé og sjálfsnám utan kennslustunda) ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska.

Vikulegur kennslutími á hvern nemanda í grunnskóla skal vera sem næst þessi:

a. Í 1. bekk (6 ára) 1200 mínútur.
b. Í 2. bekk (7 ára) 1200 mínútur.
c. Í 3. bekk (8 ára) 1200 mínútur.
d. Í 4. bekk (9 ára) 1200 mínútur.
e. Í 5. bekk (10 ára) 1280 mínútur.
f. Í 6. bekk (11 ára) 1360 mínútur.
g. Í 7. bekk (12 ára) 1400 mínútur.
h. Í 8. bekk (13 ára) 1440-1480 mínútur.
i. Í 9. bekk (14 ára) 1440-1480 mínútur.
j. Í 10. bekk (15 ára) 1440-1480 mínútur.

Í 1.–6. bekk er skólastjóra með samþykki fræðslustjóra heimilt að lengja eða stytta vikulegan kennslutíma nemenda um allt að 40 mínútur frá framangreindum ákvæðum. Skal þá hvors tveggja gætt að heildartímafjöldi nemenda skólans það skólaár fari sem minnst fram yfir ákvæðin og að samanlagður kennslutímafjöldi nemenda á skólaferli þeirra á umræddu skólastigi verði sem næst ákvæðunum.

Um lengd kennslustunda fer eftir ákvörðun skólastjóra. Eigi má þó samfelld kennslustund vera lengri en 80 mínútur og eigi að jafnaði skemmri en 20 mínútur. Meðallengd kennslustunda í grunnskóla telst vera 40 mínútur.

Stundahlé í grunnskóla skulu að jafnaði vera 15 mínútur á móti hverjum 100 mínútum sem kenndar eru.

Komið skal á fót skólaathvörfum við hvern grunnskóla, þar sem þörf er á, þar sem nemendur geti dvalið utan kennslustunda. Heimilt er að taka gjald fyrir dvöl nemenda í skólaathvörfum og skal upphæð gjaldsins ákveðin af skólastjóra í samráði við fræðslustjóra.

3. gr.

Fyrsti málsliður 74. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er sveitarfélögum að setja á stofn við grunnskóla og undir sömu stjórn forskóla fyrir 5 ára börn, enda samþykki menntamálaráðuneytið starfsáætlun, húsnæði og annan aðbúnað skólans.

Skal við það miðað að forskólabörn geti dvalist í skólanum allt að sex klukkustundum á dag.

4. gr.

Síðasta málsgrein 74. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er einkaaðila að reka skóla fyrir börn undir skólaskyldualdri með leyfi fræðslustjóra.

5. gr.

75. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að löggilda grunnskóla eða hluta grunnskóla, sbr. 3. gr., eða forskóla, sbr. 74. gr., sem reknir eru af einstökum mönnum eða stofnunum ef þeir starfa samkvæmt reglugerð eða skipulagsskrá er það staðfestir enda hlíti slíkir skólar sama eftirliti og reglum og aðrir grunnskólar. Kennarar við skóla þessa skulu fullnægja öllum skilyrðum um rétt til kennslu í grunnskóla. Börn, sem þessa einkaskóla sækja, hafa

undanþágu skv. 7. gr. en forstöðumaður skal fyrir upphaf hvers skólaárs senda hlutaðeigandi skólanefnd skrá um nemendur og tilkynna henni allar breytingar á nemendaskrá jafnóðum og þær verða.

Ríki eða sveitarfélag getur samið við einkaaðila um rekstur grunnskóla, sbr. 1. gr. Setja skal í reglugerð ákvæði um það, hversu opinberum stuðningi við einkaskóla skuli háttað.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 1. gr. um skólaskyldu 6 ára barna koma til framkvæmda skólaárið 1990–1991. Þangað til skulu gilda ákvæði núverandi 74. gr. laganna.

Ákvæði 2. gr. um vikulegan kennslutíma á hvern nemanda skulu að fullu koma til framkvæmda skólaárið 1993–1994. Skal þetta ákvæði koma til framkvæmda í áföngum og skal við áfangaskiptingu taka mið af tillögum samstarfsnefndar ráðuneyta um fjölskyldumál frá ágúst 1988.

Greinargerð.

Í stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar var ítarlega fjallað um fjölskyldu- og jafnréttismál. Þar sagði m.a. að unnið verði að því að treysta stöðu fjölskyldunnar með markvissri fjölskyldustefnu, fyrst og fremst með velferð barna fyrir augum.

Í ágúst 1987 skipaði Þorsteinn Pálsson, þáverandi forsætisráðherra, samstarfsnefnd ráðuneyta um fjölskyldumál. Í nefndinni áttu sæti: Inga Jóna Þórðardóttir formaður, Jóna Ósk Guðjónsdóttir, tilnefnd af fjármálaráðherra, Bessí Jóhannsdóttir, tilnefnd af menntamálaráðherra, Lára V. Júlíusdóttir, tilnefnd af félagsmálaráðherra, og Þrúður Helgadóttir, tilnefnd af heilbrigðis- og tryggingaráðherra. Sigurður Snævarr, hagfræðingur hjá Þjóðhagsstofnun, starfaði með nefndinni.

Í ágúst 1988 skilaði nefndin áfangaskýrslu um skóla- og dagvistarmál. Í þessu frumvarpi er tekið mið af tillögum nefndarinnar um skólamál, en helstu tillögur nefndarinnar í þeim málaflokki eru:

- „Nefndin telur æskilegt markmið að allir grunnskólanemar njóti skólavistar a.m.k. 6 klukkustundir á dag. Þessu markmiði verði náð í fjórum áföngum þannig að skóladagur verði lengdur úr 22–35 stundum á viku í 30–36 (37) stundir á viku. (Sjá kafla 1.3.)
- Með skipulögðum aðgerðum innan fræðsluumdæmanna verði komið á skólaathvörfum þar til tillögur um lengingu skóladags verða komnar til framkvæmda. (Sjá kafla 1.3.)
- Lokið verði við að koma á samfelldum skóladegi miðað við núverandi húsakost skólanna skólaárið 1989–1990. (Sjá kafla 1.2.)
Ferðaþjónusta er sú atvinnugrein hérlendis sem talið er að geti vaxið mest á næstu árum. Erlendum ferðamönnum hefur fjölgað mjög mikið síðustu árin á sama tíma og fleiri Íslendingar leggja leið sína til annarra landa. Þrátt fyrir það má segja að uppbygging ferðaþjónustunnar hafi verið nokkuð skipulagslítil. Byggð hafa verið hús til að taka á móti ferðamönnum víðs vegar um landið, misjafnlega úr garði gerð. Síðan hafa ferðaskrifstofur í Reykjavík auglýst ferðir fyrst og fremst til þeirra staða þangað sem flestir hafa áður sótt til þess að líklegt sé að sem flestir fáist til að fylla bílinn í ferðina og tilviljun ræður svo hvernig nýtingin verður hjá einstökum gistihúsum og þá um leið afkoman. Afleiðingin verður líka of mikil örtröð á fjölsóttustu stöðunum svo að viðkvæmur gróður verður fyrir varanlegum skemmdum eða eyðileggingu.

Augljóst er því að miklu fastara þarf að taka á skipulagningu ferðamálanna ef ekki á að skapast algjört vandræðaástand með frekari fjölgun ferðamanna. Það þarf því að horfa á málin frá nýrri hlið, þ.e. byrja á að skipuleggja starfsemina í hverju héraði fyrir sig. Þar þarf að koma á samstarfi allra þeirra, sem að ferðaþjónustu vinna og hagsmuna eiga að gæta í þessu sambandi, um skipulagningu og undirbúning að móttöku ferðamanna. Jafnframt þarf að gera sér sem best grein fyrir því hvaða kostir það eru sem vekja áhuga ferðamanna og löngun til dvalar. Þegar það hefur verið gert er hægt að meta í hve mikinn kostnað hægt er að leggja við frekari uppbyggingu á aðstöðu. Þegar slíkt raunhæft mat liggur fyrir er að sjálfsögðu nauðsynlegt að sköpuð séu góð skilyrði til að því megi hrinda í framkvæmd.

Til að hvetja til slíks undirbúnings og framkvæmdar er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir að inn í lögin um skipulag ferðamála komi ný grein, sem verði 8. gr. þeirra, þar sem kveðið er á um stofnun ferðamálanefnda heima í héraði. Auk beinna skipulagsmála gætu slíkar nefndir fjallað um flest þau málefni sem falla innan verksviðs Ferðamálaráðs eftir því sem við getur átt á hverjum stað. Nefndir þessar yrðu skipaðar af viðkomandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnum ef samstarf tækist milli sveitarfélaga um eina nefnd. Auk eins fulltrúa frá sveitarstjórninni yrði nefndin skipuð hagsmunaaðilum. En til þess að nýta krafta allra þeirra sem að þessu vilja vinna væri heimild fyrir fleiri en nefndina skipa til fundarsetu. Þá er gert ráð fyrir því að sveitarstjórnir geti falið ferðamálanefnd að annast umsjón tjaldsvæða og annarra ferðamannastaða og annan þann rekstur sem æskilegt þykir í því sambandi. Þá er nefndunum veitt heimild til að hafa stjórn á og takmarka ef óhjákvæmilegt reynist aðsókn að fjölsóttum stöðum. Enn fremur er gert ráð fyrir því að þrátt fyrir ákvæði um réttindi leiðsögumanna geti heimamenn tekið að sér leiðsögn þar sem þeir eru kunnugastir því sem markvert er að sjá og hafa

tilfinningu fyrir þeim kostum sem náttúran þar býður. Sá góði árangur, sem náðst hefur í eflingu ferðaþjónustu bænda síðustu árin, er áreiðanlega að verulegu leyti því að þakka að þar er gata ferðamanna greidd á þann hátt.

Að lokum er ferðamálanefndunum veitt heimild til að taka gjald fyrir þjónustu sína og innheimta gjald af öðrum þjónustuaðilum til þess að standa straum af nauðsynlegum kostnaði við umsjón og framkvæmdir sem öllum eru til hagsbóta. Slíku gjaldi verður þó að sjálfsögðu að stilla mjög í hóf svo að það verði ekki til að fæla ferðamenn frá.

Tilgangurinn með flutningi þessa frumvarps er að efla ferðamannaþjónustu. Henni verður ekki stjórnað frá einum eða örfáum stöðum á landinu, heldur þarf að gera það með skipulegu starfi um land allt. Hvarvetna um landið er svo margt að bjóða ef þessum málum er sinnt og á það bent af staðkunnugum mönnum. Það sýnir líka betur en flest annað þörfina á að landið sé allt byggt og fáir möguleikar eru betri fyrir hendi til að stuðla að því að svo megi verða en einmitt efling ferðamannaþjónustunnar.

Sþ. 43. Tillaga til þingsályktunar [43. mál]

um landgræðslu.

Flm.: Egill Jónsson, Jón Helgason, Geir Gunnarsson,
Árni Gunnarsson, Ingi Björn Albertsson, Málmfríður Sigurðardóttir,
Guðmundur Ágústsson, Halldór Blöndal.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að hlutast til um að gerð verði markviss áætlun um aðgerðir til að stöðva eyðingu jarðvegs og gróðurs á Íslandi þar sem þess er kostur.

Sérstök áhersla verði lögð á að afmarka þau landsvæði þar sem sandfok á sér enn stað svo að unnt sé að hefja þar skipulagt ræktunarstarf.

Kannað verði hvort Áburðarverksmiðju ríkisins muni fært að lækka verð á áburði til landgræðslustarfa sem einkum væri ráðstafað til brýnna verkefna.

Miðað verði við að um næstu aldamót verði uppblástur þessara svæða stöðvaður.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en varð ekki útrædd. Henni fylgdi þá svohljóðandi greinargerð:

Á þeim rúmum átta áratugum, sem liðnir eru síðan skipulegt landgræðslustarf hófst hér á landi, hefur mikið áunnist við stöðvun hraðfara gróður- og jarðvegseyðingar. Uppgræðsluframkvæmdir hafa að mestu hvílt á Landgræðslu ríkisins, en nú gætir vaxandi áhuga félagasamtaka og einstaklinga á þátttöku í þessu merka starfi.

Alkunna er hve íslenskur þurrlendisjarðvegur er blandinn gosösku. Hann er því viðkvæmur, einkum á móbergssvæðunum þar sem jarðvegseyðingin hefur verið mest. Á þessum svæðum og víða utan þeirra bíða fjölmörg landgræðsluverkefni, sum mjög brýn, hvort sem er vegna vindrofs, vatnsrofs, landbrots af völdum fallvatna og sjávar eða sandfoks úr fjörum. Skilyrði til að takast á við eyðingaröflin fara í flestu tilliti batnandi. Með nýjum landgræðslujurtum og stofnum sem fengist hafa með innflutningi og kynbótum, einkum á síðari árum, fæst traustari árangur sáningar í örfoka land. Nýja frærræktarstöðin í Gunnarsholti auðveldar sáningu landgræðslujurta úr flugvélum og rafgirðingar draga úr kostnaði og auðvelda vörslu lands. Árangur aukinnar þekkingar og reynslu sem þannig er fyrir hendi auðveldar nýjar ákvarðanir í landgræðslustarfi.

Með aukinni túnrækt og fækkun sauðfjár hefur beitarálag stórlega minnkað, sérstaklega að vori og hausti þegar gróður er viðkvæmastur fyrir beit. Útbreiðsla viðkvæmra beitarjurta, t.d. birkis og víðitegunda, bera þessari þróun órækt vitni. Þannig auðvelda breyttir búskaparhættir og aukinn skilningur almennings á alhliða umhverfisvernd árangur í þessu mikilvæga starfi.

Á sl. ári var keypt ný áburðarflugvél að Gunnarsholti. Við það jókst afkastageta Landgræðslunnar við áburðardreifingu úr flugvélum. Ætla má að við sæmilegar aðstæður sé nú unnt að dreifa árlega 5.000 tonnum af áburði úr flugvélum en það er helmingi meira en verið hefur á síðari árum. Þessa ónýttu afkastagetu ber vissulega að nýta til fullnustu.

Græðsla örfoka lands með áburði og fræsáningu er einn mikilvægasti þáttur í landgræðslustarfi en eins og áður getur hefur ekki verið fyrir hendi fjármagn svo að unnt væri að sinna því starfi sem vert væri.

Minnkandi áburðarkaup vegna samdráttar í landbúnaði valda nokkrum erfiðleikum í rekstri Áburðarverksmiðju ríkisins. Forráðamenn verksmiðjunnar hafa kannað hvernig bæta megi úr. Í ljós hefur komið að hagkvæmt væri að framleiða nokkurt magn áburðar með lægra verði til Landgræðslu ríkisins ef það kæmi sem viðbót við þau viðskipti sem nú eiga sér stað milli þessara aðila. Ef þessi áform kæmust í framkvæmd mundi það verða til mikils stuðnings við landgræðslustarfið og auka hagkvæmni í rekstri Áburðarverksmiðju ríkisins. Slíka kosti ber því að nýta hið bráðasta.

Þótt mikið hafi verið unnið að gróðurkortagerð um þriggja áratuga skeið sem auðveldar stórlega mat á ástandi gróðurs hefur gerð jarðvegskorta lítið verið sinnt til þessa. Þó er jarðvegurinn undirstaða gróðursins og með hliðsjón af aðstæðum hérlendum er rík ástæða til að taka meira tillit til jarðvegsþáttarins í rannsóknaáætlunum en gert hefur verið til þessa. Flokka þarf jarðveginn eftir uppblástursháttu, ákvarða þarf og merkja á kort sem nákvæmast einstök svæði eftir virkni jarðvegseyðingar og slíkri kortlagningu þurfa að tengja upplýsingar um veðurfarsþætti, sérstaklega úrkomu sem sums staðar getur skipt sköpum. Þannig yrði væntanlega unnt að beina varnaraðgerðum að þeim svæðum þar sem eyðingin er mest.

Eins og kunngt er ákvað Alþingi að minnast ellefu alda byggðar með þjóðarátaki í græðslu landsins. Þessari ákvörðun var svo fylgt eftir með fimm ára landgræðsluáætlun áranna 1974–1978. Síðan hafa verið gerðar tvær landgræðsluáætlanir, þ.e. 1982–1986 og 1987–1991. Þetta skipulagða landgræðslustarf, sem nálgast hálfan annan áratug, rennir traustum stoðum undir nýjar ákvarðanir sem sérstaklega beindust að þeim landsvæðum þar sem eyðingaröflin skapa mesta hættu. Eðlilegt er að miða við að sú áætlun um græðslu landsins, sem hér er lagt til að gerð verði, komi í framhaldi af þeirri landgræðsluáætlun sem nú er í gildi. Hér má því engan tíma missa.

Miklu varðar að sem víðtækust samstaða skapist um þetta mikilvæga verkefni. Slíkt starf felur í sér samráð við þá fjölmörgu aðila sem nýta landið með ýmsum hætti. Sérstök áhersla er lögð á málefnalega kynningu meðal almennings á áætluninni en það er forsenda þess að til árangurs leiði.

Sþ. 44. Tillaga til þingsályktunar [44. mál]

um jöklarannsóknastöð á Íslandi.

Flm.: Egill Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um í samráði við Háskóla Íslands, Jöklarannsóknafélagið og Orkustofnun að gerðar verði tillögur að stofnun rannsóknastöðvar í jöklavísindum á Íslandi.

Greinargerð.

Það þarf tæpast að vera undrunarefni þótt Ísland sé kallað land elds og ísa því að þessir tveir örlagavaldar íslensku þjóðarinnar á liðnum öldum hafa fremur öðrum höfuðskepnum í náttúrufari landsins markað útlit þess.

Ekkert land utan heimskautasvæða hefur jafnmikið nábýli við jökla en tíundi hluti Íslands er hulinn jöklum. Þetta nána samband, auk mikilvægra rannsókna á síðari tímum, sýnir vel hvernig ástand jökla á Íslandi hefur verið á ýmsum tímum og hver áhrif þeirra hafa verið á afkomu þjóðarinnar á liðnum öldum. Þrátt fyrir þessa mikilvægu vitneskju er mörgum spurningum ósvarað um áhrif íslenskra jökla á náttúrufar landsins enda rannsóknarsvið jöklavísinda víðtækt og margslungið.

Víða um heim fer áhugi fyrir náttúruvísindum vaxandi enda verndun náttúru og umhverfis ofarlega á baugi í alþjóðlegri umræðu. Sérstaða Íslands á sviði jöklavísinda er óumdeilanleg. Þess vegna mundi bætt aðstaða til slíkra rannsókna hér á landi opna nýjar leiðir til alþjóðlegra rannsókna og samskipta við erlenda vísindamenn á þessu sviði.

Meðal Íslendinga hefur um áratugaskeið verið mikill áhugi á jöklarannsóknum. Hérlendir náttúrufræðingar hafa sýnt þessari grein náttúruvísinda mikinn áhuga. Rannsóknir þeirra og ritgerðir hafa vakið eftirtekt víða um heim. Áhugamenn á þessu sviði hafa innt af hendi mikilvægt starf til stuðnings jöklarannsóknum. Um það vitnar m.a. mikilvæg starfsemi Jöklarannsóknafélagsins. Það er því óhætt að fullyrða að stofnun rannsóknastöðvar í jöklavísindum eins og tillagan fjallar um mundi fá góðar undirtektir hjá lærðum og leikum á þessu sviði, en það er forsenda þess að skjótur árangur náist.

Um nánari skýringar er vísað til álitsgerðar jarðfræðinganna Freysteins Sigurðssonar og Guðmundar Ómars Friðleifssonar sem birtist á fylgiskjali með tillögu þessari.

Fylgiskjal.

Freysteinn Sigurðsson jarðfræðingur og
Guðmundur Ómar Friðleifsson jarðfræðingur:

Hugmynd um jöklarannsóknastöð á Íslandi.
(14. júní 1989.)

1. Tilgangur.

Til eflingar þekkingar og rannsókna í jöklafræðum og jöklajarðfræði er nauðsyn að hafa einhvers staðar aðstöðu í slíku færi við jökla að skammt sé að sækja á rannsóknarvettvang og um leið greitt aðgöngu eftir almannaleiðum. Jöklar liggja næst byggð í Austur-Skaftafellssýslu. Þar eru brattir falljöklar og breiðir skriðjöklar, auk þess sem margir jöklarannsóknaleiðangrar hafa lagt þaðan upp á meginjökulinn Vatnajökul, langstærsta jökul landsins. Þaðan er einnig skammt upp á heiðar Vestur-Skaftafellssýslu og þar að hinum flatari, breiðari og hærra liggjandi skriðjöklum Vatnajökuls. Aðstaða væri hentug sem næst miðsvæðis milli Kirkjubæjarklausturs og Hafnar í Hornafirði, en það væri austanvert í Öræfum. Þar má nefna Kvísker sem hinir alkunnu Kvískerjabræður hafa gert frægt með náttúrurannsóknum sínum. Flugvöllur er á Fagurhólsmýri.

Aðstaða sú, sem hér um ræðir, þarf að vera til ýmissa hluta nytsamleg en þarf hins vegar hvorki að vera stór í sniðum né dýr. Hlutverk svona stöðvar væri m.a.:

- Grunnstöð („base") fyrir leiðangra á Vatnajökul.
- Rannsóknarstofa („labor") fyrir fyrstu greiningar og rannsóknir á staðnum.
- Dvalar- og starfsaðstaða fyrir fræðimenn og rannsakara.
- Útstöð fyrir innlendar rannsóknarstofnanir í jöklafræðum, jöklajarðfræði og eldvirkni í tengslum við jökla (jökulhlaup o.fl.).
- Safn og sýningarstaður í jöklafræðum, jöklajarðfræði og eldvirkni í jöklunum.

Notkun svona stöðvar yrði í samræmi við þessi hlutverk. Þar yrði ekki starfrækt nein umfangsmikil starfsemi að staðaldri. Leiðangrar á Vatnajökul hefðu þarna viðlegu- og geymsluaðstöðu, auk þess sem margvíslegt samband væri þaðan við umheiminn (sími, loftskeyti, telefax vegna ritaðra gagna o.s.frv.). Einstaklingar eða fámennir hópar gætu dvalið þar um lengri eða skemmri tíma við rannsóknir eða önnur fræðistörf. Þar mætti frumvinna úr rannsóknargögnum að einhverju leyti. Hafa mætti þar sýningar fyrir rannsóknarhópa, leiðangra, vísindaferðir („excursions") og jafnvel fyrir ferðamannahópa eða almenna ferðamenn. Frá svona stöð má einnig stunda þétt og skipulegt eftirlit með nálægum jöklum.

2. Viðfangsefni rannsókna.

Vatnajökull er ekki einasta langstærsti jökull landsins, hann er einnig stærsti jökull Evrópu og stærsti jökull í aðgengilegu, byggðu landi vítt og breitt. Skriðjöklar hans ná niður í byggð í Austur-Skaftafellssýslu og því er hann aðgengilegri en flestir jöklar aðrir. Á honum finnast flestar jökulgerðir sem þekkjast hérlendis — og raunar utan stóru heimskautajöklanna yfir höfuð. Þar eru ísbreiður jökulhvela hájökulsins, breiðir skriðjöklar niður á hásléttur, brattir falljöklar ofan af reginfjöllum og næstum niður undir sjávarmál og breiðir jökultaumar niður á jafnsléttu.

Undir ísbreiðunum sofa öflug eldfjöll óværum svefni. Má þar nefna Öræfajökul, Grímsvötn, Kverkfjöll og sennilega fleiri. Eldgos í jöklinum hafa spúð ösku og eimyrju um nærliggjandi sveitir, eytt þeim stundum um hríð og skilið eftir jarðsögumerki sín í jarðvegi. Jökulhlaup hafa steypst undan jöklinum og flætt yfir láglendið. Skriðjökulstungurnar hafa sótt fram og hörfað á víxl, ýtandi á undan sér jökulgörðum og breytandi farvegum jökulfljótanna sem flætt hafa yfir flatlendin. Gróður hefur dafnað og dvínað í kjölfar loftlags- og jökulbreytinga.

Við Vatnajökul eru frábærar og einstakar aðstæður til að kanna eðli og hætti jöklanna, jöklajarðfræðilega atburði og ummerki, áhrif jökla á lífríki og samlíf þjóðarinnar við jöklana í aldanna rás. Hér fléttast saman flestir áhrifaþættir jöklanna á til þess að gera litlu og aðgöngugreiðu svæði.

Í samræmi við það má draga saman nokkur meginsvið sem hagstætt væri að sinna frá rannsóknarstöð á þessum slóðum:

- Jöklafræði, almennt, þar með talið eftirlit og mælingar á breytingum jökla á svæðinu.
- Eldvirkni í jöklum, þar á meðal öskulagatímatal, önnur ummerki og eyðing byggða.
- Jöklajarðfræði, svo sem landmótun, jökulset og önnur ummerki.
- Jökulvatnafræði: farvegir, aurburður, fok af aurum o.fl.
- Jökulhlaup, ummerki þeirra og hátterni, eyðing byggða.
- Áhrif jökla á gróður og annað lífríki.
- Jöklabreytingar sem endurspeglun loftslagsbreytinga í tímans rás og áhrif þeirra á búsetuskilyrði.
- Viðureign þjóðar og einstaklingsins við jöklana og jökulræn öfl, búseta, samgöngur og sambýli.

Upplýsingar um öll þessi svið eru ríkulega til staðar í Skaftafellssýslum. Þær eru þar einstaklega greiðar aðgöngu og því hægt að vinna bæði margt og mikið í rannsóknum á þeim án dýrs búnaðar og erfiðra leiðangra. Það býður svo aftur upp á frjálslegri og fjölbreyttari rekstur rannsóknastöðvarinnar, án þess að draga neitt úr notagildi hennar.

3. Búnaður stöðvar.

Í samræmi við tilgang og rannsóknarefni má skipta búnaði svona stöðvar í fernt:

- Dvalaraðstaða fyrir fræðimenn og leiðangra.
- Rannsóknarbúnaður, farartæki og vinnuaðstaða.
- Dvalar- og starfsaðstaða fyrir eftirlitsmann (stöðvarráðsmann).
- Safn- og sýningaraðstaða í jöklafræðum.

Undir fyrsta lið félli dvalaraðstaða fyrir takmarkaðan fjölda manna sem dveldu í stöðinni að staðaldri svo dögum eða vikum skipti, notfærðu sér starfsaðstöðu þar og færu þaðan dagsferðir til rannsókna. Í annan stað væri um að ræða viðleguaðstöðu innan húss, helst í upphitanlegu húsnæði, fyrir leiðangra sem hefðu þarna grunnstöð, en væru annars á jökli eða sem gististöð fyrir leiðangra. Þessi aðstaða þarf að sjálfsögðu ekki að vera líkt eins vönduð og sú sem er ætluð til lengri dvalar. Hér er því um að ræða vandaða gistiaðstöðu og eldunaraðstöðu fyrir t.d. 3–5 menn, ásamt starfs- og ritaðstöðu. Þar að auki viðleguaðstöðu fyrir t.d. 10–20 manns.

Til rannsóknarbúnaðar má telja fjarskiptabúnað (sjá hér að framan), tölvubúnað, ljósritunarbúnað, geymsluaðstöðu og búnað ýmiss konar (frystigeymslur fyrir íssýni, geymslu á setsýnum, vatnssýnum og á útbúnaði), einfaldan greiningarbúnað (efnagreiningar smásjár, setgreiningar, ísmælingar), aðstöðu til lagfæringar á mælitækjum og skyldum búnaði, búnað til kortavinnslu o.s.frv. Hér má einnig telja skjalasafn og handbókasafn. Ekki væri úr vegi að hafa til umráða skjálftamæla og landmælingatæki til að fylgjast stöðugt með breytingum jökla, lands og sjávar. Hér má einnig telja bíl til ferðar um svæðið og farartæki til ferðar á jökul. Ferðir til stöðvarinnar geta hins vegar verið með ýmsu móti.

Stöðvarráðsmaður þarf að hafa húsnæði við sitt hæfi til íbúðar verulegan hluta ársins eða árið um kring. Hann þarf einnig að hafa viðunandi skrifstofuaðstöðu og aðra vinnuaðstöðu. Miða verður við að jöklaeftirlit og skipulegar mælingar verði á hans vegum og þarf hann þá viðeigandi aðstöðu til þess. Til þessa stjórnþáttar stöðvarinnar má einnig telja viðunandi fundaaðstöðu fyrir stjórn stöðvarinnar, leiðangursstjórnir, fræðimenn á stöðinni og til annarra fundahalda, tengdra starfsemi stöðvarinnar.

Safnbúnaður yrði væntanlega nokkuð takmarkaður vegna rúms og þess tíma sem til umhirðu þess gæfist. Þó mætti að staðaldri hafa þarna til sýnis gott safn af myndum, kortum og líkönum auk sýnishorna af ís, jökulseti, jökulvatni og öðru slíku. Áhugavert væri að setja þarna upp sumarsýningar um t.d. landeyðingu af völdum jökla, jökulvatna og foks af jökulaurum; af jökulhlaupum; landmótun jökla; ísaldarsögu; áhrifum jökla á gróður; samspili elds og íss o.s.frv. Hafa verður samráð við Ferðamálaráð og aðra skylda aðila um að beina erlendum ferðamönnum og hópferðum að safninu svo að afla megi tekna með sýningargjöldum upp í kostnað, a.m.k. að hluta, auk þess sem það þjónaði upplýsinga- og fræðsluhlutverki safnsins.

4. Rekstur stöðvarinnar.

Með framangreinda starfsemi í huga er sennilega hagkvæmast að stöð þessi yrði alfarið á hendi innlendra aðila, kostuð af almannafé og rekin í faglegri umsjá innlendra vísindamanna og stofnana. Gefa má erlendum fræðimönnum og leiðöngrum kost á afnotum eða aðstöðu við stöðina gegn hæfilegu gjaldi ef við á. Alþjóðleg stöð væri þyngri í rekstri, kallaði sennilega á

mun meiri umsvif og byði ekki upp á eins alþýðlegar og fjölbreytilegar rannsóknir og innlend stöð.

Setja verður opinbera reglugerð um stjórn og rekstur stöðvarinnar. Stöðin yrði að hafa stjórn sem sæi um rekstur hennar og skipulegði nýtingu hennar. Eðlilegt væri að aðilar að þeirri stjórn væru hlutaðeigandi ráðuneyti (menntamála- og/eða umhverfisráðuneyti), faglegir rannsóknaraðilar (Jöklarannsóknafélag Íslands, Háskóli Íslands, Orkustofnun, e.t.v. Jarðfræðafélag Íslands) og heimamenn í héraði (Skaftafellssýslurnar báðar). Stjórn þessi skipaði eða kysi framkvæmdastjórn sem annaðist skemmri tíma umsjón með rekstri stöðvarinnar. Aðalstjórnin réði einnig stöðvarráðsmann.

Stjórn stöðvarinnar væri veitt árlega nokkurt fé til rannsókna og hefði hún á hendi úthlutun styrkja og aðra nýtingu fjárins. Slíkir styrkir gætu verið dvalarstyrkir til ákveðins tíma við stöðina, útgáfustyrkir vegna jökla- og jöklajarðfræðilegra rannsókna, styrkir til leiðangra og styrkir til sýninga í stöðinni, svo nokkuð sé nefnt. Hér þarf ekki að vera um margar milljónir króna að ræða til að gera miklum fjölda áhuga- og fræðimanna kleift að skila miklu og þörfu verki. Þó styrkir þessir standi ekki undir stórum og mannfrekum leiðöngrum, þá gætu þeir í sumum tilfellum riðið baggamuninn hvort gerlegt yrði að hrinda þeim í framkvæmd.

Safn og sýningar mætti e.t.v. tengja við aðra skylda starfsemi í héraði. Það byði upp á víðari skoðunarefni og víðari skilning á áhrifum jöklanna á héruð þessi og mannlíf í þeim. Æskilegt væri að sýningargjöld dygðu til að standa straum af almennum aðgangi að safni og sýningum, e.t.v. með framlög héraðsmanna að bakhjarli. Tilvist svona stöðvar byði einnig upp á betri nýtingu annarra rannsóknaraðila á rannsóknarfé sínu, þar eð aðstaða væri fyrir hendi, kostnaðarlaus eða gegn vægu gjaldi. Margt fleira kæmi til greina til að nýta stöðina þegar hún væri komin á laggirnar.

Erfitt er að segja fyrir um stofnkostnað og árlegan rekstrarkostnað af stöðinni. Líklegt er að stofnkostnaður næmi einhverjum milljónum króna en þó varla svo næmi tugum milljóna. Fastur árlegur rekstrarkostnaður væri í fyrsta lagi laun og rekstrarfé stöðvarráðsmanns, e.t.v. 2–4 milljónir króna; í annan stað rekstur tækja, búnaðar og efniskaup, e.t.v. 1–2 milljónir; í þriðja lagi fast umráðafé til kostnaðar af starfsemi aðila stjórnaraðila, rekstrar og endurnýjunar farartækja, eftirlitsmælinga og annars skylds rekstrar, e.t.v. 2–4 milljónir. Fastur árlegur kostnaður gæti því numið 5–10 milljónum króna. Þar við bættist rannsóknarfé upp á nokkrar milljónir króna. Árleg framlög að upphæð 8–15 milljónir króna mundu duga vel til að stórefla jöklafræðilegar rannsóknir með svona stöð.

Sþ. 45. Tillaga til þingsályktunar [45. mál]

um áfengiskaup opinberra embætta og stofnana.

Flm.: Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar að frá 1. janúar 1990 skuli öll áfengiskaup opinberra embætta og stofnana, sem eiga sér stað hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, vera greidd og bókfærð á útsöluverði ÁTVR eins og það er þegar kaupin eru gerð.

Greinargerð.

Að undanförnu hafa birst í fjölmiðlum fréttir af kaupum ýmissa opinberra aðila á áfengi hjá ÁTVR á sérkjörum, þ.e. miklu lægra verði en útsöluverði ÁTVR. Færsla á áfengiskaupum í ríkisbókhaldi og ríkisreikningum á öðru verði en almennt tíðkast er til þess fallin að torvelda þeim sem vilja kynna sér þessi mál að meta umfang og réttmæti áfengiskaupa á vegum hins opinbera. Þess vegna er þessi tillaga flutt.

Sþ. 46. Tillaga til þingsályktunar [46. mál]

um könnun á vinnubrögðum löggiltra endurskoðenda.

Flm.: Hreggviður Jónsson, Ingi Björn Albertsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram könnun á vinnubrögðum löggiltra endurskoðenda í landinu með það fyrir augum að þau verði samræmd á þann hátt að viðunandi verði fyrir viðskiptalífið, bankastofnanir og almenning í landinu.

Alþingi ályktar enn fremur að á grundvelli könnunarinnar verði lög og reglur um endurskoðun og reikningsskil hér á landi endurmetin og endurbætt þannig að tryggt verði samræmi í vinnubrögðum og lágmarksöryggi fyrir notendur íslenskra reikningsskila.

Greinargerð.

Fram hefur komið að hættulega mikið ósamræmi virðist nú vera í vinnubrögðum löggiltra endurskoðenda á Íslandi, einkum að því er reikningsskil fyrirtækja varðar. Í störfum sínum við gerð reikningsskila fyrirtækja styðjast endurskoðendur við svonefndar leiðbeinandi reglur og miða vinnubrögð sín við hugtak sem þeir nefna „góða reikningsskilavenju".

Í nýútkominni skýrslu um rannsóknar- og ákærumeðferð Hafskipsmálsins svonefnda, sem Ragnar Kjartansson, fyrrum stjórnarformaður félagsins, hefur tekið saman, birtast niðurstöður úr mjög athyglisverðri athugun sem Ragnar hefur gert á 60–70 ársreikningum íslenskra fyrirtækja frá síðustu árum. Meðal þeirra fyrirtækja eru flest stærstu og þýðingarmestu fyrirtæki landsins, svo sem SÍS, Flugleiðir, Arnarflug, Eimskip, öll olíufélögin, vátryggingafélög, allir bankar, ýmsir sparisjóðir, fjármögnunarfyrirtæki, opinberar stofnanir, sjávarútvegsfyrirtækin Grandi, Skagstrendingur og fjölmörg önnur, Landsvirkjun, hitaveitur, Álafoss, KEA og fleiri kaupfélög, svo og ýmis einkafyrirtæki. Athugun þessi er vönduð og samviskusamlega unnin og niðurstöður hennar eru merkilegar, koma á óvart og eru um margt ógnvekjandi því að fram kemur að ósamræmi við gerð þessara ársreikninga er mjög mikið.

Það er auðvitað mjög alvarlegt mál því að ætlast verður til að almenningur, bankastofnanir og þeir sem stunda viðskipti geti treyst ársreikningum fyrirtækja og vinnubrögðum endurskoðenda sem gengið hafa undir hæfnispróf til að mega sinna þessum störfum og hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna samkvæmt leyfi sem fjármálaráðherra gefur út. Sérstaklega er það alvarlegt og umhugsunarefni að mikið ósamræmi sé í vinnubrögðum endurskoðenda við ársreikninga þeirra fyrirtækja sem eru með hlutabréf sín til sölu á almennum markaði. Þannig kemur fram að ekki er samræmi í gerð ársreikninga ýmissa þeirra fyrirtækja sem hvað mest hafa selt hlutabréf sín á hlutabréfamarkaðnum hér á landi. Má þar nefna fyrirtæki, svo sem Flugleiðir, Eimskip og Skagstrending og meðal bankanna Iðnaðarbanka, Verslunarbanka og Útvegsbanka. Fjallað er um öll þessi fyrirtæki í skýrslunni og þar kemur fram að reikningsskil þeirra eru ekki samræmd en á sama tíma ganga hlutabréf í þeim kaupum og sölum á mörkuðunum. Þetta er hættulegt og getur grafið undan þeim vísi sem þó er að myndast að *hlutabréfamarkaði hér á landi og er bráðnauðsynlegur.*

Sú athugun á reikningsskilum íslenskra fyrirtækja, sem hér er vitnað til, kallar á víðtæka athugun af hálfu stjórnvalda á þessum málum þannig að unnt verði að gera endurbætur á lögum til þess að tryggja gæði þeirrar vinnu sem unnin er af löggiltum endurskoðendum.

Vert er að hafa í huga mikilvægi þess að reikningsskil fyrirtækja séu vönduð og rétt. Á þeim grundvallast ekki aðeins skattlagning á fyrirtæki, heldur getur afkoma einstakra fyrirtækja og atvinnugreina í heild haft marghättuð áhrif á verðlag í landinu og þar með á kaupmátt almennings, t.d. þegar heilar atvinnugreinar krefjast hækkana á vörum sínum og þjónustu vegna slæmrar afkomu.

Hér á eftir verða nefnd fáein dæmi um þá ringulreið sem virðist nú ríkja í reikningsskilum íslenskra fyrirtækja. Dæmin eru sótt í skýrslu Ragnars Kjartanssonar og vekja upp margar spurningar um áreiðanleika ársreikninga fyrirtækja almennt og kalla á svör um það hvort íslenskir endurskoðendur hafi lent á villigötum í túlkun sinni á hugtakinu „góðri reikningsskilavenju", en skýrsluhöfundur heldur því fram að um túlkun á því hugtaki sé nú svo komið að ekkert sé fast í hendi í þeim efnum. Ef það reynist rétt vera er ljóst að Alþingi getur ekki við svo búið látið standa.

1. Endurskoðendur virðast ekki geta komið sér saman um vinnubrögð við meðferð á gengistapi hjá fyrirtækjum. Félag löggiltra endurskoðenda gaf út um síðustu áramót leiðbeiningar um það hvernig færa skyldi gengistap sem varð vegna 4–5% gengisfellingar í ársbyrjun 1989. Oft er um miklar fjárhæðir að ræða. Sumir endurskoðendur færa gengistapið undir árið 1988, aðrir undir árið 1989 og enn aðrir sitt á hvað eftir fyrirtækjum. Alvarlegasta dæmið um þetta er að sá maður, sem er formaður fagnefndar hjá félagi endurskoðenda og hvatti félagsmenn til að gæta varúðar og færa gengistap vegna gengisfellingar í ársbyrjun 1989, fór ekki að eigin ráðum þegar hann endurskoðaði ársreikning Landsvirkjunar. Með þessu sýndi hann eiginfjárstöðu Landsvirkjunar betri sem nam heilum milljarði króna en hún var í raun. Dæmi eru um að sama endurskoðunarskrifstofa noti árslokagengi hjá nokkrum stórfyrirtækjum sem vitnað er til í könnuninni, en ekki hjá öðrum stórfyrirtækjum þannig að afkoma og staða þessara fyrirtækja verður engan veginn sambærileg. Almenningur á enga möguleika á að botna í þessum vinnubrögðum.

2. Íslensk reikningsskil eiga að taka mið af þeim verðbólguaðstæðum sem eru í landinu. Þess vegna er beitt endurmati á fjármunum sem á að vera samræmt að öllu leyti. En fyrrnefnd athugun á 60–70 fyrirtækjum leiðir í ljós að 19 mismunandi aðferðum var beitt.

3. Fjölmennustu almenningshlutafélög landsins, eins og Eimskip og Flugleiðir, virðast hafa leyft sér að breyta og umsnúa reikningsskilaaðferðum sínum með margvíslegum hætti á undanförnum árum. Hugmyndaflug við þá iðju hefur á köflum verið ótrúlegt, einkum hjá Flugleiðum, sem m.a. hafa reiknað inn í sinn ársreikning verðbólgu í öðrum löndum þegar það hefur þótt henta.

4. Ársreikningur Seðlabanka Íslands er ekki einu sinni traustvekjandi. Sjálft Seðlabankahúsið við Kalkofnsveg er ekki fært þar til eignar frekar en það væri ekki til. Það var fært til gjalda á byggingartíma eins og tíðkast um alla fjármuni bankans, að því er virðist til að sýna afkomu og stöðu hans verri en hún raunverulega er.

5. Endurskoðendur eiga að hafa samræmdar reglur við eignafærslu varanlegra rekstrarfjármuna sem ganga út á að færa upphaflegt kostnaðarverð fjármunanna, að viðbættu árlegu endurmati og að frádregnum afskriftum. Dæmi hafa fundist um að vikið hefur verið frá þessu til að sýna eignastöðu fyrirtækja betri en hún raunverulega er. Þannig er um eitt af stærstu togarafyrirtækjum landsins. Þar hefur endurskoðandi fyrirtækisins hækkað verð togaranna um 140 milljónir króna umfram það sem talið er eðlilegt. Fram kemur að deilur eru uppi innan Félags löggiltra endurskoðenda um málið og hefur því verið skotið til úrskurðar hjá fagnefnd í félaginu sem hefur samþykkt vítur á þann endurskoðanda sem hækkuninni beitti. Þannig er kominn upp opinber ágreiningur innan félagsins um vinnubrögð sem hlýtur að teljast alvarlegt mál og rýra traust manna á stétt endurskoðenda.

6. Dæmi er nefnt um að fyrirtæki leyfi sér að ganga svo langt að færa hjá sér sem eign fiskinn í sjónum til að sýna betri rekstrarafkomu og eiginfjárstöðu. Þá er um að ræða að keyptur kvóti er eignfærður og ætlaður til afskrifta á fimm árum, enda þótt lög um stjórnun fiskveiða renni út á næsta ári án þess að nokkur viti hvað tekur þá við.

7. Ýmis dæmi eru nefnd um ekkert samræmi í meðferð eftirlaunaskuldbindinga hjá mismunandi fyrirtækjum, þar á meðal bönkum og ekki síst hjá ríkisbönkum. Hleypur þar oft á hundruðum milljóna.

8. Sýnt er fram á alvarlegt ósamræmi við birgðamat hjá fiskvinnslufyrirtækjum vítt og breitt um landið. Það er auðvitað athyglisvert þegar þess er gætt að afkoma fiskvinnslunnar hefur ákaflega mikil áhrif á gengisskráningu og þar með afkomu fólks og kaupmátt í landinu.

9. Svo virðist sem endurskoðendur hafi ýmsar ólíkar aðferðir við að færa gengistap í ársreikninga fyrirtækja. Áður var nefnt að þeir hafa í ýmsum tilvikum sína hentisemi við færslu gengistaps um síðustu áramót. Dæmi er um að þeir hafi tekið upp á því að mynda svonefndan „gengisjöfnunarsjóð" hjá hitaveitu þar sem þeir töldu gengistapið ekki nægilegt. Þannig var hagnaður hitaveitunnar minnkaður um hundruð milljóna það árið — sem ætti að hafa auðveldað forsvarsmönnum umræddrar hitaveitu að knýja fram hækkanir á þjónustugjöldum sínum! En það merkilega er að sama endurskoðunarfyrirtæki sá ástæðu til að ganga með öðrum hætti frá ársreikningi fyrir hitaveitu sem var að öllu leyti sambærileg — nema hún var rekin með tapi, en þá þurfti ekki að mynda neinn „gengisjöfnunarsjóð" til að eyða hagnaði þar sem tap var á hitaveitunni. Hætt er við að ekki verði gerður mikill vitrænn samanburður á afkomu og stöðu þessara tveggja hitaveitna. Spyrja má hvaða áhrif það hafi á þjónustugjöld þessara stofnana.

Fleiri dæmi verða ekki nefnd þó af miklu sé að taka. Framangreind upptalning hlýtur að sýna Alþingi að hér verður að taka í taumana umsvifalaust.

Sþ. 47. Fyrirspurn [47. mál]

til landbúnaðarráðherra um erfiðleika í loðdýrarækt.

Frá Halldóri Blöndal og Agli Jónssyni.

Hversu hyggst ríkisstjórnin bregðast við rekstrarvanda loðdýrabænda?

Sþ. 48. Fyrirspurn [48. mál]

til landbúnaðarráðherra um framleiðslu og sölu laxaseiða frá Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði.

Frá Guðmundi G. Þórarinssyni.

1. Hvaðan og af hvaða stofni eru hrogn sem Laxeldisstöðin í Kollafirði hefur notað til klaks? Svar óskast ár fyrir ár frá 1961 til dagsins í dag.
2. Hver hefur framleiðsla seiða verið ár fyrir ár frá 1961 til dagsins í dag?
3. Hvernig hefur seiðunum verið ráðstafað:
   a. til hafbeitar í Kollafirði,
   b. til fiskeldisstöðva, hvaða stöðva og hve mikið til hverrar,
   c. til sleppinga í ár, í hvaða ár og hve mikið í hverja?
   Svar óskast ár fyrir ár frá 1961 til dagsins í dag.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 49. Tillaga til þingsályktunar [49. mál]

um aukin verkefni sveitarfélaga.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Geir H. Haarde, Salome Þorkelsdóttir, Guðmundur H. Garðarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja nú þegar í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga skipulega vinnu við undirbúning lagafrumvarpa um aukin verkefni sveitarfélaga og samsvarandi tilfærslu tekjustofna frá ríkinu.

Greinargerð.

Á síðastliðnu vori voru samþykkt ný lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þau lög eru góður áfangi að skýrari verkaskiptingu þessara aðila. Þegar upp er staðið eftir þann áfanga kemur þó í ljós að í raun voru fleiri verkefni færð til ríkisins en til sveitarfélaganna. Hugmyndir um að efla sjálfstæði sveitarfélaganna, færa valdið út í héruðin og draga úr miðstýringu náðist ekki nema að litlu leyti fram við þessa lagasetningu. Því er nauðsynlegt að hefja nú þegar að

nýju skipulega vinnu við breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þar sem markmiðið verði að sveitarfélögin fái aukin verkefni. Sem dæmi um slík verkefni má nefna heilsugæslu, grunnskóla og löggæslu. Jafnframt auknum verkefnum til sveitarfélaga þarf að flytja tekjustofna frá ríki til sveitarfélaga þannig að heildarskattbyrði aukist ekki.

Með þingsályktunartillögu þessari er birt sem fylgiskjal ályktun 28. landsfundar Sjálfstæðisflokksins 4.–8. október sl. um sveitarstjórnarmál.

Fylgiskjal.

28. landsfundur Sjálfstæðisflokksins 1989.

Ályktun um sveitarstjórnarmál.

Sjálfstæðisflokkurinn leggur ríka áherslu á sjálfstæði sveitarfélaganna. Sjálfstæðisflokkurinn vill draga úr miðstýringu í stjórnsýslukerfinu með því að dreifa valdi og ábyrgð í auknum mæli til sveitarfélaganna.

Auknar kröfur til menntunar, heilbrigðis- og félagsþjónustu, samgangna og umhverfismála mun á næstu árum hafa veruleg áhrif á atvinnulíf, byggðaþróun, velferð og menningu í landinu. Þeirri þróun verða sveitarfélögin að geta mætt af nægum styrk, hvert og eitt, með samruna eða samvinnu um einstök verkefni.

Verkefni er tengjast nýjum viðhorfum og þörfum í samfélaginu kalla á þekkingu heimamanna. Sveitarfélögin eru það stjórnvald sem stendur fólkinu næst. Þess vegna leggur Sjálfstæðisflokkurinn áherslu á öflug sveitarfélög sem starfa saman með frjálsum hætti í héruðum og landshlutum.

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að tekjustofnalög á hverjum tíma tryggi sveitarfélögunum tekjur samfara auknum lögboðnum verkefnum. Tryggja verður sveitarstjórnum fullt frelsi til þess að verðleggja þá þjónustu sem þau veita.

Sveitarfélögin geta einungis með traustum tekjustofnum sinnt lögboðnum verkefnum á þeim sviðum sem byggðin í landinu þarf á að halda.

Landsfundurinn leggur áherslu á að þjónustusvið sveitarfélaga verði endurmetið með hliðsjón af nýrri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og mögulegri einkavæðingu þjónustuverkefna.

Sjálfstæðisflokkurinn vill treysta búsetu í landinu og jafna aðstöðu í landshlutum. Þar gegna sveitarfélögin viðamiklu hlutverki.

Sþ. 50. Tillaga til þingsályktunar [50. mál]

um kynbótastöð fyrir laxfiska.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta reisa og reka kynbótastöð fyrir laxfiska.

Greinargerð.

Laxeldi er þegar orðin mikilvæg atvinnugrein á Íslandi.

Ekki er ólíklegt að útflutningur fiskeldisafurða nemi um 750 milljónum króna á þessu ári. Á árinu 1988 var framleiðsla sláturlax um 1.200 tonn. Á árinu 1987 var framleiðsla á sláturlaxi um 530 tonn, þar af um 40 tonn úr hafbeit. Framleiðslan kom frá 29 stöðvum og var um 180% aukning frá árinu 1986 þegar sláturlax nam um 188 tonnum frá 15 stöðvum.

Ársstörf í fiskeldi voru um 240 árið 1987, en það var um 33% aukning frá fyrra ári. Þessi tala hefur aukist síðan.

Áætlað er að á þessu ári verði framleiðsla sláturlax um 1.500–1.800 tonn og á árinu 1990 um 7.000 tonn. Framleiðsla gönguseiða var um 12 milljónir seiða 1988 og gæti orðið 15–20 milljónir seiða 1989.

Laxeldi er sú grein fiskeldis sem hraðast hefur vaxið. Ef rétt er á málum haldið gæti laxeldi orðið gífurlega mikilvæg atvinnugrein hér á landi í framtíðinni. Erfitt er að benda á aðra framleiðslugrein sem býr yfir jafnmiklum möguleikum. Sem dæmi má nefna að Norðmenn hafa þegar meiri tekjur af laxeldi en af þorskveiðum og veiða þó mikinn þorsk. Mikilvægasta fisktegund Norðmanna, þeirrar miklu fiskveiðiþjóðar, er nú eldislax. Til eru áætlanir í Noregi um að innan tiltölulega fárra ára verði tekjur af fiskeldi þrisvar sinnum hærri en tekjur af öllum fiskveiðum Norðmanna samanlagðar og þó eru Norðmenn meðal mestu fiskveiðiþjóða heims.

Á ýmsum sviðum búa Íslendingar yfir einstæðum möguleikum til fiskeldis. Tæplega finnst, miðað við þá yfirsýn sem menn nú hafa, nokkur atvinnugrein sem gæti aukið þjóðartekjur Íslendinga jafnmikið og fiskeldi. Fiskeldi gæti í framtíðinni orðið sambærilegt í þjóðarbúskapnum og þorskveiðar, en þá ríður á að halda rétt á málum.

Nú framleiða 30–35 fyrirtæki til útflutnings. Heildarfjárfesting í fiskeldi er 4.500–5.000 millj. kr. og framleiðslugeta um 10.000 tonn á ári af matfiski og 15–20 milljónir seiða. Til þess að þessi fjárfesting nýtist sem best er mikilvægt að vera með bestu fáanlegu stofna í eldi.

Aðstaða á Íslandi.

Aðstaða til fiskeldis á Íslandi er að mörgu leyti hin ákjósanlegasta. Framtíð Íslands í matvælaframleiðslu gæti orðið mikil.

Lega landsins norður við heimskautsbaug úti í miðju Atlantshafi er ákjósanleg í heimi vaxandi mengunar. Íbúar jarðarinnar munu í vaxandi mæli sækja í hollt, náttúrlegt fæði, framleitt við bestu aðstæður, án hvers konar mengunar og geislunar.

Stærð landsins og lág íbúatala skipta miklu í þessu sambandi. Hér er gnægð af fersku, góðu og smitfríu vatni til eldis. Sjór og loft eru hrein og ómenguð. Jarðhitinn býður upp á möguleika til að auka vaxtarhraða, möguleika sem aðeins fáir geta keppt við. Gnægð raforku er hér til dælingar og annarrar orkunotkunar. Fóður til fiskeldis má framleiða hér enda hráefnið að mestu innlent. Aðflutt aðföng eru því fremur lítil. Einangrun landsins minnkar áhættu af sjúkdómum. Allt leggst þetta á eitt.

Ólíklegt er að nokkrir geti keppt við Íslendinga í hagkvæmni við seiðaeldi.

Kynbætur.

Norðmenn hafa um nokkurt árabil stundað kynbætur á eldislaxi. Tilraunastöðin í Sunndalsöra var t.d. stofnuð 1971. Við kynbætur hafa Norðmenn lagt meginþunga á þrjú atriði: 1. aukinn vaxtarhraða, 2. síðbúinn kynþroska, 3. aukna mótstöðu gegn sjúkdómum.

Árangur er mikill eða 3–5% aukning vaxtarhraða á ári. Sem dæmi má nefna að 3% vaxtarhraðaaukning á ári þýðir tvöfaldan vöxt á 24 árum, en 5% vaxtarhraðaaukning á ári þýðir tvöfaldan vöxt á 14 árum.

Gífurleg eftirspurn er eftir hrognum úr kynbættum laxi í Noregi. Ljóst er að aukinn vaxtarhraði norska eldislaxins og síðbúinn kynþroski mun gera íslenskum eldisstöðvum erfitt fyrir í framtíðinni.

Íslensku laxastofnarnir verða í stórum mæli kynþroska eftir eitt ár í sjó. Við kynþroska fer fóður og orka mest í að þroska hrogn og svil. Fiskurinn vex ekki þrátt fyrir eldi og gæði fisksins til matar minnka. Úrval af seiðum til undaneldis er lítið og kynbætur nánast engar.

Brýnasta málið við eldi á laxi á Íslandi er nú að kynbæta stofna til undaneldis. Útilokað er að treysta á innflutt hrogn, áhætta af því er mjög mikil því erfiðir sjúkdómar geta borist með hrognunum.

Íslensku fiskeldisstöðvarnar eru flestar ungar að árum og eiga fullt í fangi með að halda rekstrinum gangandi fyrstu árin. Því virðist ljóst að fiskeldisstöðvarnar eru þess ekki megnugar að reisa og reka kynbótastöð. Ríkið virðist vera sá aðili sem eðlilegast væri að kæmi starfseminni af stað. Hvert ár sem tapast er dýrt. Mjög mikilvægt er að hefja kynbætur hið fyrsta. Það tekur mörg ár að ná árangri. Framleiðsla landanna í kringum okkur eykst hröðum skrefum, en kynbótastöð mun stórbæta samkeppnisaðstöðu okkar.

Í Kollafirði eru hafnar kynbætur á hafbeitarlaxi. Þar er að hluta verið að leita annarra eiginleika en í eldi, svo sem ratvísi eða aukinna endurheimtna. Þar er notuð kynbótaaðferð sem nefnd er fjölskylduval og þar eru í sjó um 150 fjölskyldur af þremur stofnum og sami fjöldi í eldi á seiðastigi. Þar hefur komið fram mikill munur milli stofna og fjölskyldna í vexti á seiðastigi.

Vonir eru bundnar við að þessar kynbætur geti aukið arðsemi við hafbeit um 3–6% á ári með hærri endurheimtum og meiri meðalþunga sláturlax.

Fyrstu niðurstöður úr tilraun með samanburð á norskum og íslenskum laxastofnum, sem nú er unnið að á vegum RALA, benda til að íslenski stofninn í tilrauninni verði með rúm 70% kynþroska eftir eitt ár í sjó en sá norski með rúm 10%.

Kynbótastöð.

Kynbótastöð fyrir eldislax þarf að vera við sjó og er mikilvægt að eiga völ á hreinum jarðsjó. Stöðin þarf að standa sér og nokkuð einangruð vegna sjúkdómahættu, en vel má vera að fluttir yrðu til hennar stofnfiskar frá mörgum stöðum í byrjun. Aðstaða þarf að vera til klaks, seiðaeldis, geymslu stofnfisks og einhvers áframeldis. Gera verður ráð fyrir að seiði yrðu síðan alin í nokkrum matfiskastöðvum samkvæmt samningi við kynbótastöðina. Mælingar á þroska fisksins og sláturþunga væru síðan notaðar til vals á fiski til undaneldis. Það val væri framkvæmt á fiski sem alinn er í sjálfri kynbótastöðinni. Kynbótastöðin gæti síðan selt hrogn í framtíðinni og af reynslu Norðmanna að dæma er hér um mjög arðbært fyrirtæki að ræða.

Sjálf skipulagning og tölvustýring kynbótanna gæti verið framkvæmd af sérfræðingum hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Sérfræðingar landbúnaðarins hafa þegar mikla reynslu í kynbótum og undirbúningur vegna kynbóta á hafbeitarlaxi mundi nýtast vel í kynbótastöð fyrir eldislax.

Eðlilegt væri að hugsa sér að ríkið stofnaði og ræki þessa kynbótastöð í byrjun. Kynbótastöðin væri hins vegar hlutafélag þar sem áhugaaðilum, svo sem fiskeldisstöðvum, gæfist kostur á kaupum á hlutabréfum. Þannig gætu fiskeldisstöðvarnar og landssamtök þeirra tekið við rekstrinum síðar meir er þeim vex fiskur um hrygg. Mikilvægt er að í stjórn kynbótastöðvarinnar ættu sæti frá byrjun fulltrúi landssambands fiskeldis og hafbeitarstöðva og fulltrúi rannsóknaaðila, e.t.v. Háskólans, auk aðila með rekstrarþekkingu.

Framtíð fiskeldis á Íslandi veltur á því að rannsóknir og tilraunir verði efldar. Íslendingar hafa þegar dregist aftur úr öðrum þjóðum í fiskeldi. Þróunin er mjög hröð, og nú þarf að láta hendur standa fram úr ermum ef ekki á að verða um seinan að hasla sér völl í þessari mikilvægu atvinnugrein framtíðarinnar.

Fylgiskjöl:

1. „Kynbætur á laxfiskum". Stefán Aðalsteinsson.
2. „Kynbætur á laxfiskum". Stefán Aðalsteinsson og Jónas Jónsson.
3. „Kynbætur á laxfiskum að Sunndalsöra í Noregi". Stefán Aðalsteinsson.
4. „Úrval gegn ótímabærum kynþroska í laxfiskum". Stefán Aðalsteinsson.

Fylgiskjal I.

Stefán Aðalsteinsson:

Kynbætur á laxfiskum.

Stefnumótun.

Hafist verði handa um skipulegar kynbætur á laxfiskum hér á landi sem fyrst til að tryggja samkeppnisaðstöðu íslenskra fiskeldisstöðva sem best.

Byggja þarf upp aðstöðu til að kynbæta eldislax, eldissilung og hafbeitarlax.

Erlend reynsla sýnir að kynbætur á eldisfiski eru með arðbærustu fjárfestingum sem völ er á.

Markmið kynbóta.

Stefnt er að því að ná framförum í þeim eiginleikum í eldisfiski og hafbeitarlaxi sem lýst er hér á eftir:

A. Eldislax (og eldissilungur).
   a. Aukinn vaxtarhraði.
   b. Aukinn lífsþróttur.
   c. Bætt gæði fisks.
   d. Kynþroski á 2. ári.
   e. Viðnám gegn sjúkdómum.

B. Hafbeitarlax.
   a. Auknar endurheimtur.
   b. Aukinn vaxtarhraði í sjó.
   c. Aukinn lífsþróttur seiða í eldi.

Framkvæmd kynbótastarfs.

Megináhersla verður lögð á val milli systkinahópa, en einstaklingsúrvali verður auk þess beitt innan systkinahópa við kynbætur á vaxtarhraða og kynþroska á eldisfiski.

Við kynbætur á eldislaxi erlendis hefur almennt verið miðað við að ættliðabilið sé 4 ár (1,5 ár í fersku vatni og 2,5 ár í sjó).

Hér á landi yrði stefnt að því að nýta jarðvarma til að flýta klaki og seiðaeldi um 1 ár, þannig að sjógönguseiðum yrði sleppt í sjó 6–8 mánuðum eftir klak (0+ seiði). Þá gæti ættliðabilið orðið 3 ár hjá eldislaxi og þeim hafbeitarlaxi sem væri 2 ár í sjó en færi niður í 2 ár hjá hafbeitarlaxi sem væri 1 ár í sjó.

Með því að stytta ættliðabilið úr 4 árum í 3 ár, eykst kynbótaframför um 33% á ári, en með því að stytta það úr 4 árum í 2 ár, eykst árleg kynbótaframför um 100%.

Aðstaða.

Aðstaða þarf að fást í eldisstöð sem yrði til fullra og óskoraðra umráða til kynbótatilrauna og kynbótastarfs á meðan festa væri að skapast í starfseminni.

Eftirfarandi aðstaða þarf að vera fyrir hendi í slíkri stöð:

a. Ker fyrir klakfisk frá því hann er valinn til kynbóta og fram yfir hrognatöku.
b. Klakbakkar fyrir hrogn úr 100–200 völdum hrygnum og sami fjöldi kera fyrir seiði fram að merkingu fyrir hvora kynbótaleið um sig, eldiskynbætur og hafbeitarkynbætur.
c. Aðstaða til sjóeldis á systkinahópum í kynbótum á laxi (og eldissilungi), þar sem allir hópar í árganginum væru sérmerktir og aldir saman.
d. Aðstaða til sjógeymslu og eldis á hópum í hafbeitarkynbótum sem væru alsystkin og hálfsystkin hópa sem sleppt hefði verið í hafbeit.
e. Aðstaða til að halda fyrir fram gerðri áætlun um hitastig og ljóslotu á klaktíma og seiðastigi til að flýta klaki og seiðavexti og myndun sjógöngubúnings.
f. Aðstaða til að stjórna hitastigi og ljóslotu í þeim tilgangi að tímasetja kynþroska og hrygningu kynbótafiska.
g. Aðstaða til að ná miklum afköstum í merkingu seiða í systkinahópum.
h. Aðstaða til áframhaldandi eldis í ferskvatni á merktum seiðum.
i. Aðstaða til sleppingar á hafbeitarseiðum.
j. Aðstaða til að taka á móti endurheimtum laxi, slátra honum, lesa úr merkjum og vega og meta afurðir.
k. Aðstaða til úrvinnslu og uppgjörs gagna í afkastamikilli tölvu.

Tengsl kynbótastarfs og annarra rannsókna.

Þær rannsóknir, sem fyrst og fremst tengjast því kynbótastarfi sem hér er lýst, eru eftirfarandi:

a. Stjórnun á hrygningartíma klakfisks.
b. Flýting klaks, frumfóðrunar og seiðaþroska.
c. Seltuþol og alhliða sjóhæfni gönguseiða.

Rökstuðningur.

Fyrirsjáanlegt er að íslenskar fiskeldisstöðvar munu mæta harðnandi samkeppni við sölu afurða sinna á erlendum mörkuðum á næstu árum.

Ljóst er að ör vaxtarhraði í eldi matfiskjar muni hafa veruleg áhrif á hagkvæmni eldisstöðva hér á landi. Sá tími, sem hægt er að hafa lax í sjókvíum hér við land, er stuttur og afgerandi að nýta þann tíma sem best.

Á sama hátt er ljóst að háar endurheimtur úr hafbeit munu skipta sköpum um fjárhagsafkomu hafbeitarstöðva.

Mikill árangur hefur náðst í kynbótum á eldisfiski í Noregi. Hagkvæmni í laxeldi þar byggist að verulegu leyti á því að framleiða stóran matfisk á suttum tíma. Söluverð á laxi fer hækkandi á hvert kg eftir því sem laxinn er stærri.

Vaxandi áhugi er á því að fá flutt inn hrogn af kynbættum eldislaxi frá Noregi. Í því sambandi er ástæða til að benda á að aðstæður við eldi í Noregi og á Íslandi eru ólíkar. Því er óvíst í hve miklum mæli kynbótaárangur, sem náðst hefur í Noregi, nýtist á Íslandi.

Innflutningi á hrognum fylgir veruleg hætta á innflutningi sjúkdóma og því er ástæða til að forðast hann í lengstu lög. Auk þess er óhjákvæmilegt að eldisfiskur sleppi úr haldi öðru hvoru. Innfluttur eldisfiskur gæti spillt villtum íslenskum stofnum með íblöndun á óskyldu og óheppilegu erfðaefni.

Erlendar rannsóknir benda til þess að auka megi endurheimtur á hafbeitarlaxi með kynbótum en hvergi er völ á skipulega kynbættum efnivið til hafbeitar.

Ástæða er til að vekja sérstaka athygli á því að uppbygging á fiskeldisstöðvum hér á landi hefur byggst að verulegu leyti á innfluttri þekkingu og jafnframt er áhugi á að byggja eldið líka á innfluttum fiskstofnum. Þunga áherslu ber að leggja á nauðsyn þess að innlend þekking og innlendur fiskur sé hvort tveggja notað í sem ríkustum mæli við uppbyggingu á þessari mikilvægu atvinnugrein.

Fylgiskjal II.

Stefán Aðalsteinsson:

Úrval gegn ótímabærum kynþroska í laxfiskum.

(Úr Eldisfréttum, 2. tbl. 1988.)

Inngangur.

Kynþroski er forsenda þess að laxfiskar geti aukið kyn sitt og viðhaldið tegundinni á jörðunni. Það er þess vegna dálítið ankannalegt að ræða um það hvernig hægt sé að velja gegn kynþroska sem slíkum. Náttúran hefur tæpast gert ráð fyrir því að tvíkynja tegund hafi til að bera erfðavísa sem gera hana kynlausa með öllu.

Ótímabær kynþroski er hins vegar vandamál í fiskeldi. Val gegn honum er þá fólgið í því að breyta stofninum þannig með úrvali að fiskar í stofninum verði ekki kynþroska of snemma miðað við hagkvæmnisjónarmið þeirra sem eldið stunda.

Ótímabær kynþroski getur verið með tvennu móti. Annars vegar er um að ræða það fyrirbæri þegar smáhængar verða kynþroska áður en þeir ganga í sjó. Hins vegar er um það að ræða að fiskur í eldi verði kynþroska áður en hagkvæmri stærð er náð og þar af leiðandi verðminni til sölu.

Mikilvægi aldurs við kynþroska í fiskeldi.

Aldur við kynþroska er talinn mikilvægur eiginleiki í eldi laxfiska eins og sést á 1. töflu hér á eftir þar sem vægi eiginleikans eykst eftir því sem stjörnum fjölgar (Gjedrem, 1983).

Eins og 1. tafla sýnir skiptir aldur laxfiska við kynþroska verulegu máli vegna þess að gæði fisksins spillast þegar hann verður kynþroska. Ef fiskurinn verður snemma kynþroska verður að slátra honum áður en hann hefur náð hagkvæmustu stærð fyrir markaðinn.

Mikilvægi aldurs við kynþroska í fiskeldi

Upplýsingarit um fjárhagsmálefni og lánstraust mega aðeins geyma almennar upplýsingar og þau má aðeins senda til áskrifenda. Áður en starfsleyfishafi birtir nafn tiltekins aðila í slíku upplýsingariti skal starfsleyfishafi að eigin frumkvæði tilkynna viðkomandi aðila skriflega um það að upplýsingar um hann muni birtast í næstu útgáfu ritsins.

Upplýsingar um skuldastöðu manna má því aðeins veita öðrum að um sé að ræða almennt aðgengilegar upplýsingar eða gjaldfallna skuld eða skuldir sama aðila við tiltekinn kröfuhafa sem eru a.m.k. 10.000,00 kr. eða hærri og skuldari hefur með aðfararhæfri sátt fallist á að greiða eða verið dæmdur til greiðslu hennar eða önnur réttargerð hafin til fullnustu hennar. Dómsmálaráðherra getur að fenginni umsögn tölvunefndar breytt með reglugerð framangreindri fjárhæð.

Upplýsingar um skuldastöðu aðila má ekki veita með þeim hætti að þær geti verið grundvöllur mats á fjárhagslegri stöðu annars en þess er upplýsingarnar varðar.

20. gr.

Um leiðréttingu eða afmáun rangra og villandi upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust gilda ákvæði 14. gr.

VI. KAFLI

Nafnalistar og nafnáritanir. Markaðs- og skoðanakannanir.

21. gr.

Sala eða önnur afhending úr skrám á nöfnum og heimilisföngum tiltekinna hópa einstaklinga, stofnana, fyrirtækja eða félaga er óheimil án starfsleyfis sem tölvunefnd veitir. Þá er og óheimilt án slíks starfsleyfis að annast um fyrir aðra áritanir nafna og heimilisfanga, svo sem með límmiðaáritun, eða aðra útsendingu tilkynninga til þeirra sem greinir í fyrri málslið þessarar málsgreinar.

Starfsleyfishafi skv. 1. mgr. má aðeins hafa á skrám sínum eftirtaldar upplýsingar:

1. nafn, heimilisfang, kennitölu, nafnnúmer, fyrirtækjanúmer og starf,
2. upplýsingar sem almennur aðgangur er að í opinberum skrám, svo sem fyrirtækjaskrám.

Dómsmálaráðherra getur, að fenginni umsögn tölvunefndar, í reglugerð reist frekari skorður við því hvað greina megi í skrám þessum.

Ef skrá skv. 21. gr. er notuð til áritunar og útsendingar bréfa, tilkynninga, dreifirita eða þess háttar er skylt að fram komi á áberandi stað á útsendu efni að því sé dreift eftir skrá í vörslu viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar. Enn fremur að þeir sem kynnu að óska eftir því að losna undan slíkum sendingum framvegis geti skrifað eða hringt til þessa aðila og fengið nöfn sín afmáð af útsendingarskrá.

Skylt er skrárhaldara að verða tafarlaust við beiðnum um að nöfn einstaklinga eða fyrirtækja séu máð af útsendingarskrá, sbr. 1. mgr. Ef beiðni um að má nafn af útsendingarskrá berst sendanda ofangreinds pósts er honum skylt að koma slíkri kröfu á framfæri við skrárhaldara.

Tölvunefnd getur sett reglur um merkingar skv. 1. mgr.

23. gr.

Nú fær skrárhaldari skv. 21. gr. í hendur félagaskrár eða skrár yfir fasta viðskiptamenn eða svipaðar skrár og er honum þá óheimilt án samþykkis þess sem afhent hefur gögnin að láta þau af hendi við aðra eða skýra öðrum frá upplýsingum sem í skránum eða gögnunum felast.

24. gr.

Óheimilt er að framkvæma markaðs- og skoðanakannanir um atriði sem falla undir ákvæði laga þessara nema áður hafi verið aflað heimildar tölvunefndar. Þeim sem slíkar kannanir framkvæma ber við framkvæmd könnunar að gæta eftirtalinna atriða:

a. Gera skal þeim sem spurður er grein fyrir því að honum sé hvorki skylt að svara einstökum spurningum né spurningalistanum í heild.
b. Ef svör eru ekki eyðilögð að könnun lokinni skulu þau geymd þannig frágengin að ekki megi rekja þau til ákveðinna aðila.
c. Aldrei skal spyrja annarra spurninga en þeirra sem hafa greinilegan tilgang með hliðsjón af viðfangsefni því sem verið er að kanna.
d. Óheimilt er að nota upplýsingar þær, sem skráðar hafa verið, til annars en þess sem var tilgangur könnunar.
e. Óheimilt er að veita öðrum aðgang að upplýsingum þeim sem skráðar hafa verið.

Tölvunefnd er heimilt að setja frekari skilyrði um framkvæmd slíkra kannana, meðferð og varðveislu gagna ef hún telur það nauðsynlegt.

VII. KAFLI

Um tölvuþjónustu.

25. gr.

Þeim sem annast tölvuþjónustu fyrir aðra er óheimilt án starfsleyfis, sem tölvunefnd veitir, að varðveita eða vinna úr eftirtöldum upplýsingum um einkamálefni:

a. upplýsingum sem falla undir ákvæði 1. mgr. 4. gr.,
b. upplýsingum sem falla undir ákvæði V. kafla,
c. upplýsingum sem falla undir ákvæði 3. mgr. 6. gr.

Með tölvuþjónustu er átt við sérhvern starfsþátt í sjálfvirkri gagnavinnslu með tölvutækni.

Starfsleyfishafa skv. 1. mgr. er, án samþykkis frá skráreiganda, óheimilt að nota upplýsingar þær, sem hann hefur veitt viðtöku, til annars en að framkvæma þá þjónustu sem samningur hans og skráreiganda varðar eða afhenda öðrum upplýsingarnar til vinnslu eða geymslu. Þegar sérstaklega stendur á, svo sem vegna skyndilegrar bilunar í tölvubúnaði, er aðila þó heimilt að láta framkvæma tölvuvinnslu hjá öðrum enda þótt síðargreindi aðilinn hafi ekki starfsleyfi til slíkrar vinnslu. Gögnin og vinnslan skulu þó eftir sem áður vera á ábyrgð þess sem upphaflega tók að sér verkið að því er varðar ákvæði laga þessara.

Starfsleyfishafa er skylt að beita viðeigandi ráðstöfunum til þess að koma í veg fyrir að upplýsingar verði misnotaðar eða þær komist í hendur óviðkomandi. Dómsmálaráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um vörslu og meðferð tölvugagna hjá þeim sem annast tölvuþjónustu fyrir aðra.

26. gr.

Starfsmenn í þjónustu starfsleyfishafa skv. 25. gr. eru þagnarskyldir um atriði sem þeir komast að við störf sín og skulu þeir undirrita þagnarheit áður en þeir taka til starfa.

Nú vinnur tölvuþjónustufyrirtæki, sem ekki er rekið af opinberum aðila, að verkefnum fyrir slíkan aðila og eru starfsmenn þess þá þagnarskyldir um þau atriði, sem þeir komast að við framkvæmd verkefnisins, með sama hætti og þeir opinberu starfsmenn sem unnið hafa að því. Brot starfsmanns varðar, þegar svo stendur á, refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga.

VIII. KAFLI

Söfnun upplýsinga hér á landi til úrvinnslu erlendis.

27. gr.

Kerfisbundin söfnun og skráning persónuupplýsinga hér á landi til geymslu eða úrvinnslu erlendis er óheimil. Tölvunefnd getur þó heimilað hana ef sérstaklega stendur á.

Skrá eða frumgögn, sem geyma upplýsingar þær sem greinir í 1. mgr. 4. gr., má eigi láta af hendi til geymslu eða úrvinnslu erlendis nema samþykki tölvunefndar komi til.

Leyfi skv. 1. og 2. mgr. má því aðeins veita að tölvunefnd telji að afhending skráa eða gagna skerði ekki til muna þá vernd sem lög þessi búa skráðum mönnum eða lögpersónum.

Dómsmálaráðherra getur, að fenginni umsögn tölvunefndar, ákveðið í reglugerð að ákvæði 1. og 2. mgr. eigi ekki við um tilteknar skrár eða upplýsingasvið eða gagnvart tilteknum löndum ef slíkt er nauðsynlegt til efnda á þjóðréttarskuldbindingum eða tillit til alþjóðlegrar samvinnu á þessu sviði mælir með því.

IX. KAFLI

Skráning upplýsinga og varðveisla þeirra.

28. gr.

Beita skal virkum ráðstöfunum er komi í veg fyrir að upplýsingar séu misnotaðar eða komist til óviðkomandi manna.

Afmá skal skráðar upplýsingar sem vegna aldurs eða af öðrum ástæðum hafa glatað gildi sínu miðað við það hlutverk sem skrá er ætlað að gegna. Skrár, sem sífellt eru í notkun, skulu geyma upplýsingar sem á hverjum tíma eru réttar, en úreltar upplýsingar skal afmá.

Tölvunefnd getur leyft að afrit eða útskriftir úr skrám verði varðveittar í Þjóðskjalasafni eða öðrum skjalasöfnum með nánari ákveðnum skilmálum.

29. gr.

Nú geyma tilteknar skrár upplýsingar sem líklegt þykir að muni hafa notagildi fyrir erlend ríki og skal þá koma við öryggisráðstöfunum sem gera kleift að eyðileggja skrár án tafar ef styrjöld brýst út eða uggvænt þykir að til styrjaldarátaka komi.

X. KAFLI

Um eftirlit með lögum þessum.

30. gr.

Til þess að hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim skal dómsmálaráðherra skipa fimm manna nefnd sem kölluð er tölvunefnd í lögum þessum. Nefndina skal skipa til fjögurra ára í senn. Formaður nefndarinnar, varaformaður og einn nefndarmaður að auki skulu vera lögfræðingar. Formaður og varaformaður skulu fullnægja skilyrðum til að vera dómari. Einn nefndarmanna skal vera sérfróður um tölvu- og skráningarmálefni. Hann skal tilnefndur af Skýrslutæknifélagi Íslands. Varamenn skal skipa með sama hætti til fjögurra ára í senn og skulu þeir fullnægja sömu skilyrðum og aðalmenn.

Starfsmaður dómsmálaráðuneytisins skal vera ritari tölvunefndar.

31. gr.

Tölvunefnd hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara. Nefndin hefur að eigin frumkvæði, eða eftir ábendingum frá skráðum aðilum, eftirlit með því að til skráningar sé stofnað og skrár notaðar með þeim hætti sem fyrir er mælt í lögum þessum. Tölvunefnd veitir, eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum, starfsleyfi, heimildir eða samþykki til einstakra athafna. Þá úrskurðar nefndin í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma.

Úrlausnir tölvunefndar samkvæmt lögum þessum verða eigi bornar undir aðrar stjórnvaldsstofnanir.

32. gr.

Tölvunefnd getur krafið skrárhaldara og þá er á hans vegum starfa allra þeirra upplýsinga sem nefndinni eru nauðsynlegar til þess að rækja hlutverk sitt, þar með taldar upplýsingar til ákvörðunar um það hvort tiltekin starfsemi falli undir ákvæði laganna.

Tölvunefnd og starfslið hennar hefur vegna eftirlitsstarfa sinna án dómsúrskurðar aðgang að húsnæði þar sem skráning fer fram eða þar sem skráningargögn eru varðveitt eða þau eru til vinnslu.

33. gr.

Tölvunefnd getur lagt fyrir aðila að hætta skráningu eða láta ekki öðrum í té upplýsingar úr skrám sínum eða gögnum, enda gangi skráning eða upplýsingagjöf í berhögg við ákvæði laga þessara að mati tölvunefndar. Þá getur tölvunefnd og, að sömu skilyrðum fullnægðum, mælt svo fyrir að upplýsingar í skrám verði afmáðar eða skrár í heild sinni eyðilagðar.

Tölvunefnd getur lagt fyrir skráningaraðila að afmá skráningu um einstök atriði eða leiðrétta hana, enda sé um atriði að ræða sem annaðhvort er óheimilt að taka á skrá eða tölvunefnd telur röng eða villandi.

Tölvunefnd getur lagt fyrir skráningaraðila að afmá eða leiðrétta upplýsingar sem skráðar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara ef skráning þeirra gengur í berhögg við ákvæði laga þessara eða upplýsingarnar eru rangar eða villandi.

Tölvunefnd getur, ef sérstaklega stendur á, lagt fyrir skráningaraðila að afmá upplýsingar sem vegna aldurs eða af öðrum ástæðum hafa glatað gildi sínu.

Tölvunefnd getur bannað skráningaraðila að viðhafa tiltekna aðferð við söfnun og skráningu upplýsinga og miðlun þeirra, enda telji nefndin að sú aðferð, sem viðhöfð er, hafi í för með sér verulega hættu á að skráning eða upplýsingamiðlun verði röng eða villandi. Sömu heimild hefur tölvunefnd ef hún telur hættu á að teknar verði á skrá eða miðlað verði úr skrám upplýsingum sem óheimilt er að skrá eða miðla.

Tölvunefnd getur lagt fyrir skráningaraðila að koma við sérstökum úrræðum til tryggingar því að eigi verði tekin á skrá atriði sem óheimilt er að skrá eða miðlað verði upplýsingum um slík atriði. Hinu sama gegnir um atriði sem eru röng eða villandi. Með sama hætti getur tölvunefnd lagt fyrir skráningaraðila að koma við ráðstöfunum til tryggingar því að skráðar upplýsingar verði ekki misnotaðar eða komist til vitundar óviðkomandi aðila.

Ef aðili sinnir eigi fyrirmælum tölvunefndar skv. 1.–6. mgr. þessarar greinar getur tölvunefnd afturkallað starfsleyfi, samþykki eða heimild sem hún hefur veitt samkvæmt ákvæðum laga þessara þar til úr hefur verið bætt að hennar mati með fullnægjandi hætti.

34. gr.

Dómsmálaráðherra getur í reglugerð kveðið á um samstarf tölvunefndar við erlendar eftirlitsstofnanir um geymslu eða úrvinnslu hér á landi á gögnum er safnað hefur verið erlendis, þar á meðal um sérstaka tilkynningarskyldu á slíku.

35. gr.

Tölvunefnd getur sett reglur um form og efni tilkynninga og umsókna samkvæmt lögum þessum.

Nú er tölvunefnd ætlað að veita starfsleyfi samkvæmt lögum þessum eða samþykki til einstakra aðgerða og er henni þá heimilt að binda starfsleyfið eða samþykkið skilyrðum eða tímabinda það.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið gjald er greiða skal fyrir veitingu starfsleyfa og einstakra heimilda.

36. gr.

Tölvunefnd skal árlega birta skýrslu um starfsemi sína. Í skýrslunni skal birta yfirlit yfir þau starfsleyfi, samþykki og heimildir sem nefndin hefur veitt, reglur sem hún hefur sett og úrskurði sem hún hefur kveðið upp. Í ársskýrslunni skal og greina frá þeirri starfsemi nefndarinnar annarri sem ætla má að almenningur láti sig varða eða hafi hagsmuni af að vita.

XI. KAFLI

Um refsingar og önnur viðurlög.

37. gr.

Brot á eftirtöldum ákvæðum laga þessara varða fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum:

a. brot á 3.–6. gr.,
b. brot á 9. og 12. gr.,
c. brot á 2. og 4. mgr. 14. gr.,
d. brot á 15.–20. gr.,
e. brot á 21.–24. gr.,
f. brot á 26., 27. og 1. mgr. 32. gr.

Sömu refsingu varðar að vanrækja að fara að fyrirmælum tölvunefndar skv. 33. gr.

Sömu refsingu varðar enn fremur að virða ekki skilyrði sem sett eru fyrir starfsleyfi, heimild eða samþykki samkvæmt lögum þessum eða stjórnvaldsreglum settum samkvæmt þeim, svo og að sinna ekki boði eða banni sem sett hefur verið samkvæmt lögunum eða stjórnvaldsreglum settum samkvæmt þeim.

Dæma má lögaðila jafnt sem einstaklinga til greiðslu sekta vegna brota á lögum þessum. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðilans framið brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda skv. 38. gr., enda sé brot drýgt til hagsbóta fyrir lögðaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda séu brot tengd starfi hans hjá lögðaðilanum.

38. gr.

Starfsleyfishafa skv. 15., 21. og 25. gr. má auk refsingar skv. 37. gr. með dómi svipta starfsleyfi ef sök er mikil. Að öðru leyti eiga hér við ákvæði 1. og 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Gera má upptæk með dómi tæki sem stórfelld brot á lögum þessum hafa verið framin með, svo og hagnað af broti, sbr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

39. gr.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

XII. KAFLI

Lagaframkvæmd og gildistaka.

40. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi en varð ekki útrætt. Það er nú lagt fram að nýju í meginatriðum óbreytt. Þeir Þorgeir Örlygsson prófessor og Tryggvi Gunnarsson lögfræðingur, sem sömdu frumvarp þetta, hafa farið yfir athugasemdir þær sem allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis höfðu borist við meðferð nefndarinnar á frumvarpinu á síðasta Alþingi.

Hafa þeir lagt til nokkrar breytingar á frumvarpinu sem eru nú teknar inn í það.

Bréf þeirra til ráðuneytisins, sem dagsett er 25. sept. 1989 og varðar þær breytingar, skýrir nánar breytingarnar sem eru gerðar á frumvarpinu miðað við fyrra frumvarp. Bréfið er prentað sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Almennar athugasemdir.

I.

Íslensk löggjöf um tölvu- og skráningarmálefni.

Fyrstu lög, sem sett voru hér á landi til verndar einstaklingum vegna skráningar á upplýsingum um einkamálefni þeirra, voru lög nr. 63/1981, um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni. Höfðu þau fyrir fram afmarkaðan gildistíma og féllu úr gildi 31. desember 1985. Þann 1. janúar 1986 tóku gildi ný lög um sama efni, lög nr. 39/1985, og hafa þau, eins og lög nr. 63/1981, einnig fyrir fram afmarkaðan gildistíma og falla úr gildi 31. desember 1989. Samkvæmt 31. gr. laganna skal dómsmálaráðherra láta endurskoða þau og leggja fram nýtt frumvarp í þingbyrjun haustið 1988.

Í janúar 1988 fól dómsmálaráðherra þeim Þorgeiri Örlygssyni, prófessor og formanni tölvunefndar, og Tryggva Gunnarssyni borgardómara að endurskoða lög nr. 39/1985, um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni, og sömdu þeir frumvarp þetta.

Mál, er varða skráningu á upplýsingum um einkamálefni manna, hafa síðustu tvo áratugi oft borið á góma á Alþingi, einkum í tengslum við flutning þingsályktunartillagna. Á Alþingi 1973–1974 og 1975–1976 og 1976 voru fluttar tillögur til þingsályktunar um „tölvutækni við söfnun upplýsinga um skoðanir manna og persónulega hagi". Tillögurnar voru í meginatriðum sama efnis. Var skorað á ríkisstjórnina að skipa nefnd manna til að semja frumvarp til laga „um verndun einstaklinga gagnvart því, að komið verði upp safni upplýsinga um skoðanir þeirra eða aðra persónulega hagi með aðstoð tölvutækni". Tillögur þessar náðu ekki fram að ganga. Þann 25. nóv. 1976 skipaði dómsmálaráðherra nefnd til þess að vinna að undirbúningi löggjafar um meðferð efnis í tölvum er varða einkahagi manna. Formaður nefndarinnar var skipaður dr. Ármann Snævarr, þá hæstaréttardómari, en aðrir nefndarmenn voru Hjalti Zóphóníasson, þá fulltrúi í dómsmálaráðuneytinu, en nú skrifstofustjóri í því ráðuneyti, og dr. Þorkell Helgason dósent. Í erindisbréfi til nefndarmanna var sérstaklega bent á að þörf væri á að hyggja að reglum um söfnun upplýsinga til varðveislu í tölvum og um vernd manna gegn misnotkun slíks efnis, svo og um skyldur þeirra manna sem starfa við rekstur á tölvum. Skyldi höfð hliðsjón af löggjöf sem sett hafði verið í öðrum löndum um þetta efni, svo og löggjafarundirbúningi á þessu sviði í einstökum löndum og á alþjóðavettvangi.

Nefnd þessi samdi frumvarp til laga um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni og var það lagt fram á Alþingi undir þinglok 1978 (298. mál, þskj. 683), en kom aldrei til umræðu.

Í nóvember 1978 ákvað dómsmálaráðherra að framangreint frumvarp skyldi, áður en það yrði á ný lagt fyrir Alþingi, sent til umsagnar ýmissa aðila sem málið varðaði. Umsagnir þær, sem bárust, voru því næst sendar nefnd þeirri er samdi upphaflega frumvarpið. Í framhaldi af þessu skilaði nefndin nokkrum tillögum til breytinga á upphaflega frumvarpinu. Frumvarpið var lagt fram á 102. löggjafarþingi í ársbyrjun 1980, en hlaut ekki afgreiðslu.

Frumvarpið var óbreytt lagt fram á 103. löggjafarþinginu árið 1980 af dómsmálaráðherra (þskj. 2, n. 692, 693). Var markmið þess enn sem fyrr að veita einkamálefnum manna aukna vernd gegn hættu á misnotkun upplýsinga sem varðveittar eru eða skráðar hafa verið í tölvum. Fylgdu frumvarpinu ítarlegar athugasemdir í greinargerð. Allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis flutti 57 breytingartillögur við frumvarpið og umsamdi það í raun. Af framsöguræðu formanns allsherjarnefndar neðri deildar, Eiðs Guðnasonar, fyrir breytingartillögunum má ráða að nefndinni þótti upphaflegt frumvarp nokkuð viðamikið og tölvuverndarmálefnin gerð óþarflega flókin. Miðuðu breytingartillögurnar að sögn nefndarformannsins að því að einfalda frumvarpið og koma í veg fyrir endurtekningar sem væru margar og reyna að koma í veg fyrir að hin svokallaða tölvunefnd yrði að stjórnsýslubákni, svo sem reyndin hafi orðið annars staðar á Norðurlöndum. Upphaflegt frumvarp greindist í sjö þætti og 13 kafla, en samkvæmt breytingartillögum nefndarinnar var gert ráð fyrir því að frumvarpið skiptist í 10 kafla. Þá voru greinar upphaflega frumvarpsins 51 talsins, en þeim fækkaði í 31 í tillögum nefndarinnar.

Breytingartillögur allsherjarnefndar neðri deildar voru allar samþykktar og var frumvarpið þannig samþykkt sem lög nr. 63/1981. Allsherjarnefnd neðri deildar samdi ekki nýja greinargerð með frumvarpinu, en í framsöguræðu formanns nefndarinnar er gerð grein fyrir breytingartillögunum og ástæðum þeirra.

Lög nr. 63/1981 tóku gildi 1. jan. 1982. Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. þeirra féllu þau úr gildi 30. janúar 1985 og skv. 2. mgr. 30. gr. skyldi dómsmálaráðherra láta endurskoða lögin og leggja fram frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi í haustbyrjun 1984.

Með bréfi 7. nóv. 1983 fól dómsmálaráðherra tölvunefnd að gera tillögur um þær breytingar á lögum nr. 63/1981 sem nefndin teldi þörf á. Allir nefndarmenn voru sammála um að leggja til breytingar á 2. mgr. 1. gr., 2. mgr. 6. gr., 13. gr., 19. gr. og 1. mgr. 28. gr. Er gerð grein fyrir breytingartillögum þessum í ársskýrslu tölvunefndar fyrir árið 1984 á bls. 15–16. Þá er og í ársskýrslu þessari á bls. 16–18 gerð grein fyrir hugmyndum einstakra nefndarmanna um breytingar á lögunum sem ekki fengu stuðning allra nefndarmanna. Dómsmálaráðherra lagði fram á Alþingi í haustbyrjun 1984 frumvarp til breytinga á lögum nr. 63/1981. Var í frumvarpinu lagt til að gerðar yrðu á lögunum þær breytingar sem allir nefndarmenn tölvunefndar höfðu verið sammála um. Breytingartillögur þessar voru allar samþykktar og voru ný lög um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni samþykkt sem lög nr. 39 frá 15. júní 1985. Tóku þau gildi 1. janúar 1986.

II.

Erlend löggjöf um tölvu- og skráningarmálefni.

Í frumvarpi því, er lagt var fram á Alþingi á 103. löggjafarþingi árið 1980, var að finna yfirlit um sögu löggjafar varðandi skráningu persónugagna. Svo sem þar kemur fram urðu Svíar fyrstir þjóða til þess að setja lög um þetta efni, þ.e. tölvulögin frá 11. maí 1973 er endanlega tóku gildi 1. júlí 1974, en í sambandsríkinu Hessen í Vestur-Þýskalandi hafði þó verið sett rammalöggjöf um þetta efni að nokkru árið 1970.

Til viðbótar þeim upplýsingum, er fram koma í áðurgreindu frumvarpi frá 1980, má geta þess að löggjöf um skráningu persónugagna er nú í gildi í Austurríki, Bretlandi, Danmörku, Finnlandi, Frakklandi, Írlandi, á eyjunni Mön, í Ísrael, Kanada, Lúxemborg, Noregi, New York ríki í Bandaríkjunum, Ontario og Quebeck í Kanada, Svíþjóð, Sviss og Vestur-Þýskalandi. Frumvörp til laga um skráningu persónugagna eru til umfjöllunar í þjóðþingum Argentínu, Belgíu, Grikklands, Hollands, Ítalíu, Portúgals og Spánar.

Alþjóðlegt samstarf á þessu réttarsviði hefur farið vaxandi og ýmis fjölþjóðleg samtök hafa sinnt tölvuverndarmálefnum í auknum mæli. Má í því sambandi annars vegar nefna ályktun aðildarríkja OECD frá 1980 (OECD Guidelines on the Protection of Privacy and Transborder Flows of Personal Data) og hins vegar sáttmála Evrópuráðsríkjanna frá 1980 (A Convention for the Protection of Individuals with Regard to Automatic Processing of Personal Data). Íslendingar hafa undirritað Evrópuráðssáttmálann en ekki fullgilt hann.

Íslendingar hafa tekið þátt í fjölþjóðlegu samstarfi varðandi vernd persónuupplýsinga innan Evrópuráðsins, í samstarfi tölvueftirlitsstofnana á Norðurlöndum og í samstarfi við vestrænar tölvueftirlitsstofnanir. Má um það efni vísa til ársskýrslna tölvunefndar.

III.

Meginbreytingar samkvæmt frumvarpi þessu og helstu markmið þess.

Eins og lög nr. 63/1981 og lög nr. 39/1985 hefur frumvarp þetta það að meginmarkmiði að tryggja mönnum vernd gegn hættu á misnotkun upplýsinga um einkamálefni þeirra sem varðveittar eru eða skráðar hafa verið með kerfisbundnum hætti. Svo sem nánar verður vikið að í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins er verndarsvið þess þó ekki einskorðað við skráningu í tölvur, heldur tekur það til skráningar hvort sem hún er vélræn eða handunnin.

Lög nr. 63/1981 og nr. 39/1985 voru fyrstu lög sem sett voru hér á landi um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni. Lögin hafa að mestu staðið óbreytt allt frá ársbyrjun 1982, ef frá eru taldar smávægilegar breytingar sem gerðar voru árið 1985 og áður er að vikið. Lög þessi hafa, að mati þeirra sem unnið hafa við að framfylgja ákvæðum þeirra, í flesta staði reynst vel þegar á heildina er litið. Við samningu þessa frumvarps hefur verið höfð hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur við framkvæmd gildandi laga og er í frumvarpinu leitast við að sníða af ýmsa vankanta gildandi löggjafar sem komið hafa í ljós. Má sem dæmi nefna að í gildandi lög skortir tilfinnanlega ýmis ákvæði um valdsvið tölvunefndar sem reynslan hefur sýnt að nauðsynlegt er að hafa í löggjöf sem þessari.

Við samningu frumvarps þessa hefur verið litið til þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á réttarreglum á þessu sviði á Norðurlöndum. Gagnger endurskoðun fór fram á dönsku tölvulögunum árið 1987, sbr. lög nr. 383 frá 10. júní 1987, og gilda þar í landi nú um þetta efni annars vegar lög nr. 621 frá 2. ágúst 1987, Lov om offentlige myndigheders registre, og hins vegar lög nr. 622 frá 2. okt. 1987, Lov om private registre m.v. Hefur við samningu frumvarps þessa oft verið litið til ákvæða dönsku laganna, svo sem fram kemur í athugasemdum við einstakar greinar, og verða hin dönsku lög í greinargerð þessari hér eftir kölluð dönsku e.s.l. (lögin um skráningu af hálfu einkaaðila) og dönsku o.s.l. (lögin um skráningu af hálfu opinberra aðila).

Meginmarkmið breytinga þeirra, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, er að tryggja skráðum aðilum aukna vernd, kveða skýrar á um skyldur skráningaraðila og tryggja virkara eftirlit með framkvæmd laganna. Þótt breytingar þær á gildandi lögum, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, séu allmargar raska þær þó ekki í neinum verulegum atriðum þeirri umgjörð sem er samkvæmt gildandi lögum á þessu verndarsviði og þær munu ekki hafa í för með sér verulegar breytingar á eðli og umfangi þess starfs sem fram fer til þess að hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Er áfram byggt á því fyrirkomulagi að hafa í einum lögum fyrirmæli um

skráningu af hálfu opinberra aðila og einkaaðila og áfram er byggt á starfsleyfisskyldu skráningaraðila en ekki tilkynningarskyldu.

Engar athugasemdir við einstakar greinar fylgdu þingnefndarfrumvarpi því er síðar varð að lögum nr. 63/1981 og nr. 39/1985. Er úr því bætt í frumvarpi þessu og fylgja því skýringar við einstakar greinar. Kafla- og greinaskipan frumvarpsins er að mestu í samræmi við kafla- og greinaskipan gildandi laga.

Ýmis ákvæði gildandi laga um valdsvið og verkefni tölvunefndar og heimildir nefndarinnar í einstökum tilvikum eru óljós. Miðar frumvarpið m.a. að því að afmarka valdsvið nefndarinnar nánar og taka af skarið varðandi ýmsar heimildir nefndarinnar sem áður var óljóst hvort nefndin hefði. Er nánari grein gerð fyrir þessum atriðum í athugasemdum við einstakar greinar, en hér á eftir skal gefið stutt yfirlit yfir helstu breytingar á ákvæðum gildandi laga sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir:

1. Frumvarpið gerir ráð fyrir nýju heiti laganna, þ.e. að þau heiti lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, en gildandi lög heita lög um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni.
2. Í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er orðið „persónuupplýsingar" notað um það sem í gildandi lögum er kallað „upplýsingar varðandi einkamálefni einstaklinga" og er hugtakið persónuupplýsingar nánar skilgreint í 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins eru lögin sögð taka til skráningar og „annarrar meðferðar" á persónuupplýsingum, en í gildandi lögum einvörðungu talað um skráningu.
3. Í II. kafla frumvarpsins, sem fjallar um heimild til skráningar, er greint með skýrari hætti annars vegar á milli þeirra upplýsinga sem eru sérstaklega viðkvæmar og eru þær greindar í 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins og hins vegar annarra upplýsinga. Gilda strangari reglur um heimild til skráningar hinna fyrrnefndu upplýsinga og aðra meðferð þeirra, t.d. um aðgang að skráðum upplýsingum, sbr. ákvæði III. kafla frumvarpsins.
4. III. kafli frumvarpsins „Um aðgang að skráðum upplýsingum" kemur í stað V. kafla gildandi laga sem ber heitið: „Upplýsingar látnar í té öðrum en hinum skráða". Ákvæðum um bann við samtengingu skráa og undanþágur frá því banni er skipað í þennan kafla. Kveðið er skýrar á um það hverjar heimildir tölvunefnd hefur til þess að veita aðgang að upplýsingum og settar eru viðmiðunarreglur sem tölvunefnd skal leggja til grundvallar við mat í þeim efnum. Veigamesta breytingin er sú sem fram kemur í 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Gerir hún ráð fyrir því að ekki megi nema í undantekningartilvikum skýra frá upplýsingum sem eldri eru en fimm ára.
5. IV. kafli frumvarpsins, sem fjallar um rétt skráðra aðila og kemur í stað IV. kafla gildandi laga, hefur að geyma mörg nýmæli. Settar eru ítarlegar reglur um skyldur skrárhaldara þegar skráður aðili óskar upplýsinga um efni skráðra upplýsinga. Skulu skrárhaldarar veita upplýsingar skv. 9. gr. skriflega og þeir skulu hafa svarað tilmælum hins skráða innan fjögurra vikna, en gera ella fyrirspyrjanda skriflega grein fyrir því af hverju tilmælum hans hefur ekki verið sinnt, sbr. ákvæði 12. gr. frumvarpsins. Þá skal skrárhaldari, ef hann hafnar tilmælum aðila um að skýra frá efni upplýsinga, vekja athygli hins skráða á því að hann geti borið ágreininginn undir úrlausn tölvunefndar. Þá er það nýmæli að finna í 13. gr. frumvarpsins að skýrt er kveðið á um það að ágreining um rétt til aðgangs að upplýsingum skv. IV. kafla geta menn borið undir úrlausn tölvunefndar. Loks er það meðal nýmæla í kafla þessum að þegar um aðrar upplýsingar er að ræða en upplýsingar um fjárhagsmálefni og lánstraust getur tölvunefnd lagt fyrir skráningaraðila að senda skriflega leiðréttingu til þeirra er rangar upplýsingar hafa fengið.
6. V. kafli frumvarpsins, sem fjallar um skráningu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust, kemur í stað 5. gr. gildandi laga og felur í sér verulegar breytingar frá ákvæðum gildandi laga. Er nánari grein gerð fyrir því í athugasemdum við þann kafla og vísast

þangað, en í stuttu máli má segja að kaflinn hafi að geyma nýjar og strangari reglur um skyldur skrárhaldara, um rétt skráðra aðila, um eðli upplýsinga og aldur þeirra og hvaðan þær eru fengnar.

7. Ákvæði VI. kafla um nafnalista og nafnaáritanir og um markaðs- og skoðanakannanir er nýmæli hvað varðar ákvæði um nafnalista og nafnaáritanir. Er þar m.a. kveðið á um starfsleyfisskyldu þeirra sem slíka þjónustu hafa með höndum, hvaða upplýsingar þeir megi hafa á skrám, skyldu þeirra til þess að láta það koma fram í áritun, úr hvaða skrá nafn er fengið og um takmarkanir á rétti skrárhaldara til þess að selja öðrum upplýsingarnar. Eru þetta allt nýmæli. Ákvæði 24. gr. um framkvæmd markaðs- og skoðanakannana eru að mestu í samræmi við ákvæði gildandi laga og framkvæmd þeirra, en þó er þar það nýmæli að finna að afdráttarlaust er tekið fram að óheimilt sé að framkvæma slíkar kannanir án leyfis tölvunefndar ef skráning lýtur að upplýsingum sem falla undir ákvæði laganna.
8. VII. kafli frumvarpsins, sem fjallar um tölvuþjónustu, er að mestu óbreyttur miðað við ákvæði VI. kafla gildandi laga sem fjallar um sama efni.
9. X. kafli frumvarpsins kemur í stað VIII. kafla gildandi laga og fjallar um eftirlit með framkvæmd laganna. Þau nýmæli er þar helst að finna að lagt er til í 30. gr. að nefndarmönnum í tölvunefnd verði fjölgað úr þremur í fimm. Samkvæmt 32. gr. frumvarpsins getur tölvunefnd krafið skrárhaldra og þá er á hans vegum starfa allra þeirra upplýsinga sem nefndinni eru nauðsynlegar til þess að rækja eftirlitshlutverk sitt. Þá er það nýmæli að finna að tölvunefnd hefur án dómsúrskurðar aðgang að húsnæði þar sem skráning fer fram eða þar sem skráningargögn eru varðveitt eða þau eru til vinnslu. Í 3. mgr. 33. gr. frumvarpins er tekið af skarið um það að eftirlitsvald tölvunefndar og þar með gildissvið laganna taki einnig til upplýsinga sem skráðar voru fyrir gildistöku laganna. Loks er að finna ákvæði í 34. gr. um alþjóðlegt samstarf á verndarsviði laganna og heimild til reglugerðarsetningar um það efni.
10. XI. kafli um refsingar og önnur viðurlög kemur í stað IX. kafla gildandi laga og er efnislega eins að því þó viðbættu að ítarlegri ákvæði er að finna í frumvarpinu um refsiábyrgð lögaðila.
11. Í XII. kafla um lagaframkvæmd og gildistöku er gildistími laganna ekki fyrir fram markaður eins og er í gildandi lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Um gildissvið laganna.

Um 1. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. gr. gildandi laga og markar gildissvið laganna. Af ákvæðum frumvarpsgreinarinnar leiðir að skráning persónuupplýsinga er aðeins heimil að því marki sem kveðið er á um í II. og V. kafla frumvarpsins.

Í frumvarpsgreininni er talað um kerfisbundna skráningu upplýsinga og skv. 1. mgr. skiptir ekki máli hvort skráning er vélræn eða handunnin. Kerfisbundin aðferð við geymslu upplýsinga, sem undir venjulegum kringumstæðum teldist ekki skrá, getur fallið undir ákvæði laganna að öðrum skilyrðum fullnægðum. Má sem dæmi nefna persónuupplýsingar í möppum sem varðveittar eru eftir ákveðnu kerfi. Af áskilnaði frumvarpsgreinarinnar um kerfisbundna skráningu leiðir að utan gildissviðs frumvarpsins falla einstakar tilviljunarkenndar skrár.

Þeir sem njóta verndar frumvarpsins eru einstaklingar, félög, fyrirtæki og stofnanir. Utan verndarsviðsins falla hins vegar opinberir aðilar. Hér er að meginstefnu til haft í huga einkalíf manna í sama skilningi og í XXV. kafla almennra hegningarlaga. Má sem dæmi nefna

fjölskyldumálefni manna, heilsuhagi, kynlíf, brotaferil, skoðanir manna á trúmálum og stjórnmálum, tengsl manns við aðra menn eða álit manns á öðrum sem leynt á að fara, ágreiningur og átök innan fjölskyldu sem eðlilegt er að leynt fari og lífsvenjur manna. Upplýsingar þær, sem hér um ræðir, þurfa ekki að vera manni til hnjóðs eða meiða æru hans. Það greinimark, sem við er stuðst, er það að sanngjarnt sé og eðlilegt að upplýsingarnar fari leynt, sbr. ákvæði 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar. Verður að meta þetta hverju sinni og er matið afstætt. Er hér byggt á vísireglu sem tekur nokkurt mið af venjuhelguðum viðhorfum við túlkun ákvæða XXV. kafla almennra hegningarlaga þótt slíkt sé ekki einhlítt að því leyti að hér er einkalífssvið, sem vernda á, nokkuð rýmra en skv. XXV. kafla hegningarlaganna, sbr. t.d. fjárhagsmálefni. Utan gildissviðs frumvarpsins falla skrár sem eingöngu hafa að geyma nöfn manna og heimilisföng, símanúmer og stöðu, sbr. þó ákvæði VI. kafla. Það er þó skilyrði að hinar síðastnefndu skrár séu ekki þannig upp byggðar og fram settar að úr þeim megi jafnframt lesa upplýsingar sem falla undir ákvæði frumvarpsins.

Eins og áður segir er skráning upplýsinga þeirra, sem hér um ræðir, aðeins heimil að því marki sem II. og V. kafli frumvarpsins leyfir, en samkvæmt köflum þessum er þeim er hafa tiltekna starfsemi með höndum, atvinnufyrirtækjum, félögum og stofnunum, heimil skráning að ákveðnu marki, sbr. það sem síðar segir í athugasemdum við II. kafla. Af ákvæðum frumvarpsins leiðir því að **einstaklingum** er óheimil skráning þeirra upplýsinga er falla undir ákvæði frumvarpsins.

Í 1. mgr. 1. gr. gildandi laga segir að lögin taki til hvers konar kerfisbundinnar **skráningar** á þeim upplýsingum sem falla undir lögin þótt lögin hafi að geyma fjölda ákvæða um aðra meðferð slíkra upplýsinga, t.d. um aðgang að þeim. Þar sem frumvarp þetta kveður bæði á um skráningu og aðra meðferð persónuupplýsinga þykir rétt að taka þetta fram berum orðum í 1. mgr. 1. gr., enda er vernd frumvarpsins ekki takmörkuð við skráninguna eina.

Í greininni er skýrt kveðið á um að lögin eigi við hvort heldur sem skráning er vélræn eða handunnin. Í þessu felst ekki efnisbreyting frá gildandi lögum, en rétt þykir að taka af öll tvímæli í þeim efnum. Í þessu felst það að ekki er í frumvarpinu gerður greinarmunur á aðferðinni við söfnun og skráningu upplýsinga, enda tilgangur frumvarpsins fyrst og fremst sá að veita vernd gegn óheimilli skráningu þeirra upplýsinga, er lögin taka til, hver svo sem aðferðin er sem viðhöfð er. Eigi kemur fram í 1. gr. gildandi laga að lögin taki bæði til vélrænnar og handunninnar skráningar þótt þau hafi verið túlkuð þannig. Hefur þetta verið til þess fallið að valda misskilningi um gildissvið þeirra.

Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar er sú orðalagsbreyting gerð að orðið **persónuupplýsingar** er notað sem **safnheiti** fyrir það sem í 1. mgr. 1. gr. gildandi laga er kallað upplýsingar „varðandi einkamálefni einstaklinga, stofnana, fyrirtækja eða annarra lögpersóna, sem sanngjarnt og eðlilegt er að leynt fari". Þykir þessi orðalagsbreyting horfa til einföldunar og hagræðis. Er hugtakið persónuupplýsingar nánar skilgreint í 3. mgr. greinarinnar.

Í 1. mgr. er kveðið á um þá skráningaraðila sem frumvarpið tekur til. Fylgir frumvarpið því meginsjónarmiði gildandi laga að fjalla í einu lagi um skráningu af hálfu opinberra aðila og einkaaðila. Ekki þykir ástæða til þess að setja sérstakar reglur um skráningu af hálfu opinberra aðila þar sem ætla verður að 3. gr. frumvarpsins búi einkalífsvernd manna nægja vernd hvort heldur sem skráningin er af hálfu opinberra aðila eða einkaaðila þar sem það er jafnan skilyrði skráningar að hún sé eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila.

Í gildandi lögum er talað um einkamálefni og fjárhagsmálefni þeirra aðila sem lögin tilgreina, en í frumvarpinu er tekið fram að með persónuupplýsingum sé auk upplýsinga um einkamálefni og fjárhagsmálefni einnig átt við önnur málefni sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Skilgreining hugtakanna **einkamálefni** og **fjárhagsmálefni** geta oft valdið vafa. Er hér því farið að fyrirmynd 1. gr. dönsku e.s.l. um skráningu af hálfu einkaaðila og til öryggis bætt við upptalninguna á einkamálefnum og fjárhagsmálefnum **öðrum málefnum**.

Verndin samkvæmt greininni miðast við það að sanngjarnt sé og eðlilegt að viðkomandi upplýsingar fari leynt. Hér er um matskennda viðmiðun að ræða, en hún stafar af því að ekki verður í öllum tilvikum fyrir fram afmarkað með nákvæmum hætti hverjar upplýsingar sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Heyrir það undir tölvunefnd að skera úr um það hvað sé sanngjarnt og eðlilegt í þessum efnum, sbr. m.a. X. kafla frumvarpsins.

Í 4. mgr. er orðunum „kennitölu eða öðru" skráningarauðkenni bætt við. Er það til samræmis við breytta skráningarhætti af hálfu Hagstofu Íslands, þ.e. að taka upp kennitölu í stað nafnnúmers.

Um 2. gr.

Frumvarpsgreinin er sama efnis og 2. gr. gildandi laga og hefur að geyma tæmandi talningu á því hvaða skráningarstarfsemi falli utan gildissviðs laganna. Sú skráningarstarfsemi, sem fellur utan marka laganna, er:

1. Skráning samkvæmt lögum nr. 30/1956.
2. Skráning í þágu ættfræðirannsókna og æviskrárrita.

Æviskrárritun samkvæmt lögum nr. 30/1956, um skráningu Íslendinga, til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknum hér á landi fellur utan marka laganna og sömuleiðis önnur skipulagsbundin skráning í þágu ættfræðirannsókna og æviskrárrita. Við ættfræðirannsóknir og samningu æviskrárrita kann eigi að síður að þurfa að gæta annarra reglna er varða vernd einkalífs, sbr. t.d. Hrd. 1968 á bls. 1007.

Eins og fyrr segir er upptalning 2. gr. tæmandi. Af því leiðir að t.d. skráning í þágu vísindarannsókna fellur tvímælalaust undir gildissvið laganna. Við setningu fyrstu tölvuverndarlaganna í Danmörku var skráning í þágu vísindarannsókna og tölfræðiskýrslna undanþegin ákvæðum dönsku laganna. Því fyrirkomulagi var í sjálfu sér ekki breytt við endurskoðun dönsku laganna 1987, en þó bætt við lögin ákvæði þess efnis að slík skráning megi ekki fara fram nema tölvueftirlitinu hafi fyrst verið tilkynnt um skráninguna. Gegnir hinu sama um venjulegar markaðs- og skoðanakannanir ef um skráningu einkalífsatriða er jafnframt að ræða. Af ákvæðum II. kafla frumvarps þessa leiðir að skráning í þágu vísindarannsókna og tölfræðiskýrslna er því aðeins heimil að fullnægt sé skilyrðum 3. og 4. gr. frumvarpsins.

Um II. kafla.

Almennar reglur um heimild til skráningar.

Kaflinn hefur að geyma almennar reglur um heimild til skráningar. Reglur kaflans spanna vítt svið þar sem þær eiga við um sérhverja skráningu persónuupplýsinga er 1. gr. frumvarpsins tekur til og hafa þær því einkenni almennra viðmiðunarreglna. Um skráningu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust og um starfsemi þeirra er hafa með höndum sölu nafnalista og límmiðaáritana gilda sérákvæði V. og VI. kafla frumvarpsins.

Reglur kaflans taka fyrst og fremst til þeirra er hafa með höndum einhvers konar starfsemi eða atvinnurekstur, en eru þó ekki einskorðaðar við slíka aðila. Er í 3. gr. frumvarpsins talað um skráningu af hálfu „viðkomandi aðila". Það er í sjálfu sér ekki nákvæmt viðmiðunarmark, en vandkvæðum er bundið að telja það með tæmandi hætti hverjir hér koma til greina. Ljóst er að fyrirtæki, félagasamtök, stofnanir, stjórnmálaflokkar og trúfélög lúta reglum kaflans, svo að einhver dæmi séu nefnd, og það gera einnig sjálfstætt starfandi einstaklingar eins og læknar, lögmenn og endurskoðendur. Þá lýtur skráning af hálfu opinberra aðila og ákvæðum kaflans, svo sem gildissvið frumvarpsins er markað í 1. gr. þess.

Um 3. gr.

Greinin er samhljóða 3. gr. gildandi laga hvað efni og orðalag varðar og setur almenn skilyrði fyrir heimild til skráningar persónuupplýsinga er 1. gr. frumvarpsins tekur til. Reglur 3. og 4. gr. eiga einvörðungu við um skráningu upplýsinga **til eigin nota** fyrir skrárhaldara. Um

heimild til þess að miðla upplýsingunum til annarra er hins vegar fjallað í III. kafla frumvarpsins um aðgang að skráðum upplýsingum. Afhending skráðra upplýsinga til lögmanns eða endurskoðanda, svo að einhver dæmi séu nefnd, eða til varðveislu eða úrvinnslu í tölvu hjá tölvuþjónustufyrirtæki, sem einvörðungu notar upplýsingar til ákveðinnar úrvinnslu, telst ekki til afhendingar eða miðlunar upplýsinga.

Annars vegar er það skilyrði sett í 3. gr. að skráningin sé eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi skráningaraðila. Hins vegar er það skilyrði að skráningin taki eingöngu til þeirra sem tengjast starfi hans eða verksviði.

Viðmiðunarmarkið „eðlilegur þáttur“ í starfsemi viðkomandi aðila er að sjálfsögðu teygjanlegt og matskennt eins og áður er að vikið, enda ekki unnt að setja fram á tæmandi hátt hver efnisatriði eigi að ráða úrslitum. Hefur viðmiðunarmark þetta því einkenni vísireglu. Almennt má segja að jafnan sé heimilt að skrá upplýsingar að því marki sem slíkt er nauðsynlegt til efnda á ýmsum lagaskyldum, t.d. reglum skattalaga. Verður að meta það í hverju tilfelli hvað teljist eðlilegur þáttur í starfsemi tiltekins aðila. Margs konar skráning persónutengdra upplýsinga getur verið eðlilegur þáttur í starfsemi ýmissa aðila. Má þar vísa til þeirra dæma sem nefnd eru í greininni, þ.e. skrár um viðskiptamenn, starfsmenn eða félagsmenn. Fyrirsvarsmönnum fyrirtækis er oft nauðsynlegt að halda skrár er hafa að geyma ýmsar upplýsingar um starfsmenn þess og hinu sama gegnir um félög ýmiss konar. Þeim kann að vera nauðsynlegt að halda skrár með ýmsum upplýsingum um félagsmenn sína. Af efni greinarinnar leiðir hins vegar að því eru settar hömlur vegna tillits til einkalífs manna hverjar upplýsingar megi taka í slíkar skrár og um hverja. Þannig má sem dæmi nefna að læknir skráir almennt ekki upplýsingar um fjárhag sjúklinga sinna og lánstraust og sá sem heldur skrá um fjárhagsmálefni og lánstraust skráir ekki heilsufarsupplýsingar.

Um 4. gr.

Greinin svarar að mestu til 4. gr. gildandi laga þótt orðalagi og framsetningu sé nokkuð breytt.

Frumvarpsgreinin fjallar um skráningu þeirra upplýsinga sem eru taldar **sérstaklega viðkvæmar persónuupplýsingar**. Upplýsingar þær, sem nefndar eru í 1. mgr. 4. gr., eru upplýsingar um litarhátt, kynþátt, stjórnmálaskoðanir, trúarbrögð, brotaferil, kynlíf, heilsuhagi, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun og veruleg félagsleg vandamál. Upplýsingarnar eru hins vegar ekki tæmandi taldar, sbr. ákvæði e-liðar 1. mgr. 4. gr.

Meginreglan er sú að skráning umræddra upplýsinga er óheimil. Þykir nauðsynlegt að geta þessa sérstaklega og taka af allan vafa í þeim efnum. Undantekningar frá þessu fortakslausa banni er að finna í 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar þar sem fram kemur í fyrsta lagi að skráning sé heimil leiði slíkt af ákvæðum annarra laga. Í öðru lagi getur skráning þessara upplýsinga verið heimil ef hinn skráði hefur látið upplýsingarnar sjálfur í té eða þeirra verið aflað með samþykki hans. Í báðum tilvikum er það þó skilyrði að upplýsinganna hafi verið aflað við þær aðstæður að hinum skráða gat ekki dulist að ætlunin var að skrá upplýsingarnar. Þessu skilyrði yrði talið fullnægt, ef hinn skráði hefur beinlínis samþykkt skráninguna og slíkt samþykki verður oft einnig leitt af atvikum og aðstæðum við skráninguna. Sem dæmi má nefna umsókn hins skráða um þátttöku í félagsskap fólks sem haldið er tilteknum sjúkdómi og umsókn um inngöngu í stjórnmálafélag eða trúfélag. Einnig má sem dæmi nefna upplýsingar um heilsuhagi sem hinn skráði gefur lækni í tengslum við ákveðna sjúkdómsmeðferð.

Þótt ekki segi það berum orðum í greininni er það eigi að síður skilyrði skráningar að skrárhaldara sé ekki einungis nauðsynlegt að skrá upplýsingarnar, heldur einnig að hafa þær undir höndum til þess að gæta eigin hagsmuna eða annarra. Svo sem 4. gr. frumvarpsins er orðuð yrði það væntanlega einungis í undantekningartilvikum að þeim er hafa með höndum venjulegan atvinnurekstur teldist heimilt að skrá upplýsingar skv. 1. mgr. 4. gr.

Þess er áður getið að upplýsingar þær, sem falla undir bannákvæði 1. mgr. 4. gr., eru ekki tæmandi taldar í frumvarpsgreininni. Aðrar upplýsingar um einkalíf manna, sem jafna má til þeirra sem upp eru taldar, falla hér einnig undir.

Sem dæmi um skrár, sem eðlilegt er að haldnar séu, eru t.d. skrár um starfsmenn, viðskiptamenn, dreifingaraðila og samkeppnisaðila. Starfsmannaskrá má þó aðeins hafa að geyma upplýsingar sem nauðsynlegar eru í sambandi við eðlilega stjórnun fyrirtækis, t.d. upplýsingar um nafn, heimilisfang og nafnnúmer eða kennitölu, stöðu í fyrirtæki, starfshæfni, upplýsingar um tekjur og skatta viðkomandi starfsmanns og veikindadaga hans, en ekki upplýsingar um stjórnmála- eða trúarskoðanir starfsmanns. Ef trúarviðhorf starfsmanns er þess valdandi að hann vill ekki vinna á tilteknum vinnutímum, t.d. laugardegi, væri eðlilegt að slíkt kæmi fram í skrá, en þó án þess að ástæðunnar sé getið.

Hvað skrár um viðskiptamenn varðar er það að segja að auk nafns og heimilisfangs er eðlilegt að slíkar skrár geymi upplýsingar um t.d. afhendingu vöru og greiðsluáætlun kaupanda. Um þá viðskiptavini, sem eru í reikningsviðskiptum, er ekki óeðlilegt að skráðar séu upplýsingar um fjárhag þeirra og lánstraust, enda er þar oftast um að ræða upplýsingar sem hinn skráði hefur sjálfur látið í té. Lánastofnanir veita oft ekki lán nema fyrir liggi ítarlegar upplýsingar um fjárhag lántaka, t.d. ársreikningar, efnahagsyfirlit o.s.frv., sem lántaki sendir lánastofnun. Þá verður og að telja að fyrirtæki sé heimilt að skrá upplýsingar um fjárhag og lánstraust viðskiptamanna sinna sem fyrirtækið hefur fengið hjá öðrum en hinum skráða, t.d. starfsleyfishafa skv. V. kafla frumvarpsins.

Til viðbótar þeim skrám, sem hér voru nefndar og eðlilegar teljast, má nefna sérhæfðari skrár sem eftir atvikum geta átt rétt á sér. Þannig má sem dæmi nefna skrár fasteignasala um hugsanlega kaupendur, skrár listaverkasala um eigendur mynda eftir tiltekinn listamann og sjúklingaskrár lækna. Þegar um skrár vinnuveitenda og launþegasamtaka er að ræða verður að meta það í hverju einstöku tilviki hvað er eðlilegt umfang skráningar af hálfu viðkomandi aðila.

Eins og áður segir er frumvarpsgreinin sama efnis og 1. mgr. 4. gr. gildandi laga. Við upptalningu 1. mgr. er þó bætt nýju atriði sem óheimilt er að skrá, en það eru upplýsingar um veruleg félagsleg vandamál hins skráða. Sem dæmi tilvika, sem hér eru höfð í huga, eru upplýsingar um ósamlyndi milli hjóna eða milli foreldra og barna, upplýsingar um slys eða annað óhapp sem haft hefur alvarlegar persónulegar og félagslegar afleiðingar í för með sér, upplýsingar um langvarandi atvinnuleysi hins skráða og upplýsingar um að hinn skráði hafi þegið bætur eða styrki af hinu opinbera af einhverju tagi.

Í gildandi lögum er ekki skýrlega tekið fram að tölvunefnd hafi heimild til þess að veita undanþágur frá reglum 1. mgr. 4. gr. laganna. Eins og ársskýrslur tölvunefndar bera með sér beinist mikill fjöldi þeirra erinda, sem nefndinni berast, að því að fá undanþágur frá ákvæðum 1. mgr. 4. gr. gildandi laga. Tölvunefnd hefur frá fyrstu tíð túlkað valdsvið sitt skv. VIII. kafla gildandi laga svo að hún geti veitt slíkar undanþágur. Í 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins er lagt til að þessi framkvæmd verði staðfest og er það til samræmis við ákvæði 3. mgr. 3. gr. dönsku e.s.l. og 9. gr. norsku laganna.

Um III. kafla.

Um aðgang að skráðum upplýsingum.

Í II. kafla frumvarpsins er að finna almennar reglur um heimild til skráningar, en í III. kafla er fjallað um miðlun upplýsinga, þ.e. að hvaða marki skráningaraðilar hafi heimild til þess að skýra þriðja manni, þ.e. öðrum en hinum skráða, frá efni skráðra upplýsinga. Um rétt skráðra aðila til aðgangs að skráðum upplýsingum um þá sjálfa er hins vegar fjallað í IV. kafla frumvarpsins.

Meginregla frumvarpsins varðandi miðlun upplýsinga, er falla undir ákvæði laganna, er sú að óheimilt sé að miðla upplýsingum, er falla undir ákvæði laganna, án samþykkis hins

skráða nema því aðeins að miðlun upplýsinganna sé eðlilegur þáttur í venjubundinni starfsemi skráningaraðilans. Sérstaklega viðkvæmum upplýsingum er þó ekki heimilt að miðla án samþykkis hins skráða, nema að fullnægðum ákveðnum skilyrðum. Sérstakar reglur gilda um miðlun upplýsinga er varða fjárhagsmálefni og lánstraust, sbr. ákvæði V. kafla frumvarpsins, enda hafa slíkar upplýsingar og miðlun þeirra verulega sérstöðu.

Með miðlun upplýsinga er, eins og áður segir, átt við það að upplýsingar séu látnar öðrum í té en hinum skráða. Ýmis vafatilvik geta komið upp varðandi mat á því hver sé þriðji maður í þessu sambandi. Afhending upplýsinga af hálfu félags eða samtaka til meðlima sinna um tiltekna einstaklinga mundi falla undir miðlun upplýsinga í þessu sambandi. Hinu sama gegnir um afhendingu upplýsinga frá tilteknu hlutafélagi til annars félags sem tilheyrir sömu fyrirtækjasamsteypu. Hins vegar teldist það ekki miðlun upplýsinga í skilningi III. kafla þegar skrárhaldari fær tölvuþjónustufyrirtæki upplýsingar til vinnslumeðferðar, enda noti þjónustufyrirtækið upplýsingarnar einungis til þess að vinna úr þeim með þeim hætti sem um var beðið, sbr. ákvæði 3. mgr. 25. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Frumvarpsgreinin fjallar að nokkru um sama efni og 7. og 16. gr. gildandi laga þótt bæði efni og framsetning sé með nokkuð öðrum hætti en efni og framsetning sambærilegra ákvæða í gildandi lögum. Er í frumvarpinu farið að fyrirmynd 1. og 2. mgr. 4. gr. dönsku e.s.l.

Í frumvarpsgreininni er greint á milli tvenns konar upplýsinga. Annars vegar þeirra persónuupplýsinga sem greinir í 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins og þykja **sérstaklega viðkvæmar** og hins vegar **annarra skráðra upplýsinga**. Um hinar fyrrnefndu upplýsingar er fjallað í 1. og 2. mgr. 5. gr., en í 3. mgr. um hinar síðarnefndu. Ástæða þessa er sú að skráning þeirra upplýsinga, er greinir í 1. mgr. 4. gr., er aðeins heimil í undantekningartilvikum og þykir því eðlilegt að með sama hætti sé miðlun slíkra upplýsinga einungis heimil að uppfylltum ströngum skilyrðum.

Samkvæmt 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar er almennt bannað að skýra frá sérstaklega viðkvæmum upplýsingum, nema hinn skráði hafi ótvírætt veitt til þess samþykki sitt. Í 2. mgr. er þó gert ráð fyrir því að tölvunefnd geti veitt undanþágu frá banni 1. mgr. ef fullnægt er þeim skilyrðum sem þar greinir. Í gildandi lögum er ekki kveðið berum orðum á um heimild tölvunefndar í þessum efnum, en með frumvarpsgreininni er staðfest sú framkvæmd sem fylgt hefur verið í tíð gildandi laga.

Í fyrri málslið 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar er gert ráð fyrir því að heimilt geti verið samkvæmt ákvæðum annarra laga að skýra frá þeim upplýsingum er um ræðir í 1. mgr. 5. gr. Standa ákvæði frumvarpsins því ekki í vegi að slíkri upplýsingaskyldu verði sinnt.

Í 3. mgr. greinarinnar er fjallað um aðrar skráðar upplýsingar en þær sem þykja sérstaklega viðkvæmar. Eru í greininni sett tvö skilyrði fyrir því að skýra megi frá slíkum upplýsingum. Annaðhvort skal hinn skráði hafa veitt samþykki sitt fyrir miðlun upplýsinganna eða upplýsingamiðlunin sé eðlilegur þáttur í venjubundinni starfsemi skráningaraðilans. Rétt eins og 3. gr. frumvarpsins setur það almenna skilyrði fyrir skráningu upplýsinga er falla undir ákvæði laganna að hún sé eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila er einnig í 3. mgr. 5. gr. áskilið að upplýsingamiðlunin sé eðlilegur þáttur í venjubundinni starfsemi skráningaraðilans. Rétt er að hafa það í huga að heimild til skráningar upplýsinga af þessu tagi skv. 3. gr. frumvarpsins veitir ekki sjálfkrafa heimild til þess að miðla hinum skráðu upplýsingum. Því verður sjálfstætt að meta það skilyrði 3. mgr. 5. gr. að miðlun upplýsinga sé eðlilegur þáttur í venjubundinni starfsemi skráningaraðilans og óháð skilyrði 3. gr. frumvarpsins. Til þess að miðlun upplýsinganna sé heimil þarf **miðlunin** sem slík að vera í eðlilegum verkahring skrárhaldara.

Um það, hvenær miðlun upplýsinga getur talist vera þáttur í eðlilegum verkahring skrárhaldara, er erfitt að gefa nákvæmar reglur sem við geta átt í öllum tilvikum. Sem dæmi má þó nefna að eðlilegt getur verið að eitt atvinnufyrirtæki veiti öðru fyrirtæki að ósk hins síðara upplýsingar um tiltekinn starfsmann sinn, fyrrverandi eða núverandi, sem óskar eftir starfi í hinu síðarnefnda fyrirtæki.

Í 2. mgr. 7. gr. gildandi laga er ákvæði þess efnis að afmá skuli skráðar upplýsingar sem vegna aldurs eða af öðrum ástæðum hafa glatað gildi sínu, miðað við það hlutverk sem skrá er ætlað að gegna. Ekki er þó í því ákvæði sagt hversu gamlar upplýsingar megi verða. Það nýmæli kemur fram í 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins að sett er skilyrði er varðar aldur þeirra upplýsinga sem miðla skal. Skráðar upplýsingar geta vegna aldurs glatað gildi sínu eða þýðing þeirra breyst og þykir því rétt að setja almenna viðmiðun um aldur þeirra upplýsinga er miðla skal. Aldrei er heimilt að skýra frá efni upplýsinga um atriði sem eldri eru en fimm ára, en þó er gert ráð fyrir því að láta megi eldri upplýsingar í té ef sýnt er fram á að **aðgangur** að þeim geti haft úrslitaþýðingu við mat á tilteknu atriði er tengist upplýsingunum. Ágreiningi milli þess er hinar skráðu upplýsingar varða og hins er þeim miðlar um það hvort framangreindu skilyrði sé fullnægt geta aðilar skotið til úrskurðar tölvunefndar, sbr. 13. gr. frumvarpsins. Samkvæmt þessu ákvæði er ekki nægilegt að sjálfar upplýsingarnar hafi úrslitaþýðingu við mat á tilteknu atriði, heldur **aðgangur** að upplýsingunum. Því er það svo að geti sá er upplýsinga óskar fengið þær hjá hinum skráða sjálfum ætti skrárhaldari að jafnaði ekki að veita aðgang að upplýsingunum. Af þessu ákvæði frumvarpsgreinarinnar leiðir að í öllum venjulegum tilvikum yrði óheimilt að skýra frá upplýsingum um atvik sem eldri eru en fimm ára. Það liggur þó í hlutarins eðli að vissar upplýsingar geta ekki fallið undir fyrningarákvæði þessarar greinar. Þannig má sem dæmi nefna upplýsingar um fæðingardag og hjúskaparstöðu.

Fjórða málsgrein er samhljóða 2. mgr. 16. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um starfsemi þeirra aðila, sem bundnir eru þagnarskylduákvæðum samkvæmt öðrum réttarheimildum, t.d. lækna og lögfræðinga, gilda auk laga þessara ákvæði þeirra laga er um slíka þagnarskyldu mæla.

Í 3. mgr. 4. gr. dönsku e.s.l. er miðlun upplýsinga til nota við tölfræðiathuganir og í vísinda skyni undanþegnar bannákvæði 2. mgr. 4. gr. dönsku laganna sem svarar til 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins þótt slík skráning sé tilkynningarskyld svo sem að er vikið í athugasemdum við 2. gr. frumvarps þessa. Gegnir hinu sama um miðlun upplýsinga um heilsufarsmálefni. Eins og ársskýrslur tölvunefndar bera með sér hefur beiðnum um aðgang að upplýsingum, t.d. heilsufarsupplýsingum, til nota við vísindarannsóknir og tölfræðiathuganir farið fjölgandi. Hefur tölvunefnd í tíð gildandi laga túlkað lögin svo að skrárhöldurum sé eigi heimilt að veita aðgang að slíkum upplýsingum án samþykkis nefndarinnar. Ekki þykja í frumvarpi þessu efni til að víkja frá þeirri framkvæmd og taka upp sambærilega reglu og í Danmörku, enda mála sannast að viðamesta söfnun upplýsinga um einkamálefni manna fer fram í þágu ýmiss konar rannsóknarstarfsemi. Er því nauðsynlegt að haft sé eftirlit með því að slík rannsóknarstarfsemi fari ekki á svig við ákvæði laga þessara og er það hlutverk tölvunefndar að hafa eftirlit með því.

Um 6. gr.

Greinin svarar til 6. gr. gildandi laga og fjallar um samtengingu skráa. Orðalag 1. og 2. mgr. er óbreytt að öðru leyti en því að kennitala kemur í stað nafnnúmers.

Tækni á sviði tölvumála tekur stöðugum framförum. Með nýrri tækni er tiltölulega auðvelt að tengja saman hinar ýmsu skrár er hafa að geyma upplýsingar um einkamálefni manna og safna á einn stað miklu magni upplýsinga um þá og ná þannig fram ákveðinni heildarmynd af þeim. Frumvarpsgrein þessi hefur það markmið að tryggja að ekki verði með samtengingu skráa (oft nefnd samkeyrsla) safnað saman upplýsingum um einkamálefni manna frá ólíkum skráningaraðilum og þær síðan notaðar til þess að ná fram ákveðinni

heildarmynd af hinum skráða, mynd sem hann gat ekki vænst að hægt væri að ná fram þegar hann gaf umræddar upplýsingar.

Samkvæmt frumvarpsgreininni er óheimilt að tengja saman skrár óskyldra skráningaraðila, þegar um er að ræða upplýsingar sem falla undir ákvæði laganna. Greinimarkið er það að um sé að ræða skrár óskyldra aðila. Vel er hugsanlegt að einn og sami aðilinn haldi af hagkvæmniástæðum tvær eða fleiri skrár, t.d. til þess að koma í veg fyrir hættu á misnotkun skráa. Ákvæði 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar stendur því ekki í vegi að slíkur aðili geti keyrt saman skrár sínar. Sem dæmi má nefna að haldi skráningaraðili eina skrá sem hefur að geyma nöfn og heimilisföng starfsmanna sinna og aðra sem hefur að geyma upplýsingar um laun, sjúkrafjarvistir o.s.frv. stendur ákvæði þetta því ekki í vegi að skrár þessar megi keyra saman til þess að senda út launaseðla til starfsmannanna. Hið sama gildir um heimild fyrirtækis, sem hefur yfirtekið annað fyrirtæki, til þess að keyra sínar eigin skrár saman við skrár þess fyrirtækis sem yfirtekið var. Þá er og rétt að hafa það í huga að samtengingarbannið á aðeins við þar sem báðar skrárnar hafa að geyma upplýsingar um einkamálefni.

Í 3. mgr. eru settar fyllri reglur en eru í gildandi lögum um heimild tölvunefndar til þess að veita undanþágur frá samtengingarbanni 1. mgr. Heimild tölvunefndar er takmörkuð við að fullnægt sé sömu skilyrðum og fram koma í 2.–4. mgr. 5. gr. þegar veittur er aðgangur ella að upplýsingum, enda felur samtenging í sér ákveðna aðferð við að veita aðgang að skráðum upplýsingum. Er því eðlilegt að sömu reglur gildi um heimild til þess að veita aðgang að upplýsingum hver svo sem aðferðin er. Af tilvísun 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins til skilyrða þeirra, sem fram koma í 2.–4. mgr. 5. gr., leiðir að skilyrði þau, sem fullnægja þarf, eru tvenns konar. Þegar um er að ræða **sérstaklega viðkvæmar upplýsingar**, sbr. 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins, þarf að sýna fram á, að brýnir almannahagsmunir eða hagsmunir einstaklinga, þar með taldir hagsmunir hins skráða, krefjist þess, enda sé ótvírætt að þörfin á að fá upplýsingarnar vegi þyngra en tillitið til þess aðila er upplýsingarnar varða að þeim sé haldið leyndum. Ef um **aðrar upplýsingar** er að ræða en þær sem um ræðir í 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins þarf slík upplýsingamiðlun að vera eðlilegur þáttur í venjubundinni starfsemi skráningaraðilans.

Almennt gildir sú regla að eigi verður veittur aðgangur að upplýsingum um atvik sem eru eldri en fimm ára nema við eigi niðurlagsákvæði 3. mgr. 5. gr. Til viðbótar er sett það skilyrði að ótvírætt sé að markmið samtengingar vegi þyngra en tillitið til hagsmuna þeirra er hinar skráðu upplýsingar varða.

Rétt þykir að tölvunefnd geti bundið samtengingu þeim skilyrðum sem hún telur nauðsynleg. Ekki þykir fært að tilgreina með tæmandi hætti slík skilyrði. Eru því í dæma skyni tilgreind tvö skilyrði í niðurlagi 3. mgr. 6. gr.

Um 7. gr.

Greinin svarar til 17. gr. gildandi laga og er að mestu eins. Þó er lagt til að sú orðalagsbreyting verði gerð frá ákvæði gildandi laga að í stað þess að binda heimildina við sjúkraála sjúkrahúss eða aðrar sjúklingaskrár þess megi einnig veita upplýsingar úr öðrum sjúklingaskrám. Í þessu felst ákveðin rýmkun á gildissviði ákvæðisins þannig að ótvírætt sé að ákvæðið nái t.d. til sjúklingaskráa meðferðarstofnana og skráa einstakra lækna.

Frumvarpsgreinin hefur að geyma fyrirmæli um það með hvaða skilmálum upplýsingar úr sjúklingaskrám um tiltekna aðila verði látnar öðrum í té. Ljóst er að hér er um viðkvæmar persónuupplýsingar að ræða. Hins vegar er oft þörf á að veita með hröðum hætti aðgang að þessum upplýsingum, þ.e. ef viðkomandi maður sýkist og þarf læknisrannsóknar eða læknisaðgerðar með. Er viðkomandi sjálfum þá mikið hagsmunamál að upplýsingar séu aðgengilegar fyrir þá sem um heilsu hans fjalla.

Samkvæmt 1. mgr. er heimilt að veita lækni eða tannlækni, sem hefur mann til læknismeðferðar, upplýsingar úr sjúklingaskrám o.fl. varðandi þennan mann. Upplýsingar geta einnig tekið til vandamanna hans þegar slíkt er talið skipta máli vegna læknismeðferðar á manninum. Ákvæðið tekur ekki einvörðungu til rannsókna o.fl. á sjúkrahúsi sem viðkomandi hefur sætt þá næst á undan heldur varðar einnig fyrri sjúkraferil hans og sjúkrasögu á sjúkrahúsi að svo miklu leyti sem máli getur skipt. Áskilið er að maður sé til læknismeðferðar hjá lækni eða tannlækni, en þeir eru þagnarskyldir að lögum um það sem þeir fá vitneskju um úr skrám þessum. Upplýsingar um vandamenn manns má veita lækni og er það þá skilyrði að slíkt skipti máli vegna læknismeðferðar á manninum.

Um 8. gr.

Frumvarpsgreinin svarar að mestu til 18. gr. gildandi laga þótt orðalagi hafi verið breytt lítils háttar. Ákvæðið á við um upplýsingar sem falla undir ákvæði laganna, þar með taldar upplýsingar skv. 1. mgr. 4. gr. Í 18. gr. gildandi laga er ekki tekið fram hvaða aðili eigi úrlausn þess hvort veita megi upplýsingar samkvæmt því ákvæði. Er í frumvarpinu lagt til að tölvunefnd eigi úrlausn þess.

Ákvæðið getur samkvæmt orðanna hljóðan átt við þegar tiltekinna upplýsinga er þörf vegna ákveðins dómsmáls. Þarf því að vera um ákveðnar, afmarkaðar upplýsingar að ræða. Því verður ekki veittur aðgangur að almennum og ósundurgreindum upplýsingum samkvæmt þessu ákvæði. Með öðrum laganauðsynjum í ákvæðinu er t.d. átt við gerðardómsmál þar sem slíkur háttur er lögmæltur.

Ákvæðið veitir ekki heimild til aðgangs að upplýsingum sem sérstök þagnarskylda ríkir um samkvæmt lögum, þ.e. slíkri þagnarskyldu verður ekki vikið til hliðar samkvæmt þessu ákvæði. Sem dæmi lagaákvæða um þagnarskyldu sem ákvæði þetta hróflar ekki við má nefna ákvæði læknalaga um þagnarskyldu lækna.

Um IV. kafla.

Um rétt skráðra aðila.

Það er almennt viðurkennt að eitt áhrifaríkasta úrræðið til þess að koma í veg fyrir skráningu rangra og villandi upplýsinga eða upplýsinga, sem óheimilt er að skrá, sé að veita skráðum aðilum lagalegan rétt til þess að fá að kynna sér efni þeirra upplýsinga er um þá hafa verið skráðar. Miða ákvæði þessa kafla frumvarpsins að því að tryggja skráðum aðilum slíkan rétt.

Heimildir skráðra aðila til þess að kynna sér efni þeirra upplýsinga, er um þá hafa verið skráðar, eru meðal þýðingarmestu ákvæða í tölvuverndarlöggjöf flestra ríkja í Evrópu og í 8. gr. b) Evrópuráðssáttmálans um verndun einstaklinga vegna skráningar persónuupplýsinga (A Convention for the Protection of Individuals with Regard to the Protection of Personal Data) er slíkt ákvæði að finna. Sáttmála þennan, sem gekk í gildi 1. okt. 1985, hafa Íslendingar undirritað en ekki fullgilt.

Um 9. gr.

Ákvæði 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins er efnislega eins og 1. mgr. 10. gr. gildandi laga og ákvæði 2. mgr. er samhljóða 3. mgr. 10. gr. gildandi laga.

Fyrsta málsgrein 9. gr. frumvarpsins hefur að geyma almennt ákvæði um rétt manna til aðgangs að upplýsingum er um þá hafa verið skráðar. Skrárhaldara er skylt að veita upplýsingarnar skriflega óski skráður aðili þess, en um það ræðir nánar í 12. gr. frumvarpsins. Ber skrárhaldara samkvæmt þessu að láta hinum skráða í té útskrift þeirra upplýsinga er skrá hefur um hann að geyma. Ef beiðandi er ekki á skrá hjá skrárhaldara eða sá er beiðni er beint að heldur ekki skrá ber honum að upplýsa beiðanda um þessi atriði.

Ekki er útilokað í einstökum tilvikum að óheppilegt sé að veita aðgang að skráðum upplýsingum hvort heldur sem er vegna hagsmuna hins skráða, hagsmuna skrárhaldara eða af tilliti til annarra. Þegar svo hagar til er heimilt að neita hinum skráða um aðgang að skráðum upplýsingum, sbr. ákvæði 2. mgr. 9. gr. Til grundvallar slíkri synjun verður að liggja annars vegar mat á hagsmunum hins skráða á því að fá aðgang að upplýsingunum og hins vegar mat á þeim hagsmunum er réttlætt geta slíka synjun. Ágreining um slíka synjun geta aðilar borið undir tölvunefnd sem hefur endanlegt úrskurðarvald á stjórnsýslustigi um slíkan ágreining.

Um 10. gr.

Í 2. mgr. 10. gr. gildandi laga sagði að teldi maður að upplýsingar um hann væru ritaðar í sjúkraála eða önnur sjúkraregistur eða sjúkraskrár og hann vildi fá vitneskju um efni þeirra skyldi hann óska þess við heimilislækni sinn eða annan þann lækni sem fjallað hefði um heilsuhagi hans að hann leiti eftir þessum upplýsingum frá þeim sem ábyrgur væri fyrir skráningunni. Þessi aðili skýrði síðan lækninum frá upplýsingunum svo að honum væri kleift að koma þeim á framfæri við viðkomandi.

Með setningu læknalaga nr. 53 frá 19. maí 1988 var í 16. gr. lögmælt ný regla um aðgang sjúklinga eða forráðamanna þeirra að sjúkraskrá í heild eða að hluta. Segir þar að lækni sé skylt að afhenda sjúkraskrá, alla eða að hluta, sjúklingi eða forráðamanni ef það þjónar ótvíræðum hagsmunum sjúklings. Leiki vafi á nauðsyn afhendingar sjúkragagna eða þyki ástæða til vegna ákvæða læknalaga um þagnarskyldu lækna, sé lækni heimilt að afhenda landlækni einum sjúkragögn sem trúnaðarmál til frekari fyrirgreiðslu. Gerir lagaákvæði þetta ráð fyrir því að heilbrigðisráðherra setji nánari reglur um afhendingu og varðveislu sjúkragagna og röntgenmynda að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands.

Með hliðsjón af því, að í læknalögum hafa verið settar framangreindar sérreglur um rétt manna til aðgangs að heilsufarsupplýsingum um þá sjálfa sem víkja nokkuð frá ákvæðum gildandi tölvulaga, þykir hentast í frumvarpi þessu að vísa til ákvæða læknalaga í þeim efnum.

Um 11. gr.

Frumvarpsgrein þessi, sem er nýmæli, er efnislega samhljóða 6. mgr. 13. gr. dönsku o.s.l. Samkvæmt greininni taka ákvæði 9. gr. ekki til skrár eða skráningar sem stofnað er til í þágu tölfræðirannsókna. Tölfræðiúrvinnsla persónugreinir ekki einstaklinginn og yfirleitt er hún ekki jafnmeinleg fyrir einkalíf manna eins og persónugreindar upplýsingar eru eða geta verið. Starfsnauðsynjar við tölfræðiskýrslur bjóða einnig að þessi undantekning sé lögmælt.

Í niðurlagi frumvarpsgreinarinnar, sem svarar til 4. mgr. 10. gr. gildandi laga, segir að ákveða megi að aðrar skrár séu undanþegnar þessum ákvæðum ef ætla megi að ákvæði 2. mgr. 9. gr. muni almennt hafa í för með sér að upplýsingum úr slíkum skrám verði hafnað. Eru hér m.a. hafðar í huga skrár sem gerðar eru af lögreglu í þágu rannsóknar brota.

Um 12. gr.

Í gildandi lög skortir ákvæði um það með hverjum hætti skrárhaldarar skuli veita skráðum aðilum aðgang að skráðum upplýsingum um þá sjálfa. Úr því er bætt í frumvarpi þessu og samkvæmt upphafsákvæði 12. gr. skulu upplýsingar skv. 9. gr. veittar skriflega. Ákvæðið er nýmæli og svarar til b-liðar 1. mgr. 7. gr. dönsku e.s.l.

Ákvæði síðari málsliðar 1. mgr. 12. gr. er einnig nýmæli og svarar það til c-liðar 1. mgr. 7. gr. dönsku e.s.l. Af ákvæðinu leiðir skylda fyrir skrárhaldara að svara fyrirspurn um efni skráðra upplýsinga í síðasta lagi innan fjögurra vikna frá því að krafa kom fram, en gera ella beiðanda skriflega grein fyrir því af hverju tilmælum hans hefur ekki verið sinnt.

Ákvæði 2. mgr. 12. gr. er nýmæli og svarar til c-liðar 2. mgr. 7. gr. dönsku e.s.l. Í því felst að hafni skrárhaldari tilmælum um aðgang að skráðum upplýsingum ber skrárhaldara að vekja athygli beiðanda á rétti hans til þess að bera ágreining um aðgang að skráðum upplýsingum undir úrlausn tölvunefndar, sbr. ákvæði 13. gr. frumvarpsins.

Um 13. gr.

Í gildandi lög skortir skýr ákvæði um rétt manna til þess að bera ágreining um aðgang að upplýsingum skv. IV. kafla laganna undir tölvunefnd. Þykir rétt að taka af öll tvímæli í þeim efnum. Er í þeim efnum farið að fyrirmynd d-liðar 7. gr. í dönsku e.s.l.

Um 14. gr.

Svo sem að er vikið í athugasemdum við 9. gr. sem fjallar um rétt skráðra aðila til aðgangs að upplýsingum um þá sjálfa þjóna ákvæði þeirrar greinar þeim tilgangi að tryggja rétt manna til þess að ganga úr skugga um það hvort skráðar hafi verið um þá rangar eða villandi upplýsingar eða upplýsingar sem ekki er heimilt að skrá, svo að þeim gefist kostur á að fá upplýsingarnar leiðréttar. Í 14. gr. eru hins vegar efnisákvæði um rétt manna til þess að fá upplýsingar leiðréttar og hvernig að því skuli staðið.

Ákvæði 1. mgr. 14. gr. fjallar um rétt manna til þess að fá rangar eða villandi upplýsingar leiðréttar og svarar greinin til 1. mgr. 13. gr. gildandi laga. Í því ákvæði er talað um að færa upplýsingar í rétt horf eða afmá þær. Í frumvarpsgreininni er að auki talað um rétt manna til þess að fá bætt við skrá upplýsingum, eftir því sem við á hverju sinni. Greinin svarar að þessu leyti til 8. gr. norsku laganna. Í 2. mgr. 7. gr. gildandi laga er að vissu marki fjallað um svipað efni, þ.e. að afmá skuli upplýsingar sem misst hafa gildi sitt vegna aldurs.

Ákvæði 2. mgr. 14. gr. frumvarpsins er að nokkru sama efnis og 3. mgr. 13. gr. gildandi laga. Ákvæðið svarar til 1. mgr. 5. gr. dönsku e.s.l. Samkvæmt ákvæðinu getur skráður aðili óskað liðsinnis tölvunefndar ef skrárhaldari neitar að verða við kröfu um leiðréttingu skv. 1. mgr. Samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 14. gr. getur tölvunefnd, þegar um aðrar upplýsingar er að ræða en upplýsingar um fjárhagsmálefni og lánstraust, lagt fyrir skráningaraðila að senda þeim er veitt hafa upplýsingum viðtöku skriflega leiðréttingu. Er hér um heimildarákvæði að ræða. Við mat á því, hvort tölvunefnd skyldar skráningaraðila til að senda skriflega leiðréttingu til þriðja aðila, verður tölvunefnd að leggja til grundvallar hvort hætta sé á því að hinar röngu upplýsingar geti skaðað móttakanda þeirra.

Ákvæði 3. mgr. 14. gr. frumvarpsins er nýmæli og svarar til 3. mgr. 15. gr. dönsku e.s.l. Samkvæmt ákvæðinu skal skrárhaldari, synji hann beiðni um leiðréttingu, gera hinum skráða grein fyrir rétti hans til þess að bera synjunina undir tölvunefnd. Felst í þessu skylda skrárningaraðila til að leiðbeina hinum skráða varðandi rétt hans til málskots. Samkvæmt dönsku e.s.l. er slík leiðbeiningarskylda takmörkuð við það þegar í hlut eiga upplýsingar um fjárhagsmálefni og lánstraust. Ekki þykir rétt að takmarka leiðbeiningarskylduna með þeim hætti og því er lagt til að leiðbeiningarskylda þessi varði allar upplýsingar sem heyra undir ákvæði laganna.

Ákvæði 4. mgr. 14. gr. frumvarpsins fjallar um skyldu skrárhaldara til þess að senda þeim er hlotið hafa rangar upplýsingar úr skrám skriflegar leiðréttingar. Fjallar upphafsákvæðið um upplýsingar er varða fjárhagsmálefni og lánstraust, en niðurlagsákvæðið um aðrar upplýsingar. Upphafsákvæðið svarar að nokkru til 8. gr. gildandi laga og samkvæmt því er skrárhaldara **skylt** að senda leiðréttingu. Samkvæmt niðurlagsákvæðinu sem er, eins og áður segir, nýmæli varðandi aðrar upplýsingar **getur** tölvunefnd, þegar um aðrar upplýsingar er að ræða, lagt

fyrir skrárhaldara að senda skriflega leiðréttingu. Niðurlagsákvæðið er efnislega samhljóða 2. mgr. 5. gr. dönsku e.s.l.

Í frumvarpsgreininni er ekki fjallað um bótaskyldu skráningaraðila gagnvart þeim aðila sem á er hallað með rangri skráningu. Ræðst slíkt af almennum reglum skaðabótaréttar.

Um V. kafla.

Skráning upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust.

V. kafli frumvarpsins fjallar um starfsemi þeirra sem miðla til annarra upplýsingum um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga og lögpersóna. Í stórum dráttum er efni kaflans það að slíkir aðilar eru starfsleyfisskyldir skv. 15. gr. frumvarpsins. Starfsleyfishafar mega einvörðungu skrá og miðla upplýsingum sem eðli sínu samkvæmt geta haft þýðingu við mat á fjárhag og lánstrausti hins skráða. Upplýsingar um viðkvæm einkamálefni mega skrárhaldarar ekki taka á skrá. Skrárhaldara ber að upplýsa hinn skráða þegar hann er tekinn á skrá í fyrsta skipti ef um hann eru skráðar aðrar upplýsingar en þær sem almennt eru mönnum aðgengilegar. Hinn skráði á rétt á því að kynna sér efni skráðra upplýsinga er hann varða og hann getur krafist þess að rangar og villandi upplýsingar verði leiðréttar og verður ágreiningur í þeim efnum borinn undir tölvunefnd.

Ákvæði kaflans eiga einvörðungu við um skrár sem stofnaðar eru í því skyni að úr þeim verði miðlað upplýsingum til annarra um fjárhagsmálefni og lánstraust. Um miðlun slíkra upplýsinga úr skrám, sem ekki eru stofnaðar í þessum tilgangi, fer eftir reglum III. kafla frumvarpsins. Auk aðila, sem gagngert hafa með höndum upplýsingamiðlun af því tagi sem um ræðir í V. kafla, safna bankar og sparisjóðir upplýsingum um fjárhagsmálefni og lánstraust til eigin nota. Starfsemi þessara aðila lýtur reglum bankalöggjafar, m.a. um leynd upplýsinga, og starfsemi þeirra er háð eftirliti bankaeftirlits Seðlabankans. Þykir því ekki ástæða til þess að setja í frumvarp þetta sérstakar reglur um söfnun slíkra aðila á upplýsingum um fjárhagsmálefni.

Upplýsingamiðlun samkvæmt þessum kafla getur verið tvenns konar. **Annars vegar** með þeim hætti að skrárhaldari gefi út upplýsingarit um fjárhag manna, t.d. hinar svokölluðu vanskilaskrár. **Hins vegar** með þeim hætti að skrárhaldari láti í té sitt eigið mat á fjárhag hins skráða og lánstrausti hans á grundvelli upplýsinga sem hann hefur skráð hjá sér.

Segja má að V. kafli frumvarpsins geri ráð fyrir tvenns konar eftirliti með starfsemi þeirra skrárhaldara sem hér um ræðir. Annars vegar er eftirlit það sem tölvunefnd hefur með starfsleyfishöfum og hins vegar það eftirlit sem hinir skráðu geta sjálfir haft með höndum í skjóli þeirra ákvæða kaflans er tryggja þeim aðgang að skráðum upplýsingum.

Þessi kafli frumvarpsins felur í sér verulegar breytingar frá ákvæðum gildandi laga. Breytingarnar eru helstar þessar:

1. Öllum helstu ákvæðum er varða skráningu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust er hér safnað í einn kafla, en þau eru dreifð um fleiri kafla gildandi laga, sbr. ákvæði 5. gr. sem er í II. kafla, ákvæði 8. gr. sem er í III. kafla og ákvæði 11. og 12. gr. sem er í IV. kafla.
2. Í frumvarpinu er greint milli almennra upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust og annarra upplýsinga um sama efni.
3. Nákvæmari ákvæði eru um það hvað megi taka á skrá skv. V. kafla.
4. Sett eru ákvæði um hámarksaldur upplýsinga.
5. Sett eru sérákvæði um upplýsingarit um fjárhagsmálefni og lánstraust, þar á meðal hvaða upplýsingar þær mega geyma.
6. Settar eru sérreglur um það hvaða upplýsingar um skuldastöðu manna megi veita öðrum.

Um 15. gr.

Fyrri málsliður greinarinnar svarar til 1. mgr. 5. gr. gildandi laga og kveður á um starfsleyfisskyldu skráningaraðila. Er þar farið að fyrirmynd 1. mgr. 14. gr. norsku laganna, en samkvæmt dönskum rétti eru slíkir aðilar aðeins tilkynningarskyldir. Síðari málsliðurinn er nýmæli og svarar til 2. mgr. 14. gr. norsku laganna.

Eins og fyrr er að vikið eiga ákvæði kaflans einvörðungu við um þá sem miðla til annarra upplýsingum um fjárhagsmálefni og lánstraust. Samkvæmt því eiga reglur kaflans ekki við um þá sem í einstaka tilvikum eða af tilviljun afla sér fjárhagsupplýsinga, skrá þær og miðla áfram í ákveðnum tilgangi, t.d. lögmenn. Hins vegar er ekki ætlunin að takmarka gildissvið greinarinnar við þá sem hafa umrædda upplýsingamiðlun að atvinnu, hvort heldur sem sá rekstur fer fram í nafni einkafyrirtækis eða t.d. hlutafélags. Félagasamtök, sem safna fjárhagsupplýsingum og miðla þeim áfram til félaga sinna, lúta ákvæðum greinarinnar. Úr framkvæmd gildandi laga má nefna að tölvunefnd hefur litið svo á að upplýsingamiðlun Verslunarráðs Íslands sé starfsleyfisskyld og lúti ákvæðum gildandi laga um skráningu og miðlun fjárhagsupplýsinga. Ekki skiptir máli hvort sá er upplýsingum miðlar tekur gjald fyrir eða ekki. Greinimarkmið er aðeins það að viðkomandi safni upplýsingum og skrái þær **í því skyni að miðla þeim til annarra**. Þá skiptir heldur ekki máli hvort upplýsingamiðlunin er einasta starfsemi viðkomandi aðila eða hann hefur með höndum aðra starfsemi.

Þau rök liggja til grundvallar áskilnaði frumvarpsgreinarinnar um starfsleyfi skrárhaldara að sú skipan mála sé líklegri til að tryggja virkara eftirlit með starfsemi þeirra af opinberri hálfu. Af ákvæðum 33. gr. frumvarpsins leiðir að tölvunefnd getur sett reglur um form og efni umsókna samkvæmt lögunum, þar með taldar umsóknir um starfsleyfi skv. 15. gr. frumvarpsins. Er eðlilegt að nefndin kynni sér vel möguleika umsækjanda um starfsleyfi á því að geta efnt skyldur þær sem á skrárhaldara hvíla og veiti þeim einum starfsleyfi sem að mati nefndarinnar er líklegur til að geta uppfyllt skyldur þessar. Af þeim toga er ákvæði síðari málsliðar 15. gr.

Um 16. gr.

Frumvarpsgreinin er nýmæli í heild. Fyrri málsgreinin hefur að geyma almenna viðmiðunarreglu um það hvað taka megi á skrá og svarar til 1. mgr. 9. gr. dönsku e.s.l., en síðari málsgreinin setur því skorður hversu gömlum upplýsingum megi miðla.

Samkvæmt 1. mgr. má skrárhaldari einungis skrá upplýsingar sem eðli sínu samkvæmt geta haft þýðingu við mat á fjárhag eða lánstrausti. Í þessu skilyrði felst að skrárhaldari hefur ekki heimild til þess að skrá t.d. upplýsingar um starfshæfileika hins skráða, þannig að slíkar upplýsingar verði notaðar við mat á starfsumsókn hans. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu að fyrirtæki, sem hyggst ráða mann í starf, afli sér upplýsinga hjá skrárhaldara um fjárhag umsækjanda og lánstraust. Samkvæmt síðari málslið 1. mgr. er með öllu bannað að skrá upplýsingar skv. 1. mgr. 4. gr. Þótt það leiði af ákvæðum fyrri málsliðarins að slík skráning sé óheimil þykir rétt að taka af allan vafa í þessum efnum. Að vísu má segja að upplýsingar um brotaferil og vímuefnanotkun geti haft þýðingu við mat á lánstrausti tiltekins aðila, en hér er eigi að síður um svo persónulegar og viðkvæmar upplýsingar að ræða að óeðlilegt þykir að slíkar upplýsingar liggi á lausu hjá einkaaðilum og sé miðlað af þeim til annarra.

Óheimilt er að skrá og miðla upplýsingum sem eldri eru en fimm ára. Er hér settur sami frestur og annars gildir skv. 5. gr. frumvarpsins. Í dönsku lögunum er aldurshámarkið fimm ár, en þrjú ár samkvæmt norsku lögunum. Sambærilegt ákvæði skortir í gildandi lög, en þó er í 4. mgr. 5. gr. talað um að upplýsingar skuli vera dagsettar og eðlilegs fyrningartíma getið.

Hlutlægar upplýsingar, eins og t.d. um nafn, heimilisfang, aldur, stöðu o.þ.h., lúta að sjálfsögðu ekki aldursreglunni og heldur ekki upplýsingar sem telja má jákvæðar fyrir hinn skráða. Nauðsynlegt er eigi að síður að hafa heimildarákvæði um skráningu og miðlun eldri

upplýsinga því að í vissum tilvikum geta slíkar upplýsingar haft þýðingu lengur en í fimm ár, t.d. upplýsingar um gjaldþrot. Upplýsingum, sem „fyrndar" eru samkvæmt þessu ákvæði, getur skrárhaldari ekki byggt á í mati sem hann lætur frá sér fara um fjárhag og lánstraust tiltekins aðila, jafnvel þótt upplýsingunum sjálfum sé ekki miðlað áfram. Niðurlagsákvæði 2. mgr. 16. gr. er ætlað að tryggja að aðili fái um það vitneskju áður en eldri upplýsingar en fimm ára eru skráðar eða þeim miðlað. Eins er aðila tryggður réttur til þess að bera ágreining í þessum efnum undir tölvunefnd.

Um 17. gr.

Ákvæðið í heild svarar til 2. mgr. 5. gr. gildandi laga. Í upptalningu frumvarpsgreinarinnar kemur kennitala í stað nafnnúmers í 2. mgr. 5. gr. gildandi laga. Svarar ákvæðið til 10. gr. dönsku e.s.l.

Ákvæðið hefur það að markmiði að tryggja að hinn skráði fái vitneskju um það að hann sé kominn á tiltekna skrá. Er sú vitneskja forsenda þess að hann eigi möguleika á því að kynna sér efni skráðra upplýsinga og fá leiðréttingu þeirra ef efni eru til þess.

Samkvæmt 2. mgr. skal skrárhaldari tilkynna hverjum þeim sem tekinn er á skrá ef skráð eru um hann önnur atriði en þau sem greind eru í 1. mgr., þ.e. almennt aðgengilegar upplýsingar. Með almennt aðgengilegum upplýsingum er t.d. átt við upplýsingar úr þinglýsingarbókum eða upplýsingar sem birtast í opinberum blöðum, t.d. Lögbirtingablaði, eða eru með öðrum hætti almennt aðgengilegar. Er hér yfirleitt um að ræða upplýsingar sem hinn skráði hefur ekki sérstaka hagsmuni af að hafa eftirlit með annaðhvort af þeirri ástæðu að þær eru ekki persónulegar upplýsingar í eðli sínu eða eru almennt aðgengilegar á grundvelli sérstakra reglna þar að lútandi. Upplýsingum þessum fylgja yfirleitt aðrar upplýsingar er gagngert varða fjárhag hins skráða og þegar þeim upplýsingum er bætt við hinar almennt aðgengilegu verður tilkynningarskylda skrárhaldara virk.

Til sanns vegar má færa að tilkynningarskylda af því tagi, sem hér um ræðir, sé íþyngjandi fyrir skráningaraðilann. Þegar hagsmunir hins skráða eru virtir verður þó að telja að slík tilkynningarskylda sé eðlileg, jafnvel þótt hún sé fyrirhafnarsöm, þar sem tilkynningarskyldan getur komið í veg fyrir mistök sem alltaf geta gerst og hafa reyndar gerst hér á landi eins og ársskýrsla tölvunefndar frá 1986 ber með sér. Hins vegar er reynt að koma til móts við hagsmuni skráningaraðila á þann hátt að tilkynna þarf þegar aðili er tekinn á skrá í fyrsta skipti, en ekki eftir það.

Um 18. gr.

Ákvæðið hefur það að markmiði að tryggja að hinn skráði geti haft eftirlit með þeim upplýsingum sem um hann eru skráðar og miðlað hefur verið þannig að hann geti eftir atvikum krafist leiðréttinga. Frumvarpsgreinin leggur ekki þá skyldu á herðar skráningaraðila að tilkynna að eigin frumkvæði um efni skráðra upplýsinga. Hins vegar skal skráningaraðili, komi fram krafa um slíkt, svara fyrirspurn innan fjögurra vikna um efni allra þeirra upplýsinga sem skráningaraðili hefur yfir að ráða um hinn skráða. Samkvæmt 2. mgr. á skráður aðili rétt á að fá að skoða upplýsingar í viðurvist skrárhaldara.

Fyrsta málsgreinin svarar til 1. mgr. 11. gr. gildandi laga. Það nýmæli er að finna að kveðið er á um skyldu skrárhaldara til þess að svara fyrirspurn innan fjögurra vikna. Auk þess að eiga rétt til að fá vitneskju um efni skráðra upplýsinga á hinn skráði einnig rétt til þess að fá upplýsingar um það mat sem skrárhaldari hefur látið frá sér fara um hinn skráða ef því er að skipta. Með þessu er tryggður möguleiki hins skráða á því að fá leiðréttar rangar upplýsingar. Hins vegar á hann ekki rétt á því að fá að vita hverjum upplýsingar voru veittar. Í þeim tilvikum, þar sem um rangar upplýsingar er að ræða, hefur hinn skráði þó hagsmuni af því að fá að vita hverjum upplýsingar voru sendar. Leiðir það af ákvæðum 4. mgr. 14. gr. Rök þessa

eru þau að hinn skráði getur beðið fjártjón eigi hann þess ekki kost að hafa samband við móttakanda upplýsinganna. Þá getur vitneskja um móttakanda, þegar svona hagar til, haft þýðingu við mat hins skráða á því hvert tjón hann hefur beðið og hvort ástæða sé til þess að krefjast bóta af skrárhaldara.

Þær upplýsingar, sem skýra skal frá samkvæmt ákvæðinu, eru þær sem skrárhaldari hefur undir höndum þegar krafa kemur fram, en ekki þær sem skrárhaldari hefur þegar hann gefur svar sitt. Ástæða þessa er sú að ósk um upplýsingar stafar oftast af grunsemdum hins skráða um að rangar upplýsingar séu á skrá. Rangar tölvuskráðar upplýsingar er hins vegar auðvelt að leiðrétta á skömmum tíma og án þess að slíks sjáist merki í skránni.

Samkvæmt 3. mgr. 18. gr. á hinn skráði ekki rétt til þess að fá upplýst hvaðan upplýsingar eru komnar. Á það einnig við þegar hinn skráði fær tækifæri til þess að skoða gögn sjálfur í viðurvist skrárhaldara. Megintilgangur frumvarpsgreinarinnar er að skapa hinum skráða betra tækifæri til þess að fá fullnægjandi upplýsingar, en vernda jafnframt „heimildir" skrárhaldara og láta skrárhaldara bera ábyrgð á því að upplýsingar hans séu réttar. Hins vegar gæti það reynst skrárhaldara erfitt að fá aðrar upplýsingar en þær sem eru almennt aðgengilegar ef á honum hvílir skylda til að skýra frá heimildarmönnum sínum.

Um 19. gr.

Ákvæði 1. mgr. 19. gr. svarar til 3. mgr. 5. gr. gildandi laga og er efnislega eins og 1. mgr. 12. gr. dönsku laganna. Ákvæði 2. mgr. 19. gr. er nýmæli og svarar til 2. mgr. 12. gr. dönsku e.s.l. Ákvæði 3. og 4. mgr. 19. gr. frumvarpsins er nýmæli og svarar að nokkru til 3. og 4. mgr. 12. gr. dönsku e.s.l.

Í frumvarpsgrein þessari er að finna ákvæði um það með hverjum hætti skrárhaldara er heimilt að miðla upplýsingum um fjárhagsmálefni og lánstraust. Ýmsar aðferðir eru hugsanlegar í þeim efnum. Hægt er að miðla upplýsingunum munnlega, skriflega og eftir tæknilegum leiðum. Með skriflegri miðlun er átt við skráningu á pappír, segulbönd, filmur eða annað þess háttar varanlegt form og með munnlegri miðlun er m.a. átt við miðlun í gegnum síma. Þá má og til munnlegrar miðlunar jafna miðlun upplýsinga sem birtast á tölvuskjá eða með öðrum sambærilegum hætti sem ekki er varanlegur.

Samkvæmt frumvarpsgreininni er það meginreglan að upplýsingum skal miðla skriflega. Með því er tryggð nægjanleg sönnun um það hvaða upplýsingum var miðlað, en slíkt er nauðsynlegt í sambandi við eftirlit með framkvæmd laganna.

Ákvæði 1. og 2. mgr. 18. gr. um rétt hins skráða til þess að kynna sér efni skráðra upplýsinga byggir á þeirri forsendu að skrárhaldari varðveiti upplýsingarnar eða afrit þeirra og það mat sem hann hefur látið frá sér fara.

Meginreglan um skriflegar upplýsingar sætir undantekningum, enda gæti það verið ýmsum vandkvæðum bundið ef ávallt þyrfti að svara skriflega. Hraði í viðskiptum gerir það nauðsynlegt að hægt sé með skömmum fyrirvara að afla tiltekinna upplýsinga. Þeim þörfum er reynt að mæta með því ákvæði síðari málsliðar 1. mgr. að veita megi föstum viðskiptavinum munnlegar upplýsingar þegar um almennar upplýsingar er að ræða. Með almennum upplýsingum, sem á Norðurlandamálum hafa verið kallaðar „summariskar" upplýsingar, er átt við einfaldar upplýsingar sem oft verður svarað játandi eða neitandi. Auk nafns og heimilisfangs er hér t.d. átt við upplýsingar um stofnunarár fyrirtækis og heildarveltu þess, hvort viðkomandi aðili sé gjaldþrota, hvort hann eigi fasteign o.s.frv.

Þegar upplýsingar eru veittar munnlega ber að varðveita nafn og heimilisfang fyrirspyrjanda. Er það gert svo unnt sé að koma til þeirra leiðréttingum ef rangar upplýsingar hafa verið sendar út. Þykja sex mánuðir hæfilegur tími í þeim efnum.

Ekki þykir ástæða til þess að amast við útgáfu upplýsingarita um fjárhagsmálefni og lánstraust, enda gegna þau ákveðnu hlutverki í viðskiptalífi nútímans. Er þetta sá háttur á

miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust sem algengastur er hér á landi. Útgáfa þeirra er því heimil skv. 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar. Hins vegar miða ákvæði greinarinnar að því að tryggja hagsmuni hinna skráðu eftir því sem kostur er. Samkvæmt 2. mgr. mega upplýsingarit skrárhaldara aðeins hafa að geyma almennar upplýsingar og þau má aðeins afhenda áskrifendum. Almenn sala slíkra rita, t.d. í bókaverslunum eða á öðrum sambærilegum stöðum, er því ekki heimil og heldur ekki sala beint frá skrárhaldara. Aðeins afhending til áskrifenda er heimil. Eðlilegt þykir að leggja þá skyldu á herðar skrárhaldara að hann tilkynni skráðum aðila um það að nafn hans ásamt tilteknum upplýsingum muni birtast í næstu útgáfu upplýsingaritsins **áður en** viðkomandi er settur á skrá. Verði frumvarp þetta að lögum þurfa þeir aðilar, sem nú hafa með höndum söfnun og skráningu upplýsinga samkvæmt þessum kafla frumvarpsins, að fá starfsleyfi sín endurnýjuð ætli þeir að halda áfram starfsemi á þessu sviði. Er við það miðað að tilkynningarskylda skv. 2. mgr. 19. gr. taki einnig til þeirra aðila sem nú þegar eru á skrám þessara starfsleyfishafa. Um rök tilkynningarskyldunnar má vísa til þess sem áður segir í athugasemdum við 2. mgr. 17. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar er að finna ákvæði sem setja því skorður hverjar almennar upplýsingar veita má um fjárhag manna og lánstraust, m.a. í upplýsingaritum. Birting á nafni manns eða fyrirtækis í upplýsingariti um fjárhagsmálefni, hinum svokölluðu vanskilaskrám sem oft eru nefndar „svörtu listarnir", hefur í raun þann tilgang að vara aðra við lögskiptum við hinn skráða. Slíkt getur haft í för með sér mjög alvarlegar afleiðingar fyrir hinn skráða, t.d. hvað varðar lánsviðskipti við kaup á almennum verslunarvörum. Til þess að aðili verði tekinn á skrá er svo ákveðið í 3. mgr. að skuld eða skuldir hins skráða við tiltekinn kröfuhafa skuli í hverju einstöku tilviki ná ákveðnu lágmarki sem er 10.000 kr. Þótt ekki sé heimilt að veita almennar upplýsingar um lægri skuld eða skuldir er eigi að síður heimilt að nota slíkar upplýsingar í heildstæðu mati skrárhaldara á lánstrausti eða fjárhag hins skráða.

Mjög er það misjafnt hvaðan skrárhaldarar safna upplýsingum þeim er þeir birta í vanskilaskránum. Eru upplýsingarnar ýmist fengnar hjá dómstólum, í dagblöðum eða Lögbirtingablaði. Nauðsynlegt þykir að setja því skorður hvert slíkar upplýsingar verði sóttar og miða ákvæði 3. mgr. að því. Samkvæmt ákvæðinu má aðeins miðla upplýsingum sem eru almennt aðgengilegar, t.d. fengnar úr Lögbirtingablaði, dagblöðum eða aðgangur að þeim er almennur með öðrum hætti, t.d. í dómabókum. Þetta gildir þó ekki hafi skuldari skriflega gengist við því gagnvart kröfuhafa að skuldin sé gjaldfallin eða kröfuhafi hefur byrjað réttargerð á hendur skuldara til fullnustu kröfunnar, t.d. með birtingu stefnu eða beiðni um beina aðför eða uppboð án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms.

Erlendis hefur það komið fyrir að almennar upplýsingar um fjárhagsmálefni og lánstraust hafa verið notaðar við mat á lánstrausti annarra en hinna skráðu. Sem dæmi frá Danmörku má nefna að upplýsingar í vanskilaskrá um stóran hóp íbúa við tiltekna götu eða í tilteknu fjölbýlishúsi urðu þess valdandi að öðrum íbúum götunnar eða hússins, sem ekki voru á skránni, var neitað um lán. Ákvæði 4. mgr. frumvarpsgreinarinnar hafa það m.a. að markmiði að tryggja að slíkt gerist ekki, en í greininni segir að almennar upplýsingar megi ekki veita með þeim hætti að þær geti verið grundvöllur mats á fjárhagslegri stöðu annarra en þeirra sem upplýsingarnar varða. Má því samkvæmt þessu ekki flokka hina skráðu eftir heimilisfangi, heldur eftir nafni. Skiptir í því sambandi ekki máli hvort upplýsingar eru gefnar munnlega eða skriflega.

Um 20. gr.

Ákvæðið er sama efnis og 12. gr. gildandi laga. Nánari fyrirmæli um það, hvernig að leiðréttingu skuli staðið, er að finna í 14. gr. sem er almennt ákvæði.

Um VI. kafla.
Nafnalistar og límmiðaáritanir.
Markaðs- og skoðanakannanir.

Kaflinn hefur að geyma reglur annars vegar um svokallaða nafnalista og nafnáritanir, svo sem með límmiðaáritun, og hins vegar reglur um framkvæmd markaðs- og skoðanakannana.

Engin ákvæði eru í gildandi tölvulögum um starfsemi þeirra er hafa með höndum fyrir aðra útsendingu dreifibréfa, tilkynninga o.þ.h. ef frá eru talin ákvæði 2. mgr. 13. gr. Hvað varðar starfsemi þeirra, er selja nafnalista og annast um nafnáritanir, hefur kaflinn að geyma ferns konar reglur. Í fyrsta lagi er gerður áskilnaður um starfsleyfi þeirra er slíka starfsemi hafa með höndum og í öðru lagi eru því skorður settar hvað slíkir aðilar mega taka á skrá. Í þriðja lagi eru ákvæði um það að í áritun skuli koma fram úr hvaða skrá upplýsingar eru fengnar. Í fjórða lagi er ákvæði þess efnis að óheimilt sé að framselja skrár eða gögn um fasta viðskiptamenn eða félagsmenn án samþykkis þess er gögnin hefur afhent.

Um framkvæmd markaðs- og skoðanakannana eru ákvæði í 24. gr. frumvarpsins. Eru þau að mestu eins og ákvæði gildandi laga, nema hvað ákvæði d- og e-liða eru nýmæli.

Um 21. gr.

Í 1. mgr. 21. gr. er kveðið á um starfsleyfisskyldu þeirra sem selja eða afhenda nöfn og heimilisföng einstaklinga eða lögpersóna þegar nafnalistarnir og heimilisföngin eru notuð til útsendinga dreifibréfa, áróðursrita, auglýsingabæklinga o.s.frv. Eins er kveðið á um starfsleyfisskyldu þeirra sem annast um fyrir aðra nafnáritanir, t.d. með límmiðaáritunum, eða aðra útsendingu tilkynninga til þeirra sem greinir í fyrri málslið 1. mgr. Er hér farið að fyrirmynd 25. gr. norsku laganna sem kveður á um starfsleyfisskyldu í þessum efnum.

Starfsemi fyrirtækja, er hafa með höndum sölu á nafnalistum og heimilisföngum og annast um nafnáritanir, getur verið bæði eðlileg og nauðsynleg. Hins vegar er á því þörf af tilliti til einkalífsverndar manna að setja starfsemi þessara aðila ákveðnar skorður, þar á meðal skorður varðandi það hvaða upplýsingar þeim er heimilt að skrá.

Starfsemi fyrirtækja, er veita þá þjónstu er hér um ræðir, hefur farið vaxandi hér á landi síðustu árin. Rök þess að kveða á um starfsleyfisskyldu þeirra eru m.a. þau að gagnabönkum sem þessum er mjög auðvelt að breyta í annars konar gagnabanka með víðtækari upplýsingum og þykir því nauðsynlegt að slík starfsemi falli ótvírætt undir eftirlitsvald tölvunefndar.

Í 2. mgr. 21. gr. er upp talið hvað starfsleyfishöfum skv. 21. gr. er heimilt að skrá. Er þar um að ræða almennt aðgengilegar upplýsingar og upplýsingar sem ekki eru mönnum viðkvæmar. Önnur málsgrein telur það tæmandi hvað skrá megi. Í 3. mgr. er þess getið að dómsmálaráðherra geti í reglugerð reist frekari skorður við því hvað greina megi í skrám sem þessum.

Um 22. gr.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. er nýmæli. Þar kemur fram sú regla að í útsendu efni skuli það koma fram á áberandi stað að efninu sé deift eftir upplýsingum úr skrá í vörslu viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar. Er ákvæði þetta sett til þess að auðvelda viðtakendum slíkra bréfa eða rita að koma milliliðalaust á framfæri óskum sínum við skrárhaldara um að nöfn þeirra verði tekin af skrá, en skv. 2. mgr. 22. gr. er skrárhaldara skylt að verða við slíkum tilmælum. Ákvæði 22. gr. svarar að mestu til 18. gr. dönsku e.s.l.

Í 3. mgr. 22. gr. er tölvunefnd heimilað að setja reglur um framkvæmd merkingar skv. 1. mgr.

Um 23. gr.

Ákvæðið svarar til 19. gr. dönsku e.s.l. og niðurlagsákvæðis 27. gr. norsku laganna.

Í ákvæðinu er við það miðað að það geti verið fyllilega eðlilegt af fyrirtæki eða félagasamtökum að láta skrárhaldara skv. 21. gr. í té lista yfir félagsmenn sína eða fasta

viðskiptavini til útsendingar dreifirita o.þ.h. Ákvæðið setur því hins vegar takmörk á hvern hátt starfsleyfishafi má nota slíkar skrár. Samkvæmt ákvæðinu er starfsleyfishafa óheimilt að selja öðrum skrá eða nota þá flokkun, sem þar kemur fram, til útsendinga fyrir aðra en þann sem skrána afhenti, nema með samþykki þess er afhenti starfsleyfishafa skrána. Þannig má hugsa sér það dæmi að starfsleyfishafi fái afhenta skrá yfir meðlimi í tilteknum stjórnmálaflokki til þess að annast um áritun dreifibréfa frá þeim stjórnmálaflokki til meðlima hans. Væri þá óeðlilegt ef starfsleyfishafinn gæti án samþykkis stjórnmálaflokksins notað skrá hans til útsendingar dreifibréfa fyrir aðra stjórnmálaflokka eða t.d. fyrir viðskiptaaðila. Hins vegar er gengið út frá því í ákvæðinu að með samþykki skráreiganda geti starfsleyfishafi notað slíkar skrár til útsendinga fyrir sjálfan sig eða aðra.

Um 24. gr.

Framkvæmd markaðs- og ýmiss konar skoðanakannana hefur færst mjög í vöxt á undanförnum árum hér á landi, svo sem ársskýrslur tölvunefndar bera með sér. Mjög er það misjafnt eins og sjá má af ársskýrslum hverjum upplýsingum er safnað í slíkum könnunum, en ekki er óalgengt að safnað sé viðkvæmum upplýsingum um hagi hinna spurðu, t.d. upplýsingum um stjórnmálaviðhorf þeirra, kynlíf, brotaferil, vímuefnanotkun og heilsuhagi. Hefur tilfinnanlega skort ítarleg ákvæði í íslensk lög um skyldur þeirra, er slíkar kannanir framkvæma, um sjálfa framkvæmdina og eftirlit af opinberri hálfu með framkvæmdinni. Einu ákvæðin, sem nú er að finna í íslenskum lögum um framkvæmd markaðs- og skoðanakannana, eru ákvæði 5. mgr. 13. gr. laga nr. 39/1985. Hafa þau verið grundvöllur þess eftirlits sem tölvunefnd hefur haft með framkvæmd slíkra kannana. Hefur nefndin, þrátt fyrir óljóst orðalag gildandi laga, talið sér heimilt að synja beiðnum um heimildir til þess að framkvæma slíkar kannanir ef hún hefur verið þeirrar skoðunar að réttur hinna spurðu væri ekki nægilega tryggður.

Að mörgu leyti væri æskilegt að sett yrðu hér á landi ítarleg lagaákvæði um framkvæmd markaðs- og skoðanakannana. Hins vegar er það álitamál hvort rétt sé að setja slík ákvæði í löggjöf sem þessa. Af þeirri ástæðu og því að Alþingi samþykkti síðastliðið vor þingsályktunartillögu þar sem ríkisstjórninni var falið að skipa nefnd er kanni hvort rétt sé að setja lög eða koma á reglum um skoðanakannanir þykir ekki rétt að setja í frumvarp þetta ítarlegri ákvæði um framkvæmd slíkra kannana en er að finna í 24. gr. frumvarpsins. Er með því reynt að tryggja að íslensk löggjöf hafi að geyma allra nauðsynlegustu ákvæðin um framkvæmd slíkra kannana þar til lokið er þeirri athugun sem að er vikið í framangreindri þingsályktun.

Mjög er það misjafnt í löggjöf erlendra ríkja hvernig háttað er lagareglum um skoðanakannanir. Má þannig sem dæmi nefna að dönsku tölvulögin hafa engin ákvæði að geyma um skoðanakannanir, en hins vegar eru slík ákvæði í norsku tölvulögunum.

Ákvæði a–c-liða eru samhljóða ákvæðum 5. mgr. 13. gr. gildandi laga og mæla fyrir um helstu skyldur spyrjenda bæði hvað varðar framkvæmd könnunar og varðveislu gagna. Ákvæði d-liðar er nýmæli og setur því skorður hvernig nota má þær upplýsingar sem safnað var, þ.e. einvörðungu til þess að kanna það sem var tilgangur könnunar. Ákvæði e-liðar er af sama toga, en samkvæmt því er spyrjanda óheimilt að veita öðrum aðgang að upplýsingunum. Hér á landi eru starfandi ýmis fyrirtæki er annast framkvæmd markaðs- og skoðanakannana fyrir aðra. Ákvæði e-liðar er því að sjálfsögðu ekki til fyrirstöðu að slík fyrirtæki afhendi þeim er óskað hefur eftir könnun aðgang að upplýsingunum.

Um VII. kafla.
Um tölvuþjónustu o.fl.

Í VII. kafla frumvarpsins eru settar reglur um starfsemi þeirra er annast tölvuþjónustu fyrir aðra. Þýðingarmesta ákvæðið kemur fram í 1. mgr. 25. gr. og kveður á um starfsleyfis-

skyldu þeirra er slíka starfsemi hafa með höndum. Auk þess er að finna í kaflanum ákvæði um meðferð starfsleyfishafa á upplýsingum, þagnarskyldu hans og starfsmanna hans og um afleiðingar brota þeirra á þagnarskyldunni.

Um 25. gr.

Fyrsta málsgrein 25. gr. svarar til 1. mgr. 19. gr. gildandi laga og er efnislega eins. Greinin kveður á um starfsleyfisskyldu þeirra er annast tölvuvinnslu fyrir aðra. Til samanburðar má geta þess að slíkir aðilar eru ekki starfsleyfisskyldir í Danmörku, heldur einvörðungu tilkynningarskyldir, sbr. 1. mgr. 20. gr. dönsku e.s.l. Samkvæmt gildandi lögum hér á landi eru slíkir aðilar starfsleyfisskyldir og þykir ekki ástæða til þess að breyta frá þeirri tilhögun í frumvarpi þessu, enda veitir þetta fyrirkomulag tölvunefnd betri möguleika til þess að hafa eftirlit með starfsemi slíkra aðila.

Ákvæðið tekur ekki einungis til svokallaðra tölvuþjónustufyrirtækja, heldur einnig allra annarra sem hafa með höndum þá starfsemi sem í greininni getur. Getur því verið um að ræða bæði fyrirtæki sem helga sig sölu á slíkri þjónustu og t.d. endurskoðendur sem stöku sinnum nýta tölvubúnað sinn til vinnslu gagna fyrir viðskiptavini sína.

Samkvæmt frumvarpinu er starfsleyfisskyldan takmörkuð við eftirfarandi tilvik: 1) að varðveittar séu viðkvæmar upplýsingar um einkamálefni eða úr þeim unnið, þ.e. upplýsingar þær sem greinir í 1. mgr. 4. gr., 2) að varðveittar séu eða unnið úr upplýsingum um fjárhagsmálefni og lánstraust, sbr. V. kafla frumvarpsins, og 3) unnið sé að samkeyrslu upplýsinga þar sem tölvunefnd hefur veitt heimild til slíkrar samkeyrslu, sbr. ákvæði 3. mgr. 6. gr.

Í þeirri viðmiðun greinarinnar, að unnið sé úr upplýsingum fyrir aðra, felst að þeir sem í eigin þágu varðveita og vinna úr upplýsingum þeim, sem upp eru taldar í a–c-liðum 1. mgr. 25. gr., þurfa ekki starfsleyfi. Bankar og sparisjóðir, sem varðveita fjárhagsupplýsingar um eigin viðskiptavini og vinna úr þeim í eigin þágu, þurfa ekki starfsleyfi samkvæmt greininni. Ef annar aðili hins vegar annaðist slíka tölvuvinnslu fyrir bankana væri sá hinn sami starfsleyfisskyldur. Eins má nefna það dæmi að læknum og sjúkrahúsum er heimilt að skrá heilsufarsupplýsingar um sjúklinga sína, en ef þessir aðilar fá annan aðila til þess að tölvuvinna slíkar upplýsingar fyrir sig yrði sá aðili að hafa starfsleyfi skv. 25. gr. Úr framkvæmd gildandi laga má nefna að landlæknir heldur svokallaða fóstureyðingaskrá og hefur hún verið tölvufærð af tilteknu verkfræðifyrirtæki hér í bæ. Það fyrirtæki hefur starfsleyfi til slíkrar þjónustu og yrði það tvímælalaust áfram samkvæmt frumvarpinu.

Ákvæði 2. mgr. 25. gr. svarar til 2. mgr. 19. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringar.

Í 3. mgr. 25. gr. er ákvæði um meðferð starfsleyfishafa á þeim upplýsingum sem hann vinnur úr. Hefur ákvæðið það að meginmarkmiði að tryggja að upplýsingar úr skrá komist ekki til óviðkomandi án vitundar eiganda upplýsinganna. Er starfsleyfishafa óheimilt án samþykkis verkbeiðanda að nota upplýsingarnar til annars en að framkvæma þá þjónustu sem verkbeiðandi hefur óskað eftir. Í þeim tilvikum, þar sem upplýsingum úr skrám hefur með samþykki eiganda þeirra verið miðlað til þriðja aðila, er það eigandinn sem er ábyrgur fyrir því að sú miðlun fullnægi skilyrðum frumvarpsins fyrir slíkri upplýsingamiðlun. Þá er starfsleyfishafa óheimilt samkvæmt frumvarpsgreininni að fá upplýsingarnar öðrum til vinnslu. Er slík regla eðlileg til þess að koma í veg fyrir frjálslega meðferð upplýsinganna. Rétt þykir að árétta að í því ákvæði greinarinnar, að óheimilt sé að fá aðra til þess að vinna úr upplýsingunum, er bæði átt við aðila hérlendis og erlendis.

Ákvæði 4. mgr. 25. gr. er efnislega samhljóða 4. mgr. 19. gr. gildandi laga og á það ákvæði sér fyrirmynd í 3. mgr. 20. gr. dönsku e.s.l. Ekki verða í lagaákvæði sem þessu sett nánari fyrirmæli um það hvers konar öryggisráðstöfunum starfsleyfishöfum er skylt að koma við. Hlýtur umfang og eðli slíkra ráðstafana að ráðast af því hvers konar starfsemi um er að ræða.

Af þeirri ástæðu gerir frumvarpsgreinin ráð fyrir því að dómsmálaráðuneytið geti sett nánari reglur um slíkar öryggisráðstafanir. Tölvunefnd sú, er skipuð var eftir gildistöku laga nr. 63/1981, setti í september 1983 „Reglur um ábyrgð og samskipti skráningaraðila og tölvuþjónustufyrirtækja". Eru reglur þessar birtar sem fylgiskjal nr. 3 með ársskýrslu tölvunefndar 1983.

Um 26. gr.

Frumvarpsgreinin hefur að geyma fyrirmæli um þagnarskyldu starfsmanna við tölvuþjónustu og svarar til 20. gr. gildandi laga. Ef tölvuþjónusta er látin í té af fyrirtæki sem rekið er af hinu opinbera má vænta þess að starfsmenn séu opinberir starfsmenn með þagnarskyldu um þau atriði er þeir komast að í sambandi við tölvustarfsemina, sbr. m.a. 32. gr. laga nr. 38/1954 og 136. gr. almennra hegningarlaga. Þykir ekki þörf að setja sérrreglur um þagnarskyldu þeirra hér, þó svo að ákvæði 1. mgr. eigi einnig við um þá, þ.e. áskilið er að þeir undirriti þagnarheit í sambandi við vitneskju sem þeir fá við framkvæmd þessara starfsverkefna. Er það gert til að árétta frekar en ella er hve miklu varðar að starfsmenn gæti þagnarskyldu í þessu sambandi. Ef fyrirtæki er ekki rekið af hinu opinbera er slíkri almennri þagnarskyldu ekki til að dreifa. Þeir starfsmenn skulu undirrita þagnarheit, sbr. 1. mgr., og geta m.a. orðið skaðabótaskyldir ef þeir virða ekki þagnarskyldu og unnið sér til refsingar, sbr. 35. gr. frumvarpsins. Þagnarheitið gegnir hér vissulega hlutverki án tillits til refsihliðar þessa máls. Ætlast er til að forráðamenn fyrirtækis brýni þagnarskylduna fyrir starfsmönnum.

Ef tölvuþjónustufyrirtæki, sem tilheyrir einkageiranum, vinnur að verkefnum fyrir hið opinbera þykir nauðsynlegt að mæla svo fyrir að starfsmenn fyrirtækisins séu þagnarskyldir í sambandi við framkvæmd verkefnis með sama hætti og opinberir starfsmenn sem unnið hafa að því. Varðar rof á þagnarskyldu, þegar svo stendur á, refsingum skv. 136. gr. almennra hegningarlaga, en refsiákvæði 37. gr. frumvarpsins tekur ekki til þessa.

Um VIII. kafla.

Söfnun upplýsinga hér á landi til úrvinnslu erlendis.

Aukin tækni á sviði tölvumála og fjarskipta hefur auðveldað mjög flutning gagna frá einu landi til annars. Má ljóst vera að einkalífsvernd þeirri, sem frumvarpi þessu er ætlað að veita mönnum, gæti verið hætta búin ef söfnun upplýsinga gæti óheft farið fram hér á landi til úrvinnslu í öðru landi. Þannig gæti orðið mjög erfitt fyrir skráðan aðila að fá hlut sinn réttan ef slík skráning gengi að einhverju leyti á svig við ákvæði frumvarpsins. Gegnir hinu sama ef óheft mætti flytja úr landi til geymslu eða frekari úrvinnslu erlendis skrár sem hafa að geyma persónuupplýsingar.

Vandamál, sem tengjast flutningi persónugagna, hafa verið mjög til umræðu á fjölþjóðavettvangi. Má sem dæmi nefna umræður innan Evrópuráðs, Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD), Norðurlandaráðs og samstarfsnefndar vestrænna tölvueftirlitsstofnana.

Hlutverk VIII. kafla frumvarpsins, sem er sama efnis og ákvæði 21. gr. í VII. kafla gildandi laga, er fyrst og fremst það að vernda rétt skráðra aðila gegn óheftum flutningi persónugagna sem safnað hefur verið hérlendis til úrvinnslu erlendis.

Um 27. gr.

Utan sviðs frumvarpsins fellur skráning sem til er stofnað erlendis. Á þetta eins við þótt upplýsingar í skrá varði einstaklinga eða lögpersónur hér á landi. Ef skrá er á hinn bóginn varðveitt hér á landi eiga ákvæði frumvarpsins við um hana. Hlutverk 1. og 2. mgr. 27. gr. er fyrst og fremst að tryggja að ekki verði gengið á svig við skráningarreglur frumvarpsins, þar á meðal reglur þess um tilskilin samþykki tölvunefndar til skráningar með því að skrá upplýsingar erlendis. Ef reglna frumvarpsgreinarinnar nyti ekki við gæti það verið freistandi að stofna til skráningar erlendis og fullvinna skrár þar með upplýsingum sem safnað væri hér á landi.

Efni 27. gr. frumvarpsins er í raun tvíþætt. Í 1. mgr. er lagt bann við söfnun og skráningu persónuupplýsinga hér á landi til geymslu eða úrvinnslu erlendis. Í 2. mgr. er á hinn bóginn lagt bann við því að skrár eða frumgögn, sem geyma upplýsingar þær sem greinir í 1. mgr. 4. gr., verði látnar af hendi til geymslu eða úrvinnslu erlendis. Samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. getur tölvunefnd veitt undanþágu frá framangreindum bannákvæðum og í 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar eru greind þau sjónarmið sem liggja skulu til grundvallar ákvörðunum nefndarinnar þegar hún veitir undanþágur. Ber nefndinni fyrst og fremst að leggja til grundvallar hver persónuvernd mönnum er búin á þessu sviði í því landi sem flytja skal gögnin til. Við mat nefndarinnar ber að mörgu að huga, m.a. hverjar reglur gildi í viðkomandi landi, m.a. um möguleika skráðra aðila til að fá upplýsingar um, hvað um þá er skráð, möguleika þeirra til að koma við leiðréttingum o.s.frv.

Ákvæði 4. mgr. er þarflegt í því skyni að greiða fyrir þjóðréttarsamningum og alþjóðlegri samvinnu á þessu sviði.

Um IX. kafla.

Um skráningu upplýsinga og varðveislu þeirra.

IX. kafli frumvarpsins hefur að geyma sömu reglur og fram koma í 7. og 9. gr. í III. kafla gildandi laga. Það er að vísu svo að ákvæði IX. kafla frumvarpsins koma óbeint fram í ýmsum greinum frumvarpsins, en rétt þykir eigi að síður að orða reglurnar sem almennar grundvallarreglur um skráningu upplýsinga og varðveislu þeirra. Að öðru leyti þarfnast ákvæði kaflans ekki skýringa.

Um X. kafla.

Um eftirlit með lögum þessum.

Kafli þessi fjallar um sama efni og VIII. kafli gildandi laga nr. 39/1985. Í X. kafla er að finna ákvæði um skipan, verkefni og valdsvið opinberrar nefndar, svokallaðrar tölvunefndar, sem hefur eftirlit með því að til skráningar sé stofnað og skrár notaðar með þeim hætti sem fyrir er mælt í frumvarpinu.

Um 30. gr.

Frumvarpsgreinin er sama efnis og 22. gr. gildandi laga, en efni og orðalag er töluvert breytt.

Til samræmis við ákvæði gildandi laga er áfram lagt til að eftirlit með framkvæmd laganna verði í höndum nefndar sem dómsmálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn, svokallaðrar tölvunefndar. Eins og segir berum orðum í 1. gr. frumvarpsins eiga lögin við hvort sem skráning er handunnin eða vélræn. Er vernd laganna því ekki takmörkuð við vélræna skráningu eina. Orðið tölvunefnd er af þessum sökum ekki alls kostar heppilegt og væri að mörgu leyti eðlilegra að kalla nefndina skráningarnefnd eins og gert er t.d. í Danmörku (registertilsyn). Orðið tölvunefnd hefur hins vegar unnið sér fastan sess í vitund manna og þykir því ekki rétt að leggja til aðra orðnotkun í frumvarpi þessu.

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. er lagt til að tölvunefnd verði skipuð fimm mönnum, en samkvæmt gildandi lögum eiga þrír menn sæti í nefndinni. Sú venja myndaðist fljótlega eftir skipun fyrstu tölvunefndar í ársbyrjun 1982 og er enn framkvæmd að alla fundi nefndarinnar sóttu og sækja bæði aðalmenn og varamenn, en varamenn hafa að sjálfsögðu ekki tekið þátt í afgreiðslu mála nema í forföllum aðalmanna. Þetta fyrirkomulag hefur tryggt að fleiri sjónarmið hafa komist að við umræður í nefndinni en ella hefði verið og þetta hefur gert varamönnum auðveldara að taka sæti aðalmanna við ákvarðanatökur þegar til slíks hefur komið. Með hliðsjón af þessari jákvæðu reynslu þykir rétt að leggja til að skipaðir verði fimm fulltrúar í nefndina í stað þriggja. Má bæta því við að sú skipan mála hefði ekki kostnaðarauka í för með sér því að varamenn í tölvunefnd hafa fengið greidd laun fyrir fundarsetur sínar. Frumvarpsgreinin gerir ráð fyrir skipan fimm varamanna og yrðu þeir þá eingöngu kvaddir til fundarsetu í forföllum aðalmanna.

Í 1. mgr. 30. gr. frumvarpsins er kveðið á um það hverjum skilyrðum nefndarmenn skulu fullnægja. Í gildandi lögum er áskilnaður um að formaður nefndarinnar fullnægi skilyrðum til þess að vera dómari. Er sú tilhögun eðlileg með hliðsjón af verkefnum nefndarinnar og er því lagt til í frumvarpinu að svo verði áfram. Þá er og lagt til að auk formanns séu tveir aðrir nefndarmenn löglærðir og fullnægi annar þeirra einnig dómaraskilyrðum og sé jafnframt varaformaður. Ástæða þessa er sú að tölvunefnd hefur samkvæmt gildandi lögum og 31. gr. frumvarpsins úrskurðarvald í ágreiningsmálum er varða framkvæmd laganna. Erindi þau, sem berast tölvunefnd, eru mörg hver flókin og erfið úrlausnar lögfræðilega séð og ætti þetta fyrirkomulag að vera til þess fallið að styrkja niðurstöður nefndarinnar.

Samkvæmt gildandi lögum skal einn nefndarmanna vera sérfróður um tölvu- og skráningarmálefni. Nauðsynlegt er að tæknileg sérþekking sé til staðar innan tölvunefndar og því er í frumvarpsgreininni lagt til að sama regla gildi áfram, þ.e. að einn nefndarmanna sé sérfróður á tæknisviðinu og verði tilnefndur af Skýrslutæknifélagi Íslands.

Við setningu laga nr. 63/1981 var það sjónarmið lagt til grundvallar að auk formanns og sérfróðs tæknimanns sæti í tölvunefnd þriðji fulltrúinn er hefði að leiðarljósi sjónarmið hins almenna borgara án þess að þar kæmi til sérþekking á tölvumálum. Eðlilegt er að sjónarmið borgaranna komist að við ákvarðanatöku í tölvunefnd og því er við það miðað að ráðherra skipi fimmta fulltrúann í nefndina með það sjónarmið í huga.

Í 2. mgr. 30. gr. frumvarpsins er lagt til að starfsmaður í dómsmálaráðuneytinu verði ritari nefndarinnar, en um það er nú ákvæði í 2. mgr. 22. gr. gildandi laga. Ritari tölvunefndar hefur allt frá setningu laga nr. 63/1981 annast daglega afgreiðslu á vegum nefndarinnar í nánu samráði við formann. Rök þessa fyrirkomulags voru á sínum tíma þau að koma í veg fyrir að tölvunefnd yrði að stjórnsýslubákni. Þá átti og með þessu að tryggja ákveðin tengsl milli nefndarinnar og dómsmálaráðuneytisins. Þessi skipan mála er hagkvæm af ýmsum ástæðum og í engu hefur hún skert sjálfstæði nefndarinnar gagnvart dómsmálaráðuneytinu. Verkefni tölvunefndar hafi að vísu farið vaxandi með árunum og mikið mætt á ritara tölvunefndar við daglega afgreiðslu og undirbúning mála. Ekki þykir það þó næg ástæða til að gera tillögu um að sett verði á laggirnar sérstök tölvueftirlitsstofnun hér á landi eins og tíðkast víða erlendis. Þar við bætist að frumvarp þetta hefur ekki neinar þær breytingar í för með sér á eðli eftirlitsstarfsins sem gera stofnun eftirlitsskrifstofu nauðsynlega. Þá má og segja að fjölgun nefndarmanna í fimm sé til þess fallin að gera eftirlitsstarfið auðveldara viðfangs en þó jafnframt markvissara fyrir þá sem því sinna.

Um 31. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skal tölvunefnd hafa eftirlit með framkvæmd laganna og reglum settum samkvæmt þeim. Í 31. gr. er að finna almennar reglur um verkahring nefndarinnar og eftirlitsstarf.

Ákvæði fyrri málsliðar 1. mgr. 31. gr. er nýmæli, en felur þó ekki í sér neina efnisbreytingu frá gildandi lögum. Þar segir að tölvunefnd hafi að eigin frumkvæði eða eftir ábendingum frá skráðum aðilum eftirlit með því að til skráningar sé stofnað og skrár notaðar með þeim hætti sem fyrir er mælt í lögunum. Í þessu felst tvennt. Annars vegar er kveðið á um eftirlit nefndarinnar að eigin frumkvæði og svo hins vegar vegna kvartana frá skráðum aðilum. Eins og víða kemur fram í frumvarpinu er það hlutverk nefndarinnar að taka við kvörtunum frá skráðum aðilum og aðstoða þá við að ná fram rétti sínum ef þannig hagar til og er þetta almenna ákvæði því til samræmis við það hlutverk nefndarinnar.

Ákvæði 2. mgr. 31. gr. er sama efnis og 25. gr. gildandi laga. Í því felst að úrlausnir tölvunefndar eru stjórnsýslulega séð fullnaðarúrlausnir og verður þeim ekki skotið til annarra stjórnsýsluaðila, t.d. ráðherra til endanlegrar ákvörðunar. Ákvæði þetta tryggir mjög sjálfstæði nefndarinnar gagnvart stjórnvöldum. Rétt er að vekja á því athygli að með orðinu

„úrlausnir“ í ákvæðinu er ekki einungis átt við eiginlega úrskurði nefndarinnar heldur aðrar ákvarðanir hennar. Þrátt fyrir ákvæði þetta stendur óhaggaður réttur manna til þess að bera úrlausnir nefndarinnar undir dómstóla eftir almennum reglum þar að lútandi.

Um 32. gr.

Ákvæði 32. gr. frumvarpsins í heild er nýmæli. Í ákvæðinu felst tvennt: Annars vegar réttur tölvunefndar skv. 1. mgr. 32. gr. til þess að krefja skrárhaldara allra þeirra upplýsinga sem nefndinni eru nauðsynlegar til þess að rækja eftirlitsstarf sitt. Er ákvæði þetta sama efnis og 2. mgr. 22. gr. dönsku e.s.l. Hins vegar er svo ákvæði 2. mgr. 32. gr. um rétt tölvunefndar án dómsúrskurðar til aðgangs að húsnæði þar sem skráning fer fram eða skráningargögn eru varðveitt, en það ákvæði er sama efnis og ákvæði 3. mgr. 22. gr. dönsku e.s.l.

Ákvæði sama efnis og fram kemur í frumvarpsgrein þessari voru í frumvörpum þeim til laga um kerfisbundna skráningu á upplýsingum um einkamálefni sem lögð voru fyrir Alþingi 1978, 1980 og 1981, en voru felld niður í meðförum Alþingis þegar lög nr. 63/1981 voru samþykkt.

Við endurskoðun laga nr. 63/1981 árið 1984 lagði tölvunefnd til að sambærilegt ákvæði og 32. gr. frumvarps þessa yrði sett í hin nýju lög, sbr. ársskýrslu tölvunefndar 1984, bls. 17, en ekki náði sú tillaga fram að ganga.

Samkvæmt 66. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33 frá 17. júní 1944, verður húsleit eigi framkvæmd nema eftir dómsúrskurði eða eftir sérstakri lagaheimild. Tölvutækni nútímans veitir möguleika til þess að eyða upplýsingum, sem geymdar eru í tölvum, á örskömmum tíma og án þess að slíks sjáist nokkur merki. Með hliðsjón af því og þegar virtir eru hagsmunir þeir, sem lögum þessum er ætlað að vernda, verður að ætla að eftirlitshlutverk tölvunefndar verði markvissara og áhrifaríkara ef nefndin hefur ótvíræða heimild til beitingar þeirra úrræða sem í 32. gr. frumvarpsins greinir. Getur nefndin þannig betur fylgst með því að öryggisráðstafana sé gætt, aðgangur að upplýsingum sé takmarkaður í samræmi við ákvæði laga og að skráningu sé að öðru leyti staðið í samræmi við lög og reglur. Þá er og líklegt að ákvæði sem þetta sé til þess fallið að hafa almenn varnaðaráhrif á skrárhaldara, þ.e. verði þeim frekari hvatning til að standa rétt að málum ef þeir geta átt von á fyrirvaralausum eftirlitsheimsóknum tölvunefndar.

Um ákvæði 2. mgr. er það að segja að réttur tölvunefndar til aðgangs að húsnæði yrði ekki takmarkaður við húsnæði skrárhaldara eins, heldur næði hann einnig til húsnæðis þar sem unnið er úr skráningargögnum eða þau varðveitt hvort heldur sem það er hjá skrárhaldara eða öðrum.

Um 33. gr.

Ákvæði þetta svarar til 24. gr. gildandi laga með nokkrum breytingum þó sem nánar verður gerð grein fyrir. Samkvæmt frumvarpsgreininni eru tölvunefnd veittar ýmsar heimildir til afskipta af skráningu eða meðferð upplýsinga sem brýtur í bága við ákvæði frumvarpsins. Auk þeirra úrræða, sem þar greinir, getur tölvunefnd, ef um refsiverð brot á lögunum er að ræða, kært brot til yfirvalda.

Ákvæði 1. og 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar er samhljóða 1. og 2. mgr. 24. gr. gildandi laga. Samkvæmt þessum ákvæðum getur tölvunefnd mælt m.a. fyrir um að hætta skuli skráningu eða upplýsingamiðlun sem andstæð er ákvæðum laganna og að leiðrétta beri ranga skráningu eða afmá upplýsingar eða eyðileggja skrár í heild sinni.

Í 1. mgr. 30. gr. laga nr. 63/1981 sagði að þau lög tækju gildi 1. jan. 1982 og féllu úr gildi 31. des. 1985. Þá sagði að leita skyldi starfsleyfa skv. 5. og 19. gr. og heimilda skv. 3. mgr. 6. gr., 3. mgr. 7. gr. og 21. gr. vegna starfsemi sem hafin væri fyrir gildistöku laganna innan þriggja mánaða frá gildistökunni. Sambærilegt ákvæði var hins vegar ekki tekið upp í lög nr. 39/1985. Ákvæði 4. mgr. 33. gr. frumvarps þessa er því nýmæli ef mið er tekið af gildandi lögum. Samkvæmt því er valdsvið tölvunefndar ekki takmarkað við upplýsingar sem skráðar

hafa verið eftir gildistöku laganna, heldur nær það einnig til upplýsinga sem safnað var fyrir það tímamark. Ákvæði þessa efnis hefur tilfinnanlega skort í gildandi lög, en tölvunefnd hefur eigi að síður túlkað valdsvið sitt svo að það nái til upplýsinga sem safnað var fyrir gildistöku tölvulaga, sbr. t.d. ákvörðun tölvunefndar sem frá greinir í kafla 4.0. í ársskýrslu nefndarinnar 1987. Má enda segja að ákvæði laga sem þessara mundu verulega missa marks ef eldri upplýsingar féllu ekki undir lögin. Með þeim orðum frumvarpsgreinarinnar, að tölvunefnd geti lagt fyrir aðila að afmá eða leiðrétta upplýsingar, „sem skráðar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara", er jafnt átt við upplýsingar sem skráðar voru fyrir gildistöku laga nr. 63/1981 sem gildistöku laga nr. 39/1985. Ákvæðið svarar til 3. mgr. 23. gr. dönsku e.s.l.

Efni 4. mgr. frumvarpsgreinarinnar svarar til efnis fyrri málsliðar 2. mgr. 7. gr. gildandi laga. Þykir eðlilegra að skipa ákvæði þessu með öðrum ákvæðum er mæla fyrir um almennar heimildir tölvunefndar til þess að hafa eftirlit með skráningu. Er ákvæðið sama efnis og 4. mgr. 23. gr. dönsku e.s.l.

Ákvæði 5. mgr. 33. gr. svarar að nokkru til 4. mgr. 24. gr. gildandi laga, en hefur rýmra gildissvið. Samkvæmt orðanna hljóðan er 4. mgr. 24. gr. gildandi laga takmörkuð við aðferðir við söfnun upplýsinga til tölvuvinnslu, en í frumvarpsgreininni er bæði fjallað um aðferðir við söfnun og skráningu upplýsinga og aðferðir við miðlun þeirra. Komist tölvunefnd að því að skráningaraðili noti tilteknar aðferðir við söfnun upplýsinga eða miðlun þeirra og aðferðin hefur í för með sér hættu á að skráning eða upplýsingamiðlun verði röng eða að teknar verði á skrá upplýsingar sem óheimilt er að skrá getur nefndin bannað þá aðferð. Ákvæðið gæti t.d. átt við ef starfsleyfishafi skv. 15. gr. viðhefur aðferð við skráningu upplýsinga sem leiða til þess að upplýsingar eru rangar eða villandi eða starfsleyfishafinn miðlar upplýsingum með þeim hætti að upplýsingarnar geta verið villandi fyrir móttakandann. Hefur tölvunefnd beitt heimild 4. mgr. 24. gr. gildandi laga gagnvart skráningaraðila, sbr. ákvörðun nefndarinnar frá 13. júní 1986, en frá því máli greinir í árskýrslu nefndarinnar fyrir árið 1986 á bls. 26.

Sjötta málsgrein 33. gr. er sama efnis og 5. mgr. 24. gr. gildandi laga. Umfang þeirra tryggingaráðstafana, sem tölvunefnd getur lagt fyrir skráningaraðila að koma við samkvæmt ákvæðinu, verður án efa mismunandi eftir því hvers konar upplýsingar um er að ræða hjá viðkomandi skráningaraðila. Verður að meta slíkt eftir ástæðum hverju sinni. Þannig væri t.d. hægt að takmarka aðgang að upplýsingum við tiltekna aðila og mæla jafnframt fyrir um það með hverjum hætti þessir tilteknu aðilar mega meðhöndla upplýsingarnar.

Um 34. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli í frumvarpinu. Samkvæmt því getur dómsmálaráðherra í reglugerð m.a. mælt fyrir um samstarf tölvunefndar við erlendar eftirlitsstofnanir.

Tölvuúrvinnsla getur farið fram hér á landi á gögnum sem koma frá öðrum löndum og varða einkamálefni þar. Er aðstaðan þá andstæð við stöðuna skv. 27. gr. þar sem skorður eru reistar við því að gögn um einkamálefni hér á landi séu send til tölvuúrvinnslu erlendis. Er ástæða til að gefa gaum að tölvuvinnslu hér á landi er tekur til erlendra gagna og setja reglugerðarákvæði um það efni og m.a. áskilja sérstaka tilkynningu um slíkt af hendi þeirra sem óska vinnslunnar.

Um 35. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. svarar til 26. gr. gildandi laga, en ákvæði 3. mgr. svarar til 2. mgr. 23. gr. Felur frumvarpsgreinin ekki í sér neina breytingu frá gildandi rétti.

Ákvæði 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar hefur það að markmiði að auðvelda tölvunefnd að rækja eftirlitshlutverk sitt með því að heimila nefndinni að setja reglur um form og efni tilkynninga og umsókna. Skiptir máli vegna eftirlitshlutverks nefndarinnar að tilkynningar og umsóknir séu skýrar og skipulega úr garði gerðar. Getur nefndin með þessum hætti safnað

þeim upplýsingum um skráningaraðila sem henni eru nauðsynlegar til þess að rækja eftirlitshlutverk sitt.

Samkvæmt 2. mgr. er tölvunefnd heimilt að setja skilyrði í starfsleyfi og samþykki sem hún veitir til einstakra aðgerða og tímabinda þau. Getur slíkt verið bæði nauðsynlegt og eðlilegt eftir því hvernig á stendur hverju sinni og þykir rétt að orða um þetta sérstakt ákvæði til að taka af allan vafa í þeim efnum.

Um 36. gr.

Ákvæði frumvarpsgreinarinnar er samhljóða 27. gr. gildandi laga. Allt frá setningu laga nr. 63/1981 hefur tölvunefnd gefið út ársskýrslu um starfsemi sína. Starfsemi tölvunefndar snertir málefni sem almenning varðar miklu að fylgjast með. Er því eðlilegt að tölvunefnd birti á ári hverju yfirlit um starfsemi sína svo að almenningur eigi þess kost að fylgjast með starfsemi nefndarinnar.

Um XI. kafla.

Um refsingar og önnur viðurlög.

Í kaflanum er mælt fyrir um refsingar og önnur viðurlög við brotum á lögunum. Er það mjög misjafnt hvort brot á einstökum ákvæðum laganna varða refsingu eða ekki. Refsing verður lögð bæði á einstaklinga og lögpersónur. Viðurlög þau, sem um ræðir, eru eftirfarandi:

1. sektir, varðhald eða fangelsi,
2. svipting réttar til að öðlast starfsleyfi,
3. svipting starfsleyfis,
4. upptaka tækja og hagnaðar.

Um 37. gr.

Eins og að framan segir er það mjög misjafnt hvort brot á einstökum ákvæðum laganna varða refsingu eða ekki. Brot á þeim ákvæðum, sem varða sektum eða fangelsi, eru talin upp í 1. mgr. 37. gr. frumvarpsins. Í ákvæðinu kemur fram að unnt sé að refsa jafnframt samkvæmt öðrum refsiákvæðum sem atferli kann að varða við, sbr. t.d. ákvæði 136. og 229. gr. almennra hegningarlaga. Þykir því rétt að leggja til að hámarksrefsing samkvæmt þessari grein geti orðið sú sama og skv. 136. gr. almennra hegningarlaga.

Í 3. mgr. 37. gr. eru sett ítarlegri ákvæði en er að finna í gildandi lögum um refsiábyrgð lögpersóna og ábyrgð þeirra á brotum starfsmanna.

Um 38. gr.

Forsenda réttindasviptingar samkvæmt ákvæðinu er svipuð og í 68. gr. almennra hegningarlaga, þ.e. að brot gefi til kynna nærlæga hættu á misnotkun í sambandi við skráningarstarfsemi. Tekið er fram að ákvæðum 1. og 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga verði beitt, eftir því sem við getur átt.

Í 2. mgr. eru ákvæði um eignaupptöku. Er heimilt að gera upptæk með dómi tæki sem stórfelld brot hafa verið framin með, svo og hagnað af broti, sbr. 69. gr. almennra hegningarlaga.

Um 39. gr.

Ákvæðið er nýmæli og mælir fyrir um refsingu vegna tilraunar og hlutdeildarbrota.

Um XII. KAFLA

Lagaframkvæmd og gildistaka.

Samkvæmt 1. mgr. 40. gr. er dómsmálaráðherra heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd laganna. Reynslan verður að leiða í ljós hver þörfin verður í þeim efnum. Er þess getið í einstökum greinum frumvarpsins að ráðherra geti sett nánari reglur um framkvæmd einstakra greina.

Eins og áður er fram komið falla núverandi lög úr gildi 31. des. 1989. Er því lagt til að frumvarp þetta, ef að lögum verður, öðlist gildi 1. jan. 1990.

Lög um kerfisbundna skráningu á upplýsingum um einkamálefni hafa verið í gildi hér á landi síðan í ársbyrjun 1982. Lög nr. 63/1981 og nr. 39/1985 höfðu bæði fyrir fram afmarkaðan gildistíma, þ.e. fjögur ár. Þótti slíkt nauðsynlegt, þegar lögin voru sett, til að tryggja endurskoðun þeirra þar sem hér var um að ræða lagasetningu á áður óþekktu sviði, þar sem framfarir og tækniþróun voru örar. Hefur lögunum lítið verið breytt allt frá setningu þeirra. Frumvarp þetta hefur sem fyrri lagasetning á þessu sviði það að markmiði að tryggja borgurunum vernd varðandi skráningu og miðlun upplýsinga um persónulega hagi þeirra. Jafnframt miðar frumvarpið að því að sníða af gildandi löggjöf helstu annmarka sem í ljós hafa komið. Er í almennum athugasemdum hér að framan gerð ítarleg grein fyrir þeim breytingum sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir miðað við gildandi lög. Að þessu athuguðu þykir ekki rétt að leggja til að frumvarp þetta, ef að lögum verður, hafi afmarkaðan gildistíma.

Fylgiskjal.

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Arnarhvoli,
Reykjavík.

Reykjavík, 25. sept. 1989.

I.

Í janúar 1988 fól þáverandi dómsmálaráðherra, Jón Sigurðsson, okkur undirrituðum að endurskoða lög nr. 39/1985, um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni. Sömdum við frumvarp til nýrra laga og bar það heitið „Frumvarp til laga um kerfisbundna skráningu og meðferð persónuupplýsinga". Frumvarpið var lagt fram á 111. löggjafarþingi 1988, en varð ekki útrætt. Í frumvarpi því, er við sömdum, voru lagðar til veigamiklar breytingar á gildandi lögum og er helstu breytinga getið í almennum athugasemdum frumvarpsins.

Allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis fékk frumvarpið til umfjöllunar og sendi hún það til umsagnar tölvunefndar, Hagstofunnar og Skýrslutæknifélags Íslands. Fyrir þinglausnir sl. vor höfðu nefndinni borist athugasemdir Hagstofunnar og tölvunefndar. Dómsmálaráðuneytinu hafa borist athugasemdir tölvunefndar og Hagstofunnar og hefur óskað þess við okkur undirritaða, að við tökum til athugunar, hvort og þá að hvaða marki ástæða sé til þess að taka tillit til þeirra athugasemda, sem borist hafa, eða hvort við teljum að leggja beri frumvarpið fram óbreytt á 112. löggjafarþingi.

Að okkar áliti er ástæða til þess að taka tillit til nokkurra þeirra athugasemda, sem borist hafa, og er þeirra getið í II og III hér á eftir. Þá leggjum við sjálfir til, að gerðar verði nokkrar breytingar á frumvarpinu, og er þeirra getið í IV.

II.

Um athugasemdir Hagstofu Íslands.

Bréf Hagstofu Íslands til allsherjarnefndar er dags. 30. mars 1989. Eru í bréfinu gerðar athugasemdir við 21. og 22. gr. frumvarpsins. Með vísan til þeirra raka, sem fram koma í bréfi Hagstofunnar, getum við undirritaðir fallist á þær breytingartillögur, sem Hagstofan leggur til.

Af framansögðu leiðir, að eftirtaldar breytingar þarf að gera á frumvarpinu:

1. Fella niður 3. tölul. 2. mgr. 21. gr.
2. Til samræmis við tillögur tölvunefndar leggjum við einnig til, að í 3. mgr. 21. gr. verði skotið inn orðunum „. . . að fenginni umsögn tölvunefndar . . .“
3. 22. gr. frumvarps okkar verði orðuð með þeim hætti, sem Hagstofan leggur til að öðru leyti en því, að í stað niðurlags 2. mgr. 22. gr. komi ný mgr., 3. mgr. 22. gr., sem hljóði svo: „Tölvunefnd getur sett reglur um merkingar skv. 1. mgr.“ Sýnist okkur, að með þessum hætti sé einnig komið til móts við athugasemdir tölvunefndar við 22. gr. frumvarpsins.
4. Í athugasemdum við 22. gr. segði svo.

„Ákvæði í 1. mgr. 22. gr. er nýmæli. Þar kemur fram sú regla, að í útsendu efni skuli það koma fram á áberandi stað að efninu sé dreift eftir upplýsingum úr skrá í vörslu viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar. Er ákvæði þetta sett til þess að auðvelda viðtakendum slíkra bréfa eða rita að koma milliliðalaust á framfæri óskum sínum við skrárhaldara um að nöfn þeirra verði tekin af skrá, en skv. 2. mgr. 22. gr. er skrárhaldara skylt að verða við slíkum tilmælum. Ákvæði 22. gr. svarar að mestu til 18. gr. dönsku e.s.l.

Í 3. mgr. 22. gr. er tölvunefnd heimilað að setja reglur um framkvæmd merkingar skv. 1. mgr.“

III.

Um athugasemdir tölvunefndar.

Bréf tölvunefndar til allsherjarnefndar er dags. 30. mars 1989. Þær athugasemdir tölvunefndar, sem við teljum rétt að taka tillit til, eru þessar:

1. Varðandi 6. gr. frumvarpsins gerir tölvunefnd það m.a. að tillögu sinni, að greinin beri fyrirsögnina „Samtenging skráa“. Við getum fallist á tillögu þessa, en bendum þó á, að þá er 6. gr. frumvarpsins eina frumvarpsgreinin, sem ber fyrirsögn.
2. Tölvunefnd leggur til varðandi 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins, að þar verði skotið inn orðunum „. . . að fenginni umsögn tölvunefndar . . .“ Á þessa tillögu getum við fallist.
3. Nefndin leggur til, að í 17. gr. verði bætt við orðinu „nafnnúmer“ og erum við því samþykkir, þótt rétt sé að benda jafnframt á, að notkun nafnnúmers hér á landi er á undanhaldi.
4. Nefndin leggur til, að í lok 3. mgr. 19. gr. frumvarpsins komi nýr málsliður. Erum við því eindregið samþykkir.
5. 5. Meiri hluti tölvunefndar leggur til, að í 1. tölul. 2. mgr. 21. gr. bætist við orðið „nafnnúmer“. Erum við því samþykkir. Um 21. gr. vísum við að öðru leyti til umfjöllunar okkar um athugasemdir Hagstofunnar.
6. Tölvunefnd leggur til, að IX. kafli frumvarpsins beri heitið „Skráning upplýsinga og varðveisla þeirra“ og hafi að geyma tvær greinar, 28. og 29. gr., en efni þeirra er að finna í III. kafla gildandi laga. Eftir atvikum getum við fallist á tillögur nefndarinnar. Af því leiðir, að X. kafli frumvarpsins ber heitið „Um eftirlit með lögum þessum“ og raskast greinaskipan frumvarpsins af þessum sökum, svo sem bent er á í athugasemdum tölvunefndar.

   Í athugasemdum frumvarpsins við IX. kafla segði svo: „IX. kafli frumvarpsins hefur að geyma sömu reglur og fram koma í 7. og 9. gr. í III. kafla gildandi laga. Það er að vísu svo, að ákvæði IX. kafla frumvarpsins koma óbeint fram í ýmsum greinum frumvarpsins, en rétt þykir eigi að síður að orða reglurnar sem almennar grundvallarreglur um skráningu upplýsinga og varðveislu þeirra. Að öðru leyti þarfnast ákvæði kaflans ekki skýringa.“
7. Hvað varðar einstakar athugasemdir tölvunefndar við IX. kafla frumvarpsins, sem þá verður X. kafli, ef tillit er tekið til breytinga þeirra, sem getur í lið 6 hér að ofan, leggjum

við eindregið til, að ekki verði gerðar neinar breytingar á þeim kafla. Til þess að koma til móts við athugasemdir nefndarinnar leggjum við þó til, að 31. gr. frumvarpsins (1. mgr. 29. gr. frumvarps okkar) hefjist með þessum orðum: „Tölvunefnd hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara. Nefndin hefur að eigin frumkvæði, eða eftir ábendingum . . .“ en greinin verði að öðru leyti óbreytt. Varðandi 34. gr. (32. gr. frumvarps okkar) getum við tekið undir með tölvunefnd, að orðunum „. . . að fenginni umsögn tölvunefndar. . .“ verði skotið inn í greinina (35. gr. í frumvarpi tölvunefndar). Að sama skapi teljum við rétt, að orðunum „. . . að fenginni umsögn tölvunefndar . . .“ verði einnig skotið inn í 3. mgr. 35. gr. (3. mgr. 33. gr. frumvarps okkar en 3. mgr. 36. gr. frumvarps tölvunefndar).

IV.

Ábendingar frumvarpshöfunda.

Við undirritaðir frumvarpshöfundar leggjum sjálfir til eftirtaldar breytingar:

1. Varðandi 3. mgr. 5. gr. leggjum við til, að hún hljóði svo:

„Öðrum upplýsingum, sem falla undir ákvæði laga þessara en þeim sem nefndar eru í 1. mgr. 4. gr. er því aðeins heimilt að skýra frá án samþykkis hins skráða, að slík upplýsingamiðlun sé eðlilegur þáttur í venjubundinni starfsemi skráningaraðilans.“

2. Í 5. gr. verði bætt nýrri málsgrein, sem verði 4. mgr. 5. gr. og leggjum við til, að hún hljóði svo:

„Án sérstakrar lagaheimildar er eigi heimilt að skýra frá upplýsingum um atvik, sem eldri eru en 5 ára nema sýnt sé fram á, að aðgangur að upplýsingunum geti haft úrslitaþýðingu við mat á tilteknu atriði, sem upplýsingarnar tengjast.“

Af framangreindu leiðir, að 4. mgr. 5. gr. frumvarpsins verður að 5. mgr. 5. gr.

3. Við leggjum til, að lokamálsgrein 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins hljóði svo:

„Tölvunefnd getur bundið heimild til samtengingar nánari skilyrðum, þ.m.t. skilyrðum um það, hvernig upplýsingarnar verði notaðar og að skýra beri hinum skráða frá því, að samtenging kunni að fara fram.“

Virðingarfyllst,

Þorgeir Örlygsson. *Tryggvi Gunnarsson.*

Ed. 52. Frumvarp til laga [52. mál]

um breyting á lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60 29. maí 1972.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

1. gr.

1. mgr. 44. gr. orðist svo:

Áður en mál er höfðað til skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar eða beiðst er leyfis til skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar, skal leita um sættir með hjónum og kanna grundvöll að framhaldandi sambúð. Prestar leita um sættir með hjónum eða löggiltir forstöðumenn trúfélaga. Nú er annað eða bæði hjóna utan trúfélaga eða hvort heyrir til sínu trúfélagi og má þá yfirvald leita um sættir. Mál er ekki unnt að höfða eða leyfi hægt að veita, nema sáttatilraun hafi átt sér stað á síðustu 6 mánuðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 1. mgr. 44. gr. laga nr. 60/1972, um stofnun og slit hjúskapar, verður hvorki skilnaður að borði og sæng né lögskilnaður veittur, nema leitað hafi verið um sættir með hjónum og á sáttatilraun að hafa átt sér stað á síðustu 6 mánuðum. Gegnir hér einu hvort skilnaðar er leitað hjá yfirvaldi eða dómsmálaráðuneyti eða dómstólum. Samkvæmt þessu ákvæði leitar sáttanefnd um sættir, „ef bæði fara fram á það eða hvort heyrir til sínu trúfélagi". Endranær leitar prestur eða forstöðumaður trúfélags um sættir með þeim.

Með lögum nr. 28/1981 voru sáttanefndir lagðar niður. Eftir það hafa hjón leitað til presta (forstöðumanna trúfélaga) í þessu efni. Dómsmálaráðuneytið telur rétt að tveggja kosta sé völ, sátta hjá presti (forstöðumanni trúfélags) og svo hjá borgaralegu yfirvaldi. Sifjalaganefnd vinnur að heildarendurskoðun laga nr. 60/1972, en þar sem nokkurn tíma mun taka að ljúka því verki telur dómsmálaráðuneytið nauðsyn bera til þess að breyta 1. mgr. 44. gr. laga nr. 60 1972 sem yrði þó aðeins til bráðabirgða.

Er hér lagt til að yfirvald leiti um sættir í stað sáttanefnda, þ.e. bæjarfógetar og sýslumenn, yfirborgardómari og borgardómarar í Reykjavík og lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli, en auk þess eftir venju og lögum héraðsdómarar, þar sem þeir starfa, og löglærðir fulltrúar þeirra embættismanna sem nefndir voru. Dómsmálaráðuneytið fer ekki með störf yfirvalds í þessu sambandi. Að því er varðar heimild hjóna til að leita atbeina yfirvalds þá er þess sérstaklega getið að þetta eigi við, ef annað eða bæði hjóna standa utan trúfélaga.

Þar sem hér er aðeins stofnað til breytinga á 44. gr. laga nr. 60/1972 til bráðabirgða er frumvarpið einskorðað við óhjákvæmilega breytingu á 1. mgr. greinarinnar. Síður heildarendurskoðun greinarinnar eftir frumvarpinu sem sifjalaganefnd vinnur að, svo sem áður greinir.

Að öðru leyti þykir ekki þörf á sérstökum athugasemdum við frumvarpið.

Ed. 53. Frumvarp til laga [53. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Allison, Alan, leiðbeinandi í Vestmannaeyjum, f. 16. apríl 1951 í Englandi.
2. Annisius, Jane Matheson, hjúkrunarfræðingur á Húsavík, f. 5. maí 1953 í Skotlandi.
3. Beraquit, Annie Belmonte, ljósmyndari í Reykjavík, f. 2. júlí 1961 á Filippseyjum.
4. Bogatynska, Stanislawa, hagfræðingur í Reykjavík, f. 7. janúar 1919 í Póllandi.
5. Darling, Robert Albert, tónlistarkennari í Hveragerði, f. 5. febrúar 1955 í Englandi.
6. De Jesus, Zenaida Intal, einkaritari í Reykjavík, f. 30. nóvember 1956 á Filippseyjum.
7. Halvorson, Leif David, nemandi í Mosfellsbæ, f. 27. ágúst 1969 í Sambandslýðveldinu Þýskalandi.
8. Hansen, Lars, dýralæknir í Rangárvallasýslu, f. 23. apríl 1958 á Íslandi.
9. Holbrook, William Peter, tannlæknir í Reykjavík, f. 17. febrúar 1949 í Englandi.
10. Holm, Unnur Agnes, verkakona á Suðureyri, f. 26. maí 1966 í Reykjavík.
11. Hurlen, Hildur Tordis, húsmóðir í N-Þingeyjarsýslu, f. 18. apríl 1943 í Noregi.
12. Nielsen, Snjólaug Elísabet, afgreiðslumaður í Reykjavík, f. 23. júní 1966 í Kópavogi.
13. Thomson, Richard Erik, sjómaður á Þingeyri, f. 21. júlí 1968 í Bandaríkjunum.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja skilyrðum sem sett hafa verið af allsherjarnefndum beggja þingdeilda.

Á tveim síðustu þingum hefur verið afgreitt fyrir miðsvetrarhlé frumvarp til laga um veitingu ríkisborgararéttar og síðan í lok þingsins um vorið hefur einnig verið afgreitt frumvarp um veitingu ríkisborgararéttar. Þessi háttur á afgreiðslu umsókna um ríkisborgararétt hefur reynst til mikilla þæginda, bæði styttir það biðtíma umsækjenda og dreifir afgreiðsluálagi hjá ráðuneytinu.

Er því eindregið mælt með því að sami háttur verði hafður á við meðferð umsókna um ríkisborgararétt á þessu þingi.

Sþ. 54. Tillaga til þingsályktunar [54. mál]

um nýja atvinnumöguleika á landsbyggðinni.

Flm.: Danfríður Skarphéðinsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna með hvaða hætti unnt er að nota nútíma tölvu- og fjarskiptatækni til að flytja verkefni á vegum ríkisstofnana og annarra aðila frá höfuðborgarsvæðinu til annarra landshluta.

Sérstaklega verði kannaðir möguleikar á að nýta þessa tækni til þess að koma á laggirnar fjarvinnustofum í því skyni að fjölga störfum og auka fjölbreytni í atvinnulífi byggðarlaganna.

Greinargerð.

Hinar öru breytingar, sem orðið hafa á íslenskum atvinnuháttum á síðustu árum, hafa valdið straumhvörfum í búsetu fólks í landinu. Aukin tæknivæðing í landbúnaði samfara framleiðslustýringu og samdrætti, svo og ný tækni, nýjar vinnsluaðferðir og aflatakmarkanir í sjávarútvegi, gjörbreyta forsendum byggðar í landinu. Um leið og þörf fyrir vinnuafl hefur minnkað í frumvinnslugreinunum hefur hún stöðugt farið vaxandi í úrvinnslu- og þjónustugreinum, einkum þó í hinum síðarnefndu. Vaxtarskilyrði þessara greina hafa hingað til verið best í þéttbýli og vegna fólksfjöldans á höfuðborgarsvæðinu hefur þjónusta af öllu tagi stöðugt aukist þar. Á fylgiskjali I, fyrri mynd, má sjá hlutfallslega skiptingu nýrra starfa, eftir landsvæðum 1981–1984. Á þeirri síðari sést fjöldi starfa eftir atvinnuvegum á sama tíma annars vegar á landsbyggðinni og hins vegar á höfuðborgarsvæðinu.

Talið er að þessi þróun haldi áfram og ný störf verði fyrst og fremst til í þjónustugreinum enn um sinn. Frekari þensla á þessum sviðum á höfuðborgarsvæðinu er hins vegar að mati flutningsmanna ekki æskileg.

Aukin verkaskipting og hin mikla hlutdeild höfuðborgarinnar í þjónustugreinunum veldur því að fábreytni í atvinnulífi á mörgum öðrum stöðum á landinu verður tilfinnanleg. Sú fábreytni hefur verið ein af ástæðunum fyrir hinum miklu fólksflutningum á Faxaflóasvæðið á undanförnum árum (sjá fylgiskjal II).

Atvinnuleysi hefur aukist á undanförnum mánuðum og voru atvinnuleysisdagar í september síðatliðnum skráðir 33 þúsund og skiptust þannig að hjá konum voru skráðir 18.400 avinnuleysisdagar en 14.400 hjá körlum (sjá fylgiskjal III). Þrátt fyrir mikinn mun á fjölda skráðra atvinnuleysisdaga hjá konum og körlum má þó ætla að sá munur sé enn meiri en fram kemur í skýrslum. Það er staðreynd að meðal kvenna er alltaf nokkuð um svokallað dulið atvinnuleysi, ekki síst í dreifbýli. Í yfirliti vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins frá 9. okt. 1989 eru konur í meiri hluta atvinnulausra í öllum landsfjórðungum að Austfjörðum einum undanskildum (sjá fylgiskjal III). Skortur á fjölbreytilegum störfum bitnar fyrst og fremst á konum á landsbyggðinni. Þær eiga oft ekki annarra kosta völ en að flytja til þéttbýlisstaða í leit að atvinnu. Stóraukin atvinnuþátttaka kvenna og breytt staða þeirra í fjölskyldunni skiptir miklu í þróun byggðamála og tímabært að taka mið af þeirri staðreynd.

Í flestum nágrannalöndum okkar hefur þróunin verið í svipaða átt og hér á landi, en um margt eru vandamál byggðarlaga hér meiri en hjá nágrönnum okkar. Víða erlendis hafa stjórnvöld reynt að sporna við neikvæðri byggðaþróun með því að jafna aðstöðu þéttbýlis og dreifbýlis og gripið hefur verið til tímabundinna aðgerða til að ýta undir og auka fjölbreytni atvinnulífs í dreifbýli. Í Skandinavíu hefur víða verið gert sérstakt átak í uppbyggingu atvinnulífs og á síðustu árum hefur verið lögð mikil áhersla á að skapa nýjar atvinnugreinar fyrir konur í dreifbýli.

Oft hefur verið rætt um þann möguleika að flytja ýmsar stofnanir ríkisins af höfuðborgarsvæðinu í því skyni að fjölga störfum utan þess og draga úr miðstýringu. Lítið hefur þó gerst í þeim málum enn sem komið er.

Þær breytingar, sem tölvutækni og ný fjarskiptatækni hafa í för með sér, hafa þegar haft mikil áhrif á atvinnuhætti okkar og alla þætti mannlífsins. Nútímatækni á sviði tölvuvinnslu og fjarskipta hefur opnað nýjar víddir sem menn höfðu ekki hugboð um áður. Hún gefur allt að því óendanlega möguleika til að safna, geyma og flytja upplýsingar án tillits til dvalarstaðar þess sem verkið vinnur. Í mörgum nágrannalanda okkar hafa verið settar á laggirnar fjarvinnustofur þar sem ýmis upplýsinga- og þjónustuverkefni eru unnin á tölvur auk þess sem þar fer fram nám og kennsla á tölvur. Um síðustu áramót var fyrsta fjarvinnustofan stofnuð hér á landi í Vík í Mýrdal. Fyrirhugað er að starfsfólk hennar annist bókhald, ritvinnslu, gagnavinnslu o.fl.

Starfsemi fjarvinnustofa hefur gefið góða raun á Norðurlöndum. Þar eru unnin ýmis verkefni sem áður voru inni í fyrirtækjum eða stofnunum, svo sem bókhald, upplýsingaöflun af ýmsu tagi og skýrslur.

Með því að færa hluta af þjónustu ríkisstofnana út á land má nýta tölvutæknina til að byggja upp nýja vinnustaði. Það er ein leið til að fjölga störfum, auka fjölbreytni atvinnulífsins í byggðarlögum og treysta um leið búsetu fólks. Með frumkvæði stjórnvalda við uppbyggingu fjarvinnustofa fyrir hluta starfsemi sinnar má ætla að ýmis önnur fyrirtæki og einstaklingar fylgi í kjölfarið. Mikilvægt er að vel takist til við að notfæra sér nýja tækni á jákvæðan hátt. Verkefni sem þetta krefst góðrar skipulagningar og samstarfs. Því er nauðsynlegt að gera áætlanir og skipuleggja starfsemi fjarvinnustofa í samráði við sveitarfélög og heimafólk á hverjum stað.

Tilgangurinn með flutningi þessarar tillögu er fyrst og fremst sá að fjölga störfum og auka fjölbreytni atvinnulífs á landsbyggðinni, draga úr miðstýringu og auka möguleika fólks um land allt til að nýta sér þá tækni sem fyrirsjáanlegt er að verður stór hluti daglegs lífs okkar í framtíðinni.

Fylgiskjal I.

Þróun byggðar og atvinnulífs.
Skýrsla byggðanefndar þingflokkanna.
(Júlí 1986.)





Breytingar á fjölda starfa eftir atvinnuvegum 1981–1984. Þróunin undanfarin ár hefur verið sú að nýjum störfum hefur fækkað í frumvinnslugreinum en fjölgað í þjónustugreinum.

Heimild: Vinnumarkaðurinn 1984.

Fylgiskjal II.

MINNISBLAÐ

Til: forsætisráðherra
Frá: Byggðastofnun
Efni: Þróun byggðar í landinu 1988
Dags: 19. janúar 1989

Að venju liggja nú fyrir tölur frá Hagstofu Íslands um mannfjölda 1. desember síðastliðinn. Byggðastofnun telur að þróun byggðar í landinu undanfarin ár sé þjóðfélaginu mjög óhagkvæm og gefi tilefni til mjög ákveðinna aðgerða. Eins og þér er kunnugt hefur stofnunin unnið að úttekt á byggðaþróuninni að undanförnu. Hugsanlegar áherslubreytingar í aðgerðum af opinberri hálfu til að hafa áhrif á hana eru þar einnig til athugunar. Sú umræða sem nú stendur fyrir dyrum við stjórnmálaflokkana um byggðamálin verður að leiða til stefnumótunar og stóraukinna aðgerða í byggðamálum. Það er ósk Byggðastofnunar að um þessi mál geti skapast víðtæk pólitísk samstaða og því hefur verið farin sú leið að halda fundi með öllu samtökum sem fulltrúa eiga á Alþingi. Áður en þessar viðræður hefjast þykir okkur rétt að koma á framfæri við þig þeim hugmyndum sem þarna verða til umræðu er varða fjármögnun byggðaaðgerða.

Almennt um íbúaþróun

Landsmönnum fjölgaði meira á nýliðnu ári en nokkru sinni fyrr. Kemur þar tvennt til. Annars vegar hefur barnsfæðingum fjölgað enn og hins vegar fluttust hingað til lands 1.500 - 1.600 fleiri en fluttust brott. Báðar þessar tölur stafa væntanlega að hluta af hinum mikla uppgangi sem verið hefur. Forsendur fyrir landsspá um íbúafjölda eru því orðnar nokkuð breyttar frá því sem var í Framtíðarkönnun. Ekki er hægt að reikna með áframhaldandi aðflutningi íslensks fólks frá útlöndum til lengri tíma litið en ekki er víst að fæðingartíðni lækki.

Byggðaþróun innanlands

Hinni miklu fjölgun þjóðarinnar er mjög misskipt eftir landsvæðum. Höfuðborgarsvæðið vex af hraða sem á sér helst hliðstæður í þróunarlöndunum en í öðrum landshlutum fækkar fólki. Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar fjölgaði íbúum höfuðborgarsvæðisins um nær 4.000 manns og hefur þá fjölgað um rúmlega 22.000 á undanförnum 10 árum. Sé litið til landsbyggðarinnar allrar fjölgaði íbúum um 411 eða eða 0,4% á síðasta ári. Sú fjölgun varð hins vegar nær öll á Suðurnesjum. Á síðustu 10 árum hefur íbúum landsbyggðarinnar fjölgað um tæplega 5.000 manns. Þar af er fjölgun íbúa á Suðurnesjum rúmlega 2.000. Íbúaþróun þar hefur fremur líkst höfuðborgarsvæðinu en öðrum hlutum landsbyggðarinnar.

Það eru búferlaflutningar sem mestu ráða um það hvernig íbúaþróunin hefur verið innanlands. Á myndinni hér fyrir neðan er sýndur fjöldi þeirra sem flutt hafa búferlum af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins annars vegar og frá höfuðborgarsvæðinu út á land hins vegar á undanförnum árum. Þar má sjá að fjöldi þeirra sem flytur til höfuðborgarsvæðisins hefur farið vaxandi en fjöldi þeirra sem flyst út á land fer minnkandi.

Búferlaflutningar innanlands gagnvart höfuðborgarsvæðinu



Nettótölur um búferlaflutninga eru mismunur á fjölda þeirra sem flytja fram og til baka. Venjulegast er mismunurinn lítið hlutfall af heildarfjölda þeirra sem flytja. Myndin á næstu síðu sýnir hversu margir hafa flutt af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins umfram þá sem flutt hafa út á land. Myndin sýnir að straumurinn hefur þyngst með hverju árinu. Á myndinni eru sýndar tvær tölur fyrir árið 1988 en þær eru áætlaðar út frá bráðabirgðatölum um mannfjölda.

Mismunur brottfluttra og aðfluttra innanlands



Afleiðingum þessarar þróunar sér víða stað. Nú er liðinn sá tími að þéttbýli vaxi vegna fækkunar fólks í sveitahéruðum. Einungis einn af hverjum 12 íbúum landsins býr utan þéttbýliskjarna en níu af hverjum 10 í þéttbýlisstöðum með fleiri en 200 íbúa. Vöxtur höfuðborgarsvæðisins vegna aðflutnings á undanförnum árum er því á kostnað annarra þéttbýlisstaða. Ef litið er til síðustu 5 ára hafa eftirtaldir staðir einir náð meðaltali íbúafjölgunar í landinu utan höfuðborgarsvæðisins (hér eru einungis taldir staðir með yfir 1.000 íbúa): Hveragerði, sem hefur vaxið mest allra þéttbýlisstaða utan höfuðborgarsvæðis; Njarðvík; Egilsstaðir, Ölfushreppur, Sauðárkrókur, Sandgerði og Keflavík. Eins og sjá má eru 3 þessara staða á Suðurnesjum og 2 vestast á Suðurlandi. Í allmörgum þéttbýlisstöðum hefur íbúum fækkað. Í eftirtöldum þéttbýlisstöðum með yfir 1.000 íbúa búa nú færri en fyrir 5 árum: Garður, Borgarnes, Ólafsvík, Stykkishólmur, Patreksfjörður, Bolungarvík, Siglufjörður, Ólafsfjörður, Húsavík, Seyðisfjörður, Eskifjörður og Vestmannaeyjar.

Rétt er að vekja enn sérstaka athygli á íbúaþróun Akureyrar. Undanfarin 5 ár hefur bærinn vaxið tæpan þriðjung af meðaltalsfjölgun landsmanna. Þessi hægi vöxtur verður að teljast óeðlilegur miðað við þá miklu hreyfingu sem er á búsetu í landinu. Bærinn gegnir ekki lengur því hlutverki sem hann hafði á fyrri árum að taka við þeim sem fluttust burt úr sveitum Eyjafjarðar og minni þéttbýlisstöðum norðanlands. Aðrir stórir þjónustustaðir á landsbyggðinni hafa búið við sams konar þróun. Akranes hefur vaxið um 0,2% að meðaltali á ári, Ísafjörður um 0,3% en Selfoss um 0,9%.

Fækkun íbúa ár frá ári hlýtur að draga mjög þrótt úr viðkomandi byggð. Hún lækkar fasteignaverð, dregur úr framkvæmdum og hefur þannig keðjuverkandi áhrif til lömunar á framtaki og þar með möguleikanum á að vinna sig út úr vandanum. Margir þeirra staða sem orðið hafa fyrir íbúafækkun eru þjónustubæir fyrir aðra staði og sveitahéruð ásamt því að þar er stunduð umfangsmikil útgerð. Ef framtíð þessara staða er óviss hlýtur hið sama að gilda um undirstöður íslensks efnahags.

Niðurstöður

Þegar Byggðastofnun setti fram fyrstu framreikninga á íbúaþróun eftir landshlutum var gagnrýnt að þar var gert ráð fyrir því að öll fjölgun íbúa yrði á höfuðborgarsvæðinu en fækkun annars staðar. Þessi framreikningur hefur hins vegar reynst réttur að þessu leyti. Stofnunin hefur frá upphafi lagt á það áherslu að þetta væri ekki æskileg þróun. Hún væri hins vegar ekki óumflýjanleg ef gripið er til réttra aðgerða.

Byggðastofnun vill enn minna á er að hún telur að sú þróun sem blasir við er þjóðarbúinu hættuleg. Hún kallar á ákveðin og skipuleg viðbrögð. Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi forsætisráðherra fól stofnuninni að vinna að verkefni þar sem meðal annars yrði tekið til umræðu hvort breyta ætti áherslum í aðgerðum hins opinbera til að hafa áhrif á þróun byggðar. Við höfum lengi talið auðsýnt að slíkt sé nauðsynlegt enda hafa núverandi aðferðir sýnt sig að vera haldlitlar.

Okkur þykir þó skorta á að stjórnmálamenn hafi réttan skilning á málinu. Umræður um byggðamál hafa um of einkennst af almennum efnahagslegum atriðum og klisjum um einfaldar lausnir. Ekki fer mikið fyrir upplýstum skilningi á byggðaþróun og of mikil áhersla hefur verið lögð á umræður um smáatriði. Til dæmis hafa málefni allra fámennustu og dreifbýlustu svæðanna hlotið of mikla athygli miðað við mikilvægi þeirra fyrir byggðaþróunina eða þjóðarhag. Sem dæmi má taka þá gífurlegu athygli sem ástand mála á Kópaskeri hefur fengið. Þarna búa um eða innan við 200 manns og við gjaldþrot Sæbliks hf voru ekki atvinnuhagsmunir nema hluta íbúanna í veði. Á sama tíma hafa frystihúsin á Ólafsfirði verið lokuð og atvinnuleysi þar numið allt að íbúafjölda á Kópaskeri. Málefni Ólafsfirðinga hafa litla athygli fengið. Hafa þó verið greiddar þar út atvinnuleysisbætur sem eru vel á annan tug milljóna. Þetta er ekki sagt til að gera lítið úr þeim vanda sem fámennir staðir eiga við að etja heldur til að vekja athygli á litlu vægi þessara staða í heildarmynd byggðaþróunarinnar. Um þetta væri hægt að taka fleiri dæmi.

Við viljum enn minna á það að sjávarútvegurinn verður ekki stundaður nema frá nokkrum útgerðarstöðum í öllum landshlutum. Þeir staðir verða að vera þannig að fólk sé tilbúið að búa á þeim. Ef til vill má segja að á uppgangstímum útgerðar á undanförnum áratugum hafi útgerðarstaðirnir orðið of margir. Við því er ekki ýkja margt hægt að gera í dag. Þó kann að koma til álita að leggja niður útgerð frá einstaka stað eða sameina reksturinn á nálægum stöðum. Með bættum landsamgöngum má fækka höfnum og minnka þannig sameiginlegan kostnað í fjárfestingu og rekstri. Við skipulag opinberrar fjárfestingar og reksturs þjónustu er nauðsynlegt að taka tillit til bættra samgangna og þess að íbúum hefur fækkað víða. Í skýrslu OECD um íslenskan efnahag[1] er lagt til að fækka útgerðarstöðum og skipum til að bæta rekstur í greininni. Við getum ekki tekið undir það sjónarmið sem þar kemur fram að hliðarráðstafanir sem gera þyrfti vegna þessa séu minni háttar. Kjarninn í byggðastefnu hlýtur að vera aukin fjölbreytni atvinnulífs og þjónustu á landsbyggðinni og það er tæplega hægt nema í stærstu þéttbýlisstöðunum.

Hér eru ekki aðstæður til að rekja þá framtíðarmynd sem Byggðastofnun telur að við landsbyggðinni blasi ef svo heldur sem horfir. Til þess mun meðal annars gefast tilefni í þeim umræðum sem fyrir dyrum standa. Megindrættir þeirrar myndar eru ljósir. Tími er til þess kominn að þjóðin geri upp við sig hvort hún láti þá svörtu mynd rætast og taki afleiðingunum.

[1] OECD Economic Surveys, Iceland 1988/89, OECD, nóvember 1988

Fylgiskjal III.

Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins:

Yfirlit um atvinnuástandið.
(9. okt. 1989.)

Í septembermánuði sl. voru skráðir 33 þúsund atvinnuleysisdagar á landinu öllu, og skiptust þeir þannig að hjá konum voru skráðir 18400 atvinnuleysisdagar en hjá körlum 14400.

Fjöldi skráðra atvinnuleysisdaga svarar til þess að 1516 manns hafi að meðaltali verið á atvinnuleysisskrá í mánuðinum en það jafngildir 1,1% af áætluðum mannafla á vinnumarkaði í mánuðinum samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar.

Samkvæmt framangreinum tölum hefur dregið nokkuð úr atvinnuleysi í september miðað við mánuðina á undan og er það í samræmi við reynslu síðustu ára. Þannig hefur skráðum atvinnuleysisdögum fækkað um tæplega 8 þúsund frá mánuðinum á undan og hlutfall atvinnulausra af mannafla lækkað 0,3%.

Skráðum atvinnuleysisdögum fækkaði í septembermánuði, frá mánuðinum á undan, á öllum skráningarsvæðum nema á Austurlandi og Suðurnesjum þar sem skráningardögum fjölgaði.

Í septembermánuði 1988 voru skráðir 11 þúsund atvinnuleysisdagar og hlutfall atvinnulausra af mannafla nam 0,4%

Þrátt fyrir nokkra fækkun atvinnuleysisdaga í september sl. frá mánuðinum á undan, er skráð atvinnuleysi þrefalt meira en í sama mánuði í fyrra.

Fjöldi skráðra atvinnuleysisdaga og meðaltal atvinnulausra í september 1989 eftir búsetu og kyni, ásamt breytingum frá næsta mánuði á undan og á síðustu 12 mánuðum. Heildarvinnuafl í síðasta mánuði er áætlað 134100 manns. Atvinnuleysi á landsvísu var 1.1 %.

					BREYTINGAR							
					Frá síðasta mánuði				Miðað við september 1988			
	Fjöldi skráðra atv.leysisdaga	Meðaltal atv.lausra	Þ.a. karlar	Þ.a. konur	Fjöldi skráðra atv.leysisdaga	Meðaltal atv.lausra	Þ.a. karlar	Þ.a. konur	Fjöldi skráðra atv.leysisdaga	Meðaltal atv.lausra	Þ.a. karlar	Þ.a. konur
Höfuðborgarsvæðið	15642	723	355	368	-4900	-226	-75	-151	+12982	+600	+304	+296
Vesturland	2926	134	29	105	-518	-24	-19	-5	+1337	+61	+7	+54
Vestfirðir	498	23	11	12	-75	-3	+3	-6	+260	+12	+9	+3
Norðurland vestra	1455	69	16	53	-441	-18	-11	-7	+294	+15	-5	+20
Norðurland eystra	3526	163	64	99	-1249	-57	-26	-31	+1334	+62	+28	+34
Austurland	2195	101	74	27	+993	+45	+45	0	+1244	+57	+54	+3
Suðurland	3016	138	63	75	-2113	-100	-62	-38	+1298	+59	+46	+13
Suðurnes	3572	165	49	116	+392	+18	-19	+37	+2840	+131	+45	+86
Landið allt	32830	1516	661	855	-7911	-365	-164	-201	+21589	+997	+490	+509

Fjöldi skráðra atvinnuleysisdaga í september 1989 eftir landshlutum og stöðum. Tölurnar hægra megin í hverjum dálki eru frá ágúst.

	Atvinnuleysis-dagar		Þar af hjá konum		Atvinnulausir í mánuðinum		Þar af konur	
Höfuðborgarsvæðið:	**15642**	20542	**7954**	11256	**723**	949	**368**	519
Reykjavík	**9960**	13951	**4898**	7193	**460**	644	**226**	332
Seltjarnarnes	**166**	283	**84**	181	**8**	13	**4**	8
Kópavogur	**3459**	3702	**1680**	2058	**160**	171	**78**	95
Garðabær	**464**	643	**326**	461	**21**	30	**15**	21
Hafnarfjörður	**1234**	1546	**670**	1011	**57**	71	**31**	47
Mosfellsbær	**317**	381	**275**	330	**15**	18	**13**	15
Bessastaðahreppur	**42**	36	**21**	22	**2**	2	**1**	1
Vesturland:	**2926**	3444	**2257**	2369	**134**	158	**105**	110
Akranes	**2152**	2391	**1899**	1897	**99**	110	**88**	88
Borgarnes	**628**	725	**337**	339	**29**	33	**16**	16
Ólafsvík	**15**	0	**0**	0	**1**	0	**0**	0
Stykkishólmur	**53**	239	**0**	111	**2**	11	**0**	5
Hellissandur	**72**	66	**21**	22	**3**	3	**1**	1
Grundarfjörður	**6**	23	**0**	0	**0**	1	**0**	0
Vestfirðir:	**498**	573	**271**	377	**23**	26	**12**	18
Bolungarvík	**0**	20	**0**	20	**0**	1	**0**	1
Ísafjörður	**58**	79	**26**	38	**3**	4	**1**	2
Patreksfjörður	**308**	376	**210**	284	**14**	17	**10**	13
Bíldudalur	**118**	9	**32**	0	**5**	0	**1**	0
Þingeyri	**14**	67	**3**	13	**1**	3	**0**	1
Flateyri	**0**	0	**0**	0	**0**	0	**0**	0
Suðureyri	**0**	22	**0**	22	**0**	1	**0**	1
Súðavík	**0**	0	**0**	0	**0**	0	**0**	0
Norðurland vestra:	**1455**	1896	**1093**	1306	**69**	87	**53**	60
Sauðárkrókur	**343**	331	**254**	152	**16**	15	**12**	7
Siglufjörður	**330**	247	**235**	172	**15**	11	**11**	8
Drangsnes	**21**	0	**16**	0	**1**	0	**1**	0
Hólmavík	**13**	22	**0**	10	**1**	1	**0**	0
Hvammstangi	**168**	248	**98**	136	**8**	11	**5**	6
Blönduós	**107**	234	**92**	212	**5**	11	**4**	10
Skagaströnd	**34**	95	**20**	49	**2**	4	**1**	2
Hofsós	**194**	191	**186**	177	**9**	9	**9**	8
Lýtingsstaðahreppur	**65**	321	**12**	191	**3**	15	**1**	9
Seyluhreppur	**169**	207	**169**	207	**8**	10	**8**	10
Akrahreppur	**11**	0	**11**	0	**1**	0	**1**	0
Hofshreppur	**0**	0	**0**	0	**0**		**0**	0

	Atvinnuleysis-dagar		Þar af hjá konum		Atvinnulausir í mánuðinum		Þar af konur	
Norðurland eystra:	**3526**	4775	**2123**	2829	**163**	220	**99**	130
Ólafsfjörður	**111**	125	**48**	55	**5**	6	**2**	3
Dalvík	**167**	534	**98**	286	**8**	25	**5**	13
Akureyri	**2450**	3260	**1430**	1996	**113**	150	**66**	92
Húsavík	**628**	671	**451**	355	**29**	31	**21**	16
Hrísey	**0**	0	**0**	0	**0**	0	**0**	0
Árskógshreppur	**38**	20	**0**	5	**2**	1	**0**	0
Kópasker	**95**	155	**65**	122	**4**	7	**3**	6
Raufarhöfn	**0**	0	**0**	0	**0**	0	**0**	0
Þórshöfn	**15**	10	**15**	10	**1**	0	**1**	0
Grýtubakkahreppur	**22**	0	**16**	0	**1**	0	**1**	0
Austurland:	**2195**	1202	**585**	577	**101**	56	**27**	27
Seyðisfjörður	**1362**	160	**139**	28	**63**	7	**6**	1
Neskaupsstaður	**54**	71	**0**	0	**2**	3	**0**	0
Eskifjörður	**4**	20	**0**	0	**0**	1	**0**	0
Höfn/Hornafirði	**0**	0	**0**	0	**0**	0	**0**	0
Bakkafjörður	**0**	0	**0**	0	**0**	0	**0**	0
Vopnafjörður	**56**	164	**28**	118	**3**	8	**1**	5
Bakkagerði	**136**	0	**82**	0	**6**	0	**4**	0
Egilsstaðir	**282**	387	**229**	341	**13**	18	**11**	16
Reyðarfjörður	**105**	120	**63**	56	**5**	6	**3**	3
Fáskrúðsfjörður	**82**	175	**23**	34	**4**	8	**1**	2
Stöðvarfjörður	**93**	105	**0**	0	**4**	5	**0**	0
Breiðdalsvík	**21**	0	**21**	0	**1**	0	**1**	0
Djúpivogur	**0**	0	**0**	0	**0**	0	**0**	0
Suðurland:	**2390**	3205	**1504**	2194	**109**	149	**69**	99
Selfoss	**751**	1010	**537**	724	**35**	47	**25**	33
Hveragerði	**65**	114	**21**	50	**3**	5	**1**	2
Þorlákshöfn	**104**	142	**48**	87	**5**	7	**2**	4
Vík í Mýrdal	**95**	123	**32**	54	**4**	6	**1**	2
Hvolsvöllur	**419**	509	**345**	402	**19**	23	**16**	19
Hella	**411**	622	**321**	484	**19**	29	**15**	22
Þykkvibær	**39**	66	**18**	44	**2**	3	**1**	2
Stokkseyri	**96**	249	**3**	130	**4**	11	**0**	6
Eyrarbakki	**263**	124	**96**	75	**12**	6	**4**	3
Kirkjubæjarhreppur	**51**	98	**39**	75	**2**	5	**2**	3
Fljótshlíðarhreppur	**96**	148	**44**	69	**4**	7	**2**	3
Vestmannaeyjar:	**626**	1924	**130**	314	**29**	89	**6**	14

	Atvinnuleysis-dagar		Þar af hjá konum		Atvinnulausir í mánuðinum		Þar af konur	
Suðurnes:	3572	3180	2512	1711	165	147	116	79
Grindavík	998	706	822	544	46	33	38	25
Keflavík	1719	1475	1146	753	79	68	53	35
Njarðvík	476	439	300	214	22	20	14	10
Sandgerði	207	411	175	183	10	19	8	8
Gerðahreppur	172	149	69	17	8	7	3	1
Allt landið:	32830	40741	18429	22933	1516	1881	855	1056

Sþ. 55. Fyrirspurn [55. mál]

til félagsmálaráðherra um uppgjör á framkvæmdum á vegum sveitarfélaga á árinu 1989.

Frá Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni.

1. Hvernig er fyrirhugað að gera upp framkvæmdir umfram fjárveitingar 1989 hjá sveitarfélögum sem eiga vegna fámennis að njóta framlaga til framkvæmda úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga þegar breytt verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga tekur gildi um næstu áramót?
2. Hvernig miðar setningu reglugerðar um þetta atriði og hvaða stærðarmörk eru hugsuð sem skilyrði fyrir framlögum?
3. Hvað er reiknað með að há upphæð verði til ráðstöfunar til þessa á næsta ári?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 56. Frumvarp til laga [56. mál]

um breytingu á lögum nr. 83/1984, um erfðafjárskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Af öllum fasteignum hér á landi sem eigendaskipti verða að á grundvelli lögerfða, bréferfða eða fyrirframgreiðslu arfs skal greiða skatt eftir lögum þessum án tillits til þess hvar aðilar að ráðstöfuninni eru búsettir.

2. gr.

Við bætist ný grein er verði 25. gr., svohljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á erfðafjárskatti erlendra og íslenskra skattaðila sem eftir gildandi löggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu eignum bæði á Íslandi og erlendis.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að gera samninga um gagnkvæm upplýsingaskipti og um innheimtu erfðafjárskatts við önnur ríki.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að undanförnu hefur verið unnið að gerð samnings milli Norðurlanda til þess að komast hjá tvísköttun arfs og gjafafjár. Var samningur um þetta efni undirritaður af hálfu ríkisstjórna landanna í Helsinki 12. september 1989, með fyrirvara um gildistöku eftir fullgildingu samningsins í hverju aðildarríkjanna.

Í gildandi lögum um erfðafjárskatt, nr. 83/1984, er ekki lagaheimild til þess fyrir ríkisstjórnina að gera skuldbindandi samning um þessi efni, svo sem er t.d. í lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með áorðnum breytingum. Er því sýnt að ríkisstjórnin getur ekki fullgilt samninginn án atbeina Alþingis. Í stað þess að leggja samninginn fram til umfjöllunar á Alþingi er sú leið farin í frumvarpi þessu að leggja til að ríkisstjórnin fái heimild til að gera slíka samninga án atbeina Alþingis hverju sinni, enda eru víða um heim í gildi slíkir samningar og ekki ólíklegt að Ísland muni síðar gera slíka samninga við aðrar þjóðir en Norðurlandaþjóðirnar.

Í 2. mgr. 1. gr. laga um erfðafjárskatt, nr. 83/1984, er um fasteignir ákvæði til að komast hjá tvísköttun. Ákvæðið felur í sér að Ísland gefur alltaf eftir rétt til skattlagningar fasteignar samkvæmt lögunum, ef búi er skipt erlendis og greiða verður af henni skatt í búskiptaríkinu. Þetta er harla óvenjulegt ákvæði, en var á sínum tíma sett í lög vegna tvísköttunartilvika sem upp höfðu komið í tíð eldri erfðafjárskattslaga og oft á tíðum leitt til óheyrilegrar skattinnheimtu. Efnahags- og framfarastofnun Evrópu, OECD, hefur gefið út staðalfyrirmynd að tvísköttunarsamningi varðandi erfðafé og er þar ráðgert að skattlagningarrétturinn verði hjá því ríki þar sem viðkomandi fasteign er án tillits til þess hvar búskipti fara fram. Er ákvæði Norðurlandasamningsins um erfðafjárskatt af fasteignum í samræmi við þessa fyrirmynd.

Stefnt er að því að aðildarríki Norðurlandasamningsins fullgildi tvísköttunarsamninginn um erfðafjárskatt þannig að honum verði beitt um dánarbú þeirra sem falla frá 1. janúar 1990 og síðar. Þykir því rétt að breyta 2. mgr. 1. gr. núgildandi erfðafjárskattslaga miðað við sömu tímamörk, en þau lagarök, sem bjuggu að baki núgildandi reglu um fasteignir, þykja ekki lengur eiga við þegar fyrir hendi er að tvísköttunarsamningur við aðrar Norðurlandaþjóðir tekur gildi.

Að öðru leyti þykja ákvæði frumvarpsins ekki þurfa skýringar við.

Sþ. 57. Fyrirspurn [57. mál]

til fjármálaráðherra um fjármál og fjárveitingar til ríkisstofnana.

Frá Guðmundi G. Þórarinssyni.

1. Hvaða aðilar ríkisins, stofnanir eða ráðuneyti voru rekin innan ramma fjárlaga 1988?
2. Hver er hlutfallsleg hækkun í fjárlögum 1988 og 1989 og í fjárlagafrumvarpi 1990 til þessara stofnana milli ára? Er þá átt við samanlagt reglulega starfsemi, nýjungar í starfsemi og fjárfestingar.
3. Hvaða 10 aðilar, stofnanir eða ráðuneyti fóru mest umfram fjárlög árið 1988?
4. Hver er hlutfallsleg hækkun í fjárlögum 1988 og 1989 og í fjárlagafrumvarpi 1990 til þessara aðila milli ára? Er þá átt við samanlagt reglulega starfsemi, nýjungar í starfsemi og fjárfestingar.

Sþ. 58. Fyrirspurn [58. mál]

til menntamálaráðherra um kynningarrit í bókmenntum.

Frá Halldóri Blöndal.

Hvað kostaði kynningarrit það um íslenskar bókmenntir sem menntamálaráðherra hefur látið gefa út á enskri tungu (Arts and Culture in Iceland — Literature)?

Sþ. 59. Fyrirspurn [59. mál]

til menntamálaráðherra um kennsluefni í íslenskum bókmenntum.

Frá Halldóri Blöndal.

Hvaða íslensk bókmenntaverk voru og verða sett fyrir í grunnskóla og einstökum framhaldsskólum skólaárin 1988–1989 og 1989–1990?

Óskað er eftir að svarið verði sundurgreint eftir bekkjum.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 60. Fyrirspurn [60. mál]

til menntamálaráðherra um reglugerð um kostnaðaruppgjör milli ríkissjóðs og sveitarfélaga.

Frá Birgi Ísl. Gunnarssyni.

Hvað líður setningu reglugerðar um kostnaðaruppgjör ríkis og sveitarfélaga vegna áfallinna skuldbindinga ríkissjóðs við byggingu dagvistarheimila, grunnskóla, íþróttamannvirkja og félagsheimila, sbr. 5. mgr. 75. gr. laga nr. 87/1989, um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Sþ. 61. Fyrirspurn [61. mál]

til félagsmálaráðherra um reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Frá Birgi Ísl. Gunnarssyni.

Hvað líður setningu reglugerðar um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem félagsmálaráðherra ber að setja, sbr. 20. gr. laga nr. 91/1989, um tekjustofna sveitarfélaga?

Sþ. 62. Tillaga til þingsályktunar [62. mál]

um eigin eftirlaunasjóði einstaklinga.

Flm.: Guðni Ágústsson, Alexander Stefánsson, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skipa nefnd sem fái það hlutverk að móta reglur um eigin eftirlaunasjóði allra landsmanna og gera tillögur um hvernig hægt væri að gera upp réttindi launþega í núverandi lífeyrissjóðum.

Greinargerð.

Nefnd þeirri, sem hér er gerð tillaga um, er ætlað að kanna stofnun eigin eftirlaunasjóðs fyrir einstaklinga samkvæmt eftirfarandi hugmynd:

1. Við upphaf ævistarfs eignast hver einstaklingur eigin eftirlaunareikning í umsjón banka, tryggingafélags eða þeirra aðila sem til þess hafa hlotið tilskilin leyfi og fylgir eftirlaunareikningurinn viðkomandi einstaklingi út starfsævina.

   Í sjóðinn skal greiða iðgjald sem er 10% af öllum launatekjum hvers launþega og reiknuðum launatekjum þeirra sem sjálfstæðan atvinnurekstur stunda. Að því er varðar skiptingu hjá öðrum en þeim sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur skulu 6% greidd af atvinnurekanda en 4% af launþega.
2. Eftirlaunasjóðir yrðu verðtryggðir og ávaxtaðir á bankareikningum eða með verðbréfum skráðum á opinberu verðbréfaþingi.
3. Þegar einstaklingur verður 65–70 ára gamall yrði farið að endurgreiða eigandanum eftir ákveðnum reglum úr sjóðnum og endurgreitt yrði að fullu á t.d. 20 ára tímabili.
4. Allar greiðslur úr eigin eftirlaunasjóðum yrðu skattfrjálsar.
5. Við andlát skal eftirlaunasjóðurinn verða eign maka eða erfðafé aðstandenda.
6. Eigin eftirlaunasjóðir yrðu sameign meðan hjónaband eða sambúð varir en skiptast til helminga við skilnað eða búskipti.
7. Ríkið stofnar tryggingasjóð sem tekur við tryggingaþætti lífeyissjóðanna (örorkubótum, barna- og makalífeyrisgreiðslum). Sjóðurinn mundi starfa samhliða Tryggingastofnun ríkisins eða yrði felldur undir hana. Hér yrði um að ræða gegnumstreymissjóð og yrðu greiðslur til hans innheimtar í staðgreiðslunni.

Kostir eigin eftirlaunasjóðs.

Kostir þess að taka upp eigin eftirlaunasjóð eru margir. Rétturinn er á einum stað. Í samráði við stéttarfélag sitt heldur einstaklingurinn sjálfur utan um sína eftirlaunagreiðslu og fær með reglubundnum hætti yfirlit um innborganir og eignarstöðu. Staða fólks verður skýr og auðskilin. Fólk tapar ekki rétti sínum þótt það skipti um starf. Fólk felur bankanum eða ábyrgðaraðila sjóðsins að fylgja því fast eftir að greiðslur frá atvinnurekendum berist í eftirlaunasjóðinn. Sáralítið af greiðslum færi í rekstrarkostnað gagnstætt því sem gerist í núverandi lífeyriskerfi.

Færa má að því talnaleg rök að hver og einn mundi eiga mikla peninga við 65 eða 70 ára aldur, að vísu misháa upphæð eftir tekjum og lengd starfsævinnar. Við andlát félli þessi sparnaður í hlut erfingjanna en ekki sjóðanna sjálfra.

Eftirfarandi útreikningar sýna hvernig eftirlaunasjóðirnir ávaxta sig á löngu tímabili, verðtryggðir með 5% vöxtum umfram verðbólgu.

Sparað í 45 ár:

Mánaðarlaun	**Mánaðargreiðslur í sjóðinn**	**Upphæð í lok sparnaðartímabils**
1. 70 þús. kr.	7 þús. kr.	13,4 millj. kr.
2. 100 þús. kr.	10 þús. kr.	19,2 millj. kr.

Sé miðað við mánaðarlegar endurgreiðslur á eftirlaunaaldrinum, sömu vexti og 20 ára endurgreiðslutíma mundi maður með 7 þús. kr. njóta um 87 þús. kr. á mánuði en maður með 10 þús. kr. um 125 þús. kr. á mánuði, að auki skattfrjálsar tekjur, þar sem búið væri að skattleggja peningana sem vinnulaun.

Þetta fyrirkomulag mundi styrkja stöðu banka og peningastofnana og getu til stóraukinnar þjónustu bæði við einstaklinga og atvinnulífið, ekki ósvipað því sem gerist í nálægum

löndum. Allur sparnaður eftirlaunasjóðanna yrði varðveittur í heimabyggð hvers og eins gagnstætt því sem nú er hjá mörgum lífeyrissjóðum á landsbyggðinni.

Lífeyrissjóðakerfið verður að endurskoða.

Hér er lögð til allróttæk stefnubreyting hvað lífeyrisréttindi og lífeyrissparnað varðar eða að lífeyrissparnaðurinn verði í bundnum reikningi – sjálfstæð eign hvers og eins.

Margur gerir sér þegar grein fyrir því að hið flókna og margskipta lífeyrissjóðakerfi hér á landi mun ekki geta staðið við skuldbindingar sínar. Lífeyrissjóðakerfið sjálft er mannfrekt og dýrt í rekstri ekki síst þar sem það er í mörgum smáum einingum.

Samkvæmt nýlegri úttekt er rekstrarkostnaður lífeyrissjóðanna frá 4–41% af innkomu. Fæstir vita hver er eign launþega í sjóðunum né hvaða öryggi greiðslurnar kunna að skapa á eftirlaunaaldri.

Almenningur í okkar fámenna þjóðfélagi sættir sig alls ekki við þann mismun sem fólki er nú gert að hlíta. Sumir ná því að fá öruggar greiðslur úr mörgum sjóðum og það er ríkið sem ábyrgist slíkar greiðslur. Aðrir tapa réttindum sínum og sjóðirnir koma ekki til með að greiða til baka neina þá upphæð sem skiptir máli til lífsviðurværis í ellinni.

Ósanngjarnastur er mismunurinn hvað makalífeyri varðar. Ekkjur eða ekklar, t.d. ráðherra, alþingismanna eða bankastjóra, eru með góðan lífeyri, en við fráfall sjómanna t.d. verður réttur maka sáralítill. Berlegast er svo ranglætið þegar sömu einstaklingar fá greitt úr mörgum sjóðum sem ríkisvaldið ábyrgist og hafa þá í ellinni jafnvel hærri laun en þegar þeir voru í starfi. Vantrú fólks á lífeyrissjóðakerfinu birtist í því að sá hópur fer stækkandi sem stendur utan allra sjóða þrátt fyrir lög og reglur. Fullyrt er að 15–18% vinnandi manna greiði ekki í neinn lífeyrissjóð.

Nýverið skilaði stærsti lífeyrissjóður landsins frá sér tryggingafræðilegri athugun á stöðu sjóðsins um áramót 1987/1988. Þar er lagt til að gera þyrfti eftirfarandi til þess að jafna mun milli skulda umfram eignir og höfuðstól: 1. Að hækka iðgjöldin um 55,8% eða í 15–16% af öllum launum. 2. Að lækka lífeyri um 24,2%. 3. Eða að tryggja 3,3% raunávöxtun umfram laun í framtíðinni. 4. Eða tengja þessar leiðir tvær eða fleiri saman. Þetta eru þær leiðir sem farnar verða ef ekki næst samstaða um nýjar leiðir eins og hér er hreyft.

Engin heildarlöggjöf er í gildi á Íslandi um lífeyrissjóði. Þó eru lífeyrissjóðirnir 100 talsins og eiga eignir sem nema 73 milljörðum króna. Samkvæmt upplýsingum Seðlabankans voru heildarútlán lífeyrissjóðanna 48,4 milljarðar króna árið 1987. Á sama tíma voru heildarútlán bankakerfisins 92,3 milljarðar króna. Heildareignir lífeyrissjóðanna voru 22% af landsframleiðslu 1984, en voru aðeins 10% af landsframleiðslu 1975.

Lífeyrissjóðirnir starfa að mestu eftirlitslaust, skipulag þeirra er á reiki og réttindi einstaklinga með aðild að sjóðunum einnig. Upplýsingar um ýmsa rekstrarþætti lífeyrissjóðanna eru óljósar og liggja seint fyrir. Í *Hagtölum mánaðarins* í janúar síðastliðnum segir að engar tölur liggi fyrir um ráðstöfun fjármagns lífeyrissjóðanna síðustu árin. Nýjustu tölur í hagtölunum um ráðstöfun sjóðanna eru frá 1984. Tölur liggja þó fyrir um heildarráðstöfunarfé sjóðanna til og með 1987.

Talið er að ráðstöfunarfé sjóðanna hafi verið 13 milljarðar króna árið 1988 og verði 16 milljarðar króna 1989.

Einn lífeyrissjóður er öðruvísi uppbyggður en aðrir sjóðir. Það er Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og er lífeyrir þar tryggður af hálfu ríkisvaldsins.

Samkvæmt fjárlögum fyrir 1989 er gert ráð fyrir að verja úr ríkissjóði 1.125 millj. kr. í lífeyrissjóð opinberra starfsmanna, fyrst og fremst til að greiða uppbætur svo að hægt sé að standa við skuldbindingar við lífeyrisþega. Enn fremur þyngist sífellt skuldbinding sveitarfélaga við að greiða mismun í lífeyrissjóði og á eftir að vaxa til muna á næstu árum.

Hér fylgir með yfirlit þar sem fram koma samræmdar upplýsingar um nokkra lífeyrissjóði og eru þessar upplýsingar unnar af Talnakönnun hf.

Fylgiskjal.

A. Lífeyriskjör opinberra starfsmanna.

1. *Greiðslur í lífeyrissjóð.* Starfsmenn borga 4% launa sinna í sjóðinn og atvinnurekandi 6%. Greiðslur úr sjóðnum eru óverðtryggðar en atvinnurekandi greiðir það sem nemur launahækkunum. Þar eð verðbólga og kauphækkanir eru miklar borgar atvinnurekandi á endanum megnið af lífeyrinum. Hefur verið reiknað út að atvinnurekandi þurfi að leggja til hliðar alls sem nemur 14–20% af launum starfsmanna til þess að inna þessar skyldur af hendi.

2. *Ávöxtun fjárins.* Fé sjóðsins er ávaxtað í ríkisskuldabréfum, ríkistryggðum bréfum, skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga, skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða, bönkum og fasteignatryggðum bréfum. Ávöxtun 1987 var 26% (og hefur kostnaður þá ekki verið dreginn frá).

3. Rekstrarkostnaður var árið 1987 23 milljónir eða 2,7% af iðgjöldum og 0,4% af hreinum eignum.

4. *Lánsréttur.* Eftir 2½ ára fulla vinnu fær sjóðfélagi rétt á láni úr sjóðnum. Lánið er allt að 900 þúsund krónum, til 25 ára með 7% raunvöxtum. Félagar í sjóðnum eiga einnig rétt á láni frá Húsnæðisstofnun.

5. *Lífeyrir.* Menn fá fastan hluta af lokalaunum. Almennast er að menn vinni sér inn 2% á ári með þak um 70%. Því fá flestir 60–70% lokalauna í lífeyri.

6. *Fjöldi félaga.* Um það bil 15.000 manns borga nú til sjóðsins.

B. Bankar og fjárfestingarfyrirtæki

Starfsmenn Landsbanka og Seðlabanka eru í sameiginlegum lífeyrissjóði, en aðrir bankamenn eru í Lífeyrissjóði verslunarmanna.

1. *Greiðslur í lífeyrissjóð.* Félagar greiða 4% af föstum mánaðarlaunum í iðgjöld uns þeir hafa greitt iðgjöld í 35 ár eða náð 55 ára aldri en eftir það greiðir atvinnurekandi einnig hlut starfsmanns. Misjafnt er hve mikið bankarnir greiða í lífeyrissjóð. Greiðslur úr lífeyrissjóði eru óverðtryggðar en atvinnurekandi greiðir það sem nemur launahækkunum. Hefur verið giskað á að atvinnurekandi þurfi að leggja til hliðar alls 14–20% af launum starfsmanna til þess að inna þessar skyldur af hendi.

2. *Ávöxtun fjárins.* Fé Eftirlaunasjóðs Landsbankans og Seðlabankans er ávaxtað í Landsbankanum, í ríkisskuldabréfum og fasteignatryggðum skuldabréfum.

3. *Lífeyrir.* Menn fá fastan hluta af lokalaunum (fjárhæðin hækkar þegar kaup hækkar). Menn vinna sér inn 2% á ári og er þak á greiðslunum um 70%. Því fá flestir 60–70% lokalauna í lífeyri.

4. *Fjöldi félaga.* Um það bil 3.500 manns njóta nú þessara réttinda.

C. Frjálsi lífeyrissjóðurinn.

Sjóðurinn er ætlaður þeim sem ekki eru skyldaðir til að vera í öðrum lífeyrissjóði. Sjóðurinn tekur þó við viðbótargreiðslum frá þeim sem eru í öðrum sjóðum.

1. *Greiðslur í sjóðinn.* Launþegar greiða 4% launa sinna en greiðslur atvinnurekenda eru misjafnar.

2. *Ávöxtun fjárins.* Í sjóðnum eru einkum spariskírteini ríkissjóðs, skuldabréf sveitarfélaga og stórra fyrirtækja og fasteignatryggð bréf af Reykjavíkursvæðinu. Eru öll bréfin keypt með afföllum til þess að ná sem mestri ávöxtun. Sjóðurinn kveðst hafa náð 12% raunávöxtun árið 1987 eftir að kostnaður hefur verið dreginn frá. Árið 1987 var ávöxtun sjóðsins 37% áður en kostnaður er dreginn frá.

3. *Rekstrarkostnaður.* Árið 1987 var rekstrarkostnaður 1,6 milljónir króna og var það 4,6% af innborguðu fé í sjóðinn og 1,5% af eignum sjóðsins.

4. *Lánsréttur.* Enginn lánsréttur fylgir greiðslum í sjóðinn, hvorki í sjóðnum sjálfum né hjá Húsnæðisstofnun.

5. *Lífeyrir.* Menn ákveða þegar þeir fara á eftirlaun hve hratt þeir taka út úr sjóðnum. Gefinn er kostur á 10, 15 og 20 árum. Eftir að þeim tíma lýkur eiga menn ekkert í sjóðnum og verða að treysta á annan sparnað og almannatryggingakerfið. Engar bætur eru greiddar við örorku eða ótímabært fráfall áður en ellilífeyrisaldri er náð. Erfingjar fá þó það sem inn var greitt.

Hér eru greiðslur úr Lífeyrissjóði verslunarmanna bornar saman við greiðslur úr Frjálsa lífeyrissjóðnum. Miðað er við 5% raunávöxtun, sem er allmiklu lægra en sjóðurinn segist nú ná.

Greitt í: (þúsundir króna)	V.R.	Frjáls.líf. – lífeyrir í		
		10 ár	15 ár	20 ár
30 ár	540	903	672	560
20 ár	360	450	334	279

Meðalólifuð ár við 70 ára aldur eru 12,7 hjá körlum og 15,3 hjá konum.

6. *Fjöldi félaga.* Fjöldi í sjóðnum um síðastliðin áramót var um 600.

D. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda.

Allir sem ekki greiða í aðra löggilta lífeyrissjóði eru skyldaðir til að greiða í Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

1. *Greiðslur í sjóðinn.* Iðgjöld eru 10% fastakaups og greiðir vinnuveitandi 6% og launþegi 4%. Ennfremur eru nú greidd 7,5% af öðru kaupi, sem skiptist í sömu hlutföllum.

2. *Ávöxtun fjárins.* Fé sjóðsins er ávaxtað í ríkisskuldabréfum, ríkistryggðum skuldabréfum, skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga, skuldabréfum löggiltra fjárfestingarlánasjóða, í bönkum og sparisjóðum og fasteignatryggðum bréfum. Árið 1987 var ávöxtun 32%.

3. *Rekstrarkostnaður.* Árið 1987 var rekstrarkostnaður 5,8 milljónir og var það 2,5% af iðgjöldum í sjóðinn og 0,4% eigna.

4. *Lánsréttur.* Félagar eiga fullan rétt á Húsnæðisstjórnarlánum. Sjóðurinn veitir ekki sjálfur lán til félagsmanna sinna.

5. *Lífeyrir.* Launþegi safnar stigum í sjóðnum. Eru reiknuð stig fyrir hvert ár þannig að reiknað er hlutfall þess kaups, sem iðgjald er greitt af, af fjárhæð sem Umsjónarnefnd eftirlauna ákveður. Þessi fjárhæð er nú 34.045 krónur. Talin eru stig þeirra 30 ára sem best eru og stig annarra árra að hálfu. Upphæð ellilífeyris miðað við 70 ára aldur er hundraðshluti grundvallarlauna síðastliðna 60 mánuði og nemur hundraðshlutinn stigafjölda margfölduðum með 1,8. Heimilt er að hefja töku lífeyris frá 65 ára aldri til 75 ára. Ef byrjað er að taka lífeyri úr sjóðnum fyrir 70 ára aldur lækkar lífeyrir um ½% fyrir hvern mánuð, en hækkar að sama skapi ef töku hans er frestað. Við andlát eiga maki og börn rétt á lífeyri ef ákveðnum skilyrðum er fullnægt. Sjóðurinn veitir enn fremur lífeyri við örorku.

6. *Fjöldi félaga.* Fjöldi þeirra sem greitt hafa í sjóðinn er nálægt 45.000 en árið 1988 greiddu um 17.000 manns í sjóðinn.

E. Lífeyrissjóður verslunarmanna

Félagar í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur greiða í sjóðinn. Einnig er sjóðstjórn heimilt að taka í sjóðinn félaga annarra samtaka verslunarmanna.

1. *Greiðslur í sjóðinn.* Iðgjöld launþega eru 10% af heildarlaunum hans. Greiðir launþegi 4% og launagreiðandi 6%.

2. *Ávöxtun fjárins.* Fé sjóðsins er ávaxtað á svipaðan hátt og í d) en einnig í hlutabréfum. Hlutabréf mega þó ekki vera meira en 10% sjóðsins. Ávöxtun var 26% árið 1987.

3. *Rekstrarkostnaður.* Árið 1988 var rekstrarkostnaður 32,3 milljónir og var það 2,6% af iðgjöldum til sjóðsins og 0,3% eigna.

4. *Lánsréttur.* Eftir 3 ár í sjóðnum gefst félögum kostur á láni og er hámark láns 800 þúsund. Lánstími er allt að 15 árum. Raunvextir eru 7%. Árið 1988 lánaði sjóðurinn 2,0 milljarða og runnu 13% lánanna til sjóðfélaga og 56% til Húsnæðisstofnunar. Aðild að sjóðnum veitir fullan rétt á Húsnæðisstjórnarláni.

5. *Lífeyrir.* Lífeyrisréttur er reiknaður í stigum líkt og hjá Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda, nema hvað ákveðinn launaflokkur verslunarmanna er lagður til grundvallar. Launin sem nú er miðað við eru 50.874. Sjóðurinn veitir makalífeyri, barnalífeyri og örorkubætur. Árið 1987 skiptist lífeyrir svo: Ellilífeyrir 55%, barnalífeyrir 2%, makalífeyrir 20%, örorkulífeyrir 23%. Í umfjöllum um Frjálsa lífeyrissjóðinn er tekið dæmi um greiðslur úr lífeyrissjóði verslunarmanna.

6. *Fjöldi félaga.* Virkir sjóðfélagar voru í árslok 1988 22.937.

F. Lífeyrissjóður Verkfræðingafélags Íslands.

Þeir sem lokið hafa námi úr raunvísindadeild Háskóla Íslands með B.S.-gráðu eða sambærilegu námi hafa rétt til inngöngu ef stjórn samþykkir.

1. Greiðslur í sjóðinn eru 10% af launum félaga og greiða félagar 4% og vinnuveitendur 6%.

2. Fé sjóðsins er ávaxtað í fasteignatryggðum skuldabréfum, í bönkum og sparisjóðum, ríkistryggðum bréfum, skuldabréfum veðdeilda banka og fjárfestingarlánasjóða. Ennfremur má verja fé sjóðsins til kaupa á húsnæði til eigin nota. Ávöxtun 1987 var 27%.

3. Árið 1987 voru rekstrargjöld 6,2 milljónir króna og var það 6,8% af iðgjöldum eða um 1% af eign.

4. Réttur til láns úr sjóðnum fæst eftir 3 ára greiðslur í sjóðinn. Lánsfjárhæð er 1.670 þúsund krónur. Lánað er til 35 ára á 3½% raunvöxtum, en heimilt er að hækka vexti í 5%. Félagar í sjóðnum eiga rétt á 81% af fullu Húsnæðisstjórnaláni.

5. *Lífeyrir.* Lífeyrissjóðurinn skiptist í tvær deildir, A-deild og B-deild. B-deild er frá óverðtryggðum tíma og er haldið aðskilinni frá A-deild sem er verðtryggður sjóður frá um 1980.

B-deild sjóðsins er séreignadeild. Þegar félagi lætur af störfum skal sjóðstjórn annaðhvort kaupa honum lífeyri eða greiða honum innstæðuna smám saman.

6. *Fjöldi félaga.* Núna eru 1.070 félagar í sjóðnum.

Sþ. 63. Tillaga til þingsályktunar [63. mál]

um réttindi og skyldur á vinnumarkaði.

Flm.: Anna Ólafsdóttir Björnsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að gera sérstakt átak til að kynna fólki á vinnumarkaðinum réttindi þess og skyldur. Í því skyni skipi ráðherra sjö manna nefnd er kanni:

1. Hvernig best megi tryggja að allir er ráðast til starfa á almennum vinnumarkaði þekki réttindi sín og skyldur, þar með talin launakjör, lífeyrisréttindi, reglur um hvíldartíma, orlofsgreiðslur og uppsagnarákvæði. Nefndin kanni hvort lögbinding starfssamninga milli einstaklinga og atvinnurekenda sé æskileg leið til að tryggja að enginn sé ráðinn í vinnu án þess að þekkja réttindi sín og skyldur. Nefndin kanni enn fremur hvernig fræðsla um þessi mál yrði best felld inn í skólakerfið.
2. Hvernig best megi tryggja að einstaklingar, er fá laun sín greidd sem verktakar eða eftir uppmælingu, njóti eigi lakari kjara en launþegar í hliðstæðum störfum. Tekið sé tillit til heildarlauna, vinnutíma, álagseinkenna, lífeyrisréttinda og orlofs. Leitað verði upplýsinga um hve margir eru utan stéttarfélaga á vinnumarkaðinum.

Nefndin skili niðurstöðum eigi síðar en í júní 1990.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 110. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu þá og er því endurflutt nær samhljóða þar sem efni hennar er ekki síður tímabært nú en þá.

Íslenskt samfélag hefur tekið miklum breytingum á undanförnum áratugum. Mikill meirihluti vinnufærs fólks stundar nú vinnu á almennum vinnumarkaði. Það ætti að vera réttur sérhvers manns í þessum stóra hópi að geta framfleytt sér af vinnu sem byggist á hóflegu vinnuframlagi.

Íslensk vinnulöggjöf er að stofni til frá fjórða áratug þessarar aldar og miðast um margt við aðstæður þess tíma. Algengast var þá að menn stunduðu almenna launavinnu og fengju greitt fast tímakaup eða fast mánaðarkaup. Þetta er að breytast. Sífellt fleiri eru ráðnir samkvæmt uppmælingu eða sem verktakar í störf sem áður voru unnin á föstu tíma- eða mánaðarkaupi. Fjöldi fólks telur sig bera meira úr býtum á þennan hátt — útborguð laun eru meiri. En er það svo? Um það er ekki vitað. Fleiri krónur í budduna þurfa ekki að merkja betri kjör. Margir sem vinna samkvæmt uppmælingu eða sem verktakar njóta hvorki orlofs, né eru venjuleg launatengd gjöld greidd af kaupi þeirra. Atvinnuöryggi þeirra er lítið því þeir eiga hvorki rétt á að fá veikindadaga greidda né uppsagnarfrest. Vinnuveitendur þessa fólks greiða ekki að sínum hluta í lífeyrissjóð og brögð munu vera að því að ákvæðisvinnufólk og einstaklingar sem vinna sem verktakar greiði ekki í lífeyrissjóð, þótt í 2. gr. laga nr. 55/1980 standi skýrum stöfum: „Öllum launamönnum og þeim, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, er rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps, enda starfi lífeyrissjóðurinn skv. sérstökum lögum eða reglugerð, sem staðfest hefur verið af fjármálaráðuneytinu."

Vinnutíma og einkenni álags innan þessa hóps þarf að kanna sérstaklega. Nefnd sú, sem hér er lagt til að verði skipuð, þyrfti að láta gera samanburðarkönnun á ákvæðisvinnu, tímavinnu og störfum einstaklinga sem fá greitt sem verktakar. Könnunin þarf að taka til meðalvinnutíma, vinnutekna og álags starfanna. Kannanir hafa verið gerðar er mæla einkenni

álags í einstökum störfum. Má í því sambandi benda á ýmsar kannanir Vinnueftirlits ríkisins, könnun er gerð var að frumkvæði ASÍ, Landssambands iðnverkafólks og VMSÍ árið 1982, „Fiskvinnsla: Heilsufar, vinnutilhögun, aðbúnaður og félagslegar aðstæður iðnverkafólks", er gefin var út árið 1984, skýrslu sömu aðila er gerð var sama ár, „Fata- og vefjaiðnaður. Heilsufar, vinnutilhögun, aðbúnaður og félagslegar aðstæður iðnverkafólks", sem út kom í febrúar árið 1985 og hóprannsókn um einkenni frá hreyfi- og stoðkerfi Íslendinga á aldrinum 16–65 ára, er Vinnueftirlit ríkisins gerði að mestu samkvæmt spurningalista samstarfshóps á vegum norrænu embættismannanefndarinnar um vinnuverndarmálefni (birt 1988).

Víðtækar breytingar hafa orðið á vinnumarkaðinum og ástæða til að ætla að þessar breytingar kunni að verða enn meiri. Með upplýsingabyltingu og tölvuvæðingu er áætlað að vinna geti færst meira inn á heimilin á nýjan leik, þar sem hver situr við sinn skjá og vinnur að tilteknum verkefnum. Ekki er ljóst hvernig slík vinna yrði metin og því fyllilega tímabært að hafa þessa framtíðarsýn einnig í huga. Einnig hafa ýmsar hugmyndir um breytt fyrirkomulag á stéttarfélögum verið til umræðu. Þar má einkum nefna stofnun vinnustaðafélaga.

Til að mæta þessum breyttu aðstæðum og vera búin undir frekari breytingar er nauðsynlegt að fylgjast vel með þróuninni og bregðast við henni á raunhæfan hátt. Í fyrsta lagi með því að gera sér grein fyrir hvað breytingar á vinnumarkaðinum hafa í för með sér fyrir starfsfólk í ýmsum starfsgreinum. Í öðru lagi með því að stórefla vitund og þekkingu fólks á vinnumarkaðinum á réttindum sínum og skyldum. Það ættu að vera lágmarksréttindi allra að fá einhverja fræðslu um vinnumarkaðinn á meðan á skyldunámi stendur. Líklegt er að þessi fræðsla ætti heima í efstu bekkjum grunnskólans og henni þyrfti síðan að fylgja eftir í framhaldsskólum.

Einnig ættu það að vera sjálfsögð mannréttindi að enginn gæti ráðist í vinnu án þess að þekkja réttindi sín og skyldur frá fyrsta degi. Þetta mætti gera með því að binda í lög að engan mætti ráða í vinnu eða í einstök verkefni án þess að við hann væri gerður bindandi starfssamningur. Mikilvægt er að vinna að þessum málum í góðri samvinnu við stærstu launþegasamtök landsins. Starfssamingur mundi ekki aðeins vera til hagsbóta fyrir þá er vinna samkvæmt uppmælingu eða sem verktakar heldur einnig fyrir almenna launþega. Ef allir, sem selja vinnu sína á vinnumarkaðinum, fengju frá upphafi yfirlit yfir laun sín, réttindi og skyldur yrði auðveldara fyrir hvern og einn að fá yfirsýn yfir kjör sín. Miðlun upplýsinga um kaup og kjör á vinnumarkaði yrði markvissari ef slíkir samningar væru fyrir hendi.

Á þessu máli er fyllilega tímabært að taka en án upplýsinga er erfitt að gera sér grein fyrir sífellt flóknari vinnumarkaði.

Nd. 64. Frumvarp til laga [64. mál]

um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins.

Flm.: Friðrik Sophusson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags er heiti: Sementsverksmiðjan hf. Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt:

a. að leggja Sementsverksmiðju ríkisins, þ.e. sjálfa verksmiðjuna ásamt öllu fylgifé hennar, til hins nýja hlutafélags,
b. að láta fara fram mat á eignum Sementsverksmiðju ríkisins til viðmiðunar við ákvörðun um upphæð hlutafjár hins nýja hlutafélags. Við stofnun eru öll hlutabréf í hlutafélaginu eign ríkissjóðs.

2. gr.

Hlutverk félagsins skal vera að framleiða og selja sement fyrir innlendan og erlendan markað. Félagið annast námarekstur til öflunar hráefna fyrir framleiðslu sína, rannsóknir, þróunarverkefni og efnavinnslu samkvæmt nánari ákvæðum er sett verða í samþykktum félagsins.

Félaginu er heimilt að gerast eignaraðili í öðrum hlutafélögum eða sameignarfélögum.

3. gr.

Heimili og varnarþing félagsins skal vera á Akranesi en heimilt er að starfrækja útibú á öðrum stöðum.

4. gr.

Fastráðnir starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins skulu hafa rétt til að starfa hjá hinu nýja hlutafélagi og skal þeim boðin sambærileg staða hjá félaginu og þeir gegndu áður hjá Sementsverksmiðju ríkisins. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, á því ekki við um þá starfsmenn.

5. gr.

Iðnaðarráðherra fer með eignarhluta ríkisins í félaginu.

6. gr.

Verði hlutabréf ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni boðin til sölu, öll eða að hluta, skal leita samþykkis Alþingis fyrir þeirri sölu.

7. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög, nr. 32/1978, gildir ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu, né heldur ákvæði 1. mgr. 17. gr. sömu laga um tölu hluthafa. Að öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga um hið nýja félag og greiðir það opinber gjöld með sama hætti og almennt gildir um hlutafélög hér á landi. Stofnfund hins nýja hlutafélags skal halda eigi síðar en þremur mánuðum eftir gildistöku laganna og skal leggja fram drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið á stofnfundinum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Hlutafélag skv. 1. gr. yfirtekur Sementsverksmiðju ríkisins 1. janúar 1991 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 35/1948, um sementsverksmiðju.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er nú lagt fyrir Alþingi í annað sinn, en frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu á 111. löggjafarþingi. Á því þingi var lagt fram frumvarp um stofnun hlutafélags um Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg. Frumvarpið varð að lögum vorið 1989 og var hlutafélag stofnað í september er tekur við rekstri Gutenberg 1. janúar 1990.

Röksemdir fyrir stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins eru þær sömu og giltu um Gutenberg. Ríkisstjórnarflokkarnir hafa samt ekki náð samkomulagi um framlagningu frumvarps um þetta efni. Það er því lagt fram á ný til að fá úr því skorið hvort stuðningur er við framgang frumvarpsins.

Með lögum nr. 35/1948 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til þess að reisa hér á landi verksmiðju til vinnslu sements. Á grundvelli þessara laga var síðan reist Sementsverksmiðja ríkisins á Akranesi sem sérstakt ríkisfyrirtæki undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Verksmiðjan tók til starfa árið 1958 og hefur starfað óslitið síðan.

Sementsverksmiðjan lýtur fimm manna þingkjörinni stjórn sem kosin er til fjögurra ára í senn. Iðnaðarráðherra skipar einn úr hópi stjórnarmanna formann.

Sementsverksmiðjan var að mestu leyti byggð fyrir lánsfé með ábyrgð ríkissjóðs. Beint framlag ríkisins var lítið. Verðlagning framleiðslunnar var við það miðuð að hún stæði undir beinum framleiðslukostnaði og afborgunum og vöxtum af stofnlánum.

Hér verður ekki rakin saga verksmiðjunnar. Rekstrarskilyrðin hafa oft verið verksmiðjunni óhagstæð, m.a. vegna opinberrar íhlutunar um verð á sementi. Það er fyrst á allra síðustu árum að verksmiðjan fær eðlilegt svigrúm til verðlagningar, sem hefur skilað sér í bættri afkomu og lækkandi skuldabyrði. Verðhækkanir á sementi hafa samt verið lægri en almennar verðhækkanir á þessu tímabili, þannig hækkaði verð á sementi um 15% árið 1986 og um 9% árið 1987. Bætt afkoma stafar m.a. af endurskipulagningu á vissum rekstrarþáttum, tæknivæðingu, góðum afköstum sementsofnsins og bættri stjórnun. Þannig hefur tekist að auka afkastagetu sementsofnsins úr 250 tonna skráðum afköstum á dag í 320 tonn. Stefnt er að því að auka afkastagetuna enn frekar. Samfara tæknivæðingu og hagræðingu hefur starfsmönnum verksmiðjunnar fækkað hin síðari ár um 40 manns. Nú eru starfsmenn Sementsverksmiðjunnar 135 talsins.

Sala á sementi tekur á hverjum tíma mikið mið af efnahagsástandi og hvort t.d. miklar orkuframkvæmdir eru í landinu. Kemur þetta berlega fram í töflu hér á eftir. Mikil sala á sementi árið 1975 skýrist af miklum orkuframkvæmdum.

Þróun sölu á sementi hefur verið eftirfarandi í tonnum talin:

Ár:	**Selt:**
1970	88.751
1975	159.426
1980	131.687
1985	114.100
1986	111.470
1987	130.523
1988	132.000

Í ár (1989) er áætlað að seld verði 115.000 tonn.

Hlutur lausa sementsins í framleiðslu hefur aukist mjög og er nú svo komið að 80% af framleiðslunni er laust sement. Verksmiðjan rekur tvær stöðvar á landinu, þar sem hægt er að geyma laust sement, þ.e. á Akureyri og í Reykjavík.

Um 1980 byrjaði Sementsverksmiðjan íblöndun ryks frá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga, sem síað er úr útblæstri járnblendiverksmiðjunnar, í allt sement. Ryk þetta er tvisvar sinnum virkara gegn alkalíþenslu en líparít og bætir auk þess fleiri eiginleika steinsteypunnar. Járnblendifélagið og Sementsverksmiðja ríkisins reka og eiga í sameiningu fyrirtækið Sérsteypuna sf. sem sinnt hefur ýmsum þróunarverkefnum er miða að því að auka notkunarsvið steinsteypu. En erlendis hefur orðið mikil þróun á því sviði á seinustu árum.

Rekstur.

Afkoma Sementsverksmiðjunnar hefur löngum verið slæm. Stafaði það í upphafi af þungri skuldabyrði, og síðar af óraunsærri verðlagsstefnu stjórnvalda.

Í tengslum við aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) var innflutningur á sementi gefinn frjáls árið 1975. Mjög óverulegt magn af sementi hefur verið flutt inn. Verðlag íslenska sementsins er sambærilegt eða aðeins hærra en það er í nágrannalöndum. Hafa ber í huga að íslenska sementið nýtur nokkurrar fjarlægðarverndar.

Í núverandi lögum Sementsverksmiðju ríkisins er kveðið á um skattgreiðslur verksmiðjunnar en þau ákvæði falla niður samkvæmt tillögum í þessu frumvarpi og greiðir verksmiðjan þá skatta eins og hvert annað hlutafélag. Verksmiðjan greiðir nú landsútsvar í stað aðstöðugjalds. Verksmiðjan greiðir fasteignaskatta en er að öðru leyti undanþegin skattgreiðslum. Ef frumvarp þetta verður að lögum verður meginbreytingin í greiðslu skatta sú að verksmiðjan greiðir aðstöðugjald, eignarskatt og væntanlega tekjuskatt. Hlutdeild Akraneskaupstaðar í landsútsvari Sementsverksmiðju ríkisins miðað við rekstrarárið 1988 var rúmar 4 millj. kr., en alls greiddi verksmiðjan 14 millj. kr. í landsútsvar. Ef verksmiðjan hefði greitt aðstöðugjald mundu tekjur Akraneskaupstaðar hafa orðið um 7 millj. kr.

Rekstur Sementsverksmiðjunnar hefur gengið vel undanfarin ár og eiginfjárstaðan batnað verulega. Hagnaður af rekstrinum árið 1988 var um 32 millj. kr. samanborið við 33 millj. kr. 1987 og 63 millj. kr. hagnað 1986. Í árslok 1988 var eigið fé verksmiðjunnar 617 millj. kr. eða um 66% af niðurstöðum efnahagsreiknings. Eignir eru bókfærðar á 942 millj. kr. en skuldir eru 324 millj. kr. Rekstrartekjur árið 1988 námu 650 millj. kr. og jukust um 17% milli ára.

Endurskoðunarskrifstofa Sigurðar Stefánssonar sf. endurskoðar í umboði Ríkisendurskoðunar reikninga Sementsverksmiðju ríkisins. Með vísan til áritunar þeirra á reikningsskilum hefur Ríkisendurskoðun samþykkt reikningana.

Hvað breytist?

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ríkisstjórnin láti fara fram nákvæmt mat á eignum Sementsverksmiðju ríkisins til að hafa til viðmiðunar við ákvörðun um upphæð hlutafjár hins nýja hlutafélags. Verður þar fyrst og fremst um eignamat að ræða, en jafnframt munu aðrir þættir koma inn í matið, svo sem þróunarkostnaður, viðskiptavild o.fl. Innheimtur á útistandandi skuldum hjá verksmiðjunni eru í mjög góðu lagi. Öll hlutabréfin verða í eigu ríkissjóðs og verður leitað samþykkis Alþingis ef til sölu hlutabréfa kemur.

Við þá formbreytingu sem verður á rekstri verksmiðjunnar ef frumvarp þetta verður að lögum, breytast etirtaldir þættir:

1. Ábyrgð ríkissjóðs á rekstri verksmiðjunnar takmarkast við hlutafjáreign. Fjárhagsleg ábyrgð stjórnenda eykst.
2. Skattgreiðslur breytast nokkuð, aðallega að verksmiðjan greiðir aðstöðugjald í stað landsútsvars. Einnig myndi verksmiðjan greiða eignarskatt og hugsanlega tekjuskatt.
3. Um 20 starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins eru í lífeyrissjóði opinberra starfsmanna, réttindi þeirra verða tryggð. Lífeyrismál annarra starfsmanna breytast ekkert.
4. Stjórn verksmiðjunnar er kosin á aðalfundi ár hvert.
5. Fyrirtækið hefur enga sérstöðu fram yfir önnur fyrirtæki í landinu, ýmsir kostir þess að reka fyrirtækið sem hlutafélag nýtast og verður þeim lýst hér sérstaklega. Þegar hlutafélag hefur verið stofnað um verksmiðjuna taka lög um hlutafélög sjálfkrafa gildi um fyrirtækið.

Sérstök lög (nr. 62 1973) eru í gildi um verðjöfnun á sementi. Engin breyting verður á þessum þætti. Jöfnun flutningskostnaðar samkvæmt lögum þessum nær til allra verslunarstaða á landinu sem jafnframt eru aðaltollhafnir. Viðskiptaráðherra hefur heimild til að ákveða með reglugerð að jöfnun á flutningskostnaði skuli einnig ná til annarra tilgreindra verslunarstaða.

Hvers vegna hlutafélag?

Telja verður eðlilegt að atvinnurekstur á vegum ríkisins sé í formi hlutafélaga. Þetta á við jafnvel þótt ríkið sé eini eigandi viðkomandi hlutafélags en í frumvarpi þessu er gerð undanþága um tölu stofnenda, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga, um hlutafélög.

Fróðlegt er að skoða rekstrarfyrirkomulag ríkisfyrirtækja á Norðurlöndum. Flest ríkisfyrirtæki á Norðurlöndum eru rekin sem hlutafélög. Í Svíþjóð var stofnað árið 1970 eignarhaldsfyrirtæki (statsföretag) sem heyrir undir iðnaðarráðuneytið. Stjórn fyrirtækisins er í höndum 10 manna sem starfa ýmist í atvinnulífinu hjá hinu opinbera eða eru stjórnmálamenn. Ríkisfyrirtæki og hlutabréf ríkisins í fjölmörgum fyrirtækjum færðust yfir til þessa eignarhaldsfyrirtækis. Síðan hafa nokkur af þessum fyrirtækjum verið seld, lögð niður eða tekin út úr þessum rekstri og eru rekin alveg sjálfstætt.

Eignarhaldsfyrirtækið er rekið sem hlutafélag og sama er að segja um öll þau fyrirtæki sem heyra undir eignarhaldsfyrirtækið.

Í Noregi og Finnlandi er sömu sögu að segja, flest öll ríkisfyrirtæki sem eru í framleiðsluiðnaði og nokkur sem eru í þjónustu eru rekin í formi hlutafélags.

Starfsemi hlutafélaga er í vandlega skilgreindu formi víðast í heiminum og hér á landi hefur löggjafinn sett ítarlegar reglur um starfsemi hlutafélaga. Í þeirri löggjöf eru nákvæmar reglur um starfssvið stjórnar, framkvæmdastjórnar og aðalfundar. Í hlutafélagalögunum er ákvæði sem verndar rétt minnihlutaeigenda og þar sem ríkið býður öðrum til samstarfs um atvinnurekstur er því hlutafélagaformið sérstaklega viðeigandi.

Af stjórnunarlegum ástæðum eru einnig sterk rök fyrir því að reka atvinnufyrirtæki í eigu ríkisins sem hlutafélög. Á þann hátt nýtur framkvæmdastjórn fyrirtækisins aðhalds stjórnar hlutafélagsins og jafnframt nýtur stjórnin betur aðhalds og eftirlits eigenda. Á aðalfundum og hluthafafundum getur stjórn og framkvæmdastjórn gert grein fyrir gerðum sínum, ákvörðunum og fyrirhuguðum nýmælum en jafnframt getur þar komið fram gagnrýni eigenda á stjórnendur og tillögur þeirra um breytingar á rekstrinum. Þetta ætti að stuðla að betri stjórnun fyrirtækisins.

Kostir þess að reka Sementsverksmiðjuna í hlutafélagsformi eru að með því verður reksturinn sveigjanlegri. Fjárhagsleg uppbygging fyrirtækis veldur því að mjög æskilegt er að reka fyrirtæki í eign ríkisins í hlutafélagaformi. Hverju fyrirtæki er nauðsynlegt að fjárfesta, ráðast í nýjungar og efla starfsemi sína til að vernda stöðu sína á markaðnum. Vilji ríkið ekki leggja fram aukið hlutafé til að halda eiginfjárhlutföllum í horfinu þegar kemur til þess að fjármagna þarf nýja fjárfestingu er unnt að leita eftir nýjum hluthöfum sem færa með sér nýtt hlutafé. Með því móti verður komist hjá því að ríkið taki í sífellu á sig skuldbindingar, t.d. í formi ríkisábyrgðar, er fyrirtæki í eigu þess þurfa að ráðast í framkvæmdir.

Að öllu jöfnu getur naumast talist eðlilegt að ríkið reki venjulegt atvinnufyrirtæki með fullri ábyrgð ríkissjóðs þannig að áföll í rekstrinum geti leitt til þess að greiða þurfi fjármuni úr vasa skattborgaranna. Rétt er að undirstrika að Sementsverksmiðjan hefur ekki fengið framlög úr ríkissjóði þau ár sem hún hefur starfað fyrir utan lítið stofnframlag í upphafi.

Telja verður eðlilegt að fyrirtækjum í eigu ríkisins sé settur sami almenni starfsrammi og flestum öðrum atvinnufyrirtækjum í landinu, þ.e. rammi hlutafélagalaga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með grein þessari er ríkisstjórninni gert að stofna hlutafélag um Sementsverksmiðju ríkisins á Akranesi. Allar eignir Sementsverksmiðjunnar færast yfir til hins nýja hlutafélags. Við stofnun verða öll hlutabréfin í eigu ríkissjóðs. Nauðsynlegt er að fram fari mat á eignum sem notað verði til viðmiðunar við ákvörðun hlutafjár hins nýja hlutafélags. Mat þetta verður framkvæmt af þeim aðila er iðnaðarráðherra kveður til með samþykki ríkisstjórnarinnar. Verðgildi hlutafjár þarf í raun ekki að merkja hvers virði viðkomandi fyrirtæki er, þar koma inn í myndina atriði eins og samkeppnisstaða, arðsemi og eftirspurn eftir hlutabréfum.

Um 2. gr.

Rétt þykir að skilgreina í lögunum hlutverk hlutafélagsins. Jafnframt er lagt til að nánari ákvæði um hlutverk félagsins verði sett í samþykktum þess. Með þessu hefur eigandinn nokkra möguleika til að aðlaga hlutverk félagsins eftir aðstæðum hverju sinni. Fyrirtækinu er heimilt að gerast eignaraðili í öðrum hlutafélögum eða sameignarfélögum. Stöðug þróun á sér stað varðandi notkun sements og hafa fyrirtæki oft með sér samvinnu um þessa þróunarvinnu. Sementsverksmiðjan hefur mikinn áhuga á hvers konar samstarfi við aðra aðila sem leitt gæti til enn frekari sölu á sementi.

Um 3. gr.

Sementsverksmiðjan er á Akranesi og því er eðlilegt að fram komi í lagatextanum að lögheimili fyrirtækisins skuli vera á Akranesi.

Um 4. gr.

Núverandi starfsmönnum Sementsverksmiðjunnar er tryggður réttur til endurráðningar. Um 20 af starfsmönnum Sementsverksmiðjunnar eru nú í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og haldast réttindi þeirra óbreytt við þá formbreytingu á rekstri sem hér er stefnt að. Vísast í því sambandi til ákvæðis í 17. gr. laga nr. 29/1963. Engir starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins hafa gerst aðilar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins hin síðari ár. Um lífeyrismál annarra starfsmanna fer eftir ákvæðum kjarasamninga.

Um 5. gr.

Iðnaðarráðherra mun fara með eignarhluta ríkisins í félaginu enda hefur starfsemi Sementsverksmiðjunnar heyrt undir starfssvið iðnaðarráðuneytisins.

Um 6. gr.

Verði hlutabréf ríkissjóðs í fyrirtækinu seld að hluta eða öll skal leita samþykkis Alþingis, t.d. í formi þingsályktunar er lögð verður fyrir sameinað Alþingi.

Um 7. gr.

Nauðsynlegt er að veita undanþágu frá ákvæðum hlutafélagalaga um lágmarkstölu stofnenda og hluthafa í félaginu. Hið nýja hlutafélag lýtur almennum reglum um skattlagningu. Með samþykkt þessa frumvarps er Sementsverksmiðja ríkisins ekki lengur starfandi og eiga því ákvæði í lögum um tekjustofna sveitarfélaga um greiðslu landsútsvars ekki lengur við. Að öllu öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaganna. Stofnfund í hinu nýja hlutafélagi skal halda eigi síðar en þremur mánuðum eftir gildistöku laganna.

Um 8. gr.

Lögin öðlast þegar gildi, en Sementsverksmiðjan hf. yfirtekur rekstur og eignir Sementsverksmiðju ríkisins 1. janúar 1991. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 35/1948.

Sþ. 65. Fyrirspurn [65. mál]

til félagsmálaráðherra um staðfestingu skipulags á Hvaleyrarholti.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

1. Hvaða athuganir hafa farið fram vegna skipulags fyrir byggð á Hvaleyrarholti í Hafnarfirði með tilliti til mengunar frá álbræðslu í Straumsvík?
2. Hver er afstaða skipulagsyfirvalda til málsins?
3. Hvaða viðbótarathugana er talin þörf áður en hægt er að taka afstöðu til skipulagsins?

Sþ. 66. Fyrirspurn [66. mál]

til félagsmálaráðherra um greiðslur til framfærenda fatlaðra.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

Á hvern hátt hefur ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðar um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra verið beitt?

Sþ. 67. Fyrirspurn [67. mál]

til félagsmálaráðherra um greiðslur fyrir umönnun fatlaðra barna í heimahúsum.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

1. Hve háar voru mánaðargreiðslur í krónutölu á núvirði fyrir umönnun eins barns í heimahúsi, 175 klst. á mánuði, skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 41/1983:
   a. 1. september 1984,
   b. 1. september 1986,
   c. 1. september 1988,
   d. 1. september 1989?
   Upphæðir óskast tilgreindar á verðlagi 1. september 1989.
2. Hve háar voru greiðslur fyrir 175 klst. vinnu skv. 8. taxta Dagsbrúnar á sama tíma? Upphæðir óskast tilgreindar á verðlagi 1. september 1989.

Sþ. 68. Tillaga til þingsályktunar [68. mál]

um heilsufarsbók.

Flm.: Guðrún Agnarsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra í samráði við landlækni að láta hanna heilsufarsbók sem fylgi hverjum einstaklingi frá vöggu til grafar.

Í heilsufarsbókina skulu skráðar jafnóðum allar þær upplýsingar um heilsufar einstaklingsins sem máli skipta, svo sem sjúkdómar, læknismeðferð og lyfjanotkun.

Greinargerð.

Skráning og varðveisla ýmissa upplýsinga um heilsufar einstaklinga hefur farið vaxandi á undanförnum árum og áratugum. Þessar upplýsingar er langoftast að finna hjá heimilis- eða heilsugæslulækni hvers einstaklings en einnig hjá sjúkrahúsum eða öðrum rannsókna- eða meðferðarstofnunum. Þrátt fyrir aukna tækni á tölvuöld er þó skipulag á þessum upplýsingum með ýmsum hætti og oft þarf víða að leita fanga til þess að fá heildarupplýsingar um heilsufar fólks. Allt of sjaldan hefur sjúklingurinn sjálfur yfirsýn yfir eigið heilsufar, tímasetningu og niðurstöður rannsókna og læknismeðferðar sem hann hefur fengið (t.d. bólusetningar, lyfjagjöf, skurðaðgerðir o.fl.). Þetta viðheldur vankunnáttu almennings og er ekki í samræmi við stefnu heilbrigðisyfirvalda sem hvetur til aukinna forvarna og frumkvæðis einstaklinga til að taka ábyrgð á eigin heilsugæslu. Til þess að svo geti orðið þarf aukna og skipulega heilbrigðisfræðslu, bæði í skólum og meðal almennings. Fræðslan ein sér nægir þó ekki til að tryggja það að einstaklingar taki ábyrgð á eigin heilsuvernd. Þeim verður jafnframt að vera

það kleift efnahagslega og félagslega að velja sér lifnaðarhætti í samræmi við þá heilbrigðisfræðslu sem stunduð er. Stjórnvöld hafa mikilvægu hlutverki að gegna í þessum efnum. Þeim ber t.d. að samstilla ýmsa þætti stjórnsýslunnar þannig að þeir verði samvirkir til að ná markmiðum heilbrigðisfræðslu. Einn þáttur þess að auka hlutdeild almennings í eigin heilsuvernd er að gefa fólki kost á því að skrá í eina bók allt það sem við kemur heilsufari þess. Upplýsingarnar eru þannig í fórum einstaklingsins eða umsjáraðila hans allt frá vöggu til grafar auk þess sem þær er að finna hjá viðkomandi aðilum heilbrigðisþjónustunnar.

Heilsufarsbækur hafa verið notaðar meðal ýmissa annarra þjóða um nokkurt skeið með góðum árangri. Slíkt skipulag eykur vitneskju einstaklingsins um eigið heilbrigði og heilsufar og skírskotar jafnframt til ábyrgðar og hvetur til þátttöku. Heilsufarsbók er því í fyllsta samræmi við yfirlýst markmið og stefnu heilbrigðisyfirvalda.

Ed. 69. Frumvarp til lánsfjárlaga [69. mál]

fyrir árið 1990.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 1.370.000 þús. kr. eða *jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.* Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán innan lands að fjárhæð allt að 6.000.000 þús. kr.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1990 og þessara laga.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 3.300.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum fyrirtækisins. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán, sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þeirri grein án samþykkis eignaraðila, hluti af ofangreindri fjárhæð.

4. gr.

Þróunarfélagi Íslands hf. er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 100.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að efla nýjungar í atvinnulífi.

5. gr.

Heimilt er að taka lán vegna skuldbreytinga sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra sem hér segir:

1. Hitaveita Eyra, lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 11.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Bæjarveitur Vestmannaeyja, lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 56.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Aðrar skuldbreytingar, lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 30.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

6. gr.

Byggðastofnun er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 900.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

7. gr.

Fiskveiðasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 1.100.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Iðnþróunarsjóði er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 750.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Milliganga Iðnþróunarsjóðs um erlend lán fyrir aðila út á auglýsingu viðskiptaráðuneytis, nú nr. 548/1988, eða aðrar heimildir veittar einstökum fyrirtækjum, skal rúmast innan þessarar heimildar.

9. gr.

Iðnlánasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 950.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Milliganga Iðnlánasjóðs um erlend lán fyrir aðila út á auglýsingu viðskiptaráðuneytis, nú nr. 548/1988, eða aðrar heimildir veittar einstökum fyrirtækjum, skal rúmast innan þessarar heimildar.

10. gr.

Útflutningslánasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 50.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

11. gr.

Flóabátnum Baldri hf., Stykkishólmi, er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð 30.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til smíði ferju.

12. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar og endurlána þeim aðilum sem nefndir eru í 3.-11. gr. með þeim kjörum sem og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

Skylt er þeim aðilum, sem nefndir eru í 3.-11. gr. og taka erlend lán út á heimildir laga þessara eða annarra laga, að kynna áform sín fyrir og leita fyrir fram eftir samþykki Seðlabanka Íslands, í umboði fjármálaráðuneytisins, á þeim kjörum og skilmálum sem í boði eru hverju sinni.

Ákvæði 2. mgr. gilda eftir því sem við getur átt um alla aðra aðila sem njóta ábyrgðar ríkissjóðs á erlendum skuldbindingum sínum.

13. gr.

Lánasjóðum, sem njóta ríkisábyrgðar á skuldbindingum sínum gagnvart erlendum aðilum, öðrum en þeim sem tilgreindir eru í 8. og 9. gr., er óheimilt að hafa milligöngu um töku erlendra lána fyrir innlenda aðila á grundvelli auglýsingar viðskiptaráðuneytisins, nú nr. 548/1988, um erlendar lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar, eða annarra heimilda veittum einstökum fyrirtækjum, nema að fengnu samþykki fjármálaráðuneytis. Ákvæði 2. mgr. 12. gr. gilda jafnframt um tilvik skv. þessari grein.

II. KAFLI

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins eigi nema hærri fjárhæð en 48.360 þús. kr. á árinu 1990 og er framlagið vegna Lífeyrissjóðs bænda.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs falla niður á árinu 1990.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 31. gr. laga nr. 69/1984, hafnalaga, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 20.000 þús. kr. á árinu 1990.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs falla niður á árinu 1990.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. tölul. 9. gr. laga nr. 76/1987, sbr. og 31. gr. sömu laga, um Iðnlánasjóð, skal framlag ríkissjóðs til Iðnlánasjóðs falla niður á árinu 1990.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 8. gr. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum eigi nema hærri fjárhæð en 36.000 þús. kr. á árinu 1990.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 71.000 þús. kr. á árinu 1990.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 50/1957, um Menningarsjóð, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi fara fram úr 8.500 þús. kr. á árinu 1990.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laga nr. 32/1979, um framlög ríkissjóðs til greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, falla þær greiðslur niður á árinu 1990. Þess í stað skal sá hluti framleiðendagjalds, sbr. 2. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, sem tekinn hefur verið inn í verðlag búvara, ganga til greiðslu kostnaðar við forfallaþjónustuna eftir nánari ákvörðun landbúnaðarráðherra.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árinu 1990 vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. laga nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka, skal framlag ríkissjóðs vegna bóta fyrir eyðingu refa og minka eigi vera hærra en 10.000 þús. kr. á árinu 1990.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. tölul. 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, laga nr. 21/1976, um flokkun og mat ullar, og laga nr. 22/1976, um flokkun og mat á gærum, er landbúnaðarráðherra heimilt að innheimta gjald af sláturleyfum til greiðslu kostnaðar sem af yfirmati samkvæmt lögunum leiðir.

26. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. gr. laga nr. 34/1982, um Listskreytingasjóð ríkisins, skal framlag ríkissjóðs til Listskreytingasjóðs ríkisins eigi vera hærra en 10.000 þús. kr. á árinu 1990.

27. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 10. gr. laga nr. 82/1989, um málefni aldraðra, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs aldraðra eigi vera hærra en 160.000 þús. kr. á árinu 1990.

III. KAFLI

28. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.

Nýti fjármálaráðherra lántökuheimild laga þessara að hluta til töku skammtímalána og/eða veltilána er honum heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að selja skuldabréf innan lands að því marki sem þarf til að standa undir endurgreiðslu spariskírteina með óhagstæðum kjörum og endurgreidd eru vegna uppsagnar fyrir eindaga.

Enn fremur er fjármálaráðherra heimilt að selja ríkisvíxla til endurgreiðslu áður útgefinna ríkisvíxla og til að bæta stöðu ríkissjóðs á aðalviðskiptareikningi í Seðlabankanum.

29. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að stofna til skulda- og/eða vaxtaskipta, þar sem mótaðili ríkissjóðs í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánum sem ríkissjóður tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Ríkissjóður tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.

Enn fremur er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að samþykkja slík skulda- og/eða vaxtaskipti lána, sem tryggð eru með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs, enda séu að mati fjármálaráðherra nægar tryggingar fyrir ábyrgð ríkissjóðs þegar til slíkra samninga er stofnað.

30. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast og þegar lánstími er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 þannig að fari samanlögð fjárhæð lána samkvæmt þessari grein og 3. gr. laga þessara fram úr 5% af höfuðstóli skal leitað samþykkis eignaraðila.

Jafnframt er Landsvirkjun heimilt að stofna til skulda- og/eða vaxtaskipta þar sem mótaðili Landsvirkjunar í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánum sem Landsvirkjun tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Landsvirkjun tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.

Nýti Landsvirkjun lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku skammtímalána og/eða veltilána er fyrirtækinu heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

Landsvirkjun skal gæta ákvæða 2. mgr. 12. gr. um lántökur og skulda- og/eða vaxtaskipti samkvæmt þessari grein.

31. gr.

Aðilum, sem njóta ríkisábyrgðar á erlendum skuldbindingum sínum, er heimilt:

a. Að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.
b. Að stofna til skulda- og/eða vaxtaskipta þar sem mótaðili í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánum sem aðili, sem nýtur ríkisábyrgðar, tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Slíkur aðili tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.
c. Séu lántökuheimildir laga þessara að hluta til nýttar til töku skammtímalána og/eða veltilána er aðila sem nýtur ríkisábyrgðar heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

Aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á erlendum skuldbindingum sínum, skulu gæta ákvæða 2. mgr. 12. gr. um lántökur og skulda- og/eða vaxtaskipti samkvæmt þessari grein.

32. gr.

Lántökuheimildir samkvæmt I. kafla gilda á árinu 1990. Heimildir samkvæmt lögum þessum verða þó nýttar til 1. júlí 1991 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra komi til.

33. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt þessu frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1990 eru heildarlántökur opinberra aðila, opinberra lánastofnana og atvinnufyrirtækja áætlaðar um 39,7 milljarðar króna. Í lánsfjáráætlun og lánsfjárlögum 1989 voru heildarlántökur þessara aðila áætlaðar 36,8 milljarðar, en endurskoðuð áætlun bendir til þess að lántökurnar verði í reynd 47,9 milljarðar króna. Heildarlántökur á árinu 1990 eru því áætlaðar um 8 milljörðum króna lægri en í ár, og borið saman á meðalverðlagi ársins 1989 nemur lækkunin um 13 milljörðum króna. Mestu munar að lántökur ríkissjóðs er taldar munu lækka um rúma 9 milljarða króna,

annars vegar vegna minni halla í rekstri ríkissjóðs og hins vegar vegna minni innlausnar spariskírteina, auk þess sem ríkissjóður tók 5 milljarða króna erlent lán á árinu 1989 til að fjármagna greiðsluhalla ársins 1988.

Ráðgert er að afla 18,3 milljarða króna innan lands á árinu 1990 og 21,4 milljarða með erlendum lánum. Greiðslur þjóðarbúsins af löngum erlendum lánum eru áætlaðar 24,4 milljarðar króna á árinu 1990, þar af eru afborganir 10,4 milljarðar og vextir 14,0 milljarðar. Hreinar erlendar lántökur til langs tíma nema því um 11 milljörðum króna. Sundurliðað heildaryfirlit yfir áætlaðar innlendar og erlendar lántökur 1990, svo og lánsfjárráðstöfun opinberra aðila, er að finna í fylgiskjölum I og II.

Stjórn peningamála. Aðstæður á innlendum lánamarkaði hafa þróast í átt til aukins jafnvægis á árinu 1989. Dregið hefur úr eftirspurn eftir lánsfé og betra jafnvægi komist á milli aukningar inn- og útlána innlánsstofnana. Gætir þar áhrifa af samdrætti í einkaneyslu og fjárfestingu auk þess sem birgðir útflutningsvara eru með allra minnsta móti um þessar mundir. Í kjölfar þessa hafa raunvextir lækkað. Tók þess að gæta þegar á miðju síðasta ári, en ríkissjóður hefur fylgt því eftir með lækkun vaxta á spariskírteinum. Bankar og sparisjóðir hafa síðan fylgt í kjölfarið. Lausafjárstaða innlánsstofnana hefur farið batnandi og útlit er nú fyrir að hún batni um tæpa 6,3 milljarða króna á árinu. Bætt lausafjárstaða hefur gert innlánsstofnunum kleift að stórauka kaup sín á ríkisvíxlum og hafa innlánsstofnanir með því móti fjármagnað stóran hluta árstíðabundinnar fjárþarfar ríkissjóðs.

Síðastliðinn vetur lagði viðskiptaráðherra fram frumvarp um breytingu á lögum um Seðlabanka og var það samþykkt skömmu fyrir páska. Meðal breytinga voru ný ákvæði um laust fé innlánsstofnana, sem sett voru í lögin í ljósi fenginnar reynslu af lausafjárreglum. Nýmælin styrkja það aðhald sem reglur um laust fé veita innlánsstofnunum. Í kjölfar lagabreytinganna gaf Seðlabanki út breyttar reglur um bindiskyldu, lausafjárhlutfall og gjaldeyrisjöfnuð innlánsstofnana, svo og reglur um spariskírteinakaup verðbréfasjóða.

Bindiskylda, sem verið hefur 12% af innlánum, var færð í 11% af ráðstöfunarfé. Bankabréf, veðdeildarbréf og nettótekjur færðust inn í þann grunn sem bindingin reiknast af. Áætlað er að grunnurinn stækki af þeim sökum um 20% í áföngum á næstu fjórum árum.

Lausafjárhlutfall var lækkað úr 10% í 9% af ráðstöfunarfé. Þótt hlutfallið hafi verið lækkað fela nýju reglurnar í sér meira aðhald að innlánsstofnunum en þær fyrri vegna breytinga sem gerð var á uppgjöri erlends lausafjár. Meðal nýjunga við uppgjör lausafjár var það að spariskírteini ríkissjóðs í eigu innlánsstofnana teljast nú í meira mæli með lausu fé en áður var. Þetta hvetur innlánsstofnanir til að auka spariskírteinaeign sína.

Reglur um spariskírteinakaup verðbréfasjóða eru þær, að sjóðunum ber að kaupa skírteini fyrir sem svarar a.m.k. 20% af aukningu ráðstöfunarfjár uns spariskírteinaeign þeirra hefur náð 11% af stöðutölu ráðstöfunarfjár. Í ágústlok 1989 nam hlutfallið 8,8%, og hafði spariskírteinaeign sjóðanna aukist um 560 m.kr. frá ársbyrjun.

Forsendur áætlunar um þróun peningamála á árinu 1990 eru annars vegar niðurstöður þjóðhagsáætlunar um hagvöxt, viðskiptajöfnuð og verðlagsbreytingar á næsta ári og hins vegar sérstök spá um peningaeftirspurn. Niðurstaða þeirrar spár er að peningamagn og sparifé að viðbættri verðbréfaútgáfu innlánsstofnana mun aukast um 15,7% á árinu 1990.

Helstu niðurstöður peningamálaáætlunar vegna ársins 1990 eru þær að búast megi við lítils háttar rýrnun lausafjárstöðu innlánsstofnana og að horfur eru á að lán og endurlán innlánsstofnana aukist um 15,3%.

Innlend lánsfjáröflun 1990. Áætlað er að innlendar lántökur opinberra aðila og lánastofnana nemi um 18,3 milljörðum króna og minnki um 4,4 milljarða króna frá 1989. Að raungildi er lækkunin enn meiri þar sem gert er ráð fyrir 16% hækkun verðlags milli

ára. Nokkrar líkur eru því á að þessar lántökur geti náð fram að ganga án þess að hafa áhrif til hækkunar vaxta. Í meðfylgjandi töflu eru dregin heildaráform opinberra aðila um lántökur á innlendum markaði. Jafnframt eru sýndar afborganir sömu aðila af innlendum lánum.

Innlend lánsfjárþörf opinberra aðila og sjóða 1989 og 1990.

	Lánsfjár-áætlun 1989	Áætluð útkoma 1989	Lánsfjár-áætlun 1990
Ríkissjóður, A-hluti	**5.300**	**11.205**	**6.000**
Spariskírteini	5.300	6.000	6.000
Ríkisvíxlar	-	3.800	-
Önnur fjáröflun	-	1.405	-
Opinberar lánastofnanir	**10.065**	**11.465**	**12.325**
Lífeyrissjóðir	8.925	9.825	10.985
Önnur fjáröflun	1.140	1.640	1.340
Lánsfjáröflun, verg	**15.365**	**22.670**	**18.325**
Innlendar afborganir	7.950	9.230	8.775
Lánsfjáröflun, hrein	**7.415**	**13.440**	**9.550**

Hrein lánsfjáröflun ríkissjóðs og opinberra lánastofnana er áætluð 9,5 milljarðar króna á árinu 1990 sem er um 4 milljörðum lægri fjárhæð en áætluð hrein lánsfjárþörf þessara aðila í ár. Þess má geta að hrein lánveiting lífeyrissjóða til byggingarsjóða er áætluð um 9,8 milljarðar. Þá ber að hafa í huga að ráðstöfunarfé lífeyrissjóða umfram það sem umsamið er til húsnæðiskerfisins er áætlað tæpir 11 milljarðar króna. Með þetta tvennt í huga verða að teljast góðar líkur á að innlendri lánsfjárþörf opinberra aðila og sjóða verði fullnægt án hækkunar á vöxtum á árinu 1990.

Spariskírteini. Áætluð innlend fjáröflun ríkissjóðs á næsta ári nemur 6 milljörðum króna sem er um 5,2 milljörðum lægri fjárhæð en á yfirstandandi ári. Stefnt er að því að afla þess fjár alfarið með sölu á spariskírteinum ríkissjóðs. Ekki er gert ráð fyrir að sala ríkisvíxla aukist frekar, en gert ráð fyrir að staða í árslok 1989 haldist út árið. Verulega mun draga úr innlausn spariskírteina á næsta ári. Áætlað er að innlausn á árinu 1990 verði um 2,6 milljarðar króna, en áætluð innlausn á árinu 1989 er 4,4 milljarðar króna. Hrein lánsfjáröflun í formi spariskírteina á næsta ári er því áætluð um 3,4 milljarðar króna samanborið við 1,6 milljarða króna á árinu 1989. Ásókn hins opinbera í langtímalán mun því aukast nokkuð þótt í heild dragi úr lánsfjárþörfinni.

Verðbréfakaup lífeyrissjóða. Stærstur hluti innlenda fjármagnsins á uppruna sinn að rekja til lífeyrissjóðanna. Áætlað er að ráðstöfunarfé lífeyrissjóða verði um 24,1 milljarður króna á áætluðu meðalverðlagi næsta árs samanborið við 17,6 milljarða króna á þessu ári. Áætlað er að raunaukning ráðstöfunarfjárins verði um 18% og skýrist sú aukning einkum af tvennu: Lokaáfanga í breikkun iðgjaldastofns lífeyrissjóðanna sem kemur til framkvæmda í byrjun næsta árs og stækkun eignastofns lífeyrissjóðanna sem leiðir til mjög vaxandi vaxtatekna og afborgana. Reiknað er með að lífeyrissjóðir kaupi skuldabréf af byggingarsjóðunum fyrir 45% af ráðstöfunarfé sínu, þ.e. 10.855 m.kr. og er þá miðað við

að kauphlutfallið lækki í 45% úr 55% af ráðstöfunarfé þeirra. Þessi lækkun er í samræmi við þau fyrirheit sem gefin voru í tengslum við setningu laganna um húsbréfaviðskipti, en þar er gert ráð fyrir að um 10% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna renni til kaupa á húsbréfum. Reiknað er því með að lífeyrissjóðir kaupi húsbréf fyrir að minnsta kosti 2.410 m.kr. Þá eru verðbréfakaup Lífeyrissjóðs bænda af Stofnlánadeild landbúnaðarins áætluð um 130 m.kr.

Önnur innlend lánsfjáröflun. Ráðgert er að afla alls 1.340 m.kr. með öðrum hætti á innlendum lánsfjármarkaði á árinu 1990. Er það um 300 m.kr. lægri fjárhæð en endurskoðuð lánsfjáráætlun 1989 gerir ráð fyrir. Ekki er sett fram nákvæm áætlun um hvaðan eigi að afla þess fjármagns en benda má meðal annars á óbundið ráðstöfunarfé lífeyrissjóða.

Erlend lán. Í lánsfjáráætlun 1989 var gert ráð fyrir að erlendar lántökur til lengri tíma en eins árs næmu 14.215 m.kr. og að frádregnum afborgunum að upphæð 7.910 m.kr. yrði hreint innstreymi langra lána 6.305 m.kr. Við afgreiðslu lánsfjárlaga á Alþingi í lok mars 1989 hækkuðu lántökuheimildir opinberra aðila um rúma sex milljarða króna. Þar af var fimm milljarða lántaka ríkissjóðs til greiðslu viðskiptaskuldar í Seðlabanka vegna greiðsluhalla 1988 sem upphaflega var ráðgerð á árinu 1988. Endurskoðuð áætlun um erlendar lántökur á árinu 1989 nam alls um 21.000 m.kr.

Horfur eru á að erlendar lántökur til lengri tíma en eins árs verði um 25.100 m.kr. á árinu 1989. Að nokkru leyti stafar hækkunin af gengislækkun krónunnar, en talið er að meðalgengi erlendra gjaldmiðla hækki um 25% á milli áranna 1988 og 1989. Lántökur sveitarfélaga aukast um 600 m.kr. vegna framkvæmda Hitaveitu Reykjavíkur. Lántökur fjárfestingarlánasjóða aukast lítið í heild. Á móti 800 m.kr. áætlaðri lántöku Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins erlendis, sem tekin var í Seðlabanka, hækka erlendar lántökur Byggðastofnunar, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs um ríflega þá upphæð. Langar erlendar lántökur atvinnufyrirtækja aukast um 1.200 m.kr. á föstu gengi og stafar hækkunin af skuldbreytingu erlendra skammtímalána sem tekin voru til að fjármagna nýsmíði fiskiskipa á árinu 1988.

Afborganir af löngum lánum á árinu 1989 eru taldar verða um 9.020 m.kr. og hreint innstreymi langra lána verður því um 16.110 m.kr. eða um 5,5% af vergri landsframleiðslu 1989. Á móti munu erlendar skammtímaskuldir lækka um 4.510 m.kr. Fjármagnsjöfnuður verður því jákvæður um 11.700 m.kr. Horfur eru á að halli á viðskiptum við útlönd á árinu 1989 verði verulega lægri en áður var talið, eða um 8.600 m.kr., sem er um 2,9% af áætlaðri landsframleiðslu. Heildargreiðslujöfnuður gæti því orðið jákvæður um 3.000 m.kr. á árinu 1989 og mun gjaldeyrisstaða Seðlabankans batna um sömu fjárhæð og verða um sautján milljarðar króna í árslok 1989.

Í þjóðhagsáætlun 1990 er reiknað með að viðskiptahallinn verði um 10.100 m.kr. eða um 3% af áætlaðri landsframleiðslu 1990 sem er svipað því sem reiknað er með í ár. Þar af má rekja um þrjá milljarða króna til aukins innflutnings á sérstökum fjárfestingarvörum vegna kaupa Flugleiða hf. á þremur Boeing-flugvélum. Erlendar lántökur eru áætlaðar 21.370 m.kr. á árinu 1990 og afborganir 10.430 m.kr. Hreint innstreymi langra lána verður því 10.940 m.kr., eða um 840 m.kr. umfram áætlaðan viðskiptahalla. Þess vegna gæti enn dregið úr erlendum skammtímalánum, sem má telja eðlilegt í ljósi áframhaldandi samdráttar í þjóðarframleiðslu og bættrar lausafjárstöðu bankanna. Þetta kemur meðal annars fram í fylgiskjali III sem sýnir greiðslujöfnuð við útlönd á árinu 1988 til samanburðar við áætlun 1989 og 1990.

Eftirfarandi yfirlit sýnir fyrirhugaðar erlendar lántökur á árinu 1990 með hliðsjón af lánsfjáráætlun 1989 og nýrri spá um innkomin lán á árinu 1989 í milljónum króna:

Erlendar lántökur 1989 og 1990.

	Láns-fjárlög 1989	Horfur 1989	Lánsfjár-áætlun 1990
1. Opinberir aðilar	**7.137**	**8.360**	**5.170**
A- og B-hluti ríkissjóðs	5.135	5.500	1.370
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	1.160	1.350	3.400
Sveitarfélög	842	1.510	400
2. Opinberir lánasjóðir	**4.860**	**6.070**	**4.000**
3. Atvinnufyrirtæki	**8.950**	**10.700**	**12.200**
Skip og flugvélar	5.150	7.700	9.500
Annað	3.800	3.000	2.700
4. Löng erlend lán, alls (1+2+3)	**20.947**	**25.130**	**21.370**

Erlendar skuldir þjóðarinnar til langs tíma eru taldar aukast um 12% á árinu 1989 í erlendri mynt. Að raungildi nemur sú hækkun um 8%. Á sama tíma dregst landsframleiðsla saman um 2,8%. Hlutfall langra erlendra lána af landsframleiðslu hækkar um tæpar 9 prósentur, eða úr 41,3% 1988 í 50,4% á árinu 1989. Þar af nemur raunaukning erlendra lána 3,4%, lækkun á vergri landsframleiðslu 1,3%, lækkun á raungengi 3,9% og alþjóðlegar gengissveiflur, þ.e. hækkun Bandaríkjadals, 0,5%. Í forsendum lánsfjáráætlunar 1990 er gert ráð fyrir um 13% hækkun á meðalgengi erlendra gjaldmiðla og um 6% aukningu erlendra lána. Skuldahlutfallið í árslok 1990 er áætlað 53,1% af vergri landsframleiðslu ársins. Er þar tekið tillit til 0,9% samdráttar í vergri landsframleiðslu næsta árs.

Hreinar skuldir þjóðarbúsins námu 41,6% af vergri landsframleiðslu á árinu 1988 og eru taldar verða um 48,3% í árslok 1989. Er það hagstæðari þróun en hlutfall langra erlendra lána sýndi hér að framan. Frávikin skýrast af því að löngu lánin sýna aðeins hluta af fjármögnun viðskiptahallans. Hrein staða þjóðarbúsins tekur til allra þátta til að mæta viðskiptahallanum, þ.e. langra lána, skammtímalántöku og rýrnandi gjaldeyrisstöðu. Lækkun skammtímaskulda á árinu 1989 og bætt gjaldeyrisstaða skýra minni hækkun hreinna skulda þjóðarinnar samanborið við erlendar skuldir til langs tíma. Í forsendum áætlunarinnar fyrir árið 1990 er gert ráð fyrir að þetta hlutfall hækki nokkuð til jafns við hlutfall langra erlendra lána á árinu 1990 og nemi 50,7% af vergri landsframleiðslu. Í fylgiskjali IV er m.a. sýnd þróun langra erlendra lána og hreinna skulda við útlönd á árabilinu 1980-1990.

Þá er í fylgiskjali V sýnd greiðslubyrði af erlendum lánum í hlutfalli við útflutningstekjur af vörum og þjónustu á árunum 1980-1990. Þar kemur fram að greiðslubyrðin þyngist sífellt fyrri hluta tímabilsins, nær hámarki um miðbik þess og léttist eftir það. Greiðslubyrði erlendra lána var þyngst árið 1984 og nam tæplega fjórðungi af útflutningstekjum þjóðarinnar. Frá þeim tíma hefur hlutfallið lækkað nokkuð bæði vegna aukinna útflutningstekna og vaxtalækkunar á erlendum lánamörkuðum. Meðalvextir erlendra lána lækkuðu úr 8,7% árið 1986 í 7,8% árið 1987, en á tímabilinu 1980-1984 voru þessir vextir talsvert hærri eða 10-12%. Greiðslubyrði erlendra lána eykst á ný á yfirstandandi ári og því næsta. Ástæður þessa eru auknar erlendar skuldir og hækkun á meðalvöxtum af erlendum lánum í um 8,5%. Greiðslubyrði erlendra lána er áætluð 19,7% af útflutningstekjum 1989 og 20,1% á árinu 1990.

Það nýmæli er tekið upp í frumvarpi til lánsfjárlaga 1990 að gera lánasjóðum og öðrum aðilum, sem njóta ríkisábyrgðar á skuldbindingum sínum, skylt að kynna Seðlabanka Íslands, í umboði fjármálaráðuneytis, fyrir fram um áform sín um erlendar lántökur og leita eftir samþykki hans á þeim kjörum og skilmálum sem í boði eru hverju sinni. Þetta ákvæði er tekið upp til þess að tryggja að samræmi sé á milli þeirra lánskjara sem stofnanir með ríkisábyrgð og ríkissjóður sjálfur njóta á alþjóðlegum lánamörkuðum.

Lánsfjárþörf ríkissjóðs og opinberra lánastofnana 1990. Að lokum er vert að skoða greiðsluyfirlit ríkissjóðs yfir fimm ára tímabil, 1986-1990 og kanna hver lánsfjárþörf ríkissjóðs hefur verið hvert ár og hvernig hún hefur verið brúuð:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs 1986-1990.
(M.kr.)

	Reikningur 1986	Reikningur 1987	Reikningur 1988	Áætlun 1989	Frumvarp 1990
Tekjur	38.235	48.963	64.382	79.783	90.352
Gjöld	40.111	51.688	71.583	84.459	93.207
Tekjujöfnuður	-1.876	-2.725	-7.201	-4.676	-2.855
Veitt lán - afborganir	-322	99	779	-425	-1.970
Hlutafjárframlög	89	873	116	0	160
Viðskiptareikningur	964	1.824	211	500	600
Lánsfjárþörf, hrein	**2.607**	**5.521**	**8.307**	**4.751**	**1.645**
Innlend lán, umfram afborganir	1.886	2.728	1.526	6.605	2.670
- lántaka	3.617	4.485	4.882	11.205	6.000
- afborganir	1.731	1.757	3.356	4.600	3.330
Erlend lán, umfram afborganir	3.756	1.119	3.198	-950	0
- lántaka	5.004	2.155	4.230	310	1.370
- afborganir	1.248	1.036	1.032	1.260	1.370
Seðlabanki og sjóður	3.035	-1.674	-3.583	904	1.025
Hlutfall af vergri landsframleiðslu (%):					
Tekjujöfnuður	-1,2	-1,3	-2,8	-1,6	-0,8
Lánsfjárþörf, hrein	1,6	2,7	3,2	1,6	0,5
Innlend lán umfram afborganir	1,2	1,3	0,6	2,2	0,8
Erlend lán umfram afborganir	2,4	0,5	1,3	-0,3	0,0
Seðlabanki og sjóður	1,9	-0,8	-1,4	0,3	0,3

Yfirlitið sýnir að hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs, þ.e. lántökuþörf umfram afborganir, fór vaxandi þar til á árinu 1989. Þrátt fyrir góðærið er lántökuþörfin mikil á árunum 1986 og 1987, og bæði árin nema innlendar lántökur umfram afborganir um 1,3% af landsframleiðslu. Í því þensluástandi sem ríkti, hefur það átt sinn þátt í að þrýsta upp raunvöxtum. Samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi mun innlend lántaka ríkissjóðs umfram afborganir nema um 0,8% af áætlaðri landsframleiðslu 1990, sem er minna en á undanförnum árum. Lánsfjárþörfin í heild verður mun minni en á undanförnum árum, eða 0,5% af landsframleiðslu, samanborið við 1,6% 1989 og um 3% árin 1987 og 1988.

Til að fá gleggri mynd af umsvifum ríkisins á lánamarkaði er ástæða til að líta á lánsfjárþörf ríkissjóðs og opinberra lánastofnana og kanna hvort hún sé líkleg til að stuðla að peningalegri þenslu í hagkerfinu á árinu 1990. Frá hreinni lánsfjárþörf þarf þá að draga vaxtagreiðslur ríkissjóðs til útlanda og til Seðlabanka og bæta við arðgreiðslur Seðlabanka og þann hluta refsivaxta sem rennur í ríkissjóð. Greiðslur til eða frá Seðlabanka hafa sömu áhrif á peningamagn og greiðslur til eða frá útlöndum.

Umsvif ríkissjóðs og opinberra lánastofnana á lánamarkaði 1989 og 1990.
(M.kr.)

	Áætluð útkoma 1989	Lánsfjár-áætlun 1990
Ríkissjóður, A-hluti	**11.515**	**7.370**
Innlend lán	11.205	6.000
Erlend lán	310	1.370
Opinberar lánastofnanir	**17.660**	**16.325**
Innlend lán	11.465	12.325
Erlend lán	6.195	4.000
Lánsfjárþörf, verg	**29.175**	**23.695**
Innlendar afborganir	9.230	8.775
Erlendar afborganir	2.960	3.750
Afborganir til Seðlabanka	900	1.000
Lánsfjárþörf, hrein	**16.085**	**10.170**
- Vaxtagreiðslur til útlanda	6.165	8.170
- Vaxtagreiðslur til Seðlabanka	1.570	1.540
+ Arðgreiðslur Seðlabanka og hluti refsivaxta sem rennur í ríkissjóð	345	410
Þensluáhrif, hrein	**8.695**	**920**
Hlutfall af vergri landsframleiðslu (%):		
Lánsfjárþörf, verg	9,9	7,1
Lánsfjárþörf, hrein	5,5	3,0
Þensluáhrif, hrein	3,0	0,3

Yfirlitið sýnir að áhrif ríkissjóðs og opinberra lánastofnana á peningalega þenslu á árinu 1990 eru hverfandi og lækka um tæpa 8 milljarða frá því sem verður í ár. Þann fyrirvara verður þó að gera að erfitt er að mæla þessi áhrif með einum mælikvarða og umdeilt er hvernig fara skuli með innlendar afborganir í þessu sambandi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Heildarlántökur ríkissjóðs verða 7.370 m.kr. á árinu 1990. Í ljósi þess, að frumvarp til fjárlaga 1990 verður lagt fram með nálægt þriggja milljarða halla og að spár benda til þess að árið 1990 verði þriðja árið í röð með samdrætti í landsframleiðslu, þykir nú ekki vera lag til að grynnka á erlendum skuldum ríkissjóðs. Því er ráðgert að ríkissjóður taki erlent lán á árinu 1990 að fjárhæð 1.370 m.kr., eða sem svarar afborgunum af erlendum skuldum ríkissjóðs á því ári. Þess lánsfjár, sem þá vantar til að brúa fjárþörf ríkissjóðs á árinu 1990, eða 6.000 m.kr., er ætlað að afla innan lands með sölu á spariskírteinum ríkissjóðs. Á móti kemur að áætluð innlausn eldri spariskírteina er um 2.000 m.kr., þannig að hrein lánsfjárþörf á innlendum fjármagnsmarkaði verður um 4.000 m.kr.

Ráðgert er að af lánsfé ríkissjóðs verði veitt lán til B-hluta fyrirtækja og sjóða að fjárhæð 1.510 m.kr. Lán þessi eru 1.480 m.kr. vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna og 30 m.kr. til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar til að ljúka uppsetningu á listaverki.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir á vegum Landsvirkjunar á árinu 1990 nemi um 3.600 m.kr., þar af eru um 3.300 m.kr. vegna Blönduvirkjunar og 300 m.kr. til annarra framkvæmda, svo sem til að ljúka við byggingu stjórnstöðvar og uppsetningar á kerfisráði. Miðað er við að fyrsta vél Blönduvirkjunar verði gangsett haustið 1991.

Ráðgert er að fjármagna framkvæmdir Landsvirkjunar með 3.300 m.kr. erlendri lántöku vegna Blöndu, en afganginn með fé úr rekstri fyrirtækisins. Að lokum miðast áætlanir fyrirtækisins við greiðslu afborgana að fjárhæð 1.700 m.kr., þar af eru 1.130 m.kr. af erlendum lánum og um 60 m.kr. renna til ríkissjóðs. Þá eru vaxtagreiðslur áætlaðar 2.770 m.kr. á árinu 1990, þar af fara 2.440 m.kr. til útlanda og 130 m.kr. til ríkissjóðs.

Í þessu frumvarpi er ekki áætlað fyrir fjármögnun vegna hugsanlegra frekari virkjanaframkvæmda vegna stóriðju, þar sem ekki liggur fyrir niðurstaða í því máli.

Um 4. gr.

Þróunarfélagi Íslands er heimiluð 100 m.kr. erlend lántaka. Áætlunin miðast við að félagið hafi til ráðstöfunar 210 m.kr. á árinu 1990.

Samkvæmt 3. tölul. 4. gr. laga nr. 69/1985, um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir annarra aðila til þátttöku í félaginu, var veitt heimild til ríkisábyrgða á næstu árum að fjárhæð alls 500 m.kr. Miðað við framangreinda heimild verður búið að nýta þá heimild í árslok 1990.

Um 5. gr.

Sú stefna var mörkuð í fjárlögum og lánsfjárlögum 1989 að ekki skuli veita ríkisábyrgðir fyrir nýjum fjárfestingarlánum til hitaveitna. Á undanförnum árum hafa lántökur sveitarfélaga nær eingöngu verið tengdar fjármögnun framkvæmda og skuldbreytingum hjá hitaveitum. Endurgreiðslutími fjárfestingarlána hitaveitna hefur verið mun skemmri en sem nemur afskriftartíma mannvirkjanna. Margar hitaveitur hafa af þeirri ástæðu lent í miklum erfiðleikum bæði vegna þungrar greiðslubyrði af áhvílandi skuldum og byrjunarörðugleikum í rekstri. Ríkissjóður hefur á síðustu árum létt á erfiðleikum margra af þessum veitum með

því að yfirtaka hluta af skuldum þeirra og skuldbreyta öðrum lánum til lengri tíma með það að markmiði að tryggja rekstrargrundvöll þeirra til frambúðar.

Hitaveita Eyra. Veitunni er heimiluð 11 m.kr. lántaka á árinu 1990 til að standa straum af greiðslum af áhvílandi skuldum.

Bæjarveitur Vestmannaeyja. Veitunni er heimiluð 56 m.kr. lántaka á árinu 1990 til að standa skil á skuldum við Ríkisábyrgðasjóð og afborgunum af eldri lánum.

Annað. Þá eru áætlaðar á safnlið alls 30 m.kr. vegna lántöku ýmissa sveitarfélaga. Ætla má að einhverjar lántökubeiðnir sveitarfélaga berist á síðari stigum fyrir afgreiðslu lánsfjárlaga.

Um 6. gr.

Í frumvarpi til lánsfjárlaga 1990 er gert ráð fyrir að Byggðastofnun hafi til ráðstöfunar á árinu 1990 samtals 1.850 m.kr. að óbreyttri sjóðsstöðu, eða sem svarar til um 0,6% af áætlaðri þjóðarframleiðslu þess árs. Sú viðmiðun er í samræmi við 16. gr. laga nr. 64/1985 um ráðstöfunarfé Byggðastofnunar. Eigið ráðstöfunarfé stofnunarinnar er áætlað 615 m.kr. Framlag ríkissjóðs samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 1990 er 200 m.kr. Auk þess er gert ráð fyrir að stofnunin afli lánsfjár innan lands að fjárhæð 100 m.kr. og erlendis að fjárhæð 900 m.kr. Af þeirri fjárhæð eru 150 m.kr. ætlaðar til endurlána vegna viðgerða og endurbóta skipa innan lands. Lántökuheimildir á árinu 1990 eru í samræmi við óskir stofnunarinnar.

Í lánsfjárlögum 1989 er heimild til Byggðastofnunar fyrir erlendri lántöku að fjárhæð 900 m.kr., þar af 200 m.kr. vegna innlendrar skipasmíði. Að auki hafði stofnunin heimild til 275 m.kr. innlendrar lántöku.

Um 7. gr.

Lánsfjárþörf Fiskveiðasjóðs til að standa við þegar afgreidd lán og gefin loforð er 1.000 m.kr. Þessa fjár verður aflað með erlendri lántöku. Ný útlán Fiskveiðasjóðs eru áætluð að hámarki 400 m.kr. á árinu 1990 og verða einkum veitt til að greiða fyrir hagræðingu og samruna fyrirtækja í fiskvinnslu. Af þeirri fjárhæð verði 100 m.kr. aflað með erlendri lántöku og 300 m.kr. með lántöku innan lands. Í lánsfjárlögum og lánsfjáráætlun 1989 er sjóðnum heimiluð 1.200 m.kr. erlend lántaka og 300 m.kr. innlend lántaka. Af því fé eru 900 m.kr. til að standa við afgreidd lán og lánsloforð og 600 m.kr. til nýrra lána til fiskvinnslunnar í heild og endurbóta á fiskiskipum.

Í lok september 1989 námu loforð Fiskveiðasjóðs um yfirtöku á erlendum lánum vegna nýsmíða, kaupa á tækjum og breytinga á fiskiskipum um fjórum milljörðum króna. Í lánsfjáráætlun 1990 er gert ráð fyrir 1.200 m.kr. af þessum útlánum undir erlendum lántökum atvinnufyrirtækjanna.

Um 8., 9. og 13. gr.

Í lögum opinberra fjárfestingarlánasjóða, að Fiskveiðasjóði undanskildum, eru ákvæði um að ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar þeirra. Heimilda til lántöku þessara sjóða hefur verið aflað í lánsfjárlögum hverju sinni eins og lög kveða á um. Á grundvelli auglýsingar viðskiptaráðuneytis, um erlendar lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar, hafa sjóðir eins og Iðnlánasjóður, Iðnþróunarsjóður og Framkvæmdasjóður haft milligöngu um útvegun erlends lánsfjár fyrir atvinnufyrirtæki í umtalsverðum mæli. Vegna ákvæða laga þessara sjóða um ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum þeirra hafa fyrirtæki fengið lán með ríkisábyrgð án þess að greiða sérstakt gjald fyrir þá ábyrgð líkt og á sér stað um ábyrgðir veittar í lánsfjárlögum og án þess að slík ábyrgð hafi falist í auglýsingu viðskiptaráðuneytis. Nú er hins vegar

kveðið á um að lánasjóðum, sem njóta ríkisábyrgðar á skuldbindingum sínum, sé óheimilt að hafa milligöngu um töku erlendra lána fyrir innlenda aðila á grundvelli áðurnefndrar auglýsingar viðskiptaráðuneytisins, nema að fengnu samþykki fjármálaráðuneytis.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að Iðnþróunarsjóði verði heimiluð 750 m.kr. erlend lántaka á árinu 1990 og Iðnlánasjóði 950 m.kr. erlend lántaka. Jafnframt er kveðið sérstaklega á um það að milliganga sjóðanna um erlend lán fyrir atvinnufyrirtæki út á auglýsingu viðskiptaráðuneytis nr. 548/1988, eða aðrar heimildir veittar einstökum fyrirtækjum, rúmist innan þessara heimilda. Sjóðirnir hafa því ekki heimild til að skuldbinda ríkissjóð frekar með erlendri lántöku á árinu 1990. Þá er í lánsfjáráætlun 1990 heimild fyrir 100 m.kr. innlenda lántöku Iðnþróunarsjóðs og 300 m.kr. innlenda lántöku Iðnlánasjóðs. Erlendar lántökur Iðnþróunarsjóðs á árinu 1989 eru áætlaðar um 650 m.kr., þar af er í lánsfjárlögum 1989 heimild til 150 m.kr. erlendrar lántöku. Erlendar lántökur Iðnlánasjóðs á árinu 1989 eru áætlaðar um 800 m.kr., þar af er í lánsfjárlögum 1989 heimild til 300 m.kr. erlendrar lántöku. Mismunurinn felst í milligöngu um erlend lán fyrir atvinnufyrirtæki og í sérstökum heimildum viðskiptaráðuneytisins um erlendar lántökur.

Um 10. gr.

Gert er ráð fyrir að Útflutningslánasjóður fái heimild til erlendrar lántöku að fjárhæð 50 m.kr. sem er sama fjárhæð og veitt var í lánsfjárlögum 1989.

Um 11. gr.

Verið er að ljúka smíði nýrrar ferju sem ætlað er að annast samgöngur á milli Stykkishólms og Brjánslækjar. Heildargreiðslur vegna smíði ferjunnar nema 245 m.kr. á verðlagi hvers árs og hafa þær verið inntar af hendi á sl. þremur árum. Fjármögnunin hefur farið fram með lántökum sem heimilaðar hafa verið í lánsfjárlögum 1987-1989. Til að ljúka fullnaðargreiðslu vegna smíði ferjunnar vantar nú 30 m.kr. sem er vegna kostnaðar sem ekki var séður fyrir áður en lánsfjárlög 1989 voru samþykkt á Alþingi. Er þar um að ræða kostnað til að uppfylla ýmsar kröfur Siglingamálastofnunar ríkisins um aðbúnað og fyrirkomulag í skipinu er varðar öryggismál og kostnað til að koma til móts við skilyrði flokkunarfélags til að fá heimild til skráningar á skipinu. Samtals gerir þetta 26 m.kr. Að auki varð kostnaður vegna lántöku fyrirtækisins á árinu 1989 um 4 m.kr. hærri en ráðgert hafði verið vegna seinkunar á afgreiðslu á lánsfjárlögum 1989.

Um 12. gr.

Á allra síðustu árum hafa innlendar stofnanir með ríkisábyrgð í vaxandi mæli leitað á erlendan lánamarkað í stað þess að taka erlend lán fyrir milligöngu Framkvæmdasjóðs Íslands, ríkissjóðs eða annarra. Allar þessar stofnanir taka lán í skjóli ríkisábyrgðar og eru kynntar sem slíkar á alþjóðlegum markaði. Hins vegar hefur í mjög takmörkuðum mæli verið fylgst með lántökustarfsemi þeirra enda þótt miklir hagsmunir séu í húfi fyrir ríkissjóð og mikilvægt sé að samræmi sé á milli þeirra lánskjara og skilmála sem stofnanir með ríkisábyrgðir og ríkissjóður sjálfur njóta á alþjóðlegum lánamörkuðum. Þar af leiðandi er lagt til að gera þeim aðilum, sem veitt er heimild til erlendrar lántöku í 3.-11 gr. þessa frumvarps auk annarra stofnana, sem njóta ríkisábyrgðar á erlendum skuldbindingum sínum, skylt að kynna áform sín fyrir og leita eftir samþykki Seðlabanka Íslands í umboði fjármálaráðuneytisins á þeim kjörum og skilmálum sem í boði eru hverju sinni.

Um 14.-27. gr.

Í samræmi við markaða stefnu í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1990, um skerðingu lögboðinna framlaga, er með þessu frumvarpi mælt fyrir breytingum ákvæða viðkomandi laga. Hér er um að ræða skerðingu á sjálfvirkum framlögum til ýmissa aðila sem eru bundin í sérlögum.

Um 14. gr.

Það framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins sem kveðið er á um í þessari grein, er ætlað til Lífeyrissjóðs bænda, en skv. 19. gr. laga nr. 50/1989 skal stofnlánadeildin standa undir 37,5% lífeyrisgreiðslna til ársloka 1989. Hér er gert ráð fyrir að flutt verði frumvarp þess efnis að gildistími þessa ákvæðis framlengist.

Um 28. gr.

Þessi grein miðar að því að heimila ríkissjóði að nýta hagstæð kjör á erlendum lánamörkuðum, þegar þau bjóðast, til að greiða upp eftirstöðvar erlendra lána fyrir lok lánstíma þeirra.

Jafnframt kemur fram í þessari grein ákvæði sem varðar heimild til að nýta þann sveigjanleika sem veltilána- og skammtímalánasamningar (Euro Commercial Paper) bjóða upp á, þ.e. að haga notkuninni í samræmi við markaðsaðstæður hverju sinni og þarfir tengdar lánsfjáráætlun og framkvæmd annarra lánssamninga.

Árið 1984 var tekin upp sú nýbreytni á kjörum spariskírteina ríkissjóðs að í þeim var ákvæði um gagnkvæman uppsagnarrétt beggja aðila að binditíma liðnum. Fyrsti flokkur þessara skírteina varð innleysanlegur frá og með árinu 1987.

Um 29. gr.

Þessi grein felur í sér heimild fyrir ríkissjóð til að nýta þá möguleika sem erlendir fjármagnsmarkaðir bjóða upp á og byggjast á samningum um skulda- og vaxtaskipti. Viðskipti af þessu tagi hafa mjög færst í vöxt á allra síðustu árum enda getur það í mörgum tilfellum reynst heppilegt fyrir skuldara að breyta samsetningu skulda sinna, bæði hvað snertir gjaldmiðla og vaxtakjör.

Um 30. gr.

Þessi grein heimilar Landsvirkjun að skuldbreyta erlendum lánum sínum í því augnamiði að nýta sér hagstæðari kjör sem kunna að bjóðast og lengja lánstíma þannig að endurgreiðslur af lánum líftíma raforkumannvirkja fyrirtækisins tengist betur. Einnig er Landsvirkjun heimilt að nýta þá möguleika sem erlendir fjármagnsmarkaðir bjóða upp á og byggjast á samningum um skulda- og vaxtaskipti. Vegna ástands á erlendum fjármagnsmörkuðum hefur yfirleitt ekki verið völ á erlendum lánum til nægjanlega langs tíma miðað við eðlilegan afskriftartíma þeirra framkvæmda sem með þeim hafa verið fjármagnaðar. Veldur þetta örum afborgunum og þungri greiðslubyrði á tiltölulega fáum árum. Sérstaklega hefur þetta komið hart niður á ýmsum orkufyrirtækjum með langan afskriftartíma.

Um 31. gr.

Um er að ræða sams konar heimildir fyrir aðra þá aðila sem njóta ríkisábyrgðar á erlendum skuldbindingum sínum og kveðið er á um í 30. gr. fyrir Landsvirkjun.

Um 32. og 33. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Heildaryfirlit yfir innlendar og erlendar lántökur 1990.

(M.kr.)

Upprunalegir lántakar	Sala spari-skírteina	Verðbréfa-kaup líf-eyrissjóða	Önnur innlend lántaka	Innlend lántaka alls	Erlend lán	Heildar-lántökur
I Opinberir aðilar	**6 000**	-	-	**6 000**	**5 170**	**11 170**
Ríkissjóður, A-hluti	6 000	-	-	6 000	1 370	7 370
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	-	-	-	-	3 400	3 400
Sveitarfélög	-	-	-	-	400	400
II Opinberar lánastofnanir	**-**	**10 985**	**1 340**	**12 325**	**4 000**	**16 325**
Byggingarsjóður ríkisins	-	7 710	40	7 750	-	7 750
Byggingarsjóður verkamanna	-	3 145	-	3 145	-	3 145
Byggðastofnun	-	-	100	100	900	1 000
Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina	-	-	500	500	250	750
Fiskveiðasjóður	-	-	300	300	1 100	1 400
Stofnlánadeild landbúnaðarins	-	130	-	130	-	130
Iðnlánasjóður	-	-	300	300	950	1 250
Iðnþróunarsjóður	-	-	100	100	750	850
Útflutningslánasjóður	-	-	-	-	50	50
III Atvinnufyrirtæki					**12 200**	**12 200**
Heildarlántökur samtals (I+II+III)	**6 000**	**10 985**	**1 340**	**18 325**	**21 370**	**39 695**

Fylgiskjal II.

Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila 1989 og 1990.
(M.kr.)

	Láns-fjárlög 1989	Endurskoðuð áætlun 1989	Frumvarp 1990
1. Ríkissjóður, A-hluti	**10 435**	**16 515**	**7 370**
Þar af endurlánað til B-hluta	1 340		1 510
Lánasjóður íslenskra námsmanna	915	915	1 480
Þjóðleikhúsið	75	-	-
Atvinnuleysistryggingasjóður	-	300	-
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	350	350	30
Þar af endurlánað til sveitarfélaga	-	65	-
Hitaveita Akureyrar	-	25	-
Hitaveita Suðurnesja	-	25	-
Hitaveita Eyra	-	15	-
Þar af endurlánað til atvinnufyrirtækja	-	475	-
Flóabáturinn Baldur	-	110	-
Iðnlánasjóður vegna Álafoss hf.	-	115	-
Ymsir aðilar vegna skuldbreytinga	-	250	-
2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	**1 360**	**1 360**	**3 400**
Landsvirkjun	1 260	1 260	3 300
Þróunarfélag Íslands hf.	100	100	100
3. Sveitarfélög	**842**	**1 669**	**400**
Akureyrarbær 1)	155	373	-
Bæjarveitur Vestmannaeyja	25	27	56
Hitaveita Egilsstaða og Fella	16	16	-
Hitaveita Eyra	15	-	11
Hitaveita Siglufjarðar	56	56	-
Hitaveita Suðureyrar	60	60	-
Hitaveita Suðurnesja	380	420	-
Hríseyjarhreppur	35	-	-
Reykjavíkurborg 2)	-	614	-
Sorpeyðingarstöð höfuðborgarsvæðisins	-	-	260
Endurlán bankakerfis 3)	-	18	-
Annað	100	85	73
4. Ráðstöfun (1+2+3) = Fjáröflun (5+6)	**12 637**	**19 544**	**11 170**
5. Innlend fjáröflun	**5 500**	**11 300**	**6 000**
Útgáfa spariskírteina	5 300	6 000	6 000
Ríkisvíxlar	-	3 800	-
Onnur innlend fjáröflun	200	1 500	-
6. Erlendar lántökur	**7 137**	**8 244**	**5 170**
Ríkissjóður A-hluti	5 135	5 310	1 370
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	1 160	1 360	3 400
Sveitarfélög	842	1 574	400

1) Vegna Hitaveitu Akureyrar 154 m.kr., Fjórðungssjúkrahúss 48 m.kr. og til endurlána Krossanesverksmiðju 171 m.kr.

2) Hitaveita Reykjavíkur 575 m.kr., Reykjavíkurhöfn 39 m.kr.

3) Akranesbær 9,7 m.kr., Akureyrarbær 3,4 m.kr. og Mosfellsbær 5,3 m.kr.

Fylgiskjal III.

Greiðslujöfnuður við útlönd 1988 - 1990.
(Meðalgengi hvers árs, m.kr.)

	1988	Áætlun 1989	Áætlun 1990
Vöruskiptajöfnuður	**- 560**	**4 800**	**4 700**
Utfluttar vörur alls	61 674	78 700	90 200
Innfluttar vörur alls	**-62 234**	**-73 900**	**-85 500**
Sérstakur vöruinnflutningur	-8 307	-10 350	-13 900
Skip og flugvélar	-5 405	-6 500	-9 400
Aðrar fjárfestingarvörur	- 115	-	-
Rekstrarvörur	-2 787	-	-
Almennur innflutningur	-53 927	-63 550	-71 600
Olía	-3 658	-4 780	-5 000
Annað	-50 269	-58 770	-66 600
Þjónustujöfnuður	**-8 915**	**-13 400**	**-14 800**
Utflutt þjónusta (án vaxta)	22 635	28 400	33 200
Innflutt þjónusta (án vaxta)	-23 377	-29 400	-33 600
Vaxtajöfnuður	-8 173	-12 400	-14 400
Viðskiptajöfnuður	**-9 475**	**-8 600**	**-10 100**
í % af VLF	-3,7	-2,9	-3,0
í % af VÞF	-3.9	-3,1	-3,1
Framlög án endurgjalds	**- 42**	**-**	**-**
Fjármagnsjöfnuður	**9 631**	**11 600**	**10 100**
Erlent einkafjármagn	- 652		
Langar lántökur, nettó	9 675	16 110	10 940
Innkomin löng lán, alls	16 398	25 130	21 370
Afborganir	-6 723	-9 020	-10 430
Aðrar fjármagnshreyfingar 1)	- 44	-4 510	- 840
Heildargreiðslujöfnuður	**- 538**	**3 000**	**-**
(Breyting á gjaldeyrisstöðu Seðlabanka)			

1) Skekkjur meðtaldar.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Fylgiskjal IV.

Staða þjóðarbúsins út á við 1980 - 1990.
(Meðalgengi hvers árs, m.kr.)

	Löng erlend lán	Stutt vörukaupa-lán o.fl.	Greiddur útflutn-ingur	Gjald-eyris-staða	Nettó-staða við útlönd	Verg lands-framleiðsla	Staða í % af VLF: Löng lán	Staða í % af VLF: Nettó-staða
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)
1980	-4 623	- 871	463	705	-4 326	15 480	29,9	27,9
1981	-7 521	-1 270	680	1 451	-6 660	24 412	30,8	27,3
1982	-14 904	-2 380	1 090	1 101	-15 093	38 231	39,0	39,5
1983	-32 127	-4 264	2 921	2 280	-31 191	66 046	48,6	47,2
1984	-42 559	-6 995	4 389	1 763	-43 402	87 719	48,5	49,5
1985	-60 857	-13 472	4 133	7 297	-62 899	119 175	51,1	52,8
1986	-75 082	-12 574	5 028	11 266	-71 362	158 167	47,5	45,1
1987	-83 796	-17 012	6 224	10 420	-84 144	207 464	40,4	40,6
1988	-104 997	-20 854	8 873	11 102	-105 876	254 304	41,3	41,6
1989	-148 360	...	...	...	-141 960	294 200	50,4	48,3
1990	-178 440	...	...	...	-170 390	336 200	53,1	50,7

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Fylgiskjal V.

Greiðslubyrði erlendra lána 1980 - 1990.

(Meðalgengi hvers árs, m.kr.)

	Löng erlend lán					Greiðslubyrði af útflutningstekjum				
	Afborgun (1)	Vextir (2)	Samtals (3)	Nettó vaxta-greiðslur (4)	Útflutn-ings-tekjur (5)	Afborg-anir (1:5) (6)	Vextir (2:5) (7)	Samtals (3:5) (8)	Nettó (4:5) (9)	Alls (1+4:5) (10)
1980	379	440	819	405	5 813	6,5	7,6	14,1	7,0	13,5
1981	633	827	1 460	802	8 887	7,1	9,3	16,4	9,0	16,1
1982	1 230	1 541	2 771	1 475	13 063	9,4	11,8	21,2	11,3	20,7
1983	2 674	2 974	5 648	3 050	27 456	9,7	10,8	20,6	11,1	20,8
1984	4 278	4 177	8 455	4 555	34 792	12,3	12,0	24,3	13,1	25,4
1985	4 456	5 259	9 715	5 605	50 490	8,8	10,4	19,2	11,1	19,9
1986	5 937	6 152	12 089	6 226	63 938	9,3	9,6	18,9	9,7	19,0
1987	5 780	6 158	11 938	6 213	74 544	7,8	8,3	16,0	8,3	16,1
1988	6 583	7 582	14 165	8 173	85 266	7,7	8,9	16,6	9,6	17,3
1989 1)	9 020	11 550	19 570	12 400	108 400	8,3	10,7	18,1	11,4	19,8
1990 2)	10 430	14 000	24 430	14 600	124 800	8,4	11,2	19,6	11,7	20,1

1) Ný áætlun 1989.
2) Lánsfjáráætlun 1990.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Fylgiskjal VI.

Löng erlend lán 1981 - 1990, flokkuð eftir lánnotendum.

(Meðalgengi hvers árs, m.kr.)

	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	Spá 1989	Áætlun 1990
1 Lántökur:										
Opinberir aðilar	853	2 267	3 705	4 111	5 727	5 816	3 213	4 950	8 360	5 170
Lánastofnanir	176	585	908	1 982	1 945	2 106	3 183	3 670	6 070	4 000
Einkaaðilar	669	781	964	1 416	2 260	4 120	6 413	7 555	10 700	12 200
Samtals	**1 698**	**3 633**	**5 577**	**7 509**	**9 932**	**12 042**	**12 809**	**16 175**	**25 130**	**21 370**
2 Afborganir:										
Opinberir aðilar	261	494	1 084	1 546	1 791	2 680	2 534	1 978	3 415	3 120
Lánastofnanir	69	166	351	491	658	603	455	462	635	1 270
Einkaaðilar	303	570	1 239	2 241	2 007	2 654	2 788	4 143	4 970	6 040
Samtals	**633**	**1 230**	**2 674**	**4 278**	**4 456**	**5 937**	**5 777**	**6 583**	**9 020**	**10 430**
3 Nettó hreyfing:										
Opinberir aðilar	592	1 773	2 621	2 565	3 936	3 136	679	2 972	4 945	2 050
Lánastofnanir	107	419	557	1 491	1 287	1 503	2 728	3 208	5 435	2 730
Einkaaðilar	366	211	- 275	- 825	253	1 466	3 625	3 412	5 730	6 160
Samtals	**1 065**	**2 403**	**2 903**	**3 231**	**5 476**	**6 105**	**7 032**	**9 592**	**16 110**	**10 940**
4 Vaxtagreiðslur:										
Opinberir aðilar	528	975	2 013	2 894	3 656	4 382	4 258	4 918	6 785	7 735
Lánastofnanir	68	132	298	449	692	806	880	1 245	2 250	2 835
Einkaaðilar	231	434	663	834	911	964	1 020	1 419	2 515	3 430
Samtals	**827**	**1 541**	**2 974**	**4 177**	**5 259**	**6 152**	**6 158**	**7 582**	**11 550**	**14 000**
5 Staða í árslok:										
Opinberir aðilar	4 863	9 847	21 973	29 475	42 293	50 755	52 293	62 813	83 870	96 750
Lánastofnanir	611	1 439	3 400	5 693	8 735	11 778	14 939	20 232	31 000	37 620
Einkaaðilar	2 047	3 618	6 754	7 391	9 829	12 549	16 564	21 952	33 490	44 070
Samtals	**7 521**	**14 904**	**32 127**	**42 559**	**60 857**	**75 082**	**83 796**	**104 997**	**148 360**	**178 440**
Gengisforsendur										
SDR = Krónur	8,51	13,71	26,60	32,38	42,18	48,18	49,92	57,78	72,57	81,96
6 Meðalvextir:										
Opinberir aðilar	12,2	11,6	10,1	10,6	9,3	9,1	8,2	8,1	8,5	8,2
Lánastofnanir	11,1	10,8	9,6	9,6	8,9	7,6	6,8	7,0	8,4	8,2
Einkaaðilar	13,0	12,5	9,6	10,4	9,5	8,4	7,4	7,3	8,6	8,6
Meðaltal	**12,3**	**11,8**	**9,9**	**10,4**	**9,3**	**8,7**	**7,8**	**7,8**	**8,5**	**8,3**

Erlend lán viðskiptabanka eru flokkuð eftir endurlánum þeirra. Áætlað meðalgengi 1989 er 25% yfir meðalgengi 1988. Áætlað meðalgengi 1990 er 13% yfir meðalgengi 1989.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Fylgiskjal VII. **Greiðsluáætlun**

(m.kr.)	Byggingarsj. ríkisins	Byggingarsj. verkamanna	Framkv.-sjóður	Byggða-stofnun	Atvinnu-tr.sjóður	Fiskveiða-sjóður	Iðnlána-sjóður	Iðnþróunar-sjóður	Stofnlánad. landb.	Stofnlánad. samv.fél.
Innstreymi:	**12 244**	**4 765**	**5 903**	**3 380**	**1 710**	**5 890**	**3 185**	**1 530**	**1 850**	**220**
Sjóðslækkun	-	-	83	-	-	-	-	-	-	-
Innheimtar afborganir	1 806	313	3 730	1 240	-	2 360	835	340	445	145
hjá fjárf.lánasjóðum	213	-	3 200	-	-	-	-	-	-	-
hjá öðrum	1 593	313	530	1 240	-	2 360	835	340	445	145
Innheimtir vextir	2 422	118	2 090	930	485	2 130	870	315	295	70
hjá fjárf.lánasjóðum	340	-	1 800	-	-	-	-	-	-	-
hjá öðrum	2 082	118	290	930	485	2 130	870	315	295	70
Tekin lán	7 749	3 353	-	1 000	750	1 400	1 250	850	605	-
hjá Framkvæmdasjóði	-	-	-	-	-	-	-	-	475	-
hjá bankakerfi	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
hjá lífeyrissjóðum	7 710	3 145	-	100	-	-	-	-	130	-
hjá öðrum innl. aðilum	39	208	-	-	500	300	300	100	-	-
erlend lán	-	-	-	900	250	1 100	950	750	-	-
Hlutafé	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Framlög og skatttekjur	150	783	-	200	350	-	220	-	500	-
frá ríkissjóði	150	500	-	200	350	-	-	-	48	-
frá sveitarfélögum	-	208	-	-	-	-	-	-	-	-
frá öðrum	-	75	-	-	-	-	220	-	452	-
Aðrar tekjur	117	198	-	10	125	-	10	25	5	5
Útstreymi:	**12 244**	**4 765**	**5 903**	**3 380**	**1 710**	**5 890**	**3 185**	**1 530**	**1 850**	**220**
Sjóðsaukning	-	-	-	20	-	-	-	-	-	-
Rekstrarkostnaður	290	104	63	170	15	140	140	50	210	9
Fjárfesting	50	-	-	20	-	-	20	-	-	-
Greiddar afborganir	1 639	517	2 445	690	-	3 660	480	100	815	141
til ríkissjóðs	568	117	11	-	-	-	-	-	-	-
til bankakerfis	-	-	107	47	-	2 280	-	-	-	-
til lífeyrissjóða	1 001	187	135	33		-	12	-	315	109
til Framkvæmdasjóðs	-	-	-	610	-	1 380	465	-	500	32
til Byggingarsj. ríkisins	-	213	-	-	-	-	-	-	-	-
til Iðnþróunarsjóðs	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
til Seðlabanka	-	-	-	-	-	-	3	-	-	-
til annarra innl. aðila	70	-	-	-	-	-	-	-	-	-
til erlendra aðila	-	-	2 192	-	-	-	-	100	-	-
Greiddir vextir	2 396	405	2 765	695	400	1 690	585	245	385	70
til ríkissjóðs	375	38	6	-	-	-	-	-	-	-
til bankakerfis	-	-	480	47	-	571	-	-	-	-
til lífeyrissjóða	1 969	27	571	18	-	-	25	-	163	52
til Framkvæmdasjóðs	-	-	-	350	-	759	255	-	222	18
til Byggingarsj. ríkisins	-	340	-	-	-	-	-	-	-	-
til Iðnþróunarsjóðs	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
til Seðlabanka	-	-	-	-	-	-	2	-	-	-
til annarra innl. aðila	52	-	-	-	-	177	-	-	-	-
til erlendra aðila	-	-	1 708	280	400	183	303	245	-	-
Hlutafjárkaup	-	-	-	50	-	-	-	-	-	-
Endurgreidd stofnframlög	-	-	-	-	-	-	-	55	-	-
Veitt lán og styrkir	7 869	3 739	630	1 735	1 295	400	1 960	1 080	440	-
til fjárfestingarsjóða	208	-	630	-	-	-	-	-	-	-
til fyrirt. og einstaklinga	7 661	3 739	-	1 735	1 295	400	1 960	1 080	440	-

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

fjárfestingarlánasjóða 1990.

(m.kr.)	Verslunarlána-sjóður	Ferðamála-sjóður	Landflutn.-sjóður	Útflutnings-lánasjóður	Þróunar-félag	Lánasj. sveitarf.	Framleiðnisj. landbún.	Innbyrðis færsla	Samtals
Innstreymi:	**760**	**295**	**60**	**360**	**300**	**670**	**669**	**-6 391**	**37 400**
Sjóðslækkun	-	-	-	-	-	-	-	-	**83**
Innheimtar afborganir	315	38	27	260	90	365	5	-3 413	**8 901**
hjá fjárf.lánasjóðum	-	-	-	-	-	-	-	-3 413	**-**
hjá öðrum	315	38	27	260	90	365	5		**8 901**
Innheimtir vextir	225	107	8	45	105	215	10	-2 140	**8 300**
hjá fjárf.lánasjóðum	-	-	-	-	-	-	-	-2 140	**-**
hjá öðrum	225	107	8	45	105	215	10	-	**8 300**
Tekin lán	200	130	25	50	100	-	-	- 838	**16 624**
hjá Framkvæmdasjóði	-	130	25	-	-	-	-	- 630	**-**
hjá bankakerfi	-	-	-	-	-	-	-	-	**-**
hjá lífeyrissjóðum	200	-	-	-	-	-	-	-	**11 285**
hjá öðrum innl. aðilum	-	-	-	-	-	-	-	- 208	**1 239**
erlend lán	-	-	-	50	100	-	-	-	**4 100**
Hlutafé	-	-	-	-	-	-	-	-	**-**
Framlög og skatttekjur	-	10	-	-	-	90	654	-	**2 957**
frá ríkissjóði	-	10	-	-	-	-	614	-	**1 872**
frá sveitarfélögum	-	-	-	-	-	90	-	-	**298**
frá öðrum	-	-	-	-	-	-	40	-	**787**
Aðrar tekjur	20	10	-	5	5	-	-	-	**535**
Útstreymi:	**760**	**295**	**60**	**360**	**300**	**670**	**669**	**-6 391**	**37 400**
Sjóðsaukning	-	17	-	7	-	-	-	-	**44**
Rekstrarkostnaður	13	5	3	8	20	20	13	-	**1 273**
Fjárfesting	-	-	-	-	3	-	-	-	**93**
Greiddar afborganir	328	72	20	90	-	107	248	-3 413	**7 939**
til ríkissjóðs	-	-	-	-	-	-	-	-	**696**
til bankakerfis	-	23	-	-	-	-	-	-	**2 457**
til lífeyrissjóða	294	-	-	-	-	-	-	-	**2 086**
til Framkvæmdasjóðs	34	49	20	3	-	107	-	-3 200	**-**
til Byggingarsj. ríkisins	-	-	-	-	-	-	-	- 213	**-**
til Iðnþróunarsjóðs	-	-	-	-	-	-	-	-	**-**
til Seðlabanka	-	-	-	-	-	-	248	-	**251**
til annarra innl. aðila	-	-	-	-	-	-	-	-	**70**
til erlendra aðila	-	-	-	87	-	-	-	-	**2 379**
Greiddir vextir	99	86	10	20	67	48	32	-2 140	**7 858**
til ríkissjóðs	-	-	-	-	-	-	-	-	**419**
til bankakerfis	-	-	-	-	35	-	-	-	**1 133**
til lífeyrissjóða	82	-	-	-	-	-	-	-	**2 907**
til Framkvæmdasjóðs	17	86	10	3	32	48		-1 800	**-**
til Byggingarsj. ríkisins	-	-	-	-	-	-	-	- 340	**-**
til Iðnþróunarsjóðs	-	-	-	-	-	-	-	-	**-**
til Seðlabanka	-	-	-	-	-	-	32	-	**34**
til annarra innl. aðila	-	-	-	-	-	-	-	-	**229**
til erlendra aðila	-	-	-	17	-	-	-	-	**3 136**
Hlutafjárkaup	-	-	-	-	30	-	-	-	**80**
Endurgreidd stofnframlög	-	-	-	-	-	-	-	-	**55**
Veitt lán og styrkir	320	115	27	235	180	495	376	- 838	**20 058**
til fjárfestingarsjóða	-	-	-	-	-	-	-	- 838	**-**
til fyrirt. og einstaklinga	320	115	27	235	180	495	376	-	**20 058**

Sþ. 70. Fyrirspurn [70. mál]

til fjármálaráðherra um samningaviðræður við EB.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

Hvað liggur að baki staðhæfingar í greinargerð með fjárlagafrumvarpi (bls. 276) varðandi utanríkisráðuneytið þar sem segir: „Ljóst er að á næsta ári munu hefjast umfangsmiklar samningaviðræður við Evrópubandalagið . . .“?

Hefur ríkisstjórnin þegar tekið afstöðu til samningaviðræðna við EB?

Sþ. 71. Tillaga til þingsályktunar [71. mál]

um athugun á varðveislu ljósvakaefnis.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Friðjón Þórðarson, Friðrik Sophusson, Pálmi Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því hvernig best verði staðið að skipulegri varðveislu ljósvakaefnis sem hafi menningarsögulegt gildi eða geti verið mikilvægt fyrir rannsóknir næstu kynslóða á sögu lands og þjóðar.

Greinargerð.

Heimildir um íslenska sögu fyrri alda er ekki síst að finna í alls kyns prentuðu eða skrifuðu máli. Sendibréf, minnisblöð, dagbækur og fleira þess háttar hafa verið ómetanlegar heimildir við skrásetningu sögu þjóðarinnar eða einstakra persóna. Þótt nú sé mikið gefið út af alls kyns prentuðu máli hafa samt ýmsir áhyggjur af því að það geti verið nokkuð gloppótt sem heimild til sagnaritunar fyrir þær kynslóðir sem á eftir koma.

Það færist stöðugt í vöxt að minnisblöð, orðsendingar og annað efni af ýmsu tagi sé sent með tölvum á milli manna og hverfi síðan. Mjög mikið efni er flutt á öldum ljósvakans í sjónvarpi eða útvarpi og mest af því hverfur og gleymist. Gífurlegar heimildir liggja í margs konar útvarps- og sjónvarpsefni og engin trygging er fyrir því að slíkt efni sé varðveitt. Þar ræður mestu um hvort innan einstakra stofnana sé áhugi á slíkri heimildasöfnun. Gefur auga leið að það er tilviljunum háð. Engar reglur eru til um hvað beri að geyma né hver eigi að varðveita það. Ríkisútvarpið á allgott safn af ljósvakaefni, en þó er ljóst að margs konar efni hefur glatast, m.a. margt áhugavert sjónvarpsefni. Flutningsmönnum er ekki kunnugt um hvernig geymslu er háttað hjá öðrum ljósvakamiðlum.

Þingsályktunartillaga þessi er flutt til að það verði kannað með skipulegum hætti hvernig varðveislu ljósvakaefnis verði best hagað. Er ljóst að það má ekki lengur vera tilviljunum háð hvað af slíku efni sé varðveitt, hver varðveiti og hvernig háttað sé aðgangi að slíku efni. Á að leggja varðveisluskyldu á einstakar stofnanir? Á að koma upp sérstöku ljósvakasafni, t.d. í tengslum við væntanlega þjóðarbókhlöðu eða þjóðskjalasafn? Hver á að meta hvað beri að varðveita og hvað fari í glatkistuna? Er þörf sérstakrar lagasetningar í þessu sambandi? Þetta eru dæmi um spurningar sem leita þarf svara við og er sá tilgangur þessarar þingsályktunartillögu að mál þetta verði athugað og tillögur samdar í kjölfar slíkrar athugunar.

Sþ. 72. Fyrirspurn [72. mál]

til menntamálaráðherra um sparnað í menntamálum.

Frá Birgi Ísl. Gunnarssyni.

Fyrirhugað var að lækka útgjöld til menntamála á þessu ári um 4% frá því sem fjárlög gerðu ráð fyrir. Á hvaða liðum hefur verið sparað? Óskað er nákvæmrar sundurliðunar.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 73. Fyrirspurn [73. mál]

til fjármálaráðherra um styrki til blaðaútgáfu.

Frá Birgi Ísl. Gunnarssyni.

Hvaða aðilar hafa fengið styrki til blaðaútgáfu á þessu ári samkvæmt fjárlagalið 09-999-118 (styrkur til blaðaútgáfu 50 millj. kr.)?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 74. Svar [40. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Kristínu Einarsdóttur um undirbúning starfsleyfis fyrir nýtt álver í Straumsvík.

1. *Hvaða niðurstöður liggja nú fyrir vegna undirbúnings að starfsleyfi fyrir nýja álbræðslu í Straumsvík?*

Óformlegar viðræður hafa átt sér stað milli heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og Hollustuverndar ríkisins annars vegar og iðnaðarráðuneytisins hins vegar um starfsleyfi fyrir nýja álbræðslu í Straumsvík. Rætt hefur verið um þær kröfur, sem heilbrigðisyfirvöld telja eðlilegt að gerðar verði til nýrrar álbræðslu, svo sem um magn flúors og brennisteinstvíildis, ryk og förgun eða endurvinnslu kerbrota. Ráðuneytið hefur gert iðnaðarráðuneytinu grein fyrir þessum atriðum í samræmi við mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989, sem öðlast gildi frá og með 1. janúar nk. Hefur verið bent á hvaða rannsóknir þurfi að gera til þess að hægt verði að ganga frá starfsleyfi berist umsókn og jafnframt hvaða fyrri rannsóknir á svæðinu sé hugsanlega hægt að nota í sambandi við mat á áhrifum nýrrar álbræðslu. Hefur þegar verið haft samband við norska fyrirtækið Nilu um gerð dreifingarspár vegna hugsanlegrar dreifingar mengunarefna frá nýju álveri. Enn fremur hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að meta áhrif á gróðurfar og hefur þegar verið haft samband við Líffræðistofnun Háskóla Íslands í þeim tilgangi.

Það er skoðun ráðuneytisins að ákvörðun um byggingu nýs álvers í Straumsvík hljóti að verða tekin á Alþingi, þar sem ríkisstjórninni yrði veitt heimild til þess að semja um rekstur nýrrar álbræðslu á sama hátt og gert hefur verið í öðrum hliðstæðum tilvikum. Um mengunarvarnir gilda hins vegar sérstök lög, sbr. lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og

heilbrigðiseftirlit, og mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989. Samkvæmt henni ber að sækja um sérstakt starfsleyfi til heilbrigðisráðherra og fer að sjálfsögðu um afgreiðslu þess eins og um afgreiðslu annarra starfsleyfa samkvæmt þeirri reglugerð, óháð því hvort fyrir liggur sérstök löggjöf um heimild til rekstrarins.

2. *Hvaða kröfur telur ráðherra að gera þurfi til mengunarvarna frá nýju álveri á þessum stað?*

Að mati ráðuneytisins þarf að gera þær kröfur sem almennt eru gerðar vegna rekstrar nýrra álvera í heiminum í dag. Þessar kröfur hljóta að verða í samræmi við mengunarvarnareglugerð nr. 389/1989, en þar er kveðið á um flesta þá þætti sem hér koma til álita og skal sérstaklega bent á viðauka 3 með reglugerðinni, þar sem fjallað er um viðmiðunarmörk fyrir hámarksmengun andrúmslofs, en þar er m.a. fjallað um brennisteinstvíildi, köfnunarefnistvíildi, kolsýring, svifryk og fallryk. Fylgir áðurnefnd reglugerð hér með í sérprentun.

Að mati ráðuneytisins þarf fyrst og fremst að taka á fjórum þáttum í sambandi við ytri mengunarvarnir frá nýju álveri, en þeir eru magn flúors, brennisteinstvíildis og ryks og endurvinnsla eða förgun kerbrota, en þessir þættir eru öðrum fremur einkennandi fyrir mengun frá álverum. Gera verður ráð fyrir þurrhreinsibúnaði, þannig að magn flúors ætti að vera í lágmarki og í samræmi við það sem nútíma mengunarvarnir bjóða best. Um brennisteinstvíildið gilda eins og áður segir ákveðnar viðmiðunarreglur og vísast til þeirra og hið sama er að segja um ryk. Varðandi kerbrot hlýtur ráðuneytið að leggja áhersiu á endurvinnslu eða endurnýtingu þeirra og hefur til þessa ekki verið rætt um aðrar leiðir.

3. *Hefur það einhver áhrif á starfsleyfi og þar með kröfur til mengunarvarna, hvort um verður að ræða stækkun núverandi álvers eða sjálfstæða verksmiðju?*

Nei.

4. *Hvaða umræður og athuganir hafa farið fram á mengunarvörnum í rafskautaverksmiðju í Straumsvík?*

Engar umræður eða athuganir hafa farið fram á mengunarvörnum í rafskautaverksmiðju í Straumsvík svo ráðuneytinu sé kunnugt, enda hafa engar formlegar viðræður átt sér stað um rekstur slíkrar verksmiðju og engin umsókn borist ráðuneytinu þar að lútandi. Ráðuneytinu er heldur ekki kunnugt um áform um að reisa rafskautaverksmiðju í tengslum við mögulega stækkun álversins í Straumsvík eða nýtt álver þar, en sé það ætlunin ber að senda umsókn um slíkt í samræmi við áðurnefnda mengunarvarnareglugerð og yrði tekið á þeim rekstri sem sjálfstæðum verksmiðjurekstri.

Ed. 75. Frumvarp til laga [74. mál]

um breyting á lánsfjárlögum fyrir árið 1989, nr. 12/1989.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 1. gr. laganna:

a. Í stað „5.135.000“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: 6.035.000.
b. Í stað „5.300.000“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: 11.300.000.
c. Við bætist ný málsgrein svohjóðandi:

Fjármálaráðherra er heimilt að endurlána Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina allt að 900.000 þús. kr. af þeirri fjárhæð sem um getur í 1. málsl. 1. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Í stað „900.000“ í 7. gr. laganna komi: 1.000.000.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að heimild ríkissjóðs til erlendrar lántöku á árinu 1989 verði aukin um 900 m.kr., en innlend lántökuheimild um 6.000 m.kr. Gert er ráð fyrir að erlend lántaka til viðbótar verði notuð til að endurlána Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina. Aukin innlend lántaka verður notuð til að fjármagna halla ríkissjóðs á árinu 1989.

Fjárlög voru afgreidd með 636 m.kr. tekjuafgangi. Nú er hins vegar útlit fyrir að gjöld verði um 4,7 milljarðar króna umfram tekjur. Auk þess er útlit fyrir að innlausn spariskírteina verði um 400 m.kr. meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Í heild verður lánsfjárþörf ríkissjóðs um 6 milljörðum króna meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Hér er leitað heimildar til að fjármagna þessa lánsfjárþörf að fullu á innlendum lánamarkaði.

Áætlað er að 11,3 milljarða króna innlend lánsfjárþörf á árinu verði uppfyllt þannig að spariskírteini verði seld fyrir 6 milljarða króna, að ríkisvíxlar verði seldir fyrir 3,8 milljarða umfram innlausn og að önnur innlend lántaka nemi um einum og hálfum milljarði króna. Í lok september höfðu spariskírteini verið seld fyrir 3,2 milljarða króna, en auk þess hefur almenningur skráð sig í áskrift fyrir um 200 m.kr. í viðbót fram til áramóta. Í byrjun október komu til lokainnlausnar spariskírteini sem með vöxtum og verðbótum nema um tveimur og hálfum milljarði króna. Brýnt er að ríkissjóði takist að selja ný spariskírteini í ríkum mæli á móti þessari innlausn. Í lok september höfðu verið seldir ríkisvíxlar fyrir um 4,1 milljarða króna umfram innlausn frá áramótum. Innlausn spariskírteina frá áramótum til loka september nam um 1,3 milljörðum króna. Samtals höfðu því verið seld spariskírteini og ríkisvíxlar umfram innlausn fyrir um 6 milljarða króna, en nú er stefnt að því að sala þeirra umfram innlausn verði 6,3 milljarðar króna á árinu.

Ákveðið hefur verið að Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina hætti að taka við lánsumsóknum um áramót. Stefnt er að því að hann ljúki afgreiðslu umsókna á fyrstu mánuðum næsta árs. Í framhaldi af því mun stjórn sjóðsins hætta störfum og verður sjóðnum komið til vörslu í starfandi banka eða lánastofnun. Með þessum hætti verður staðið við það fyrirheit að starfsemi Atvinnutryggingarsjóðs yrði aðeins tímabundin.

Til að Atvinnutryggingarsjóður geti lokið lánveitingum og skuldbreytingum er nauðsynlegt að honum verði tryggt sem fyrst viðbótarfjármagn. Ekki þykir rétt að aukið verði við framlag ríkissjóðs frá því sem ákveðið var við stofnun sjóðsins þar sem starfsemi sjóðsins felst í lánveitingum og skuldbreytingum hjá atvinnufyrirtækjum. Því er farin sú leið að taka viðbótarlán fyrir starfsemi sjóðsins. Hér er leitað heimildar fyrir 900 m.kr. lántöku í þessu skyni. Lántakandi verði ríkissjóður og endurláni hann Atvinnutryggingarsjóði, enda er með þeim hætti tryggð skjót afgreiðsla og bestu lánskjör. Sú fjárhæð, sem hér um ræðir, er byggð á áætlun og því ekki vitað með vissu hvort nauðsynlegt mun reynast að nýta heimildina að fullu.

Síðastliðið vor heimilaði ríkisstjórnin Byggðastofnun erlenda lántöku að fjárhæð 100 m.kr. til að endurlána eigendum smábáta sem lent höfðu í greiðsluerfiðleikum. Hér er leitað staðfestingar Alþingis á þeirri heimild.

Nd. 76. Frumvarp til laga [75. mál]

um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

1. gr.

Eigendur fasteigna, sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, skulu á árinu 1990 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs.

2. gr.

Skattskylda hvílir á aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, auk þess bönkum og sparisjóðum og innlánsstofnunum.

3. gr.

Stofn til sérstaks eignarskatts skal vera fasteignamatsverð í árslok 1989 á fasteign sem nýtt er við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádregnu afgjaldskvaðarverðmæti leigulóðar sem skal telja sem stofn hjá eiganda hennar.

Ef fasteignamatsverð er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.

4. gr.

Við ákvörðun á því hvaða eignir myndi stofn til sérstaks eignarskatts skal miða við raunverulega notkun fasteignanna í árslok 1989.

Sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annars, skal við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

5. gr.

Með skattframtali 1990 skal fylgja skrá yfir eignir sem falla undir lög þessi ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatsverð þeirra, eða eftir atvikum kostnaðarverð í árslok 1989. Enn fremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra svo og upplýsingar um rúmmál eigna sem um er getið í 2. mgr. 4. gr.

Aðilar, sem skattskyldir eru skv. 2. gr. laga þessara en undanþegnir eru tekjuskatts- og eignarskattsskyldu, skulu fyrir 31. maí 1990 skila skrám skv. 1. mgr. til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

6. gr.

Sérstakur eignarskattur skal nema 1,5% af skattstofni skv. 3. gr. Skattinn skal leggja á í heilum tugum króna þannig að lægri fjárhæð en 10 krónum sé sleppt.

Sérstakan eignarskatt, sem ekki nær 4.000 kr., skal fella niður við álagningu.

7. gr.

Ákvæði VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um álagningu og innheimtu sérstaks eignarskatts eftir því sem við á nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

8. gr.

Skatt samkvæmt lögum þessum má draga frá tekjum rekstrarársins 1989 sem rekstrarútgjöld við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1990. Þá er skatturinn til frádráttar eignum við ákvörðun eignarskatts samkvæmt lögum nr. 75/1981, eftir reglum lokaákvæðis 1. mgr. 76. gr. þeirra laga.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1990.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði var lagður á í fyrsta sinn á árinu 1979. Hefur skatturinn síðan verið lagður á árlega samkvæmt sérstökum lögum sem gilt hafa fyrir eitt ár í senn. Í ár fer um álagningu og innheimtu hans eftir lögum nr. 100/1988. Í endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 1989 er áætlað að innheimtar tekjur af skattinum verði um 330 millj. kr. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1990 er gert ráð fyrir að framhald verði á skattlagningu þessari. Af þessum sökum er í frumvarpi þessu lagt til að ákvæði efnislega samhljóða lögum nr. 100/1988 verði lögfest vegna álagningar opinberra gjalda 1990. Í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 1990 er gert ráð fyrir að álagning skattsins nemi um 500 millj. kr. en innheimta 405 millj. kr. að meðtalinni innheimtu af eftirstöðvum fyrri ára.

Nd. 77. Frumvarp til laga [76. mál]

um breyting á lögum nr. 14/1965, um launaskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 3. gr. laganna:

a. 1. mgr. 3. gr., sbr. 7. gr. laga nr. 3/1986, orðist svo:

Hver almanaksmánuður er uppgjörstímabil launaskatts. Gjalddagi launaskatts er 1. dagur næsta mánaðar á eftir uppgjörsmánuði, vegna launa í uppgjörsmánuði, og eindagi 14 dögum síðar. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist eindagi á næsta virkan dag á eftir. Launagreiðandi skal ótilkvaddur greiða skattinn innheimtumanni ríkissjóðs, í Reykjavík tollstjóra. Greiðslunni skal fylgja greinargerð launagreiðanda um launagreiðslur hans í uppgjörsmánuðinum. Greinargerðin skal vera í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

b. Orðin „mánuðina nóvember og“ í 2. málsl. 3. mgr. 3. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 5/1982, falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990 og koma til framkvæmda í fyrsta sinn vegna launaskatts sem greiða ber af launum er greidd eru fyrir janúarmánuð 1990.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt núgildandi lögum um launaskatt, nr. 14/1965, með síðari breytingum, er launaskattur innheimtur á tveggja mánaða fresti og þá fyrir tvo mánuði í senn. Samkvæmt þessu eru gjalddagar launaskatts sex á hverju ári. Gjalddagi vegna launa, sem greidd eru fyrir mánuðina janúar og febrúar, er 15. mars, fyrir mánuðina mars og apríl 15. maí, fyrir mánuðina maí og júní 15. júlí, fyrir mánuðina júlí og ágúst 15. september, fyrir mánuðina september og október 15. nóvember og fyrir mánuðina nóvember og desember 15. janúar. Eindagi er mánuði eftir gjalddaga.

Samkvæmt þessu frumvarpi er gerð tillaga um að launaskattur verði framvegis innheimtur í hverjum mánuði líkt og gildir um staðgreiðsluskatt af launum, enda er skattstofninn svo að segja sá sami. Með þessu móti yrðu gjalddagar launaskatts tólf á hverju ári í stað sex. Þessi breyting á innheimtu launaskatts mun gera hana mun virkari og eftirlit jafnframt auðveldara. Einnig fylgir þessu ótvírætt bókhaldslegt hagræði fyrir fyrirtækin, enda þótt mörg þeirra kynnu að sakna þess að hafa skattinn ekki lengur í veltunni. Hins vegar má benda á að það þjónar ekki hagsmunum hins almenna skattborgara að geyma fé frekar hjá fyrirtækjunum en ríkissjóði. Gera má ráð fyrir því að við þessa breytingu batni greiðslustaða ríkissjóðs á næsta ári um 200 milljónir króna. Jafnframt má benda á að þessi breyting er mikilvægt skref í þá átt að samræma stofn og innheimtukerfi launaskatts við stofn og innheimtukerfi staðgreiðslu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt þessari grein er gerð tillaga um að gjalddögum launaskatts verði fjölgað frá því sem nú er. Gert er ráð fyrir því að launaskatti verði skilað mánaðarlega í stað þess að honum verði skilað á tveggja mánaða fresti. Jafnframt er gerð tillaga um að gjalddagi launaskatts verði 1. dagur næsta mánaðar eftir uppgjörsmánuð og eindagi skattsins 14 dögum síðar.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir því að breyting á gjalddögum launaskatts gildi frá og með janúarmánuði 1990. Samkvæmt þessu verða launaskattsskyldir aðilar að greiða launaskatt vegna launa sem greidd eru fyrir janúarmánuð 1990, eigi síðar en 15. febrúar 1990.

Sþ. 78. Fyrirspurn [77. mál]

til fjármálaráðherra um launagreiðslur úr ríkissjóði.

Frá Unnari Þór Böðvarssyni.

1. Hverjar voru heildarlaunagreiðslur ríkissjóðs frá janúarbyrjun til septemberloka 1989 og hverjar eru áætlaðar heildarlaunagreiðslur fyrir allt árið?
2. Hversu margir fengu laun greidd og hversu margir þeirra voru í fullu starfi?
3. Hverjar voru greiðslur til starfsmanna ríkisins í október 1989 sundurliðað eftir:
   a. stéttarfélögum,
   b. heildarlaunum,
   c. dagvinnulaunum,
   d. yfirvinnulaunum?

Jafnframt er óskað eftir að sýnd verði dreifing heildarlauna í október 1989 á 10 þús. kr. launabil fyrir hvert stéttarfélag.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 79. Fyrirspurn [78. mál]

til menntamálaráðherra um ráðningu kennara (farkennara) í list- og verkmenntagreinum, heimilisfræðum og íþróttum.

Frá Unnari Þór Böðvarssyni.

1. Hversu oft hafa fræðslustjórar eða menntamálaráðherra heimilað fámennum grunnskólum að ráða sameiginlega kennara í fasta stöðu (farkennara) til að annast kennslu í:
   a. list- og verkmenntagreinum,
   b. heimilisfræðum,
   c. íþróttum?
2. Í hvaða fræðsluumdæmum hafa slíkir kennarar verið ráðnir?
3. Í hve mörg ár hefur ráðning slíkra kennara verið notuð til að leysa kennaravanda fámennra skóla í fyrrnefndum námsgreinum?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 80. Fyrirspurn [79. mál]

til fjármálaráðherra um eignarskatta.

Frá Hreggviði Jónssyni.

1. Hvernig skiptust álagðir eignarskattar 1989 milli einstakra kjördæma?
2. Hvernig skiptist álagning þeirra í hverju kjördæmi fyrir sig milli:
   A. fyrirtækja,
   B. einstaklinga:
      a. hjóna,
      b. einhleypinga?

   Einnig er beðið um upplýsingar um fjölda í hverjum hópi fyrir sig.

Skriflegt svar óskast.

Nd. 81. Frumvarp til laga [80. mál]

um breytingu á lögum nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi Íslands.

Flm.: Ólafur Þ. Þórðarson, Árni Gunnarsson, Matthías Bjarnason, Alexander Stefánsson, Kristinn Pétursson, Hreggviður Jónsson, Geir Gunnarsson.

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Fiskiskip frá Færeyjum og Grænlandi eru undanþegin ákvæðum síðari málsliðar 1. mgr. og ákvæðum 2. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur frumvarps þessa er að undanþiggja færeysk og grænlensk fiskiskip ákvæðum 65 ára gamalla laga sem banna erlendum fiskiskipum að landa afla sínum í íslenskum höfnum nema með sérstöku leyfi ráðherra.

Mál þetta varðar þannig samskipti okkar Íslendinga við aðrar þjóðir, í þessu dæmi næstu nágranna okkar, Færeyinga og Grænlendinga. Lagt er til að fiskiskip þessara þjóða njóti jafnréttis á við íslensk fiskiskip að því er varðar löndun afla í íslenskum höfnum.

Samskipti okkar við Færeyinga og Grænlendinga hafa stóraukist undanfarin ár en fyrir áratug voru þau næsta lítil. Algengt var fyrir örfáum árum að menn gerðu lítið úr því að við gætum haft nokkurn merkjanlegan hag af samskiptum við þessar smáþjóðir. En annað hefur komið í ljós. Þótt samanlagður íbúafjöldi þessara landa sé tæpur helmingur íbúatölu Íslands hefur komið í ljós að þar er að finna mikilvæga markaði fyrir íslenskar iðnaðarvörur, m.a. vegna þess að vinátta þessara þjóða í okkar garð er einlæg og þær velja viðskipti við okkur frekar en við aðra að öðru jöfnu. Þessi viðskipti vaxa sífellt og má í því sambandi benda á aukinn þátt Flugleiða í að tryggja samgöngur við þessi lönd og vaxandi umsvif íslenskra verktakafyrirtækja í löndunum tveimur.

Áframhaldandi uppbygging þessa samstarfs er eðlileg og væntanlega beggja hagur. Það er hagkvæmt bæði fyrir Grænlendinga og Færeyinga í mörgum tilvikum að landa afla sínum á Íslandi. Má þar nefna rækjuskip, loðnuskip o.s.frv. Afli þessara skipa og þjónusta við þau getur skapað aukna atvinnu í íslenskum sjávarþorpum og einhliða aðgerð af þessu tagi af okkar hálfu er til þess fallin að auka vináttuna, efla samstarfið og auka viðskiptin á öllum sviðum Íslendingum, Færeyingum og Grænlendingum til hagsbóta.

Sþ. 82. Fyrirspurn [81. mál]

til landbúnaðarráðherra um niðurgreiðslur úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins.

Frá Agli Jónssyni.

1. Telur landbúnaðarráðherra heimilt að verja fé úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins til niðurgreiðslu á búvörum á innanlandsmarkaði eins og gert er ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1990?
2. Ef svo er, hversu miklu fjármagni er fyrirhugað að verja úr Framleiðnisjóði til niðurgreiðslu á þeim 600 tonnum kindakjöts sem sjóðnum er ætlað að tryggja sölu á samkvæmt fjárlagafrumvarpi? Er sjóðurinn fær um að annast þá greiðslu?

Sþ. 83. Fyrirspurn [82. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um fæðingarorlof.

Frá Láru V. Júlíusdóttur.

1. Hver var heildarfjöldi fæðinga hér á landi árin 1986, 1987, 1988 og fram til 1. október 1989?
2. Hvað voru greiðslur fæðingarorlofs háar árið 1986, 1987, 1988 og fram til 1. október 1989?
3. Hve margar konur fengu greitt fæðingarorlof frá Tryggingastofnun ríkisins þetta tímabil?
4. Hve margir karlar fengu fæðingarorlof á sama tíma?

5. Hvernig skiptust greiðslur fæðingarorlofs í flokka eftir atvinnuþátttöku foreldra, eftir fjölda bótaþega og fjárhæðum greiðslna?
6. Hve mörgum foreldrum hefur verið synjað um greiðslu fæðingarorlofs frá Tryggingastofnun ríkisins framangreint tímabil?

Sþ. 84. Fyrirspurn [83. mál]

til fjármálaráðherra um barnsburðarleyfi.

Frá Láru V. Júlíusdóttur.

1. Hve margar konur í starfi hjá ríkinu fengu fæðingarorlof árin 1986, 1987, 1988 og fram til 1. október 1989?
2. Hve háar fjárhæðir greiddi ríkissjóður vegna fæðingarorlofs árin 1986, 1987, 1988 og fram til 1. október 1989?
3. Hve margar konur nýttu sér rétt til að taka lengra barnsburðarleyfi framangreint tímabil skv. 5. gr. reglugerðar um barnsburðarleyfi?

Sþ. 85. Fyrirspurn [84. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um framkvæmd laga um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. 87/1989, um niðurlagningu sjúkrasamlaga.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hvað líður undirbúningi að yfirtöku Tryggingastofnunar ríkisins á starfsemi sjúkrasamlaga?
2. Hvað líður undirbúningi í Reykjavík?
3. Hvar er fyrirhugað að starfsemin í Reykjavík fari fram?
4. Hvernig verður staða starfsmanna Sjúkrasamlags Reykjavíkur að því er tekur til ráðningar og launakjara frá 1. janúar 1990?
5. Er tryggt að Reykvíkingar njóti jafngóðrar þjónustu og verið hefur eftir breytinguna?

Sþ. 86. Fyrirspurn [85. mál]

til menntamálaráðherra um framkvæmd laga um Listskreytingasjóð ríkisins, nr. 34/1982.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hvernig hefur ákvæðum um listskreytingar opinberra bygginga verið fylgt frá setningu laganna um Listskreytingasjóð?
2. Hvert hefur framlag ríkisins verið:
   a. 1983,
   b. 1984,
   c. 1985,
   d. 1986,
   e. 1987,
   f. 1988,
   g. 1989?
3. Hve miklu hefur verið veitt úr sjóðnum og til hvaða listaverka?
4. Hvað líður endurskoðun á lögunum sem fara átti fram að fimm árum liðnum frá setningu þeirra?

Nd. 87. Frumvarp til laga [86. mál]

um jarðhitaréttindi.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Geir Gunnarsson,
Guðrún Helgadóttir, Ragnar Arnalds.

I. KAFLI

1. gr.

Landareign hverri, sem háð er einkaeignarrétti, fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á og undir yfirborði hennar í allt að 100 metra dýpi.

Landeiganda er rétt að bora eftir og hagnýta sér jarðhita með þeim takmörkunum sem lög þessi tilgreina.

2. gr.

Með rétti til umráða og hagnýtingar jarðhita samkvæmt lögum þessum fylgir réttur til uppleystra efna og gastegunda sem heitu vatni og gufu fylgja.

3. gr.

Nú eiga fleiri en einn rétthafi heimild til að hagnýta jarðhita úr sama jarðhitasvæði, þannig að ekki verði aðskilið þegar hagnýtt er, og skal þá skera úr því með mati dómkvaddra matsmanna á hvern hátt hagkvæmast er að hagnýta jarðhitann og hver sé hlutfallslegur réttur hvers þeirra til hans.

Ef rétthafar verða ekki ásáttir að öðru leyti um rétt til hagnýtingar jarðhita skal á sama hátt úr því skorið með mati.

4. gr.

Nú vill jarðeigandi ekki leggja í neinn kostnað til hagnýtingar jarðhita á jörðinni og er þá ábúanda heimilt að hagnýta hann á sinn kostnað, þó þannig að hann spilli ekki jörð að neinu leyti. Ekki má byrja á verkinu fyrr en það hefur verið skoðað af matsmönnum samkvæmt ábúðarlögum og þeir talið það réttmætt. Ekki er jarðeigandi skyldur til, þegar svo stendur á sem í grein þessari segir, við brottför ábúanda að innleysa þau mannvirki er ábúandi hefur gert til hagnýtingar jarðhita, önnur en þau sem gerð hafa verið til heimilis- og búsþarfa.

5. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra, sbr. þó 3. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976. Um sölu jarða er jarðhitaréttindi fylgja fer eftir ákvæðum jarðalaga, þó þannig að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum sem hann er veittur með þeim lögum. Nú hefur sveitar- eða bæjarfélag notað forkaupsrétt sinn til slíkra jarðeigna, en selur aftur, og skal þá ríkissjóður eiga forkaupsrétt er svo stendur á.

II. KAFLI

6. gr.

Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur dýpra en 100 metra undir yfirborði landareigna skv. 1. mgr. 1. gr.

Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur utan landareigna skv. 1. mgr. 1. gr.

7. gr.

Óheimilt er að bora eftir eða hagnýta jarðhita skv. 6. gr. nema með leyfi ráðherra skv. 9. eða 10. gr.

8. gr.

Sá sem borað hefur eftir jarðhita og byrjað hagnýtingu hans með réttri heimild fyrir 1. janúar 1990 hefur rétt til notkunar þess jarðhita áfram án sérstaks leyfis og án greiðslu leyfisgjalds skv. 12. gr. Hann skal og hafa forgangsrétt til frekari borana og hagnýtingar jarðhitans á því jarðhitasvæði til sama fyrirtækis.

9. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum aðilum leyfi til rannsókna, þar með taldar boranir á afmörkuðum jarðhitasvæðum hvar sem er á landi hér. Slík leyfi nefnast jarðhitarannsóknaleyfi og skulu vera til fyrir fram ákveðins tíma.

10. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum aðilum leyfi til nýtingar jarðhita á afmörkuðu jarðhitasvæði hvar sem er á landi hér. Slík leyfi kallast jarðhitaleyfi.

Rétt er ráðherra að krefjast þess að umsóknum um leyfi skv. 9. og 10. gr. fylgi ítarlegar upplýsingar um umsækjandann, fyrirhugaðar rannsóknir hans og jarðhitanýtingu.

11. gr.

Sveitarfélag, sem á land á jarðhitasvæði við gildistöku laga þessara, skal hafa forgangsrétt til jarðhitarannsóknaleyfis og jarðhitaleyfis skv. 9. og 10. gr. á landi sínu og vera undanþegið leyfisgjaldi skv. 12. gr.

12. gr.

Í leyfi skv. 9. og 10. gr. skulu greind þau skilyrði sem leyfishafa eru sett, þar á meðal um gildistíma leyfis, skýrslugjöf leyfishafa, skyldu hans til að hlíta eftirliti og greiða kostnað af því, um öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir og greiðslu leyfisgjalds.

Við ákvörðun leyfisgjalds skal m.a. taka tillit til verðmætis orkunnar fyrir leyfishafa eða notanda, kostnaðar við orkuöflun með öðrum hætti svo og kostnaðar við öflun og afhendingu orkunnar til notanda.

Áður en leyfi skv. 9. og 10. gr. er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar. Jafnframt skal leita umsagnar Náttúruverndarráðs skv. 29. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd.

13. gr.

Ráðherra getur heimilað þeim sem fengið hefur leyfi skv. 9. eða 10. gr. að taka eignarnámi lönd, mannvirki, rétt til jarðhita skv. 1. mgr. 1. gr. og önnur verðmæti og réttindi sem nauðsynleg eru til rannsókna og nýtingar jarðhitans, þar með talin dreifing jarðvarmans.

Ráðherra getur enn fremur heimilað að jarðhiti sé tekinn eignarnámi í vinnsluskyni eða til að afstýra því að borun á jarðhitasvæði spilli verðmæti hagnýtingar sem hafin er á jarðhita í námunda við svæðið.

Um eignarnám samkvæmt þessari grein skal fara að lögum um framkvæmd eignarnáms og 140. gr. vatnalaga, nr. 15/1923.

14. gr.

Til rannsókna, hagnýtingar eða hvers konar ráðstöfunar á jarðhita á jörðum í opinberri eigu og öðru ríkiseignalandi þarf leyfi ráðherra skv. 9. eða 10. gr., sbr. þó 2. mgr. 4. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, og 3. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976.

III. KAFLI

15. gr.

Óheimilt er að spilla jarðhitasvæðum hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti svo og að breyta farvegi þess vatns er frá jarðhitasvæði rennur, nema talið sé nauðsynlegt að mati dómkvaddra matsmanna til varnar landi eða landsnytjum eða til þeirrar hagnýtingar jarðhita sem heimil er að lögum.

16. gr.

Mannvirki öll til hagnýtingar jarðhita skulu þannig úr garði gerð að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns, nema skylt sé að hlíta samkvæmt sérstakri heimild.

17. gr.

Skylt er umráðamanni að girða jarðhitasvæði sem hætta stafar af. Þó skal nægilegt að merkja slík svæði sem eru fjarri byggð með aðvörunarmerkjum.

18. gr.

Við allar jarðboranir dýpri en 10 metra skal halda dagbók er gefi upplýsingar um jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna, hitastig og hvað annað sem reglugerð ákveður eða Orkustofnun mælir fyrir um að færa í dagbók.

Skylt er að láta Orkustofnun í té afrit af dagbók þegar hún óskar þess. Hún getur einnig krafist þess að boranir og berg- og jarðvegssýnishorn séu varðveitt.

Ef Orkustofnun mælir svo fyrir er þeim sem lætur bora skylt að tilkynna henni þegar í stað er heitt vatn eða gufa kemur eða vex í borholu.

19. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi III. og VII. kafli orkulaga, nr. 58 1967.

Greinargerð.

Hliðstætt frumvarp hefur áður verið flutt af þingmönnum Alþýðubandalagsins í neðri deild en varð ekki útrætt. Það var fyrst lagt fram á 105. löggjafarþingi 1983 og þá sem stjórnarfrumvarp.

Hvati að undirbúningi málsins var m.a. ákvæði í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar frá 1. september 1978 þess efnis að djúphiti í jörðu skuli vera þjóðareign.

Eins og fram kemur síðar í greinargerðinni hafa ýmsar tilraunir verið gerðar til að setja heildarlög um jarðhita allt frá árinu 1937 að telja. Á tíma ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar 1971–74 beitti Magnús Kjartansson, þáverandi iðnaðarráðherra, sér fyrir flutningi frumvarps til laga um breytingu á orkulögum, nr. 58/1967, varðandi rétt ríkisins til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum. Var frumvarp um þetta efni flutt sem stjórnarfrumvarp á þingunum 1972 og 1973 og á sumarþinginu 1974 og síðan af Magnúsi Kjartanssyni o.fl. sem þingmannafrumvarp þrívegis 1974–76, en hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu.

Frumvarp það, sem hér er flutt, er víðtækara þar eð það tekur til alls jarðhita hvort sem um er að ræða svonefnd lághita- eða háhitasvæði.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfestar verði reglur um umráðarétt og hagnýtingarrétt jarðhita. Lagt er til að landeigendur hafi umráð jarðhita á yfirborði landsins og undir því í 100 metra dýpi, en umráð alls annars jarðhita, hvort sem er á landssvæðum sem ekki eru háð einkaeignarrétti eða undir yfirborði einkaeignarlanda í meira en 100 metra dýpi, skulu vera í höndum ríkisins, þ.e. almannaeign.

Þá er lagt til að ráðherra veiti leyfi til rannsókna, borana og hagnýtingar jarðhita sem er almannaeign samkvæmt lögunum og sett verði reglugerð með nánari fyrirmælum um framkvæmd laganna, þar á meðal um umsóknir um jarðhitaleyfi og jarðhitarannsóknaleyfi svo og leyfin sjálf, en í þeim er eðlilegt að ákveða leyfisgjöld sem leyfishafi greiðir þegar við á.

Enn fremur er lagt til að þeir sem þegar hafa borað eftir jarðhita dýpra en 100 metra í einkaeignarlandi skuli halda rétti sínum til nýtingar jarðhitans án sérstaks leyfis og án greiðslu leyfisgjalds. Slíkir aðilar skulu og hafa forgangsrétt til frekari nýtingar á jarðhitasvæðinu, þó ekki til nýrra fyrirtækja.

Lagt er til að sveitarfélög, sem land eiga á jarðhitasvæði við gildistöku laganna, skuli hafa forgang að nýtingu jarðhitans á landi sínu og vera undanþegin leyfisgjaldi.

Þá er með frumvarpinu lagt til að veitt verði heimild til eignarnáms vegna rannsókna, borunar og vinnslu jarðhita. Loks eru tekin upp í frumvarp þetta núverandi ákvæði orkulaga, nr. 58/1967, um vinnslu jarðhita og verndun jarðhitasvæða, ásamt smávægilegum breytingum.

I.

Í núgildandi löggjöf eru helstu ákvæði um jarðhita í 9. og 10. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, og III., V. og VII. kafla orkulaga, nr. 58/1967.

Í ákvæðum vatnalaga er á því byggt að hverir og laugar fylgi landareign þeirri sem hver eða laug er á, en nokkrar takmarkanir eru þó á umráðaréttinum.

Ákvæðin í orkulögum leystu af hólmi lög nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita, en í 1. gr. þeirra laga sagði að landareign hverri fylgdi „réttur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum (jarðhita), sem á henni eru, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina".

Sambærilegt ákvæði er nú að finna í 9. gr. orkulaga frá 1967 en greinin hljóðar þannig: „Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita úr landareigninni, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina." Í greinargerð með frumvarpi til orkulaga var tekið fram að ekki væru ráðgerðar róttækar breytingar á þeim lögum er giltu um orkumál, heldur væru þau samræmd þannig að unnt væri að fella þau í einn lagabálk miðað við þá breytingu sem frumvarpið ráðgerði á stjórn orkumálanna.

Í þriðja kafla laganna, sem ber yfirskriftina „Um vinnslu jarðhita", er að finna þau ákvæði sem áður voru í lögum nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita. Eina efnislega nýmælið er að í 14. gr. er almenn heimild til eignarnáms á jarðhitaréttindum og jarðhitaorku. Þá er í lagatextanum talað einungis um jarðhita í stað hvera og lauga eða hveraorku. Í athugasemdum um 9. gr. frumvarpsins er tekið fram að greinin sé efnislega samhljóða 1. gr. laga nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita.

Auk ákvæðanna um rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita í 9. gr. orkulaganna eru í III. kafla laganna ákvæði um jarðhitasvæði á landamerkjum, um rétt ábúanda til að hagnýta sér jarðhita á jörð, um bann við því að landeigandi undanskilji landareign sinni jarðhitaréttindi, um forkaupsrétt að jörðum er jarðhitaréttindi fylgja, um heimild til að taka jarðhita eignarnámi, um rétt ríkisins til að láta rannsaka jarðhita hvar sem er á landi hér, um skyldur landeiganda til að láta af hendi land og mannvirki þegar jarðhiti er tekinn eignarnámi og um skyldu til að leita umsagnar Orkustofnunar um hagnýtingu og ráðstöfun jarðhita í eigu ríkisins.

Í V. kafla laganna eru ákvæði um hitaveitur, þar á meðal um heimild ráðherra til að veita sveitarfélögum eða samtökum þeirra einkarétt til þess að starfrækja hitaveitur.

Í VII. kafla orkulaga eru ákvæði um verndun jarðhitasvæða, jarðhitavirki og eftirlit með þeim og í VIII. kafla laganna eru ákvæði um Jarðboranir ríkisins.

Með frumvarpi þessu er ekki gert ráð fyrir breytingum á ákvæðum vatnalaga. Lagt er til að ákvæðum orkulaga verði haldið efnislega að undanteknu því að kveðið verði á um að réttur landeigenda til umráða og hagnýtingar jarðhita takmarkist við 100 m dýpi. Nokkrar lítils háttar orðalagsbreytingar eru gerðar þessu samfara auk þess sem kveðið er á um skyldur ríkisins til ákveðinna ráðstafana og eftirlits vegna hættu sem stafar af jarðhitasvæðum.

Meðal ákvæða í yngri lögum um jarðhita ná nefna 4. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, þar sem vatnsréttindi, þar með talinn jarðhiti, eru undanskilin leiguliðaafnotum. Þó á leiguliði rétt á vatni til upphitunar á húsum jarðar, þar með talin gróðurhús til eigin atvinnurekstrar.

Í 3. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, er tekið fram að ríkið skuli við sölu á ríkisjörðum undanskilja námaréttindi og rétt til efnistöku, svo og vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþörf.

Eins og ljóst er af framangreindu er fyrsta tilraun til að setja heildarlög um jarðhita lögin nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita. Í greinargerð með frumvarpi til laganna, er það var lagt fram á síðara þingi 1937, segir m.a.: „Frumvarp þetta er flutt með það fyrir augum að tryggja almenningi, eftir því sem hægt er, not þessara verðmæta og vernda þau fyrir því, að þeim verði spillt." (Alþingistíðindi 1937, síðara þing, A, bls. 124). Í umræðum um frumvarpið (Alþingistíðindi 1940 B, d. 553–572) var á það lögð áhersla að hætta væri á að meira og meira af jarðhitanum lenti í höndum þeirra manna sem eru að reyna að ná eignarhaldi á verðmætum þessum í því skyni að græða á þeim. Sagt er að það sé þetta sem lagasetningin eigi að fyrirbyggja.

Efnisákvæði laganna frá 1940 voru tekin upp í orkulög frá 1967 án þess að nokkur veruleg endurskoðun færi fram.

II.

Eins og fram kemur í lýsingu á settum lögum um jarðhita hér að framan hefur í löggjöf verið byggt á þeirri meginstefnu að landeigendur hefðu umráða- og eignarrétt á jarðhita bæði á og í jörðu. Þessum rétti hafa verið sett ýmis takmörk en enga reglu eða ábendingu er að finna í löggjöf um það hversu djúpt í jörðu niður forræði landeiganda á jarðhita nær né heldur er í íslenskum rétti að finna reglu sem kveður á um takmörk eignarráða landeiganda niður á við. Fræðimenn hafa talið að þau nái svo langt niður sem nauðsynlegt er að leyfa til þess að landeigandinn geti haft þau not af landi sínu sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á landi. (Sjá t.d. Ólafur Lárusson: *Eignaréttur*, bls. 46).

Í frumvarpi þessu er á því byggt að eignarrétti að landi geti löggjafinn sett almennar takmarkanir, þó þannig að ekki brjóti í bága við rétt landeiganda til að hafa þau not af landi sínu sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á landi. Í frumvarpinu er annars vegar fjallað um umráða- og hagnýtingarrétt á jarðhita á eða undir landi sem ekki er háð einkaeignarrétti og hins vegar jarðhita sem sækja verður í meira en 100 metra dýpi undir yfirborð lands í einkaeign. Er á því byggt að sú takmörkun, sem eignarrétti landeiganda er sett með því að kveða á um það í löggjöf að heimildir landeiganda til að nota og ráðstafa jarðhita nái aðeins til jarðhita á landi hans og jarðhita sem bora verður eftir á dýpi sem er 100 metrar eða minna, sé almenn takmörkun á eignarrétti og sé ekki þess háttar eignarskerðing að bótaskyldu varði skv. 67. gr. íslensku stjórnarskrárinnar.

Áður hefur verið vísað til þess sem Ólafur Lárusson sagði í ritinu *Eignaréttur*. Árið 1956 var lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um jarðhita í 66 greinum og 9 köflum. Í 8. gr. frumvarpsins var svohljóðandi ákvæði: „Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita,

sem liggur dýpra eða sóttur er dýpra en 100 metra undir yfirborð jarðar, sbr. þó 14. gr." Með frumvarpi þessu fylgdi ritgerð eftir Ólaf Jóhannesson sem bar nafnið: Um eignar- og umráðarétt að jarðhita. Ritgerð þessi er ítarlegasta lögfræðilega greinargerðin um þessi efni sem rituð hefur verið á íslensku. Í henni er fjallað um hversu háttað sé að íslenskum lögum eignar- og umráðarétti að jarðhita, hver stefna muni í þeim efnum hallkvæmust hagsmunum bæði einstaklinga og þjóðarheildar og skipun löggjafar á þessu sviði hjá öðrum þjóðum.

Niðurstöður Ólafs Jóhannessonar voru þær að þrátt fyrir að réttur landeigenda til umráða og hagnýtingar jarðhita á landi sínu sé, að því er virðist, litlum skorðum bundinn að núgildandi lögum þá megi auðvitað setja honum ýmis takmörk með nýrri löggjöf ef ástæða þykir til. Enn fremur segir Ólafur að það sé sanngjörn regla og í samræmi við eðli máls að sérstök náttúruauðæfi, sem enginn einstakur hefur átt þátt í að skapa, séu sameign þjóðarinnar allrar. Með löggjöf þeirri, sem gerð var tillaga um, væri ekki gengið of nærri hagsmunum landeigenda. Þeir héldu eftir nægilegri orku til sinna eðlilegu þarfa. Lokaorð ritgerðar Ólafs um ákvæði frumvarpsins um umráðarétt ríkisins neðan 100 metra dýpis eru þessi: „Og slík löggjafarákvæði mundu ekki brjóta í bág við eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar. Er það augljóst þegar litið er til þeirrar löggjafar, sem sett hefur verið í öðrum löndum um hliðstæð efni, enda þótt þar séu svipuð eða samhljóða ákvæði um friðhelgi eignarréttar, sbr. það, sem sagt er hér að framan um Danmörk."

Rétt er og að vitna til ummæla dr. Bjarna Benediktssonar í greinargerð með frumvarpi til laga sem hann flutti á Alþingi 1945, um viðauka við lög nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita (Alþingistíðindi 1945 A; bls. 434–435). Var lagt til að jarðboranir er ná dýpra en 10 metra mætti ekki framkvæma án leyfis ráðherra, sem skyldi synja leyfis, ef hætta kynni að vera á því að með jarðborunum væri spillt hagnýtingu jarðhita á eign annars manns sem þegar er hafin eða hagnýtingu síðar meir, enda sé sú hagnýting jarðhitans mun verðmeiri en sú hagnýting sem stefnt er að með hinni fyrirhuguðu jarðborun.

Ekki var í frumvarpinu ákvæði um bætur, enda segir m.a. í greinargerð með því: „Hér er aðeins um almenna takmörkun á eignarréttinum að ræða, sem löggjafarvaldinu er heimilt að setja, þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins." Í frumvarpi þessu var því lagt til að unnt væri að svipta landeiganda rétti til hagnýtingar jarðhita neðan 10 metra dýpis ef hætta kynni að vera á því að það spillti byrjaðri eða væntanlegri hagnýtingu jarðhita á landi annars manns. Taldi dr. Bjarni Benediktsson þetta almenna takmörkun eignarréttar sem heimil væri án bóta. Virðast því fræðimennirnir Bjarni Benediktsson og Ólafur Jóhannesson hafa verið sammála í aðalatriðum um þetta efni.

III.

Svo sem fyrr er getið fjallaði Ólafur Jóhannesson um skipan þessara mála hjá öðrum þjóðum og lýsti hann löggjöf í Nýja-Sjálandi, Ítalíu, Mexíkó, Danmörku, Noregi, Sviþjóð, Frakklandi og Sviss. Vísast til ritgerðar Ólafs sem fylgdi fyrrgreindu frumvarpi og einnig er að finna í *Tímariti lögfræðinga* 1956, bls. 134–157. Því til viðbótar er þó rétt að geta eftirfarandi atriða um erlenda löggjöf:

Á vegum OECD var árið 1962 gerð könnun á eignar- og umráðarétti yfir olíu í jörðu og var niðurstaðan sú að nánast hvarvetna, þar sem rannsóknir hefðu farið fram á því hvort olíu væri að finna neðanjarðar, væri hún háð eignarráðum eða umráðum ríkisins og virðast Bandaríki Norður-Ameríku vera eina ríkið þar sem olía á landi er háð einkaeignarrétti og landeigendur fá því greiðslur fyrir olíu úr landi sínu.

Í Noregi voru árið 1973 sett lög um rannsókn og vinnslu olíu neðan jarðar undir norsku landsvæði og með þeim kveðið á um skýlausan eignarrétt ríkisins á olíu innan yfirráðasvæðis þess. Ekki var talið að um væri að ræða þess háttar eignarskerðingu að leitt gæti til bóta samkvæmt eignarnámsákvæði stjórnarskrárinnar norsku.

Í Danmörku hefur verið úrskurðað að lög um rannsókn og vinnslu hráefna neðan jarðar nái til jarðhita og er hann því ríkiseign.

Í Bandaríkjunum hafa verið sett lög um jarðhita, annars vegar Geothermal Steam Act 1970 og hins vegar Geothermal Energy Research Development and Demonstration Act 1974. Í Bandaríkjunum hafa stjórnvöld um langan aldur undanskilið verðmæti í jörðu við sölu landareigna. Þetta hefur leitt til þess að langmestur hluti jarðhita þar í landi er í umráðum ríkisins.

Í Nýja-Sjálandi gilda lög frá 1953, með síðari breytingum, um jarðhita og nefnast þau The Geothermal Energy Act 1953. Í 14. gr. laganna segir: „No compensation in respect of geothermal energy. Notwithstanding anything in this Act or any other Act, compensation shall not be payable in respect of any geothermal energy on or below the surface of any land except so far as, at the commencement of this Act, the existence of the geothermal energy on or below the surface of the land is of actual benefit to the owners or occupiers of the land."

Með þessum lögum er allur jarðhiti í Nýja-Sjálandi lýstur almannaeign án bóta til landeiganda, nema því aðeins að landeigandi hafi þegar byrjað að nota jarðhitann og hann hafi því beinan hag af honum. Augljóst er að í öðrum löndum þar sem löggjafar nýtur hefur verið gengið miklu lengra í þá átt að takmarka rétt landeigenda til jarðhita en gerðar eru tillögur um í frumvarpi þessu.

Löggjöf annars staðar virðist benda til þess að ekki sé talið að ákvæði í almennum lögum um eignarrétt eða umráðarétt ríkisins á náttúruauðæfum undir yfirborði einkaeignarlanda brjóti í bága við stjórnarskrárbundna vernd einkaeignarréttarins. Þetta á jafnt við um ríki, sem búa við mjög svipaða löggjöf og við, sem og önnur ríki sem búa við ólíka stjórnskipun.

IV.

Sú spurning hlýtur að vakna hvort ákvæði frumvarps þessa, sem lýsa ónotaðan jarðhita neðan 100 metra dýpis undir einkaeignarlöndum í umráð ríkisins, brjóti í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Þeirri spurningu verður ekki svarað nema fyrst sé kannað hvort öll náttúruauðæfi undir yfirborði jarðar tilheyri landareign. Hvorki í vatnalögum frá 1923, lögunum um eignar- og notkunarrétt jarðhita frá 1940 né í orkulögunum frá 1967 er þess getið hversu djúpt í jörð niður réttur landeiganda nái að þessu leyti. Í lögunum frá 1940 er talað um að landareign fylgi réttur til hvera og lauga (jarðhita) sem á landareign eru (1. gr.) og að landeiganda sé heimilt að hagnýta sér hveri og laugar til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar. Í orkulögunum frá 1967 er hins vegar talað um jarðhita úr landareign og að landeiganda sé rétt að bora á landareign sinni eftir jarðhita, og vinna hann til hvers konar nota. Enda þótt ákvæði orkulaga séu þannig nokkuð ítarlegri mun ekki hafa verið ætlunin að breyta neinu um eignar- og notkunarrétt jarðhita með setningu III. kafla orkulaganna.

Hvorki vatnalög, orkulög né önnur lög eða réttarheimildir virðast hafa veitt landeiganda heimildir á öllum jarðhita sem finna má undir landareign hans. Ekki verður heldur séð að landeigendur hafi með öðrum hætti eignast slíkar heimildir á jarðhita, sem finnst djúpt í jörðu niðri, að varðað geti bótum samkvæmt stjórnarskrárákvæðum að lýsa jarðhita þennan í umráð ríkisins. Samkvæmt viðtekinni skilgreiningu á eignarrétti felst í honum einkaréttur eigandans til að ráða yfir eign innan þeirra marka sem þessum rétti eru sett í lögum og af óbeinum réttindum annarra sem til hefur verið stofnað yfir eigninni. Jafnvel þótt því mætti halda fram að með ákvæðum vatnalaga frá 1923, laganna um eignar- og notkunarrétt jarðhita frá 1940 og orkulaganna frá 1967 hafi landeigendum, af löggjafarvaldsins hálfu, verið falinn eignarréttur að öllum jarðhita undir einkaeignarlandi, þá er ekkert því til fyrirstöðu að breyta þessum reglum nú. Eignarrétturinn er að þessu leyti breytilegur. Heimildir hans geta ýmist verið rýmri eða þrengri, allt eftir því hve almenn takmörk honum eru sett í lögum hverju sinni.

Niðurstaðan er því sú að með ákvæðum frumvarps þessa sé einungis verið að setja eignarréttinum almenn takmörk. Ekki verði séð að stofnast hafi til eignarréttar með jarðhita djúpt í jörðu sem girði fyrir að almenni löggjafinn geti mælt fyrir um umráða- og hagnýtingarrétt til handa ríkinu á jarðhita sem ekki hefur verið virkjaður og er neðan 100 metra dýpis í landi sem er háð einkaeignarrétti.

Um rétt ríkisins til að setja reglur um meðferð jarðhita utan einkaeignarlanda og neðan við 100 metra dýpi undir einkaeignarlöndum má vísa til dóms Hæstaréttar 19. febrúar 1981, um eignarrétt að botni Mývatns utan netlaga, og dóms Hæstaréttar 28. desember 1981, um eignarrétt að Landmannaafrétti. Í báðum tilvikum var einkaeignarréttarkröfum landeigenda hafnað, en kveðið á um rétt handhafa ríkisvaldsins til að setja reglur um yfirráð, meðferð og nýtingu náttúruauðæfa þessara.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að umráðaréttur og hagnýtingarréttur landeigenda takmarkist við jarðhita á landi og þann jarðhita sem sóttur verður á dýpi allt að 100 metrum. Talið er að með ákvæði þessu sé tryggt að landeigandi á jarðhitasvæði verði ekki sviptur neinum þeim jarðhitanotum sem teljast til venjulegrar nýtingar á landi.

Um 2. gr.

Með gufu og heitu vatni berast úr jörðu uppleyst efni og gastegundir sem ekki verða skilin frá á auðveldan hátt. Lagt er til að með umráða- og hagnýtingarrétti jarðhita fylgi réttur til þessara uppleystu efna og gastegunda. Þetta er í samræmi við erlenda löggjöf á sviði jarðhita.

Um 3. gr.

Greinin svarar efnislega til 11. gr. orkulaga, nr. 58/1967, þó þannig að orðalagi er breytt til samræmis við frumvarp þetta. Einnig er kveðið á um að matsmenn skuli skera úr um hvernig hagkvæmast sé að hagnýta jarðhitann ef ágreiningur verður. Ekki er talið rétt að lögfesta ítarlegri reglur um skiptingu og hagnýtingu jarðhita þar sem tilvikin sem upp geta komið eru mörg og verða sanngirnisrök oft að ráða skiptingunni. Ef ekki næst samkomulag um hagnýtingu jarðhita er heimilt að beita ákvæðum 13. gr.

Um 4. gr.

Greinin er sama efnis og 12. gr. orkulaga, nr. 58/1967. Tekið er fram að matsmenn þeir, sem vitnað er til, skuli vera hinir sömu og starfa samkvæmt ábúðarlögum, nr. 64/1976.

Um 5. gr.

Grein þessi svarar til 13. gr. orkulaga, nr. 58/1967, með lítils háttar breytingum. Vitnað er í hin nýju jarðalög, nr. 65/1976, auk þess sem ekki er kveðið á um að forkaupsréttur ríkisins takmarkist við fimm ára tímabil eftir að sveitarfélag neytir forkaupsréttar síns.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að kveðið verði á um að allur jarðhiti undir yfirborði einkaeignarlanda og sóttur verður í meira en 100 metra dýpi skuli vera í umráðum ríkisins.

Í 2. mgr. er lagt til að kveðið verði á um í lögum að jarðhiti, sem finnst utan fullkominna eignarlanda, skuli vera háður umráðum ríkisins. Ekki er að finna slíkt ákvæði í gildandi löggjöf en það hefur út af fyrir sig ekki verið dregið í efa að jarðhiti á afréttum og almenningum sé almannaeign.

Um 7. gr.

Lagt er til að ætíð þurfi leyfi til að hagnýta jarðhita neðan við 100 metra undir einkaeignarlandi og utan einkaeignarlanda.

Um 8. gr.

Lagt er til að þeir sem þegar hafa borað eftir jarðhita og byrjað hagnýtingu hans eða munu hafa gert það fyrir 1. janúar 1988 skuli halda rétti til þess jarðhita án sérstaks leyfis og án greiðslu gjalds. Hér er að sjálfsögðu átt við hagnýtingu á jarðhita sem ella þyrfti leyfi til samkvæmt frumvarpinu. Þá er og lagt til að slíkir aðilar hafi forgangsrétt til frekari hagnýtingar sama jarðhitasvæðis til sama fyrirtækis. Þykir sanngjarnt að þeim fyrirtækjum, sem nota jarðhita, verði tryggð aukin not ef nægur jarðhiti er á því jarðhitasvæði sem hagnýtt hefur verið.

Um 9. gr.

Lagt er til að ráðherra veiti leyfi til rannsókna og borana á jarðhitasvæðum. Gert er ráð fyrir að slík leyfi nái til jarðhitasvæðis sem afmarkað er í leyfi.

Um 10. gr.

Á sama hátt og með jarðhitarannsóknaleyfi er lagt til að ráðherra veiti leyfi til hagnýtingar á jarðhita eða vinnslu hans. Kveðið er á um skyldu þess er sækir um leyfi skv. 9. eða 10. gr. að láta í té hvers kyns upplýsingar sem ráðherra telur máli skipta við afgreiðslu umsóknar og útgáfu leyfis.

Um 11. gr.

Í þessu ákvæði er lagt til að sveitarfélög sem eignast hafa land á jarðhitasvæðum við gildistöku laganna skuli hafa betri rétt en aðrir til að hagnýta jarðhita sem á landi þeirra finnst. Þau verða samt sem áður háð ákvæðum laganna um leyfisveitingar en eru undanþegin greiðslu gjalds. Á því er byggt í ákvæði þessu að jarðhiti í umráðum sveitarfélags verði notaður til almenningsheilla og rétt sé að tryggja með löggjöf að réttur sveitarfélagsins til að nýta jarðhitann sé betri en réttur annarra sem kunna að sækja eftir hagnýtingu jarðhita í landi sem sveitarfélag hefur eignast fyrir gildistöku laganna.

Um 12. gr.

Hér er getið nokkurra þeirra atriða sem koma verða fram í leyfi skv. 9. og 10. gr. en að sjálfsögðu er ekki um tæmandi upptalningu að ræða. Gert er ráð fyrir að ítarlegri fyrirmæli um framkvæmd laganna verði sett með reglugerð.

Rétt þykir að kveða á um að leita skuli umsagnar Orkustofnunar og eftir atvikum Náttúruverndarráðs áður en leyfi skv. 9. eða 10. gr. er veitt.

Um 13. gr.

Ákvæði þetta samsvarar 14.–16. gr. orkulaga, nr. 58/1967.

Um 14. gr.

Með þessu ákvæði er skýrt kveðið á um að ráðstöfun á jarðhita ríkisins heyri undir einn og sama aðila til að tryggja samræmdar ákvarðanir um slík mál.

Um 15. gr.

Greinin er samhljóða 46. gr. orkulaga, nr. 58/1967, nema að því leyti að skýrt er kveðið á um skipun matsmanna samkvæmt greininni.

Um 16. gr.

Greinin er samhljóða 47. gr. orkulaga.

Um 17. gr.

Þessi grein fjallar um sama efni og 48. gr. orkulaga. Tekið er fram að umráðamanni sé nægilegt að merkja með aðvörunarmerkjum jarðhitasvæði sem eru fjarri byggð og hætta stafar af.

Um 18. gr.

Greinin er samhljóða 49. gr. orkulaga.

Um 19. gr.

Í þessu ákvæði er almenn heimild til reglugerðarsetningar fyrir lögin í heild.

Um 20. og 21. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 88. Fyrirspurn [87. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um framkvæmd laga um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. 87/1989, um heilsugæslustöðvar í Reykjavík.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hvað líður undirbúningi að yfirtöku ríkisins á rekstri heilsugæslustöðva í Reykjavík?
2. Hvaða aðilar veittu upplýsingar um starfsemi þeirra og fjárþörf við gerð fjárlagafrumvarps?

Ed. 89. Frumvarp til laga [88. mál]

um lífeyrisréttindi hjóna.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson, Salome Þorkelsdóttir.

1. gr.

Ellilífeyrisréttindi hjóna, sem áunnist hafa meðan á hjónabandi stóð, skulu teljast hjúskapareign þeirra. Við slit á fjárfélagi hjóna við skilnað skulu þau ellilífeyrisréttindi, sem áunnust meðan hjónabandið stóð, skiptast jafnt milli þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og nú er háttað eru ellilífeyrisréttindi beinlínis tengd þeirri persónu sem aflað hefur tekna og greitt af þeim iðgjald enda þótt önnur eignamyndun af tekjum hjóna teljist hjúskapareign þeirra og henni sé skipt við slit hjúskapar. Eðlilegt er að litið sé á öflun ellilífeyrisréttinda sem eignamyndun sem aðilar hafa stuðlað að með ákveðinni verkaskiptingu.

Það verður að teljast réttlætismál að litið sé á þessa eignamyndun sem sameiginlega eign hjóna. Auk þess hefur þetta þann kost að tekjuöflun hjóna hefur ekki áhrif á myndun

ellilífeyrisréttinda þeirra, þ.e. að ekki skiptir máli hvernig hjón hafa valið að skipta með sér störfum og tekjuöflun heimilisins.

Samkvæmt lögum eru allir landsmenn, sem starfa úti á hinum almenna vinnumarkaði, skyldaðir til þess að vera aðilar að lífeyrissjóði. Slík aðild að söfnunarsjóðum lífeyriskerfisins hefur það í för með sér með iðgjaldagreiðslum fólks í sjóðina í áratugi að þar myndast raunverulega mesta eign viðkomandi einstaklinga á langri starfsævi. Þessi eign er skilyrt og felur í sér verðmætan tryggingarrétt að starfsævi lokinni. Það er því sjálfsagt og eðlilegt að hjón líti á þennan rétt sem sameiginlegan rétt eins og aðrar eignir.

Ed. 90. Frumvarp til laga [89. mál]

um eignaþátttöku lífeyrissjóða í dvalar- og þjónustuheimilum fyrir aldraða.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson.

1. gr.

Stjórnum lífeyrissjóða er heimilt að bæta ákvæði inn í reglugerðir um sjóðina er felur í sér að verja megi allt að 5% af árlegu ráðstöfunarfé til eignaþátttöku í byggingu dvalar- og þjónustuheimila fyrir aldraða sjóðfélaga. Þó skal samanlögð upphæð, sem varið er í þessum tilgangi, eigi vera hærri en sem nemur 4% af heildareignum viðkomandi lífeyrissjóða á hverjum tíma.

2. gr.

Kaupskylda lífeyrissjóða af skuldabréfum húsnæðismálastjórnar skal lækka í sama hlutfalli og lífeyrissjóður hagnýtir sér ákvæði 1. gr. laga þessara.

3. gr.

Með reglugerð skal fjármálaráðherra setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara mála, sem og með hvaða hætti eftirliti skuli háttað varðandi fjárfestingu og meðferð þeirra eigna sem hér um ræðir. Reglugerðin skal samin í samráði við stjórnir þeirra lífeyrissjóða er hyggjast hagnýta sér heimildarákvæði 1. gr. laga þessara.

Greinargerð.

Eitt af stærstu vandamálum nútímaþjóðfélags er að brúa það bil sem er að verða milli húsnæðisþarfa aldraðra annars vegar, en sá hópur fer sífellt stækkandi, og yngra fólks hins vegar. Leitað hefur verið margra leiða í þessum efnum með misjöfnum árangri. Þó hefur margt verið gert sem er til fyrirmyndar. Þrátt fyrir það hefur ekki tekist sem skyldi að búa nægilega vel að miklum fjölda aldraðs fólks og á næstu árum mun eiga sér stað mikil fjölgun í hópi þeirra sem teljast til ellilífeyrisþega, þ.e. fólks sem er 67 ára og eldra. Þrátt fyrir þátttöku í lífeyrissjóðum eru lífeyrisréttindi margra mjög takmörkuð, m.a. vegna þess að fjöldi lífeyrissjóða hefur aðeins starfað í 20 ár, þ.e. frá því að samið var um stofnun lífeyrissjóðanna af aðilum vinnumarkaðsins árið 1969. Þeir hófu síðan starfsemi sína 1. jan. 1970 með áfangagreiðslu iðgjalda upp í 10% fyrstu þrjú árin. Þá skorti það inn í reglugerðir sjóðanna að iðgjöld væru greidd af öllum tekjum. Á síðustu árum hafa tekist samningar um það.

Með þeirri aðferð við uppbyggingu öldrunarheimila, sem þetta frumvarp felur í sér, er bent á nýja leið til að tryggja betur stöðu aldraðra með sameiginlegu átaki og jafnframt felst í framkvæmd þess nokkur uppbót á skertan ellilífeyri.

Ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna árið 1989 er áætlað 17,6 milljarðar kr. Miðað við heildareignir lífeyrissjóðanna 31. desember 1988, 70 milljarðar kr., má búast við að

heildareignir í árslok 1989 verði orðnar um 90 milljarðar kr. Þá er áætlað að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna árið 1990 verði 24,1 milljarður kr. Samkvæmt því er ekki óvarlegt að áætla að heildareignir í árslok 1990 verði á bilinu 110–120 milljarðar kr.

Samkvæmt þessu mundi frumvarp þetta, ef það yrði að lögum, geta skapað möguleika til fjármögnunar í þágu íbúðarmála aldraða sem hér segir:

Heildarráðstöfunarfé lífeyrissjóða.

	Milljarðar kr.	*Þar af 5% til eignaþátttöku í íbúðabyggingum fyrir aldraða.*
1989	17,6	880,0
1990	24,1	1.205,0

Frumvarp þetta, verði það að lögum, felur í sér möguleika á að valda byltingu í því að leysa íbúða- og þjónustumál aldraðra. Afskipti og milliganga hins opinbera yrði óþörf eftir því sem framkvæmd þessara mála færðist í vaxandi mæli í hendur fólksins sjálfs sem er eignaraðilar að lífeyrisréttindum lífeyrissjóðanna.

Nd. 91. Frumvarp til laga [90. mál]

um breyting á lögum nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

1. gr.

3. mgr. 4. gr. orðist svo:

Stjórnin skal skipuð til tveggja ára í senn en auk þess skal skipunartími fulltrúa menntamálaráðherra og fjármálaráðherra takmarkaður við embættistíma þeirra ráðherra sem skipuðu þá eða tilnefndu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skal stjórn skv. 1. gr. skipuð við gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta miðar að breytingu á gildandi ákvæðum um skipunartíma stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Stjórn sjóðsins er að lögum skipuð af menntamálaráðherra þannig: Einn samkvæmt tilnefningu stúdentaráðs Háskóla Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra sérskólanema, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra námsmanna erlendis, einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðuneytisins og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður stjórnarinnar. Varamenn eru skipaðir með sama hætti. Skipunartíma er þannig háttað að fulltrúar ráðuneytanna eru skipaðir til fjögurra ára en fulltrúar námsmanna til tveggja ára.

Breyting sú, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, felur í sér að stjórn Lánasjóðsins verður öll skipuð til tveggja ára. Umboð stjórnarmanns, sem er fulltrúi ráðherra, fellur þó niður ef sá ráðherra, er skipaði hann eða tilnefndi, lætur af embætti. Hefur þá nýr ráðherra frjálsar hendur ef hann kýs að skipta um fulltrúa.

Stjórn Lánasjóðs íslenskra námmanna fer með verkefni sem miklu skipta fyrir framkvæmd stefnu í menntamálum og ríkisfjármálum. Er af þeim sökum nauðsynlegt að fullt

trúnaðarsamband sé jafnan milli fulltrúa stjórnvalda í sjóðsstjórninni og hlutaðeigandi ráðherra. Lagabreytingu þeirri, sem hér er gerð tillaga um, er ætlað að tryggja þetta svo sem kostur er.

Núverandi stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna hefur lýst sig samþykka þeirri breytingu á lögunum sem 1. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein felast þær efnisbreytingar sem reifaðar eru í almennum athugasemdum hér að framan.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 92. Frumvarp til laga [91. mál]

um greiðslukortastarfsemi.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

I. KAFLI

Gildissvið og hugtök laganna.

1. gr.

Lög þessi taka til greiðslukortastarfsemi með útgáfu greiðslukorta, svo og annarrar sambærilegrar greiðslumiðlunar hér á landi.

2. gr.

Í lögum þessum merkir:

greiðslukortastarfsemi: þá starfsemi kortaútgefanda að starfrækja greiðslumiðlun með notkun greiðslukorta samkvæmt sérstökum samningum við korthafa og greiðsluviðtakanda eða einungis beint við korthafa,

greiðslukort: hvers kyns greiðslukort sem veita korthafa rétt til þess að greiða fyrir vörur, þjónustu eða önnur verðmæti með því að andvirði hins selda er skuldfært á reikning korthafans hjá kortaútgefandanum,

kortaútgefandi: útgefanda greiðslukorts og þann aðila sem korthafi gerir samning við um notkun greiðslukorts, svo og þann aðila sem skuldbindur sig til greiðslu gagnvart greiðsluviðtakanda, ef hann er annar en kortaútgefandi,

greiðsluviðtakandi: seljanda vöru, þjónustu eða annarra verðmæta eða þann aðila sem gert hefur samning við kortaútgefanda um að taka við greiðslukorti til greiðslumiðlunar vegna seldrar vöru, þjónustu eða annarra verðmæta,

korthafi: þann aðila sem gert hefur samning við kortaútgefanda um notkun greiðslukorts til greiðslumiðlunar hér á landi vegna keyptrar vöru, þjónustu eða annarra verðmæta, hvort sem slík viðskipti eru gerð innan lands eða erlendis, svo og þá er ábyrgð bera samkvæmt skilmálum er um kortið gilda.

II. KAFLI

Skráning kortaútgefanda.

3. gr.

Kortaútgefandi skal hafa skráð firma eða útibú hér á landi, nema viðskiptaráðherra heimili undanþágu þar frá.

4. gr.

Áður en kortaútgefandi hefur greiðslukortastarfsemi skal tilkynna Verðlagsstofnun eftirfarandi:

1. Nafn og firma kortaútgefanda, fastar starfsstöðvar kortaútgefandans og samþykktir fyrirtækisins.
2. Hvernig greiðslumiðlunin fer fram, svo og hvernig greiðslur eru inntar af hendi.
3. Helstu skilmála varðandi notkun greiðslukorta er hann gefur út, sbr. 10. gr. laga þessara.
4. Helstu viðskipta- og samningsskilmála kortaútgefanda.

Breytingar á áður tilkynntum atriðum skulu tilkynntar Verðlagsstofnun áður en þær koma til framkvæmda.

Verðlagsstofnun heldur skrá yfir tilkynnta kortaútgefendur.

Í reglugerð er ráðherra setur skal ákveðið nánar um framkvæmd og efni tilkynninga samkvæmt þessari grein.

III. KAFLI

Eftirlit.

5. gr.

Verðlagsstofnun hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim.

Verðlagsstofnun skal fylgjast með því að greiðslukortastarfsemi sé í samræmi við sanngjarna viðskiptahætti og feli ekki í sér viðskiptaþvinganir. Telji Verðlagsstofnun að greiðslukortastarfsemi sé að einhverju leyti áfátt skal gera ráðstafanir til að aflétta því ástandi, svo sem í tilvikum þegar:

1. nauðsynlegar eftirlits-, öryggis- eða leiðréttingaráðstafanir eru ekki gerðar,
2. viðskiptaskilmálar kortaútgefanda, sbr. einnig 1. mgr. 7. gr., eða viðskiptaskilmálar greiðsluviðtakanda gagnvart korthafa taka einungis mið af eigin hagsmunum eða eru að öðru leyti óréttmætir, eða
3. viðskiptaskilmálar kortaútgefanda eða greiðsluviðtakanda taka einungis mið af hagsmunum annars þeirra.

Verðlagsráð getur bannað athafnir er brjóta í bága við ákvæði þessarar greinar, sbr. jafnframt 18. gr. laga þessara og 47. gr. laga nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

6. gr.

Verðlagsstofnun skal hafa aðgang að öllum upplýsingum er hún telur sig þurfa vegna starfsemi sinnar samkvæmt lögum þessum enda sé fyllsta trúnaðar gætt. Hið sama gildir varðandi ákvarðanir hennar um það hvort atvik séu með þeim hætti að lög þessi eigi við.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

7. gr.

Kortaútgefanda er skylt áður en samningur um útgáfu greiðslukorts er gerður eða þegar hann svarar fyrirspurnum varðandi greiðslukort að veita upplýsingar varðandi eftirfarandi:

1. Notkunarheimildir tengdar greiðslukortinu.
2. Skilyrði þau sem tengjast handhöfn og notkun greiðslukortsins.
3. Heildarkostnað sem tengdur er notkun greiðslukortsins, þar með talin föst gjöld, svo sem árgjald og vexti, ef um þá er að ræða.
4. Hversu oft korthafi fái reikningsyfirlit frá kortaútgefandanum.

5. Upplýsingar sem kortaútgefandi krefst af umsækjanda þegar umsókn um útgáfu greiðslukorts er afhent.
6. Meginreglur kortaútgefanda um mat á lánstrausti umsækjanda um greiðslukort.
7. Notkun, geymslu og miðlun persónulegra upplýsinga er snerta umsækjanda, svo og varðandi innkaup hans o.fl.
8. Hvernig korthafi skuli koma á framfæri fullnægjandi aðvörunum þegar greiðslukort týnist, það er misnotað eða er á annan hátt komið í ólögmæta vörslu.

Kortaútgefandi skal áður en samningur um notkun greiðslukorts er undirritaður veita umsækjanda þær upplýsingar sem getið er í 1. mgr. þessarar greinar.

Ráðherra getur sett nánari reglur um það hvernig upplýsingaskylda samkvæmt þessari grein sé uppfyllt.

8. gr.

Kortaútgefandi gefur út greiðslukort að undangenginni athugun á fjárhagsstöðu umsækjanda um greiðslukort. Útgáfa greiðslukorts skal fyrst og fremst byggð á viðskiptatrausti umsækjanda.

Aðeins í undantekningartilvikum er kortaútgefanda heimilt að krefja korthafa fyrir fram um að hann leggi fram tryggingar með ábyrgð annarra aðila fyrir úttekt sinni. Ábyrgðaraðili samkvæmt þessari málsgrein getur hvenær sem er og án fyrirvara krafist að greiðslukortasamningur, sem hann er í ábyrgð fyrir, sé afturkallaður þegar í stað. Um ábyrgð á úttekt eftir að krafa um afturköllun ábyrgðar kemur til kortaútgefanda fer þá samkvæmt ákvæðum V. kafla laga þessara.

9. gr.

Greiðslukort má aðeins afhenda að fenginni skriflegri umsókn, sbr. jafnframt 7. gr. laga þessara.

Sé umsókn um greiðslukort synjað á grundvelli upplýsinga sem um getur í 5. og 6. tölul. 7. gr. laga þessara skal kortaútgefandi, að beiðni umsækjanda, greina frá því á hvaða upplýsingum byggt er.

10. gr.

Korthafi á rétt til þess að krefjast kvittunar við sérhverja greiðslu sem innt er af hendi með notkun greiðslukorts, nema hann hafi sérstaklega á annan veg samið við hlutaðeigandi greiðsluviðtakanda.

11. gr.

Kortaútgefanda er óheimilt að takmarka með almennum skilmálum rétt korthafa til þess að segja samningi upp við kortaútgefanda án fyrirvara. Heimilt er að semja um slíkt í sérstökum tilvikum.

12. gr.

Í reglugerð, sem ráðherra setur, að fenginni tillögu verðlagsráðs, má ákvarða hámarksgjald sem kortaútgefanda er heimilt að krefja greiðsluviðtakanda um við notkun greiðslukorta í starfsemi sinni, svo og þann aukakostnað sem hlýst af notkun alþjóðlegra greiðslukorta til greiðslu erlendis. Ákveða má gjald þetta sem tiltekinn hundraðshluta greiðslukortaviðskiptanna. Kostnaður vegna greiðslumiðlunar með notkun greiðslukorts greiðist að öðru leyti af korthöfum.

V. KAFLI

Skaðabótareglur.

13. gr.

Korthafa ber einungis að bæta það tjón sem leiðir af ólögmætri notkun greiðslukortsins ef hann eða sá sem hann hefur afhent greiðslukort sitt:

1. hefur með stórfelldu gáleysi glatað greiðslukortinu,
2. hefur ekki tilkynnt kortaútgefanda eins fljótt og unnt er eftir að vitneskja liggur fyrir um það að greiðslukortið hafi glatast,
3. hefur á ólögmætan hátt misnotað greiðslukortið.

Ráðherra skal með reglugerð ákveða hámark þeirrar bótafjárhæðar sem korthafa er skylt að bera skv. 1. mgr. þessarar greinar nema um sé að ræða misnotkun sem framin er af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Kortaútgefandi skal bera ábyrgð á því tjóni sem er umfram skaðabótaábyrgð korthafa samkvæmt þessari málsgrein.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er greiðsluviðtakandi ábyrgur vegna tjóns er hlýst af ólögmætri notkun greiðslukorts ef hann vissi eða mátti vita að korthafi, eða sá sem greiðslukortið notar, notaði kortið á ólögmætan hátt.

Kortaútgefandi er ábyrgur fyrir því tjóni sem hlýst af ólögmætri notkun greiðslukorts að svo miklu leyti sem annað leiðir ekki af ákvæðum 1.–3. mgr. þessarar greinar.

Kortaútgefandi ber ábyrgð vegna greiðslu sem fram fer eftir að hann hefur fengið tilkynningu um að kortið sé glatað eða á annan hátt komið úr lögmætum vörslum korthafa, nema því aðeins að greiðsluviðtakanda sé skylt að bæta tjónið skv. 3. mgr. þessarar greinar.

14. gr.

Kortaútgefandi er ábyrgur fyrir tjóni greiðsluviðtakanda eða korthafa sem orsakast af rangri skráningu, reikningsskekkjum, tæknilegum bilunum eða öðrum samsvarandi ástæðum og þrátt fyrir að telja verði að tjónið stafi af ófyrirsjáanlegum orsökum og skulu slíkar villur leiðréttar um leið og þær koma í ljós. Heimilt er þó að lækka eða fella brott ábyrgð kortaútgefanda samkvæmt þessari grein, ef korthafi hefur með stórfelldu gáleysi eða af ásetningi átt þátt í því að sú bilun varð eða rangfærsla sem tjónið er rakið til. Kortaútgefandi ber þó eigi ábyrgð á tjóni greiðsluviðtakanda sem rekja má að öllu leyti til eigin aðstæðna eða gáleysis hans.

Seinki greiðslu eða hún hefur eigi komið fram vegna þeirra atvika sem nefnd eru í 1. málsl. 1. mgr. þessarar greinar verður kröfum eigi beint að korthafa af þeim ástæðum, nema að því leyti sem kortaútgefandi kann að eiga rétt til vaxta úr hendi korthafa. Hafi reikningur korthafa þegar verið skuldfærður vegna greiðslunnar ber þó að líta svo á að greiðluskyldu korthafa sé að öllu leyti lokið.

Tjón það, er kortaútgefandi hefur þurft að bæta korthafa vegna ákvæða 1. mgr. þessarar greinar og rakið verður til aðstæðna eða gáleysis greiðsluviðtakandans, getur kortaútgefandi endurkrafið greiðsluviðtakanda um.

Sönnunarbyrði fyrir því, að ástæður þær, sem nefndar eru í 1. málsl. 1. mgr., eigi ekki við um greiðslukortaviðskiptin, hvílir á kortaútgefanda.

VI. KAFLI

Skráning og meðferð upplýsinga sem kortaútgefandi skráir.

15. gr.

Einungis er heimilt að skrá upplýsingar um korthafa og greiðsluviðtakanda sem nauðsynlegar eru vegna greiðslukortaviðskiptanna, svo og tilkynningar um það er greiðslukort tapast eða er innkallað sökum misnotkunar.

Upplýsingar um korthafa og greiðsluviðtakanda má aðeins nota og afhenda þegar það er nauðsynlegt til framkvæmdar greiðslukortaviðskiptunum, til leiðréttingar og vegna réttarvörsluathafna eða slíkt er á annan hátt heimilað í lögum.

Upplýsingar er varða misnotkun má einungis gefa að því marki sem nauðsynlegt getur talist til þess að koma megi í veg fyrir frekari misnotkun.

16. gr.

Upplýsingar um notkun einstaklinga og fyrirtækja á greiðslumiðlun með greiðslukort skulu varðveittar í fimm ár frá greiðslu korthafa en að þeim tíma liðnum skal þeim eytt.

17. gr.

Ef annað leiðir ekki af ákvæðum í lögum þessum skal beita ákvæðum laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga um skrár sem færðar eru í tengslum við greiðslukortastarfsemi, sbr. 1. gr. laga þessara.

VII. KAFLI

Viðurlög og málsmeðferð.

18. gr.

Yfirstjórn með lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim er í höndum viðskiptaráðherra og verðlagsráðs.

Úrskurðum verðlagsráðs samkvæmt lögum þessum er heimilt að skjóta til staðfestingar eða synjunar ráðherra innan fjögurra vikna frá því að úrskurður verðlagsráðs gengur um ágreiningsefnið. Málskot frestar þó eigi gildistöku úrskurðar verðlagsráðs.

Nú vill aðili ekki una ákvörðun ráðherra eða verðlagsráðs og getur hann þá borið málið undir dómstóla. Mál skal höfða innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um ákvörðun. Málshöfðun frestar ekki gildistöku ákvörðunar. Með mál samkvæmt þessari málsgrein skal fara samkvæmt lögum nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði.

19. gr.

Verðlagsstofnun er heimilt að undangenginni aðvörun að svipta útgefanda greiðslukorta starfsréttindum og afmá útgefanda af skrá skv. 5. gr. laga þessara vegna ítrekaðra brota á ákvæðum laga þessara, reglna settra samkvæmt þeim eða á uppkveðnum úrskurðum Verðlagsstofunar eða verðlagsráðs, enda hafi þeim eigi verið hnekkt skv. 2. mgr. 18. gr. laga þessara.

Verðlagsstofnun er heimilt að leggja bann við samningsgerð einstakra kortaútgefanda við korthafa vegna ítrekaðra brota kortaútgefanda á ákvæðum laga þessara, reglna settra samkvæmt þeim, svo og vegna brota á úrskurðum skv. 18. gr. laga þessara.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skulu varða sektum, nema þyngri refsing liggi við í öðrum lögum. Um meðferð slíkra mála skal fara að hætti opinberra mála.

Gera má lögaðila fésekt fyrir brot á lögum þessum án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmaður eða starfsmaður gerst sekur um brot á lögum þessum má einnig gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda.

21. gr.

Útgefanda greiðslukorta skv. 5. gr. má, auk refsingar skv. 20. gr., með dómi svipta réttindum til greiðslukortastarfsemi.

Gera má upptæk með dómi tæki eða gögn sem stórfelld brot á lögum þessum hafa verið framin með, svo og hagnað af broti, sbr. 69. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

22. gr.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

23. gr.

Ákvæði 8. gr., 9. gr., 10. gr., 11. gr., 2. mgr. 12. gr., 13. gr. og 14. gr. eru ófrávíkjanleg að því leyti sem slíkt er eigi til hagsbóta fyrir korthafa.

Ákvæði 11. gr., 1. mgr. 12. gr., 13. gr. og 14. gr. eru ófrávíkjanleg að því leyti sem slíkt er eigi til hagsbóta fyrir greiðsluviðtakanda.

24. gr.

Viðskiptaráðherra getur ákveðið að sérstakar reglur skuli gilda um skiptingu kostnaðar skv. 12. gr. laga þessara ef um er að ræða alþjóðlega greiðslukortastarfsemi. Hið sama gildir varðandi ákvæði VI. kafla laga þessara.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Ef greiðslukortastarfsemi hefur hafist fyrir gildistöku laga þessara skal kortaútgefandi uppfylla eftirfarandi ákvæði eigi síðar en innan þriggja mánaða frá gildistöku laganna:

1. Senda Verðlagsstofnun tilkynningar skv. 3. gr., 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. laga þessara,
2. Senda korthöfum upplýsingar skv. 1. mgr. 7. gr. laga þessara svo og endurnýja samninga varðandi tryggingar kortaútgefanda gagnvart korthafa í samræmi við ákvæði 8. gr. laga þessara. Þó er heimilt þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. að uppfylla skilyrði þessa töluliðar við næstu endurnýjun greiðlukortasamnings, en þó eigi síðar en innan 15 mánaða frá gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem fjallað hefur á vegum viðskiptaráðuneytisins um starfsemi á fjármagnsmarkaði utan viðskiptabanka og sparisjóða. Í samningu frumvarpsins hafa eftirtaldir tekið þátt: Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri, formaður, Tryggvi Axelsson deildarstjóri, Guðmundur G. Þórarinsson alþingismaður, Kjartan Jóhannsson alþingismaður, Sigurmar Albertsson hæstaréttarlögmaður, Vilhjálmur Egilsson framkvæmdastjóri, Eiríkur Guðnason aðstoðarbankastjóri, Þórður Ólafsson, forstöðumaður bankaeftirlits, og Sveinbjörn Hafliðason lögfræðingur.

Við samningu frumvarpsins kynnti nefndin sér þær reglur sem settar hafa verið um greiðslukortaviðskipti í nágrannalöndunum, en einkum var höfð til hliðsjónar við gerð frumvarpsins dönsk löggjöf um greiðslukortastarfsemi.

Talið er að notkun greiðslumiðlunar með greiðslukortum eigi uppruna sinn í Bandaríkjunum. Þegar upp úr aldamótum voru einstök hótel farin að gefa út greiðslukort til góðra viðskiptavina og árið 1951 hófu bandarískir bankar útgáfu bankagreiðslukorta. Fyrirtækið Diners' Club hóf árið 1949 greiðslumiðlun af því tagi sem nú er stunduð af sérhæfðum greiðslukortafyrirtækjum, en annað fyrirtæki, sem verið hefur í fararbroddi um útbreiðslu þessarar þjónustu, er fyrirtækið American Express sem hóf greiðslukortastarfsemi árið 1958. Síðan hafa fjölmörg fjármálafyrirtæki og bankastofnanir rutt sér til rúms á markaðnum fyrir þessa þjónustu og fer hún stöðugt vaxandi. Stærstu fyrirtækin eru í mörgum ríkjum, en hin alþjóðlega greiðslumiðlun, sem þau reka, er ein ástæðan fyrir vinsældum þjónustunnar.

Innlend greiðslukortafyrirtæki hafa starfað hér á landi um áratug og hefur notkun greiðslukorta orðið mjög vinsæl meðal almennings. Samkvæmt upplýsingum Seðlabanka Íslands er talið að heildarfjárhæð þeirra viðskipta, sem greidd hafa verið með milligöngu greiðslukortafyrirtækja sem starfa hér á landi, hafi numið um það bil 20 milljörðum króna innan lands og 4 milljörðum króna erlendis á árinu 1988.

Hér er um að ræða fyrirtækin Kreditkort hf. sem starfrækir greiðslumiðlun með notkun svokallaðra Eurocard-korta og VISA-Ísland sem starfrækir greiðslumiðlun með notkun svokallaðra VISA-korta. Bæði kortin eru alþjóðleg, þ.e. hægt er að nota þau bæði innan lands og utan og útgáfa kortanna fer fram í bankastofnunum sem eru aðilar að viðkomandi greiðslukortafyrirtæki. Loks hefur nýtt fyrirtæki Samkort hf. nýlega hafið starfsemi, en eingöngu á innlendum markaði, og gefur það út kort með sama nafni. Þá er nokkuð um það að íslenskir aðilar notfæri sér greiðslumiðlun erlendra fyrirtækja, svo sem American Express eða Diners' Club og þá fyrst og fremst vegna viðskipta á erlendri grund. Bæði þessi fyrirtæki hafa hérlenda umboðsaðila, en greiðslur korthafa fara beint til skrifstofa fyrirtækjanna erlendis.

Ef höfð er hliðsjón af þróun greiðslukortaþjónustu erlendis má búast við því að á næstu árum muni hún verða fjölbreyttari hér á landi. Fleiri fyrirtæki munu veita slíka þjónustu og fleiri tegundir af henni verða í boði. Má þar nefna svokölluð „debet-kort" sem kalla mætti innstæðukort, en þau eru notuð til þess að framkvæma með sérstökum búnaði tafarlausa millifærslu af bankareikningi korthafa yfir á bankareikning þess sem við greiðslu tekur. Er notkun bankakorta til þess að taka út fjármuni í sjálfvirkum afgreiðsluvélum bankastofnana væntanlega fyrsti vísirinn að notkun innstæðukorta hér á landi. Þá má nefna neyslulánskort þar sem korthafa er heimilaður fastur yfirdráttur hjá greiðslumiðlunarfyrirtæki og loks má nefna reikningskort stórverslana sem veita heimild til vöruúttektar í viðkomandi verslun að ákveðnu marki og greiðslu úttektarinnar eftir á með sérstökum skilmálum.

Greiðslumiðlun af því tagi, sem hér er fjallað um, hefur í för með sér ýmiss konar hagkvæmni fyrir notendur, jafnt viðskiptavini og þá sem þjónustuna láta í té. Hins vegar er talsverður kostnaður henni samfara og jafnframt hafa þróast hér á landi venjur varðandi notkun og skilmála greiðslukorta sem eru frábrugðnar því sem gengur og gerist í nágrannalöndunum. Þannig er greiðslumiðlun kortafyrirtækja óalgeng í matvöruverslunum erlendis, en hér er hún um 40% af veltu fyrirtækjanna. Þá gera greiðslukortafyrirtækin kröfur um tryggingar korthafa sem eru frábrugðnar því sem tíðkast í nágrannalöndunum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um að lög þessi taki til greiðslumiðlunar hér á landi, þ.e. sem fram fer í íslenskri lögsögu með útgáfu og notkun greiðslukorta, svo og annarrar sambærilegrar greiðslumiðlunar. Með sambærilegri greiðslumiðlun er átt við þau afbrigði greiðslumiðlunar sem að framan greinir, svo sem með „debet-kortum", lánskortum, reikningskortum og úttektarkortum ýmiss konar, svo og nýjar tegundir greiðslumiðlunar sem kunna að vera

boðnar á íslenskum markaði og sem eru greinar af sama meiði og sú þjónusta sem þegar er fyrir hendi. Lögin taka einnig til lögskipta innlendra korthafa og kortaútgefanda vegna úttekta korthafans erlendis sem koma til greiðslu hér á landi.

Ýmsum ákvæðum þessa frumvarps, ef að lögum verður, yrði væntanlega unnt að beita með lögjöfnun gagnvart frekari þróun sem kann að verða á sviði greiðslumiðlunar.

Um 2. gr.

Í þessari grein er að finna ýmsar skilgreiningar á hugtökum. Með **greiðslukortastarfsemi** er átt við greiðslumiðlun sem byggir á notkun greiðslukorta eins og það hugtak er skýrt hér á eftir. Greiðslukortastarfsemi í skilningi frumvarpsins er áður nefnd greiðslumiðlun í víðtækasta skilningi, sbr. almennu athugasemdirnar hér á undan. Greiðslukortastarfsemi telst vera fyrir hendi, ef kortaútgefandi hefur tekið að sér greiðslumiðlun sem byggist á framvísun sérstakra greiðslukorta og jafnframt gert um það sérstaka samninga við korthafa og greiðsluviðtakanda. Sú starfsemi, sem hér er rætt um, tekur því til núverandi starfsemi íslenskra greiðslukortafyrirtækja sem talin eru hér að framan, svo og til nýrra greina greiðslumiðlunar, sbr. athugasemdir við 1. gr.

Greiðslukort merkir samkvæmt greininni öll þau skilríki í formi korta, venjulega gerðum úr plasti, sem veita korthafa rétt til að njóta greiðslumiðlunar kortaútgefanda þannig að greiðsla fyrir veitta þjónustu, selda vöru eða önnur verðmæti er reikningsfærð honum til skuldar hjá kortaúgefandanum. Bankakort, sem einungis veita rétt til úttektar á innstæðu korthafa hjá innlánsstofnun, falla ekki undir skilgreiningu þessa ákvæðis nema þau séu notuð til þess að skrá beina millifærslu milli reiknings korthafa og reiknings greiðsluviðtakanda með sérstökum búnaði í verslun eða þjónustustofnun. Slíkur búnaður er sums staðar notaður erlendis og nefnast kortin þá „debet-kort", en greiðslukerfið er einkennt með ensku skammstöfuninni EFTPOS (Electronic Fund Transfer at Point of Sale) sem merkir tölvuvædda millifærslu fjármuna á sölustað. Hugtakið greiðslukort er hér notað á sama hátt og enska hugtakið „card", eða „kort", en það greinist síðan í ýmis afbrigði, svo sem „debetkort", lánskort o.s.frv.

Kortaútgefandi merkir útgefanda greiðslukortsins sem skráður hefur verið sem slíkur, sbr. II. kafla frumvarpsins. Ekki er nauðsynlegt samkvæmt skilgreiningunni að kortaútgefandi sé annar aðili en greiðsluviðtakandi, sbr. skilgreiningu á því hugtaki hér á eftir. Stórverslanir eða verslanakeðjur geta t.d. gefið út greiðslukort til viðskiptavina sinna vegna viðskipta sem þeir í því tilviki eiga við kortaútgefandann sjálfan sem þá er jafnframt greiðsluviðtakandi.

Í frumvarpinu merkir **greiðsluviðtakandi** þann aðila sem ber réttur til greiðslu samkvæmt greiðslunótu, þar sem fram kemur nafn korthafa og nafn þess sem greiðsla er innt af hendi við með framvísun greiðslukorts, svo og heiti greiðslumiðlunar kortaútgefanda. Á dönsku nefnist greiðsluviðtakandi „betalingsmodtager" sem einnig mætti þýða á íslensku sem greiðslumóttakandi eða greiðslutaki. Að höfðu samráði við formann Íslenskrar málnefndar varð að ráði að þýða orðið með íslenska orðinu greiðsluviðtakandi. Greiðsluviðtakandi getur verið seljandi vöru, þjónustu eða annarra verðmæta eða sá sem hann hefur framselt rétt sinn til greiðslu. Greiðsluviðtakandi getur einnig verið kortaútgefandi sjálfur, sbr. það sem að framan er sagt um það hugtak.

Korthafi merkir samkvæmt frumvarpinu þann aðila sem gert hefur samning við kortaútgefanda um aðgang að greiðslumiðlun hans með framvísun greiðslukorts sem látið er í té samkvæmt samningi þar um. Getur sú greiðslumiðlun náð til viðskipta jafnt innan lands sem erlendis og jafnt til korthafa og ábyrgðaraðila sem tekið hafa á sig ábyrgð á **skilvísum** greiðslum frá korthafa samkvæmt skilmálum sem um útgáfu kortsins gilda, svo **sem ef** um fyrirtækjakort eða aukakort til fjölskyldueinstaklinga er að ræða.

Um 3. gr.

Lagt er til að kortaútgefendur, sem starfa samkvæmt lögum þessum, hafi skráð firma hér á landi. Með því er átt við að þau fyrirtæki, sem stunda greiðslukortastarfsemi, skulu hafa skráð starfsemi sína hér á landi í firma- eða hlutafélagaskrá eftir því sem við á. Útibú erlendra félaga skulu samkvæmt ákvæði þessu skráð hér á landi í samræmi við ákvæði XVII. kafla laga nr. 32/1978, um hlutafélög, eða hafa hér skráðan umboðsaðila.

Meginþýðing þessa ákvæðis er að með því er lögð til sú meginregla að varnarþing vegna hugsanlegra dómsmála gagnvart kortaútgefanda er ætíð hér á landi. Hliðstætt ákvæði er að finna í dönskum lögum um greiðslukort.

Í annarri málsgrein er þó ráðherra veitt heimild til að veita undanþágur frá fyrrgreindri aðalreglu 1. mgr. og yrðu slíkar undanþágur einkum veittar ef t.d. alþjóðasamningar veittu innlendum aðilum gagnkvæma stöðu og um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um tilkynningarskyldu útgefanda á greiðslukortum til Verðlagsstofnunar og helstu atriði sem í tilkynningu skuli greina. Stofnunin mun væntanlega útbúa sérstök eyðublöð í þessu skyni. Gert er ráð fyrir að hjá Verðlagsstofnun liggi fyrir upplýsingar varðandi þá kortaútgefendur sem reka greiðslukortastarfsemi hverju sinni.

Í 1. tölul. er áskilið að samþykktir skuli fylgja tilkynningu kortaútgefanda. Með því er átt við að gerð skuli grein fyrir innra skipulagi starfseminnar og er þá átt við að fram skuli koma í hvaða félagsformi starfsemin er rekin, svo og hvort og þá á hvern hátt greiðslukortastarfsemi tengist annarri starfsemi kortaútgefanda.

Með ákvæði 2. tölul. er ætlunin fyrst og fremst sú að tilkynnt sé um helstu grundvallarþætti starfseminnar. Til slíkra þátta má t.d. telja hvernig öryggiskröfum sé fullnægt, svo sem hvernig bilanir í beinlínukerfi komi fram gagnvart kortaútgefanda og hvernig þær skuli leiðréttar og hvort kerfið sé lokað öðrum en korthöfum. Ákvæðinu er hins vegar ekki ætlað að taka til nákvæmrar lýsingar á tæknilegum atriðum, t.d. varðandi þær vélar sem notaðar eru við starfsemina.

Í 3. tölul. er kveðið á um skyldu kortaútgefanda að láta fylgja tilkynningu til Verðlagsstofnunar eintak af þeim upplýsingum sem kortaútgefandi afhendir korthafa, sbr. 7. gr. frumvarpsins.

Í 4. tölul. þessarar greinar tekur m.a. til þess að kortaútgefandi gefi upplýsingar um þá viðskiptaskilmála sem gilda gagnvart greiðsluviðtakanda, svo og um réttarsamband greiðsluviðtakanda og kortaútgefanda að öðru leyti. Ákvæðið tekur því til upplýsingaskyldu um það hvaða réttindi samningur um greiðslumiðlun kortaútgefanda skapi greiðsluviðtakendum almennt.

Í 2. mgr. er lagt til að tilkynntar skuli breytingar á áður tilkynntum atriðum áður en þær komi til framkvæmda og er Verðlagsstofnun þannig gert kleift að fylgjast nánar með þróun starfseminnar.

Í 3. mgr. er lagt til að Verðlagsstofnun skuli halda skrá yfir þá aðila sem tilkynna að þeir hafi með höndum greiðslukortastarfsemi samkvæmt frumvarpi þessu.

Í fyrsta lagi er stefnt að því með ákvæði 3. mgr. að haldin sé skrá yfir kortaútgefendur sem opin er almenningi. Þess ber að geta að ýmsar þær upplýsingar, sem lagt er til að kortaútgefandi tilkynni, sbr. 4. gr. frumvarpsins, kunna að vera þess eðlis að ekki þyki réttmætt að þær skuli felldar inn í slíka opinbera skrá þótt fyllilega sé réttmætt að stjórnvöld fái upplýsingar um þau atriði. Erfitt er að meta nákvæmlega í eitt skipti fyrir öll um mörk í þessu sambandi, en unnt er að kveða nánar á um skráninguna í reglugerð.

Í öðru lagi er ljóst af 3. mgr., sbr. jafnframt 1. mgr. þessarar greinar, við hvaða tímamark skal miða að starfsemi kortaútgefanda geti hafist. Skráning Verðlagsstofnunar um að fullnægt

hafi verið ákvæðum þessa frumvarps og þeim skilyrðum sem sett eru fyrir skráningu, svo og staðfesting stofnunarinnar um að skráning hafi átt sér stað, sbr. ákvæði laga þessara og reglna sem settar verða samkvæmt þeim, er því nauðsynleg til þess að starfsemi geti hafist og jafnframt verið nægjanleg. Í því sambandi skal á það bent að ekki er gert ráð fyrir að Verðlagsstofnun láti af hendi sérstakt leyfisbréf til starfseminnar, heldur er hér á því byggt að ákvæði þessa frumvarps setji þeim almenn skilyrði sem greiðslukortastarfsemi stunda. Uppfylli aðili þau skilyrði sem hér eru sett og önnur skilyrði sem sett kunna að vera í löggjöfinni, t.d. varðandi skráningu firma eða hlutafélags, sbr. 3. gr. frumvarpsins, skal litið svo á að viðkomandi aðili eigi rétt til þess að stunda þá starfsemi, sem frumvarp þetta tekur til og er því ekki um að ræða að stjórnvald sé í þeirri aðstöðu að veita „leyfi" til starfseminnar. Þannig yrði að telja að aðili, sem uppfyllt hefur öll þau skilyrði sem þörf er á samkvæmt lögum, skuli eiga rétt á skráningu innan eðlilegs frests eftir að hann hefur uppfyllt öll skilyrði laganna.

Verðlagsstofnun er hins vegar falin framkvæmd með lögunum, svo og eftirlit með þeim aðilum sem starfa samkvæmt þeim. Brjóti þeir aðilar ítrekað þau lög og fyrirmæli sem um starfsemina gilda er Verðlagsstofnun fengin heimild í 19. gr. frumvarpsins til þess að afturkalla áður gerða skráningu á rétti kortaútgefanda til þess að stunda greiðslukortastarfsemi. Afleiðing þess yrði sú að viðkomandi kortaútgefandi yrði afmáður af skrá stofnunarinnar og missti rétt til að stunda greiðslukortastarfsemi. Um afleiðingar þess að kortaútgefandi hlítir ekki þeim lögum og fyrirmælum, sem um starfsemina gilda, vísast að öðru leyti til 19. gr. frumvarpsins, svo og ákvæða VII. kafla frumvarpsins í heild sinni.

Í 4. mgr. er lagt til að heimilt verði að kveða nánar á um hvernig að framkvæmd tilkynninga skuli staðið með reglugerð er ráðherra setur.

Um 5. gr.

Í þessari grein er eftirlit og framkvæmd laganna falin Verðlagsstofnun og verðlagsráði sem starfa samkvæmt lögum nr. 56/1978. Í Danmörku hefur samsvarandi hlutverk vegna laga um greiðslukort verið falið sérstöku embætti sem nefnist „forbrugersombudsmand". Nefnd sú, er samdi frumvarp þetta, taldi rétt og jafnframt hagkvæmast að fela Verðlagsstofnun framkvæmd laganna. Sú niðurstaða byggir m.a. á því að mörg ákvæða þessa frumvarps eru fyrst og fremst byggð á sjónarmiðum neytendaverndar, en Verðlagsstofnun hefur nú um nokkurt skeið haft vaxandi afskipti með þeim málaflokki. Eðlilegast þótti því að fela stofnuninni framkvæmd með ákvæðum þessara mála. Sumir þættir í greiðslukortastarfsemi eiga sér þó stað hjá innlánsstofnunum, en eftirlit að því leyti mun fara fram af hálfu bankaeftirlitsins í samræmi við lög um viðskiptbanka, nr. 86/1985, og um sparisjóði, nr. 87/1985, sbr. einnig lög nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands.

Í 2. mgr. er eftirlitshlutverk Verðlagsstofnunar með ákvæðum þessa frumvarps afmarkað nánar og jafnframt koma til athugunar þær almennu reglur sem þeirri stofnun eru settar og er að finna í lögum nr. 56/1978.

Þegar rætt er um að starfsemi kunni að þykja að einhverju leyti áfátt í 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins þá er m.a. við það miðað:

— **að** viðskiptamanni kortaútgefanda eigi að vera unnt að sjá helstu kosti og galla sem greiðslumiðlun kortaútgefanda fylgja,
— **að** viðskiptamaður kortaútgefanda sé ekki þvingaður á neinn hátt til þess að taka þátt í greiðslumiðluninni, t.d. af því að eingöngu þannig megi inna tilteknar greiðslur af hendi,
— **að** lagt sé til grundvallar að meðferð upplýsinga, sem kortaútgefandi hefur komist yfir vegna notkunar greiðslukorts, sé að öllu leyti innan þeirra marka sem telja verður eðlileg og í tengslum við sjálfa greiðslumiðlunina eða leiðréttingar vegna hennar, sbr. jafnframt ákvæði VI. kafla frumvarpsins,
— **að** starfsemin sé að öðru leyti rekin í samræmi við lög þau og reglugerðir sem um starfsemina gilda.

Í 1. tölul. 2. mgr. er byggt á því að við notkun greiðslukorta í greiðslukortastarfsemi sé gætt fullnægjandi öryggis tæknilega séð. Við ákvörðun á því hvort starfsemi kunni að einhverju leyti að vera áfátt skal m.a. litið til þess hvort miðlunin í heild sé nægilega örugg og búnaður, sem kann að vera notaður við miðlunina, sé fullnægjandi, hvort ætla megi að litlar líkur séu á misnotkun kerfisins, hvort bilanir komi nægilega fljótt fram þannig að ekki sé hætta á verulegu tjóni af þeim sökum o.s.frv.

Í 2. tölul. 2. mgr. er fjallað annars vegar um samband korthafa og kortaútgefanda og hins vegar um samband greiðsluviðtakanda og korthafa. Verðlagsstofnun hefur þannig rétt til þess að gera athugasemdir við tilkynnta skilmála, svo og við það hvernig þeim skilmálum er í raun beitt. Miðað er við það að afskipti skuli höfð, ef ljóst þykir að skilmálum er beitt einvörðungu til hagsbóta kortaútgefanda eða greiðsluviðtakanda, eða þeir eru á annan hátt óréttmætir. Við ákvörðun á því, hvort sú aðstaða er fyrir hendi sem hér er rætt um, má t.d. nefna að taka verður tillit til þess hvort samningsaðili hafi notfært sér stöðu sína og þannig orðið þess valdandi að gengið sé á rétt gagnaðila og verulegt misræmi komi fram varðandi þær skyldur og réttindi er samningurinn leggur á hvorn aðila. Þetta á einkum við þegar notaðir eru staðlaðir samningsskilmálar við samningsgerðina sem eru bersýnilega ósanngjarnir í garð annars aðilans eða telja má að sérstakur aðstöðumunur sé milli aðila við samningsgerð að öðru leyti.

Í 3. tölul. 2. mgr. er rætt um samband kortaútgefanda og greiðsluviðtakanda. Með sama hætti og hér á undan hefur verið nefnt kann sú aðstaða er ákvæðið nefnir að vera fyrir hendi, t.d. við notkun staðlaðra samningsskilmála. Til leiðbeiningar við túlkun þessa ákvæðis má taka sem dæmi að kortaútgefandi noti þá stöðu sína, sem hér á undan hefur verið nefnd, til þess að knýja fram sérstaklega hagstæð samningskjör, svo sem með því að undanþiggja sig skyldum eða auka við skyldur gagnaðila, þannig að telja verði það óréttmætt að beita samningi fyrir sig eins og atvikum er háttað. Þá skal einnig minnt á ákvæði IV., V. og VI. kafla frumvarpsins varðandi úrræði þau sem fyrir hendi eru í tilefni af brotum á ákvæðum laganna.

Um staðfestingu úrskurða Verðlagsstofnunar fyrir dómstólum, sbr. ákvæði 3. mgr., vísast til 18. gr. frumvarpsins og þess frests, sem þar er settur, í því sambandi.

Í 3. mgr. er loks að finna úrræði til handa Verðlagsstofnun ef tilmæli og ákvarðanir stofnunarinnar eru brotin, en úrræðið er samsvarandi því úrræði sem nú er að finna í lögum nr. 56/1978, sbr. 38. gr. þeirra laga. Í frumvarpi þessu er þó um að ræða málskotsheimild til ráðherra, sbr. 18. gr. frumvarpsins, en að öðru leyti er heimild þessi hin sama og nú er í lögum nr. 56/1978.

Um 6. gr.

Ákvæði þetta er nauðsynlegt til þess að tryggja Verðlagsstofnun aðgang að þeim gögnum er hún telur sig þurfa til framkvæmdar á ákvæðum laganna.

Um 7. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er kortaútgefanda gert skylt að upplýsa væntanlega korthafa, svo og aðra viðskiptamenn sína, um helstu skilmála við notkun greiðslukortsins. Þannig getur væntanlegur korthafi kynnt sér kosti og galla slíkra samninga sem á boðstólum eru hjá hinum ýmsu kortaútgefendum.

Í 1. tölul. er kveðið á um skyldu til að upplýsa hvaða notkunarheimildir tengjast mismunandi gerðum greiðslukorta. Í því sambandi má nefna að rétt er að upplýsa hvort nota megi fleiri en eitt kort á sama reikning og hvort fleiri en einn korthafi geti notað tiltekinn reikning hjá kortaútgefanda, svo og hvar nota megi greiðslukortið. Jafnframt bæri kortaútgefanda að tilgreina þær takmarkanir sem notkun greiðslukortsins eru settar, úttektarheimildir, tímabil þeirra o.s.frv.

Í 2. tölul. er gert ráð fyrir að upplýst sé um þau skilyrði sem handhöfn greiðlukortsins eru tengdar, t.d. hvernig ábyrgð korthafa er háttað ef greiðslukortið týnist eða það kemst á annan

hátt í hendur þriðja manni. Sérstaklega þýðingarmikið er í því sambandi að gera glögga grein fyrir að hvaða leyti slík samningsákvæði séu íþyngjandi fyrir korthafa. Enn fremur væri skylt að taka fram hvernig tilkynningarskyldu skuli háttað ef greiðslukort týnist eða því er stolið o.s.frv. Samningsskilmálar verða að vera í samræmi við ákvæði V. kafla frumvarpsins eða aðrar þær reglur sem í gildi eru.

Auk þess sem hér að framan hefur verið nefnt má telja að kortaútgefanda beri samkvæmt greininni að veita upplýsingar um með hvaða hætti korthafi skuli koma á framfæri kvörtunum vegna notkunar greiðslukortsins.

Í 3. tölul. er lagt til að upplýsingar liggi frammi um heildarkostnað sem tengdur er notkun greiðslukortsins. Kostnaður vegna greiðslukorta kann að verða greindur í ýmsa þætti, svo sem stofngjald, fast árgjald eða endurnýjunargjald, vexti ef um þá er að ræða og annan kostnað tengdan notkun á greiðslumiðluninni. Með ákvæðinu er ekki girt fyrir að kortaútgefandi geti krafist breytilegra vaxta að því tilskildu að sú viðmiðun, sem farið er eftir samkvæmt samningnum, sé fyrir fram ákveðin, t.d. sem meðaltal vaxta samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands eða vextir eins og þeir eru hjá tilgreindri innlánsstofnun af tilteknum viðskiptum á hverjum tíma. Þá tekur upplýsingaskylda samkvæmt ákvæði þessu ekki til þess kostnaðar sem kann að falla á korthafa vegna vanefnda hans á samningi sínum við kortaútgefanda.

Í 4. tölul. kemur fram að greina skuli frá hversu oft korthafi skuli fá reikningsyfirlit vegna úttekta á greiðslukortinu, enda þýðingarmikið að slíkum upplýsingum sé miðlað eins fljótt og unnt er til korthafa.

Í 5. og 6. tölul. er gert ráð fyrir að væntanlegum korthöfum sé gert skylt að leggja fram persónulegar upplýsingar áður en útgáfa greiðslukorts fer fram. Þær upplýsingar, sem hér er gert ráð fyrir, munu því leggja grundvöll að mati viðkomandi kortaútgefanda á lánstrausti hvers umsækjanda um sig. Hér er um að ræða upplýsingar eins og t.d. hvort umsækjandi sé í föstu starfi, hverjar séu mánaðartekjur hans o.s.frv.

Samkvæmt 7. tölul. er skylt að skýra frá með hvaða hætti upplýsingar sem snerta korthafa verði notaðar síðar vegna greiðslukortastarfseminnar, þ.e. innan fyrirtækisins sjálfs svo og utan þess. Þannig mundi t.d. vera skylt að geta þess ef upplýsingar í heild eða að hluta skulu samkvæmt lagaskyldu afhentar opinberum aðilum. Jafnframt er skylt að tilgreina hversu lengi hinar skráðu upplýsingar verða varðveittar, sbr. 16. gr. frumvarpsins.

Í 8. tölul. er að finna ákvæði sem auðvelda á korthafa að dæma um það hvort gerðar séu virkar ráðstafanir af hálfu kortaútgefanda til þess að auðvelda tilkynningar er kort tapast eða glatast á annan hátt.

Í 2. mgr. er lagt til að umsækjandi um greiðslukort fái þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr., áður en hann hefur skuldbundið sig með samningi gagnvart kortaútgefanda. Af ákvæðinu leiðir að ef breytingar verða á skilmálum kortaútgefanda verður að stofna til nýs samnings í heild, eða eftir atvikum að hluta.

Í 3. mgr. er ráðherra veitt heimild til setningar reglugerðar um þau atriði er greinin tekur til og þá væntanlega einnig um atriði tengd 3. tölul. 1. mgr., sbr. jafnframt 12. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. eru staðfestar þær meginreglur sem telja verður eðlilegt að byggt sé á varðandi útgáfu greiðslukorta og veitingu lánsheimilda í því sambandi. Sérstaða greiðslukorta er sú að þau eru einkum notuð við greiðslur einstaklinga vegna einkaneyslu. Í starfsemi greiðslukortaútgefanda hefur jafnframt tíðkast að veita korthöfum tilteknar lánsheimildir út á samning þeirra um greiðslukort. Nefndin, sem frumvarpið samdi, telur, með hliðsjón af eðli greiðslukortastarfseminnar sem fyrst og fremst er miðill til greiðslu og fjármögnunar einkaneyslu, eðlilegt að setja í lög þá almennu viðskiptareglu sem hér er gerð tillaga um. Rétt

þykir að til grundvallar samningi um greiðslukort liggi einstaklingsbundið mat á hverjum umsækjanda um greiðslukort, viðskiptatrausti hans og fjárhagsstöðu að öðru leyti. Til skoðunar í því sambandi hlýtur því að koma af hálfu kortaútefanda hvort umsækjandi hafi reglulegar tekjur og hvort greiðslugeta sé yfirleitt fyrir hendi á þeirri úttektarheimild sem samningur hans og kortaútgefanda gerir ráð fyrir. Lagt er því til að aðalreglan við veitingu greiðslukorta verði sú að til grundvallar samningi um greiðslukort sé byggt á viðskiptatrausti umsækjanda um greiðslukort, en eigi annarra, og telur nefndin að regla þessi stuðli almennt að auknu öryggi í viðskiptum. Erlendis tíðkast þeir viðskiptahættir sem hér er lagt til að gildi varðandi þetta atriði og þykir greiðslukortið því nokkurt skilríki um lánstraust viðkomandi korthafa ef um er að ræða greiðslukort sem veitir korthafa rétt til yfirdráttar eða lántöku.

Í 2. mgr. er þó lagt til að kortaútgefanda skuli vera heimilt að víkja frá þeirri meginreglu sem lögð hefur verið til í 1. mgr. þessarar greinar. Eins og fram kemur af ákvæðum greinarinnar telur nefndin að sú aðstaða, sem vikið er að í 2. mgr., eigi að vera undantekning frá þeirri aðalreglu sem í 1. mgr. greinir. Telja verður að kortaútgefanda sé almennt eigi þörf að krefja aðra en korthafa um tryggingu fyrir úttektum á greiðslukorti því er hann gefur út til korthafa, en þó kunni að finnast undantekningar frá þeirri reglu. Þannig kann umsækjanda um greiðslukort t.d. að vera sérstakur hagur af því að fá útgefið sér til handa greiðslukort, enda greiðslumiðillinn orðinn almennur greiðslumáti í viðskiptum þótt hann fullnægi ekki persónulega settum skilyrðum kortaútgefanda um ábyrgðir vegna notkunar greiðslukortsins. Nauðsynlegt þykir því að heimila undantekningu frá þeirri aðalreglu sem hér á undan var vikið að og er því lögð til sú undantekningarregla sem í 2. mgr. greinir.

Nefndin hefur þó einnig orðið sammála um að alveg skýrt sé kveðið á um það í frumvarpi þessu að þriðji maður, sem þannig hefur gengið í ábyrgð fyrir úttektum korthafa, geti afturkallað áður veitta ábyrgð sína ef forsendur fyrir henni bresta að hans mati. Ýmis tilvik geta orðið þess valdandi að ábyrgðarmaður kann að vilja draga ábyrgð sína til baka. Hafi allar aðstæður breyst vill hann eigi lengur vera bundinn af ábyrgð sinni. Má t.d. nefna að sambúðarslit verði þess valdandi að forsendur ábyrgðarmanns bresta þar eð ábyrgð var við áframhaldandi sambúð miðuð. Korthafi kann einnig að leggjast í óreglu og stunda eigi lengur fasta atvinnu o.s.frv. Rétt þykir því að heimila að ábyrgðarmaður sé frjáls að afturköllun áður veittrar ábyrgðar og verður þá kortaútgefandi að innkalla greiðslukortið. Þetta kann og að leiða til aukins öryggis, enda má ætla að ábyrgðarmaður þekki vel til korthafa og verði því oft fyrstur þess áskynja ef breytingar verða á aðstæðum korthafa sem áhrif geta haft á viðskiptatraust hans. Kortaútgefandi fær þá fyrr en ella tækifæri til að gera ráðstafanir til þess að innkalla kortið, en korthafi getur þá að sjálfsögðu einnig lagt fram aðrar ábyrgðir fyrir úttektum sínum sem fullnægjandi geta talist að mati kortaútgefanda.

Áhrif afturköllunar ábyrgðarmanns korthafa eru þau að um kortið fer sem það væri „vákort“ og koma því reglur V. kafla til skoðunar vegna hugsanlegs tjóns og eftirfarandi greiðslu skaðabóta af því tilefni.

Um 9. gr.

Brot gegn 1. mgr. 9. gr. geta varðað refsingu skv. 20. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. 9. gr. er lagt til að tryggt verði að umsækjendum um greiðslukort beri réttur til þess að fá upplýst hvaða persónulegar upplýsingar liggja til grundvallar synjun kortaútgefanda ef umsækjanda er synjað um greiðslukort á þeim forsendum. Umsækjandi getur fremur með því móti kannað hvort þær upplýsingar séu réttar og eftir atvikum þá komið að leiðréttingum ef þær reynast ekki réttar.

Um 10. gr.

Hér er lagt til að almennt skuli korthafar eiga rétt á afhendingu kvittunar fyrir þær greiðslur sem þeir inna af hendi með greiðslukorti. Þegar rætt er um kvittun er átt við að á

henni séu upplýsingar um fjárhæð þess sem greitt er, dagsetningu og greiðslustað, auk hinna sérstöku tilgreininga sem þörf er á vegna notkunar kortsins, svo sem undirskrift korthafa eða upplýsingar um reikningsnúmer hans o.s.frv.

Um 11. gr.

Korthafi getur samkvæmt greininni sagt upp almennum samningi um greiðslukort án fyrirvara og getur kortaútgefandi ekki takmarkað þann rétt korthafa. Almennar reglur kröfuréttarins segja hins vegar til um hvenær korthafi telst laus úr allri ábyrgð vegna úttekta sinna með hliðsjón af því hvenær og með hvaða hætti uppsögnin tekur gildi.

Heimilt er þó að semja um skuldbindingar fram í tímann, svo sem með ýmiss konar raðgreiðslusamningum og verður þá korthafi skuldbundinn samkvæmt slíkum samningi þar til samningurinn er að fullu efndur.

Um 12. gr.

Í dönsku greiðslukortalögunum (Lov om betalingskort m.v.) segir í 20. gr.: „Kortudsteders omkostninger ved drift af betalingssystemet kan ikke paalægges betalingsmodtager. Gebyr for kortindehavers brug af betalingskort skal fastsættes uafhængigt af betalingsmodtagers forhold."

Samkvæmt þessu skal rekstrarkostnaður af greiðslumiðluninni ekki lagður á greiðsluviðtakanda heldur á korthafa. Tilgangurinn með ákvæðinu er að tryggja að greiðslumiðlunin valdi ekki kostnaðarauka hjá verslunum og fyrirtækjum sem taka við greiðslu með reikningsfærslu gegn framvísun greiðslukorts þar eð það veldur því að kostnaðaraukinn hlýtur að koma fram í hærra vöruverði. Með rekstrarkostnaði er átt við stjórnunarkostnað, tölvukostnað, húsaleigu, skrifstofuhald, launakostnað, kostnað við útgáfu greiðslukorta o.fl., einnig vaxtakostnað. Þetta ákvæði útilokar ekki að greiðslukortafyrirtæki áskilji sér sérstakt stofngjald af greiðsluviðakanda vegna fjárfestingar sem fyrirtækið hefur lagt í.

Sérstakt ákvæði er síðan í dönsku lögunum (34. gr.), þar sem heimilað er að undanþiggja alþjóðlega greiðslukortaútgefendur þessu ákvæði að hluta til eða alveg.

Við setningu dönsku laganna urðu talsverðar deilur um þessi ákvæði og var gildistöku þeirra frestað. Síðar náðist þó samkomulag milli umboðsmanns neytenda í Danmörku og greiðslukortaútgefenda um fyrirkomulag á skiptingu kostnaðar milli korthafa og greiðsluviðtakenda.

Neytendasamtökin og Kaupmannasamtök Íslands hafa eindregið farið þess á leit að kostnaður af notkun greiðslukorta verði lagður á korthafa, þannig að hann komi ekki fram í hærra vöruverði. Kaupmannasamtökin benda m.a. á að á síðasta ári (1988) hafi áætlaður kostnaður kaupmanna af notkun greiðslukorta, þ.e. þóknun til kortaútgefenda, numið um 300 milljónum króna, en vaxtakostnaður kaupmanna vegna þess greiðsludráttar, sem af notkun greiðslumiðlunarinnar leiðir, hafi numið um 290 milljónum króna á sama tíma.

Kortaútgefendur hafa hins vegar eindregið mótmælt þessu ákvæði og bent á að notkun greiðslumiðlunar með greiðslukortum hafi haft ýmislegt hagræði í för með sér fyrir greiðsluviðtakendur. Þeir geti í ýmsum tilvikum aukið sölu og sparað sér innheimtukostnað á útistandandi skuldum.

Ákvæði 12. gr. tekur mið af framangreindu ákvæði dönsku laganna, en er þó frábrugðið þeim að því leyti að gert er ráð fyrir að ráðherra setji almennar reglur um skiptingu kostnaðar milli korthafa og greiðsluviðtakenda. Sérstakar reglur gildi þó, sbr. 24. gr., um hinar alþjóðlegu greiðslumiðlanir, t.d. American Express eða Diners' Club, þar sem úttektin er greidd erlendis.

Skiptar skoðanir voru um þetta ákvæði í nefndinni sem samdi frumvarpið, en viðskiptaráðherra ákvað að það yrði þann veg sem hér greinir og kom því ekki til atkvæðagreiðslu í nefndinni um málið.

Um 13. gr.

Í 13. gr. er kveðið á um ábyrgð samningsaðila um greiðslukort í tilefni af ólögmætri notkun þriðja manns á greiðslukortinu, sbr. 1. og 2. gr. frumvarpsins.

Verði því slegið föstu að tjónvaldur geti ekki fallið undir þau ákvæði sem sett eru í 1.–3. mgr. þessarar greinar fellur hugsanleg bótaábyrgð hans utan ábyrgðarreglu þessarar greinar. Í því tilviki koma þá til athugunar almennar reglur íslensks skaðabótaréttar.

Við skiptingu ábyrgðarinnar milli kortaútgefanda, korthafa og greiðsluviðtakanda er lagt til grundvallar að kortaútgefandi skuli bera það tjón er verður vegna misnotkunar sem hann getur almennt reiknað með og fellt undir eðlilega rekstraráhættu sína. Enn fremur verður það yfirleitt talið að þeir þættir, sem hér um ræðir, og nauðsynlegar upplýsingar vegna þeirra, liggi yfirleitt fyrir hjá kortaútgefanda og hann eigi því auðveldara með að finna þær stærðir sem rétt þykir að taka tillit til að þessu leyti.

Verði tjón hins vegar rakið til saknæmra athafna korthafa eða greiðsluviðtakanda bera þeir ábyrgð á grundvelli 1. og 3. mgr.

Þannig verður korthafi aðeins ábyrgur fyrir tjóni í þeim þremur tilfellum sem nefnd eru í 1. mgr. þessarar greinar.

Fyrsta málsgrein hefur að geyma tæmandi reglur, sbr. að í greininni segir að korthafa beri „einungis“ að bæta það tjón, eins og þar er nánar tiltekið, og verður reglum þessum því eigi beitt samhliða öðrum ábyrgðarreglum vegna skaðabótaskyldra athafna. Af ákvæðinu er einnig ljóst að afhending greiðslukorts til þriðja manns er ekki ein og sér nægjanleg ástæða til þess að korthafi verði gerður ábyrgur vegna tjóns, heldur er ábyrgð í slíkum tilfellum háð þeim viðmiðunum sem 5. mgr. þessarar greinar byggir á.

Þá verður kortaútgefandi eigi gerður ábyrgur vegna tjóns hafi greiðsluviðtakandi vitað, eða mátt vita, að greiðslukortið væri notað á ólögmætan hátt, sbr. ákvæði 3. mgr. Slíkt gáleysi af hálfu greiðsluviðtakanda gæti stafað t.d. af því að greiðsluviðtakandi lætur undir höfuð leggjast að framfylgja þeim reglum sem kortaútgefandi hefur sett og samningur þeirra byggir á, t.d. að afla sér upplýsinga um það hvort takmarkanir eru á notkun greiðslukortsins, hvort því hafi verið stolið eða það innkallað o.s.frv.

Reglur 3. mgr. gilda „þrátt fyrir ákvæði 1. mgr.“ Ákvæði þetta hefur þá þýðingu að ef til greina kæmi að beita bæði 1. og 3. mgr. þá hvílir skaðabótaábyrgðin á greiðsluviðtakanda en ekki á korthafa. Hins vegar er ekkert kveðið á um skiptingu ábyrgðar skv. 3. og 5. mgr. þessarar greinar, heldur er dómstólum ætlað að úrskurða endanlega um það atriði í hverju tilfelli fyrir sig.

Hugsanlega kunna að koma til greina fleiri en einn kortaútgefandi í einstökum tilfellum, en um skiptingu ábyrðar þeirra á milli færi þá eftir samningi þeirra á milli ef honum væri til að dreifa. Í frumvarpi því, er hér liggur fyrir, er ekki talin ástæða til að setja sérstakar reglur varðandi þetta atriði. Í 2. mgr. er ráðherra veitt heimild til að ákveða hámark þeirrar bótafjárhæðar sem korthafa er skylt að bera skv. 1. mgr. þessarar greinar ef ekki er um að ræða misnotkun sem framin er af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Samkvæmt þeim reglum er settar hafa verið um þetta efni í Danmörku á grundvelli þeirra laga um greiðslukort (betalingskortloven) er hámark þeirra 5.000,00 DKR. Í tilmælum framkvæmdastjórnar EB um þetta efni hefur verið lagt til að hámark þetta verði 150 ECU, sbr. Commission Recommendation frá 17. nóv. 1988, No L 317/55, sbr. og Annex No L 17/57, fyrir hvert tjónstilvik. Ætla má að svipaðar viðmiðanir yrðu notaðar í reglugerð er ráðherra setur samkvæmt þessari grein.

Um 14. gr.

Hér er lögð hlutlæg ábyrgð á kortaútgefanda vegna þeirra atriða sem grein þessi tekur til. Grundvöllur ábyrgðar er að mistök verða við skráningu eða þess háttar bilanir sem greinin

getur um og verða þau atvik þess valdandi að tjón hlýst af, þar sem skráningin eða tærslan á greiðsluskyldu þess, er greiða á, er röng. Kortaútgefandi ber ábyrgð þótt orsök tjónsins verði rakin til ófyrirsjánlegra atvika eða honum verði að öðru leyti eigi kennt um þau atvik er til tjóns leiddu.

Um ábyrgð annarra en kortaútgefanda, korthafa og greiðsluviðtakanda er ekki fjallað um í 14. gr. frumvarpsins. Ákvæði 1. mgr. 14. gr. eru því ekki til fyrirstöðu að greiðsluviðtakandi eða kortaútgefandi leggi fram endurkröfur í samræmi við almennar reglur þar um á hendur öðrum er ábyrgð kunna að bera, t.d framleiðanda eða seljanda þess hlutar eða tækis sem tjóninu olli.

Þá er kveðið hér á um almennu skyldu kortaútgefanda til að leiðrétta mistök og rangar reikningsfærslur o.þ.h. án ástæðulauss dráttar eftir að slíkar villur hafa komið í ljós. Nefnd þeirri, er samið hefur frumvarp þetta, hefur verið bent á nauðsyn þess að slíkt ákvæði sé í lögum þar eð borið hefur á því að slíkar leiðréttingar hafa eigi verið gerðar þegar í stað eftir að mistök eða villur uppgötvuðust.

Í 2. málsl. 1. mgr. er að finna heimild til að undanþiggja kortaútgefanda ábyrgð vegna tjóns er korthafi hefur orðið fyrir eða lækka bótagreiðslu ef um er að ræða tjón sem rekja má til háttsemi sem framin er af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Einfalt gáleysi nægir hins vegar ekki til þess að lækka megi bætur samkvæmt greininni og er það m.a. í samræmi við þá meginreglu sem höfð er til hliðsjónar við ákvörðun bótaábyrgðar korthafa skv. 1. mgr. 13. gr. frumvarpsins, sbr. 1. tölul. Hvort bætur eru alveg felldar niður eða lækkaðar fer eftir atvikum og er háð úrlausn dómstóla hverju sinni.

Í 3. málsl. 1. mgr. er kortaúgefandi undanþeginn ábyrgð ef tjón verður að öllu leyti rakið til eigin aðstæðna greiðsluviðtakanda eða atvika er kortaútgefandi verður ekki á neinn hátt gerður ábyrgur fyrir. Nefna má t.d. að greiðsluviðtakandi kann að notast við einhver tæki sem kortaútgefandi hefur ekkert með að gera og kann þá að vera réttmætt að krefjast þess að greiðsluviðtakandi geri allar þær sömu ráðstafanir og kortaútgefandi gerir í sinni starfsemi. Ákvæði þetta tengist síðan ákvæði 3. mgr. þessarar greinar um endurkröfuréttkorta útgefanda.

Í 1.–3. mgr. 14. gr. er einungis gerðar tillögur um ábyrgðargrundvöllinn, en um sönnun tjóns, svo og önnur atriði varðandi skaðbótaskylduna í hverju einstöku tilviki, fer eftir almennum reglum er dómstólar eiga endanlegt úrskurðarvald um.

Í 4. mgr. er kveðið á um sönnunarbyrði vegna þeirra atriða sem nefnd eru í 1. mgr. þessarar greinar. Þannig er gert ráð fyrir að andmæli korthafi tiltekinni reikningsfærslu, sem gerð hefur verið, hvíli sú skylda á kortaútgefanda að leggja fram afrit kvittana eða önnur þau gögn sem sanna að viðskiptin hafi átt sér stað.

Um 15. gr.

Í 15. gr. er að finna sérreglur um skráningu upplýsinga af hálfu kortaútgefanda og varða viðskiptamenn hans. Hér er um að ræða sérreglur varðandi greiðslukortstarfsemi, en jafnframt eru í gildi lög um meðferð og skráningu persónuupplýsinga sem taka til slíkrar skráningar eftir því sem við getur átt. Samkvæmt ákvæðum 4. gr. skal tilkynna hvernig greiðslumiðlunin fer fram, m.a. skal tilkynnt um hvaða skrár skulu haldnar, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 4. gr.

Í III. kafla frumvarps þessa um eftirlit er Verðlagsstofnun falið eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim. Væntanlega mun Verðlagsstofnun þó leita álits eða umsagnar annarra aðila við framkvæmd eftirlitsins, eftir því sem við getur átt. Leggja verður því til grundvallar að stofnunin muni leita eftir umsögn tölvunefndar sem starfar samkvæmt sérstökum lögum eftir því sem þurfa þykir.

Í 2. mgr. er að finna ákvæði sem setur miðlun upplýsinga, sem kortaútgefandi skráir um korthafa og greiðsluviðtakanda, tiltekin mörk. Reglan er til fyllingar þeim reglum sem er að finna í sérstökum lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga og er lagt til að einungis skuli kortaútgefandi miðla uppýsingum sem tengjast framkvæmd greiðslumiðlunarinnar. Þannig ber einstökum greiðsluviðtakanda t.d. ekki réttur til frekari upplýsinga um korthafa en þeirra upplýsinga sem telja verður nauðsynlegt að hann hafi vegna hinnar eiginlegu greiðsluskuldbindingar korthafans og greiðslumiðlunar vegna hennar.

Ákvæðinu er jafnframt ætlað að tryggja að kortaútgefandi veiti ekki upplýsingar um greiðsluviðtakendur sem eru þess eðlis að vegna viðskiptahagsmuna greiðsluviðtakanda beri að gæta um þær trúnaðar.

Um þau atriði, sem hér eru rædd, mun framkvæmdin að sjálfsögðu almennt skera úr um varðandi einstök vafaatriði.

Um 16. gr.

Hér er lagt til að geyma skuli upplýsingar er tengjast notkun greiðslumiðlunarinnar í allt að fimm ár, en að þeim tíma liðnum skuli þeim eytt. Sá frestur, sem hér er lagður til, er tveimur árum skemmri en krafist er samkvæmt bókhaldslögum, en hins vegar sá sami og lagður hefur verið til grundvallar í lögum um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni, sbr. fyrirliggandi frumvarp til laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Nefndin varð sammála um að sá fimm ára frestur í því tilviki, sem hér ræðir um, sé nauðsynlegur en jafnframt fullnægjandi.

Um 17. gr.

Eins og áður hefur verið nefnt þá gilda almennt lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga um tölvuskrár sem færðar eru í tengslum við greiðslukortastarfsemi. Þau gilda einnig um miðlun upplýsinga er varða persónuleg og fjárhagsleg málefni, að svo miklu leyti sem ákvæði þessa frumvarps setja slíkri skráningu af hálfu kortaútgefanda ekki sérstök skilyrði. Ákvæði þessarar greinar þykir því rétt að setja í frumvarp þetta „ex tuto“ og því til staðfestingar.

Um 18. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að málefni samkvæmt frumvarpi þessu heyri stjórnarfarslega undir viðskiptaráðherra og verðlagsráð, sbr. lög nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Telja verður eðlilegt eins og hér hagar sérstaklega til að verðlagsráði og Verðlagsstofnun verði falið að fella úrskurði um þau mál sem framkvæmd laganna snerta. Sérþekking á þeim atriðum, sem á kann að reyna, mun eðli málsins samkvæmt verða hjá starfsmönnum Verðlagsstofnunar og því líklegt að mál fái þar fullnægjandi undirbúningsmeðferð áður en þau eru tekin til úrskurðar. Í frumvarpinu er jafnframt gert ráð fyrir málskotsleið til æðri stjórnvalda, svo og að aðilar geti leitað réttar síns fyrir dómstólum.

Í 3. mgr. er kveðið á um heimild til að leggja úrskurði stjórnvalda til endanlegrar ákvörðunar dómstólanna innan sex mánaða frá uppkvaðningu og birtingu úrskurðarins. Þessi frestur er hinn sami og nú gildir samkvæmt lögum nr. 56/1978. Reyndar má ætla að hagmunir ágreiningsaðila muni yfirleitt knýja á um að leitað sé eftir ákvörðun dómstóla eins fljótt og unnt er eftir að úrskurður hefur fallið. Engu að síður þykir rétt að leggja til að heimild þessi skuli vera virk í allt að sex mánuði frá uppkvaðningu og birtingu úrskurðarins, en að þeim tíma liðnum telst úrlausn verðlagsráðs, eða eftir atvikum ráðherra, vera endanleg um ágreininginn.

Í 3. mgr. er kveðið á um það að með mál vegna ágreinings um úrskurði verðlagsráðs og ráðherra skuli fara samkvæmt lögum nr. 85/1936, en um refsiverð brot á lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála, sbr. 20. gr. frumvarpsins.

Um 19. gr.

Í greininni er Verðlagsstofnun veitt heimild til að afturkalla áður samþykkt starfsréttindi til handa kortaútgefanda til að starfa að greiðslumiðlun með notkun greiðslukorta vegna ítrekaðra brota á ákvæðum þessa frumvarps og reglna settra samkvæmt þeim. Er þá nafn viðkomandi aðila afmáð af skrá stofnunarinnar sem haldin er, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Í 4. gr. er ekki byggt á því að Verðlagsstofnun skuli gefa út leyfisbréf til greiðslukortastarfsemi, eins og nánar er rakið í athugasemdum við þá grein, heldur skal taka aðila er uppfyllir lagaskilyrði til skráningar á skrá stofnunarinnar yfir þá er rétt hafa til að stunda greiðslukortastarfsemi. Eftir að aðili hefur verið skráður og hafið sína greiðlukortastarfsemi kann hann að fyrirgera rétti til þess að mega stunda þá starfsemi er hann hefur áður verið skráður til. Nauðsynlegt er því að Verðlagsstofnun sé veitt heimild til þess að afturkalla áður samþykkta skráningu eins og lagt er til í 1. mgr. þessarar greinar. Jafnframt er sama heimild veitt dómstólum, sbr. ákvæði 20. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt ákvæði 2. mgr. er Verðlagsstofnun og heimilt að afnema rétt einstakra kortaútgefenda sem starfa samkvæmt tilkynningu þess kortaútgefanda sem tilkynningarskyldu ber samkvæmt ákvæðum 4. gr. frumvarpsins. Til dæmis má hér nefna að heimilt væri að leggja bann við áframhaldandi útgáfu verslunarfyrirtækis innan viðskiptakeðju á greiðslukortum án þess að bannið nái til annarra fyrirtækja í sömu keðju.

Um 20. gr.

Lagt er til að refsing vegna brota á lögum þessum skuli vera sektir, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Einnig má hér minna á þau úrræði sem Verðlagsstofnun er veitt í frumvarpi þessu með því að banna tilteknar athafnir, sbr. 5. og 18. gr. frumvarpsins.

Loks er lagt til að fésektir verði unnt að leggja á lögaðila vegna brota á ákvæðum laga þessara þótt sök sé eigi sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann.

Um 21.–22. gr.

Eðlilegt þykir að dómstólar hafi samsvarandi heimildir til þess að svipta aðila sem brotlegur hefur gerst samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps og Verðlagsstofnun hefur. Þá er í 2. mgr. sett ákvæði um upptöku hagnaðar af broti, svo og tækja eða gagna sem þau hafa verið framin með.

Í 22. gr. er að finna heimild til refsingar fyrir tilraun og hlutdeild í broti og fer um það samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga.

Um 23. gr.

Með ákvæði þessu er settur ákveðinn rammi um að hvaða marki víkja megi frá skilyrðum þeim sem sett eru í hinum nánar tilteknu greinum. Samkvæmt ákvæðinu er við það miðað að þau ákvæði, sem greinin tiltekur, skuli vera ófrávíkjanleg að því marki sem frávik eru eigi korthafa eða greiðsluviðtakanda til hagsbóta. Verður því að líta svo á að í frumvarpinu sé að finna þær lágmarkskröfur, sem gerðar skuli til þeirra atriða er í greinum þessum eru talin upp.

Um 24. gr.

Ákvæði þetta, sem er sambærilegt við 34. gr. dönsku laganna um greiðslukort, er sett með hliðsjón af 12. gr. frumvarpsins, en hér er um að ræða alþjóðleg greiðslukort þar sem uppgjör fer fram erlendis og aðilar búsettir erlendis eiga í hlut, svo sem ferðamenn er hingað koma.

Um 25. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Lagt er til í 25. gr. að lögin öðlist þegar gildi. Rétt þykir þó að gefa aðilum, er lögunum er ætlað að taka til, hæfilegan frest frá gildistöku þeirra til þess að uppfylla ákvæði 3.–5. gr. frumvarpsins. Enn fremur er eðlilegt og nauðsynlegt að veita greiðslukortafyrirtækjum hæfilegan frest til þess að endurnýja samninga í samræmi við ný lög og koma þá til skoðunar ákvæði 8. gr. frumvarpsins um að einungis skuli krefjast tryggingar af hálfu þriðja manns í undantekningartilvikum, svo og ákvæði 7. gr. frumvarpsins Rétt þykir þó að heimila þá framkvæmd að sú endurnýjun, sem hér er rætt um, fari fram jafnóðum og greiðslukortasamningar eru endurnýjaðir samkvæmt þeim skilmálum, sem um þá gilda, ef kortaútgefendur telja eigi unnt að uppfylla skilyrði sem hér eru sett innan þess þriggja mánaða frests sem um er getið í ákvæðinu.

Sþ. 93. Fyrirspurn [92. mál]

til utanríkisráðherra um verðlaunalistaverk við Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Hvenær er fyrirhugað að setja upp verðlaunalistaverk við Flugstöð Leifs Eiríkssonar?

Sþ. 94. Fyrirspurn [93. mál]

til menntamálaráðherra um tekjur af Happdrætti Háskóla Íslands.

Frá Birgi Ísl. Gunnarssyni.

1. Hverjar hafa verið tekjur Happdrættis Háskóla Íslands 1981–1988 og hverjar eru áætlaðar tekjur 1989 og hvernig hefur þessum tekjum verið varið?
   Sundurliðist eftir árum og verkefnum.
2. Telur menntamálaráðherra heimilt að verja tekjum af Happdrætti Háskóla Íslands til byggingar Þjóðarbókhlöðu eins og ráðgert er í fjárlagafrumvarpi?

Sþ. 95. Fyrirspurn [94. mál]

til dómsmálaráðherra um björgunarþyrlu.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis frá 11. maí 1988 um athugun á kostnaði við kaup og rekstur á björgunarþyrlu?

Nd. 96. Frumvarp til laga [95. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Friðrik Sophusson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Eggert Haukdal,
Friðjón Þórðarson, Geir H. Haarde, Kristinn Pétursson,
Matthías Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen, Ólafur G. Einarsson,
Pálmi Jónsson, Ragnhildur Helgadóttir, Þorsteinn Pálsson.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Hagnaður af sölu hlutabréfa telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári hafi hin seldu hlutabréf verið í eigu skattaðila í skemmri tíma en full þrjú ár. Hagnaður af sölu hlutabréfa telst ekki til skattskyldra tekna hafi hin seldu hlutabréf verið í eigu skattaðila í þrjú ár eða lengur.

b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Verði skattaðili fyrir tapi af sölu hlutabréfa, reiknuðu með sama hætti og söluhagnaður skv. 2. mgr., má framreikna það samkvæmt verðbreytingarstuðli skv. 26. gr. og draga frá skattskyldum söluhagnaði hlutabréfa. Ákvæði þetta gildir afturvirkt vegna taps frá árinu 1985 eða síðar.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 30. gr. laganna:

a. 2. tölul. B-liðar 1. mgr. orðast svo:

Fenginn arð, sbr. 9. gr., að hámarki 15% af stofni sem markast af nafnverði hvers einstaks hlutabréfs ásamt þeim jöfnunarhlutabréfum sem heimilt hefði verið að úthluta í samræmi við almennar verðhækkanir, sbr. 1. mgr. 9. gr., þó að hámarki 180.000 kr. hjá einstaklingi og 360.000 kr. hjá hjónum. Til arðs í þessu sambandi teljast þó ekki fengin jöfnunarhlutabréf umfram þau mörk sem greinir í 1. mgr. 9. gr. Arður barns innan 16 ára aldurs, sem er á framfæri foreldra sinna (eða kjörforeldra, stjúpforeldra, fósturforeldra) telst með arði foreldris, sbr. 1. mgr. 65. gr., og gilda samanlagðar fjárhæðir um samanlagðan arð foreldris og barns.

b. Í stað „72.000 kr." og „144.000 kr." í 2. málsl. 4. tölul. B-liðar 1. mgr. kemur: 250.000 kr. og 500.000 kr.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. 8. tölul. greinarinnar orðast svo:

Fjárhæð þá er félög, sem um ræðir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., greiða eða úthluta í arð. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en nemur 15% af stofni sem markast af nafnvirði hlutafjár ásamt þeim jöfnunarhlutabréfum sem heimilt hefði verið að úthluta í samræmi við almennar verðhækkanir, sbr. 1. mgr. 9. gr. laganna. Arður samkvæmt þessum tölulið er frádráttarbær frá tekjum þess árs sem hann er reiknaður af.

b. Við greinina bætist nýr töluliður er orðast svo:

12. Framlög í sveiflujöfnunarsjóð, sbr. 54. gr.

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 38. gr. laganna:

a. Í stað „8%“ í 1. og 2. tölul. kemur: 10%.
b. Í stað „12%“ í 3. tölul. kemur: 15%.
c. 4. tölul. greinarinnar orðast svo:
   a. Skrifstofuáhöld og -tæki 20%.
   b. Vélar og tæki til jarðvinnslu og mannvirkjagerðar sem ekki fellur undir 1.–3. tölul. þessarar greinar og a-lið þessa töluliðar 20%.

5. gr.

Á eftir 39. gr. laganna kemur ný grein, 40 gr., sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 38. gr. er heimilt að færa kostnaðarverð lausafjár, sem hefur skemmri endingartíma en þrjú ár, að fullu til gjalda á því ári sem eignanna er aflað og þær teknar í notkun.

6. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 54. gr. laganna:

a. Í stað „15%“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: 30%.
b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Enn fremur mega menn eða lögaðilar, sem hafa skattskyldar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, draga frá framlag í sérstakan sveiflujöfnunarsjóð. Hámark framlags í sveiflujöfnunarsjóð skal vera 30% af þeirri fjárhæð sem eftir stendur þegar frá skattskyldum tekjum hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.–10. tölul. 31. gr. Þessi frádráttur er bundinn því skilyrði að skattaðili leggi alla fjárhæðina inn á bundinn reikning eftir sömu skilyrðum og um getur í 1.–3. mgr. þessarar greinar.

7. gr.

Á eftir orðinu „fjárfestingarsjóði“ í 1. mgr. 55. gr. laganna kemur: og sveiflujöfnunarsjóði, og á eftir orðinu „fjárfestingarsjóð“ í 3. mgr. sömu greinar kemur: og sveiflujöfnunarsjóð.

8. gr.

Við 55. gr. A í lögunum bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ákvæði þessarar greinar um fjárfestingarsjóð skulu enn fremur gilda um sveiflujöfnunarsjóð, sbr. 54. gr.

9. gr.

Á eftir orðinu „fjárfestingarsjóðs“ í 2. mgr. 55. gr. B kemur: og sveiflujöfnunarsjóðs, og á eftir orðinu „fjárfestingarsjóð“ í 3. mgr. sömu greinar kemur: fjárfestingarsjóð.

10. gr.

Í stað „50%“ í 72. gr. laganna kemur: 48%.

11. gr.

1. málsl. 5. tölul. 74. gr. laganna orðast svo:

Hlutabréf skal telja til eignar á nafnverði nema sannað sé að raunvirði eigna félagsins sé lægra en hlutafé þess og gildir þetta ákvæði þrátt fyrir að gengi hlutabréfs á Verðbréfaþingi Íslands eða öðrum hliðstæðum hlutabréfamarkaði sé hærra en nemur nafnvirði hlutabréfs.

12. gr.

Í stað „900.000 kr.“ og „1.800.000 kr.“ í síðasta málslið 78. gr. laganna koma: 2.000.000 kr. og 4.000.000 kr.

13. gr.

Í stað „1,2%“ í 84. gr. laganna kemur: 0,95%.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 1990 vegna tekna ársins 1989 og eigna í lok þess árs.

Greinargerð.

Á því samdráttarskeiði, sem atvinnulíf landsmanna gengur nú í gegnum, hefur komið betur og betur í ljós hversu veikburða og skuldug íslensk fyrirtæki eru. Þessi rýra eiginfjárstaða íslenskra fyrirtækja hefur leitt af sér fjöldagjaldþrot og geysilegar upphæðir hafa tapast í gjaldþrotum.

Nú er í sjálfu sér ekkert við það að athuga þótt einhver fyrirtæki verði gjaldþrota, sérstaklega þar sem illa er staðið að rekstri. En sú gjaldþrotaalda, sem nú ríður yfir, mun ekki einungis bitna á verst reknu og skuldugustu fyrirtækjunum, heldur gera öllu atvinnulífinu erfitt fyrir í mörg ár eftir að botninum er náð. Tap einyrkja, einstaklinga og heimila af gjaldþrotum hefur einnig orðið afar tilfinnanlegt.

Ljóst er að jákvæðir raunvextir á fjármagni hafa gjörbreytt öllum rekstrarskilyrðum atvinnulífsins. Nú geta stjórnendur fyrirtækja ekki safnað skuldum og gert út á það að verðbólgan skerði raunvirði þeirra. Nú er fyrirtækjum sjaldnast greiði gerður með því að fresta vanda þeirra með lánsfyrirgreiðslu þar sem slíkt eykur oftar vanda fyrirtækjanna heldur en hitt.

Á sama tíma og þessi þróun hefur átt sér stað í atvinnulífinu hefur núverandi ríkisstjórn keppst við að þyngja skattaálögur á fyrirtæki og það fólk sem fjárfest hefur í íslensku atvinnulífi.

Meginniðurstaðan af aðgerðum ríkisstjórnarinnar hefur verið sú að fyrirtækjum hefur verið gert erfiðara fyrir að varðveita eigið fé sitt og afla sér aukins eigin fjár. Þau eru rekin af meira kappi en fyrr út á lánsfjármarkaðinn, en það hefur orðið fleiri og fleiri fyrirtækjum að fjörtjóni.

Með því frumvarpi, sem hér er lagt fram, um víðtækar umbætur í atvinnumálum er jafnframt tekið á þessum málum. Svigrúm fyrirtækja til öflunar og varðveislu eigin fjár er stórbætt. Slíkar breytingar eru nauðsynlegar vegna þess að bætt lífskjör í framtíðinni verða einungis sótt til meiri verðmætasköpunar fyrirtækjanna. Gróska í atvinnulífinu er því forsenda aukinnar velmegunar þjóðarinnar.

Þess vegna verður að byggja upp þann skattstofn sem verðmætasköpun íslenskra fyrirtækja er og gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að íslensk fyrirtæki geti með raunhæfum hætti aflað sér eigin fjár. Enn fremur verður að laða almenning sem mest til að fjárfesta í atvinnulífi landsmanna og taka þannig þátt í uppbyggingarstarfinu.

Með þeim breytingum, sem hér er lagt til að gerðar verði, má segja að íslenskir skattgreiðendur séu að fjárfesta í íslensku atvinnulífi. Varla verður fundið arðbærara verkefni en að stuðla að aukinni eiginfjármyndun í íslenskum fyrirtækjum.

Í frumvarpinu eru helstu aðgerðirnar til umbóta í skattamálum þessar:

1. Söluhagnaður af hlutabréfum verður skattfrjáls eftir þriggja ára eignarhaldstíma.
2. Tap af sölu hlutabréfa verður nú frádráttarbært frá söluhagnaði af hlutabréfum.

3. Skattfrelsismörk arðs af hlutabréfum vegna tekjuskatts einstaklinga eru meira en tvöfölduð.
4. Heimilt verður að miða skattfrjálsar arðgreiðslur við allt að 15% af stofni sem markast af nafnverði ásamt þeim jöfnunarhlutabréfum sem heimilt hefði verið að úthluta samkvæmt almennum verðbreytingum. Hjá fyrirtækjum verður úthlutaður arður frádráttarbær af sama stofni.
5. Heimildir til frádráttar frá tekjum einstaklinga vegna fjárfestingar í atvinnulífi eru hækkaðar í 500.000 kr. fyrir hjón.
6. Tekin er upp almenn heimild til sveiflujöfnunar í atvinnulífinu og fyrirtækjum veitt heimild til þess að geyma allt að 30% af hreinum tekjum á bundnum reikningum.
7. Sú lækkun, sem núverandi ríkisstjórn gerði á fyrningarhlutföllum hjá fyrirtækjum fyrir sl. áramót, er tekin aftur og atvinnulífinu gefnir á ný eðlilegir möguleikar til þess að afskrifa eignir.
8. Fyrirtækjum verður heimilt að gjaldfæra strax kostnaðarverð lausafjár með skemmri endingartíma en þrjú ár.
9. Heimild til varasjóðsmyndunar í fyrirtækjum með framlagi í fjárfestingarsjóð er hækkuð úr 15% í 30%.
10. Tekjuskattshlutfall fyrirtækja er lækkað úr 50% í 48%.
11. Lagaákvæðum um tekjuskatt og eignarskatt er breytt í því skyni að auðvelda viðskipti með hlutabréf á Verðbréfaþingi Íslands.
12. Skattfrelsismörk hlutabréfa við eignarskattsálagningu einstaklinga eru meira en tvöfölduð og verða nú 4.000.000 kr. fyrir hjón.
13. Eignarskattur fyrirtækja lækkar og verður 0,95%.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er sett inn skattfrelsi söluhagnaðar af hlutabréfum sem hafa verið í eigu viðkomandi skattaðila í lengur en þrjú ár.

Í 17. gr. laganna er fjallað um söluhagnað af hlutabréfum. Söluhagnaður er skattskyldur að svo miklu leyti sem hann er umfram almennar verðbreytingar. Hér er lagt til að frá söluhagnaði hlutabréfa megi draga tap af sölu annarra hlutabréfa reiknað með sömu aðferð.

Um 2. gr.

Í a-lið þessarar greinar eru skattleysismörk arðgreiðslna tvöfölduð og stofni þeim, sem arðgreiðslur miðast við, breytt þannig að útgáfa jöfnunarhlutabréfa verður ekki lengur nauðsynleg til þess að mynda stofn fyrir arðgreiðslur.

Í b-lið greinarinnar eru rýmkaðar verulega heimildir til frádráttar frá tekjum vegna fjárfestingar einstaklinga í atvinnurekstri. Þær upphæðir, sem nú eru heimilaðar til frádráttar, eru svo lágar að þær skipta sáralitlu máli. Heimild til slíks frádráttar um allt að 500.000 kr. árlega hjá hjónum er verulegur hvati fyrir fólk til að fjárfesta í atvinnurekstri.

Um 3. gr.

Hér er útgreiddur arður gerður frádráttarbær hjá greiðanda miðað við sömu mörk og hann er skattfrjáls hjá viðtakanda. Enn fremur er sett inn frádráttarákvæði vegna framlags í sveiflujöfnunarsjóð. Miðað er við sama stofn og frádráttur er vegna framlags í fjárfestingarsjóð.

Um 4. gr.

Með þessari grein eru fyrningarhlutföll færð til þess horfs er þau voru fyrir lækkun þeirra með lögum nr. 97/1988. Sú lækkun fyrningarhlutfalla var óraunhæf og vinnur gegn eðlilegri fjármuna- og varasjóðsmyndun í íslensku atvinnulífi.

Í a-lið greinarinnar er kveðið á um skip, skipsbúnað og loftför. Í b-lið greinarinnar er mælt fyrir um verksmiðjuvélar og hvers konar iðnaðarvélar og tæki. Í c-lið er fjallað um flestar aðrar vélar og tæki.

Um 5. gr.

Hér er sett inn á nýjan leik ákvæði sem fellt var niður með lögum nr. 97/1988. Niðurfelling ákvæðisins var alls óraunhæf, ekki síst vegna þess að mikil áhætta fylgir oftast kaupum á svo endingarlitlu lausafé.

Um 6. gr.

Með þessari grein er frádráttarheimild vegna fjárfestingarsjóðs færð til fyrra horfs fyrir lækkunina með lögum nr. 97/1988. Nauðsynlegt er að örva varasjóðsmyndun í íslenskum fyrirtækjum ef þau eiga að vera nægilega traust til þess að þola áföll og standa undir eðlilegum lífskjörum almennings. Hér kemur ákvæði um sveiflujöfnunarsjóð einnig inn í lögin. Þau eru felld að ákvæðum um fjárfestingarsjóð.

Um 7. gr.

Ákvæði um sveiflujöfnunarsjóð eru felld inn í ákvæði laganna um fjárfestingarsjóð.

Um 8.–9. gr.

Felld eru saman ákvæði um sveiflujöfnunarsjóð og fjárfestingarsjóð.

Um 10. gr.

Í þessari grein er verið að færa tekjuskattshlutfall fyrirtækja í 48% eins og það var fyrir gildistöku laga nr. 97/1988.

Um 11. gr.

Með ákvæði þessu er verið að örva viðskipti með hlutabréf á Verðbréfaþingi Íslands og gera þau samkeppnisfær.

Um 12. gr.

Með greininni er skattfrelsi hlutafjár gagnvart eignarskatti meira en tvöfaldað en það mun auka verulega fjárfestingar almennings í hlutabréfum.

Um 13. gr.

Hér er eignarskattur lögaðila enn fremur færður til fyrra horfs, fyrir lög nr. 97/1988.

Um 14. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 97. Frumvarp til laga [96. mál]

um breytingu á lögum nr. 9/1984, um frádrátt af skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

Flm.: Friðrik Sophusson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Eggert Haukdal,
Friðjón Þórðarson, Geir H. Haarde, Kristinn Pétursson,
Matthías Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen, Ólafur G. Einarsson,
Pálmi Jónsson, Ragnhildur Helgadóttir, Þorsteinn Pálsson.

1. gr.

Hámarksfjárhæðir í 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna, sbr. lög nr. 88/1986, breytist þannig að í stað „45.900 kr." komi: 250.000 kr., og í stað „91.800 kr." komi: 500.000 kr.

2. gr.

Við 10. gr. laganna bætist: Fjárhæð umfram frádráttarmörk, sem lögð er í hlutafjáraukningu í hlutafélagi eða lögð til hlutafjárkaupa við stofnun hlutafélags, er heimilt að flytja milli ára og nýta á næstu fimm árum. Ónýtt frádráttarheimild tekur hækkunum með sama hætti og fjárhæðir 2. mgr.

3. gr.

Á eftir fyrri málsgrein 11. gr. laganna komi ný málsgrein sem orðist svo:

Þegar um er að ræða útboð nýs hlutafjár í starfandi hlutafélagi og engar hömlur eru lagðar á viðskipti með hin nýju hlutabréf skal frádráttur skv. 10. gr. heimill þótt ekki sé fullnægt skilyrðum um lágmarksfjárhæð hlutafjár og lágmarksfjölda hluthafa.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta fyrir tekjuárið 1989.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er hluti af þeim aðgerðum sem nauðsynlegar eru í skattlagningu atvinnurekstrar í því skyni að auka eigið fé fyrirtækja og renna styrkari stoðum undir atvinnulífið. Það tengist því frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, en það frumvarp er flutt af sömu þingmönnum.

Með frumvarpinu eru almenningi veitt stórbætt kjör ef hann festir fé sitt í atvinnufyrirtækjum. Ekki síst er nú tekin upp sú stefna að styðja við bakið á minni fyrirtækjum, en þar eru oft ekki síðri möguleikar til nýsköpunar og framfara í atvinnulífinu en í stærri fyrirtækjum. Í þessu skyni eru hér í frumvarpi þessu m.a. tekin upp ákvæði lagafrumvarpa sem Friðrik Sophusson, Matthías Bjarnason, Geir H. Haarde, Birgir Ísl. Gunnarsson og Kristinn Pétursson fluttu um þessi mál á síðasta þingi.

Helstu ákvæði frumvarpsins eru:

1. Heimild einstaklinga til frádráttar frá tekjum vegna hlutabréfakaupa eru stóraukin og verður 500.000 kr. fyrir hjón.
2. Kaupi einstaklingur hlutabréf fyrir meira í einu en sem svarar til árlegrar frádráttarheimildar er heimild til að flytja það sem umfram er milli ára í allt að fimm ár.
3. Lítil fyrirtæki geta aflað sér eigin fjár með sölu hlutabréfa með sömu skattfríðindum fyrir þá sem kaupa hlutabréf enda séu engar hömlur á viðskipti með hin nýju hlutabréf.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þessu ákvæði eru auknar heimildir til frádráttar frá tekjum vegna kaupa á hlutabréfum. Þessar heimildir eru gerðar raunhæfar og almenningur hvattur til að leggja fé í hlutabréf.

Sú reynsla, sem af þessu ákvæði hefur verið, sýnir að hinar lágu upphæðir fela ekki í sér næga hvatningu til þess að laða almenning til þátttöku í atvinnulífi.

Hækkun upphæðanna þannig að hjón geti dregið allt að 500.000 krónur árlega frá tekjum vegna hlutabréfakaupa er hins vegar umtalsvert átak til þess að örva eiginfjármyndun í atvinnurekstri á Íslandi.

Um 2. gr.

Hér er tekið á því atriði að oft gerir fólk kaupsamning um meiri hlutabréfakaup í hvert skipti en svarar til frádráttarheimilda skv. 2. gr. laganna.

Um 3. gr.

Með þessari grein eru frádráttarheimildir vegna hlutabréfakaupa einnig látnar ná til minni fyrirtækja. Skortur á eigin fé hefur ekki síður háð litlum fyrirtækjum en stórum og hér eru þau sett við sama borð og hin stærri.

Nýsköpun í atvinnurekstri verður oft frekar í litlum fyrirtækjum en stórum. Þegar einstaklingar fjárfesta í atvinnurekstri vilja þeir fremur setja fé í lítil fyrirtæki þar sem þeir þekkja til en kaupa hlutabréf í stærri fyrirtækjum.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 98. Frumvarp til laga [97. mál]

um endurgreiðslu á gjaldi af erlendum lánum vegna skipasmíða hér á landi.

Flm.: Halldór Blöndal.

1. gr.

Gjald af erlendum lánum, sem tekin voru til skipasmíða hér á landi samkvæmt lögum nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sbr. lög nr. 101/1988 og lög nr. 51/1989, skulu endurgreiðast úr ríkissjóði þegar í stað.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frá 10. mars 1988 til 1. júní 1989 var greitt sérstakt gjald af erlendum lántökum, þar á meðal lánum til skipasmíða hér á landi. Þó lá fyrir að skipasmíðar erlendis nutu opinbers stuðnings með beinum og óbeinum hætti.

Í Slippstöðinni á Akureyri hefur 250 tonna fiskiskip verið í smíðum. Með hliðsjón af framansögðu er óeðlilegt og óviðunandi að sérstakt gjald sé greitt í ríkissjóð af lánum til þeirrar smíði. Verð skipsins er sambærilegt við verð sumra þeirra skipa sem keypt hafa verið ný til landsins.

Sþ. 99. Fyrirspurn [98. mál]

til fjármálaráðherra um vexti á ríkisvíxlum.

Frá Geir H. Haarde.

1. Hverjir hafa verið
   a. nafnvextir,
   b. raunvextir miðað við framfærsluvísitölu og
   c. raunvextir miðað við lánskjaravísitölu á 45, 90 og 120 daga ríkisvíxlum að fjárhæð 500 þús. kr. á þessu ári?

Í svarinu óskast tilgreint hverjir þessir vextir hafa verið að meðaltali á hverjum ársfjórðungi það sem af er árinu, að meðaltali fyrstu 10 mánuði ársins og loks hverjir vextirnir voru í mánuðunum júní, júlí, ágúst, september og október.

2. Hvert er mat fjármálaráðuneytisins og Seðlabankans á áhrifum þessara vaxta á hið almenna vaxtastig í landinu?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 100. Svar [11. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar H. Garðarssonar um sjóðsstöðu og ríkisframlög til Húsnæðisstofnunar ríkisins.

1. Framlög ríkissjóðs til Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Í samkomulagi því sem ASÍ, VSÍ og VMS gerðu um húsnæðismál hinn 26. febrúar 1986 er ekki kveðið á um framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins næstu ár. Í svari ríkisstjórnarinnar til samningsaðila um þetta samkomulag er heldur ekki kveðið á um framlag ríkissjóðs. Hins vegar kemur fram í greinargerð með frumvarpinu til breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem lagt var fram á Alþingi í kjölfar umræðds samkomulags, að framlag ríkissjóðs miðað við gefnar forsendur mætti ekki vera lægra en 1.000 m.kr. á árinu 1987. Ný lög um stofnunina nr. 54/1986, tóku gildi hinn 1. september 1986. Í greinargerðinni með frumvarpinu voru lánsfjárhæðir miðaðar við byggingarvísitölu 1. janúar 1986 eða 250 stig.

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1988 var framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins ákveðið 1.150 m.kr. Í kjölfar ráðstafana ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og lánsfjármálum, sem samþykktar voru á Alþingi í byrjun mars 1988, var framlag ríkissjóðs lækkað um 100 m.kr. Hins vegar kom framlag úr ríkissjóði í desember 1988 að fjárhæð 75 m.kr. vegna greiðsluerfiðleikalána. Framlög úr ríkissjóði á árinu 1988 voru því samtals 1.125 m.kr.

Framlag ríkissjóðs á verðlagi hvers árs.
(M.kr.)

	Byggingarsjóður ríkisins		*Byggingarsjóður verkamanna*	
	Skv. fjárlögum	*Niðurstaða*	*Skv. fjárlögum*	*Niðurstaða*
1987	1.000	1.000	300	300
1988	1.150	1.125	600	600
1989	1.050	550	600	600

Samkvæmt endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1989 er framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins lækkað um 500 m.kr. Engar breytingar urðu frá fjárlögum á framlagi ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna árin 1987–1989.

2. Framlög ríkissjóðs tímabilið 1. október 1988 til 30. september 1989.

Innkomið framlag ríkissjóðs mánuðina október 1988 til september 1989 á verðlagi hvers mánaðar (m.kr.)

		Byggingarsjóður verkamanna	*Byggingarsjóður ríkisins*
Október	1988	8	
Nóvember	1988	9	50
Desember	1988	227	
Janúar	1989	3	57
Febrúar	1989	7	57
Mars	1989	197	57
Apríl	1989	102	56
Maí	1989	103	56
Júní	1989	8	17
Júlí	1989	8	
Ágúst	1989	15	50
September	1989		100

3. Sjóðsstaða Húsnæðisstofnunar ríkisins tímabilið 1. janúar 1988 til októberloka 1989 á verðlagi hvers mánaðar.

Byggingarsjóður ríkisins (m.kr.)

	1988	*1989*
1. janúar	500	1.414
10. janúar	84	1.042
20. janúar	-182	688
1. febrúar	199	1.009
10. febrúar	-56	695
20. febrúar	-73	664
1. mars	96	571
10. mars	-316	406
20. mars	-299	385
1. apríl	94	1.023
10. apríl	-236	618
20. apríl	-378	349
1. maí	56	983
10. maí	-104	961
20. maí	273	1.048
1. júní	636	1.860
10. júní	336	1.285
20. júní	192	1.116
1. júlí	589	1.842
10. júlí	327	1.505
20. júlí	121	1.304
1. ágúst	513	1.821

	1988	*1989*
10. ágúst	401	1.539
20. ágúst	428	1.552
1. september	637	1.925
10. september	220	1.459
20. september	-348	713
1. október	41	1.686
10. október	-139	1.235
20. október	-199	909
1. nóvember	304	
10. nóvember	184	
20. nóvember	257	
1. desember	665	
10. desember	314	
20. desember	370	

Eins og sést á þessu yfirliti eru miklar breytingar á sjóðsstöðu Byggingarsjóðs ríkisins frá degi til dags. Skuldabréfakaup lífeyrissjóða eiga sér stað að langmestu leyti á síðustu dögum hvers mánaðar en lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins eru mestar í byrjun hvers mánaðar. Stóran hlut ársins 1988 var sjóðsstaðan neikvæð en í maí það ár tók stofnunin bráðabirgðalán hjá Seðlabanka Íslands að fjárhæð 370 m.kr. sem síðan var endurgreitt í september sama ár. Það er því nauðsynlegt fyrir Byggingarsjóð ríkisins að hafa í sjóði fjármagn vegna breytinga á inn- og útstreymi fjármagns úr sjóðnum. Sjóðsstaða þann 30. október 1989 var 818 m.kr.

Þá er rétt að geta þess að húsnæðismálastjórn hefur ákveðið að flýta afgreiðslu lána úr Byggingarsjóði ríkisins og verja til þess 800 m.kr. á þessu ári.

Byggingarsjóður verkamanna.
Mánaðarleg sjóðsstaða (m.kr.)

1. janúar	1988	9
1. febrúar	1988	10
1. mars	1988	6
1. apríl	1988	9
1. maí	1988	44
1. júní	1988	82
1. júlí	1988	65
1. ágúst	1988	50
1. september	1988	67
1. október	1988	2
1. nóvember	1988	4
1. desember	1988	1
1. janúar	1989	14
1. febrúar	1989	10
1. mars	1989	33
1. apríl	1989	19
1. maí	1989	100
1. júní	1989	145
1. júlí	1989	152
1. ágúst	1989	49
1. september	1989	97
1. október	1989	1

Sþ. 101. Tillaga til þingsályktunar [99. mál]

um athugun á lágmarksframfærslukostnaði í landinu.

Flm.: Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar að fela Hagstofu Íslands að kanna, meta og gera sundurliðaða greinargerð um lágmarksframfærslukostnað í landinu. Greinargerðin sýni lágmarksframfærslukostnað manns sem ekki á aðrar eignir sem tengjast framfærslu en föt og venjulegt innbú. Skal greinargerðin miðast við framfærslu í eitt ár á verðlagi í desember 1989. Skal miðað við að maðurinn geti veitt sér hollt og næringarríkt fæði og búi í húsnæði sem ekki spillir heilsu hans og hann þarf ekki að deila með öðrum, einnig að hann geti unnið öll heimilisstörf sjálfur. Meta skal fæðis- og húsnæðiskostnað og hitunar- og rafmagnskostnað sérstaklega. Einnig skal meta aðra kostnaðarliði sérstaklega eftir því sem henta þykir, en við mat á kostnaði við föt, bækur, skemmtanir og annað en brýnustu lífsnauðsynjar skal miða við kostnað sem láglaunafólk hefur haft af þessu í framfærsluvísitölugrundvelli Hagstofunnar.

Þá er Hagstofunni einnig falið að kanna og taka saman greinargerð um lágmarksframfærslukostnað barns sem sýni sundurliðaðan framfærslukostnað fyrir hvert ár frá fæðingu til fullnaðs átján ára aldurs þess. Skal miðað við sömu forsendur og fyrir fullorðinn einstakling með þeirri athugasemd að barnið sé barn einstæðs foreldris sem eins er ástatt um og greinir í fyrri hluta áætlunarinnar.

Sé umtalsverður, meira en 5%, munur á kostnaði við lágmarksframfærslu eftir kyni mannsins eða barnsins skal greina sérstaklega frá því. Einnig skal greina sérstaklega frá mismun sem kann að vera á hitunar- og rafmagnskostnaði eftir búsetu, annars vegar á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar þar sem hann er hvað hæstur í strjálbýli. Hagstofan skal leita sérfræðiaðstoðar utan stofnunarinnar eftir því sem hún telur þörf á.

Leitast skal við að ljúka könnuninni sem fyrst og eigi síðar en 1. júní 1990.

Greinargerð.

Tillaga sama efnis um lágmarksframfærslukostnað var flutt á síðasta þingi, en fékkst ekki afgreidd. Mikilvægi málsins leyfir ekki slíka niðurstöðu.

Í samfélagi, sem hefur jöfnuð og velferð að meginmarkmiði, hlýtur lágmarksframfærslukostnaður fólks að vera grundvallarstærð sem önnur mörk og viðmiðanir í hagkerfinu verða að miðast við. Er þar átt við lágmarkslaun, elli- og örorkulaun, barnabætur og aðrar greiðslur til framfærslu barna, einnig gengisákvarðanir, vexti, skatta á laun og óbeina skatta og gjöld á lífsnauðsynjar og fleira.

Það er því mjög brýnt fyrir þá sem vinna að samfélagsmálum og þá sem láta sig slík mál varða að hafa upplýsingar um lágmarksframfærslukostnað í landinu. Á þetta hefur skort. Framfærsluvísitala Hagstofunnar byggist á meðaltali framfærslukostnaðar og ekki hefur verið gerð hér á landi alvarleg tilraun til að komast að því hver lágmarksframfærslukostnaður einhleypings er. Hér eru að sjálfsögðu mörg álitamál, t.d. hvort telja eigi með kostnað við tóbaksnotkun, bifreið og fleira. Flutningsmaður tekur ekki afstöðu til þess, en gerir sér vonir um að sundurliðun í greinargerðinni upplýsi um þessa kostnaðarliði sérstaklega, og löggjafarvaldið eða önnur stjórnvöld, sem áhuga hafa á þessum málum, setji með tímanum ákveðnari viðmiðanir sem síðari kannanir á lágmarksframfærslukostnaði skuli miðast við. Sama á við um stærð og búnað húsnæðis og endurgjald fyrir það. Auðvitað er eðlilegt í framtíðinni að miða

við ákveðnar grunnþarfir og einhverja nærtækustu lausnina við að uppfylla þær. Þessi og önnur atriði af sama toga skýrast betur við vinnu að verkinu og er við því að búast að Hagstofan, framkvæmdaraðilinn, greini frá matsvandamálum og öðrum atriðum sem ástæða þykir til í forsendum greinargerðarinnar.

Sþ. 102. Frumvarp til fjáraukalaga [100. mál]

fyrir árið 1989.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

1. gr.

Áætlað er að eftirtaldar breytingar verði á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1989, sbr. 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1989:

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**2 683 000**
Beinir skattar	600 000	
Óbeinir skattar	802 000	
Fjármagnstekjur, vextir	1 215 000	
Aðrar tekjur	66 000	
Gjöld		**8 152 739**
Rekstrargjöld	2 343 174	
Tilfærslur	4 456 827	
Fjármagnsgjöld, vextir	820 000	
Fjárfesting	532 738	
Gjöld umfram tekjur		5 469 739
Lánahreyfingar		
Afborganir, nettó		160 000
Veitt lán		765 000
Hlutafjárframlög		-135 000
Lánsfjárþörf		**6 259 739**
Lántökur		6 233 786
Ríkisvíxlar	3 800 000	
Önnur innlend lán	2 258 786	
Erlend lántaka	175 000	
Greiðsluafkoma		-25 953

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1989, sbr. sundurliðun í 3. gr. og ákvæði 4. gr.:

	Þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	50 000
01 Forsætisráðuneyti	110 827
02 Menntamálaráðuneyti	284 845
03 Utanríkisráðuneyti	22 268
04 Landbúnaðarráðuneyti	901 037
05 Sjávarútvegsráðuneyti	116 500
06 Dómsmálaráðuneyti	19 110
07 Félagsmálaráðuneyti	265 450
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	851 499
09 Fjármálaráðuneyti	4 602 521
10 Samgönguráðuneyti	606 459
11 Iðnaðarráðuneyti	163 000
12 Viðskiptaráðuneyti	807 500
13 Hagstofa Íslands	1 723
Til lækkunar sbr. 4. gr.	- 650 000
Samtals	8 152 739

3. gr.

Sundurliðun gjalda skv. 2. gr. er þessi:

I. KAFLI

Vegna sérstakra viðbótarheimilda:

00	**Æðsta stjórn ríkisins**		**50 000**
101	501 Embætti forseta Íslands, viðhald fasteigna	50 000	

01		**Forsætisráðuneyti**		**110 827**
101	101	Aðalskrifstofa	2 000	
101	101	Aðalskrifstofa	4 750	
101	101	Aðalskrifstofa	557	
101	601	Eignakaup	3 520	
171	610	Byggðastofnun, Hlutafjársjóður	100 000	
02		**Menntamálaráðuneyti**		**284 845**
101	101	Aðalskrifstofa	1 400	
101	601	Aðalskrifstofa, skrifstofubúnaður	4 600	
201	102	Háskóli Íslands, sameiginleg útgjöld	21 250	
201	102	Háskóli Íslands, sameiginleg útgjöld	11 900	
201	102	Háskóli Íslands, sameiginleg útgjöld	1 300	
201	125	Háskóli Íslands, raunvísindadeild	200	
210	101	Háskólinn á Akureyri	3 000	
231	601	Náttúrufræðistofnun Íslands, innréttingar	3 650	
276	601	Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	25 000	
319	101	Framhaldsskólar, almennt	2 000	
321	101	Kennaraháskóli Íslands	500	
507	601	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	33 000	
507	601	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	4 500	
580	101	Samvinnuskólinn	4 280	
720	180	Grunnskólar, almennt, sérkennsla í grunnskólum	3 500	
871	101	Unglingaheimili ríkisins	3 500	
871	101	Unglingaheimili ríkisins	6 500	
901	101	Landsbókasafn Íslands	300	
909	101	Blindrabókasafn Íslands	780	
909	101	Blindrabókasafn Íslands	900	
973	101	Þjóðleikhúsið	85 000	
977	601	Þjóðarbókhlaða	30 000	
981	101	Kvikmyndasjóður	1 555	
981	110	Kvikmyndasjóður, evrópski kvikmyndasjóðurinn	1 200	
982	121	Listir, framlög, Leikfélag Akureyrar	605	
982	128	Kynning á íslenskri list erlendis	1 025	
982	137	Listir, framlög, tónlistarstarfsemi, styrkir	500	
982	180	Listir, framlög, Listahátíð	3 000	
989	123	Ýmis íþróttamál, skákmót, styrkir	1 000	

989	130	Ýmis íþróttamál, Bridgesamband Íslands	1 500	
989	140	Ýmis íþróttamál, ýmis framlög til íþróttamála	5 000	
989	613	Ýmis íþróttamál, Íþróttasamband fatlaðra	6 000	
999	120	Ýmislegt, fundur íþróttaráðherra Evrópu á Íslandi	5 500	
999	140	Ýmislegt, Dimmuborgir	300	
999	181	Málræktarátak	7 000	
999	190	Ýmislegt, óviss útgjöld	1 000	
999	190	Ýmislegt, óviss útgjöld	1 000	
999	192	Ýmislegt, ýmis framlög	100	
999	643	Skriðuklaustur	1 500	
03		**Utanríkisráðuneyti**		**22 268**
101	101	Aðalskrifstofa	2 500	
101	101	Aðalskrifstofa	1 500	
101	101	Aðalskrifstofa	1 100	
101	150	Viðskiptaskrifstofa	3 500	
101	150	Viðskiptaskrifstofa	6 000	
401	158	Alþjóðastofnanir, friðargæsla S.Þ. í Namibíu	6 432	
401	159	Alþjóðastofnanir, friðargæsla S.Þ. í Angóla	142	
401	160	Alþjóðastofnanir, flóttamannaaðstoð vegna Namibíu	158	
401	161	Alþjóðastofnanir, samræmingarstarf S.Þ. í Afghanistan	158	
401	162	Alþjóðastofnanir, Alþjóðaráð R.K. vegna Afghanistan	158	
401	162	Alþjóðastofnanir, UNIFEM	620	
04		**Landbúnaðarráðuneyti**		**901 037**
231	630	Skógrækt ríkisins, vélar og tæki	887	
235	101	Landgræðsla ríkisins, almenn landgræðsla	8 000	
243	101	Sauðfjárveikivarnir	67 620	
246	140	Veiðimálastofnun, Laxeldisstöðin í Kollafirði	8 000	
288	620	Jarðræktarlög, framlög, jarðræktarlög o.fl.	26 000	
288	620	Jarðræktarlög, framlög, jarðræktarlög o.fl.	41 000	
289	110	Endurgreiðsla gjalda í landbúnaði, endurgreiðsla kjarnfóðurgjalds	70 000	
289	120	Endurgreiðsla söluskatts í fiskeldi og loðdýrarækt	35 000	
289	120	Endurgreiðsla söluskatts í fiskeldi og loðdýrarækt	38 000	
289	130	Niðurgreiðslur á fóðri í loðdýrarækt	55 000	
290	101	Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	520 000	
299	122	Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi, ýmis framlög	12 000	

299	122	Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi, ýmis verkefni	630	
299	122	Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi, ýmis verkefni	3 300	
299	122	Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi, ýmis verkefni	15 000	
503	601	Garðyrkjuskóli ríkisins, fasteignir, óskipt	600	
05		**Sjávarútvegsráðuneyti**		**116 500**
201	101	Hafrannsóknastofnun	1 400	
202	101	Hafrannsóknastofnun, yfirstjórn	10 000	
203	190	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	2 600	
203	610	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, tæki og búnaður	2 500	
280	101	Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla	100 000	
06		**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**		**19 110**
233	620	Bæjarfógeti Vestmannaeyjum	3 000	
283	113	Fangamál, ýmis kostnaður, geðlækninga- og sérfræðiþjónusta fyrir fanga	6 500	
283	113	Fangamál, ýmis kostnaður, geðlækninga- og sérfræðiþjónusta fyrir fanga	250	
301	101	Biskup Íslands, yfirstjórn	5 900	
301	502	Biskup Íslands, biskupsbústaður	2 460	
302	101	Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar, yfirstjórn	1 000	
07		**Félagsmálaráðuneyti**		**275 450**
101	101	Aðalskrifstofa	700	
701	131	Tæknivinnustofa Öryrkjabandalagsins	1 000	
701	133	Blindrafélagið, körfugerð og blindravinnustofa	3 500	
706	190	Sjálfsbjörg, Akureyri, ýmis verkefni	10 000	
981	190	Vinnumál, ýmislegt	65 000	
982	101	Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota	80 000	
982	101	Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota	85 000	
982	110	Orlofsgreiðslur vegna greiðsluerfiðleika fyrirtækja	20 000	
999	131	Félagsmál, ýmis starfsemi, félagasamtök, styrkir	1 000	
999	131	Félagsmál, ýmis starfsemi, félagasamtök, styrkir	600	
999	132	Félagsmál, ýmis starfsemi, starfsmenntun í atvinnulífinu	4 000	
999	140	Félagsmál, ýmis starfsemi, Kvennaathvarf í Reykjavík	2 000	
999	190	Félagsmál, ýmis starfsemi	1 300	
999	190	Félagsmál, ýmis starfsemi	1 350	

08		**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**		**841 499**
271	120	Tryggingastofnun ríkisins, sjúkratryggingar	400 000	
271	120	Tryggingastofnun ríkisins, sjúkratryggingar	400 000	
324	101	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	1 500	
324	101	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	1 600	
325	101	Hollustuvernd ríkisins	1 000	
327	101	Geislavarnir ríkisins, geislavarnir	1 330	
356	101	Sjúkrahúsið Sauðárkróki	2 000	
358	601	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri, ýmis eignakaup	3 100	
359	101	Sjúkrahúsið Húsavík	7 000	
367	101	Sjúkrahúsið í Keflavík	18 500	
381	693	Sjúkrahús og læknisbústaðir, Hraunbúð	1 000	
399	190	Heilbrigðismál, ýmis starfsemi, ýmis framlög	469	
481	140	Bindindisstarfsemi, átak í áfengisvörnum	4 000	
09		**Fjármálaráðuneyti**		**177 790**
212	120	Skattstofur, sameiginleg útgjöld, virðisaukaskattur	45 100	
481	601	Útgjöld samkvæmt sérstökum lögum og heimildarlögum	59 000	
981	680	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs, Skuggasund 3	10 500	
981	660	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs, Sölvhólsgata 4	1 190	
999	113	Ýmislegt, kjarasamningar	12 000	
999	190	Ýmislegt, óviss útgjöld	25 000	
999	610	Ýmislegt, símstöð	25 000	
10		**Samgönguráðuneyti**		**606 459**
211	510	Vegagerð ríkisins, viðhald vega	150 000	
211	610	Vegagerð ríkisins, nýframkvæmdir	85 000	
211	610	Vegagerð ríkisins, nýframkvæmdir	320 000	
321	110	Skipaútgerð ríkisins	650	
331	101	Vita- og hafnamálaskrifstofan	1 124	
331	610	Vita- og hafnamálaskrifstofan, nýbygging	20 000	
332	110	Vitastofnun Íslands, rekstur vita	2 100	
341	101	Siglingamálastofnun ríkisins	1 500	
471	101	Flugmálastjórn, yfirstjórn	23 000	
485	120	Ýmis framlög, Tilkynningaskylda íslenskra skipa	3 085	

11		**Iðnaðarráðuneyti**		**163 000**
240	101	Iðnaðarrannsóknir	5 000	
299	140	Iðja og iðnaður, framlög, framlag til ullariðnaðar	6 000	
299	145	Iðja og iðnaður, framlög, framlag til lagmetisiðnaðar	17 000	
399	116	Ýmis orkumál, niðurgreiðsla orkuverðs í fiskiðnaði	100 000	
399	119	Ýmis orkumál, önnur orkumál	35 000	
12		**Viðskiptaráðuneyti**		**807 500**
201	101	Niðurgreiðslur á vöruverði	600 000	
201	101	Niðurgreiðslur á vöruverði	200 000	
902	101	Verðlagsstofnun	7 500	
13		**Hagstofa Íslands**		**1 723**
101	101	Aðalskrifstofa, yfirstjórn	1 723	

II. KAFLI

Vegna breyttra verðlagsforsendna:

09		**Fjármálaráðuneyti**		**3 105 000**
989	101	Launa- og verðlagsmál	3 105 000	

III. KAFLI

Vegna fyrirsjáanlegs greiðsluhalla stofnana:

09		**Fjármálaráðuneyti**		**800 000**
989	120	Launa- og verðlagsmál, rekstrarhalli ríkisstofnana	800 000	

IV. KAFLI

Vegna skattkerfisbreytinga:

09		**Fjármálaráðuneyti**		**350 000**
989	130	Launa- og verðlagsmál, uppgjör á endurgreiðslu söluskatts vegna upptöku virðisaukaskatts	350 000	

V. KAFLI

Vegna geymdra fjárveitinga frá 1988:

09	**Fjármálaráðuneyti**	**169 731**
989 610	Launa- og verðlagsmál, geymdar fjárveitingar frá 1988	169 731

4. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að lækka gjöld skv. 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1989 um allt að 650.000 þús. kr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Með frumvarpi þessu til fjáraukalaga er nú í fyrsta sinn á yfirstandandi fjárlagaári lagðar fyrir Alþingi til ákvörðunar tillögur fjármálaráðherra um viðbótarheimildir við fjárlög ársins. Í athugasemdum við frumvarpið er gerð nánari grein fyrir afkomu ríkissjóðs á árinu 1989 í samræmi við efni frumvarpsins og einnig er gerð grein fyrir endurskoðaðri áætlun um innheimtu tekna ríkissjóðs á árinu 1989, ásamt með hreyfingum á lánahlið.

Allmiklar umræður hafa verið á þessu ári, bæði innan þings og utan, um meðferð aukafjárveitinga og heimildir til greiðslu umfram fjárlög. Stundum hefur mátt draga þær ályktanir af þessum umræðum að útgáfa aukaheimilda fari sífellt vaxandi eða jafnvel að á fyrri árum hafi þær verið óverulegar. Við skoðun á útgáfu aukafjárveitinga og greiðslna umfram fjárlög nokkur ár aftur í tímann kemur í ljós að aukaheimildir eru síst meiri nú síðustu ár en oft áður. Nokkrar sveiflur geta þó orðið milli einstakra ára, háðar framvindu og ástandi efnahagsmála.

Aðilar eru sammála um að setja þurfi skýrari reglur um greiðsluheimildir umfram fjárlög. Þrátt fyrir það er nauðsynlegt að hægt verði að mæta breytilegum aðstæðum á sviði ríkisfjármála innan ársins.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1990 er gerð grein fyrir tillögum sem miða að því að draga úr þörf á aukafjárveitingum og tekið er tillit til þess að ávallt þarf að mæta óvissum útgjöldum. Í því skyni er þar eftirfarandi lagt til:

- Hvert ráðuneyti fái í fjárlögum ákveðna upphæð til úthlutunar sem óviss útgjöld.

- Í fjárlögum verði einnig liður til ráðstöfunar vegna óvissuútgjalda fyrir ríkisstjórnina í heild.

- Fjáraukalög verði lögð fram á hausţingi ef nauðsyn er talin vera á aukafjárveitingum vegna lögbundinna skuldbindinga ríkissjóðs eða breytinga á forsendum fjárlaga. Þessar tillögur miða að því að draga úr þörf á aukafjárveitingum þannig að þær verði einungis veittar í samræmi við löglegar skuldbindingar.

2. Afkoma ríkissjóðs 1989.

Breyttar forsendur. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1989 í janúarmánuði síðastliðnum var gengið út frá ákveðnum forsendum um framvindu efnahagsmála á þessu ári. Annars vegar var gert ráð fyrir nokkrum samdrætti í framleiðslu og þjóðarútgjöldum. Hins vegar var miðað við tilteknar forsendur um verðlags-, gengis- og launabreytingar til ársloka 1989. Á þessum grundvelli voru fjárlög fyrir árið 1989 afgreidd með rúmlega 600 m.kr. afgangi.

Framan af ári var útkoman í góðu samræmi við áætlanir, enda var verðlags- og launaþróun þá nálægt forsendum fjárlaganna. Þegar komið var fram undir mitt ár, höfðu forsendur hins vegar breyst í svo veigamiklum atriðum, að hallarekstur var óumflýjanlegur. Skýringar á þessum breyttu forsendum eru í stórum dráttum þríþættar:

Í fyrsta lagi hafa verðforsendur fjárlaga breyst verulega. Í stað 13-14% verðhækkunar er nú spáð 21-23% meðalhækkun verðlags á þessu ári.

Í öðru lagi voru teknar ákvarðanir í tengslum við gerð kjarasamninganna síðastliðið vor um að lækka og jafnvel fella alveg niður tiltekna skatta. Þá var líka ákveðið að auka niðurgreiðslur.

Í þriðja lagi hafa verið teknar ýmsar ákvarðanir um aukin útgjöld ríkissjóðs frá því fjárlög voru afgreidd, bæði með samþykktum Alþingis um viðbótarfjármagn til vegamála og eins hafa framlög til atvinnumála verið aukin, svo sem til sjávarútvegs, landbúnaðar o.fl.

Allt hefur þetta breytt forsendum fjárlaganna, þannig að nú eru horfur á um 4,8 milljarða króna rekstrarhalla á ríkissjóði í lok þessa árs. Þessi halli svarar til um það bil 1,5% af landsframleiðslu. Til samanburðar má nefna, að árið 1988 svaraði hallinn á ríkissjóði til tæplega 3% af landsframleiðslu, reiknað á greiðslugrunni.

		Fjárlög 1989 M.kr.	Breytingar frá fjárlögum M.kr.	Endurskoðuð áætlun 1989 M.kr.
1.	Tekjur	77.100	2.683	79.783
2.	Útgjöld	76.464	8.153	84.617
	Rekstrarafkoma	**636**	**- 5.470**	**- 4.834**
3.	Lánahreyfingar, útstreymi -	6.045	- 790	- 6.835
4.	Lántökur alls	5.435	6.234	11.669
	Greiðsluafkoma	**26**	**- 26**	**0**

Tekjuhlið. Lakari horfur í ríkisfjármálum koma fram bæði á tekju- og gjaldahlið. Í fjárlögum ársins 1989 var reiknað með, að heildartekjur ríkissjóðs yrðu 77.100 m.kr. á þessu ári. Endurskoðuð áætlun í lok september bendir til þess, að tekjurnar verði heldur meiri, eða 79.783 m.kr. Frávik frá áætlun fjárlaga er því 2.683 m.kr., eða 3,5%.

	Fjárlög 1989 M.kr.	Breytingar frá fjárlögum M.kr.	Endurskoðuð áætlun 1989 M.kr.
Tekjur alls	**77.100**	**2.683**	**79.783**
Beinir skattar	**13.425**	**600**	**14.025**
Óbeinir skattar	**59.610**	**802**	**60.412**
Innflutningsgjald af bílum	1.315	-315	1.000
Vörugjald	2.750	-450	2.300
Söluskattur	32.505	970	33.475
Skil ÁTVR	6.050	-550	5.500
Launatengd gjöld	5.353	463	5.816
Aðrir óbeinir skattar	11.637	684	12.321
Aðrar tekjur	**4.065**	**1.281**	**5.346**
Vaxtatekjur	3.185	1.215	4.400

Helstu frávik frá fjárlagaáætlun koma fram í auknum tekjum af söluskatti, tekjuskatti einstaklinga og launatengdum gjöldum. Þessi hækkun skýrist fyrst og fremst af breyttum verðlags-, gengis- og launaforsendum. Vaxtatekjur hafa einnig aukist langt umfram áætlanir, að mestu leyti vegna sérstaks innheimtuátaks á söluskatti og raunar öðrum opinberum gjöldum.

Á móti þessum hækkunum vega minni tekjur af innflutningsgjaldi bifreiða, sölu áfengis og tóbaks og vörugjaldi. Vörugjaldið var lækkað í kjölfar ákvörðunar stjórnvalda við gerð kjarasamninganna síðastliðið vor, en meiri samdráttur í veltu en reiknað var með í fjárlögum skýrir lækkun fyrrnefndu tekjustofnanna.

Að öllu samanlögðu er áætlað að tekjur ríkissjóðs hækki um 23,5% milli áranna 1988 og 1989, en það svarar til rúmlega 2% aukningar að raungildi frá árinu 1988. Þetta jafngildir því, að tekjur ríkissjóðs hafi aukist um 1.700 m.kr. milli áranna 1988 og 1989, reiknað á verðlagi 1989. Tekjur ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu hafa einnig hækkað úr um 25,5% árið 1988 í 27% árið 1989, sem er nánast það sama og nemur minnkun á halla ríkissjóðs úr 3% árið 1988 í 1,5% árið 1989.

Útgjöld. Heildarútgjöld ríkissjóðs stefna í 84,6 milljarða króna á þessu ári, eða rúmlega 8 milljarða króna umfram fjárlög. Þar af má rekja tæplega helming, eða um 3,1 milljarð til verðuppfærslu í kjölfar breyttra verðlags- og launaforsendna. Afgangurinn tengist sérstökum ákvörðunum vegna kjarasamninga og erfiðrar stöðu í atvinnumálum. Auk þess er fyrirsjáanlegur útgjaldaauki á nokkrum öðrum liðum, sérstaklega á sviði landbúnaðar og félagsmála. Þá samþykkti Alþingi á vorþingi nokkra hækkun útgjalda, meðal annars til vegamála.

Af einstökum stórum liðum má nefna 1.590 m.kr. í auknum tryggingabótum, 1.390 m.kr. í niðurgreiðslum og útflutningsuppbótum, um 1000 m.kr. til atvinnumála og rúmlega 800 m.kr. í aukin vaxtaútgjöld.

	Útkoma 1988 M.kr.	Fjárlög 1989 M.kr.	Breytingar frá fjárlögum M.kr.	Endurskoðuð áætlun 1989 M.kr.
Gjöld alls	**71.583**	**76.464**	**8.153**	**84.617**
Rekstrarkostnaður	**28.364**	**29.759**	**2.343**	**32.102**
Tryggingagreiðslur, framlög og niðurgreiðslur	**26.471**	**28.667**	**4.457**	**33.124**
Lífeyris- og sjúkratryggingar	14.848	16.511	1.590	18.101
Niðurgreiðsla á matvörum	3.887	4.173	870	5.043
Útflutningsuppbætur	1.293	1.100	520	1.620
Endurgr. sölusk. í sjávarútv.	930	937	100	1.037
Önnur framlög	5.513	5.946	1.377	7.323
Vaxtagjöld	**6.864**	**7.540**	**820**	**8.360**
Fjárfesting og viðhald	**9.884**	**10.498**	**533**	**11.031**

Heildarútgjöld ríkissjóðs árið 1989 munu samkvæmt þessu hækka um rúmlega 18% frá árinu 1988. Það jafngildir um það bil 1,5% aukningu að raungildi milli ára, þ.e. þegar tekið hefur verið tillit til verð- og launabreytinga á gjaldahlið. Sé miðað við verðlag landsframleiðslu er hins vegar um tæplega 1% samdrátt gjalda að ræða að raunvirði.

Almennur rekstrarkostnaður ríkisins hækkar mun minna en heildarútgjöld, eða um 13%. Þar af vega launagreiðslur mest, en þær hækka aðeins um 10% milli ára. Þetta má fyrst og fremst rekja til sérstakra aðgerða til þess að halda aftur af launa- og rekstrargjöldum ríkisstofnana. Enn fremur dragast útgjöld til fjárfestinga verulega saman. Á móti þessu vegur umtalsverð hækkun á tryggingagreiðslum, niðurgreiðslum á matvörum og framlögum til atvinnumála.

Lánahreyfingar. Samkvæmt fjárlögum var gert ráð fyrir, að lánsfjárþörf ríkissjóðs yrði að fullu mætt með lántökum innan lands, þ.e. með sölu spariskírteina fyrir 5.300 m.kr. á árinu öllu. Það sem af er árinu hefur salan gengið vel og er nú búið að selja fyrir um 3.200 m.kr. Jafnframt hefur sala á ríkisvíxlum gengið vel og í lok september er sala umfram innlausn um 4 milljarðar króna. Innlend fjáröflun er því orðin um 7 milljarðar króna.

Að teknu tilliti til rúmrar lausafjárstöðu innlánsstofnana og mikillar innlausnar spariskírteina í haust má ætla, að það megi auka innlenda fjáröflun umfram það sem reiknað er með í fjárlögum. Á hinn bóginn er ekki lengur gert ráð fyrir tekjuafgangi á ríkissjóði heldur umtalsverðum halla. Í endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir, að þessum halla verði að fullu mætt með innlendri fjáröflun. Annars vegar með ríkisvíxlum og hins vegar með spariskírteinum og annarri innlendri fjáröflun.

3. Þróun verðlagsmála.

Áætlanir fjárlaga gerðu ráð fyrir 13 - 14% hækkun almenns verðlags. Nú eru hins vegar horfur á að verðhækkanir verði 21 - 23%, eða 7 - 10% meiri en reiknað hafði verið með í fjárlögum. Þetta frávik starfar ekki hvað síst af mun meiri gengisbreytingum en

áætlað hafði verið. Þannig er nú spáð að meðalhækkun gjaldeyris verði um 25% í stað 11½%. Jafnframt eru launabreytingar nokkru meiri en gert var ráð fyrir eða 11½% í stað 6½%.

Í eftirfarandi töflu er gerð grein fyrir þróun helstu vísitalna á árinu og til samanburðar eru forsendur fjárlaga (í prósentum).

	Fjárlög 1989		Endurskoðuð áætlun 1989	
	Meðaltal 88/89	Hækkun á árinu	Meðaltal 88/89	Hækkun á árinu
Framfærsluvísitala	13,5	9,5	21,5	26,5
Byggingarvísitala	11,5	7,5	23,0	24,0
Lánskjaravísitala	13,5	9,5	18,5	20,5
Verðvísitala samneyslu	10,0		14,5	
Launabreytingar	6,5	4,5	11,5	11,0
Meðalgengi	11,5	4,0	25,0	28,0

4. Kjarasamningar.

Samningar náðust í kjaradeilu á milli BSRB og ríkisins í byrjun apríl og á milli ASÍ og VSÍ þann 1. maí. Samningur BSRB og ríkisins gildir til 30. nóvember 1989 og gerir ráð fyrir 2.000 kr. hækkun á öll laun frá 1. apríl, 1.500 kr. 1. september og 1.000 kr. frá 1. nóvember. Í samningnum var gert ráð fyrir að greidd yrði 6.500 kr. orlofsuppbót í júní og 3.000 kr. hækkun yrði á desemberuppbót. Auk þessa voru í samningnum flokkatilfærslur og sérákvæði, sem metin hafa verið á um 0,5%. Alls er talið að samningur BSRB hafi falið í sér um 9,5% launahækkun á samningstímanum. Samningur ASÍ og VSÍ var mjög svipaður, nema orlofsuppbót greiðist í ágúst og hækkun desemberuppbótar nam 4.500 krónum. Samningur ASÍ og VSÍ gildir til ársloka 1989.

Þann 18. maí náðist samkomulag í kjaradeilu ríkisins og BHMR eftir 6 vikna verkfall. Samningur BHMR og ríkisins gildir til 31. desember 1994, en er uppsegjanlegur með eins mánaðar fyrirvara eftir 30. september 1990. Almennar launahækkanir samkvæmt samningnum eru svipaðar og í kjarasamningum ASÍ og BSRB á gildistíma þeirra, en auk þess er gert ráð fyrir 1,5% hækkun launa 1. janúar og 1. maí 1990. Í samningi ríkisins og BHMR felast þar að auki endurskoðunarákvæði sem beinast að samanburði á kjörum háskólamanna og annarra sambærilegra hópa.

5. Aðgerðir ríkisstjórnar í ríkisfjármálum.

Í tengslum við kjarasamninga sl. vor voru ákveðnar ýmsar breytingar frá fjárlögum á tekjum og gjöldum ríkissjóðs. Á tekjuhlið voru gerðar eftirfarandi breytingar:

- Lántökuskattur féll niður 1. júlí.
- Vörugjald á framleiðslu trjávöru- og málmiðnaðar féll niður 1. september.
- Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði var lækkaður úr 2,2% í 1,5%.
- Jöfnunargjald á innfluttum vörum var hækkað úr 3% í 5%.

Eftirfarandi breytingar voru m.a. gerðar á útgjöldum ríkissjóðs í tengslum við kjarasamningana:

- Ákveðið var að auka niðurgreiðslur frá 1. apríl til ársloka.
- Bætur almannatrygginga voru hækkaðar.
- Bótatímabil atvinnuleysistrygginga var lengt úr 180 dögum í 260 daga.
- Ákveðið var að veita fé til að tryggja atvinnu skólafólks.

Í byrjun sumars lá fyrir að umtalsverður halli yrði á ríkissjóði, eða rúmir 4 milljarðar króna, ef ekki yrði gripið til ráðstafana. Þessi halli átti rætur að rekja til breyttra forsendna í verðlagsmálum og ákvarðana í tengslum við kjarasamninga og ýmissa ákvarðana um aukin ríkisútgjöld frá því fjárlög voru afgreidd. Þar er um að ræða samþykkt Alþingis um viðbótarfjármagn til vegamála, og ákvarðanir ríkisstjórnar vegna erfiðleika í ýmsum atvinnugreinum, einkum í sjávarútvegi og landbúnaði, vegna atvinnumála skólafólks o.fl. Í lok júlí var því tilkynnt um frekari aðgerðir í ríkisfjármálum, sem fólu í sér eftirfarandi:

- Lækkun ríkisútgjalda um allt að 800 m.kr. með lækkun fjármagnstilfærslna og stofnkostnaðar.
- Breytt innheimta á bensíngjaldi, þannig að skilafrestur er styttur úr tveimur mánuðum í einn.
- Breytt innheimta launaskatts, þannig að hann verður innheimtur mánaðarlega í stað annars hvers mánaðar.
- Ákvörðun um að halli ríkissjóðs yrði fjármagnaður innan lands.

Ákveðið var að nauðsynleg lagasetning í þessu sambandi biði þess að þing kæmi saman.

6. Flokkun umframútgjalda.

Áætlað er að útgjöld verði rúmlega 8 milljarðar króna umfram fjárlög. Af þeirri aukningu má rekja tæpan helming eða 3,1 milljarð króna til verðlags- og launabreytinga. Afgangurinn tengist að stærstum hluta sérstökum ákvörðunum vegna kjarasamninga og erfiðrar stöðu atvinnumála. Auk þess er fyrirsjáanlegur útgjaldaauki á nokkrum liðum, sérstaklega á sviði landbúnaðar- og félagsmála. Þá samþykkti Alþingi á vorþingi nokkra hækkun útgjalda meðal annars til vegamála. Í eftirfarandi töflu eru útgjöld umfram fjárlög flokkuð eftir tilefnum eða ástæðum.

			M.kr.
Verðlagsuppfærsla			**3.105**
Geymdar fjárveitingar frá 1988			**170**
Ályktanir Alþingis og heimildir í 6. gr.			**666**
Þar af:	Vegagerð ríkisins	545	
	Bessastaðir	50	
Magnbreytingar vegna samningsb. greiðslna			**851**
Þar af:	Útflutningsbætur	520	
	Háskóli Íslands	34	
	Sauðfjárveikivarnir	68	
	Ríkisábyrgðir á launum	185	
Sérstakar ákvarðanir í atvinnumálum			**1.813**
Þar af:	Niðurgreiðslur matvöru	870	
	Til að tryggja atvinnu skólafólks	80	
	Til sjávarútvegs	300	
	Til loðdýraræktar	128	
	Til iðnaðarmála	82	
	Endurgreiðsla vegna skattabreytinga	350	
Uppgjör frá 1988			**597**
Þar af:	Skuldauppgjör vegna sjúkratrygginga	400	
	Jarðræktarframlag	67	
	Hallarekstur sjúkrahúsa	28	
	Byggingarsjóður atvinnuveganna	25	
Aukaútgjöld í rekstri			**724**
Þar af:	Lyfja- og sjúkrakostnaður	400	
	Þjóðleikhús	85	
	Skattakerfið	66	
Ný verkefni			**77**
Fyrirsjáanlegur hallarekstur stofnana			**800**
Niðurskurður framkvæmda			**-650**
Samtals			**8.153**

Verðlagsuppfærsla. Við uppfærslu heimilda í fjárlögum til verðlags var fylgt sömu aðferð og á síðasta ári. Þeir gjaldaliðir sem fá verðlagsuppfærslu eru almenn rekstrargjöld stofnana svo og bundnar tilfærslur eins og lífeyris- og sjúkratryggingar, framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna, lög- og samningsbundin framlög, þar með talin vaxtagjöld, svo og framlög til nokkurra B-hluta stofnana og sértekjustofnana. Aðrar tilfærslur svo og fjárveitingar til viðhalds- og stofnkostnaðar fá ekki verðlagshækkun.

Alls eru verðlagshækkanir metnar á 3.105 m.kr. umfram forsendur fjárlaga og skiptast þannig:

	M.kr.
Rekstrarliðir	**1.270**
Almenn launagjöld í rekstri	770
Almenn rekstrargjöld	690
Sértekjur	-190
Neyslu- og rekstrartilfærslur	**1.015**
Lífeyris- og sjúkratryggingar	790
Lánasjóður íslenskra námsmanna	180
Aðrar tilfærslur	45
Vaxtagjöld	**820**
Samtals	**3.105**

Geymdar fjárveitingar. Í samræmi við ákvæði laga um ríkisreikning voru á árinu samþykktar til greiðslu geymdar fjárveitingar frá fyrra ári að fjárhæð 170 m.kr. Um er að ræða ónotaðar heimildir til stofnkostnaðar sem heimilt er að flytja milli ára.

Ákvarðanir Alþingis. Á vorþingi samþykkti Alþingi aukin útgjöld til nokkurra málaflokka. Hæst ber aukningu framlaga til vegamála en samkvæmt vegáætlun voru útgjöld hækkuð um 320 m.kr. Þar fyrir utan var við afgreiðslu vegáætlunar skilin eftir óleyst fjármögnun vetrarviðhalds á haustmánuðum, en þá þegar var ljóst að fjárveiting til snjómoksturs yrði uppurin í lok maí. Þá lá enn fremur fyrir að óleyst var 85 m.kr. fjármögnun vegna verksamnings við gerð jarðganga í Ólafsfjarðarmúla. Samtals er því áætlað að útgjöld til vegamála verði 545 m.kr. umfram fjárlög og er öll sú upphæð talin hér með.

Þá samþykkti Alþingi lög um endurbyggingu húsa á Bessastöðum sem skyldi ljúka á þrem árum og er kostnaður áætlaður alls 250 m.kr. Þar af skyldi verja 50 m.kr. til þessa verkefnis á árinu 1989. Loks eru hér talin útgjöld með heimild í 6. gr. fjárlaga samtals að fjárhæð 58 m.kr. Stærsta fjárhæð þar er kaup á siglingahermi.

Uppgjör frá fyrra ári. Aukaheimildir vegna uppgjörs frá fyrra ári eru 579 m.kr. Þyngst vegur 400 m.kr. endurgreiðsla á skuld sjúkratrygginga við vörslusjóði Tryggingastofnunar, einkum Atvinnuleysistryggingasjóð. Greiðslur vegna hallareksturs sjúkrastofnana frá 1988 eru nálægt 26 m.kr. Happdrætti Háskóla Íslands gerði upp skuld vegna einkaleyfisgjalds frá fyrra ári að fjárhæð 25 m.kr. og er sú fjárhæð endurgreidd til Byggingarsjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna. Vegna tafar á afgreiðslu nýrrar símstöðvar fyrir Stjórnarráð Íslands, sem áætlað var fyrir í fjárlögum 1988, kom stærstur hluti kostnaðar, eða 25 m.kr., ekki til greiðslu fyrr en á þessu ári.

Magnbreytingar vegna samninga. Til þessa liðar eru taldar greiðslur sem óhjákvæmilega verður að inna af hendi vegna skuldbindandi samninga. Sótt er um viðbótarheimild af þessum ástæðum fyrir 851 m.kr. Þyngst vegur 520 m.kr. aukin fjárþörf til útflutningsbóta en óhjákvæmilegt reynist að flytja út meira magn kindakjöts en áætlað var þar sem forsendur búvörusamnings um framleitt magn og innanlandsneyslu standast ekki. Þá liggur fyrir aukin fjárþörf til greiðslu bóta vegna riðuniðurskurðar að fjárhæð 68 m.kr. Áætlað er að greiðslur ríkissjóðs vegna ríkisábyrgða á launum einstaklinga hjá gjaldþrota fyrirtækjum

muni nema um 185 m.kr. umfram fjárlög. Þá var í kjarasamningum í vor samið um greiðslur til Háskóla Íslands vegna vinnumatskerfis og framlags í Sáttmálasjóð að fjárhæð 34 m.kr. Vegna tjóns sem varð á sæstreng til Vestmannaeyja var nauðsynlegt að veita til viðgerða 35 m.kr.

Aukaútgjöld í rekstri. Á þennan lið eru flokkaðar greiðslur sem koma til af því að nauðsynlegt hefur reynst að endurmeta heimildir fjárlaga annaðhvort vegna breyttra forsendna eða vanáætlana. Alls nema þessar greiðslur 724 m.kr. Af þeirri fjárhæð eru 400 m.kr. aukin útgjöld til sjúkratrygginga, aðallega vegna lyfjakostnaðar og sjúkrakostnaðar. Á árinu var gerð sérstök úttekt á rekstri Þjóðleikhússins. Á grundvelli hennar hafa verið undirbúnar ýmsar hagræðingar í rekstri, en óhjákvæmilegur halli á árinu 1989 er áætlaður 85 m.kr. Af einstökum smærri liðum má nefna aukinn kostnað við undirbúning að upptöku virðisaukaskatts, kostnað vegna hertra innheimtuaðgerða og aukinn kostnað við snjómokstur á flugvöllum.

Ný verkefni. Á árinu hefur ríkisstjórnin tekið ákvarðanir um ný verkefni sem ekki voru á fjárlögum, alls 77 m.kr. Í flestum tilvikum er um að ræða stuðning við ýmsa viðburði á sviði lista, íþrótta og menningar. Einnig önnur tilfallandi verkefni sem óhjákvæmilegt reyndist að taka ákvarðanir um að veita fé til.

Sérstakar ákvarðanir í atvinnumálum. Vegna erfiðleika sem upp komu í atvinnu- og kjaramálum á fyrri hluta árs tók ríkisstjórnin ákvörðun um að auka útgjöld ríkissjóðs til stuðnings atvinnulífinu. Þyngst vega auknar niðurgreiðslur á matvöru að fjárhæð 870 m.kr. Til stuðnings atvinnugreinum voru veittar: 128 m.kr. til loðdýraræktar, 200 m.kr. sjávarútvegs, 82 m.kr. til iðnaðarmála, 80 m.kr. til að tryggja atvinnu skólafólks og 100 m.kr. til Byggðastofnunar vegna Hlutafjársjóðs. Þá eru hér taldar með 350 m.kr., sem uppgjör á tilfærslu til atvinnuvega vegna upptöku virðisaukaskatts.

Fyrirsjáanlegur hallarekstur stofnana. Við endurmat á fjárhagsstöðu A-hluta ríkissjóðs um mitt ár var ljóst að rekstrargjöld nokkurra stofnana rúmast ekki innan þess ramma sem markaður er í fjárlögum. Þar er í mörgum tilvikum um að ræða viðvarandi vanmat á fjárþörf í fjárlögum. Sem dæmi hér um má nefna embætti bæjarfógeta og sýslumanna, æðstu stjórn ríkisins og kostnað við tekjuinnheimtukerfi ríkisins. Á þessu stigi er erfitt að áætla nákvæmlega fyrir þessum útgjöldum á einstaka fjárlagaliði, en þó þykir rétt að gera Alþingi grein fyrir þessum fyrirsjáanlega vanda.

7. Lækkun gjalda.

Vegna ástands í efnahags- og ríkisfjármálum um mitt þetta ár og þeirra ráðstafana, m.a. lækkunar á skatttekjum, sem ákveðnar voru í tengslum við kjarasamninga ákvað ríkisstjórnin að lækka útgjöld ríkisins um 650 m.kr. Annars vegar er um að ræða 500 m.kr. lækkun á framlagi til Byggingarsjóðs ríkisins. Hins vegar lækka fjárfestingarútgjöld samgöngu-, heilbrigðis- og menntamálaráðuneytis um 40 m.kr. hvert. Önnur ráðuneyti lækka alls um 30 m.kr.

8. Skýringar við heimildir skv. 2. gr. frumvarpsins.

Viðbótarútgjöld ríkissjóðs skv. 1. gr. er sundurliðuð frekar í 2. gr. frumvarpsins. Í fyrsta kafla annarrar greinar eru viðbótarheimildir sem lagt er til að veittar verði vegna sérstakra verkefna, sem greind eru á niður á ráðuneyti, stofnanir og viðfangsefni. Í öðrum

kafla er sú fjárhæð, sem áætlað er að þurfi til að mæta kostnaðarhækkun umfram það sem verðlagsforsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir og í þriðja kafla er áætlun um greiðslur sem fyrirsjáanlegar eru á þessu ári vegna stofnana sem reknar eru með halla. Í fjórða kafla er áætlað fyrir uppgjöri á tilfærslum til atvinnuveganna í tengslum við upptöku virðisaukaskatts. Að lokum eru í fimmta kafla greiðsluheimildir vegna fjárveitinga sem geymdar eru frá fyrra ári, en samkvæmt lögum er heimilt að geyma stofnkostnaðarfjárveitingar.

Hér á eftir er gerð grein fyrir einstökum viðbótarheimildum, skv. 3. gr. frumvarpsins:

00 Æðsta stjórn ríkisins

Viðbótarheimild er vegna Bessastaða í samræmi við lög sem samþykkt voru á Alþingi fyrr á árinu.

01 Forsætisráðuneyti

Viðbótarheimildir nema alls um 110.827 þús. kr. Framlag í Hlutafjársjóð er áformað 100.000 þús. kr. í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar, 2.000 þús. kr. eru vegna hjálparstarfs Rauða krossins í Armeníu en sú fjárveiting var samþykkt á síðasta ári en kom ekki til greiðslu þá. Til greiðslu reikninga frá 1987 vegna Framtíðarkönnunar eru ætlaðar 557 þús. kr. og að lokum eru 8.290 þús. kr. vegna stofnunar umhverfisráðuneytis og rekstrar skrifstofu ráðherra Hagstofu Íslands.

02 Menntamálaráðuneyti

Farið er fram á viðbótarheimildir að fjárhæð samtals 284.845 þús. kr.

Vegna flutnings aðalskrifstofu menntamálaráðuneytis í nýtt húsnæði er farið fram á 6.000 þús. kr. viðbótarheimild.

Vegna Háskóla Íslands er farið fram á þrjár viðbótarheimildir sem tengjast kjarasamningum við Félag háskólakennara á sl. vori. Er þar um að ræða auknar greiðslur fyrir stjórnunarstörf og breytingar á vinnumatskerfi þar sem gert er ráð fyrir að unnt verði að meta meira en verið hefur vinnu við útgáfu bóka og rita. Enn fremur var samið um aukið framlag í Sáttmálasjóð til að styrkja háskólakennara til þátttöku í ráðstefnum og fundum og svo aukinn kostnaður vegna breytinga á kjörum fastráðinna stundakennara. Þá eru 200 þús. kr. vegna breytingar á stöðu í stærðfræði við skólann.

Vegna Háskólans á Akureyri er farið fram á 3.000 þús. kr. til undirbúnings á starfsemi sjávarútvegsbrautar við skólann í samræmi við samþykkt áætlunar við uppbyggingu hennar.

Vegna Náttúrufræðistofnunar er farið fram á 3.650 þús. kr. vegna kostnaðar við að ljúka innréttingum á húsnæði stofnunarinnar. Greiðsluheimild vegna Byggingarsjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna, 25.000 þús. kr., er til komin af því að Happdrætti Háskóla Íslands gerði skil á einkaleyfisgjaldi fyrir árið 1987 og 1988 en samkvæmt lögum rennur það til Byggingarsjóðsins.

Aukafjárveiting til Kennaraháskóla Íslands að fjárhæð 500 þús. kr. er vegna undirbúnings að sveigjanlegri kennaramenntun. Vegna Stýrimannaskólans í Reykjavík eru tvær heimildir, samtals 37.500 þús. kr., vegna kaupa og uppsetningar á siglingahermi en þessi kaup voru gerð samkvæmt heimild í 6. grein fjárlaga.

Viðbótarheimild vegna Samvinnuskólans er 4.280 þús. kr. til að greiða áætlaðar skuldir skólans frá síðustu árum.

Vegna Unglingaheimilis ríkisins er farið fram á 3.500 þús. kr. til greiðslu á húsaleigu. Stofnunin flutti á árinu í húsnæði sem er í umsjá Fasteigna ríkissjóðs og hafði ekki verið áætlað fyrir húsaleigu á þessu ári. Þá er einnig vegna Unglingaheimilisins farið fram á 6.500 þús. kr. til að undirbúa stofnun á meðferðarheimili fyrir unga ávana- og fíkniefnaneytendur. Er það gert til samræmis við tillögur nefndar um þetta mál sem samþykktar voru í

ríkisstjórninni. Aukaheimild til Landsbókasafnsins er vegna barnsburðarleyfis starfsmanns og til Blindrabókasafnsins er gert ráð fyrir tveimur greiðslum, 780 þús. kr. vegna viðhaldskostnaðar og 900 þús. kr. til að standa við samning um höfundarlaun á hljóðritun á efni fyrir blinda.

Viðbótarheimild vegna Þjóðleikhússins, 85.000 þús. kr., er ætluð til að kosta rekstur til næstu áramóta í samræmi við ákvörðun um starfsemi þess þann tíma með verulega skertu starfsumfangi frá því sem áður hafði verið áætlað. Til Þjóðarbókhlöðu eru áætlaðar 30.000 þús. kr. til framkvæmda í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar fyrir á árinu.

Farið er fram á rúmlega 1.555 þús. kr. til Kvikmyndasjóðs til að gera upp ógreiddan kostnað við gerð stuttmynda á Listahátíð 1987-1988 og 1.200 þús. kr. vegna aðildar Íslands að Evrópska kvikmyndasjóðnum. Hækkun á framlagi til Leikfélags Akureyrar, 605 þús. kr., er til að standa við samkomulag sem gert var þar um og gerir ráð fyrir að framlag ríkisins breytist í samræmi við launabreytingar hjá leikurum. Framlag vegna kynningar á list erlendis er til að kosta þátttöku Íslands í sýningunni Utopies '89 í París sem haldin var í tilefni af 200 ára afmæli frönsku byltingarinnar og 500 þús. kr. framlag vegna tónlistarstarfsemi er komið til af ákvörðun um að styrkja Blásarasveit Tónlistarskólans á Akureyri til þátttöku í World Music Contest sem haldið var í Hollandi fyrr á árinu. Viðbótarheimild vegna Listahátíðar að fjárhæð 3.000 þús. kr. er vegna greiðsluhalla frá árinu 1988 og til jöfnunar á framlagi Reykjavíkurborgar.

Þá er farið fram á 1.000 þús. kr. viðbótarheimild vegna skákeinvígis Jóhanns Hjartarsonar við Karpov í Seattle í Bandaríkjunum 1988 og 5.500 þús. kr. vegna þátttöku Íslands á Olympíumóti í bridge í Feneyjum og Evrópumóti í Finnlandi. Vegna ákvörðunar að styrkja landsliðið í handknattleik vegna B-Heimsmeistarakeppninnar í Frakklandi er farið fram á 5.000 þús. kr., og 5.500 þús. kr. er kostnaður vegna fundar íþróttaráðherra Evrópu, sem haldinn var á árinu. Til byggingar íþróttahúss fyrir fatlaða í Reykjavík er farið fram á 6.000 þús. kr. viðbótarheimild.

Heimild vegna Dimmuborga er vegna verndunaraðgerða en fjárveiting til þessa verkefnis frá árinu 1988 var aðeins nýtt að hluta. Þá er farið fram á 7.000 þús. kr. vegna málræktarátaks í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar um stuðning við þetta verkefni. Í tilefni af 60 ára afmælis Neskaupstaðar er farið fram á 1.000 þús. kr. styrkveitingu vegna uppbyggingar náttúrugripasafns á staðnum og 1.000 þús. kr. til uppbyggingar á Löngubúð á Djúpavogi í tilefni af 400 ára verslunarafmæli þess staðar. Til sérkennslu flóttamanna er óskað eftir 3.500 þús. kr. og 2.000 þús. kr. til greiðslu á launakostnaði í mötuneytum heimavistarskóla í verkfalli kennara í vor. Að lokum er farið fram á heimild til að styrkja hóp kvenna sem stóðu fyrir komu Helenar Caldicott til Íslands fyrr á árinu og 1.500 þús. kr. til að greiða hluta af viðgerðarkostnaði á þaki Gunnarshúss á Skriðuklaustri í Fljótsdal.

03 Utanríkisráðuneyti

Vegna utanríkisráðuneytisins er farið fram á aukagreiðsluheimildir að upphæð 22.268 þús. kr. Vegna aðalskrifstofu er farið fram á 2.500 þús. kr. í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar um átak í sölu lagmetis í Austur-Evrópu og Japan og 6.000 þús. kr. vegna kostnaðar við athuganir og undirbúning að samningum EFTA og EB. Til Alþjóðastofnana vegna friðargæslu SÞ og fleiri verkefna er óskað eftir 7.040 þús. kr. Loks er sótt um 620 þús. kr. til UNIFEM, hjálparstarfs SÞ fyrir konur í þróunarlöndum.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Farið er fram á greiðsluheimildir að upphæð samtals 901.037 þús. kr.

Vegna Skógræktar ríkisins er farið fram á 887 þús. kr. vegna uppgjörs frá 1987 á kaupum á traktorum frá árinu 1987 og 8.000 þús. kr. vegna uppsafnaðs hallarekstrar Landgræðslu ríkisins frá fyrri árum. Vegna Sauðfjárveikivarna er farið fram á 67.620 þús.

kr. til greiðslu á frálags- og afurðatjónabótum vegna úrskurðar umfram það sem fjárlög gerðu ráð fyrir.

Vegna framlaga samkvæmt jarðræktarlögum er farið fram á tvær fjárhæðir, annars vegar 26.000 þús. kr. vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um greiðslu á byggingarstyrkjum til loðdýrabúa og framræslustyrkja á árinu 1988 og hins vegar 41.000 þús. kr. sem ætlaðar eru til uppgjörs á öðrum styrkjum samkvæmt jarðræktarlögunum frá árinu 1987. Þá er farið fram á 70.000 þús. kr. heimild til endurgreiðslu á kjarnfóðurgjaldi vegna aukinna niðurgreiðslna sem ákveðnar voru í tengslum við kjarasamninga. Vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um stuðning við loðdýrarækt er farið fram á samtals 73.000 þús. kr. og 55.000 þús. kr. vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um niðurgreiðslur á fóðri í loðdýrarækt. Farið er fram á heimild að fjárhæð 520.000 þús. kr. til þess að greiða uppbætur á landbúnaðarafurðir vegna meiri framleiðslu og samdráttar í innanlandsneyslu en áætlað hafði verið. Til Laxeldisstöðvar í Kollafirði er sótt um 8.000 þús. kr. til greiðslu á uppsöfnuðum rekstrarhalla vegna nýrnaveiki sem upp kom í stöðinni og slæmra heimtna af hafbeit á þessu ári. Þá er óskað eftir heimildum að fjárhæð 12.000 þús. kr. vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um undirbúning skógræktarátaks á Fljótsdalshéraði, 630 þús. kr. vegna ráðningar forstöðumanns að Hagþjónustu landbúnaðarins, 3.300 þús. kr. vegna tilraunastarfsemi og rannsókna á vegum Silfurstjörnunnar hf. á sjótöku úr borholum til laxeldis, 15.000 þús. kr. sem framlag til skóg- og landgræðslu sem ákveðin var í tengslum við kjarasamninga við BSRB og 600 þús. kr. styrk til byggingar tilraunahúss við Garðyrkjuskólann á Reykjum, sem ákveðinn var í tilefni af 50 ára afmæli skólans.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Hjá sjávarútvegsráðuneytinu er farið fram á viðbótarheimildir að upphæð samtals 116.500 þús. kr. Er þar um að ræða 1.400 þús. kr. vegna tjóns Hafrannsóknastofnunar við tap á hita- og seltumæli í sjó og einnig 10.000 þús. kr. hjá sömu stofnun vegna brests á leigutekjum af r/s Hafþóri. Tvær heimildir eru til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, 2.600 þús. kr. vegna barnsburðarleyfis fimm starfsmanna og launa starfsmanns sem varð fyrir slysi og 2.500 þús. kr. vegna kaupa á rannsóknartækjum. Þá er farið fram á heimild fyrir 100.000 þús. kr. vegna endurgreiðslu á söluskatti í sjávarútvegi í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um hækkun á henni.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Vegna dóms- og kirkjumálaráðuneytisins er farið fram á viðbótarheimild að fjárhæð 19.110 þús. kr. Er þar um að ræða 3.000 þús. kr. til bæjarfógetans í Vestmannaeyjum vegna bruna sem varð í lögreglustöðinni þar, 6.500 þús. kr. vegna sérstakrar vistunar fanga samkvæmt dómsúrskurði, 250 þús. kr. vegna ráðningar réttargeðlæknis í 1/3 stöðu frá 1. október 1989, 5.900 þús. kr. vegna rekstrarhalla á embætti biskups og vegna húsgagnakaupa á skrifstofu hans og 2.460 þús. kr. vegna viðgerða á bústað biskups í tengslum við biskupaskipti á þessu ári. Loks er sótt um 1.000 þús. kr. vegna launagreiðslna í afleysingum hjá söngmálastjóra.

07 Félagsmálaráðuneyti

Vegna félagsmálaráðuneytis er farið fram á viðbótarheimildir að fjárhæð 275.450 þús. kr. Vegna aðalskrifstofu er farið fram á 700 þús. kr. til greiðslu á launum starfsmanna á vinnumálaskrifstofu vegna mikils álags við afgreiðslu á launum vegna gjaldþrota. Vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um aukaframlög vegna atvinnuleysis skólafólks er farið fram á 65.000 þús. kr. og 165.000 þús. kr. vegna ríkisábyrgðar á launum vegna gjaldþrota, svo og 20.000 þús. kr. vegna ríkisábyrgðar á orlofsgreiðslum sem eru í vanskilum. Þá er farið fram á 1.000 þús. kr. til Neytendasamtakanna vegna aukningar á starfsemi þeirra, 600 þús.

kr. í samræmi við ríkisstjórnarsamþykkt um framlag til Blindrafélagsins vegna 50 ára afmælis þess, 2.000 þús. kr. til Kvennaathvarfsins í Reykjavík vegna rekstrarerfiðleika þess, 1.300 þús. kr. til Félags einstæðra foreldra en erindi um styrk í fjárlögum 1989 hafði ekki komið fram vegna mistaka, og 1.350 þús. kr. vegna kostnaðar við NORDJOBB á Íslandi, en kostnaður af því greiðist ekki lengur af Norðurlandaráði.

Til greiðslu á hallarekstri tveggja fyrirtækja á vegum Blindrafélagsins frá 1987 og 1988, Blindravinnustofunnar og Körfugerðar Blindrafélagsins, er sótt um 3.500 þús. kr. og 1.000 þús. kr. vegna hallareksturs tæknivinnustofu Öryrkjabandalagsins. Vegna mjög erfiðrar rekstrarstöðu Sjálfsbjargar á Akureyri er sótt um 10.000 þús. kr. vegna hallarekstrar endurhæfingarstöðvar og verndaðs vinnustaðar, svo og vegna byggingar íþróttahúss. Málefni Sjálfsbjargar eru nú til skoðunar hjá starfshópi þriggja ráðuneyta sem ætlað er að móta tillögur um frekari aðgerðir. Loks er sótt um 4.000 þús. kr. til starfsmenntunar iðnverkafólks.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Alls er farið fram á viðbótarheimildir að fjárhæð 841.499 þús. kr. Þar af eru 800.000 þús. kr. vegna Tryggingastofnunar ríkisins, annars vegar 400.000 þús. kr. vegna kostnaðarauka sjúkratrygginga og hins vegar 400.000 þús. kr. til endurgreiðslu á skuldum við sjóði í vörslu Tryggingastofnunar. Þá er farið fram á 1.500 þús. kr. vegna Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar til að mæta hækkun á verði heyrnartækja og 1.600 þús. kr. til þeirrar stofnunar vegna undirbúnings að heyrnarmælingum á vinnustöðum, sem ríkisstjórnin samþykkti. Farið er fram á 1.000 þús. kr. vegna mengunarrannsókna Hollustuverndar ríkisins í Varmá í Hveragerði og 1.330 þús. kr. vegna rannsókna á geislavirkni í hafinu umhverfis Ísland. Vegna sjúkrahússins á Sauðárkróki á árinu 1988 er farið fram á 2.000 þús. kr. og 3.100 þús. kr. vegna sjúkrahússins á Akureyri, sem er hækkun á hluta ríkisins í kaupum á röntgentækjum fyrir sjúkrahúsið. Vegna halla á rekstri Sjúkrahússins á Húsavík er farið fram á 7.000 þús. kr. og 18.500 þús. kr. til að gera upp hallarekstur Sjúkrahússins í Keflavík í samræmi við samkomulag sem gert var um það á síðasta ári. Þá er farið fram á 1.000 þús. kr. til að greiða framlag til byggingar Hraunbúða í Vestmannaeyjum í tilefni af 70 ára afmæli kaupstaðarins og 469 þús. kr. styrk vegna ófyrirséðs kostnaðar við uppsetningu lyftu í Dvalarheimili aldraðra á Siglufirði. Vegna átaks í áfengisvarnamálum er sótt um 4.000 þús. kr. Fjárveiting var veitt til þessa verkefnis á árinu 1988 en ekki tókst að ljúka þessu verkefni á því ári.

09 Fjármálaráðuneyti

Vegna fjármálaráðuneytisins er farið fram á viðbótarheimildir að fjárhæð 177.790 þús. kr. Vegna sameiginlegra útgjalda skattstofa, sem tengjast upptöku virðisaukaskattsins, er farið fram á 45.100 þús. kr. Vegna útgjalda samkvæmt sérstökum lögum og heimildarlögum er farið fram á 59.000 þús. kr. til kaupa á svonefndu Hekluhúsi á Akureyri, 10.500 þús. kr. til fyrri áfanga innréttinga á Edduhúsi vegna flutnings Hagstofu Íslands þangað og 1.190 þús. kr. vegna endurbóta á Sölvhólsgötu 4 vegna væntanlegs umhverfisráðuneytis. Þá er farið fram á 12.000 þús. kr. sem er ýmis kostnaður vegna kjarasamninga á árinu 1989 umfram áætlanir og 25.000 þús. kr. vegna kostnaðar við sérstakt innheimtuátak á opinberum gjöldum sem fram fór á árinu. Þá er farið fram á 25.000 þús. kr. til lokafrágangs á nýrri símstöð og símakerfi fyrir Stjórnarráðið.

10 Samgönguráðuneyti

Umframheimildir vegna samgönguráðuneytisins eru samtals að fjárhæð 606.459 þús. kr. Vegna Vegagerðar ríkisins eru umframheimildir 553.000 þús. kr. þar af 320.000 þús. kr. vegna nýframkvæmda í samræmi við vegáætlun, 85.000 þús. kr. vegna framkvæmda við

jarðgöng í Ólafsfjarðarmúla og 150.000 þús. kr. til viðhalds vegna óvenjumikils kostnaðar við snjómokstur. Vegna tjónabóta hjá Skipaútgerð ríkisins er farið fram á 650 þús. kr. og 1.124 þús. kr. vegna sérfræðistarfa á Vita- og hafnamálaskrifstofu. Farið er fram á 20.000 þús. kr. heimild til nýbyggingar Vita- og hafnamálaskrifstofu í Kópavogi en í 6. gr. fjárlaga var heimild til að selja núverandi húsnæði skrifstofunnar og verja andvirðinu til uppbyggingar á nýrri aðstöðu. Hús stofnunarinnar við Seljaveg er í sölu, sem ekki hefur enn borið árangur en framkvæmdir við nýbyggingu eru hafnar. Er hér miðað við að andvirði eignarinnar að Seljavegi renni í ríkissjóð þegar selt verður. Þá er gert ráð fyrir 2.100 þús. kr. vegna rekstrar vita sem er leiðrétting til samræmis við heimilaðar stöður í fjárlögum, 1.500 þús. kr. til Siglingamálastofnunar í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar um mengunarrannsóknir í sjó og í sjávarlífverum og 3.085 þús. kr. vegna hallarekstrar Tilkynningaskyldu íslenskra skipa. Til Flugmálastjórnar er sótt um 23.000 þús. kr. vegna aukins kostnaðar við snjómokstur.

11 Iðnaðarráðuneyti

Vegna málefna iðnaðarráðuneytisins er farið fram á viðbótarheimildir að fjárhæð 163.000 þús. kr. Er þar um að ræða 6.000 þús. kr. í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um niðurgreiðslur á ull til ullariðnaðar, 5.000 þús. kr. vegna athugunar á orkufrekum iðnaði, 17.000 þús. kr. vegna ákvörðunar um stuðning við lagmetisiðnað, 100.000 þús. kr. vegna ákvörðunar um niðurgreiðslu á orkuverði til fiskiðnaðar og 35.000 þús. kr. til Rafmagnsveitna ríkisins vegna tjóns á rafstreng til Vestmannaeyja.

12 Viðskiptaráðuneyti

Viðbótarheimildir vegna málefna viðskiptaráðuneytisins eru samtals 807.500 þús. kr. Þar af eru 800.000 þús. kr. vegna aukinna niðurgreiðslna á vöruverði sem ákveðnar voru í tengslum við kjarasamninga og 7.500 þús. kr. til Verðlagsstofnunar vegna herts verðlagseftirlits.

13 Hagstofa Íslands

Vegna Hagstofu Íslands er farið fram á heimild að fjárhæð 1.723 þús. kr. vegna nýrrar starfsmanns til að annast útreikninga á launavísitölu.

Nd. 103. Frumvarp til laga [101. mál]

um Starfslaunasjóð leikhúslistafólks.

Flm.: Þórhildur Þorleifsdóttir, Kristín Einarsdóttir,
Anna Ólafsdóttir Björnsson, Málmfríður Sigurðardóttir.

1. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist Starfslaunasjóður leikhúslistafólks. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að nýsköpun og eflingu íslenskrar leiklistar með því að gera leikhúslistafólki kleift að helga sig eingöngu rannsóknum, skriftum og öðru því sem lýtur að undirbúningi leiksýninga áður en til uppsetningar kemur, hvort heldur er einum sér eða í samvinnu við aðra. Stofnfé sjóðsins skal vera 15 meðalárslaun lektors við Háskóla Íslands og greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Fjárveiting skv. 1. gr. skal í fyrsta sinn veitt á fjárlögum fyrir árið 1990. Í fjárlögum hvert ár skal sjóðnum síðan áætluð fjárveiting er nemi eigi lægri upphæð en í 1. gr. greinir. Fjárhæðin skal endurskoðuð árlega við undirbúning fjárlaga með hliðsjón af breytingum á launum háskólakennara.

3. gr.

Starfslaunin skulu vera minnst til eins árs en mest til þriggja ára.

4. gr.

Þeir einir eiga rétt á starfslaunum sem eru fullgildir félagar í Félagi íslenskra leikara eða Félagi leikstjóra á Íslandi og hafa unnið við fimm leiksýningar í viðurkenndu leikhúsi.

Undantekningar frá skilyrðum fyrri málsgreinar má þó gera ef um er að ræða fullgildan félaga í Bandalagi íslenskra listamanna og hann sækir um starfslaun í samvinnu við þann sem rétt á til þeirra samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

5. gr.

Sá sem hlýtur starfslaun skal ekki gegna föstu starfi á meðan hann nýtur þeirra.

6. gr.

Menntamálaráðherra skipar þriggja manna stjórn Starfslaunasjóðs leikhúslistafólks. Skal formaður skipaður án tilnefningar en hinir tveir samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra leikara og Félags leikstjóra á Íslandi.

7. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að höfðu samráði við Félag íslenskra leikara, Félag leikstjóra á Íslandi og Bandalag íslenskra listamanna.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1975 var með lögum frá Alþingi stofnaður launasjóður rithöfunda. Árið 1987 var stofnaður vísir að starfslaunasjóði myndlistarmanna samkvæmt lögum um listmunauppboð o.fl. og fyrir Alþingi hefur legið frumvarp um tónskáldasjóð. Þróunin er greinilega sú að sérgreina sjóði fyrir hverja stétt listamanna og því eðlilegt að stofnaður verði starfslaunasjóður leikhúslistafólks.

Oftar en ekki skiptir sköpum um hvernig til tekst við uppsetningu sýningar og árangur hvernig undirbúningi og forvinnu hefur verið háttað. Það stendur þróun íslenskrar leiklistar stórlega fyrir þrifum hve lítill tími gefst til rannsókna, skrifta og tilraunastarfsemi ýmiss konar áður en til þess kemur að ýta sýningu úr vör. Þessi vinna er oftar en ekki unnin í stopulum frístundum, en er nauðsynleg til að íslensk leikhús staðni ekki í einhvers konar endurtekningar- og eftiröpunarstíl. Íslensk nýsköpun er forsenda þess að íslensk leiklist nái að dafna og þjóna því hlutverki í íslenskri menningu sem henni ber.

Í Félagi íslenskra leikara eru nú 285 félagar. Innan vébanda þess eru leikarar, söngvarar, dansarar og leikmynda- og búningahönnuðir. Af þessum 285 félögum eru 73 fastráðnir við leiklistarstofnanir. Álíka fjöldi er lausráðinn við þessar sömu stofnanir í eitt eða fleiri verkefni. Í Félagi leikstjóra á Íslandi eru 68, þar af eru 2 fastráðnir sem leikstjórar.

Af ofangreindu má sjá að gífurlegt atvinnu- og öryggisleysi er hlutskipti mjög margra. Flestir hafa að baki langt nám og benda má á að kostnaður hins opinbera við menntun hvers einstaklings í leiklistarnámi er mjög mikill. Það er því eftirsjá í því að svo margir lendi utan garðs og fái e.t.v. aldrei tækifæri eða aðstöðu til að nýta menntun sína og krafta í þágu leiklistar.

Þeir sem starfa innan stofnana, fastráðnir eða lausráðnir fá litlu sem engu ráðið um eigið starf og verkefni því að val verkefna og listamanna til að vinna þau eru á fárra hendi.

Sjóður, eins og hér um ræðir, mundi auðvelda nokkrum einstaklingum á ári að einbeita sér að verkefnum sem þeir gætu ekki sinnt ella, rannsóknum, skriftum, leikgerðum, formleit, tilraunum o.s.frv. Árangurinn yrði væntanlega betri og lífvænlegri leiklist og hæfari einstaklingar.

Nd. 104. Frumvarp til laga [102. mál]

um breytingu á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla, með síðari breytingum.

Flm.: Þórhildur Þorleifsdóttir, Ragnhildur Helgadóttir, Guðrún Helgadóttir, Guðmundur G. Þórarinsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Árni Gunnarsson.

1. gr.

Við 43. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, 6.–8. mgr., svohljóðandi:

Í öllum skólum á grunnskólastigi skal nemendum gefinn kostur á að kynnast menningarstarfsemi af ýmsu tagi, svo sem með því að sækja leiksýningar og tónleika, heimsækja listasöfn, þjóðminja- og byggðasöfn, eða að slík menningarstarfsemi sé kynnt í skólunum.

Skólastjórum og kennurum er skylt að gangast fyrir því að listamenn og fræðimenn heimsæki skóla til að kynna nemendum íslenska menningu, sögu og arfleifð.

Nám skv. 6. og 7. mgr. skal fara fram á skólatíma og vera nemendum að kostnaðarlausu. Til þess skal varið minnst sem samsvarar einum kennsludegi í mánuði. Nánari reglur um nám skv. 6. og 7. gr. skal setja í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ísland skal vera sjálfstætt ríki. Um það er ekki ágreiningur. Við eigum sameiginlega tungu, arfleifð og sögu þ.e. sameiginlega menningu. Meðan svo er eigum við okkur tilverurétt sem sjálfstæð eining í samfélagi þjóða. En komi of djúpir brestir í þessar stoðir sjálfstæðis okkar glötum við þeim rétti því þá mun okkur skorta rök fyrir nauðsyn þess að halda uppi, með ærnum tilkostnaði og fyrirhöfn, svo litlu og á margan hátt óhagkvæmu þjóðfélagi hér á hjara veraldar. Því ber okkur að styrkja þessar stoðir sjálfstæðis okkar eftir mætti, jafnframt því sem við opnum gáttir til allra átta, kynnumst og tileinkum okkur það besta úr reynslu og menningu annarra þjóða.

Þessu markmiði má ná eftir tveimur leiðum og þær höfum við báðar farið. Það er annars vegar skóla- og menntakerfi hins vegar stofnanir og starfsemi af ýmsu tagi tengt listum og varðveislu íslenskrar menningar þar sem jafnframt eru ástunduð vísindi, rannsóknir og nýsköpun. Ýmislegt má betur fara í skólum og menningarstarfsemi í landinu, en það er ekki viðfangsefni þessa frumvarps, heldur hvernig tengja megi betur þessar tvær leiðir, þ.e. reyna að tryggja að leiðir liggi saman að einu marki.

Breytingar — viðbrögð.

Íslenskt samfélag hefur tekið stakkaskiptum á nokkrum áratugum, vonandi til hins betra, en er enn í örri breytingu og svo mun verða áfram. En þessar breytingar hafa jafnframt haft ýmislegt það í för með sér sem veikir stoðir sjálfstæðis okkar. Áður erfðist reynsla, menning og tunga frá einni kynslóð til annarrar með „eðlilegum“ hætti í starfi og leik. Nú hafa þessi

tengsl rofnað vegna breyttra samfélagshátta. Staða heimilis og fjölskyldu hefur veikst og aðrir þættir í uppeldi nýrra kynslóða orðið að sama skapi mikilvægari.

Fjölmiðlar gegna mikilvægu hlutverki í því að opna gáttir til allra átta, en með fjölmiðlabyltingunni margnefndu má segja að opnast hafi flóðgáttir. Yfir okkur streymir flóð upplýsinga, afþreyingar, fræðslu, menningar og ómenningar, ýmist á íslensku eða erlendum tungum. Vissulega er margt af hinu góða sem berst með þessu flóði, en annað mjög misjafnt að gæðum. Það verður æ erfiðara að fóta sig og halda áttum. Lítilli þjóð, viðkvæmri menningu og tungu er hætta búin.

Hjá breytingum verður ekki komist, þróun verður ekki stöðvuð — það vill heldur enginn — en það er hægt að bregðast við, byggja varnargarða. Ekki til að stöðva streymið, heldur til að geta stjórnað flaumnum. Það verður hver kynslóð að kenna þeirri næstu að reisa sér þessa varnargarða.

Megintilgangurinn með flutningi þessa frumvarps er að leggja börnum og unglingum til efni í þessa varnargarða, sjálfum þeim og þjóðfélaginu til styrktar.

Framkvæmd.

Framkvæmd þessa frumvarps er ekki að öllu leyti auðveld, en þó vel yfirstíganleg. Margt er hægt að gera án mikils tilkostnaðar umfram það sem nú er. Í lögum flestra menningarstofnana landsins eru skýr ákvæði um menningar- og uppeldislegar skyldur, fræðslu, tengsl við almenning í dreifbýli og þéttbýli og starfsemi fyrir börn og unglinga. En skipulagða framkvæmd skortir og fleira. Fjárskortur og mannfæð valda einhverju um, en skýra lagasetningu um skipulagða tengingu milli skóla og menningarstofnana vantar.

Setja þarf reglugerð þar sem nánar yrði kveðið á um framkvæmd þessa lagafrumvarps. Hér verða einungis reifaðar nokkrar hugmyndir. Ýmist mundu nemendur sækja stofnanir og starfsemi heim eða öfugt. Allt eftir umfangi og eðli starfsins sem á að kynna.

1. Nemendur fari í leikhús, óperu og á tónleika, ýmist á æfingar eða sérstakar sýningar eða tónleika á skólatíma.
2. Leikhópar, óperur, söngleikir og hljómsveitir fari í ferðir út um land og í skóla.
3. Einstaklingar eða minni hópar með styttri dagskrár heimsæki skóla, (t.d. upplestur, einleik, einsöng; kynningar á einu skáldi, tímabili, viðfangsefni, þema eða stíl).
4. Tónskáld fari og kynni eigin verk og starf.
5. Rithöfundar fari og kynni eigin verk og starf.
6. Kvikmyndagerðarmenn sýni eigin kvikmyndir og einnig verk á undirbúningsstigi.
7. Listasöfn undirbúi heimsóknir nemenda á sýningar og leiðbeini þeim við skoðun listaverka.
8. Farandsýningar verði haldnar úti um land, ýmist einstakra listamanna eða með þema af einhverju tagi.
9. Vinnustofur verði starfræktar úti um land þar sem myndlistarmenn (og aðrir listamenn) dveljist um tíma og nemendur heimsæki þá á vinnustofur.
10. Fræðimenn taki á móti nemendum á vinnustöðum sínum og stofnunum (t.d. Þjóðminjasafni, byggðasöfnum, Árnastofnun og vonandi bráðlega náttúrufræðisafni o.fl.).
11. Fræðimenn heimsæki skóla með fyrirlestra um einstök efni sem tengjast menningu og sögu.
12. Samþættun verkefna, t.d. fræðimaður flytji fyrirlestur, listamaður lesi upp úr verkum sem tengjast fyrirlestri, t.d. þjóðsögu, kvæði, úr fornriti, tónlist sem tengist viðfangsefni og fleira í þeim anda.
13. Ekki má gleyma því að úti um allt land er nokkuð umfangsmikil menningarstarfsemi. Þar eru leikfélög, tónlistarskólar, hljómsveitir og söfn af ýmsu tagi. Það þarf ekki allt að koma frá höfuðborginni og þeir nemendur, sem búa á höfuðborgarsvæðinu, ættu líka að

kynnast menningarstarfsemi úti um allt land. Það gæti reyndar orðið mikilvægur liður í virkri byggðastefnu.

14. Áríðandi er að þessar heimsóknir og kynningar tengist öðru skólastarfi, þ.e. með kynningu á verkefnum fyrir fram og úrvinnslu eftir á. Það gæti gerst í íslenskukennslu, sögu, líf- og samfélagsfræði, tungumálakennslu og einnig í list- og verkmenntagreinum.

Niðurstaða.

Höfuðatriði er að þessi starfsemi fari fram á skólatíma sem oft samræmist hefðbundnum vinnu- og starfstíma stofnana. Hvað leikhús og tónleika varðar er um að ræða æfingar og sérstakar sýningar. Einnig verður starfsemin að vera nemendum að kostnaðarlausu. Áhugi og frumkvæði einstaklinga eða fjárhagur foreldra má ekki ráða úrslitum um framkvæmd.

Með útsjónarsemi, hagræðingu, hugarflugi og samvinnu við menningarstofnanir og stéttarfélög má halda kostnaði í lágmarki og skírskota til ábyrgðar allra, einstaklinga, félaga og stofnana á uppeldi nýrrar kynslóðar og varðveislu menningar okkar, tungu og arfleifðar, menningarstarfsemi allri til styrktar, sjálfstæði okkar til varnar og þjóðinni til heilla.

Nd. 105. Frumvarp til laga [103. mál]

um breytingu á lögum nr. 82/1989, um málefni aldraðra.

Flm.: Geir H. Haarde, Þórhildur Þorleifsdóttir, Ragnhildur Helgadóttir.

1. gr.

1. tölul. fyrri málsgreinar 10. gr. laganna orðast svo:

Beint framlag ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum hverju sinni. Skal framlagið miðast við 2.500 kr. á hvern tekjuskattsgjaldanda á aldrinum 16–70 ára sem hafði tekjuskattsstofn 530.196 kr. eða hærri á árinu 1988. Viðmiðunarframlagið á hvern gjaldanda skal breytast árlega í samræmi við breytingar er verða kunna á byggingarvísitölu. Tekjuviðmiðun skal breytast árlega í samræmi við þær breytingar sem verða á persónuafslætti skv. 68. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og innheimtuhlutfalli viðkomandi staðgreiðsluárs samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi voru samþykkt ný heildarlög um málefni aldraðra og var um meginefni þeirra laga góð samstaða, svo sem æskilegt er um málefni af því tagi. Hins vegar var með lögunum ákveðið að taka upp á ný sérstakan skatt, svokallaðan nefskatt, í Framkvæmdasjóð aldraðra sem felldur var niður í tengslum við upptöku staðgreiðslukerfis skatta á sínum tíma. Upphaflega var ætlun ríkisstjórnarinnar að skattur þessi yrði upp tekinn og lagður á þegar á árinu 1989, þótt lögin um málefni aldraðra ættu að öðru leyti ekki að taka gildi fyrr en 1. janúar 1990. Þau áform tókst að koma í veg fyrir á síðustu dögum þingsins á liðnu vori.

Við umræður um þetta atriði í neðri deild hinn 20. maí sl. lýsti utanríkisráðherra því yfir að við undirbúning og meðferð þessa máls hefði orðið „slys“ og að málið yrði að taka upp aftur nú í haust til að koma í veg fyrir að hinn sérstaki skattur yrði upp tekinn að nýju frá og með árinu 1990.

Orðrétt sagði utanríkisráðherra m.a.:

„Nú er best að segja hverja sögu eins og hún gengur. Það var andstaða í þingflokki Alþýðuflokksins gegn þessum nefskatti og það er andstaða gegn honum af þeim rökum sem hv. þingmaður skilur mætavel. Engu að síður, vegna þess að við erum ekki að ræða staðgreiðslukerfi skatta, við erum að ræða hér um allt annað mál, málefni aldraðra, gaf þingflokkurinn grænt ljós á að málið færi fram með fyrirvara um þetta mál. Það mundi takast upp aftur innan ríkisstjórnar sem var gert. Niðurstaðan varð sú þá að vísa málinu til samstarfsnefndar þingflokka, en undanskilið að málið kæmi aftur á borð ríkisstjórnar. Það gerðist ekki. Þegar t.d. alþýðuflokksmenn unnu að málinu í efri deild höfðu þeir gefið grænt ljós á málið sem slíkt, en treystu því að sá fyrirvari stæði að málið kæmi aftur áður en það kæmi á lokaafgreiðslustig á borð ríkisstjórnar. Þetta gerðist ekki. Með öðrum orðum: það henti slys við undirbúning málsins. Þess vegna er þessi tillaga fram komin um að koma í veg fyrir að nefskatturinn verði á lagður á þessu ári einfaldlega til þess að vinna tíma til að vinna að lausn málsins vegna þess að hv. fyrirspyrjandi má vel vita að sá sem hér stendur er andvígur þessum skatti af þeim rökum sem fram hafa komið í hans máli. Þegar upp var tekið staðgreiðslukerfi skatta átti að útrýma þessum nefsköttum og staðgreiðslukerfið gerði ráð fyrir því að það kæmi í staðinn. Svo einfalt er nú málið. Það kemur með öðrum orðum fyrir á bestu bæjum að það verða slys af þessu tagi. Það er verið að reyna að koma í veg fyrir þetta slys, en á seinustu stundu þegar hér var komið sögu var ekki unnt að gera betur en að ná samkomulagi um að fresta gildistökunni. Við það vinnst tími til að halda öðruvísi og með traustari tökum á málinu í framhaldinu.“

Frumvarp þetta er samhljóða breytingartillögu flutningsmanna sem flutt var þegar málið var til umfjöllunar í neðri deild á sl. vori. Ákvæði 1. gr. mun tryggja framkvæmdasjóðnum nákvæmlega þá fjárhæð sem gildandi ákvæði um hinn sérstaka skatt gerir, enda snýst málið ekki um nauðsyn þess að tryggja sjóðnum tekjur heldur um það með hvaða hætti þeirra er aflað.

Í atkvæðagreiðslu um þessa tillögu gerði Ólafur Þ. Þórðarson, þingmaður Framsóknarflokksins, svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

„Ég var fjarverandi afgreiðslu þingflokks Framsóknarflokksins á þessu máli og satt best að segja undrar mig að maður geti átt von á því að í lögum til heilbrigðismála séu bæði tekin fyrir fjáraukalög og skattalög og virðist þá fátt sem mönnum dettur ekki í hug að setja saman í lagatexta. Ég treysti mér ekki til að standa að þeirri ákvörðun að gerbreyta grunni staðgreiðslukerfisins eins og verið er að gera með því að taka nefskattana upp á nýjan leik. Ég segi því já.“

Í framhaldi af yfirlýsingum utanríkisráðherra um afstöðu Alþýðuflokksins og greinargerð Ólafs Þ. Þórðarsonar fyrir atkvæði sínu var þess að vænta að ríkisstjórnin beitti sér fyrir breytingu í þessa veru, enda ljóst að meiri hluti er fyrir henni á Alþingi.

Í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga segir að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir breytingu á ákvæðum um Framkvæmdasjóð aldraða að því er varðar álagningu og ráðstöfun tekna (frumvarp til fjárlaga bls. 232). Á skrá ríkisstjórnarinnar yfir lagafrumvörp, sem væntanleg eru frá einstökum ráðuneytum, er þess hvergi getið að frumvarp þessa efnis sé væntanlegt. Í ljósi þess er óhjákvæmilegt að flytja þetta frumvarp til að vilji Alþingis í þessu máli nái fram að ganga.

Til frekari upprifjunar á efnisatriðum þessa máls er rétt að endurprenta hér kafla úr nefndaráliti minni hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar deildarinnar um málið. Þar sagði:

„Minni hl. leggst hins vegar eindregið gegn þeirri viðbótarskattlagningu á almenning sem ríkisstjórnin hyggst knýja fram með frumvarpi þessu og reynt hefur verið að fara í felur með af hálfu ríkisstjórnarinnar. Hér er í raun verið að hækka tekjuskatta um 200 millj. kr. svo að lítið beri á.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að hinn sérstaki skattur í Framkvæmdasjóð aldraðra verði tekinn upp að nýju og verði 2.500 kr. á mann. Skattur þessi var síðast lagður á með álagningu vegna tekna ársins 1986, en er staðgreiðsla skatta var tekin upp var innheimtu hans hætt og sjóðnum tryggðar samsvarandi tekjur af innheimtu staðgreiðslufé.

Rétt er að minna á að þegar staðgreiðslan var tekin upp féllu niður fjórir smáskattar og urðu hluti staðgreiðslunnar, og hækkaði álagningarhlutfall hennar sem þeim nam. Þessir skattar voru sóknargjald, kirkjugarðsgjald og sjúkratryggingagjald auk hins sérstaka gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra. Hefur ekki orðið vart við að þeir aðilar, sem áður höfðu tekjur af þessum smásköttum, hafi kvartað um hlutdeild sína í staðgreiðslufénu enda hefur verið tryggilega frá henni gengið.

Með því að taka einn þessara skatta upp að nýju í tengslum við samþykkt þessa frumvarps er að dómi undirritaðra nefndarmanna verið að fara inn á afar óæskilega braut og fordæmi gefið fyrir því að allir gömlu smáskattarnir verði teknir upp að nýju án þess að staðgreiðsluhlutfallið lækki á móti. Með þessu er verið að grafa undan framkvæmd staðgreiðslunnar sem hefur það að markmiði að sem flestir gjaldendur séu jafnan skuldlausir við ríkissjóð. Frumvarpið mun gera það að verkum að alls enginn verður skuldlaus og senda þarf öllum gjaldendum rukkun fyrir gjaldinu eftir á. Í núgildandi kerfi eru það eingöngu greiðendur eignarskatta sem greiða eftir á, sem og þeir sem ekki hafa staðgreitt skatta af tekjum sínum með venjulegum hætti. Er glögg grein gerð fyrir þessu í áliti ríkisskattstjóra, sem birt er sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu. Allir smáskattar og fráhvarf frá samtímainnheimtu skatta gerir framkvæmd staðgreiðslunnar erfiðari.

Að auki er alveg skýrt að þeir peningar, sem hér á að innheimta, eru nú þegar teknir af almenningi. Það eru hrein brigð gagnvart gjaldendum að taka þennan skatt upp að nýju og gengur þvert gegn þeim yfirlýsingum sem gefnar hafa verið af öllum þeim sem ábyrgð bera á staðgreiðslukerfinu, upptöku þess og framkvæmd. Eigi að leggja hinn sérstaka skatt á að nýju er að sjálfsögðu lágmarkskrafa að innheimtuhlutfall í staðgreiðslunni lækki á móti."

Að auki benti minni hl. á hversu óeðlilegt það væri að fela nýja tekjuöflun í ríkissjóð í frumvarpi um faglegt málefni sem efnisleg samstaða væri um að flestu öðru leyti.

Í umsögn ríkisskattstjóra um málið sem birt var sem fylgiskjal með áliti minni hl. sagði m.a. eftirfarandi:

„Á fundi með nefndinni laugardaginn 13. maí sl. var ég beðinn að veita skriflega umsögn um 10. gr. frv. til laga um málefni aldraðra, en frumvarpið fékk ég í hendur frá nefndinni kvöldið áður. Fyrst mun ég fjalla um greinina almennt og væntanlega framkvæmd hennar og síðan um einstök ákvæði hennar.

Í athugasemdum við frumvarp til laga nr. 49 frá 30. mars 1987, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, segir svo orðrétt:

„Í frumvarpi þessu og hliðarfrumvörpum með því er gert ráð fyrir að lagður verði á einn tekjuskattur til ríkisins sem komi í stað núverandi tekjuskatts, sjúkratryggingagjalds, gjalds til Framkvæmdasjóðs aldraðra, sóknargjalds og kirkjugarðsgjalds. Þessi tekjuskattur innheimtist ásamt útsvari til sveitarfélags þannig að í reynd verður um að ræða eitt álagningarhlutfall fyrir alla launþega að öðru leyti en því að frávik í útsvarsálagningu milli einstakra sveitarfélaga kemur fram við eftiráuppgjör. Þeim aðilum, sem nú njóta tekna af þeim sérsköttum er hverfa, verður á móti tryggð hlutdeild í hinum sameiginlega skatti."

Og enn fremur:

„Gert er ráð fyrir að í stað tekjuskatts, sjúkratryggingagjalds, framlags í Framkvæmdasjóð aldraðra, sóknargjalds og kirkjugarðsgjalds komi eitt skatthlutfall, 28,5%." Sérstakt gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra var síðast lagt á árið 1987, skv. l. nr. 91/1982, um málefni aldraðra, með síðari breytingum, en samkvæmt nefndum lögum skyldi gjaldið lagt á í síðasta

skipti á því ári. Með hliðsjón af framangreindu virðist gæta nokkrar ónákvæmni í greinargerð með frumvarpi því sem nú liggur fyrir þinginu þar sem segir í almennum athugasemdum:

„Tekjustofn Framkvæmdasjóðs aldraðra er hafður óbreyttur, þ.e. sérstakt gjald sem leggja skal á alla gjaldendur með ákveðnum undantekningum.“ — Sbr. einnig þar sem segir í athugasemd við 10. gr.: „Óbreytt er frá gildandi lögum að sérstakt gjald, sem lagt er á alla gjaldendur með ákveðnum undantekningum, sé megintekjustofn Framkvæmdasjóðs aldraðra.“

Um framkvæmd álagningar og innheimtu gjaldsins almennt er það að segja að nefskattar sem þessi falla ekki að staðgreiðslukerfi skatta og mun gjaldið almennt auka eftiráinnheimtu opinberra gjalda, þ.e. auka fjölda þeirra gjaldenda sem ekki gerast upp að fullu í staðgreiðslunni.“

Sþ. 106. Svar [55. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar um uppgjör á framkvæmdum á vegum sveitarfélaga á árinu 1989.

1. Vísað er til 75. gr. laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, en greinin fjallar um kostnaðaruppgjör milli ríkis og sveitarfélaga og er þannig:

„Ríkissjóður greiðir sveitarfélögum og félagasamtökum framlög vegna áfallinna skuldbindinga ríkissjóðs við byggingu dagvistarheimila, grunnskóla, íþróttamannvirkja og félagsheimila miðað við stöðu framkvæmda í árslok 1989. Við mat á þessum skuldbindingum ríkissjóðs skal miða við núgildandi lagaákvæði um hlutdeild ríkissjóðs í byggingarkostnaði fyrrgreindra mannvirkja svo og sérsamninga sem gerðir hafa verið við einstök sveitarfélög um skólamannvirki.

Þátttaka ríkissjóðs í framkvæmdum, sem unnar eru á árinu 1989, skal þó miðuð við þau framlög sem eru á fjárlögum 1989.

Náist ekki samkomulag milli ríkissjóðs annars vegar og sveitarfélaga eða félagasamtaka hins vegar um kostnaðaruppgjör skv. 1. og 2. mgr. geta aðilar fyrir 1. janúar 1992 lagt málið til endanlegs úrskurðar nefndar sem starfa skal meðan unnið er að kostnaðaruppgjöri samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Nefndin skal skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af menntamálaráðherra, einum tilnefndum af stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og oddamanni tilnefndum af Hæstarétti Íslands. Meiri hluti ræður úrslitum mála, en fáist ekki meiri hluti skal oddamaður skera úr.

Um skiptingu fjár samkvæmt þessari grein skal fara eins og mælt verður fyrir um í fjárlögum fyrir árið 1990–1993, enda verði greiðslu lokið að fullu á því árabili.

Menntamálaráðherra setur reglugerð í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga um framkvæmd þessarar greinar.“

Varðandi það atriði sem spurningin fjallar sérstaklega um vísast til laga nr. 91/1989, um tekjustofna sveitarfélaga. Þar segir í 13. gr. að verja skuli allt að 8% af vergum tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til stofnframkvæmda hjá fámennum sveitarfélögum og skv. 15. gr. skal þessum framlögum varið til að greiða hluta af stofnkostnaði sveitarfélaga við grunnskóla, íþróttamannvirki, félagsheimili, vatnsveitur og dagvistarheimili fyrir börn. Í reglugerð skal meðal annars setja nánari reglur um útreikning þessara framlaga og hvaða skilyrðum sveitarfélög þurfa að fullnægja til að hljóta þau.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið mun Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiða hluta í tilteknum framkvæmdum sveitarfélaga 1989 sem reynast umfram það sem ríkissjóður tekur þátt í. Af hálfu ráðuneytisins er stefnt að því að þetta verði að öðru jöfnu forgangsverkefni

þegar skipt verður því fjármagni sem þarna verður til ráðstöfunar. Ekki liggja enn fyrir endanlegar upplýsingar um hvaða upphæðir hér er um að ræða, en lögð verður áhersla á að ljúka þessum greiðslum sem mest á næsta ári.

2. Fyrstu drög að reglugerðinni voru samin síðastliðinn vetur og kynnt í þeim þingnefndum sem fjölluðu um frumvarp til nýrra tekjustofnalaga. Þessi drög voru síðan send Sambandi íslenskra sveitarfélaga í apríl og óskað eftir breytingartillögum og athugasemdum. Sérstaklega var óskað eftir því að landsbyggðarmenn fjölluðu um málið.

Reglugerðardrögin bárust frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga í lok september og þá með nokkrum breytingartillögum og nánari útfærslu á ýmsum atriðum. Undanfarið hefur verið unnið að því í ráðuneytinu að ganga að fullu frá reglugerðinni og er stefnt að því að gefa hana út nú um miðjan nóvember.

Ekki er búið að ganga endanlega frá því hvaða stærðarmörk verða sett sem skilyrði fyrir framlögum úr Jöfnunarsjóðnum. Samkvæmt tekjustofnalögunum skulu svokölluð *stofnkostnaðarframlög* ganga til fámennra sveitarfélaga, *framlög til reksturs grunnskóla* til að aðstoða dreifbýlissveitarfélög til að standa undir auknum rekstrarkostnaði við grunnskóla vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga og *framlög skv. e-lið 13. gr. laganna* til að bæta dreifbýlissveitarfélögum upp annan aukinn kostnað vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga. Þar verður fyrst og fremst um að ræða hluta af launakostnaði tónlistarskóla. Auk framantalinna framlaga verða veitt úr sjóðnum *tekjujöfnunarframlög* og *þjónustuframlög*. Varðandi tekjujöfnunarframlögin þá er ekki gert ráð fyrir ákveðnum stærðarmörkum sem skilyrði fyrir framlögum, en ekki er búið að ákveða stærðarmörk vegna þjónustuframlaganna.

3. Lauslega áætlað mun Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hafa til ráðstöfunar 1.500 millj. kr. á næsta ári. Þar af eiga 8%, eða 120 millj. kr., að renna til stofnkostnaðarframlaga.

Nd. 107. Frumvarp til laga [104. mál]

um breytingu á lögum nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

1. gr.

Síðasta málsgrein 36. gr. laga nr. 76/1982 orðist svo:

Lyfjaheildsölum er óheimilt að selja lyf öðrum en þeim sem leyfi hafa til smásölu lyfja, svo og til notkunar á sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum og læknastöðvum og þeim tilraunastofnunum sem leyfi hafa til tilrauna með lyf.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 36. gr. laga nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, er lyfjaheildsölum óheimilt að selja lyf öðrum en þeim sem leyfi hafa til smásölu lyfja, svo og til notkunar á sjúkrahúsum og þeim tilraunastofnunum sem leyfi hafa til tilrauna með lyf. Þetta hefur í för með sér að lyfjaheildsölum er t.d. óheimilt að selja lyf til annarrar lækningastarfsemi en þeirrar sem flokkuð er sem sjúkrahús samkvæmt lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu. Það er augljóst mál að fái önnur starfsemi, sem sinnir sambærilegri þjónustu og sjúkrahús, eins og heilsugæslustöðvar og læknastöðvar, ekki að kaupa lyf með sama hætti getur það haft í för með sér röskun bæði fyrir starfsemina og ekki síður fyrir þá sjúklinga sem leita þessarar

þjónustu. Það er skoðun ráðuneytisins að nauðsynlegt sé að heilsugæslustöðvar og læknastöðvar, sem fengið hafa viðurkenningu ráðuneytisins í samræmi við 26. gr. laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, búi við sömu kjör hvað lyfjakaup varðar og hliðstæður rekstur. Hér er um að ræða starfsemi sem fyllilega verður jafnað til starfsemi sjúkrahúsa, t.d. sé um að ræða rekstur skurðstofu. Ráðuneytið telur því nauðsynlegt að lögum verði breytt þannig að þau standi beinlínis ekki í vegi fyrir því að lyfjaheildsalar geti selt slíkri starfsemi lyf, enda sé í fyllsta máta eðlilegt að svo sé gert þar sem þjónustan er hin sama og veitt er á sjúkrahúsum. Í þessu tilviki er rétt að benda á að því aðeins kæmi til sala á lyfjum í slíkum tilvikum að uppfyllt séu önnur ákvæði lyfjadreifingarlaga, t.d. um að þar starfi lyfjafræðingur sem hafi umsjón með og beri ábyrgð á öflun lyfja og eftirliti með notkun innan hlutaðeigandi heilsugæslustöðva og læknastöðva.

Nd. 108. Frumvarp til laga [105. mál]

um breytingu á lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

1. gr.

Nýr töluliður, er verði 7. tölul. 29. gr., orðist svo:

29.7. Í þeim tilvikum, þar sem Hollustuvernd ríkisins fer með beint eftirlit samkvæmt lögunum, sbr. 2. tölul. 17. gr., til eða samkvæmt ákvörðun ráðherra, sbr. 4. tölul. 13. gr., getur stofnunin beitt sama valdi og sömu þvingunarúrræðum og heilbrigðisnefndir skv. 27. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, eru byggð á því grundvallarsjónarmiði að það sem kallað hefur verið frumheilbrigðiseftirlit eða beint eftirlit sé í höndum heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna og heilbrigðisfulltrúa sem eru starfsmenn þeirra. Eftirlitið er því rekið á kostnað og ábyrgð sveitarfélaganna nema í þeim tilvikum þar sem lögin kveða beint á um eftirlit á vegum Hollustuverndar ríkisins, eins og gert er í 2. tölul. 17. gr., þar sem fjallað er um innflutning á matvælum og öðrum neysluvörum, eða þar sem samkomulag er um beint eftirlit Hollustuverndar ríkisins, sbr. nánar 4. tölul. 13. gr., en Hollustuvernd ríkisins hefur samkvæmt þeirri grein verið falið beint eftirlit með ýmiss konar mengandi starfsemi, sbr. nánar reglugerð nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur haft í för með sér mengun.

Í þeim tilvikum, þar sem heilbrigðisnefndir fara með eftirlitið, geta þær beitt ýmsum ráðstöfunum til þess að knýja á um framkvæmdir eða til þess að látið verði af starfsemi, sbr. nánar 27. gr. áðurnefndra laga. Í þeim tilvikum, þar sem Hollustuvernd ríkisins fer með eftirlitið, er engum slíkum lagafyrirmælum til að dreifa þannig að heilbrigðisnefndir hafa þurft að grípa til ráðstafana vegna eftirlits sem Hollustuvernd ríkisins er falið. Þetta er á allan hátt óeðlilegt, ekki síst þar sem hlutaðeigandi sveitarfélög hljóta að bera ábyrgð á aðgerðunum án þess að starfsmenn þeirra, þ.e. heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúi í þessu tilviki, hafi lagt dóm á málið. Þannig fer ekki saman raunveruleg ákvörðunartaka og framkvæmd ráðstöfunar.

Til þess að kippa ofangreindu á klakk telur ráðuneytið eðlilegt að Hollustuvernd ríkisins búi yfir sömu ráðum til þess að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar og heilbrigðisnefndir fari stofnunin með beint eftirlit. Eins og áður hefur komið fram heyrir slíkt eftirlit til undantekn-

inga, er annaðhvort samkvæmt laganna hljóðan eða samkvæmt sérstöku samkomulagi og er slíkt samkomulag gert í fullu samráði við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna, sbr. nánar 4. tölul. 13. gr. áðurnefndra laga. Ætti því ekki að vera nein hætta á að Hollustuvernd ríkisins verði falin verkefni umfram það sem samkomulag er um við sveitarfélögin.

Sþ. 109. Svar [33. mál]

ráðherra Hagstofu Íslands við fyrirspurn Inga Björns Albertssonar um samsetningu framfærsluvísitölunnar.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Hvaða vörur, þjónusta og annað mynda framfærsluvísitöluna?*
   Óskað er eftir nákvæmri sundurliðun þar sem fram kemur meðal annars:
   a. *vörutegund,*
   b. *vöruheiti og framleiðandi,*
   c. *hversu lengi hver vara hefur verið í vísitölunni,*
   d. *hvaða vörur hafa fallið út úr útreikningi vísitölunnar síðastliðin 10 ár og hvaða nýjar vörur hafa verið teknar inn í vísitöluna á sama tímabili?*
2. *Hvert er vægi hvers liðar fyrir sig í vísitölunni?*
3. *Hvernig er aflað upplýsinga um verð vöru, þjónustu og annarra liða í vísitölunni?*
4. *Hvernig er staðið að útreikningi vísitölunnar?*

Um gerð vísitölu framfærslukostnaðar og útreikning hennar fer samkvæmt lögum um vísitölu framfærslukostnaðar, nr. 5/1984. Í 1. gr. þeirra laga segir að Kauplagsnefnd skipi þrír menn, einn eftir tilnefningu Hæstaréttar og er hann formaður, en hinir eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands hvors um sig. Nefndin starfar í samráði við Hagstofu Íslands.

Í 2. grein segir að Kauplagsnefnd skuli reikna vísitölu framfærslukostnaðar samkvæmt vísitölugrundvelli byggðum á niðurstöðum neyslukönnunar árin 1978 og 1979 sem Kauplagsnefnd og Hagstofan hafa gert.

Í 3. grein er kveðið á um að Kauplagsnefnd skuli eigi sjaldnar en á fimm ára fresti láta fara fram athugun á því hvort ástæða sé til að endurskoða grundvöll vísitölu framfærslukostnaðar og skuli sú athugun fyrst fara fram á árinu 1985. Telji allir nefndarmenn að lokinni slíkri athugun að endurskoðunar sé þörf geti nefndin ákveðið að gerð skuli neyslukönnun til endurnýjunar á grundvelli vísitölunnar. Að fengnum niðurstöðum sé nefndinni — sé hún sammála — heimilt að ákveða vísitölunni nýjan grundvöll án þess að koma þurfi til lagasetningar.

Kauplagsnefnd ákvað um mitt ár 1985 að ný neyslukönnun skyldi fara fram. Hafist var handa við könnun þessa í júlí 1985 og stóð hún fram yfir mitt ár 1986 en þá tók við vinna við samræmingu gagna, skráningu og úrvinnslu. Gerð nýs vísitölugrundvallar lauk í aprílmánuði 1988. Ákvað Kauplagsnefnd þá að hann skyldi reiknaður í fyrsta sinn miðað við verðlag í maíbyrjun 1988 og vísitalan sett 100 stig á þeim tíma. Jafnframt skyldi eldri grunnur vísitölunnar (febrúar 1984) þá reiknaður í síðasta sinn.

Hagstofan gerði ítarlega grein fyrir grunni vísitölu framfærslukostnaðar í maíblaði *Hagtíðinda* 1988 (sjá hér: Nýr grundvöllur fyrir vísitölu framfærslukostnaðar, *Hagtíðindi*, nr. 5, 73. árgangur, maí 1988, bls. 192–195). Þar er jafnframt greint frá neyslukönnuninni 1985–1986, fjallað um aðferðir við útreikning vísitölunnar og samanburður gerður á skiptingu útgjalda í nýjum og eldri vísitölugrundvelli, eftir 10 yfirflokkum og 40 undirflokkum útgjalda. Í þeim svörum sem hér fara á eftir er víða stuðst við þessa greinargerð.

Í 1. lið fyrirspurnarinnar er spurt hvaða vörur, þjónusta og annað myndi framfærsluvísitöluna.

Þessari spurningu er svarað almennt í fyrrnefndri grein í *Hagtíðindum* (bls. 192) en þar segir svo um þetta efni:

„Hinn svonefndi vísitölugrunnur er í reynd safn hvers kyns heimilisútgjalda. Útgjaldasafnið eða vísitölugrunnurinn tekur því ekki aðeins til daglegra kaupa á matvöru, drykkjarvöru, hreinlætisvöru, fatnaði o.þ.h., heldur er einnig meðtalinn kostnaður heimilanna af rafmagni og hita, pósti og síma, rekstri eigin bíls, húsnæði og svo alls kyns kaup á þjónustu. Þá eru meðtalin útgjöld vegna ferðalaga og tómstundaiðkana svo eitthvað sé nefnt. Alls eru um 600 liðir vöru og þjónustu í hinum nýja vísitölugrunni. Neyslukönnuninni er ætlað að leiða í ljós hve mikil þessi útgjöld eru og hvernig þau skiptast á einstaka liði. Í vísitölugrunninum eru liðirnir allir tíundaðir í smáatriðum á þann hátt að bæði magn og verð allra vörutegunda og þjónustuliða kemur fram. Með magni er þá átt við ákveðinn fjölda mjólkurlítra, kílóa af smjöri, hveiti, sykri o.s.frv., stykkja af sápu, para af sokkum og skóm, kílóvattstunda af raforku, fjölda máltíða á veitingahúsum, ferðalaga til útlanda svo dæmi séu nefnd. Tilgreint er nákvæmlega um hvaða tegund, merki, stærð eða gerð er að ræða á hverjum lið."

Fyrirspyrjandi óskar í 1. lið eftir nákvæmri sundurliðun, m.a. eftir vörutegundum, vöruheitum og framleiðendum. Í meðfylgjandi töflu 1 er sýnd skipting útgjalda í grundvelli vísitölu framfærslukostnaðar í maí 1988 og í október 1989. Hér er heildarútgjöldum vísitölunnar deilt á fyrrnefnda 10 yfirflokka og um 40 undirflokka.

Þessi tafla gefur gott yfirlit yfir þá flokka vöru og þjónustu sem eru í vísitölunni svo og vægi þeirra. Þetta er ítrasta sundurliðun sem Kauplagsnefnd og Hagstofan birta um vísitölugrundvöllinn. Þannig eru aldrei birtar upplýsingar um vörutegundir, vöruheiti eða framleiðendur né um vægi einstakra tegunda vöru eða þjónustu í vísitölunni. Hér er fylgt grundvallarreglu við gerð vísitalna, sem byggjast á ákveðnum vogum fyrir tiltekna vöru og þjónustu, og ætlað er að vera hlutlausir mælikvarðar á verðlagsbreytingar. Þessi regla byggist á því að með birtingu nákvæmra upplýsinga um vöruheiti væri gefið færi á íhlutun og óeðlilegum áhrifum á útreikning vísitölunnar þannig að hún yrði ekki lengur óháður mælikvarði á verðlagsbreytingar. Jafnframt er hér byggt á viðteknum og sjálfsögðum reglum um upplýsingaleynd hvað snertir einstakar vörur eða þjónustuliði og framleiðendur eða seljendur. Í þessum efnum fylgir Hagstofan alþjóðlegum venjum og ábendingum alþjóðastofnana á sviði hagskýrslugerðar.

Þessi regla um að nákvæmustu upplýsingar um einstaka liði í vísitölunni megi ekki birta er ófrávíkjanleg að dómi Kauplagsnefndar og Hagstofunnar. Þessum aðilum er vitaskuld ljóst að þessi regla kann að vekja vissa tortryggni og jafnvel rýra traust á verðmælingum. Sú hætta er þó snöggtum minni og léttvægari en hin sem af því mundi stafa að vísitalan yrði opnuð fyrir íhlutun af ýmsu tagi, en þá fyrst væri hægt að draga gildi verðmælinga í efa. Enn fremur væri þá hætta á að ýmsir aðilar, sem nú láta góðfúslega í té upplýsingar um útsöluverð, yrðu tregari til þess ef hægt væri að rekja einstaka liði vísitölunnar beinlínis til þeirra.

Í þessu sambandi má nefna að vitaskuld verður aldrei hjá því komist að menn hafi nokkra vitneskju um einstaka liði vísitölunnar. Þannig segir sig sjálft að allar algengustu neysluvörur og þjónustuliðir eru meðtaldir í vísitölunni. Þeir aðilar sem svara beinum fyrirspurnum Hagstofunnar um verð á þeirri vöru og þjónustu sem þeir hafa til sölu vita enn fremur í hvaða tilgangi spurt er. Þeir hafa hins vegar ekki vitneskju um hve sú vara eða þjónusta, sem þeir veita upplýsingar um, vegur þungt í vísitölunni.

Sem fyrr segir er vísitölu framfærslukostnaðar ætlað að vera mælikvarði á verðbreytingar heimilisútgjalda í heild sinni. Hins vegar kunna ýmsir að hafa not fyrir eða áhuga á upplýsingum um verðbreytingar einstakra vörutegunda. Í því skyni að koma til móts við óskir

af þessu tagi hefur Hagstofan um langt árabil birt árlega í *Hagtíðindum* (yfirleitt í nóvemberblaði) yfirlit um útsöluverð á neysluvörum og þjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Í þessum yfirlitum koma fram upplýsingar um meðaleiningarverð þeirra tegunda sem um er að ræða, en á hinn bóginn er safnið ekki vegið saman í heild eða eftir mismunandi flokkum vöru og þjónustu eins og gert er í vísitölu framfærslukostnaðar.

Ljóst er að traust eða vantraust manna á vísitöluútreikningum er undir því komið hvaða traust menn bera til þeirra aðila eða stofnana sem annast útreikninginn. Auk þess sem Hagstofu Íslands er ætlað mjög sjálfstætt hlutverk hefur hér á landi verið reynt að skapa sem mest traust á gerð og útreikningi vísitölu framfærslukostnaðar með því að fela sérstakri nefnd, Kauplagsnefnd, að annast útreikninginn í samráði við Hagstofuna. Sem fyrr segir er nefndin skipuð fulltrúum tilnefndum af ASÍ og VSÍ og formanni tilnefndum af Hæstarétti. Hagstofan annast gerð vísitölugrundvallarins og alla útreikninga eftir verklagsreglum sem Kauplagsnefnd hefur samþykkt. Nefndin fylgist með verkinu og tekur ákvarðanir um álitamál sem upp kunna að koma, t.d. um val mismunandi tegunda vöru og þjónustu, breytingu á því vali og margt fleira.

Til frekari upplýsinga hvað snertir þennan lið fyrirspurnarinnar má vísa til töflu 2 sem hér fylgir. Þar kemur fram að í vísitölu framfærslukostnaðar eru 794 tegundir vöru og þjónustu. Upplýsinga um verð er aflað hjá 322 aðilum en alls eru verðmælingar í vísitölu framfærslukostnaðar 4.690 að tölu. Til fróðleiks má geta þess að í framfærsluvísitölunni eru fleiri tegundir vöru og þjónustu en er yfirleitt í sambærilegum vísitölum nágrannaþjóðanna. Á hinn bóginn er, eðli málsins samkvæmt, upplýsinga aflað hjá tiltölulega fáum aðilum hér á landi og fjöldi verðmælinga er því talsvert minni en hjá nágrannaþjóðunum, enda er markaður þar margfalt stærri (sjá hér: International Labour Office, Statistical Sources and Methods, Volume 1, Consumer Price Indices, Geneva 1987).

Í c- og d-liðum 1. spurningar er óskað upplýsinga um hversu lengi hver vara hafi verið í vísitölunni svo og hvaða vörur hafi fallið út úr henni sl. 10 ár og hvaða vörur hafi komið í staðinn.

Sem fyrr segir eru upplýsingar um einstakar vörur ekki birtar og verður þessari spurningu ekki svarað af þeim sökum. Frá sjónarmiði verðmælinga má einnig draga í efa að upplýsingar sem þessar séu áhugaverðar. Hvað snertir val á vöru og þjónustu í vísitölugrundvellinum skiptir þrennt mestu máli: Í fyrsta lagi að ekki líði of langur tími milli neyslukannana; í öðru lagi að við gerð vísitölugrundvallar hverju sinni séu valdar þær tegundir vöru og þjónustu sem algengastar eru, mest eru keyptar og ætla má að sæmilega stöðugt framboð sé á; í þriðja lagi að milli þess sem vísitölugrundvöllurinn er endurnýjaður sé fylgst með þróun eftirspurnar og framboðs á einstökum tegundum. Við gerð vísitölugrundvallar er vörusafnið valið eftir niðurstöðum mjög víðtækrar neyslukönnunar, svo og eftir upplýsingum kaupmanna um hvaða vörutegundir séu algengastar í hverjum útgjaldaflokki. Þess á milli er fylgst með breytingu vöruvals af þeim starfsmönnum sem safna upplýsingum um verð í hverjum mánuði. Við reglubundna söfnum verðupplýsinga verður þess mjög fljótt vart ef tiltekin vara eða þjónusta verður sjaldgæf eða hverfur af markaði. Þegar svo er komið að vara verður ónothæf til viðmiðunar í vísitölunni er önnur vara valin í staðinn og ef við á er þá beitt þeirri reglu að reynt er að finna þá vöru sem kemur í stað þeirrar eða er sem líkust þeirri sem valin var í upphafi.

Í 2. lið fyrirspurnarinnar er óskað upplýsinga um hvert sé vægi hvers liðar í vísitölunni. Svar við þessari spurningu kemur fram í töflum 1 og 2 sem hér fylgja.

Í 3. lið fyrirspurnarinnar er spurt hvernig aflað sé upplýsinga um verð vöru og þjónustu í vísitölunni.

Upplýsinga um verð er í meginatriðum aflað sem hér segir:

a. Upplýsinga um verð á vörum og verð á þjónustu, sem einkaaðilar selja, er aðallega aflað á þann hátt að farið er í verslanir eða til seljenda þjónustu og verð skráð þar eða að upplýsinga er aflað með símtölum. Verðupplýsingum er aðeins safnað á höfuðborgarsvæðinu (nema um orkuverð eins og rakið er í c-lið hér á eftir), en því veldur bæði fámenni og þar með smæð markaðar á einstökum stöðum á landsbyggðinni og mikill kostnaður sem söfnun upplýsinga þar hefði í för með sér. Á höfuðborgarsvæðinu hafa verslanir verið valdar með hliðsjón af hvoru tveggja, staðsetningu þeirra í einstökum hverfum og stærð þeirra og umsetningu. Hvað snertir verðathuganir í verslunum nýtur Hagstofan liðsinnis sérhæfðs starfsliðs Verðlagsstofnunar, en upplýsinga í síma er aflað af starfsfólki Hagstofunnar. Tekið skal fram að þyki þær upplýsingar sem fram koma, afbrigðilegar eða einkennilegar eru þær jafnan kannaðar nánar. Í reynd er tiltölulega auðvelt að fylgjast með þessu, m.a. með samanburði við verð í mánuðinum á undan, samanburði við breytingar á verði annarrar vöru og þjónustu og með því að hafa hliðsjón af ýmsum þekktum þáttum, sem ætla má að hafi áhrif á verðbreytingar, svo sem breytingum gengis, launa, álagningar, niðurgreiðslna o.fl.
b. Upplýsinga um verð opinberrar þjónustu er ýmist aflað með beinum fyrirspurnum til viðkomandi þjónustuaðila eða úr opinberum verð- og gjaldskrám.
c. Upplýsingar um taxta hitaveitna og rafveitna eru fengnar frá Orkustofnun sem fylgist með gjaldskrám allra rafveitna og hitaveitna á landinu. Verð á heitu vatni og rafmagni er síðan reiknað sem vegið meðaltal fyrir allt landið og myndar þá íbúafjöldi á hverju veitusvæði vogir meðaltalsins.

Auk þess sem hér hefur verið rakið má nefna að jafnan er miðað við raunverulegt markaðsverð og skiptir þá ekki máli þótt til sé skráð verð eða hámarksverð á viðkomandi vöru eða þjónustu. Miðað er við staðgreiðsluverð og ekki er tekið tillit til verðlækkana vegna tímabundinna útsölu nema verðlækkunin sé alveg almenn í verslunum. Tekið er tillit til sérstaks afsláttarverðs, sem boðið kann að vera þegar verðupplýsingum er safnað, ef það er skilmálalaust. Loks skal tekið fram að við söfnun verðupplýsinga er aldrei leitað að verði ódýrustu vöru eða þjónustu heldur alltaf að verði á þeirri vöru og þjónustu, sem neyslukönnunin hefur sýnt að mest er keypt, án tillits til þess hvort unnt sé að finna sömu eða svipaða vöru eða þjónustu á lægra verði. Með þessu móti er framfærsluvísitölunni jafnan ætlað að sýna hvað hið upphaflega útgjaldasafn kostar og hvernig kostnaður breytist frá einum tíma til annars.

Í 4. lið fyrirspurnarinnar er leitað upplýsinga um hvernig staðið sé að útreikningi vísitölunnar.

Vísitala framfærslukostnaðar er reiknuð í hverjum mánuði. Útreikningurinn miðast við byrjun hvers mánaðar, en samkvæmt verklagsreglu Kauplagsnefndar er miðað við fimm fyrstu virka daga í mánuði hverjum. Þessa fimm daga vinna starfsmenn Hagstofunnar og Verðlagsstofnunar að söfnun upplýsinga, eins og áður var lýst. Þegar því er lokið tekur við yfirferð og athugun á upplýsingum og öflun viðbótarupplýsinga eftir því sem þörf krefur. Þá eru upplýsingarnar tölvuskráðar og í því sambandi er sérstaklega hugað að samanburði við síðasta mánuð og mánuði. Sem fyrr segir eru afbrigðileg eða einkennileg atriði könnuð sérstaklega, t.d. ef vara eða þjónusta virðist hafa hækkað eða lækkað óvenjumikið í verði. Þegar allar upplýsingar hafa verið skráðar og athugaðar er vísitalan reiknuð út í tölvu og allar vinnutöflur skrifaðar út á pappír. Þá tekur enn við yfirferð og athugun. Þessu verki lýkur oftast 10. eða 11. hvers mánaðar. Er þá haldinn fundur í Kauplagsnefnd og vísitalan afgreidd og gefin út. Auk hinna reglubundnu funda í tengslum við útgáfu vísitölunnar kemur Kauplagsnefnd saman eins oft og þörf krefur, einkum til að ræða sérstök álitamál sem upp kunna að koma.

Tafla 1. Útgjöld í vísitölu framfærslukostnaðar.

		Grunnur maí 1988		*Október 1989*		
		Fjárhæð í kr.	Hlutfallsleg skipting %	Fjárhæð í kr.	Vísitala	Hlutfallsleg skipting %
0	**Matvörur**	**337.690,31**	**20,6**	**449.612,27**	**133,1**	**20,5**
00	Mjöl, grjón og bakaðar vörur	38.971,75	2,4	54.104,59	138,8	2,5
01	Kjöt og kjötvörur	83.126,68	5,1	104.685,94	125,9	4,8
02	Fiskur og fiskvörur	21.175,34	1,3	27.266,61	128,8	1,2
03	Mjók, rjómi, ostar og egg	62.645,84	3,8	88.382,26	141,1	4,0
04	Feitmeti og olíu	12.354,10	0,8	17.522,67	141,8	0,8
05	Grænmeti, ávextir og ber	37.376,46	2,3	45.561,23	121,9	2,1
06	Kartöflur og vörur úr þeim	7.970,95	0,5	12.996,40	163,0	0,6
07	Sykur	1.853,01	0,1	5.612,34	302,9	0,3
08	Kaffi, te, kakó og suðusúkkulaði	9.553,48	0,6	13.111,55	137,2	0,6
09	Aðrar matvörur	62.662,70	3,8	80.368,68	128,3	3,7
1	**Drykkjarvörur og tóbak**	**71.124,51**	**4,3**	**95.942,01**	**134,9**	**4,4**
11	Drykkjarvörur	37.437,73	2,3	50.326,30	134,4	2,3
12	Tóbak	33.686,78	2,1	45.615,71	135,4	2,1
2	**Föt og skófatnaður**	**128.541,31**	**7,8**	**165.777,79**	**129,0**	**7,6**
21	Fatnaður	90.881,15	5,5	115.841,84	127,5	5,3
22	Vefnaðarv., garn, fataviðg. ofl.	14.766,51	0,9	19.578,10	132,6	0,9
23	Skófatnaður	22.893,65	1,4	30.357,85	132,6	1,4
3	**Húsnæði, rafmagn og hiti**	**266.148,06**	**16,2**	**335.131,50**	**125,9**	**15,3**
31	Húsnæðiskostnaður	210.062,00	12,8	262.063,10	124,8	12,0
32	Rafmagns- og hitunarkostnaður	56.086,06	3,4	73.068,40	130,3	3,3
4	**Húsgögn og heimilisbúnaður**	**120.876,11**	**7,4**	**163.483,50**	**135,2**	**7,5**
41	Húsgögn, gólfteppi ofl	47.323,40	2,9	65.417,85	138,2	3,0
42	Vefnaðarmunir ofl. til heimilishalds	15.422,34	0,9	21.977,71	142,5	1,0
43	Kæliskápar og önnur rafm.búsáhöld	10.214,02	0,6	12.643,24	123,8	0,6
44	Borðbúnaður, glös, eldhúsáhöld ofl.	12.541,48	0,8	16.725,89	133,4	0,8
45	Ýmsar vörur og þjónusta til heimilishalds	18.788,89	1,1	25.587,76	136,2	1,2
46	Barnaheimilisútgjöld, húshjálp o.þ.h.	16.585,98	1,0	21.131,05	127,4	1,0
5	**Heilsuvernd**	**37.944,33**	**2,3**	**50.125,16**	**132,1**	**2,3**
51	Heilsuvernd	37.944,33	2,3	50.125,16	132,1	2,3
6	**Ferðir og flutningar**	**310.214,37**	**18,9**	**433.962,51**	**139,9**	**19,8**
61	Eigin flutningatæki	256.753,25	15,7	364.682,61	142,0	16,7
62	Reksturskost. reiðhjóls og mótorhjóls	789,52	0,0	1.124,21	142,4	0,1
63	Notkun almennra flutningstækja	25.548,99	1,6	36.061,55	141,1	1,6
64	Póstur og sími	27.122,61	1,7	32.094,14	118,3	1,5
7	**Tómstundaiðkun og menntun**	**180.816,20**	**11,0**	**243.550,83**	**134,7**	**11,1**
71	Tækjabúnaður	45.462.01	2,8	58.797,15	129,3	2,7
72	Opinberar sýningar, þjónusta ofl.	76.416,91	4,7	105.094,55	137,5	4,8
73	Bækur, blöð, tímarit ofl.	37.156,10	2,3	50.750,97	136,6	2,3
74	Skólaganga	21.781,18	1,3	28.908,16	132,7	1,3
8	**Aðrar vörur og þjónusta**	**158.575,87**	**9,7**	**217.950,31**	**137,4**	**10,0**
81	Snyrtivörur, snyrting	36.060,56	2,2	49.289,03	136,7	2,3
82	Ferðavörur, úr skartgripir ofl.	15.801,71	1,0	19.151,50	121,2	0,9
83	Veitingahúsa- og hótelþjónusta	96.122,59	5,9	135.813,96	141,3	6,2
84	Tryggingar (ekki lögbundnar) ofl.	8.784,52	0,5	11.405,92	129,8	0,5
85	Önnur þjónusta, ótalin annars staðar	1.806,49	0,1	2.289,90	126,8	0,1

		Grunnur maí 1988		Október 1989		
		Fjárhæð í kr.	Hlutfallsleg skipting %	Fjárhæð í kr.	Vísitala	Hlutfallsleg skipting %
9	Önnur útgjöld	26.517,03	1,6	34.598,10	130,5	1,6
91	Gjafir	14.187,96	0,9	19.194,89	135,3	0,9
94	Safnflokkur útgjalda (ekki til neyslu)	12.329,07	0,8	15.403,21	124,9	0,7
	Alls 0 - 9	1.638.448,10	100,0	2.190.133,98	133,7	100,0

Tafla 2. Samsetning vísitölu framfærslukostnaðar.

	Hlutfallslegt vægi í maí 1988	Fjöldi tegunda	Fjöldi verslana/ upplýsingaaðila	Fjöldi verð-mælinga
Matvörur	20,6	269	29	2.933
Drykkjarvörur og tóbak	4,4	32	14	245
Föt og skófatnaður	7,9	75	52	327
Húsnæði, rafmagn og hiti	16,2	59	7	59
Húsgögn og heimilisbúnaður	7,4	99	38	371
Heilsuvernd	2,3	34	15	60
Ferðir og flutningar	18,9	46	53	158
Tómstundaiðkun og menntun	11,0	100	64	179
Aðrar vörur og þjónusta	11,3	80	50	358
Alls	100,0	794	322	4.690

Nd. 110. Frumvarp til laga [106. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Geir H. Haarde, Birgir Ísl. Gunnarsson, Eggert Haukdal, Friðjón Þórðarson, Friðrik Sophusson, Kristinn Pétursson, Ólafur G. Einarsson, Matthías Á. Mathiesen, Matthías Bjarnason, Pálmi Jónsson, Ragnhildur Helgadóttir, Þorsteinn Pálsson.

1. gr.

83. gr. laganna, sbr. 16. gr. laga nr. 97/1988, orðast svo:

Eignarskattur manna reiknast þannig: Af fyrstu 2.500.000 kr. greiðist enginn skattur. Af eignarskattsstofni yfir 2.500.000 kr. greiðist 0,95%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sú hækkun á eignarsköttum, sem samþykkt var á síðasta Alþingi, verði afnumin og hinn almenni eignarskattur til ríkisins verði á ný í einu þrepi, 0,95%.

Ríkisstjórnin beitti sér á síðasta þingi fyrir hækkun hins almenna eignarskatts úr 0,95% í 1,2% og einnig fyrir sérstöku viðbótarskattþrepi á skattlausa eign einstaklinga yfir 7 milljónir kr. og hjóna yfir 14 milljónir kr. Eignarskattur á lögaðila var hækkaður í 1,2%. Því var skattur á einstaklinga í hærra eignarskattsþrepinu hærri en skattur á fyrirtæki. Er það nýjung í skattamálum hérlendis og athyglisvert framlag af hálfu ríkisstjórnar sem kennir sig við jafnrétti og félagshyggju.

Þessi illræmda skattahækkun kom til framkvæmda við álagningu skatta á síðasta sumri. Kom þá í ljós, svo sem spáð hafði verið, að hækkunin kom sérstaklega illa við ekkjur, ekkla, einstæða foreldra og aðra þá sem standa einir að heimilisrekstri. Í mörgum tilvikum margfaldaðist það óréttlæti sem þetta fólk mátti áður búa við. Skattahækkun þessi var í daglegu tali nefnd „ekknaskatturinn“ enda var í mörgum tilfellum um hreina árás á ekkjur og einstæðinga að ræða þótt stjórnarandstaðan hafi undir þinglok á síðasta vori náð fram tímabundinni leiðréttingu fyrir einstaklinga sem sitja í óskiptu dánarbúi.

Þetta frumvarp hefur það að markmiði að afnema ekknaskattinn og koma eignarskattinum á ný í fyrra horf. Það er svo önnur spurning, sem svara þarf sérstaklega, hvort í þeirri skipan, sem áður var, hafi verið fólgið nægilegt réttlæti gagnvart einstaklingum miðað við hjón. Um það atriði fjallar frumvarpið ekki, heldur miðar það eingöngu að því að afturkalla þá hrikalegu hækkun sem ríkisstjórnin og stuðningslið hennar á Alþingi komu fram á síðasta þingi.

Fylgiskjal I.

Dæmi um breytingu eignarskatta milli áranna 1988 og 1989 fyrir einstaklinga og hjón.

ÁLAGNING EIGNARSKATTS 1989 - EINSTAKLINGAR

SKULDLAUS EIGN		*ÁLAGNING ESK.*		*HÆKKUN ÁLAGNINGAR*	*HÆKKUN SBR. *)*
ÁRSLOK 1987	*ÁRSLOK 1988*	*VAR 1988*	*VERÐUR 1989*	*Í %*	*SKÝRINGAR*
2.000.000	2.500.000	0	0	0.0%	0.0%
2.500.000	3.125.000	4.771	7.500	57.2%	32.8%
3.000.000	3.750.000	9.521	15.000	57.7%	32.9%
4.000.000	5.000.000	19.021	30.000	57.8%	32.9%
5.000.000	6.250.000	28.521	45.000	57.8%	32.9%
6.000.000	7.500.000	38.021	67.500	77.5%	52.6%
7.000.000	8.750.000	47.521	101.250	113.1%	88.2%
8.000.000	10.000.000	57.021	135.000	136.8%	111.9%
9.000.000	11.250.000	66.521	168.750	153.7%	128.8%
10.000.000	12.500.000	76.021	202.500	166.4%	141.5%
11.000.000	13.750.000	85.521	236.250	176.2%	151.2%
12.000.000	15.000.000	95.021	270.000	184.1%	159.1%
13.000.000	16.250.000	104.521	303.750	190.6%	165.6%
14.000.000	17.500.000	114.021	337.500	196.0%	171.0%
15.000.000	18.750.000	123.521	371.250	200.6%	175.6%
16.000.000	20.000.000	133.021	405.000	204.5%	179.5%

*) *ÞESSI DÁLKUR SÝNIR ÞÁ HÆKKUN ÁLAGNINGAR EIGNARSKATTS SEM EINGÖNGU VERÐUR VEGNA SKATTSTIGABREYTINGANNA.*

Í TÖFLUNNI ER GERT RÁÐ FYRIR 25% HÆKKUN Á SKULDLAUSRI EIGN MILLI ÁRA SEM SAMSVARAR HÆKKUN FASTEIGNAMATS.

NIÐURSTAÐAN SÝNIR HÆKKUN Á ÁLÖGÐUM EIGNARSKATTI MILLI ÁLAGNINGARÁRANNA 1988 OG 1989.

SIGURÐUR TÓMASSON
LÖGG. ENDURSKOÐANDI

ÁLAGNING EIGNARSKATTS 1989 - HJÓN

SKULDLAUS EIGN ÁRSLOK 1987 - ÁRSLOK 1988	ÁLAGNING ESK. VAR 1988 - VERÐUR 1989		HÆKKUN ÁLAGNINGAR Í %	HÆKKUN SBR. *) SKÝRINGAR
2.000.000	2.500.000	0	0	0.0%	0.0%
2.500.000	3.125.000	0	0	0.0%	0.0%
3.000.000	3.750.000	0	0	0.0%	0.0%
4.000.000	5.000.000	0	0	0.0%	0.0%
5.000.000	6.250.000	9.542	15.000	57.2%	32.8%
6.000.000	7.500.000	19.043	30.000	57.5%	32.9%
7.000.000	8.750.000	28.543	45.000	57.6%	32.9%
8.000.000	10.000.000	38.043	60.000	57.7%	32.9%
9.000.000	11.250.000	47.542	75.000	57.7%	32.9%
10.000.000	12.500.000	57.043	90.000	57.8%	32.9%
11.000.000	13.750.000	66.543	105.000	57.8%	32.9%
12.000.000	15.000.000	76.043	135.000	77.5%	52.5%
13.000.000	16.250.000	85.543	168.750	97.3%	72.3%
14.000.000	17.500.000	95.043	202.500	113.1%	81.1%
15.000.000	18.750.000	104.543	236.250	126.0%	101.0%
16.000.000	20.000.000	114.043	270.000	136.8%	111.8%

*) ÞESSI DÁLKUR SÝNIR ÞÁ HÆKKUN ÁLAGNINGAR EIGNARSKATTS SEM EINGÖNGU VERÐUR VEGNA SKATTSTIGABREYTINGANNA.

Í TÖFLUNNI ER GERT RÁÐ FYRIR 25% HÆKKUN Á SKULDLAUSRI EIGN MILLI ÁRA SEM SAMSVARAR HÆKKUN FASTEIGNAMATS.

NIÐURSTAÐAN SÝNIR HÆKKUN Á ÁLÖGÐUM EIGNARSKATTI MILLI ÁLAGNINGARÁRANNA 1988 OG 1989.

SIGURÐUR TÓMASSON
LÖGG. ENDURSKOÐANDI

Fylgiskjal II.

Sigurður Tómasson,
löggiltur endurskoðandi:

Álagning eignarskatts á einstaklinga.
(Morgunblaðið 29. júní 1989.)

Umræður um eignarskattinn að undanförnu hafa orðið tilefni margra spurninga. Ein er þessi: Hvers vegna er svona mikill munur á álögðum eignarskatti hjóna annars vegar og einstaklinga hins vegar þegar um sömu eign er að ræða? Hefur þetta alltaf verið svona?

Almennt orðað svar er svona:

Álagningarreglur núgildandi skattalaga — sem hafa verið í gildi frá álagningarárinu 1980 — gera ráð fyrir mismun. Mismunurinn hefur hins vegar aldrei verið svo mikill sem nú verður við álagningu 1989.

Og þetta vil ég reyna að skýra nánar.

Samkvæmt skattalögum (= lög um tekjuskatt og eignarskatt) eru hjón sjálfstæðir skattaaðilar hvort um sig og skal þeim ákveðinn tekjuskattur og eignarskattur hvoru í sínu lagi. Einstaklingurinn er að sjálfsögðu skattlagður sem einn.

Álagning eignarskattsins fer síðan fram þannig að skuldlausri eign hjóna er skipti í 2 jafna hluta og síðan er fylgt eftirfarandi útreikningi bæði hjá hjónum (sem 2 einstaklingum) og einstaklingum:

Af fyrstu kr. 2,5 millj. af skuldlausri eign greiðist enginn skattur. Af næstu kr. 4,5 millj. af skuldlausri eign greiðist 1,2%. Af skuldlausri eign yfir kr. 7,0 millj. greiðist 2,7%.

Í lögunum eru þessar álagningarreglur orðaðar öðruvísi og sagt að af eignarskattsstofni yfir 7.000.000 greiðist að auki 1,5%. Þessi að auki 1,5% eignarskattur leggst ofan á lægra hlutfallið (1,2%) og þannig næst 2,7% af skuldlausri eign yfir 7,0 millj. kr.

Í þessum reglum verða til tvenn skattleysismörk fyrir hjón umfram einstaklinginn. Hin fyrri er að hjón geta átt 5,0 millj. króna skuldlausa eign (2 x 2,5 millj.) án þess að greiða eignarskatt en einstaklingurinn greiðir eignarskatt strax við 2,5 millj. króna markið. Í þessu felst að þegar álagning á hjón hefst við 5,0 millj. króna markið er þegar búið að leggja á einstaklinginn kr. 30.000 í eignarskatt (kr. 25.000 x 1,2%).

Síðari skattleysismörkin eru að hjón geta átt 14,0 millj. króna skuldlausa eign (2 x 7.0 millj.) án þess að greiða „að auki 1,5%" við 14,0 millj. króna markið er þegar búið að leggja á einstaklinginn kr. 105.000 vegna „að auki" eignarskatts (kr. 7.000.000 x 1,5%).

Skattleysismörkin og stigshækkunin gera það þannig að verkum að álagning eignarskatts getur orðið allt að 135.000 hærri á einstakling en hjón enda þótt um jafnháa skuldlausa eign sé að ræða.

En hver var þessi mismunur áður?

Skattleysismörk eignarskatts álagningarárið 1988 voru kr. 1.997.750. Álagningarhlutfall var 0,95%. Engin stigshækkun var þá á eignarskattinum. Mismunur álagningar gat því orðið mestur kr. 18.979 (kr. 1.997.750 x 0,95%).

Mismunur á eignarskattsálagningu einstaklings annars vegar og hjóna hins vegar hefur þannig breyst frá því að geta orðið mestur kr. 18.979 og upp í að vera mestur kr. 135.000.

Það er auðvitað fyrst og fremst þessi mismunur sem hefur orðið kveikjan að umræðunni um eignarskattinn og því viðurnefni sem eignarskatturinn fékk — „ekknaskatturinn".

Þessi breyting á skattalögunum var samþykkt á Alþingi í desember 1988. Sú lagagrein sem breytt var og veldur hækkuninni á mismun í skattlagningu eftir hjúskaparstöðu er í sinni endanlegu mynd þannig:

„Eignarskattur manna reiknast þannig: Af fyrstu 2.500.000 kr. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur. Af eignarskattsstofni yfir 2.500.000 kr. greiðist 1,2%. Af eignarskattsstofni yfir 7.000.000 kr. greiðist að auki 1,5%."

Lagagreinin felur í sér mikla hækkun eignarskatts en sýnist að öðru leyti vera það meinleysisleg að fáum dettur í hug að í henni felist það misræmi milli álagningar hjóna annars vegar og einstaklinga hins vegar sem fyrr segir frá. Breytingin sem gerð var á álagningu eignarskatts var hluti af frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Í almennum athugasemdum með frumvarpinu segir meðal annars að hækkun tekjuskatts og eignarskatts „er liður í þeirri viðleitni að ná betra jafnvægi í ríkisfjármálum á næsta ári en verið hefur að undanförnu".

Að því er varðar hjón og einstaklinga var þessu jafnvægi best náð með 900 milljón króna nettóhækkun á tekjuskatti og 5–600 milljón króna hækkun á eignarskatti. Skýringar sem fylgdu frumvarpinu voru 20 blaðsíður og þar af rúmlega 19 og hálf um tekjuskattinn en tæplega hálf blaðsíða um eignarskattinn. Tólf línuritsskreyttar síður voru um tekjuskattinn en engin um eignarskattinn. Alls konar töflur sýndu hækkun eða lækkun tekjuskatts miðað við fjölskyldustærð, atvinnu og tekjustig. Eignarskattinn og hækkunina þar þurfti alls ekkert að skýra og síst af öllu að minnast á hækkunina eftir hjúskaparstöðu. Þetta hlaut því að vera eitthvað lítið og ómerkilegt mál í augum þeirra þingmanna sem samþykktu hækkunina fyrst ekki þurfti meiri kynningu á málinu. Þannig var lagagreinin samþykkt með þeim afleiðingum sem væntanlegir álagningarseðlar munu sýna. Jafnvægi í ríkisfjármálum náðist. Það verða því um 12.350 einstaklingar sem eiga að gjalda sinn eignarskatt umfram aðra svo jafnvægið í ríkisfjármálum verði enn betra.

Ef við nú umorðum frumvarpið og þá breytingu sem misræminu veldur og setjum þetta fram á einföldu máli yrði þetta orðað þannig:

Auk þess sem eignarskattur hækkar mjög verulega hjá öllum gjaldendum er lagt til — svo enn betra jafnvægi náist í ríkisfjármálum — að álagningu verði hagað þannig að í stað þess að einstaklingar greiði mest kr. 18.979 hærra en hjón verði einstaklingum gert að greiða allt að kr. 135.000 meiri eignarskatt en hjón af skuldlausri eign sömu fjárhæðar. Þessu markmiði verði náð með því að reikna eignarskatt manna þannig: Af fyrstu 2.500.000 kr. af eignarskattsstofni . . . o.s.frv.

Hversu margir af þeim þingmönnum sem í desember 1988 samþykktu skattalagabreytinguna mundu gera það í dag ef tillagan lægi fyrir á þann hátt? Svari nú hver fyrir sig.

En hvort málið sem notað er — þingmál eða almennt mál — þá eru afleiðingarnar hinar sömu. Á næsta Alþingi hlýtur stofnunin að taka þetta mál fyrir og leiðrétta afturvirkt. Því verður tæplega trúað að það hafi verið ætlun löggjafans að standa þannig að málum um hækkun eignarskatts sem hér að framan hefur verið lýst.

Fylgiskjal III.

Geir H. Haarde:

„Ekknaskatturinn" og Ólafur Ragnar.
(Morgunblaðið 23. júní 1989.)

Fátt hefur vakið meiri athygli í þjóðmálaumræðu undanfarið en borgarafundur sá gegn eignarskattshækkunum ríkisstjórnarinnar sem haldinn var fyrir troðfullu húsi á Hótel Borg í síðustu viku. Ekki síst var það athyglisvert með hvaða hætti fjármálaráðherra, sem veit upp á sig hina mestu skömm í þessu máli, brást við. Hann hvorki kom á fundinn til að standa fyrir máli sínu né svaraði ræðumönnum að fundi loknum. Þess í stað boðaði hann til sérstaks blaðamannafundar fyrir borgarafundinn til að koma höggi á fundarboðendur, dreifa villandi upplýsingum og reyna þannig að deyfa áhrif fundarins í fjölmiðlum. Óhætt mun að fullyrða að þetta upphlaup hafi ekki orðið hinum slæma málstað ráðherrans til framdráttar.

Ráðherrann gerði m.a. mikið úr því að aðeins 25% framteljenda greiddu eignarskatt. Þessi tala er gróflega villandi. Samkvæmt upplýsingum frá í fyrra greiddu um 48 þúsund manns eignarskatt af 182 þúsund framteljendum, en í hópi framteljenda eru að sjálfsögðu tugir þúsunda unglinga í foreldrahúsum, námsmanna og fleiri aðila sem skila framtali en greiða af eðlilegum ástæðum enga skatta. Þess vegna er út í hött að tala um fjórðung framteljenda í þessu sambandi. Hlutfall starfandi fólks og fólks á eftirlaunum, sem greiðir eignarskatt, er að sjálfsögðu mun hærra. Það er aumur málstaður sem verja þarf með málflutningi af þessu tagi.

Hækkun eignarskatts greiðist á fimm mánuðum í haust.

Skatthlutföllum í eignarskatti var breytt þannig á Alþingi fyrir jólin að hið almenna skattþrep var hækkað úr 0,95% í 1,2% eða um 26% að raungildi. Þessi hækkun lendir á öllum þeim sem eignarskattinn greiða, tæplega 50 þúsund manns. Við þá hækkun bætist hækkun fasteignamats, sem var að meðaltali 28% á íbúðarhúsnæði, en sú breyting er að sjálfsögðu ekki sérstaklega á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Þá var bætt við sérstöku „stóreignaþrepi", 2,7% á eignir umfram 7 milljónir króna hjá einstaklingi en 14 milljónir króna hjá hjónum. Til viðbótar kemur síðan 0,25% álag vegna Þjóðarbókhlöðunnar á eignir umfram 4,25 milljónir króna, en þetta álag er óbreytt frá í fyrra. Hæsti eignarskattur á íbúðarhúsnæði getur því farið í 2,95%.

Þessum gríðarlegu hækkunum var að sjálfsögðu harðlega mótmælt við meðferð málsins á Alþingi og síðar. Þess var hins vegar e.t.v. ekki að vænta að almenningur gerði sér strax grein fyrir því hve miklar hækkanir hér væru á ferðinni, því eignarskatturinn er ekki lagður á fyrr en í lok júlí. Nú styttist í álagninguna og mun fólk þurfa að standa undir hækkununum með fimm greiðslum frá og með ágústmánuði. Hinn almenni borgari hefur smám saman verið að átta sig á þessu og það er ekki að undra að reiði fólks brjótist nú út og hópur ekkna hafi tekið sig saman um að mótmæla hinum gríðarlegu hækkunum á eignarsköttum. Fullyrðingar ráðherra í sjónvarpi um að hækkunin verði „þúsundkall" á mánuði að meðaltali verða geymdar þar til álagningarseðlarnir berast en gleymast ekki þessu fólki.

Eignarskatturinn hérlendis er þeirrar gerðar að hann leggst með meiri þunga á einstaklinga en hjón, þótt um jafnverðmæta eign sé að ræða. Það er vegna þess að hjón njóta fríeignamarks sem tveir einstaklingar. Þannig byrjar einstaklingur, einhleypingur, einstætt foreldri eða fráskilinn að greiða eignarskatt við 2,5 milljóna króna eign en hjón við 5 milljóna króna eign. Í þessu efni hefur verið fyrir hendi óréttlæti sem fór vaxandi eftir því sem skatthlutfallið var hækkað. Þó keyrði fyrst um þverbak við skattalagabreytingu þá sem stjórnarliðið og hluti Borgaraflokksins samþykktu á Alþingi í vetur.

Sjálfstæðisflokkurinn knúði fram tilslökun.

Í grein er ég skrifaði í Mbl. 19. janúar sl. tók ég m.a. dæmi af hjónum með 10 milljón króna eign. Af þeirri eign hefðu hjónin þurft að greiða rúmlega 51 þúsund krónur í eignarskatt og Þjóðarbókhlöðuálag á þessu ári miðað við óbreytt skattalög. Þessi hjón þurfa nú að greiða 64 þúsundir króna vegna hins hækkaða álagningarhlutfalls. Hækkunin er rúmlega 25% en hækkun fasteignamats kemur síðan til viðbótar. Falli annað hjónanna frá var svo um hnúta búið í lögunum frá því í desember að skattur á eftirlifandi maka hefði hækkað í tæplega 150 þúsundir króna, sem sagt meir en tvöfaldast við það eitt að annað hjónanna féll frá. Það er þetta sem menn hafa leyft sér að kalla „ekknaskatt", þótt það sé rétt hjá Ólafi Ragnari Grímssyni að það heiti er ekki til í lagatexta, ekki frekar en t.d. orðið „matarskattur", sem heitir að réttu lagi söluskattur á matvæli.

Fjármálaráðherra stærði sig af því á blaðamannafundi sínum að eignarskattslögunum hefði verið breytt á nýjan leik nú í vor og ekkjum og ekklum gefin 5 ára aðlögun að þeim eignarskattsstiga, sem hann fékk samþykktan á Alþingi fyrir jól. En fjármálaráðherra er hér „að verma sitt hræ við annarra eld". Það var síður en svo honum að þakka að ekkjum og ekklum sem sitja í óskiptu búi var veitt þessi aðlögun, heldur var það fyrir atbeina stjórnarandstöðunnar, ekki síst þingmanna Sjálfstæðisflokksins, sem þessi breyting var gerð.

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins höfðu þráfaldlega bent á óréttlætið í þeim lögum, sem ráðherra knúði fram fyrir jól, og sama höfðu einstakir þingmenn Kvennalista og Frjálslynda hægriflokksins einnig gert. Ragnhildur Helgadóttir og fleiri þingmenn Sjálfstæðisflokksins fluttu frumvarp á þinginu í apríl um að milda ekknaskattinn. Kristín Halldórsdóttir og fleiri þingmenn Kvennalistans, sem séð höfðu að sér í máli þessu, fluttu og frumvarp sem gekk í sömu átt. Fjármálaráðherra streittist hins vegar gegn breytingunni fram á síðasta dag. Hann féllst þó loks á þá kröfu Matthíasar Bjarnasonar í fjárhags- og viðskiptanefnd að meginefnið í frumvarpi sjálfstæðismanna yrði fellt inn í frumvarp um ráðstafanir vegna kjarasamninga, en þó þannig að ívilnunin yrði ekki ótímabundin, eins og frumvarp sjálfstæðismanna gerði ráð fyrir, heldur bundin við 5 ár. Einnig var tekið upp skilyrði um óskipt bú úr frumvarpi kvennalistakvenna.

Ekknaskatturinn er lægri en ráðherra ætlaðist til.

Það er því holur tónn í sjálfshóli ráðherra nú þegar hann hælist um yfir þessari breytingu. En hitt er rétt þessi lagabreyting, sem stjórnarandstaðan knúði fram gegn vilja ráðherra, leiðir til þess að fólk sem missti maka sína á árunum 1984–1988 fer mun skár út úr eignarskattsbreytingunum en Ólafur Ragnar Grímsson ætlaðist til. Bæði tókst að knýja fram þessa leiðréttingu nú og fyrir jólin tókst að fá mörkin í hinu svokallaða stóreignaþrepi hækkuð úr sex milljónum í sjö. Getur hver og einn séð fyrir sig hver skattþyngingin hefði orðið hefði ráðherrann fengið öllu því framgengt sem hið upphaflega frumvarp hans í desember gerði ráð fyrir.

Enginn vafi er á því að mörgum mun bregða í brún þegar þeir fá eignarskattsseðilinn sinn í hendur eftir u.þ.b. mánuð. Eflaust munu hinir sómakærari stjórnarþingmenn einnig hrökkva við þegar það rennur upp fyrir þeim hvað fjármálaráðherra plataði þá í vetur til að samþykkja. Á því er heldur enginn vafi að þessar hækkanir í nafni jafnréttis og félagshyggju munu óhjákvæmilega leiða til hækkunar á húsaleigu og gera þannig hag leigjenda enn verri en áður. Eflaust þykir stjórnarherrunum það ekki athugavert.

Hitt er ljóst að almenningi þykja aðfarir ríkisstjórnarinnar í þessu máli mjög svo athugaverðar og það hlýtur að verða forgangsverkefni nýrrar ríkisstjórnar að afmá þann minnisvarða sem fjármálaráðherra hefur reist sér í þessu máli.

P.s. Það er í samræmi við aðrar blekkingar ríkistjórnarinnar í skattamálum að hún skuli telja lögákveðna hækkun barnabóta og persónuafsláttar 1. júlí og þar með hækkun skattleysismarka sérstaka aðgerð af sinni hálfu til að „styrkja grundvöll nýgerðra kjarasamninga". Eru menn búnir að gleyma því hvernig þessi sama stjórn með fjármálaráðherra í broddi fylkingar lækkaði skattleysismörkin um síðustu áramót og hækkaði þar með skatta lágtekjufólks?

Fylgiskjal IV.

Ályktun borgarafundar sem haldinn var á Hótel Borg 13. júní sl.

Ályktun

Borgarafundur haldinn 13.júní 1989 að Hótel Borg mótmælir harðlega óréttmætri hækkun eignaskatts, sem samþykkt var á síðasta þingi.

Eins og af meðfylgjandi dæmum má sjá, koma þessar skattahækkanir sérlega illa niður á þeim hópi þjóðfélagsþegna ,sem með ráðdeild og sparnaði hafa komið sér upp þaki yfir höfuðið. Það með töldum eldri borgurum.

Er þess vænst að hæstvirt ríkisstjórn láti ekki við svo búið standa.

Dæmi 1.:

Eignir : 3-4 herb. góð íbúð 111 m2 með bílskýli og bíll

	Einstaklingur Ekkja / Ekkill		Hjón
Eignarskattsstofn	7.400.000		7.400.000
Skattfrjálst pr.einstakl. 2.500.000	2.500.000		5.000.000
	4.900.000		2.400.000
Eignarskattur 1.2 % af 4.500.000	54.000	2.400.000	28.800
Eignarskattur 2.7 % af 400.000	10.800	0	0
Þjóðarbókhl.sk. 0.25 % af 3.150.000	7.875	0	0
Samtals í eignarskatt	72.675		28.800

Dæmi 2.:

Eignir : Gamalt timburhús án bílskúrs og bíll

	Einstaklingur Ekkja / Ekkill		Hjón
Eignarskattsstofn	9.900.000		9.900.000
Skattfrjálst pr.einstakl. 2.500.000	2.500.000		5.000.000
	7.400.000		4.900.000
Eignarskattur 1.2 % af 4.500.000	54.000	4.900.000	58.800
Eignarskattur 2.7 % af 2.900.000	78.300	0	0
Þjóðarbókhl.sk. 0.25 % af 5.650.000	14.125	1.400.000	3.500
Samtals í eignarskatt	146.425		62.300

Dæmi 3.:

Eignir : Meðal einbýlishús með bílskúr 35 ára gamalt og bíll

	Einstaklingur Ekkja / Ekkill		Hjón
Eignarskattsstofn	10.790.000		10.790.000
Skattfrjálst pr.einstakl. 2.500.000	2.500.000		5.000.000
	8.290.000		5.790.000
Eignarskattur 1.2 % af 4.500.000	54.000	5.790.000	69.480
Eignarskattur 2.7 % af 3.790.000	102.330	0	0
Þjóðarbókhl.sk. 0.25 % af 6.540.000	16.350	2.290.000	5.725
Samtals í eignarskatt	172.680		75.205

Dæmi 4:

Eignir : 4-5 herb. íbúð 120 m2 með bílskúr, bíll

	Einstaklingur Ekkja / Ekkill		Hjón
Eignarskattsstofn	9.000.000		9.000.000
Skattfrjálst pr.einstakl. 2.500.000	2.500.000		5.000.000
	6.500.000		4.000.000
Eignarskattur 1.2 % af 4.500.000	54.000	4.000.000	48.000
Eignarskattur 2.7 % af 2.000.000	54.000	0	0
Þjóðarbókhl.sk. 0.25 % af 4.750.000	11.875	500.000	1.250
Samtals í eignarskatt	119.875		49.250

Dæmi 5:

Eignir : Bæjaríbúð Verkamannabústaðir 3 herb. 77 m2

	Einstaklingur Ekkja / Ekkill		Hjón
Eignarskattsstofn	3.500.000		3.500.000
Skattfrjálst pr.einstakl. 2.500.000	2.500.000		5.000.000
	1.000.000		0
Eignarskattur 1.2 % af 1.000.000	12.000	0	0
Eignarskattur 2.7 % af 0	0	0	0
Þjóðarbókhl.sk. 0.25 % af 0	0	0	0
Samtals í eignarskatt	12.000		0

Sþ. 111. Fyrirspurn [107. mál]

til forsætisráðherra um aukna valddreifingu og flutning stofnana út í héruð.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur og Guðrúnu Agnarsdóttur.

Hvernig hyggst ríkisstjórnin vinna að og ná því markmiði sínu að gerðar verði „ráðstafanir til aukinnar valddreifingar, meðal annars með því að auðvelda flutning stofnana og svæðisbundinna verkefna frá miðstjórn ríkisvaldsins út í héruð“ eins og segir í málefnasamningi hennar?

Sþ. 112. Fyrirspurn [108. mál]

til forsætisráðherra um alþjóðlega friðarviku Sameinuðu þjóðanna.

Frá Sigríði Lillý Baldursdóttur.

Á hvern hátt hefur ríkisstjórnin stuðlað að þátttöku Íslands í alþjóðlegri friðarviku Sameinuðu þjóðanna 6.–12. nóvember 1989?

Sþ. 113. Skýrsla [109. mál]

Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins.

Eins og fram kom í skýrslum Íslandsdeildarinnar til Alþingis á síðasta þingi eru á þessu ári liðin 100 ár frá stofnun sambandsins. Þessara tímamóta var minnst á afmælisþingi sem haldið var í Lundúnum 4.–9. september sl., en Bretar voru meðal frumkvöðla að stofnun sambandsins á sínum tíma. Aðrir stofnendur voru þingmenn frá Frakklandi, Ítalíu, Belgíu, Danmörku, Spáni, Ungverjalandi, Líberíu og Bandaríkjunum.

Aldamótaárið höfðu þingmenn frá níu öðrum ríkjum bæst í hópinn, þar á meðal Norðmenn og Svíar, en finnska þjóðþingið gerðist aðili árið 1906. Nú eru í sambandinu þjóðdeildir skipaðar þingmönnum frá 112 ríkjum. Á þinginu í Lundúnum var þjóðdeild Súdan vikið úr samtökunum, þar sem þingið þar hefur verið leyst upp, en á hinn bóginn var samþykkt aðild þjóðdeildar frá Líbíu.

Alþingi hóf þátttöku í starfi Alþjóðaþingmannasambandsins árið 1951, en árið áður hafði Jóhann Þ. Jósefsson alþingismaður sótt þing þess í Dyflinni sem áheyrnarfulltrúi. Hafa alþingismenn tekið þátt í starfsemi sambandsins nær óslitið síðan, en nokkuð skortir á að til séu skriflegar heimildir um þátttökuna ár hvert.

Þá hafa enn ekki verið settar sérstakar starfsreglur fyrir Íslandsdeild sambandsins eins og þó er áskilið í lögum þess. Samhliða skýrslu þessari flytur núverandi stjórn deildarinnar því sérstaka þingsályktunartillögu, þar sem gert er ráð fyrir að ráðin verði bót á þessu og deildinni settar starfsreglur eins og gert hefur verið m.a. um Íslandsdeildir Norðurlandaráðs og Vestnorræna þingmannaráðsins.

Afmælisþingið í Lundúnum.

Þingið sóttu fulltrúar frá 101 þjóðþingi og var þingið með fjölmennasta móti. Skráðir þingfulltrúar og áheyrnarfulltrúar voru 950 auk fjölda fréttamanna, stjórnarerindreka og annarra gesta.

Þar sem hér var um sérstakt hátíðarþing að ræða sátu það fleiri fulltrúar Alþingis en venja er. Af hálfu Íslandsdeildarinnar sátu þingið alþingismennirnir Geir H. Haarde, formaður deildarinnar, Geir Gunnarsson, Júlíus Sólnes, Kristín Einarsdóttir og Sighvatur Björgvinsson auk Ólafs Ólafssonar, ritara deildarinnar.

Sighvatur Björgvinsson og Geir Gunnarsson sátu í ráði sambandsins auk formanns. Einnig sótti Friðrik Ólafsson, skrifstofustjóri Alþingis, fund skrifstofustjóra þjóðþinga innan vébanda Alþjóðaþingmannasambandsins sem haldinn var á sama tíma. Greinargerð Friðriks Ólafssonar um starfsemi samtaka skrifstofustjóra þjóðþinga er fylgiskjal með þessari skýrslu.

Mikil viðhöfn einkenndi setningarathöfn þingsins sem haldin var í Westminster Hall. Elísabet II Bretadrottning setti þingið með ræðu, en viðstaddir athöfnina voru allir helstu leiðtogar bresku ríkisstjórnarinnar og stjórnarandstöðuflokkanna auk mikils fjölda gesta. Var það mál manna að þessi athöfn, sem og undirbúningur allur og skipulag þingsins, hefði verið hinum bresku gestgjöfum til mikils sóma. Margaret Thatcher, forsætisráðherra Breta, ávarpaði þingið sérstaklega.

Á meðan á þinginu stóð buðu bresku gestgjafarnir þingfulltrúum m.a. til móttöku í British Museum og á tónleika í St. Paul dómkirkjunni auk þess sem borgarstjórn Lundúna bauð til eftirminnilegs kvöldverðar í Guild Hall.

Þingforseti var kjörinn Bretinn Michael Marshall, en venja er að formaður þjóðdeildarinnar þar sem þingið fer fram gegni því starfi.

Ályktanir og atkvæðagreiðslur.

Á dagskrá þingsins voru tvö aðalumræðuefni sem ákveðin voru á þingi sambandsins í mars síðastliðnum. Annars vegar hagnýting geimsins í friðsamlegum tilgangi í þágu mannkyns alls og hins vegar fólksfjölgunar- og fæðuvandamálin í heiminum og leit að leiðum til lausnar á skuldavanda þróunarlandanna.

Á þinginu kom til athyglisverðrar atkvæðagreiðslu um hvert skyldi vera viðbótarumræðuefni þingsins. Fyrir lágu fjórar tillögur um umræðuefni. Í fyrsta lagi tillaga frá vesturþýsku þjóðdeildinni um að rætt skyldi um atburðina í Kína á síðastliðnu vori þegar friðsamleg mótmæli almennings voru brotin á bak aftur með ofbeldi. Í öðru lagi tillaga frá Spánverjum um málefni Namibíu, væntanlegar kosningar þar og möguleika þjóðþinga á að aðstoða þau stjórnvöld sem við taka eftir kosningar. Í þriðja lagi tillaga frá Tyrkjum um meðferðina á tyrkneska minni hlutanum í Búlgaríu og í fjórða lagi tillaga frá Írökum um framkvæmd vopnahlés milli Írans og Íraks og fangaskipti milli landanna.

Síðustu tvær tillögurnar voru kallaðar aftur en til atkvæðagreiðslu kom um hinar tvær. Tillaga Vestur-Þjóðverja um að taka fyrir ástandið í Kína hlaut 335 atkvæði að viðhöfðu nafnakalli, 393 voru á móti, en 509 greiddu ekki atkvæði. Íslenska sendinefndin, sem hefur níu atkvæði, studdi tillöguna og sama gerðu flestir aðrir þingmenn frá Vesturlöndum auk ýmissa annarra. Mjög mikla athygli vakti að öll atkvæði pólsku þjóðdeildarinnar, 15 talsins, féllu með tillögunni og að allir ungversku þingmennirnir sátu hjá, en þeir fóru með 13 atkvæði. Að tillögu Vestur-Þjóðverja felldri var tillaga Spánverja um að taka fyrir málefni Namibíu samþykkt samhljóða.

Að auki var ákveðið á þinginu að nota ákvæði í lögum sambandsins sem heimilar að taka fyrir aukalega eitt sérstaklega aðkallandi málefni. Samþykkti þingið að taka á dagskrá ógn þá sem réttum stjórnvöldum í Kólumbíu stafar af eiturlyfjasölum þar í landi.

Í þinglok voru samþykktar ítarlegar ályktanir um þessi málefni og náðist um þær allar góð samstaða. Geir H. Haarde flutti ræðu í umræðunum um fólksfjölgunar- og fæðuvandamálið í heiminum, en Kristín Einarsdóttir tók þátt í almennu umræðunum á þinginu. Ræddi hún mest um umhverfismál.

Kosningar í trúnaðarstörf.

Á þinginu var kjörið til fjögurra ára í tvö sæti af tólf í framkvæmdanefnd sambandsins. Frakkinn Yves Tavernier og Búlgarinn Peter Voutov tóku sæti sem áður voru skipuð Kanadamanni og Sovétmanni en kjörtímabil þeirra var útrunnið.

Þá var Kínverjinn Fu Hao kjörinn í framkvæmdanefndina í stað landa síns er látist hafði, og nýr þingmaður frá Póllandi, Janusz Onyskiewicz, tók sæti annars Pólverja sem ekki á lengur sæti á pólska þinginu. Munu þeir sitja í nefndinni út kjörtímabil forvera sinna, þ.e. til hausts 1991. Þess má geta að Onyskiewicz situr á pólska þinginu fyrir Samstöðu og hefur þegar getið sér orð innan sambandsins fyrir að eiga ekki síður samleið með vestrænum þingmönnum en fulltrúum frá kommúnistaríkjunum.

Í Lundúnum var einnig kjörinn nýr formaður í fyrstu nefnd þingsins, hinni svokölluðu pólitísku nefnd. Frambjóðandi vestrænna ríkja, Ítalinn Claudio Vitalone, sem er öldungadeildarþingmaður úr röðum kristilegra demókrata, hlaut kosningu. Í framboði gegn honum var þingmaður frá Júgóslavíu.

Starfsemi ráðsins.

a. Ráð sambandsins tók að venju afstöðu til fjölmargra mála sem framkvæmdanefndin lagði fyrir það. Ákveðið var m.a. að setja á laggirnar sérstaka milliþinganefnd til fimm ára skipaða níu þingmönnum frá jafnmörgum löndum til að fjalla um *umhverfismál*. Er nefndinni ætlað að hafa náið samstarf við þá aðila hjá Sameinuðu þjóðunum sem að þessum málum starfa.

b. Þá var ákveðið að senda þriggja manna sendinefnd á vegum sambandsins til að fylgjast með kosningunum í *Namibíu* á þessu hausti. Er nefndinni m.a. ætlað að sannreyna að kosningarnar fari löglega fram, að kjörskrár séu ekki falsaðar og að almenningur eigi frjálsan aðgang að öllum upplýsingum er varða kosningarnar. Í nefndina, sem verða mun tvær vikur í Namibíu í tengslum við kosningarnar, voru tilnefndir forseti sambandsins, Senegal-maðurinn Dauda Sow, einn breskur þingmaður og annar frá Pakistan.

c. Undanfarin missiri hefur sérstök þriggja manna nefnd á vegum ráðsins kynnt sér sérstaklega *málefni Miðausturlanda* með tilliti til þess með hvaða hætti sambandið gæti beitt sér fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um frið í þessum heimshluta. Framhaldsskýrsla þessarar nefndar lá fyrir ráðinu á fundi þess í Lundúnum og var ákveðið að nefndin héldi áfram störfum.

Fyrir ráðinu lá tillaga, sem samþykkt var á síðasta þingi, þess efnis að komið yrði á fót vinnuhópi með fulltrúum frá Ísraelsmönnum, Palestínumönnum og fleiri aðilum til að fjalla um ástandið á vesturbakka Jórdanar og á Gaza-svæðinu. Einnig lá fyrir samþykkt frá síðasta þingi um að send yrði nefnd á þessi svæði til að afla upplýsinga um ástand mála. Ísraelska sendinefndin neitaði sem fyrr allri aðild að vinnuhópnum og upplýsti að stjórnvöld í Ísrael mundu ekki veita nefnd frá sambandinu, sem kæmi þessara erinda, leyfi til ferða um land sitt eða aðra fyrirgreiðslu. Vegna þessarar afstöðu taldi ráðið ljóst að það gæti ekki hrundið í framkvæmd ákvörðunum síðasta þings um þessi efni, en fól nefndinni um málefni Miðausturlanda framhald málsins.

d. Ráðinu var að venju gerð grein fyrir vinnu á vegum sambandsins að *mannréttindamálum þingmanna*. Upplýst var að fyrir atbeina fastanefndar sambandsins um mannréttindamál þingmanna hefði sjö fyrrverandi þingmönnum í Malasíu og einum í Indónesíu, sem setið hefðu í haldi án dóms og laga, verið sleppt. Ályktað var um mál fjórtán annarra þingmanna og fyrrverandi þingmanna sem talið er að hafi verið sviptir mannréttindum í Chile, Kólumbíu, Gíneu-Bissá, Hondúras, Súdan og Tyrklandi. Eftir að þinginu lauk hafa borist fregnir af því að tveir fyrrverandi þingmenn í Gíneu-Bissá hafi verið látnir lausir úr haldi.

e. Að tillögu Ástralíumanna samþykkti ráðið ályktun þar sem því var beint til einstakra þjóðþinga að setja á laggirnar *nefndir þingmanna um mannréttindamál* sem beittu sér m.a. fyrir því að samviskufóngum yrði sleppt úr haldi og fyrir réttaröryggi pólitískra fanga í heiminum. Tillaga Tékkóslóvakíu um að fresta afgreiðslu þessarar ályktunar var felld með 85 atkvæðum gegn 53 en 13 sátu hjá. Í ráðinu hefur hver sendinefnd tvö atkvæði og fóru Geir H. Haarde og Geir Gunnarsson með atkvæði Íslands í þessari atkvæðagreiðslu og greiddu báðir atkvæði gegn tillögu Tékka og síðan með tillögu Ástralíumanna.

f. Á vegum ráðsins er nú unnið að endurskoðun á *lögum Alþjóðaþingmannasambandsins* og er gert ráð fyrir að henni verði lokið fyrir næsta þing þess.

Önnur fundarhöld á þinginu.

Samkvæmt venju var á þinginu haldinn fundur fulltrúa þeirra ríkja sem aðild eiga að Helsinki-sáttmálanum og ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu, hinna svokölluðu RÖSE-landa. Þingmenn frá þessum löndum hafa hist reglulega undanfarin ár innan vébanda Alþjóðaþingmannasambandsins og rætt framgang mála í RÖSE-viðræðunum.

Slík ráðstefna var síðast haldin í Bonn vorið 1986 og var þá afráðið að næsta ráðstefna yrði í Búkarest í maí 1989. Vegna ástandsins í Rúmeníu hafa vestræn ríki hins vegar lagst gegn því að hún verði haldin þar í landi og í staðinn mælt með Genf sem fundarstað. Ekki náðist samkomulag um þetta á þinginu í Lundúnum frekar en áður og meðan ekki næst allsherjarsamkomulag um fundarstað og fundartíma verður ekkert af þessari ráðstefnu.

Áður en þingið hófst var að venju haldinn sérstakur samráðsfundur kvenna í hópi þingfulltrúa og sótti Kristín Einarsdóttir þann fund. Á þinginu var einnig haldinn sérstakur óformlegur fundur um málefni aldraðra eins og verið hefur á nokkrum undanförnum þingum. Þá var í þetta sinn enn fremur haldinn óformlegur fundur um málefni fatlaðra.

Samstarf þingmanna frá Vesturlöndum.

Eins og endranær var á þinginu náið samstarf milli þingmanna frá vestrænum ríkjum innan hins svokallaða Tólf plús hóps. Í hópnum bar hins vegar mjög á deilum milli Kípurmanna og Tyrkja vegna ástandsins á Kípur, en næsta þing sambandsins verður í Nikósíu að vori. Hafa Tyrkir lýst því yfir að þeir sjái sér ekki fært að koma til þings þar. Var ákveðið gegn vilja Tyrkja að á vegum Tólf hópsins skyldi taka til starfa nefnd þriggja þingmanna til að kynna sér sérstaklega málefni Kípur. Hins vegar var að ósk Tyrkja samþykkt í hópnum yfirlýsing sem dreift var á þinginu um málefni tyrkneska minni hlutans í Búlgaríu og aðgerðir þarlendra stjórnvalda gegn minnihlutahópum.

Portúgal hefur verið í forsæti í Tólf plús hópnum undanfarið ár en Svíar taka nú við og fara með formennskuna næsta árið.

Þingmenn frá Norðurlöndum héldu sérstakan samráðsfund á þinginu en formenn Norðurlandadeildanna hittust að venju fyrir þingið og réðu ráðum sínum. Sá fundur var haldinn í Ósló 25. ágúst. Norðmenn láta nú af formennsku í norræna hópnum og við taka Finnar, en að ári kemur röðin að íslensku deildinni að stýra þessu samstarfi.

Starfsemi Alþjóðaþingmannasambandsins á næstunni og þátttaka Íslandsdeildarinnar.

Í nóvember næstkomandi verður í Genf ráðstefna um þátttöku kvenna í stjórnmálum sem áður var ráðgert að yrði á Spáni. Skipt var um fundarstað vegna kosninga á Spáni. Ekki hefur verið gert ráð fyrir þátttöku af hálfu Íslandsdeildarinnar í þessari ráðstefnu.

Næsta reglulega þing sambandsins verður í Nikósíu á Kípur í byrjun apríl næstkomandi. Óráðið er hvar haustþingið 1990 verður haldið þar sem ekki verður af þinghaldi í Malasíu eins og fyrirhugað var um tíma.

Í maí að vori halda samtökin ráðstefnu um afvopnunarmál í Bonn og gert er ráð fyrir ráðstefnu gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnunni í Harare í Simbabve í lok árs 1990. Þá hafa Sovétmenn boðað að þeir muni bjóða til sérstakrar ráðstefnu þingmanna um afvopnunarmál á næsta ári og kom sovéski sendiherrann í Reykjavík því á framfæri við fulltrúa deildarinnar í byrjun október.

Þátttaka af hálfu Íslandsdeildarinnar í starfi sambandsins á næsta ári ræðst að sjálfsögðu algerlega af fjárveitingum Alþingis til starfseminnar. Fjárveiting þessa árs var 2.585 þús. kr., en tilmæli bárust frá forsetum Alþingis um að reynt yrði að lækka útgjöld deildarinnar um sem næst 150 þús. kr. Allt bendir til þess að það muni takast og að útgjöldin verði innan þessa ramma.

Í upphafi árs 1991 verður haldin svæðisbundin ráðstefna í Bangkok um efnahagssamvinnu Asíulanda og vonast er til að reglulegt þing sambandsins verði í Brasilíu vorið 1991. Þá er ákveðið að haustþingið 1992 verði í Madrid.

Skrifstofa Alþjóðaþingmannasambandsins hefur grennslast fyrir um það hvort til greina geti komið að þing á vegum sambandsins verði haldið hér á landi. Stjórn Íslandsdeildarinnar er þeirrar skoðunar að stefna beri að því að bjóða til þings hérlendis einhvern tíma á næstu árum, en ljóst er að slíkt er bæði kostnaðarsamt og þarf langan undirbúning.

Alþingi, 1. nóvember 1989.

Geir H. Haarde. Geir Gunnarsson. Kristín Einarsdóttir.

Sighvatur Björgvinsson. Ólafur Ólafsson, ritari.

Fylgiskjal.

Friðrik Ólafsson,
skrifstofustjóri Alþingis:

SAMTÖK SKRIFSTOFUSTJÓRA ÞJÓÐÞINGA (ASGP) 50 ÁRA

Þegar þingmenn koma saman á alþjóðaráðstefnum til að ræða heimsmálin og takast á við vandamál líðandi stundar nota embættismenn þjóðþinganna gjarnan tækifærið til að hittast og skiptast á upplýsingum um allt hvaðeina er lýtur að skipulagi þinganna og starfsháttum. Þannig er þessu farið á fundum Alþjóðaþingmannasambandsins (Inter Parliamentary Union, IPU) sem haldnir eru tvisvar á ári, á vorin og haustin. Þá hittast um leið skrifstofustjórar þjóðþinganna til að miðla hver öðrum af reynslu sinni og þekkingu. Stjórnkerfi ríkja eru að vísu af margvíslegum og ólíkum toga spunnin en starfshættir og skipulag þjóðþinganna leiða engu að síður í ljós ýmsar áþekkar þarfir, t.d. að því er varðar fundarsköp, starfslið og aðstoðarfólk, bókasöfn, skjalavörslu, útgáfu þingskjala o.s.frv. Það eru þessi viðfangsefni sem Alþjóðasamtök skrifstofustjóra þjóðþinga (Association of Secretaries General of Parliaments, ASGP) láta sig varða á fundum sínum innan vébanda IPU.

Að stofnun samtakanna í Ósló hinn 16. ágúst 1939 stóðu skrifstofustjórar þjóðþinganna í Belgíu, Danmörku, Eistlandi, Finnlandi, Frakklandi, Bretlandi, Japan, Hollandi, Noregi, Póllandi, Sviþjóð, Tyrklandi, og Bandaríkjum N-Ameríku. Núna, fimmtíu árum síðar, hefur aðildarlöndunum fjölgað í 89 og auk þess eiga þar sæti fulltrúar frá þingum fimm alþjóðlegra stofnana.

Þar sem þjóðþing sumra landa starfa í tveimur deildum getur verið um tvöfalda þátttöku að ræða, þ.e. skrifstofustjóri hvorrar deildar fyrir sig á aðild að ASGP og rétt til að taka þátt í starfsemi samtakanna. Samkvæmt þessu eiga nú aðild að ASGP samtals 116 fulltrúar.

Samkvæmt reglum ASGP eiga þjóðþingin rétt á að senda tvo æðstu embættismennina á fundi samtakanna, venjulega skrifstofustjóra og varaskrifstofustjóra þingsins. Auk þess eiga rétt til setu á fundunum 40 heiðursfélagar sem hlotnast hefur sú viðurkenning fyrir vel unnin störf í þágu samtakanna. Alls gætu því þátttakendur á fundi ASGP orðið 210 talsins.

Tilgangur og hlutverk samtaka skrifstofustjóra þjóðþinga.

Í VII. kafla laga Alþjóðaþingmannasambandsins segir svo, m.a. um Samtök skrifstofustjóra þjóðþinga (26. gr.):

„Samtök skrifstofustjóra þjóðþinga eru ráðgefandi deild innan Alþjóðaþingmannasambandsins.

Samtökin vinna að sambærilegum viðfangsefnum og þær stofnanir Alþjóðaþingmannasambandsins sem rannsaka starfsemi þjóðþinga. Undirbúningur og vinna að verkefnum skal fara fram með samráði og í náinni samvinnu þessara aðila.

Samtök skrifstofustjóra hafa sjálfstæða stjórn, en fjárhagsáætlun þeirra skal vera hluti af fjárhagsáætlun Alþjóðaþingmannasambandsins og reglur, sem þau setja sér, skulu samþykktar af ráði Alþjóðaþingmannasambandsins."

Í lögum Samtaka skrifstofustjóra þjóðþinga, sem að stofni til eru frá 1971, segir m.a. svo um tilgang og hlutverk samtakanna:

að stuðla að persónulegum kynnum embættismanna þinganna,
að rannsaka lög og reglur er varða starfshætti þinga og fundarsköp,
að leggja fram tillögur sem stuðlað gætu að bættum vinnubrögðum þjóðþinga,
að tryggja góða samvinnu milli skrifstofa þinganna. (1. gr. samþykkta ASGP).

Sérhver embættismaður, sem er félagi í samtökunum, skal láta í té upplýsingar um þingið sem hann starfar við þegar þess er farið á leit við hann af öðrum félaga í samtökunum, t.d. vegna fræðilegra rannsóknarverkefna á vegum ASGP. Hann skal láta í té upplýsingar um lög, fundarsköp, starfsreglur og venjur, ennfremur um skipulagmál þingsins og skrifstofu þess. (2. gr. samþykkta ASGP).

Fundir ASGP eru yfirleitt vel sóttir en að sjálfsögðu ber það stundum við að annir heima fyrir komi í veg fyrir þátttöku. Þegar samtökin halda fundi sína eru þátttakendur venjulega 60–70. Fyrsta málið á dagskrá er að öllu jöfnu kynning á skipulagi og starfsháttum þingsins í því landi þar sem fundurinn fer fram en síðan taka við venjubundnir liðir samkvæmt áður samþykktri dagskrá.

Starfsemi samtakanna.

Áþreifanlegasti afraksturinn af starfsemi samtakanna er fólginn í útgáfu fræðilegra greinagerða eða skýrslna (rapport) um skipulagsmál og starfshætti þjóðþinga. Frá því um 1960 hafa verið gefnar út 56 skýrslur af þessi tagi sem hafa að geyma gífurlegan fróðleik fyrir þá sem hafa með höndum rekstur og stjórnunarstörf í þjóðþingum (sjá yfirlit í viðauka II). Af handahófi mætti nefna skýrslur sem samdar hafa verið um tilhögun atkvæðagreiðslna í þjóðþingum, um friðhelgi og réttindi þingmanna, um samanburð á aðferðum við lagasetningu og um fjárhagsleg tengsl þingmanna.

Undirbúningur og vinna við slíka skýrslugerð tekur að jafnaði um tvö ár. Sá sem á frumkvæðið að slíku verkefni (rapporteur) er beðinn um að gera tillögu að spurningalista sem sendur er öllum skrifstofustjórum eftir að hann hefur verið ræddur og samþykktur á fundi samtakanna. Á grundvelli svaranna sem berast útbýr „verkefnisstjórinn" svo frumdrög að skýrslu sem lögð eru fram á næsta fundi. Vegna ólíkra stjórnarhátta getur það borið við að

viðfangsefnin eigi ekki alltaf erindi til allra þjóðþinga í samtökunum en venjulega koma þó svör frá a.m.k. helmingi þeirra. Á fundinum eru frumdrög skýrslunnar svo rædd í heild og afstaða tekin til athugasemda sem fram koma. Á næsta fundi samtakanna er skýrslan svo rædd lið fyrir lið áður en hún hlýtur endanlegt samþykki.

Að því loknu er skýrslan birt í heild sinni í málgagni samtakanna, „Constitutional and Parliamentary Information". Þessar skýrslur eru árangur viðamikilla samanburðarrannsókna á ýmsum þáttum í starfsemi þinga um víða veröld og ekki rýrir það gildi þeirra að efniviðurinn í þær er oft lagður til af færustu sérfræðingum heims á þessu sviði.

Skýrslugerð sem þessi krefst bæði mikils tíma og fyrirhafnar. Af þeirri ástæðu er stundum hafður sá háttur á, þegar viðfangsefnið þykir ekki veigamikið, að láta nægja umræðu um það á einum fundi (topical discussion). Á dagskrá hvers fundar er að jafnaði að finna þrjú til fjögur mál af þessu tagi. Venjulega er aðdragandinn sá að tillaga hefur komið fram um ákveðið viðfangsefni á fundinum næst á undan og ákveðið að láta eina umræðu um það nægja. Sá sem átti uppástunguna semur stuttorða kynningu á viðfangsefninu sem hann sendir félögum sínum í samtökunum, svo að þeir geti komið undirbúnir til umræðunnar. Af viðfangsefnum, sem nýlega hafa verið til umræðu, má t.d. nefna takmörkun á ræðutíma, tilhögun við kjör þingforseta, aðgang almennings að fundum þingnefnda o.fl. Útdráttur úr slíkum umræðunum er síðan birtur í málgagni samtakanna sem áður er nefnt. Stundum ber það þó við að umræðurnar leiða í ljós svo mikinn áhuga á viðfangsefninu að ákveðið er að vanda betur til verksins og láta gera skýrslu um málið.

Hér hefur verið lýst tveimur meginþáttunum í starfsemi samtakanna. Eins og áður segir hefjast fundirnir sjálfir jafnan á því að skrifstofustjóri þingsins í því landi þar sem fundurinn er haldinn gefur greinargóða lýsingu á skipulagi þingsins og starfsháttum. Í framhaldi af því er venjulega farið í heimsókn í þinghúsið þar sem nánari upplýsingar eru veittar og fyrirspurnum svarað. Þar sem fundir samtakanna eru haldnir tvisvar á ári og þeim dreift á aðildarlöndin gefst félögunum kjörið tækifæri til að öðlast innsýn í starfsemi fjölmargra þjóðþinga. Á tveimur síðastliðnum árum hefur þeim þannig gefist kostur á að heimsækja og fræðast um þingin í Guatemala, Thailandi, Búlgaríu og Ungverjalandi, allt þjóðþing ólíkrar gerðar og uppruna. Og nú í vor, á 50 ára afmælisfundi samtakanna í London, fengu menn að kynnast innviðum þingsins í Westminster og fór vel á því vegna þess að það hefur verið nefnt móðir allra þjóðþinga heims, þótt við á Alþingi kunnum að hafa aðrar skoðanir á þeirri nafngift.

Hver er svo gagnsemin af starfsemi samtakanna? Hún er margvísleg. Það gefur t.d. auga leið að fyrir nýstofnuð þing eða þing þjóða, sem nýlega hafa fengið sjálfstæði, er þátttaka í starfsemi samtakanna og þeirri faglegu umfjöllun, sem þar á sér stað, mjög gagnleg. Þau eru að reyna að koma skipulagi á eigin starfsemi og sú innsýn í reynslu og þekkingu annarra þjóðþinga, sem þau verða aðnjótandi, hlýtur að auðvelda þeim verkefnið.

Fyrir gamalgróin þjóðþing, sem telja orðið tímabært að endurskoða fundarsköp sín eða taka upp nýja tilhögun í rekstri, er það óumdeilanlegt hagræði að geta kynnt sér hvernig önnur þjóðþing hafa tekið á slíkum málum og hver reynsla þeirra hefur orðið. En fyrst og fremst eru samtökin vettvangur fyrir æðstu embættismenn þinganna þar sem þeir geta rætt óformlega margvísleg áhugamál sín og leitað álits félaga sinna á vandamálum sem á vegi þeirra hafa orðið. Stundum ber það við að skrifstofustjóri, sem þarf að fá úrlausn á ákveðnu vandamáli, sendir félögum sínum í samtökunum spurningalista með þremur til fjórum spurningum til að fá upplýsingar um það hvernig tekið er á tilteknum atriðum hjá öðrum þjóðþingum. En fljótlegasta leiðin er að sjálfsögðu sú, ef um tiltölulega einfalt atriði er að tefla, að skrifstofustjórinn hringir í nokkra félaga sína til að afla sér upplýsinga um málið og er þessi hátturinn tíðast hafður á.

Eins og hjá IPU fara umræður fram á ensku og frönsku, eða eru þýddar á þau mál, og sama máli gegnir um öll skjöl sem út eru gefin á vegum samtakanna.

Stjórn samtakanna.

Stjórn samtakanna skipa forseti, tveir varaforsetar, og sex fulltrúar úr framkvæmdanefnd samtakanna.

Stjórnarmenn eru nú kosnir til þriggja ára í senn, eða sem svarar til sex funda. Ekki verða þeir endurkjörnir í sama embætti þegar kjörtímabilinu lýkur. Í framkvæmdanefndina eru að jafnaði valdir þeir sem mæta vel á fundi samtakanna og taka virkan þátt í starfsemi þeirra. Núverandi forseti samtakanna er Christodoulos Hadjioannau, skrifstofustjóri þingsins í Nikosíu á Kípur, sem kjörinn var á fundi samtakanna í London nú í september.

Aðalskrifstofa samtakanna er í Genf og hafa embættismenn frá þingunum í Englandi og Frakklandi yfirumsjón með starfsemi hennar. Þeir sjá jafnframt um að undirbúa alla fundi á vegum samtakanna.

Málgagn samtakanna.

Málgagn samtakanna, „Constitutional and Parliamentary Information", kom út ársfjórðungslega fram til 1989, en mun framvegis koma út tvisvar á ári. Í því eru birtar allar skýrslur, sem gerðar eru á vegum samtakanna, útdrættir úr umræðum (topical discussions) og sitthvað fleira sem varðar starfsemi samtakanna. Þar eru jafnframt birtar stjórnarskrár allra ríkja heims. Þegar ný stjórnarskrá er sett eða breytingar gerðar á gildandi stjórnarskrá er venjan sú að skrifstofustjóri viðkomandi þings sjái til þess að hin nýja stjórnarskrá eða stjórnarskrárbreytingar berist málgagni samtakanna til birtingar. Málgagninu er dreift til allra þinga í heiminum auk þess sem fjölmargir háskólar og bókasöfn eru áskrifendur að því. Ákveðið hefur verið að gera útgáfu blaðsins vandaðri á komandi árum.

Afmælisfundurinn í London 1989.

Mjög var vandað til fundarins í London vegna 100 ára afmælis Alþjóðaþingmannasambandsins og margt gert til hátíðabrigða af því tilefni. Ráðstefnan var sett í Westminster Hall að viðstöddum bresku konungshjónunum og öðru fyrirfólki, þar á meðal Margaret Thatcher forsætisráðherra Breta sem síðar ávarpaði fundinn. Öll var skipulagning og framkvæmd fundarins Englendingum til mikils sóma, enda greinilegt að þeir spöruðu ekkert til að gera hana sem eftirminnilegasta og glæsilegasta. Einn þátturinn í ráðstefnuhaldinu var fimmtíu ára afmælisfundur Samtaka skrifstofustjóra þjóðþinga og verður hér á eftir lýst því markverðasta sem þar gerðist:

Fundur Samtaka skrifstofustjóra þjóðþinga í London 1989.

Fundurinn var vel sóttur eins og vænta mátti og voru þátttakendur alls 104 frá 63 þjóðþingum. Fyrsti liður á dagskrá var að venju kynning á skipulagi og starfsháttum breska þingsins og önnuðust hana skrifstofustjóri lávarðadeildarinnar (the Clerk of the Parliaments), Sir John Sainty, og skrifstofustjóri neðri deildarinnar (the Clerk of the House of Commons), Clifford Boulton. Að kynningu lokinni var haldið til Westminster þar sem boðið var upp á skoðunarferð um þinghúsið og var afar lærdómdríkt að kynnast innviðum þessarar fornfrægu stofnunar. Nánast hvert fótmál þar býr yfir sögu merkilegra atburða og aldagamalla hefða. Þessari eftirminnilegu heimsókn í þinghúsið lauk með veglegri móttöku í boði forseta neðri deildarinnar, Weatherill.

Viðauki I.

Helstu mál á dagskrá fundarins í London.

1. *Umræða um fjárhagsáætlanir þjóðþinga.* Frummælandi Samuel Jacobsson, skrifstofustjóri ísraelska þingsins (Knesset). (Topical discussion on the Parliamentary Budget).

Eitt áhugaverðasta umræðuefnið á fundinum í ljósi framkvæmdarinnar hér á landi.

Forsaga málsins var sú að forseti þingsins í Ísrael hafði orðið fyrir þeirri „óvenjulegu reynslu" á síðastliðnu ári að fjárlagadeild fjármálaráðuneytisins hafði lagt fyrir hann að lækka niðurstöðutölur fjárhagsáætlunar þingsins í samræmi við sparnaðaráform ríkisstjórnarinnar. Þar sem þetta hafði ekki áður átt sér stað í Ísrael áður vildi Jacobson gjarnan fá að vita hvernig tekið væri á þessum málum hjá öðrum þjóðþingum og hvort slík atvik ættu sér yfirleitt stað.

Í Ísrael er ferill fjárhagsáætlunarinnar sá að forseti þingsins leggur áætlunardrög fyrir „hússtjórnarnefndina" (House management committee) sem samþykkir áætlunina í endanlegri gerð og sendir hana fjármálaráðuneytinu til formlegrar meðferðar. Þannig hagaði til að ísraelska ríkisstjórnin ákvað að framkvæma flatan niðurskurð á útgjöldum ríkisins. Þetta leiddi til þrýstings á opinberar stofnanir að fækka í starfsliði sínu. Hjá þinginu vakti þetta spurningu um viðbrögð. Átti þingforsetinn að virða niðurskurðinn að vettugi og sjá til þess að þingið hefði á að skipa nægum mannafla? Gat embættismaður hins opinbera lagt fyrir þingið að hlíta slíkum fyrirmælum?

Lög og stjórnskipunarhefðir virðast ekki veita neinar vísbendingar í þessum efnum, en ráðherrarnir hljóta að eiga undir þingið að sækja fremur en þingið undir þá. Á forseti þingsins, þegar hann undirbýr fjárhagsáætlunina, að hlíta niðurskurði ríkisstjórnarinnar?

Framvindan varð þessi:

Eftir að fjárlagafrumvarpið var lagt fram var fjárhagsáætlun Knessets vísað til meðferðar hjá sérnefnd sem skipuð var fimm mönnum úr „hússtjórnarnefndinni" og jafnmörgum úr fjárveitinganefndinni. Lyktirnar urðu þær að Knesset fékk þá fjárveitingu sem upprunalega var gert ráð fyrir.

Í umræðunum sem spunnust af framsöguræðu Jacobsons virtist það vera samdóma niðurstaða að óeðlilegt væri að framkvæmdarvaldið hefði afskipti af fjárhagsáætlun þjóðþingsins með þessum hætti. Það gæti þó skipt máli í þessu sambandi hvaða viðfangsefni heyrðu undir fjárhagsáætlunina. Nokkur dæmi:

Í Danmörku er það „hústjórnarnefndin" (husholdningsudvalget) sem undirbýr og gengur frá fjárhagsáætlun þingsins áður en hún er send fjármálaráðuneytinu til formlegrar meðferðar. Ekki er hróflað við áætluninni frá því að „hússtjórnarnefndin" hefur samþykkt hana og þar til hún er orðin að lögum, ekki einu sinni í fjárveitinganefnd þingsins.

Í Kanada hreyfir ríkisstjórnin yfirleitt engum athugasemdum við fjárhagsáætlun þingsins. Slík afskipti gætu verið túlkuð sem óvirðing við þingið.

Í Frakklandi gæti það orðið meiri háttar hneyksli ef ríkisstjórnin færi að skipta sér af fjárhagsáætlun þingsins, svo fremi sem hún er byggð á raunhæfum og traustum forsendum. Franski skrifstofustjórinn taldi þó að samsetning fjárhagsáætlunarinnar gæti skipt máli í þessu sambandi þar sem viss viðfangsefni gætu eðli máls samkvæmt gefið tilefni til íhlutunar ríkisstjórnarinnar.

Í Ísrael eru helstu viðfangsefnin (útgjaldaliðirnir) í fjárhagsáætluninni þessi samkvæmt upplýsingum Jacobsons:

Laun og starfskostnaður þingmanna.
Rekstrarkostnaður og viðhald fasteigna.
Útgáfa og prentun.
Öryggisvarsla.
Laun starfsfólks.

Í Englandi er svipaða sögu að segja hvað varðar samsetningu fjárhagsáætlunarinnar. Sum viðfangsefni eru þess eðlis að þau fela í sér óbeina íhlutun ríkisstjórnarinnar. Þannig er þessu t.d. farið með áætlanir um launakjör starfsmanna þingsins sem taka mið af stefnu ríkisstjórnarinnar í kjarasamningum við opinbera starfsmenn (þetta á einnig við hér á landi). Þingið ákvarðar laun þingmanna, en þau eru reyndar miðuð við ákveðinn launaflokk embættismanna hjá ríkinu og breytast sjálfkrafa ef þar verða breytingar á. Um laun þingmanna sem embættum gegna fyrir þingið er tekin sérstök ákvörðun á þingfundi með atkvæðagreiðslu. Segja má því að ákvörðunarvald um laun þingmanna sé algerlega í höndum þingsins sjálfs.

Rekstur og viðhald þingbygginga og annars húsakosts þingsins er ekki liður í fjárhagsáætlum þess. Það verkefni heyrir undir framkvæmdarvaldið. Hins vegar heyrir útgáfu- og prentkostnaður undir þingið. Það teldist til mikilla tíðinda ef breska ríkisstjórnin færi að skipta sér af fjárhagsáætlun þingsins.

Það kom fram í þessum umræðum að hlutur þjóðþinga í ríkisútgjöldum um heim allan hefur verið stöðugt og mjög lágt hlutfall, eða um og yfir 1%.

2. *Drög að skýrslu um upplýsingavæðingu þjóðþinga.* Samin af Helge Hjortdal, skrifstofustjóra danska þingsins (Folketinget). (Draft Report on Information Technology in Parliaments).

Í framsögu Helge Hjortdals og umræðum um skýrslu hans kom fram margt athyglisvert og verður hér drepið á það helsta:

Af skýrslu, sem kom út á vegum IPU 1984, virðist mega ráða að þá hafi 21 þjóðþing verið búið að taka tölvutæknina í sína þjónustu í meiri eða minna mæli, en 18 þjóðþing voru með slíkar ráðagerðir á prjónunum.

a. Svo er að sjá sem tölvuvæðing þjóðþinga hafi almennt hafist rétt fyrir og um 1980 en tiltölulega fá þing bættust í hópinn á fyrri hluta þessa áratugar.
b. Í þjóðþingum, sem starfa í tveimur deildum, hefur gætt tilhneigingar til að starfrækja tvö aðskilin tölvukerfi, eitt í hvorri deild. Þó eru kerfin hjá mörgum þingum starfrækt sem ein heild.
c. Það færist mjög í vöxt að setja upp nettengd kerfi og leggja þau af sem byggjast á einmenningstölvum.
d. Flest þjóðþing nota tölvur fyrst og fremst til ritvinnslu og leitar í eigin gagnabönkum eða öðrum. Einnig eru þær mikið notaðar til flutnings texta í prentsmiðju og fyrir boðsendingar innan húss (electronic mail).
e. Flest þjóðþing virðast hafa einhvern aðgang að gagnabönkum ríkisstofnana, en á hinn bóginn virðast ríkisstofnanir hafa lítinn aðgang að gagnabönkum þjóðþinga. Þetta mun stafa af því að fá þjóðþing hafa enn sem komið er tekið í notkun eigin upplýsingakerfi. Í nokkrum löndum hefur almenningur aðgang að margháttuðum upplýsingum um starfsemi þinganna í tölvukerfum þeirra og eru notaðir til þess „video"-skjáir.
f. Í mörgum löndum virðist gæta tilhneigingar í þá átt að ritarar eða aðstoðarmenn, fremur en þingmennirnir sjálfir, færi sér tölvutæknina í nyt. Í nokkrum löndum nota þingmenn þó tölvurnar mikið og líklegt má telja að notkun þingmanna á tölvum aukist þegar tímar líða fram. Það er mjög misjafnt eftir löndum hversu margir þingmenn hafa tölvur til ráðstöfunar. Raunar gegnir sama máli um starfsfólk þjóðþinga.
g. Yfirleitt er þannig staðið að málum þegar þjóðþing ákveða að taka tölvutæknina í sína þjónustu að leitað er til ráðgjafarstofnunar um aðstoð við undirbúninginn.
h. Tölvuvæðingin hefur yfirleitt í för með sér breytingar á skipulagi og starfsháttum þjóðþinga. Oftast hefur þörfin á slíkum breytingum verið séð fyrir þegar unnið var að undirbúningi tölvuvæðingarinnar þannig að sjaldnast hefur þurft að sinna því verkefni sérstaklega síðar. Reynslan hefur sýnt að á fyrstu árum tölvuvæðingarinnar er sjaldnast um fækkun í starfsliði að ræða, e.t.v. fremur hið gagnstæða.

i. Það er alveg ljóst að tölvuvæðingin felur í sér kröfur um meiri og betri þjónustu og þegar er nefnt að hún hefur yfirleitt ekki í för með sér fækkun í starfsliði. Ekki er heldur neinn sparnaður merkjanlegur vegna þess að kaup og viðhald tækjabúnaðar, auk kennslu fyrir notendurna, gleypir yfirleitt þann sparnað sem ætla má að endurskipulagningin hafi haft í för með sér.
j. Mörg þjóðþing hafa haft nána samvinnu í þessum efnum og miðlað hvert öðru af reynslu sinni og þekkingu. T.d. má nefna að Norðurlandaþingin fylgjast vel með þróun tölvumála hvert hjá öðru og koma árlega saman á fundum af því tilefni.

Í umræðunum, sem fylgdu í kjölfar framsögunnar, komu fram ýmsar fróðlegar upplýsingar frá þjóðþingum sem lengst eru komin í tölvuvæðingunni:

Bretland. Mikil bjartsýni var ríkjandi við upphaf tölvuvæðingarinnar og líklega farið of geyst í sakirnar. Smám saman hafa menn farið að líta á málin af meira raunsæi vegna hins mikla kostnaðar. Nú er sérhver ákvörðun tekin eftir vandlegan undirbúning og nákvæma könnum til að tryggja sem best að ekkert fari úrskeiðis hvorki í fjárhagslegu né tæknilegu tilliti.

Bandaríkin.

a. Tölvuvæðing hófst í bandaríska þinginu um 1960.
b. Tölvur hafa ekki leyst starfsfólk af hólmi. Þvert á móti hefur því fremur fjölgað.
c. Mestallt starfslið þingsins er ungt að árum og þess vegna fljótt að aðlaga sig nýrri tækni.
d. Atkvæðagreiðslukerfi í þinginu eru sjálfvirk.
e. Í gagnagrunni þingsins er að finna allar upplýsingar um þingmál og dagskrá hvers dags.
f. Sérhverjum þingmanni er það í sjálfsvald sett með hverjum hætti hann kýs að nýta tölvutæknina á skrifstofu sinni.
g. Það eru einkum nýir þingmenn sem hafa áhuga á að nýta sér þá þjónustu og möguleika sem tölvutæknin býður upp á. Á því er þó viss annmarki að þingmenn hafa mjög mismunandi hugmyndir um tegundir og búnað og þetta gerir það að verkum að erfitt getur reynst fyrir stjórn þingsins að fá heildarsýn yfir þróunina og gang mála.
h. Reynslan sýnir að það er mjög brýnt að starfslið þings, sem hyggst taka tölvutæknina í sína þjónustu, sé vel undir það búið að nýta hina nýju tækni. Hafi þetta verið vanrækt má búast við að það veki ugg og kvíða í hópi starfsfólksins hvað við taki.
i. Einn ókostur tölvuvæðingarinnar er sá að geymsla gagna og skráa til langs tíma er ýmsum annmörkum háð og getur haft í för með sér umtalsverðan kostnað.

Ýmis fleiri mál voru á dagskrá fundarins sem fróðlegt væri að rekja nánar en hér skal látið staðar numið. Stutt yfirlit yfir þessi mál fer hér á eftir:

3. *Umræða um beinar sjónvarpsútsendingar frá þjóðþingum.* Frummælandi Herman Nys, skrifstofustjóri öldungadeildar belgíska þingsins. (Topical discussion on the televising of Parliament.)
4. *Umræða um ný þinghús.* Frummælandi Harry Evans, skrifstofustjóri öldungadeildar ástralska þingsins. (Topical discussion on parliamentary buildings.)
5. *Frumdrög að spurningalista um mörkin milli löggjafarvaldsins og dómstóla og árekstra sem þar geta átt sér stað.* Saminn af Doudou Ndiaye, skrifstofustjóra þingsins í Senegal. (Draft questionnaire on areas of overlap between parliaments and the courts.)
6. *Seinni drög að skýrslu um þarfir þjóðþinga í löndum sem nýlega hafa öðlast sjálfstæði.* Samin af Pedro Gabriel M. Duarte, skrifstofustjóra þingsins á Grænhöfðaeyjum. (Second draft report on the parliamentary needs of newly independant countries.)

Viðauki II.

Nokkrir fróðleiksmolar og tölfræðilegar upplýsingar um breska þingið.

Í neðri deildinni (House of Commons) eiga nú sæti 650 þingmenn sem allir eru kosnir í einmenningskjördæmum. Í hverju kjördæmi eru kjósendur u.þ.b. 65.000 talsins. Í þeim þrettán kosningum, sem fram hafa farið síðan 1945, hefur ávallt annar hvor stærstu flokkanna fengið meiri hluta þingsæta, utan einu sinni. Eftir hverjar kosningar taka að jafnaði 100–120 nýir þingmenn sæti. Konur, sem nú eiga sæti í neðri málstofunni, eru 42 talsins eða tæplega 6,5%.

Þeir sem rétt eiga til setu í lávarðadeildinni (House of Lords) eru nú alls 1185. Í deildinni eiga 784 arfborinn rétt til setu en 353 hafa verið aðlaðir og öðlast þannig rétt til að taka sæti í lávarðadeildinni. Afkomendur þeirra síðarnefndu erfa ekki réttinn. Auk þess eiga þar sæti 26 biskupar og 22 dómarar, en lávarðadeildin hefur það sérstaka stjórnskipulega hlutverk, auk löggjafarstarfa, að vera æðsti dómstóll í Bretlandi.

Fundarsókn í lávarðadeildinni er ákaflega misjöfn eins og gefur að skilja. Að meðaltali sóttu fundi í deildinni 1987–1988 tæpur þriðjungur þeirra sem þar eiga rétt til setu.

Íhaldsflokkurinn er í miklum meiri hluta í lávarðadeildinni, en hlutur annarra stjórnmálaflokka er þó sífellt að aukast. Þar eiga líka sæti fjölmargir sem telja sig óháða öllum flokkum.

Fulltrúar í lávarðadeildinni hafa ekki kjörgengi í almennum þingkosningum, en eru hlutgengir í kosningum til Evrópubandalagsins. Þingmaður í neðri deildinni, sem erfir aðalstign, getur hins vegar haldið sæti sínu með því að afsala sér aðalstigninni ævilangt.

Kjörtímabil breska þingsins er fimm ár, en ríkisstjórnir sitja sjaldnast svo lengi. Forsætisráðherrann getur rofið þing nánast hvenær sem er og boðað kosningar. Frá styrjaldarlokum 1945 hefur meðallengd þinga verið 3,66 ár.

Þingið situr mestan hluta ársins að undanskildum 10–12 vikum í ágúst til október og þriggja vikna hléi um áramótin. Fundir hefjast miðdegis og standa að jafnaði langt fram á kvöld, nema á föstudögum er þeir hefjast kl. 11 og lýkur kl. 15. Lengd þingfunda í neðri deildinni 1987–1988 var að meðaltali rúmlega 9 klst. en í lávarðadeildinni rúmlega 7 klst.

Í neðri deildinni skiptist fundartími á þingmál sem hér segir:

Helmingi fundartímans er varið til löggjafarstarfsemi, fjórðungi í almennar stjórnmálaumræður og fjórðungi í fyrirspurnir og umræður um störf og stefnu ríkisstjórnarinnar (Scrutiny of Government).

Athyglisvert er að nokkrum af tíma þingsins er varið í svonefnda „delegated legislation", en það er formleg afgreiðsla þingsins á lagafyrirmælum sem framkvæmdarvaldinu hefur verið heimilað að setja. Er þetta eins konar eftirlit þingsins með því hvernig framseldu löggjafarvaldi er beitt.

Eins og vænta má er drýgstum tíma þingsins varið í stjórnarfrumvörp og mál sem stjórnin vill að nái fram að ganga, en einstökum þingmönnum og stjórnarandstöðunni er þó tryggður réttur til að koma sínum málum á framfæri. Á þinginu 1987–1988 var skiptingin sú að hlutur ríkisstjórnarinnar var 58%, einstakra þingmanna (backbenchers) 30% og stjórnarandstöðunnar 7%. Eitt aðalvopn stjórnarandstöðunnar er forgangsréttur hennar á hinum svonefndu „tuttugu stjórnarandstöðudögum" (20 Opposition Days) — sem eru að jafnaði tveir á hverjum þremur vikum — til að koma að sínum málum. 17 þessara daga fær stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn til ráðstöfunar, en hinir minni 3 daga.

Í lávarðadeildinni skiptist fundartími á mismunandi þingmál þannig að til löggjafarstarfseminnar er varið 66% tímans, 17% til almennra umræðna og 17% til fyrirspurna og umræðna um skýrslur stjórnarinnar (Scrutiny of Government).

Forsetar þingsins.

Forseti neðri deildar þingsins (Speaker) er kjörinn í upphafi hvers þingtímabils. Mjög er vandað til vals forsetans enda þykir miklu varða að sá sem gegnir þessu ábyrgðarmikla embætti njóti óskoraðs traust og virðingar alls þingheims. Að jafnaði er kjörinn til starfans þingmaður með mikla þingreynslu og er embættið álitið vera kóróna á ferli hvers sem það hlýtur. Kjörinn forseti hættir öllum afskiptum af stjórnmálum til að tryggt sé hlutleysi hans í störfum. Núverandi forseti neðri deildarinnar er Weatherill, en hann fór fram utan flokka í síðustu þingkosningum.

Sá ráðherra bresku ríkisstjórnarinnar, sem titlaður er „Lord Chancellor", er sjálfkrafa forseti lávarðadeildarinnar í krafti embættis síns. Hann á sæti í ríkisstjórninni samkvæmt tilnefningu forsætisráðherrans og er æðsti maður dómsmála í Bretlandi. Hann greiðir götu ríkisstjórnarinnar í lávarðadeildinni og beitir sér fyrir því að mál hennar nái fram að ganga. Skyldur hans sem forseta lávarðadeildarinnar eru eingöngu formlegs eðlis þar sem deildin sjálf sér um að þingsköp séu virt. Núverandi forseti lávarðadeildarinnar er Mackay lávarður af Clashfern. Hann hefur aldrei tekið virkan þátt í stjórnmálum og er fyrsti skoski lögfræðingurinn sem gegnir þessu embætti.

Löggjafarstarfsemin.

Stjórnarfrumvörp og mál ríkisstjórnarinnar taka að sjálfsögðu mestan tíma þingsins. Sum frumvörp þurfa að fara óbreytt í gegnum báðar deildir til að öðlast lagagildi (primary legislation), en önnur sæta einfaldari meðferð (secondary legislation).

Eins og áður hefur komið fram hefur stjórnarandstaðan ákveðna daga á hverju þingi til að koma sínum málum á framfæri, en mjög fá þeirra ná fram að ganga.

Lagafrumvörp sæta þremur umræðum í hvorri deild með líkum hætti og gerist hér á Alþingi og má leggja þau fram í hvorri deildinni sem er. Venjan er þó sú að stefnumarkandi lagafrumvörp ríkisstjórnarinnar séu lögð fram í neðri deild.

Lávarðadeildin getur seinkað framgangi lagafrumvarpa en ekki hindrað endanlegt samþykki þeirra. Hún getur fellt í tvígang frumvarp sem neðri deildin hefur samþykkt en lengra verður ekki komist. Í rauninni hefur lávarðadeildin farið mjög hófsamlega með þetta vald og síðan 1949 hefur neðri deildin aldrei þurft að neyta aflsmunar gagnvart lávarðadeildinni.

Þegar deildirnar eru ósammála gengur frumvarpið á milli þeirra þar til sammæli næst. Í reynd er mikið upp úr því lagt að samkomulag náist milli deildanna til að ekki þurfi að koma til þess að neðri deildin samþykki frumvarp í trássi við lávarðadeildina.

Þrátt fyrir takmarkað vald lávarðadeildarinnar að þessu leyti er ljóst að hún gegnir veigamiklu hlutverki í löggjafarstarfseminni. Í lávarðadeildinni eiga sæti margir menn með mikla þekkingu og reynslu og þátttaka þeirra í störfum deildarinnar tryggir vandaða og faglega meðferð þingmála. Þeir eiga ekki á hættu að missa sæti sitt í deildinni þótt þeir taki afstöðu án tillits til flokkslegra sjónarmiða eða almennra viðhorfa. Athyglisvert er að breytingar, sem gerðar eru á lagafrumvörpum í lávarðadeildinni, ná oftast fram að ganga í neðri deildinni. Og ekki má heldur gleyma því að margir mestu lögspekingar landsins sitja í lávarðadeildinni sem er æðsti áfrýjunardómstóll í ríkinu.

Þingnefndir.

Neðri deild: Í neðri deildinni starfa tvenns konar nefndir, annars vegar löggjafarnefndir og hins vegar rannsóknarnefndir. Hlutverk þeirra fyrrnefndu er að fjalla um einstök lagafrumvörp og eru nefndarmenn kosnir sérstaklega hverju sinni. Rannsóknarnefndirnar starfa venjulega allt þingtímabilið og er þeim í sjálfsvald hvaða mál þær kjósa að rannsaka innan þess málaflokks sem þær eiga að hafa eftirlit með. Þessar rannsóknarnefndir eiga ýmislegt sammerkt með nefndunum sem kveðið er á um í 39. gr. íslensku stjórnarskrárinnar.

Mest kveður að þeim rannsóknarnefndum sem eiga að fylgjast með starfsemi og rekstri ýmissa stofnana ríkisins. Þær koma saman a.m.k. einu sinni í viku og skila af sér tveimur til sex skýrslum á ári.

Lávarðadeildin: Öll löggjafarstarfsemi í lávarðadeildinni fer fram á þingfundum og af þeim sökum eru þar ekki löggjafarnefndir. Af rannsóknarnefndunum eru tvær langatkvæðamestar. Efnahagsbandalagsnefndin svonefnda (The European Communities Committee) sem skipuð er 80 nefndarmönnum og starfar í 6 undirnefndum. Afraksturinn á hverju ári er að meðaltali 25 skýrslur og nýtur nefndin mikillar virðingar um gjörvalla Evrópu fyrir störf sín. Vísinda- og tækninefndin (The Science and Technology Committee) er skipuð 25 nefndarmönnum og starfar í tveimur undirnefndum. Þegar valið er í þessar nefndir er þess jafnan gætt að þangað fari menn með góða þekkingu á hvoru sviði um sig. Minna máli skiptir hvar í flokki þeir standa.

Fyrirspurnir og umræður utan dagskrár.

Neðri deild: Eins og á Alþingi eru fyrirspurnir eitt helsta tæki þingmanna til að veita ríkisstjórninni aðhald. Hver ráðherra svarar spurningum í þinginu einu sinni á mánuði, 30–60 mínútur í senn. Þingmenn verða að leggja fram aðalspurninguna (first question) með minnst tveggja vikna fyrirvara en mega svo koma með (óvæntar) viðbótarspurningar þegar svarað er. Af þeirri ástæðu er það mikilvægt fyrir ráðherrann að reyna að sjá fyrir hvers eðlis þessar viðbótarspurningar kunni að vera. Vegna hins gífurlega fjölda fyrirspurna sem berast verður ekki nema litlum hluta þeirra svarað. Á þinginu 1987–1988 bárust um 25 þúsund spurningar en aðeins reyndist unnt að svara fjórðungi þeirra. Á sama þingi bárust um 48 þúsund skriflegar spurningar sem svarar til 220 spurningum á hvern þingdag!

Þegar þingmenn telja brýna nauðsyn bera til að fá skjótar upplýsingar um ákveðið mál geta þeir lagt fram fyrirspurn með forgangsrétti (Private Notice Question). Það er forseta þingsins að meta hvort slíkar fyrirspurnir skuli heimilaðar og eru venjulega leyfðar tvær til þrjár á viku.

Þá er þingmönnum einnig fær sú leið samkvæmt þingsköpum að kveðja sér hljóðs og rökstyðja þá kröfu sína í þriggja mínútna ræðu að umræður skulu fara fram um mál sem að þeirra mati þolir enga bið (Emergency debate). Sjaldan er fallist á slíkar óskir og aðeins tvær til þrjár umræður heimilaðar á hverju þingi. Af öðrum leiðum, sem þingmönnum standa til boða, má nefna hálfrar klukkustundar umræðu við lok hvers þingfundar sem koma má á að vissum skilyrðum fullnægðum (Adjournment debate). Ráðherra getur þá verið skylt að standa fyrir svörum í allt að 15 mínútur varðandi það mál sem til umræðu er.

Lávarðadeildin: Dagskrá hvers fundar hefst að jafnaði með fjórum munnlegum fyrirspurnum ásamt viðbótarspurningum og var 742 fyrirspurnum af þessu tagi svarað á þinginu 1987–1988. Á sama tíma var 1405 skriflegum fyrirspurnum svarað. Fyrirspurnir má einnig bera upp við lok hvers fundar og geta þær orðið tilefni umræðna. Alls urðu slíkrar fyrirspurnir 51 á þinginu 1987–1988.

Kjör þingmanna og rekstrarkostnaður þingsins.

Árslaun þingmanna í neðri deildinni eru nú liðlega 2,4 millj. kr. eða sem svarar 200 þús. kr. á mánuði. Þau eru miðuð við ákveðinn launaflokk embættismanna ríkisins og hækka sjálfkrafa ef laun þeirra hækka. Þeir fá einnig 2,3 millj. kr. vísitölubundið ársframlag til að standa straum af kostnaði við skrifstofuhald, laun ritara eða aðstoðarmanns. Þingmenn með lögheimili utan London fá í húsnæðisstyrk eina millj. kr. á ári en þingmenn með lögheimili í London fá 125 þús. kr. Þingmenn fá greiddan allan kostnað af ferðum milli Westminster, kjördæmis og heimilis og auk þess sérstakan bílastyrk (car mileage allowance) sem fer eftir stærð eigin bifreiðar.

Starf þeirra, sem sæti eiga í lávarðadeildinni, er ólaunað en þeir geta að vissu marki fengið endurgreiddan ýmsan daglegan kostnað sem starfinu fylgir, t.d. gistingu, ferðir, fæði og ritaraaðstoð o.s.frv.

Leiðtoga stjórnarandstöðunnar og þremur helstu embættismönnum hennar eru greidd laun. Auk þess renna allt að 100 millj. kr. til þingflokka stjórnarandstöðunnar til að standa straum af kostnaði við starfsemi þeirra á þinginu.

Kostnaður við rekstur þingsins 1989–1990 er talinn verða:

Lávarðadeildin, rúmlega 2 milljarðar króna.

Neðri deildin, tæpir 9,6 milljarðar króna.

Viðhald og endurbætur á húsakosti þingsins, tæpir 2,7 milljarðar króna.

Útvarp og sjónvarp.

Unnt er útvarpa beint frá báðum deildum þingsins. Sjónvarpað hefur verið frá fundum í lávarðadeildinni síðan 1985 og ákveðið hefur verið að hefja sjónvarp í tilraunaskyni frá fundum í neðri deildinni núna í nóvember. Verða í gildi mjög strangar reglur um sjónvarpsupptökuna.

Skrifstofustjórar þingsins.

Skrifstofustjóri lávarðadeildarinnar er nefndur „skrifstofustjóri þinganna“ (The Clerk of the Parliaments).

Hann er skipaður af drottningunni, að tillögu forsætisráðherra og er í embætti til 65 ára aldurs. Sir John Sainty hefur gegnt þessu embætti síðan 1983, en hafði fram að því verið starfsmaður við lávarðadeildina í 20 ár. Hann er fyrst og fremst ráðunautur lávarðadeildarinnar um lagatæknileg atriði og þingsköp en jafnframt yfirmaður 300 manna starfsliðs deildarinnar.

Skrifstofustjóri neðri deildarinnar (The Clerk of the House of Commons) er skipaður af drottningunni, að tillögu forseta deildarinnar. Hann er skipaður ævilangt en lætur af störfum 65 ára gamall samkvæmt gamalli hefð. Clifford Boulton varð skrifstofustjóri 1987 en hafði fram að því verið starfsmaður við neðri deildina í 34 ár. Auk þess að vera ráðunautur forseta deildarinnar um lagatæknileg atriði og þingsköp ber hann ábyrgð á fjárreiðum og daglegum rekstri skrifstofu deildarinnar.

Viðauki III.

Samtök skrifstofustjóra þjóðþinga:

Skýrslur samtakanna.

ASSOCIATION OF SECRETARIES-GENERAL OF PARLIAMENTS

List of Reports of the Association

Year	Issues of C & P (3rd Series)	Title	Rapporteur	No. of countries replying to Questionnaire
1950	No. 4	Organisation of a Service of Foreign Documents in a Parliamentary Assembly	M. E Blamont (France)	12
1950	No. 4	Methods of compelling Governments to answer Questions asked by Members of Parliament	Mr E Fellowes (United Kingdom)	15
1951	No. 8	Methods of Voting	Mr M O'Connell (Ireland)	13
1951	No. 8	Organisation and Administration of Parliament	MM. M Rosetti and A Zidon (Israel)	15
1951	No. 8	Payments to Members of Parliament	Mr A-F Schepel (Netherlands)	11
1951	No. 8	Parliamentary Immunity	Mr G Tommasini (Italy)	14
1952	No. 12	Parliamentary Incapabilities	M. F Humblet (France)	20
1953	No. 16	Parliament and Respect for the Law	M. E Blamont (France)	14
1953	No. 16	Methods of expediting Parliamentary Business	M. A-P Meigeville (France)	20
1954	No. 20	Control of the Constitutionality of Law	Mr G Hoff (Norway)	20
1954	No. 20	Powers of the Chair in a Parliamentary Assembly	Mr E Fellowes (United Kingdom)	22
1955	No. 21	Status of Parties in Parliament	Mr M Rosetti (Israel)	17
1955	No. 24	Parliamentary Committees	M. R Pauwels (Belgium)	21

Year	Issues of C & P (3rd Series)	Title	Rapporteur	No. of countries replying to Questionnaire
1957	No. 30	Delegated Legislation	Mr E Olsen (Denmark)	20
1958	No. 33	Budgetary Systems in different countries	Shri. S.L. Shakhder (India)	22
1958	No. 36	Amendments	Mr DWS Lidderdale (United Kingdom)	23
1958	No. 44	Extent of the Control of the Executive by different Parliaments	Sir E Fellowes (United Kingdom)	23
1961	No. 48	The Arrangement of Parliamentary Business	Dr C Zinn (U.S.A.)	24
1961	No. 48	Petitions	Mr A-F Schepel (Netherlands)	20
1963	No. 53	Interpellations	Dr A Gwizdz (Poland)	22
1964	No. 57	Sources of Parliamentary Procedure	Mr M Rosetti (Israel)	21
1964	No. 57	The Extent of Independence of Secretaries of Parliament from the Executive	Mr M N Kaul	24
1965	No. 64	Limitations on the Conduct and Activities of Members of Parliament	Mr P O'Connell20 (Ireland)	
1966	No. 68	Bicameral Parliaments	M. F Humblet (Belgium)	60
1967	No. 72	Offences against Parliament	Mr P O'Connell (Ireland)	20
1967	No. 72	Procedure for Revising the Constitution	M. F Bezzi (Italy)	24
1969	No. 77	Role of Parliament in Foreign Policy	Mr H Trossman (Fed.Rep.Germany)	23
1969	No. 78	Staff Relations in Parliaments	Mr DWS Lidderdale (United Kingdom)	30
1970	No. 84	Parliament and Public Corporations	Mr Zayat (United Arab Republic)	17
1971	No. 85	Preparation and Publication of Parliamentary Debates	Mr P O'Connell (Ireland)	23

Year	Issues of C & P (3rd Series)	Title	Rapporteur	No. of countries replying to Questionnaire
1972	No. 91	Parliamentary Contracts	Mr J L Yuste Grijalba (Spain)	22
1972	No. 92	Publication of Codification of Laws	Mr R W Perceval (United Kingdom)	28
1973	No. 93	The System of Parliamentary Committees	Shri S.L. Shakhder (India)	26
1973	No. 95	The Organisation of Parliamentary Debates	M. Jean Lyon (France)	24
1973	No. 96	The Organisation of the Staff of Parliaments	Mr S Funaric (Yugoslavia)	27
1974	No. 97	Parliamentary Libraries	Mr P O'Connell (Ireland)	28
1976	No. 105	The Private Member (inquiry not completed but adapted into essay by Rapporteur on role of Private Member in the British, French and US Congressional Systems of Government)	Sir David Stephens (United Kingdom)	
1977	No. 110	Privileges and Immunities of Parliament and Members of Parliament	Mr A A Khan (Pakistan)	26
1978	No. 113	Parliament and the Audio-Visual Media	Mr N Lorch (Israel)	22
1978	No. 114	Procedure for Constitutional Revision	Mr P O'Connell (Ireland)	22
1978	No. 115	Interpellations, Questions and Analagous Procedures for the Control of Government Actions and Challenging the Responsibility of Government	M. G Bruyneel (Belgium)	22
1979	No. 118	The Right of Petition	Mr Ploos van Amstel (Netherlands)	19
1979	No. 119	The Budget of Parliaments	Mr J Priou (France)	18
1980	No. 123	Relations between National Parliaments and International Parliamentary Assemblies	Mr John Priestman (Council of Europe)	35
1981	No. 130	Control of Constitutionality of Laws	Mr Rubio Llorente (Spain)	19
1982	No. 131	Procedure for Passing Legislation	Mr J Grey (United Kingdom)	34

Year	Issues of C & P (3rd Series)	Title	Rapporteur	No. of countries replying to Questionnaire
1982	No. 132	Methods of Voting	Mr K Bradshaw (United Kingdom)	29
1984		Methods of deciding the emoluments of Members of Parliament	Miss Courtot	
1984	No. 141	Research and reference services of Parliament	Mr Borgniet (France)	41
1984	No. 139-140	System of parliamentary committees	Mr Schellknecht (Fed.Rep.Germany)	43
1985	No. 144	Role of the Secretary General of Parliament	Mr de Guzman (Phillipines)	50
1985	No. 145	Parliament and the treaty-making power	Mr Ploos van Amstel (Netherlands)	23
1986	No. 150	Bilateral relations between Parliaments	Mr Jonovski (Yugoslavia)	33
1986	No. 148	Financial interests of Members of Parliament	Mr Boulton (United Kingdom)	45
1987	No. 152	Women in the administration of parliaments	Mrs do Carmo Romao (Portugal)	43
1987	No. 154	Registration of Lobbyists	Mrs Lever (Canada)	34
1988	No. 157	Methods of election of Speaker	Mr Charpin (France)	57
1989	No. 158	Obstruction of parliamentary proceedings	Dr Buecker (Fed.Rep.Germany)	38

Sþ. 114. Tillaga til þingsályktunar [110. mál]

um starfsreglur Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins.

Flm.: Geir H. Haarde, Geir Gunnarsson, Kristín Einarsdóttir, Ólafur Þ. Þórðarson, Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi ályktar að setja eftirfarandi:

Starfsreglur
fyrir Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins.

1. gr.

Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins (Inter-Parliamentary Union) er skipuð alþingismönnum og starfar í samræmi við tilgang sambandsins, sbr. lög þess sem fylgja með starfsreglum þessum.

2. gr.

Stjórn Íslandsdeildarinnar skipa fimm þingmenn tilnefndir af þingflokkunum í samræmi við stærð þeirra eða eftir samkomulagi þingflokka. Heimilt er að tilnefna varamenn í stjórnina. Tilkynna skal um tilnefningar á fundi í sameinuðu þingi.

3. gr.

Tilnefning í stjórn skal fara fram eftir hverjar þingkosningar og gildir út kjörtímabilið, nema þingflokkar ákveði annað.

Fulltrúi stærsta þingflokksins skal kalla stjórnarmenn saman til fyrsta fundar og skal þá kjósa formann og varaformann Íslandsdeildarinnar fyrir kjörtímabilið.

Stjórnin getur heimilað fyrrverandi þingmönnum, sem uppfylla skilyrði Alþjóðaþingmannasambandsins þar að lútandi, aðild að Íslandsdeildinni sem heiðursfélagar án atkvæðisréttar, sbr. 7. gr. laga sambandsins.

4. gr.

Heimilt er Íslandsdeildinni að tilnefna ritara í samráði við skrifstofustjóra Alþingis.

5. gr.

Stjórnin sækir árlega um fjárveitingu á fjárlögum til starfsemi deildarinnar og skal umsóknin við það miðuð að fjárveiting nægi til að greiða þátttökugjald til aðalskrifstofu sambandsins, ferðakostnað fulltrúa og annan kostnað sem af starfsemi deildarinnar leiðir. Reikningar skulu endurskoðaðir með sama hætti og önnur útgjöld Alþingis.

6. gr.

Stjórn Íslandsdeildarinnar ákveður þátttöku deildarinnar í starfi sambandsins á ári hverju. Við val þátttakenda á þingum og ráðstefnum skal miða við hlutfallsreglu eftir stærð þingflokka en jafnframt leitast við að tryggja að þingmenn úr öllum þingflokkum fái tækifæri til að sækja þing eða ráðstefnur sambandsins á kjörtímabilinu. Enn fremur skal reyna að tryggja eðlilega samfellu í starfi deildarinnar.

Formaður skal að jafnaði sitja í ráði sambandsins en aðrir stjórnarmenn skiptast á um að taka þar sæti eftir sömu hlutfallsreglu og gildir um þátttöku skv. 1. mgr. þessarar greinar.

7. gr.

Starfsreglur þessar taka þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu tilnefningar í stjórn Íslandsdeildarinnar á þessu kjörtímabili haldast óbreyttar.

Greinargerð.

Allt frá árinu 1951 hafa íslenskir alþingismenn tekið þátt í starfi Alþjóðaþingmannasambandsins (Inter-Parliamentary Union) og hefur verið starfandi í þinginu sérstök Íslandsdeild sambandsins sem þingflokkar hafa tilnefnt þingmenn til setu í. Sambærilegar deildir, svonefndar þjóðdeildir, eru starfandi í öðrum þjóðþingum sem þátt taka í starfi sambandsins og eru þær hinir formlegu aðilar að sambandinu.

Í 6. gr. laga Alþjóðaþingmannasambandsins er kveðið á um skyldu þjóðdeilda til að setja sér eigin reglur. Það hefur þó ekki verið gert um Íslandsdeildina heldur hefur hún starfað á grundvelli þeirra hefða sem skapast hafa á undanförnum áratugum. Með þessari þingsályktunartillögu er ætlunin að setja formlegar reglur enda hefur verið eftir því gengið af hálfu

aðalskrifstofu sambandsins. Flutningsmenn eru fimm þingmenn sem tilnefndir voru til setu í Íslandsdeildinni á þessu kjörtímabili.

Það verður að telja eðlilegt að settar séu almennar starfsreglur um þátttöku í alþjóðlegu samstarfi af þessum toga enda er varið fé af fjárlögum til að kosta hana. Með sama hætti er eðlilegt að Alþingi sé á hverju ári gerð grein fyrir því starfi sem unnið er á vettvangi sem þessum. Á síðasta Alþingi var lögð fram sérstök skýrsla í tveimur hlutum um starfsemi Íslandsdeildarinnar (þingskjöl 139 og 911) og var í hinum fyrri einnig gerð ítarleg grein fyrir starfsemi Alþjóðaþingmannasambandsins sjálf. Vísast til þess skjals um frekari upplýsingar um sambandið. Samhliða þessari þingsályktunartillögu er og flutt skýrsla um starfsemi deildarinnar að undanförnu.

Reglum þessum er ætlað að tryggja að starfsemi deildarinnar geti ávallt gengið snurðulaust fyrir sig óháð mannabreytingum og að þingflokkar hafi allir eðlilegan rétt til þátttöku í starfinu í samræmi við þingstyrk. Gert er ráð fyrir að þingflokkar tilnefni í stjórn deildarinnar, en að þingmenn allir séu í raun aðilar að deildinni og geti því tekið þátt í starfi á vegum sambandsins eftir því sem aðstæður og áhugi leyfa. Að öðru leyti skýra reglurnar sig sjálfar. Þess skal að lokum getið að við samningu reglnanna var höfð hliðsjón af sambærilegum reglum á öðrum norrænum þjóðþingum.

Fylgiskjal.

LÖG
Alþjóðaþingmannasambandsins.

Samþykkt árið 1976 og endurskoðuð í heild í október 1983.

I. KAFLI
Tilgangur og skipulag.

1. gr.

Tilgangur Alþjóðaþingmannasambandsins er að stuðla að persónulegum kynnum þingmanna, sem starfa í sérstökum þjóðdeildum innan þess, og samstarfi þeirra til að treysta og efla fulltrúalýðræði í aðildarríkjunum og vinna að friði og samstarfi á alþjóðavettvangi, sér í lagi með stuðningi við markmið Sameinuðu þjóðanna. Í því skyni ber Alþjóðaþingmannasambandinu að láta í ljós skoðanir sínar á öllum alþjóðamálefnum, sem unnt er að leysa fyrir tilstilli þjóðþinga, og gera tillögur um hvernig megi bæta starfsemi þeirra og auka orðstír.

2. gr.

Höfuðstöðvar Alþjóðaþingmannasambandsins eru í Genf.

3. gr.

Alþjóðaþingmannasambandið er myndað af þjóðdeildum.

Aðild að þjóðdeild eiga þingmenn er sitja á þjóðþingi sem starfar á landsvæði sjálfstæðs ríkis og samkvæmt lögum þess.

Aðeins skal mynda eina þjóðdeild í hverju þjóðþingi. Þjóðþingið allt má vera þjóðdeild. Í sambandsríki má aðeins mynda þjóðdeild á alríkisþinginu.

Þjóðdeildirnar skulu fylgja grundvallarreglum sambandsins og hlíta lögum þess.

Alþjóðlega kjörin þing, sem stofnað er til á grundvelli alþjóðalaga af hálfu ríkja sem hafa þjóðdeild í Alþjóðaþingmannasambandinu, geta, að höfðu samráði við þjóðdeildirnar, sótt um og fengið aukaaðild að sambandinu.

4. gr.

Ákvörðun um aðild þjóðdeildar eða endurnýjun aðildar skal ráð Alþjóðaþingmannasambandsins taka, enda berist því ósk þar að lútandi fyrir milligöngu framkvæmdastjóra sambandsins. Ráðið tekur ákvörðun að fengnu áliti framkvæmdanefndarinnar sem metur hvort skilyrðum 3. gr. er fullnægt og gefur um það skýrslu.

Hafi þjóðþing hætt starfsemi eða áskilin skipulagsleg eða fjárhagsleg tengsl þjóðdeildar við sambandið rofnað skal framkvæmdanefndin meta aðstæður og skila áliti til ráðsins. Ráðið tekur ákvörðun um brottvikningu þjóðdeildarinnar úr sambandinu.

5. gr.

Sérhver þjóðdeild og sérhver aukaaðili skal inna af hendi framlag til sambandsins til að standa straum af útgjöldum þess samkvæmt skiptireglu sem ráð sambandsins samþykkir (sbr. 5. gr. í reglum um fjármál).

Þjóðdeild, sem er í vanskilum við sambandið, skal ekki eiga atkvæðisrétt á þingum sambandsins ef vanskilin nema árgjaldi tveggja síðustu ára eða meira. Ráðið getur samt sem áður heimilað þjóðdeild að greiða atkvæði ef greiðslufallið á rætur að rekja til ástæðna sem deildinni eru óviðráðanlegar. Ráðinu er heimilt, áður en slíkt mál er tekið til athugunar, að taka við skriflegri greinargerð frá þjóðdeildinni.

6. gr.

Allar þjóðdeildir skulu setja sér eigin reglur. Þær skulu gera allar þær skipulagslegu og fjárhagslegu ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að þátttaka þeirra í starfsemi sambandsins beri tilætlaðan árangur. Þær skulu vera í reglulegum tengslum við aðalskrifstofu sambandsins og senda þangað skýrslu um starfsemi sína eigi síðar en í marslok ár hvert ásamt félagatali og upplýsingum um stjórnarmenn.

7. gr.

Eftirtaldir eiga rétt á aðild að þjóðdeild:

a. þingmenn;
b. fyrrverandi þingmenn sem ráð Alþjóðaþingmannasambandsins veitir aðild að sambandinu vegna fyrri setu sinnar í ráðinu og framúrskarandi starfa í þágu sambandsins; slíkir fulltrúar skulu tilnefndir af þjóðdeild sinni og vera heiðursfélagar í henni.

Þingmaður, sem tekur sæti í þjóðdeild, telst hafa samþykkt tilgang sambandsins eins og hann eru skilgreindur í 1. gr. laganna.

8. gr.

Þjóðdeild er skylt að skýra þjóðþingi, og eftir atvikum ríkisstjórn, frá ályktunum sambandsins til að stuðla að framkvæmd þeirra og gera jafnframt aðalskrifstofu sambandsins grein fyrir því eins oft og rækilega og unnt er, einkum og sér í lagi í ársskýrslum sínum, hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar og með hvaða árangri (sbr. 2. lið 42. gr. þingskapa).

II. KAFLI

Stofnanir.

9. gr.

Stofnanir Alþjóðaþingmannasambandsins eru:

a. þing,
b. ráð,
c. framkvæmdanefnd,
d. aðalskrifstofa.

III. KAFLI

Þing Alþjóðaþingmannasambandsins.

10. gr.

Þing Alþjóðaþingmannasambandsins skal halda tvisvar á ári.

Þingstaður og samkomudagur hvers þings skal ákveðinn af ráði Alþjóðaþingmannasambandsins (sbr. 2. lið 42. gr. þingskapa.)

Ráðið getur þó við sérstakar aðstæður ákveðið að breyta um stað eða samkomudag þings eða fella þinghald niður. Í neyðartilvikum getur forseti ráðsins tekið slíka ákvörðun með samþykki framkvæmdanefndar.

11. gr.

1. Þingið sitja þingmenn sem tilnefndir hafa verið til þess af þjóðdeildunum.
2. Þjóðdeild tilnefnir til setu á þinginu allt að átta þingmenn ef íbúar í landinu eru færri en eitt hundrað milljónir en allt að tíu ef þeir eru fleiri en eitt hundrað milljónir.

12. gr.

Forseti ráðsins setur þingið, en í fjarveru hans varaforseti sem útnefndur er í samræmi við 2. lið 5. gr. í reglum framkvæmdanefndarinnar.

Þingið kýs sér forseta, varaforseta og talningarmenn.

Varaforsetar skulu vera jafnmargir þjóðdeildunum sem fulltrúa eiga á þinginu.

13. gr.

Þing Alþjóðaþingmannasambandsins ræðir alþjóðleg málefni, sem heyra undir sambandið skv. 1. gr. laganna, og samþykkir tillögur þar sem fram kemur álit sambandsins á þeim.

14. gr.

Í starfi sínu nýtur þingið aðstoðar nefnda og er fjöldi þeirra og starfssvið ákveðið af ráðinu (sbr. g-lið 22. gr.).

Nefndir skulu að jafnaði skila skýrslum og ályktunartillögum um þau mál sem þingið vísar til þeirra.

Ráðið getur einnig falið nefndum að fjalla um mál sem eru á dagskrá þess og skila um þau skýrslu til ráðsins.

15. gr.

Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins ákveður dagskrá þingsins, að fengnum tillögum framkvæmdanefndarinnar (sbr. 10. gr. þingskapa).

Þingið getur sjálft tekið eitt viðbótarmál á dagskrá (sbr. 11. gr. þingskapa). Enn fremur getur það tekið aukalega mál á dagskrá ef það er mjög brýnt, sbr. 2. lið 11. gr. þingskapanna.

16. gr.

Aðeins þeir fulltrúar, sem viðstaddir eru, mega greiða atkvæði.

Atkvæði hverrar þjóðdeildar skulu reiknuð á eftirfarandi hátt:

a. hver þjóðdeild skal hafa minnst átta atkvæði;

b. hver þjóðdeild skal að auki hafa viðbótaratkvæði í hlutfalli við fólksfjölda sem hér segir:

1–5 millj. íbúar:	1 atkvæði
5–10 millj. íbúar:	2 atkvæði
10–20 millj. íbúar:	3 atkvæði
20–30 millj. íbúar:	4 atkvæði
30–40 millj. íbúar:	5 atkvæði
40–50 millj. íbúar:	6 atkvæði
50–60 millj. íbúar:	7 atkvæði
60–80 millj. íbúar:	8 atkvæði
80–100 millj. íbúar:	9 atkvæði
100–150 millj. íbúar:	10 atkvæði
150–200 millj. íbúar:	11 atkvæði
200–300 millj. íbúar:	12 atkvæði
yfir 300 millj. íbúar:	13 atkvæði

c. Ef a.m.k. helmingur þjóðkjörinna fulltrúa á þingi á sæti í þjóðdeild skal hún eiga rétt á einu viðbótaratkvæði séu þeir færri en eitt hundrað, en tveimur viðbótaratkvæðum séu þeir eitt hundrað eða fleiri.

Þjóðdeild getur skipt atkvæðum sínum í einstökum málum til þess að mismunandi álit fulltrúa komi fram. Enginn einn fulltrúi má fara með fleiri atkvæði en tíu.

17. gr.

Atkvæði á þinginu skulu greidd við nafnakall nema mál séu ágreiningslaus.

Við kosningu embættismanna skal viðhafa leynilega atkvæðagreiðslu ef a.m.k. tuttugu fulltrúar krefjast þess.

IV. KAFLI

Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins.

18. gr.

Ráðið skal að jafnaði halda tvo fundi á ári hverju (sbr. 5. gr. reglna um ráðið).

Forseti kallar ráðið saman til aukafundar ef hann eða framkvæmdanefndin telja nauðsyn bera til eða ef fjórðungur ráðsmanna krefst þess.

19. gr.

Í ráði Alþjóðaþingmannasambandsins skulu sitja tveir fulltrúar úr hverri þjóðdeild. Starfstími ráðsmanna skal vera frá því þingi þegar þeir eru tilnefndir og til næsta þings.

Allir fulltrúar í ráðinu skulu vera þingmenn.

Ef fulltrúi í ráðinu fellur frá, segir af sér eða verður ófær um að sækja fundi skal þjóðdeildin tilnefna fulltrúa í hans stað.

20. gr.

Ráðið kýs sér forseta til þriggja ára (sbr. 6.–8. gr. reglna um ráðið).

Fráfarandi forseta má ekki kjósa aftur fyrr en að þremur árum liðnum. Eftirmaður hans skal vera úr annarri þjóðdeild.

Kosning forseta skal fara fram á síðara þingi ársins. Sé af sérstökum ástæðum ekki unnt að kalla þingið saman getur ráðið eigi að síður látið forsetakosninguna fara fram.

Nú segir forseti af sér, missir þingsæti sitt eða fellur frá og skal þá framkvæmdanefnd útnefna varamann sem tekur við embættisstörfum hans þar til ráðið hefur kosið nýjan forseta. Sömu ákvæði skulu gilda sé þeirri þjóðdeild, sem forseti er fulltrúi í, vikið úr sambandinu.

21. gr.

Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins ákveður og stýrir starfi sambandsins og hefur umsjón með því í samræmi við þann tilgang sem skilgreindur er í lögunum.

Ráðið setur sér dagskrá. Framkvæmdanefndin gerir bráðabirgðadagskrá (sbr. 12. gr. reglna um ráðið). Sérhverjum fulltrúa í ráðinu er heimilt að gera tillögu um viðbótarliði á bráðabirgðadagskrána (sbr. 13. gr. reglna um ráðið).

22. gr.

Verkefni ráðs Alþjóðaþingmannasambandsins eru einkum þau sem hér segir:

a. að taka ákvörðun um að veita þjóðdeildum aðild eða taka þær aftur í sambandið, svo og um brottvikningu þeirra í samræmi við 4. gr. laganna;
b. að taka afstöðu til tillagna þjóðdeilda um að gera fyrrverandi þingmenn að heiðursfélögum skv. 7. gr. laganna;
c. að ákveða fundarstað og samkomutíma þings Alþjóðaþingmannasambandsins (sbr. 2. tölul. 10. gr. og 4. gr. um þinghald);
d. að ákveða dagskrá þings Alþjóðaþingmannasambandsins samkvæmt tillögum framkvæmdanefndar (sbr. 10. gr. þingskapa);
e. að gera tillögu um forseta þings Alþjóðaþingmannasambandsins;
f. að taka ákvörðun um allar aðrar ráðstefnur á vegum Alþjóðaþingmannasambandsins, skilgreina viðfangsefni þeirra og skila áliti um niðurstöður þeirra.
g. að ákveða fjölda nefnda á þinginu og starfssvið þeirra (sbr. 1. lið 14. gr.);
h. að skipa sérnefndir eða nefndir um sérstök málefni og koma á fót vinnuhópum til aðstoðar í starfi sínu;
i. að gera skrá yfir þau alþjóðasamtök og stofnanir (samkvæmt skilgreiningu í reglum) sem boðið er að senda áheyrnarfulltrúa á þing Alþjóðaþingmannasambandsins (sbr. 2. gr. þingskapa, 4. gr. reglna um ráðið og 3. gr. reglna um nefndir);
j. að samþykkja árlega starfs- og fjárhagsáætlanir sambandsins og ákveða reglur um skiptingu fjárframlaga (sbr. 3. gr. og 2. lið 5. gr. reglna um fjármál);
k. að samþykkja árlega ársreikninga fyrra árs samkvæmt tillögum tveggja endurskoðenda sem valdir eru af ráðinu úr hópi ráðsmanna (sbr. 41. gr. reglna um ráðið, 12. gr. reglna um fjármál og 12. gr. reglna um aðalskrifstofu);
l. að heimila að tekið sé við gjöfum og dánargjöfum (sbr. 7. gr. reglna um fjármál);
m. að gera tillögu um fulltrúa í framkvæmdanefnd (sbr. 37.–39. gr. reglna um ráðið);
n. að ráða framkvæmdastjóra sambandsins (sbr 1. lið 25. gr. og 3. gr. reglna um aðalskrifstofu);
o. að setja sér starfsreglur og skila áliti um tillögur til breytinga á lögunum (sbr. 45. gr. í reglna um ráðið).

V. KAFLI

Framkvæmdanefndin.

23. gr.

Í framkvæmdanefndinni sitja tólf fulltrúar, hver úr sinni þjóðdeild, auk forseta ráðsins.

Forseti ráðsins er jafnframt forseti framkvæmdanefndarinnar. Þingið kýs tólf nefndarmenn, þar af tíu úr röðum fulltrúa í ráðinu, og skulu þeir halda sæti sínu þar meðan kjörtímabil þeirra varir. A.m.k. tveir nefndarmenn skulu vera konur.

Í samræmi við m-lið 22. gr. laganna skulu aðeins þeir frambjóðendur, sem ráðið gerir tillögu um, vera kjörgengir í kosningum til framkvæmdanefndar á þinginu.

Falli þing niður skal ráðið kjósa hina nýju fulltrúa.

Við kosningar til framkvæmdanefndar skal höfð hliðsjón af framlagi frambjóðanda og þjóðdeildar hans til starfsemi sambandsins og leitast við að tryggja réttláta landfræðilega skiptingu nefndarmanna.

Kjörtímabil fulltrúa í framkvæmdanefnd, annarra en forseta, skal vera fjögur ár. A.m.k. tveir fulltrúar skulu láta af störfum ár hvert. Fráfarandi fulltrúa má ekki endurkjósa fyrr en að tveimur árum liðnum og skal eftirmaður hans vera úr annarri þjóðdeild.

Nú deyr fulltrúi í framkvæmdanefnd, segir af sér eða missir þingsæti sitt og skal þá þjóðdeild hans tilnefna varamann til að sitja fram að næsta þingi, en þá fer kosning fram. Sá fulltrúi, sem þá er kjörinn, skal ljúka kjörtímabili fyrirrennara síns.

Nú er fulltrúi í framkvæmdanefnd kjörinn forseti ráðsins, og skal þá ráðið gera tillögu til þingsins um annan fulltrúa til að taka sæti hans. Slíka tillögu skal þá taka á dagskrá ráðs og þings. Kjörtímabil hins nýja fulltrúa skal vera fjögur ár.

Fulltrúar í framkvæmdanefnd mega ekki samtímis gegna stöðu formanns eða varaformanns í nefnd.

24. gr.

Framkvæmdanefndin skal fara með framkvæmdastjórn Alþjóðaþingmannasambandsins.

Starfssvið framkvæmdanefndarinnar er sem hér segir:

a. að taka til athugunar, þegar þjóðdeild sækir um aðild eða endurnýjun aðildar, hvort öll skilyrði, sem getið er um í 3. gr. laganna, séu uppfyllt og tilkynna ráðinu um niðurstöður sínar (sbr. 4. gr.);
b. að kalla ráðið saman í neyðartilvikum (sbr. 4. gr.);
c. að ákvarða samkomutíma og fundarstað ráðsins og gera bráðabirgðadagskrá;
d. að skila áliti um viðbótarliði á dagskrá ráðsins;
e. að gera tillögu til ráðsins um árlega starfs- og fjárhagsáætlun sambandsins (sbr. 6. lið 3. gr. reglna um fjármál);
f. að skýra á fundum ráðsins frá störfum sínum í skýrslu sem forseti flytur;
g. að gera tillögu til ráðsins um dagskrá þingsins með hliðsjón af tillögum þjóðdeilda;
h. að hafa umsjón með stjórn aðalskrifstofunnar og framkvæmd hennar á þeim ákvörðunum sem þingið eða ráðið taka og veita í þessum tilgangi viðtöku skýrslum og nauðsynlegum upplýsingum;
i. að kanna hæfni umsækjenda um stöðu framkvæmdastjóra með það fyrir augum að gera tillögu til ráðsins þar um og setja framkvæmdastjóra, sem það hefur ráðið, erindisbréf;
j. að beina ósk til ráðsins um aukafjárveitingu ef fjárveiting, sem ráðið samþykkir, sýnist ekki nægja til að greiða kostnað af starfsemi og rekstri sambandsins og heimila sjálf aukafjárveitingu ef brýna nauðsyn ber til, enda sé ráðinu gerð grein fyrir slíkri ákvörðun á næsta fundi þess;
k. að tilnefna endurskoðanda utan sambandsins sem falið er að endurskoða reikninga þess (sbr. 12. gr. reglna um fjármál);
l. að ákveða launastiga og greiðslur til starfsmanna á aðalskrifstofu sambandsins (sbr. IV. hluta reglna um starfsmannahald);
m. að setja sér starfsreglur;
n. að gegna öllum störfum sem ráðið felur nefndinni í samræmi við lögin og reglugerðir.

VI. KAFLI

Aðalskrifstofa sambandsins.

25. gr.

Til aðalskrifstofunnar telst allt starfslið undir stjórn framkvæmdastjóra sambandsins (sbr. 2. gr. reglna um starfsmannahald) sem ráðinn er af ráðinu (sbr. n-lið 22. gr.).

Hlutverk aðalskrifstofunnar er sem hér segir:

a. að vera höfuðstöðvar sambandsins;
b. að varðveita gögn um þjóðdeildir og beita sér fyrir að nýjar umsóknir um aðild berist;
c. að styðja og efla starfsemi þjóðdeilda og veita þeim tæknilega aðstoð við að samræma störf sín;
d. að undirbúa þau mál sem til umræðu verða á fundum sambandsins og dreifa nauðsynlegum gögnum tímanlega;
e. að greiða fyrir því að ályktanir ráðsins og þingsins komist til framkvæmda;
f. að gera tillögur um starfs- og fjárhagsáætlun og leggja fyrir framkvæmdanefnd (sbr. 2., 3. og 7. lið 3. gr. reglna um fjármál);
g. að afla og dreifa upplýsingum um uppbyggingu og starfsemi lýðræðislega kjörinna þjóðþinga;
h. að viðhalda tengslum milli sambandsins og annarra alþjóðastofnana og annast þátttöku þess í alþjóðlegum samkomum;
i. að annast skjalasafn Alþjóðaþingmannasambandsins.

VII. KAFLI

Samtök skrifstofustjóra þjóðþinga.

26. gr.

Samtök skrifstofustjóra þjóðþinga eru ráðgefandi deild innan Alþjóðaþingmannasambandsins.

Samtökin vinna að sambærilegum viðfangsefnum og þær stofnanir Alþjóðaþingmannasambandsins sem rannsaka starfsemi þjóðþinga. Undirbúningur og vinna að verkefnum skal fara fram með samráði og í náinni samvinnu þessara aðila.

Samtök skrifstofustjóra hafa sjálfstæða stjórn, en fjárhagsáætlun þeirra skal vera hluti af fjárhagsáætlun Alþjóðaþingmannasambandsins og reglur, sem þau setja sér, skulu samþykktar af ráði Alþjóðaþingmannasambandsins.

VIII. KAFLI

Lagabreytingar.

27. gr.

Tillögur til breytinga á lögum skal senda aðalskrifstofu sambandsins skriflega að minnsta kosti þremur mánuðum áður en þingið kemur saman. Aðalskrifstofan skal þegar í stað senda breytingartillögurnar til þjóðdeilda. Slíkar tillögur fara sjálfkrafa á dagskrá þingsins.

Breytingartillögur við lagabreytingartillögur skal senda aðalskrifstofu skriflega að minnsta kosti sex vikum áður en þingið kemur saman. Aðalskrifstofan skal þegar í stað senda allar slíkar breytingartillögur til þjóðdeilda.

Þingið greiðir atkvæði um breytingartillögur, að fengnu áliti ráðsins, sem samþykkt skal þar með einföldum meiri hluta, og þarf ⅔ atkvæða á þinginu til að slíkar tillögur nái fram að ganga.

Sþ. 115. Tillaga til þingsályktunar [111. mál]

um forkönnun á gerð jarðganga milli lands og Eyja.

Flm.: Árni Johnsen, Guðmundur H. Garðarsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Halldór Blöndal, Eggert Haukdal, Salome Þorkelsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera forkönnun á gerð tveggja akreina jarðganga milli Vestmannaeyja og lands. Kannaðir verði tæknilegir möguleikar, hagkvæmni og fjárhagsleg arðsemi með tilliti til fólks- og vöruflutninga.

Greinargerð.

Vestmannaeyjar hafa frá aldamótum óslitið verið ein afkastamesta verstöð landsins með miklum tilþrifum í útgerð og atvinnulífi. Umfangsmiklir flutningar hafa átt sér stað um langt árabil milli lands og Eyja, bæði fólksflutningar og vöruflutningar, og á síðustu árum lætur nærri að um 120 þúsund manns ferðist árlega milli lands og Eyja með flugvélum og skipum en íbúar eru um 5000.

Nú stendur yfir forkönnun á gerð jarðganga undir utanverðan Hvalfjörð og fæst þar væntanlega reynsla sem má nýta við önnur neðansjávargöng. Þar er bæði litið til ganga í bergi og stokks eða pípu á botni. Kostnaður er áætlaður um þrír milljarðar króna fyrir fimm km berggöng og svipað fyrir tveggja km stokk og fyllingar yfir fjörðinn. Sjávardýpi á áætluðu gangasvæði er mest 40 m, en dýpi á fast berg er mest 100 m og dýpi á göng yrði þá mest 130–140 m.

Milli lands og Eyja eru 10 km milli stranda þar sem styst er og mesta sjávardýpi er um 90 m í Álnum. Göng í bergi þyrftu að sjálfsögðu að vera eitthvað lengri, einkum þar eð djúpt er á berg í landi. Grjótvarðar fyllingar út frá Landeyjum og Eyjum mundu hins vegar stytta stokk eða pípu á botni að miklum mun. Berggöng yrðu væntanlega að mestu í móbergi eins og við sumar virkjanir hér á landi.

Erlendis hefur undanfarin ár fengist mikil reynsla og framfarir orðið við gerð neðansjávarganga. Japanar eru þar e.t.v. fremstir í flokki, en þeir búa að mörgu leyti við svipaðar jarðfræðilegar aðstæður og Íslendingar, þ.e. virk eldfjöll og lifandi náttúru. Nýlega luku þeir við gerð lengstu jarðganga í heimi, en það eru Seikan-göngin milli eyjanna Hokkaido og Honshu. Göngin eru alls um 54 km, og þar af 23,5 km undir hafsbotni. Þá má minnast á Ermarsundsgöngin sem nú eru komin vel á veg og Stóra-Beltisgöngin eru í undirbúningi. Norðmenn eru mjög framarlega í þessum framkvæmdum og þar í landi eru fullgerð eða í byggingu a.m.k. átta neðansjávargöng fyrir bílaumferð, alls um 25 km. Þau dýpstu fara allt að 155 m undir sjávarmál, en af göngum, sem eru á skoðunar- eða undirbúningsstigi, alls yfir 100 km, fara þau dýpstu allt að 630 m undir sjávarmál. Norðmenn hafa einnig gert töluverðar rannsóknir og hönnun á flotgöngum, þ.e. pípu sem marar í kafi en er stöguð í hafsbotninn.

Forkönnun á gerð tveggja akreina jarðganga milli lands og Eyja væri æskilegt að gera í tveimur áföngum:

1. Tekin yrðu saman öll tiltæk gögn um jarðfræði svæðisins, sem eru töluverð, og tæknilegar lausnir kannaðar út frá þeim upplýsingum. Þá yrði safnað upplýsingum erlendis frá um verkefni af svipuðum toga og gerð spá um fólks- og vöruflutninga milli lands og Eyja. Kostnaður yrði metinn miðað við erlenda reynslu og hagkvæmni könnuð miðað við hugsanlega umferð um göngin. Í skýrslu um þennan áfanga kæmu einnig tillögur um framhaldsrannsóknir. Áætlaður kostnaður við þennan þátt er ein milljón kr.
2. Í öðrum áfanga yrðu gerðar rannsóknir á botni og aðstæðum í Eyjum og í landi. Gerð yrði skýrsla um hagkvæmustu tilhögun og tæknilega lausn og um staðsetningu. Þá yrði

kostnaðaráætlun endurmetin með tilliti til aukinna upplýsinga. Áætlaður kostnaður við þennan þátt er fimm milljónir króna.

Mun umfangsmeiri og dýrari rannsóknir þyrfti síðan að gera til undirbúnings framkvæmda. Til greina kemur að fela ákveðnum aðila gerð og rekstur jarðganga af stærðargráðu sem um ræðir milli lands og Eyja.

Fjöldi ferðamanna hefur farið sívaxandi til Vestmannaeyja á undanförnum árum, en samgöngur eru að mörgu leyti erfiðar vegna veðurfars, bæði með tilliti til flugferða og sjóferða. Jarðgöng milli Vestmannaeyja og fastalandsins mundu valda byltingu í samgöngum við þennan mikla athafna- og ferðamannabæ.



Sþ. 116. Tillaga til þingsályktunar [112. mál]

um hitalögn í Suðurlandsveg í Hveradalabrekku.

Flm.: Árni Johnsen, Friðrik Sophusson, Eggert Haukdal.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að kanna kostnað og hagkvæmni við hitalögn í Hveradalabrekku á Suðurlandsvegi.

Greinargerð.

Á Suðurlandsvegi, frá Reykjavík austur fyrir fjall, er slysatíðni mest á vetrum í brekkunni við Skíðaskálann í Hveradölum. Á þessu svæði er mikill jarðhiti og tiltölulega auðveldur aðgangur að honum. Með hitalögn á þessu svæði mundi slysahætta stórminnka og aukið öryggi í umferðinni er ómetanlegt. Reykjavíkurborg hefur á undanförnum árum sett hitalagnir í brattar brekkur sem eru í borgarbyggðinni þar sem hún stendur hæst. Þessi framkvæmd hefur verið með einföldum en áhrifamiklum hætti og brekkur, sem voru stórhættulegar umferð vegna ísingar og snjóa, eru nú árið um kring eins og vegur á sumardegi, en 50–60 gráðu heitt vatn hefur verið notað í þetta öryggiskerfi höfuðborgarinnar.

Kostnaður á fermetra í hituðum götum Reykjavíkurborgar er um 1.400 kr. miðað við tvö malbikslög. Þá er lagt þunnt malbikslag með raufum fyrir slöngur og síðan annað lag ofan á. Einnig hafa verið fræsaðar raufar í vegina, slöngur lagðar í og slitlag síðan lagt ofan á. Kostnaður við Hveradalabrekku, sem er um 1 km á lengd, gæti því numið um 14 millj. kr. Forvitnilegt er upp á framtíðarmöguleika að gera tilraun sem þessa utan þéttbýlis þar sem saman fer gnótt jarðhita og erfiðleikar á umferðaræð vegna hálku og snjóa.

Sþ. 117. Tillaga til þingsályktunar [113. mál]

um einkarétt og íslensk sérkenni í skráningarkerfi bifreiða.

Flm.: Árni Johnsen, Pálmi Jónsson, Halldór Blöndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá um að þjónusta við skráningu bifreiða verði aukin og tryggja á ný rétt bifreiðaeigenda til fastra númera, óháð endurnýjun.

Greinargerð.

Gamla skráningarkerfi bifreiða, sem var aflagt með núgildandi kerfi, var fyrirkomulag sem hafði áunnið sér sess í íslensku þjóðlífi á persónulegum grunni. Bæði miðaði gamla kerfið við staðarmerkingu að ákveðnu marki og bifreiðaeigendur áttu sitt númer svo lengi sem þeir vildu. Þetta fyrirkomulag gerði bílaflota landsmanna persónulegri því að menn sáu á bílnúmerum líkur fyrir því hver væri á ferð í bifreiðinni. Á tímum sívaxandi alþjóðahyggju er rík ástæða til þess að vernda íslensk sérkenni, svipbrigði í íslensku samfélagi sem gerir það persónulegra og höfðar til þjóðernisvitundar.

Tillagan um einkarétt og íslensk sérkenni í skráningarkerfi bifreiða miðar að því að þótt bókhaldsleg skráning núverandi kerfis verði við lýði áfram geti bifreiðaeigendur, ef þeir vilja greiða fyrir þá þjónustu, keypt sér fast númer með staðarmerkingu og númeri í stíl við gamla kerfið eða t.d. með nafnskráningu. Engin vandkvæði eru á þessu miðað við núverandi kerfi því að bifreiðar, sem enn eru með gömlu númerin, eru skráðir til hliðar í núverandi skráningarkerfi. Bifreið, sem í nýja kerfinu hefði til dæmis KP-440, gæti þess vegna haft áfram gamla númerið sem kynni að vera A-2020. Gamla númerakerfið var persónulegt og auka þarf þjónustu til þess að hjálpa mönnum að halda slíku við. Í Bandaríkjunum og Sviþjóð geta menn notið slíkrar þjónustu ef þeir vilja kaupa hana. Hlaupið var allharkalega í breytingar til núverandi kerfis og full ástæða er til þess að bjóða þar upp á meiri möguleika í stíl við hefðir íslensks samfélags.

Nd. 118. Frumvarp til laga [114. mál]

um lyfjafræðslunefnd.

Flm.: Árni Johnsen, Friðrik Sophusson.

1. gr.

Markmið laga þessara er að skipuleggja og vinna að lyfjafræðslu til þess að draga úr því heilsutjóni sem misnotkun og ofnotkun lyfja veldur.

2. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, lyfjafræðslunefnd, til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti menn með þekkingu á vandamálum sem stafa af ofnotkun lyfja. Ráðherra skipar einn nefndarmann formann. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Hlutverk lyfjafræðslunefndar er:

1. Að gera tillögur til stjórnvalda um ráðstafanir til þess að sporna við ofnotkun og misnotkun lyfja.
2. Að vinna í nánu samstarfi við landlæknisembættið og Lyfjaeftirlit ríkisins.
3. Að veita alhliða leiðbeiningar varðandi lyf, m.a. með útgáfu fræðslurita og annarra fræðslugagna.
4. Að dreifa upplýsingum um skaðsemi misnotkunar og ofnotkunar lyfja.
5. Að gera tillögur til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um ráðstöfun fjár skv. 3. gr.

3. gr.

Greiða skal 1% gjald af cif-verði innfluttra lyfja og 0,8% gjald af heildsöluverði ákveðins stofns innlendrar lyfjaframleiðslu samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

4. gr.

Ráðherra setur í reglugerð, að fengnum tillögum lyfjafræðslunefndar, nánari ákvæði um framkvæmd lyfjafræðslunnar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lyfjaneysla Íslendinga hefur verið til umræðu síðustu missiri ekki síst vegna þess að fram hefur komið að Íslendingar neyti töluvert meira af sýklalyfjum heldur en nágrannaþjóðirnar. Nægir í þessu tilviki að benda á skýrslu norrænu lyfjanefndarinnar um notkun sýklalyfja á Norðurlöndum á árunum 1975–1983 en þar kemur eftirfarandi m.a. fram:



[a] Upplýsingar fyrir 1977 ekki tiltækar.

Hins vegar hefur dregið verulega úr notkun róandi lyfja á undanförnum árum og er neyslan hér svipuð því sem gerist í nágrannalöndunum.

Skýringa á óhóflegri neyslu sýklalyfja hlýtur að vera að leita í þekkingarleysi jafnt leikra sem lærðra því að ekki verður því trúað að lyfjum sé af ásettu ráði ávísað öðruvísi hér á landi en í nágrannalöndunum. Er því fyllilega tímabært að reynt verði með fyrirbyggjandi aðgerðum að stemma stigu við þessari neyslu sem hlýtur að flokkast undir ofneyslu. Rétt er og að benda á að kostnaður samfélagsins vegna þessarar neyslu er gífurlegur og að hér ætti að vera hægt að spara verulegar fjárhæðir sé fyrirbyggjandi starfi í formi fræðslu og upplýsinga komið á fót. Mjög lítið hefur farið fyrir slíku starfi til þessa og engu sérstöku fé hefur verið varið til lyfjafræðslu. Frumvarp þetta byggist á þeirri hugmynd að hægt sé að minnka verulega skaðleg áhrif lyfjaneyslu með fyrirbyggjandi aðgerðum séu þær markvissar og skipulegar. Til þess að ná því markmiði er nauðsynlegt að fela fræðslu- og upplýsingastarfið tilteknum aðila, lyfjafræðslunefnd, sem hafi til starfans ákveðnar fjárupphæðir sem séu það háar að fræðslan verði nógu öflug til að koma að gagni.

Samrýmist þetta þeim hugmyndum, sem fram koma í íslenskri heilbrigðisáætlun sem lögð var fram á síðasta þingi, að leggja beri áherslu fyrst og fremst á fyrirbyggjandi starf í heilbrigðisþjónustunni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Markmiðið er að draga úr misnotkun og ofnotkun lyfja og þar með því heilsutjóni sem af slíkri neyslu hlýst. Hér getur verið um að ræða bein áhrif á heilsu manna og ávanaáhrif sem geta verið hin sömu og hljótast af neyslu áfengis og annarra vímugjafa.

Um 2. gr.

Lagt er til að skipuð verði sérstök lyfjafræðslunefnd sem hafi það hlutverk að beita sér fyrir lyfjafræðslu til þess að sporna við misnotkun og ofnotkun lyfja. Um yrði að ræða fræðslu sem beint yrði jafnt til leikra sem lærðra og yrði hún unnin í samráði við landlækni og Lyfjaeftirlit.

Um 3. gr.

Lagt er til að varið verði sem nemur 1% af cif-verði innfluttra lyfja og 0,8% af heildsöluverði ákveðins stofns innlendrar lyfjaframleiðslu til fræðslustarfsins. Cif-verð lyfja á árunum 1984-1987 var sem hér segir:

1984	345 millj. kr.
1985	460 millj. kr.
1986	627 millj. kr.
1987	805 millj. kr.

Reikna má með að þáttur innlendu lyfjaframleiðslunnar sé um 10% af cif-verði innfluttu lyfjanna. Miðað við árið 1987 hefðu 8–9 milljónir króna verið til ráðstöfunar fyrir lyfjafræðslunefnd.

Um 4. gr.

Þegar reynsla kemst á lyfjafræðslustarfið kann að reynast nauðsynlegt að setja frekari og fyllri ákvæði um starfsemi lyfjafræðslunefndar og er gert ráð fyrir því að hægt sé að setja þau með reglugerð.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Sþ. 119. Tillaga til þingsályktunar [115. mál]

um áætlun um varnargarða gegn landbroti sunnan nýju Markarfljótsbrúarinnar.

Flm.: Árni Johnsen, Egill Jónsson, Halldór Blöndal,
Guðmundur H. Garðarsson, Eggert Haukdal, Eyjólfur Konráð Jónsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að fela Vegagerðinni að gera áætlun um byggingu varnargarða gegn landbroti sunnan nýju Markarfljótsbrúarinnar.

Áætlunin liggi fyrir áður en endanlega verður lokið við hönnun brúarinnar, brúarstæði og fjármögnun. Áætlunin miði að stöðvun landbrots neðan Markarfljótsbrúar og flóðahættu vestur og austur með strandlengjunni.

Greinargerð.

Stórfelldar landskemmdir hafa orðið á undanförnum árum á ræktuðu landi sunnan Markarfljótsbrúar, en á nær hálfrar aldar tímabili hefur landbrot við neðanvert Markarfljót átt sér stað á þúsundum hektara, en landbrotið er mest á 8 km löngu ræktuðu landi og þar hefur fljótið rutt sér allt að tveggja kílómetra leið til vesturs. Verulegt landbrot hefur einnig orðið austan fljótsins. Eins og landið er nú óvarið vestan fljótsins er mikil flóðahætta vestur með strandlengjunni allt vestur á Krosssand og þar með er byggð í Austur-Landeyjum og Vatnsveita Vestmannaeyja á ströndinni í verulegri hættu. Sveitarstjórnir á svæðinu hafa hvatt til þess að ráðist verði í gerð varnargarða vegna landbrotsins og fyrrgreindrar hættu.

Vegagerð ríkisins hefur undirstrikað að smíði nýrrar brúar yfir Markarfljót og bygging nýs vegarstæðis að brúnni sé með arðsömustu framkvæmdum í vegagerð á Suðurlandi. Áætlað er að framkvæmdir við brúna hefjist á næstu árum, en allt mælir með því að þeim framkvæmdum verði flýtt. Gamla brúin er farin að gefa sig og um hana er eina leiðin yfir Markarfljót. Framkvæmdir við varnargarða á svæðinu ofan og neðan brúar eru tengdar brúarframkvæmdinni sjálfri og kalla á framkvæmdir vegna flóðahættu, leiðin með suðurströndinni styttist allnokkuð með nýju brúnni og ekki er unnt að ljúka lagningu varanlegs slitlags frá Landeyjum og undir Eyjafjöll fyrr en með smíði brúarinnar.

Fordæmi eru fyrir því í framkvæmdum Vegagerðar ríkisins að í stærri verkefnum á sviði brúarsmíði gangi Vegagerðin einnig frá smíði nauðsynlegra varnargarða. Vegagerðin hefur þegar undirbúið gerð varnargarða ofan Markarfljótsbrúarinnar og er því eðlilegt að Vegagerðin sjái jafnframt um áætlanagerð neðan brúar þótt hluti áætlunar hljóti að verða unninn í samvinnu við Landgræðslu ríkisins eins og lög gera ráð fyrir. Mikilvægt er að bygging varnargarða neðan Markarfljótsbrúar verði ákveðin samhliða brúarsmíðinni eða í nánum tengslum við hana til þess að nýta vélakost og flýta brýnu verki.

Markarfljót er tíunda vatnsmesta fljót landsins með um 60 rúmmetra rennsli á sekúndu. Á einum sólarhring skilar fljótið um 5 milljónum tonna af vatni til sjávar og á einum sólarhring ber fljótið fram um 6000 tonn af sandi eða um 250 tonn á klukkustund að sögn dr. Hreins Haraldssonar sem hefur skrifað doktorsritgerð um Markarfljót. Þarna er á ferð mikið magn af vatni og sandi og því rík ástæða til þess að bregða við með viðráðanlegum aðgerðum áður en yfirvofandi hætta verður að vandamáli.

Meðfylgjandi fylgiskjal er grein Grétars Haraldssonar bónda í Miðey í Landeyjum, en hann er gjörkunnugur þróun landbrots við Markarfljót um áratuga skeið.

Fylgiskjal.

Grétar Haraldsson:

MARKARFLJÓT

Langt inn á fjöllum, hundrað kílómetra frá sjó, á upptök sín fljót. Sá staður, sem hér er átt við, heitir Hrafntinnusker, fyrirferðarmikil og há bunga, 1128 metrar yfir sjó, og telst hún til Torfajökulssvæðis. Frá rótum þessa fjalls rennur Fljótið, en svo er það nefnt þarna, meinleysislegt og lygnt, en svo bætast í það heil ósköp af ám eftir að ferð þess er hafin hina löngu leið til sjávar.

Fyrst eru það kvíslarnar í Reykjadölum, svo koma Blautakvísl, Laufalækur, Hagafellskvísl, Ljósá, Hvítmaga, Torfakvísl, Bratthálskvísl, Bláfjallakvísl, Kaldaklofskvísl, Innri-Emstruá, Þverá, Fremri-Emstruá, Ljósá, Þröngá, Gilsá, Krossá, Steinholtsá og Jökulsá.

Á þessari leið hefur nafn þess lengst í Markarfljót og nú er það löngu hætt að vera meinleysislegt. Það hefur grafið sér djúpan farveg, grjótmylsna, sem það ber með sér, sagar og sagar aldirnar út í gegn. Bakkarnir orðnir allt upp í tvö hundruð metra háir þar sem það hefur ekki getað fært sig úr stað.

En eftir að það kemur niður úr fjöllunum horfir málið öðruvísi við, þangað færði það jarðefni og setti á sjávarbotn svo upp komu víðar lendur, sem seinna urðu grasigrónar og víst víðivaxnar. Og sjá, menn komu siglandi og settust að á sléttunum hjuggu viðinn og gerðu sér hús.

En fljótið átti þennan stað, það lék sér um hann til og frá óbeislað og frjálst, svo ýmist varð svartur sandur þar sem það fór um eða greri á milli á meðan það var annars staðar.

Þannig urðu til dæmis Landeyjarnar til. Bæirnir voru byggðir þar sem hærra var og bera sumir nafn kennt við Hólma og Ey, en landið, sem lægra liggur, er sums staðar kennt við fljótsfarvegi.

Stundum vildu mennirnir ráða yfir fljótinu, þeir settu sand í poka eða heybagga í farveg þess, stundum bar það árangur og fljótið fann sér annan farveg. Á vetrum var líka stungin skán úr gripahúsum og hlaðið í dyrnar svo fljótið kæmi ekki inn.

Þannig var sjálfsagt barist öld af öld, sambúðin við það misjafnlega erfið eftir því hvar búið var, vatnsmagnið mismikið, mikill munur þar á. En svo hóf tæknin innreið sína og Markarfljót fór að hlýða mönnunum, þeir gerðu garða, stærri og styrkari eftir því sem styrkur vélanna óx, og nú ráða þeir rennsli hinnar miklu elfar, svo langt sem vilji þeirra nær, og þar kom reiðarslagið.

Greinarhöfundi finnst endilega að vilji þeirra, sem valdið hafa yfir fjármagni, þurfi að ná lengra því Markarfljót er í dag mikill skaðvaldur.

Frá því ráðamenn í þeim málum hófu að gera garða við það hefur það látið mátt sinn og heift yfir að vera í fjötrum að nokkru leyti bitna á grasivöxnu fallegu landi annars staðar, landi sem gaf líf fólki og fénaði.

Þar sem nú er orðinn aur vegna þess að Markarfljót flæmdist þar um, sjálfsagt á annað hundrað þúsund hektarar, lifði fénaður ekki verr en á öðrum stöðum. Þetta var valllendi þakið bragðgóðu grasi, en ekki var þar nægisgott fyrir heimafénað vegna ágangs úr nágrenninu, skepnur sem einu sinni komu þangað komu aftur og aftur. Ekki hefði þurft að grafa skurði til að rækta þetta land og milt hefði það verið undir tönn tækjanna.

Þú sem lest þetta hugsar máski úr fjarlægð vegna þess sem hér er um fjallað að ekki vanti haga nú á tímum offramleiðslu.

Ég sem þessar línur rita vil með þeim sýna þér að þetta mál er alvarlegt, þarna eru farin í sand stór flæmi sem áður voru græn og falleg og eftir því sem aurinn stækkar verður eyðilegging örari.

Markarfljót malar niður bakkana sandborna og hleður undir sig, hækkar sjálft sig uns það lónar upp á þá, og finnur sér nýjar leiðir. Þess á milli tekur það til við að bera með sér fram það sem rutt hefur verið niður og þá myndast mjög háir bakkar. Þá hefur kannske orðið til rás einhvers staðar úti á aurnum þar sem það unir sér í einhvern tíma. Þannig hefur það fært sig til og frá svo skiptir kílómetrum síðan farið var að hafa áhrif á rennsli þess síðustu fjörutíu fimmtíu árin. Af þessari sandauðn fýkur svo yfir grasið sem nálægt er og gerir eyðilegginguna fljótvirkari. Þetta er ljótur sannleikur um sinnuleysi þeirra sem þarna gátu og geta stoppað af eyðilegginguna, því það er hægt að hemja vatnið, en það verður ekki auðveldara eða auðunnara eftir því sem lengra líður. Einhvern tíma verður það að gerast, því Markarfljót veit

um mátt sinn og sparar hann ekki í hamförum sínum. Óðum minnkar Tjarnarhólminn sem hér hefur verið fjallað um og þá taka við Landeyjar.

Enn er ótalin Vatnsveita Vestmannaeyja, hún liggur frá Syðstu-Mörk og út úr Landeyjasandi. Nú hefur Markarfljót útfall þar miklu fjær en var fyrir nokkrum árum, en álar þeir, sem það rann saman við, höfðu í vetur leið útfall eitt til tvö hundruð metra frá dælustöð Vatnsveitunnar.

Þarna niður við sjó gerast líka hamfarir, sjórinn kemur með fíngerðan fjörusandinn og hleður honum upp og stíflar farveg fljótsins, uns það hefur safnað í sig meiri styrk, þá opnar það sér leið gegnum sjávarkambinn, þar sem auðveldast er, hvort heldur er nær eða fjær vatnsveituhúsi, sem eins og er skilur á milli hvort lífvænlegt er í Vestmannaeyjum eða ekki. Og hvað er svo til ráða?

Nú þegar þarf að gera garða út á aurnum til að bægja vatninu frá graslendi því sem það liggur við og brýtur stöðugt niður, sem um leið mundu þá stýra rennsli þess áfram. Það þarf ekki að vera mjög kostnaðarsamt því auðunnið verk er að ýta upp þeim jarðvegi sem þarna er. Það sýnist vera að stór jarðýta geti gert heilmikið á degi, einnig sýnist vera fljótlegt að gera rásir í aurinn til að stjórna rennsli árinnar. Þeir sem fóru þarna um sáu hvað það hafði mikil áhrif á rennslið til ótrúlega langs tíma er þurfti að veita vatninu vegna viðgerða á varnargarði við Seljaland. Garðar gerðir á réttum stað í samræmi við heildarskipulag þyrftu ekki að vera langir eða miklir í upphafi, síðan má bæta við þá, bæði lengja þá og styrkja.

Sumir halda því fram að ekkert sé hægt að gera þarna niður frá fyrr en komin er ný brú á Markarfljót. Þetta er ekki rétt, vegna þess hvað svæðið er breytt sem rennsli þess færist til um, frá austri til vesturs, og vegna þess hvað vatnsmagnið er mismikið. Það er auðvelt með þessum stóru verkfærum, sem nú eru til, að breyta rennsli fljótsins á meðan unnið er við það. Þannig má færa það allt að vesturbakkanum, á meðan gerður er farvegur austar á aurnum, þar sem því yrði ákveðinn staður. Og þá er stutt í grjótnámu, þar sem er hin heljarmikla náma, sjálf Eyjafjöll. Með þessu móti þarf ekki að nota neina brú til að keyra grjóti á varnargarða þá sem hér um ræðir. Svo eftir að leið fljótsins hefur verið ráðin og hún gerð, þá má þegar það er vatnslítið færa það á sinn stað og þá grefur það sig niður beina braut til sjávar.

Auðvitað gerist þetta ekki svona í fyrsta áfanga, Markarfljót hleypur út undan sér á meðan það á möguleika á því, en smám saman vinnst það ef vilji er fyrir hendi.

Frá Stóra-Dímoni að Markarfljótsbrú liggur varnargarður gerður af manna höndum. Fyrstu árin var hann stundum að bresta, en nú um áratuga skeið hefur hann staðið óskemmdur, þó að oft liggi Markarfljót í miklum ham allt við hann, enda búið að setja mikið grjót þar á. Vatnið rennur á grjóti og getur ekkert grafið sig niður. Þarna er sönnun þess að hægt er að hemja hina sterku óhemju Markarfljót sem réð svo miklu allt frá Þjórsá og austur með öllum Eyjafjöllum.

Frá bernsku heyrði greinarhöfundur nábúa fljótsins tala um stokkun þess í beinan og tiltölulegan þröngan farveg og þá bæri það með sér hreyfingu þá, sem alltaf er á jarðefnum við botn þess, alla leið til sjávar og græfi sig niður eins og dæmin sanna þar sem þrengt er að því.

En vissulega voru á sínum tíma deildar meiningar um það eins og svo margt annað. Varnir voru í mörgum tilfellum framkvæmdar á þann hátt að malargörðum var ýtt upp þannig að þeir vísuðu á ská á stefnu vatnsrennslis og síðan var ekið grjóti á þá til styrkingar vatns megin í stað þess að leggja þá með fram ánni í sömu stefnu og henni var ætlað að renna. Með þessu móti var hægt að setja garða bara þar sem helst þurfti til varnar og svo var bil á milli þeirra. Síðan voru þeir lengdir og styrktir eftir því sem fjármagn leyfði. En ókostur þessa var að þegar áin rann frá enda garðsins þá vildi hún halda sömu stefnu og réðst á bakkann hinum megin. Því var eðlilegt að bændur á sunnanverðum Hólmabæjum væru ósáttir við það þegar vatninu var að því er virðist beinlínis veitt á jarðir þeirra með görðum við Dalsás, við

Kattarnef og syðst með þriggja kílómetra garði við Seljalandsmúla. En hans stefna er að miklum hluta beinlínis á Tjarnabæinn sem var.

Til þess að afstýra þessum óskaplegu skemmdum, sem orðnar eru, hefði auðvitað þurft að setja garða til varnar hinum megin líka, en það er ógert enn þarna suður frá eins og þegar hefur verið sagt.

Allt garðakerfið við Markarfljót er orðið mikið mannvirki, það nær innan frá Þórólfsfelli nyrst og um það bil sjö kílómetra frá sjó syðst. Á meðfylgjandi korti má sjá hvernig það vinnur örugglega það sem því er ætlað, en vitanlega þarf það eftirlit og endurbætur eftir því sem reynslan kennir. Og þá geta þeir sem eru í skjóli þessa kerfis verið óhultir fyrir Markarfljóti í öllu venjulegu. Enda verður svo að vera þar sem um gamla farvegi þess liggur sjálfur hringvegurinn, vegur nr. 1.



Svörtu strikin sýna varnargarðana.

En brúin yfir Markarfljót er alls ófullnægjandi, hún er meira en hálfrar aldar gömul, byggð þá er bifreiðir voru allt annarrar gerðar en nú er og miklu léttari, og ætluð til að bera svo miklu minni þunga en bifreiðir þær sem nú aka þarna um. Samt má hún ekki bresta. Á hennar fótum, er staðið hafa svona lengi og mátt þola stríðan straum vatnsins, núning grjótmylsnunnar sem berst með botninum og jakana í hamförum leysinganna, hvílir umferðin frá og til alls Suðurlands austan við hana og til Austurlands að ógleymdri húsvatnsveitu Vestmannaeyja og Landeyja.

Það er nauðsyn að gera nýja brú á Markarfljót og nýja vegi báðum megin við hana, enda eru þeir á eftir öðrum vegum óslitlagðir og holóttir og ekki lagfærðir vegna þess að fyrir liggur að gera brú og færa veginn sem verður þá nálægt sex kílómetrum sunnar en nú er og við það styttist hringvegurinn um sex kílómetra.

Af framansögðu er ljóst að mörg verkefni eru óleyst en aðkallandi við Markarfljót. Vantar peninga, vantar peninga, segja ráðamenn, en hvað með allan þungaskattinn og bensíngjaldið sem hinir mörgu vegfarendur sem aka um Suðurlandsveg greiða. Ströndin er hafnlaus frá Stokkseyri eða öllu heldur væri rétt að segja ef miðað er við nýtanlega höfn frá Þorlákshöfn að Höfn í Hornafirði. Því er það réttlætismál að gera hinn fjölfarna Suðurlandsveg sem bestan.

Um Markarfljótsbrú fóru að meðaltali 275 bílar hvern einasta dag allt árið 1985. Þeir keyrðu sex kílómetrum lengra þarna yfir heldur en verður þegar gerð hefur verið ný brú því þá styttist leiðin um þessa vegalengd eins og áður hefur verið getið. Ef þessar tölur eru svo margfaldaðar, þ.e. 6 x 275 eru það 1650 kílómetrar á dag allt árið sem er 239 kílómetrum lengri vegalengd en hringvegurinn í kringum landið. Svona er dýrt að vera fátækur. En verðum við ekki alltaf fátæk ef við framkvæmum ekki það sem arðbært er að framkvæma?

Skoðum málið frá þeirri hlið. Meiri hluti þeirra bíla, sem aka þarna um, er auðvitað fjölskyldubílar sem við getum kannske sagt að ekki kosti meira að aka en 12 kr. á km — varla er hægt að fara neðar ef raunhæft á að meta. En einnig fer þarna um mjög mikið af stórum bílum, gæti verið ⅓ til ¼ hluti af umferðinni. Þá er ekki ólíklegt að helmingur þeirra dragi vagna sem sýnist þá vera bílar á lengri leiðum, þ.e. bílar frá Austurlandi. Taxti vörubíla mun vera nálægt 40 kr. á km en taxti vörubíla með vagna nálægt 60 kr. Ef þessar forsendur eru notaðar kostar þessi sex kílómetra krókur umferðina á bilinu frá 32.340 kr. til 35.478 kr. alla daga ársins sem þýðir 11,8 til 12,9 milljónir króna á ári, eftir því hvað stórir bílar eru mikill hluti af umferðinni. Þarna er miðað við umferðina árið 1985 eins og fyrr segir, en sjálfsagt var hún meiri 1986.

Ef farið væri nú fljótlega í að leggja nýjan veg frá Ossabæ að Seljalandsmúla, gera garða við Markarfljót að brú og brú yfir það segir áætlun að það muni kosta kringum 120 milljónir króna. Það er upphæð sem umferðin á leiðinni frá núverandi brú að Seljalandi greiðir á 9,3 til 10,2 árum samkvæmt ofansögðu, þessir 1650 kílómetrar á dag. Já, það er dýrt að vera fátækur.

Á liðnum árum hefur oft og víða verið rætt um nauðsyn aðgerða við Markarfljót. Landbrot af völdum þess verður að stöðva. Sveitarstjórnir báðum megin fljótsins hafa sent yfirvöldum beiðni um aðgerðir, en það hefur hreint ekkert verið gert til varnar þar sem þörfin er mest. Alþingismenn, landgræðslustjóri og verkfræðingar hafa farið og litið á skemmdirnar, talað um að aðgerða sé þörf, en svo ekki meir. Samgöngunefnd samtaka sunnlenskra sveitarfélaga leggur áherslu á að varnir og stokkun Markarfljóts hafi algjöran forgang. Núverandi ráðherrar bæði fjármála og samgöngumála landsins hafa í blaðagreinum lýst yfir að eðlilegt sé að varnargarðar verði styrktir og gerðar ráðstafanir til að girða fyrir landeyðingu, svo og áhuga á að hraða framkvæmdum við brúargerð, samt gerist ekkert í þeim málum.

„Reistu í verki viljans merki, vilji er allt, sem þarf," sagði Einar Benediktsson. Þessi orð hafa mikið verið notuð upp á síðkastið og þá vegna þess hvað þau eiga víða við. Ég leyfi mér að segja að þau eiga líka við hér. Það stendur ekki til að gagnrýna annað sem tekið hefur verið

fyrir að gera, en það er stór ábyrgðarhluti að gera ekkert í því fyrr en árið 1989 til 1990 að hefja framkvæmdir við fljótið eins og áætlanir herma. Stórflóð, að ekki sé nú talað um náttúruhamfarir svo sem jarðskjálfta eða eldgos, eru hættuleg heilsu hinnar gömlu Markarfljótsbrúar og ef hún gefst nú upp á að standa hvað þá með mjólkurflutninga austan hennar og alla aðdrætti, hvað þá með vatnið til Vestmannaeyja og Landeyja?

Þannig mætti áfram halda, en það verður ekki gert hér, heldur aðeins borin fram von um að menn, sem mega, vilji vinna þessu máli það sem nauðsynlegt er á meðan enn er eftir túnið á Tjörnum og á meðan enn stendur Markarfljótsbrú sem vígð var árið 1934. Æð vatns og umferðar um Suðurland og Vestmannaeyjar, þar sem unninn er svo mikill hluti af sjávarafla sem talinn hefur verið undirstaða alls velfarnaðar á Íslandi.

Sþ. 120. Tillaga til þingsályktunar [116. mál]

um könnun á áhrifum steinatöku í náttúru Íslands og hertar reglur í þeim efnum til náttúruverndar.

Flm.: Árni Johnsen, Salome Þorkelsdóttir, Egill Jónsson, Kristinn Pétursson.

Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra að láta Náttúrufræðistofnun Íslands kanna áhrif steinatöku á náttúru Íslands. Hert verði eftirlit með steinatínslu til varnar náttúruskemmdum og tollgæslu falið að fylgjast með útflutningi á íslenskum steinum.

Greinargerð.

Allt bendir til þess að steinatínsla sé nú orðin til skaða á nokkrum stöðum á landinu og vitað er að erlendir ferðamenn og íslenskir aðilar flytja út íslenska steina í stórum stíl og selja á erlendum markaði. Í erlendum ritum steinasafnara hefur það aukist undanfarin ár að birt eru kort og greinar frá Íslandi um forvitnilegustu steinatínslusvæði og er þar víða um að ræða svæði sem eru með sjaldgæfum steintegundum og í sumum tilvikum svæði þar sem bannað er að tína steina. Engin sérstök könnun hefur farið fram á vegum íslenskra vísindamanna. Dr. Sveinn Jakobsson, jarðfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, telur fulla ástæðu til þess að kanna skipulega áhrif steinatöku á náttúru Íslands og er Náttúrufræðistofnun Íslands reiðubúin til þess að taka það verkefni að sér. Samkvæmt kostnaðaráætlun dr. Sveins má áætla að slík könnun kosti um 170 þús. kr. (verðlag í des. 1986).

Meðfylgjandi er kostnaðaráætlun frá Náttúrufræðistofnun á könnun sem hægt er að draga ályktanir af og grípa til aðgerða eftir og einnig fylgir greinargerð dr. Sveins Jakobssonar um málið.

Fylgiskjal I.

Náttúrufræðistofnun:

Athugun á áhrifum steinatöku á Íslandi.

Aukakostnaður (verðlag des. 1986):	
Laun BS-jarðfræðings, 2 mánuðir	67.000
Laun BS-jarðfræðings, yfirvinna	13.500
Laun BS-jarðfræðings, dagpeningar í 30 daga	33.000
Akstur, 3.000 km	35.000
Ýmislegt, útbúnaður o.fl.	20.000
Alls	168.000

Fylgiskjal II.

Dr. Sveinn Jakobsson:

Greinargerð um steinatöku á Íslandi.
(5. des. 1986.)

Steinn (steintegund) merkir í þessari greinargerð það sem á ýmsum öðrum málum heitir *mineral*: það fasta efni eða efnasamband sem finnst sjálfstætt í náttúrunni og ekki er af lífrænum toga.

Ísland hefur um langan aldur verið vel kynnt vegna fallegra holufyllinga, þ.e. steintegunda sem myndast hafa í holrými bergs við jarðhitaummyndun. Algengustu holufyllingarnar eru kvarssteinar, kalsít (silfurberg) og geislasteinar. Hér á landi eru þekkt 12 afbrigði kvars, 2 afbrigði kalsíts, en geislasteinar skiptast í 20 tegundir. Auk þess eru fágætari tegundir holufyllinga, en þær skipta mörgum tugum.

Holufyllingar er einkum að finna í bergmyndunum frá tertíertíma. Þessi svæði eru mikilvægust: Austurland, frá Hornafirði í Borgarfjörð eystri; Suðvesturland, frá Esju í Norðurárdal í Borgarfirði; Austur-Barðastrandarsýsla, frá Kollafirði í Gufufjörð; og Eyjafjarðarsýsla, frá Svalbarðsströnd í Siglufjörð. Síðan eru margir einstakir staðir utan þessara svæða sem of langt mál yrði að telja upp hér.

Bergmyndanir eru víðast hvar viðkvæmar fyrir steinatínslu. Stafar þetta af því að endurnýjun er mjög hæg. Það dæmi skal tekið að sé venjuleg fjallsskriða hreinsuð af holufyllingum má ætla að nokkrir áratugir líði áður en allt er komið í samt horf á ný.

Ásókn í þessar holufyllingar hefur aukist til muna, einkum undanfarinn áratug. Fyrir þessu eru eftirfarandi ástæður helstar: Áhugi almennings á steinafræði hefur vaxið mjög hér á landi, samfara auknum ferðalögum innan lands. Áhugi útlendinga á íslenskri steinafræði hefur aukist, m.a. vegna greina sem birst hafa í erlendum tímaritum um íslenska steinafræði.

Ástæða er til að ætla að steinatínsla sé nú orðin til skaða á nokkrum stöðum á landinu, einkum í Berufirði, Eskifirði, Breiðdal, Hvalfirði og á Hjallahálsi (milli Þorskafjarðar og Djúpafjarðar). Auk þess hefur öll umgengni á þessum stöðum versnað. Yfirleitt er útlendingum kennt hér um, en telja má öruggt að áhrif þeirra séu orðum aukin. Stór hópur Íslendinga fæst nú við steinasöfnun. Þannig eru nú 75 íslenskir steinasafnarar á skrá hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, en ætla má að þeir fari í söfnunarferðir reglubundið. Hitt ber á að líta, að söfnun útlendinga er alvarlegri að því leyti að sýnishornin hverfa úr landi.

Örðugt er að leggja hér fram ákveðnar tillögur til úrbóta án þess að kanna þessi mál nánar. Einar Þórarinsson, safnvörður í Neskaupstað, hefur rannsakað steinatöku á svæðinu frá Borgarfirði eystri til Hamarsfjarðar (skýrsla, mars 1981), en nauðsynlegt er að kanna allt landið í þessu tilliti, og þá ekki síður óbyggð svæði sem byggð. Sem dæmi má nefna að steinatínsla er veruleg í Hvalfirði, en engar kvartanir hafa borist þaðan vegna þess að ekki er um byggð svæði (bújarðir) að ræða.

Athuga þarf gaumgæfilega hvort friða eigi ákveðin svæði fyrir steinatínslu. Steintegundir eru mjög mismunandi að stærð, sama tegundin er í sumum tilvikum aðeins brot úr millimetra í þvermál, í öðrum tilvikum tugir sentimetra á lengd. Það er því ekki gerlegt að friða ákveðnar tegundir. Huga þarf að þýðingu fræðslustarfs í samráði við Náttúruverndarráð. Einnig má athuga hvort herða eigi eftirlit með farangri útlendinga, einkum á Seyðisfirði.

Sþ. 121. Tillaga til þingsályktunar [117. mál]

um sérstakt veiðieftirlitsskip.

Flm.: Árni Johnsen, Matthías Á. Mathiesen, Salome Þorkelsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa nú þegar rekstur sérstaks veiðieftirlitsskips og kaupa eða leigja togara í því skyni eða láta Hafþór sinna því verkefni sem er hið brýnasta í sjávarútvegi Íslendinga í dag vegna smáfiskadráps. Hraðskreitt fiskveiðieftirlitsskip taki til starfa á árinu 1990.

Greinargerð.

Á vegum sjávarútvegsráðuneytisins starfa 17 menn við veiðieftirlit. Tveir til þrír þeirra eru við störf á skrifstofu, taka á móti skýrslum, svara fyrirspurnum útgerðarmanna um kvóta, reyna að koma upp um kvótasvindl, fylgjast með síldveiðum og fleira. Þriðji eftirlitsmaðurinn starfar fyrir loðnunefnd.

Þrettán eftirlitsmenn skiptast á að fara út með togurum og fara í hinar ýmsu verstöðvar úti um land.

Á togurum er reynt að vera með ekki færri en þrjá menn í senn og fer þá einn austur, annar norður og þriðji til Vestfjarða.

Ætlast er til að lengdarmælingar á þorski séu gerðar minnst tvisvar á dag og oftar ef þurfa þykir. Stærðarmörkin eru að ekki sé meira en 25% af 200 þorska úrtaki undir 55 sm að lengd.

Í verstöðvum eiga eftirlitsmenn að fylgjast með smáfiski, vigtun fisks, samsetningu á afla dragnótabáta, fjölda neta í sjó (sem er óframkvæmanlegt) og öðru af svipuðum toga.

Fiskifræðingar Hafrannsóknastofnunar ákveða lokanir eftir tillögum eftirlitsmanna. Níu fiskifræðingar skipta þessu starfi á milli sín og er hver á vakt tíu daga í senn, svo að nýr maður þarf að setja sig inn í málin á tíu daga fresti. Enginn einn aðili hefur það að aðalstarfi að stjórna eftirlitinu.

Upplýsingaöflun hefur versnað til muna eftir að ríkismatsmenn voru lagðir af og veiðieftirlitsmenn sjávarútvegsráðuneytisins hafa lítinn sem engan tíma til þess að bera saman bækur, miðla upplýsingum hver til annars og gefa góð ráð til aukins árangurs.

Eftirlitsmaður sem fer á veiðar með togara er algjörlega háður ákvörðunum skipstjóra sem einn ræður ferðinni. Skipstjórinn getur, ef hann vill, breytt ákvörðun sinni, hætt við að veiða þorsk og farið á karfaveiðar austur í Rósagarð eða suður á Reykjaneshrygg.

Ákvörðun um skyndilokun í viku er tekin eftir því hve mörg prósent eru undir 55 sm, hve mörg skip eru á slóðinni og aflamagni. Ef t.d. fiskur undir 55 sm er undir 40% af 200 þorska úrtaki er talið þrisvar til að fullvissa sig um að fiskur á viðkomandi slóð sé of smár. Ef prósentan er hærri þá þykir ráðlegt að mæla með lokun fyrr. Alltaf er haft samband við fiskifræðing og honum sagðar niðurstöður og á hann að ákveða lokun svæðis.

Ýmsir annmarkar eru á þessari aðferð og er það helst að þetta gerist ekki nógu fljótt og markvisst og ætla ég að nefna fjögur dæmi:

I:

Ef menn byrja að veiða mikið á fiskislóð, hvar sem er á fiskimiðum við landið, flýgur fiskisagan um öll mið og flotinn siglir á fullri ferð, allir á þennan stað, tugir skipa.

Algengt er nú orðið að toga hvert tog allt að fjórum klukkutímum ef góður botn er, festur sjást á plotternum og á tækjum má sjá hvort varpan er ekki eins og hún á að vera.

Ef togari með eftirlitsmann togar hvert hal í fjóra tíma líða 13 tímar þangað til gögn eru tilbúin til að láta fiskifræðinginn vita. Það getur því verið mikið magn af smáfiski sem kannski 50 skip eru búin að afla þegar til lokunar kemur.

Svipað þessu sem ég er að lýsa gerðist á Austfjarðamiðum. Ganga af fjögurra ára fiski byrjaði að veiðast í Seyðisfjarðardýpi og gekk suður. Eftirlitsmenn lokuðu einu svæðinu á fætur öðru eftir því sem þeir höfðu upplýsingar. Veiðin færðist sífellt sunnar, alveg suður á Fót. Lokanirnar komu ekki að tilætluðu gagni. En skip sem hefði getað farið út fyrir svæðið hefði komið þarna að góðum notum.

II.

Skipstjóri með eftirlitsmann um borð hefur tilhneigingu, eftir að hafa aflað upplýsinga um afla og horfur, til að sneiða hjá því að fara þar sem meira er um smáfisk.

Dæmi um það: Togari siglir út Eyjafjörð, skipstjóri þarf að taka ákvörðun um að fara austur eða vestur er hann kemur út úr firðinum. Togarar á Sléttugrunni láta vita að þorskur sé smár og standist vart mælingu. Hann tekur ákvörðun um að halda vestur í von um að vera í friði. Þeir á Sléttugrunninu halda óáreittir áfram að veiða þann smáa.

III.

Frétt berst af því að nokkrir togarar séu að fá góðan afla á Rifsbanka. Togarar á Austfjarðamiðum eru að fá lítinn afla. Þeir hífa upp og setja stefnuna norður fyrir Langanes. Stímið er 8–10 tímar. Þá læðir einn skipstjóri því út úr sér á Rifsbankanum að þetta standist varla mælingu. Togarinn með mælingamanninn breytir stefnu út á Brettingsstað. Best að reyna þar. Til hvers er að sigla í flotann bara til þess að loka og þurfa að sigla til baka.

IV.

Algengast er að þorskur á togaraslóðum fari stækkandi eftir dýpi. Hann er smæstur upp á grunnunum en stækkar eftir því sem dýpkar niður í kantana. Nefna má sem dæmi um mælingu þorsks á Langanesgrunni. Á 115 faðma dýpi voru 30% undir mörkum, 18% á 130 föðmum, 8% á 150 föðmum og 3% á 170 föðmum.

Þetta vita menn reyndar af reynslunni en fá ekki tækifæri til að komast og mæla þar sem þörfin er þó að mælingamenn viti af skipum. Sum svæði, t.d. Digranesflak, Glettinganesflak og svæði út af Húnaflóa, mættu vera lokuð langtímum saman.

Það er augljóst að meiri árangur í veiðieftirliti fengist með því að hafa sérstakt skip til að fylgjast með smáfiski og er tilvinnandi að reyna það þá jafnvel fyrst um tíma og taka eftir það ákvörðun um framhaldið.

Þetta þyrfti að vera ganggott skip (líkt og Hafþór) með veiðarfæri, tæki og búnað, eins og aðrir togarar. Skipið héldi sig á togaraslóðum, tæki prufuhöl, þó aldrei lengri en 90 mínútur í senn, og lokaði svæðum ef niðurstöður mælinga sýndu að fiskur væri of smár, allt að viku í senn. Farið væri og lokuðu svæðin skoðuð og opnuð fyrr ef sú væri raunin að betur horfði með stærð fisks.

Þegar tími gæfist til frá því að fylgjast með smáfiskinum kannaði skipið önnur svæði, t.d. grálúðumið og djúpkanta, og miðlaði upplýsingum til flotans.

Til að fá upp í kostnað yrði fiskur seldur á mörkuðum eða settur í gáma, t.d. 1000 tonna afli á 50–70 milljónir. Gæta yrði þess að ekki hlæðust á skipið stjórar og skrifstofulið í landi.

Það vita allir sem vilja vita að smáfiskadrápið sem stundað er við landið er geigvænlegt, en það er opinbert leyndarmál að á margan hátt er spilað á það kvótakerfi sem nú er við lýði. Þar er smáfiskadrápið verst. Sumar togaraáhafnir eru svo forhertar að þær hafa aldrei séð smáfisk á togaramiðunum þótt áhöfn á skipi sem veiddi á sömu miðum skilaði nær 200 tonnum af undirmálsfiski á land, en sú áhöfn mátti eiga óskiptan smáfiskinn. Sama er að segja um frystitogarana þar sem stórherða þarf eftirlit með veiðum. Sérstakt veiðieftirlitsskip, sem er óháð stjórn annarra en veiðieftirlitsmanna og fiskifræðinga, er spor í rétta átt, mjög tímabært

spor, því hvaða gagn er að veiðieftirliti þar sem veiðimaðurinn sjálfur, undir miklu álagi útgerðar og samkeppni, ræður stund, stað og dýpi þegar mæla skal fiskinn.

Það er stórkostlegt hagsmunamál fyrir þjóðina alla að taka til hendinni nú þegar í þessum efnum, fjölga veiðieftirlitsmönnum og tryggja sjálfstæði veiðieftirlitsins með sérstöku skipi. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1990 er gert ráð fyrir heimild til þess að selja Hafþór en Hafþór er kjörið skip í það verkefni sem hér um ræðir.

Nd. 122. Frumvarp til laga [118. mál]

um áfengisfræðslu.

Flm.: Árni Johnsen, Friðjón Þórðarson.

1. gr.

Markmið laga þessara er að byggja upp skipulega áfengisvarnafræðslu til þess að draga úr því heilsutjóni sem misnotkun áfengis veldur.

2. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, áfengisfræðslunefnd, til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti menn sérfróðir um vandamál sem stafa af áfengisneyslu. Ráðherra skipar einn nefndarmann formann. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti:

Hlutverk áfengisfræðslunefndar er fyrst og fremst:

1. Að gera tillögur til stjórnvalda um ráðstafanir til þess að spyrna við misnotkun áfengis.
2. Að veita aðstoð og leiðbeiningar varðandi áfengisfræðslu, m.a. með útgáfu fræðslurita og annarra fræðslugagna.
3. Að dreifa upplýsingum um skaðsemi af misnotkun áfengis.
4. Að vinna í nánu samstarfi við áfengisvarnaráð og aðra þá sem starfa á þessum vettvangi.
5. Að gera tillögur til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um ráðstöfun fjár skv. 3. gr.

3. gr.

Skylt er að verja 2 prómillum af brúttósölu áfengis til áfengisvarnafræðslu.

4. gr.

Ráðherra setur í reglugerð, að fengnum tillögum áfengisfræðslunefndar, nánari ákvæði um framkvæmd áfengisfræðslunnar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkisstjórnin skal vinna að endurskoðun áfengislaga, nr. 82/1969, með síðari breytingum, varðandi áfengisvarnir með það fyrir augum að sett verði sérstök lög um vímuefnavarnir á svipaðan hátt og gert hefur verið um tóbaksvarnir. Endurskoðuninni skal lokið fyrir 1. janúar 1989.

Greinargerð.

Eins og flestum er kunnugt hefur áfengisneysla aukist verulega á síðustu árum hér á landi. Að sama skapi hafa skaðleg áhrif neyslunnar aukist, enda hefur lítið verið gert til þessa að sporna við skaðlegum áhrifum með forvarnastarfi þar sem lítið fé hefur verið veitt til slíkrar starfsemi. Nánast öll viðleitni samfélagsins til hjálpar hefur miðast við að veita áfengissjúk-

lingum meðferð og ýmiss konar aðstoð eftir á. Er mál sérfróðra aðila að allvel sé að þessum þáttum staðið í dag og ber að fagna því. Miklu minna hefur verið gert í því að reyna að sporna við því að menn ánetjist áfengi, fyrst og fremst vegna þess að skilning hefur skort á því að til þess þurfi fjármuni. Einnig hefur töluvert skort á að áfengisvarnafræðslan væri nægjanlega skipuleg og markviss. Nægir þar að nefna áfengisvarnafræðslu í skólum sem varla hefur staðið undir nafni þrátt fyrir ýmiss konar opinberar reglur þar að lútandi. Er því kominn tími til að áherslum verði breytt og að meira verði lagt upp úr forvarnastarfi en gert hefur verið m.a. til þess að ná fram þeim markmiðum sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin vinnur að og mælt er fyrir um í íslenskri heilbrigðisáætlun sem lögð var fram á síðasta þingi og verður væntanlega lögð fram á nýjan leik innan tíðar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Það eru engin ný sannindi að misnotkun áfengis er eitt mesta þjóðfélagsböl sem Íslendingar búa við. Gildir það bæði um áfengi sem sjúkdómsvald og ekki síður um áfengi sem félagslegt vandamál. Allt of lítið hefur verið reynt til þess að sporna við misnotkun áfengis, miklu frekar er reynt að bæta orðinn skaða. Betra er heilt en gróið og er því fyllsta ástæða til þess að ryðja nýjar brautir í áfengisvarnafræðslu sem því aðeins er mögulegt að til starfsins verði varið verulegum fjárhæðum skv. 3. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Lagt er til að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipi sérstaka nefnd, áfengisfræðslunefnd, sem hafi það að hlutverki að beita sér fyrir áfengisvarnafræðslu og öðru er henni tengist samkvæmt frumvarpinu, t.d. ráðstöfun fjár til fræðslunnar. Nefndinni er ætlað að hafa náið samstarf við áfengisvarnaráð í öllu starfi sínu svo og aðra aðila er á þessu sviði vinna, t.d. SÁÁ.

Um 3. gr.

Lagt er til að varið verði til áfengisvarnastarfsins 2 prómillum af bruttósölu áfengis. Er þetta ákvæði hliðstætt og ákvæði 15. gr. laga nr. 74/1984, um tóbaksvarnir. Um framkvæmdina mundi gilda hið sama en hún hefur gengið snuðrulaust fyrir sig.

Bruttótekjur af áfengi voru á árinu 1984, 1985, 1986 og 1988 (í milljörðum króna):

1984	1.408.541
1985	2.108.934
1986	2.653.660
1988	4.250.649

Niðurstöðutölur 1988 hefðu gefið 8,5 milljónir króna á ári til áfengisvarnafræðslu.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er lagt til að ríkisstjórnin láti vinna sérstakt frumvarp til laga um varnir gegn vímuefnum í stað þess að fela ákvæði um áfengisvarnir í lögum um framleiðslu, dreifingu og sölu áfengis eins og gert er í dag. Samkvæmt þessu er lögð til sama skipan og varðandi tóbaksvarnir. Fyllsta ástæða er til að taka til fleiri þætti en áfengi þar sem áfengi er aðeins einn hluti þeirra vímuefna sem notuð eru, að vísu sá langalgengasti. Flestir aðilar virðast sammála um að beita þurfi sömu aðferðum við varnastarfið og er því óraunhæft að taka frekar á einum þætti en öðrum.

Rétt er að benda á að mikið verk hefur þegar verið unnið á þessum vettvangi ekki síst á vegum stjórnskipaðrar nefndar um áfengismál sem skilaði tillögum fyrir um tveimur árum. Er kominn tími til að ríkisstjórnin taki afstöðu til tillagnanna og marki stefnu í þessum málum í heild.

Sþ. 123. Tillaga til þingsályktunar [119. mál]

um byggingu fyrir Tækniskóla Íslands.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Árni Gunnarsson, Ingi Björn Albertsson, Ragnar Arnalds, Friðrik Sophusson, Sigríður Lillý Baldursdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta á árinu 1990 fara fram hugmyndasamkeppni um arkitektateikningar fyrir framtíðarbyggingu Tækniskóla Íslands á þeirri lóð sem hann hefur fengið fyrirheit um á Keldnaholti.

Greinargerð.

Tækniskóli Íslands tók til starfa haustið 1964. Á 20 ára afmæli skólans haustið 1984 barst honum fyrirheit frá ríkisstjórn um lóð undir framtíðarstarfsemi skólans að Keldnaholti. Síðan hefur ekkert miðað fram á við í byggingarmálum skólans. Það væri vel við hæfi í tilefni af 25 ára afmæli skólans að efna til hugmyndasamkeppni um teikningar að framtíðarbyggingu skólans á lóð hans á Keldnaholti.

Tækniskóli Íslands var stofnaður til að annast framhaldsmenntun iðnaðarmanna. Því er staðsetning hans í framtíðinni í nágrenni við rannsóknastofnanir iðnaðarins á Keldnaholti ákjósanleg. Má hugsa sér að tækja- og húsakostur rannsóknastofnana nýtist að hluta til kennslu og kennarar skólans vinni jöfnum höndum við kennslu og rannsóknastörf. Jafnframt gætu verkefni nemenda í mörgum tilvikum orðið hluti hagnýtra rannsókna sem unnið er að við stofnanir á Keldnaholti.

Á 25 ára starfsferli skólans hafa að sjálfsögðu orðið miklar breytingar á námi og kennsluháttum. Núverandi húsnæði skólans er iðnaðarhúsnæði, breidd hússins er mikil, módular stórir og henta illa framtíðarkennsluháttum. Í framtíðarhúsnæði, sem hannað væri með þarfir skólans fyrir augum, mætti ná fram hagkvæmari rekstri, hagkvæmari kennslu.

Nemendur skólans eru nú rúmlega 400, en sveiflur í nemendafjölda einstakra námsbrauta eru verulegar. Fastráðnir kennarar eru um 20, en alls hafa um 100 kennarar á hendi reglubundna kennslu. Auk þess stunda um 100 aðilar óreglulega kennslu og flytja gestafyrirlestra.

Fylgiskjal I.

Bjarni Kristjánsson rektor:

Um hlutverk Tækniskóla Íslands.
(23. febr. 1989.)

Frumhlutverk Tækniskóla Íslands er að veita iðnaðarmönnum framhaldsmenntun. Skólinn er einn um þetta hlutverk og starfið hefur sérstöðu innan menntakerfisins, bæði hvað

varðar kennslu í almennum greinum og sérgreinum. Skólinn starfar í deildum, frumgreinadeild og sérgreinadeildum. Sérgreinadeildir eru byggingardeild, heilbrigðisdeild, rafmagnsdeild, rekstrardeild og véladeild. Deildum er skipt í námsbrautir sem hefur fjölgað úr fjórum í fjórtán frá 1964–1988.

Í sem allra stystu máli er það meginhlutverk Tækniskóla Íslands að veita menntun sem leiðir til aukinnar framleiðslu og framleiðni í landinu til langframa og án þess að missa sjónar á náttúruvernd og náttúrubót, jafnframt því að auka lífsfyllingu þeirra sem skólann sækja. Starfið í heilbrigðisdeild lýtur að batnandi heilbrigðisþjónustu í þjóðfélaginu. Eftir því sem næst verður komist er árangur af 24 ára starfi í samræmi við þennan tilgang.

Hitt er þó staðreynd að þróun skólans hefur gengið of hægt. Þörfin fyrir tæknimenntun hefur aukist örar en starfsemi menntakerfisins á því sviði, svo ör og margslungin er iðnþróun í heiminum. Brýn en vaxandi þörf er fyrir vel menntaða tæknimenn sem jafnframt því að kunna skil á margs konar framleiðslutækni og framleiðsluferli hafa einnig fengið víðtæka skólun í forathugunum og markaðssetningu á almennum iðnvarningi og matvælum.

Ný námsbraut til námsgráðunnar „iðnaðartæknifræðingur“ er framlag eða svörun Tækniskóla Íslands við þessari brýnu þörf.

Fylgiskjal II.



Sþ. 124. Tillaga til þingsályktunar [120. mál]

um viðskipti og menningarsamskipti við byggðir Vestur-Íslendinga í Kanada.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að skipa nefnd er fái það hlutverk að kanna möguleika á að efla viðskipti og menningarsamskipti við byggðir Vestur-Íslendinga í Kanada.

Nefndin skili áfangaskýrslu um störf sín fyrir árslok 1990.

Greinargerð.

Það er fyrst á síðustu áratugum sem efnt hefur verið til fjölmennra ferða Vestur-Íslendinga hingað til lands og jafnframt er farið héðan í heimsóknir af ýmsu tagi vestur um haf.

Lítið mun hins vegar hafa verið um skipulagðar heimsóknir skólafólks eða vinabæjatengsl. Sáralítið mun einnig hafa verið um tilraunir til viðskiptasambanda á milli Íslands og Kanada. Væntanlega má finna einhverja leið til að efla samskiptin. Því er þessi tillaga til þingsályktunar flutt.

Sþ. 125. Fyrirspurn [121. mál]

til utanríkisráðherra um afstöðu til Kambódíu.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hver hefur verið afstaða Íslands til málefna í Kambódíu undanfarin ár?
2. Hvernig hefur sú afstaða birst á alþjóðavettvangi, m.a. hjá Sameinuðu þjóðunum?
3. Hvert er mat utanríkisráðherra á núverandi stöðu mála í Kambódíu?

Sþ. 126. Fyrirspurn [122. mál]

til utanríkisráðherra um kjarnorkuvopnalaust svæði á norðurslóðum.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvernig hefur miðað störfum vinnuhóps utanríkisráðuneyta Norðurlanda um kjarnorkuvopnalaust svæði á norðurslóðum og hvenær er þess að vænta að hann skili niðustöðum?

Sþ. 127. Fyrirspurn [123. mál]

til fjármálaráðherra um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá Hreggviði Jónssyni.

Hvernig skiptist álagning sérstaks skatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði 1989 milli einstakra kjördæma?

Einnig er beðið um upplýsingar um fjölda aðila sem álagningin nær til í hverju kjördæmi um sig.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 128. Fyrirspurn [124. mál]

til dómsmálaráðherra um Hafskipsmál.

Frá Ásgeiri Hannesi Eiríkssyni.

1. Hver er nú heildarkostnaður ríkisins af svokölluðu Hafskipsmáli?
2. Þann 6. ágúst 1987 tók sérstakur saksóknari við málinu og óskast kostnaður frá þeim degi sundurliðaður sérstaklega sem hér segir:
   a. Allur almennur skrifstofukostnaður og annar kostnaður,
   b. laun sérstaks saksóknara,
   c. laun löglærðra aðstoðarmanna.

Skriflegt svar óskast.

Ed. 129. Frumvarp til laga [125. mál]

um breyting á lögum um sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum, nr. 29/1986.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

1. gr.

Við 2. gr. bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Ef vafi þykir vera um mikilsverð sönnunar- eða lagaatriði getur dómarinn kvatt til setu í dómi með sér tvo dómendur. Sá sem kvaddur er til setu í dómi skal vera embættisdómari eða fullnægja skilyrðum 2. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka, eftir því sem við getur átt, til mála sem ákært hefur verið í og þingfest hafa verið fyrir gildistöku þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt lögum um sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum, nr. 29/1986, skal fyrir þeim dómstóli reka og dæma opinber mál vegna brota á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, og vegna brota á 173. gr. a almennra hegningarlaga.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, getur ríkissaksóknari kveðið svo á að rannsókn máls og meðferð, annað hvort eða hvort tveggja, skuli fara fram í Reykjavík eða annars staðar á landinu þar sem honum þykir best við eiga, enda þótt það skyldi annars sæta rannsókn og meðferð dómara í öðru lögsagnarumdæmi, ef mál er vandasamt eða umfangsmikið. Mál vegna meiri háttar skatta- og efnahagsbrota skulu að jafnaði sæta meðferð í Reykjavík. Í 3. mgr. sömu greinar segir að í Reykjavík geti þrír sakadómarar, annaðhvort eftir ákvörðun yfirsakadómara eða eftir boði dómsmálaráðherra, farið með mál eftir rannsókn þess og dæmt það í sameiningu, enda þyki vafi vera um mikilsverð sönnunar- eða lagaatriði.

Á undanförnum missirum hafa komið til meðferðar sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum nokkur umfangsmikil fíkniefnamál þar sem um hefur verið að ræða innflutning og dreifingu á kókaíni, en við slíkum brotum liggja þung viðurlög. Til að fylgja eftir stefnu stjórnvalda um samfellda, hraða og vandaða málsmeðferð er í 1. gr. frumvarpsins lagt til að þegar vafi þykir vera um mikilsverð sönnunar- eða lagaatriði geti dómarinn ákveðið að slík

mál séu dæmd af þriggja manna dómi, eins og heimilt er að gera séu slík mál rekin fyrir sakadómi Reykjavíkur.

Samkvæmt gildandi lögum er ekki ótvírætt að heimilt sé að fleiri en einn dómari dæmi mál sem rekin eru fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum og er því frumvarp þetta flutt.

Í 2. málsl. 1. gr. er fjallað um hæfi þeirra sem kvaddir eru til setu í dómi. Þar er lagt til að annaðhvort sé um að ræða embættisdómara eða mann/menn sem uppfylla skilyrði 2. mgr. 2. gr. laganna, þ.e. til skipunar sem sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum. Auk almennra skilyrða til skipunar í héraðsdómaraembætti skal viðkomandi hafa þekkingu á rannsókn og meðferð ávana- og fíkniefnamála.

Í 2. gr. frumvarpsins er m.a. lagt til að umrædd lagabreyting taki til mála sem þegar eru til meðferðar hjá dóminum.

Sþ. 130. Fyrirspurn [126. mál]

til fjármálaráðherra um opinbert eftirlit með lífeyrissjóðum.

Frá Alexander Stefánssyni.

1. Hvernig er háttað opinberu eftirliti með starfsemi og fjárreiðum lífeyrissjóða?
2. Telur fjármálaráðherra að núverandi eftirlit, þar með taldar fjárreiður sjóðanna, sé fullnægjandi?
3. Er þörf á lagabreytingu hvað þetta varðar?

Nd. 131. Frumvarp til laga [127. mál]

um breyting á lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, nr. 63 26. júní 1985.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Með launavísitölu, sem beitt er við framreikning greiðslumarks, sbr. 5. gr., er átt við þá vísitölu sem Hagstofa Íslands reiknar og birtir samkvæmt lögum nr. 89/1989. Launavísitala sú, sem Hagstofan birtir í mánuði hverjum, skal gilda við útreikning greiðslumarks lána frá og með fyrsta degi næsta mánaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Launavísitala samkvæmt lögum þessum skal tengd eldri launavísitölu til greiðslujöfnunar fyrsta dag næsta mánaðar eftir gildistöku laga þessara. Hagstofa Íslands skal ákveða og birta opinberlega hvernig þessar vísitölur skulu tengdar.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni Hagstofu Íslands og í samráði við félagsmálaráðherra.

Í gildandi lögum nr. 63/1985, um greiðslujöfnun fasteignaveðlána einstaklinga, er í 6. gr. kveðið á um „launavísitölu til greiðslujöfnunar“. Þessi vísitala skal að jöfnu samsett úr vísitölu atvinnutekna á mann og vísitölu meðalkauptaxta allra launþega. Launavísitala til greiðslu-

jöfnunar er metin mánaðarlega og nýtt til greiðslujöfnunar opinberra húsnæðislána en ekki í öðru skyni. Undanfarin tvö ár hefur ekki verið hægt að reikna þessa vísitölu í samræmi við fyrirmæli laganna þar sem mánaðarlegar áætlanir um vísitölu atvinnutekna og meðalkauptaxta hafa ekki verið tiltækar. Hagstofan hefur því reist vísitölu þessa á áætlunum um breytingar greiddra launa, einkum dagvinnulauna, að teknu tilliti til samningsbundinna breytinga annarra launaþátta.

Á síðastliðnu vori voru sett almenn lög um launavísitölu, nr. 89/1989. Við umfjöllun málsins í fjárhags- og viðskiptanefndum Alþingis var á það bent af hálfu Hagstofunnar að eftir gildistöku nýrra laga um launavísitölu væri æskilegt að færa ákvæði um gerð launavísitölu til greiðslujöfnunar til samræmis við ný lög um launavísitölu. Hér kemur tvennt til. Annars vegar hefur eins og áður segir ekki verið unnt að fullnægja þeim fyrirmælum um útreikning launavísitölu til greiðslujöfnunar sem fram koma í núgildandi 6. gr. laga nr. 63/1985 og hins vegar er ekki heppilegt að beitt sé mörgum opinberum launavísitölum. Af þessum ástæðum er frumvarp þetta flutt.

Frumvarpið þarfnast ekki sérstakra skýringa, en um gerð hinnar nýju launavísitölu vísast til þeirra skýringa sem fram komu í frumvarpi til laga þar að lútandi (þskj. 361 á 111. löggjafarþingi 1988–89).

Nd. 132. Frumvarp til laga [128. mál]

um breytingu á lögum nr. 47 16. apríl 1971, um náttúruvernd, lögum nr. 20 30. apríl 1986, um Siglingamálastofnun ríkisins, og ýmsum lögum er varða yfirstjórn umhverfismála.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

1. gr.

4.–6. mgr. 7. gr. laga nr. 47 16. apríl 1971, um náttúruvernd, orðist svo:

Ráðið skal ásamt Landgræðslu ríkisins vinna að gróðurvernd og hafa eftirlit með ástandi gróðurs. Getur ráðið falið gróðurverndunarnefndum slíkt eftirlit.

Ráðið skal ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar.

Þrátt fyrir ákvæði laga um landgræðslu, nr. 17 24. apríl 1965, og laga um skógrækt, nr. 3 6. mars 1955, með síðari breytingum, getur umhverfisráðherra, að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs, fyrirskipað sérstaka friðunar- og uppgræðsluaðgerðir á sviði gróður- og skógverndar skv. 4. og 5. mgr.

2. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í 2., 6., 9. gr., 1. og 2. mgr. 17. gr., 3. mgr. 21. gr., 32., 33., 35. gr. og 4. mgr. 37. gr. laga um náttúruvernd, nr. 47 16. apríl 1971, komi: umhverfisráðuneyti, og í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 6. gr. sömu laga komi: umhverfisráðherra.

3. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í 1. og 2. mgr. 4. gr. og 5. gr. laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 36 2. maí 1974, komi: umhverfisráðuneyti.

4. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 2. mgr. 9. gr. og í 3. mgr. 17. gr. laga um dýravernd, nr. 21 13. apríl 1957, komi: umhverfisráðherra.

Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í 2. og 3. mgr. 4. gr., 2. og 3. mgr. 12. gr., 1. og 2. mgr. 17. gr. og í 1. mgr. 21. gr. sömu laga komi: umhverfisráðuneyti.

5. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í 1. og 2. mgr. 7. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33 26. apríl 1966, komi: umhverfisráðuneyti.

6. gr.

Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 1. og 7. gr. laga um eyðingu svartbaks, nr. 50 18. maí 1965, komi: umhverfisráðuneytis.

7. gr.

1. gr. laga um eyðingu refa og minka, nr. 52 5. júní 1957, orðist svo:

Umhverfisráðuneytið fer með yfirstjórn mála er varða eyðingu refa og minka. Skipar umhverfisráðherra veiðistjóra er hafa skal sérmenntun á sviði náttúrufræði sem nýtist honum í starfi. Kostnaður við embætti veiðistjóra greiðist úr ríkissjóði.

Heimilt er ráðherra að fela veiðistjóra önnur störf er miða að stjórn á stærð villtra dýrastofna.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 9. gr. sömu laga komi: umhverfisráðherra.

Í stað orðanna „stjórnar Búnaðarfélags Íslands“ í 11. gr. sömu laga komi: umhverfisráðuneytis.

Brott falli síðari málsgrein 13. gr. sömu laga.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytið“ í 1. mgr. 14. gr. sömu laga komi: umhverfisráðuneytið.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneyti“ í síðari málsgrein 15. gr. sömu laga: umhverfisráðuneyti.

8. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti“ í 1. mgr. 4. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81 3. ágúst 1988, komi: umhverfisráðuneyti.

Í stað orðsins „heilbrigðismálaráðherra“ í 3. mgr. 5. gr. sömu laga komi: umhverfisráðherra.

9. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 3. og 4. mgr. 4. gr., 4. mgr. 6. gr., 4. mgr. 7. gr., 2. mgr. 8. gr., 9. gr., 1., 4. og 5. mgr. 10. gr., 12. gr., 19. gr., 22. gr., 1., 3. og 4. mgr. 23. gr., 2. mgr. 24. gr., 1. mgr. 26. gr., 5. og 6. mgr. 29. gr. og 32. gr. laga um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32 5. maí 1986, komi: umhverfisráðherra.

10. gr.

Í stað orðanna „ráðherra siglingamála“ í 4. gr. laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu, nr. 14 4. apríl 1979, komi: ráðherra umhverfismála.

11. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 2. gr. laga um bann við losun hættulegra efna í sjó, nr. 20 21. apríl 1972, komi: umhverfisráðherra.

12. gr.

Við 1. gr. laga um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20 30. apríl 1986, bætist: Umhverfisráðherra fer þó með yfirstjórn mála er falla undir 7. tölul. 2. gr. laga þessara.

13. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 23. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52 18. maí 1988, komi: umhverfisráðherra.

14. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 4. og 22. gr. laga um geislavarnir, nr. 117 24. júlí 1985, komi: umhverfisráðherra.

15. gr.

Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. og 2. mgr. 4. gr. laga um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52 29. maí 1989, komi: umhverfisráðherra.

16. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytið“ í 1. mgr. 1. gr. skipulagslaga, nr. 19 21. maí 1964, komi: umhverfisráðuneytið.

17. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðuneyti“ í 3. mgr. 1. gr., 3. gr., 4. gr., 5. gr. og í 2. mgr. 6. gr. byggingarlaga, nr. 54 16. maí 1978, komi: umhverfisráðuneyti.

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 7. og 8. mgr. 8. gr., 2. mgr. 12. gr. og í 1. mgr. 32. gr. sömu laga komi: umhverfisráðherra.

18. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laga um Veðurstofu Íslands, nr. 30 7. júní 1985, komi: umhverfisráðherra.

19. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðuneyti“ í 1. gr. og 3. mgr. 9. gr. laga um Landmælingar Íslands, nr. 31 7. júní 1985, komi: umhverfisráðuneyti.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 3. mgr. 9. gr. sömu laga komi: umhverfisráðherra.

20. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. gr. laga um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands, nr. 48 18. maí 1965, komi: umhverfisráðherra.

21. gr.

1. mgr. 35. gr. þjóðminjalaga, nr. 88 29. maí 1989, orðist svo:

Umhverfisráðherra fer með mál er varða friðun húsa samkvæmt lögum þessum. Hann ákveður friðun eða brottfall friðunar, að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar ríkisins.

Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 2. mgr. 35. gr. sömu laga, 4. mgr. 38. gr., 40. gr., 41. gr. og 43. gr. komi: umhverfisráðherra.

Í stað orðsins „menntamálaráðuneytið“ í 48. gr. sömu laga komi: umhverfisráðuneytið.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt sem fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 73 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands, vegna stofnunar umhverfisráðuneytis hinn 1. janúar 1990.

Meginbreyting frumvarps þessa kemur fram í 1. gr. þar sem gert er ráð fyrir að Náttúruverndarráð fari með ákveðið verndunar- og eftirlitshlutverk á sviði gróðurfars- og

skógræktarmála. Þá getur umhverfisráðherra þrátt fyrir ákvæði laga um landgræðslu, nr. 17 1965, og skógrækt, nr. 3/1955, með síðari breytingum, fyrirskipað sérstakar friðunaraðgerðir.

Að öðru leyti er með frumvarpinu og breytingum á einstökum lögum yfirstjórn málaflokka, stofnana og embætta flutt til umhverfisráðuneytis í samræmi við verkefnasvið þess. Er verkefnum nánar lýst í greinargerð með því frumvarpi og vísast að öðru leyti til þess er þar greinir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr., sem verður ný 4. mgr. 7. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, segir að Náttúruverndarráð, sem verður ein af stofnunum umhverfisráðuneytis, vinni ásamt Landgræðslu ríkisins að gróðurvernd og eftirliti með ástandi gróðurs. Þykir rétt að ráðið geti falið gróðurverndarnefndum eftirlitshlutverk.

Í 2. mgr., sem verður ný 5. mgr. 7. gr. sömu laga, er gert ráð fyrir því að Náttúruverndarráð vinni á sama hátt og segir í 1. mgr. ásamt Skógrækt ríkisins að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar.

Í 3. mgr., sem verður ný 6. mgr. 7. gr. sömu laga, eru ákvæði um að umhverfisráðherra geti, að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs og þrátt fyrir gildandi lög um Landgræðslu ríkisins, nr. 17 24. apríl 1965, og um Skógrækt ríkisins, nr. 3 6. mars 1955, með síðari breytingum, fyrirskipað sérstakar friðunaraðgerðir á sviði gróður- og skógverndar. Með þessari breytingu er umhverfisráðherra fengið vald til friðunar gróðurs og skóga skv. 4. og 5. mgr. 7. gr. hér að framan, til viðbótar því sem landbúnaðarráðherra hefur þegar samkvæmt landgræðslu- og skógræktarlögum. Kallar breytingin óhjákvæmilega á endurskoðun og samræmingu gildandi laga um landgræðslu og skógrækt og er gert ráð fyrir að sú endurskoðun fari fram á árinu 1990 skv. 2. tölul. í ákvæðum til bráðabirgða.

Að öðru leyti en að framan greinir fer landbúnaðarráðuneytið áfram með yfirstjórn landgræðslu- og skógræktarmála, atvinnu- og nýtingarþáttinn.

Um 2. gr.

Yfirstjórn laga um náttúruvernd, nr. 47 16. apríl 1971, er flutt úr menntamálaráðuneyti í umhverfisráðuneyti.

Um 3. gr.

Yfirstjórn laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður Þingeyjarsýslu, nr. 36 2. maí 1974, er flutt úr menntamálaráðuneyti í umhverfisráðuneyti.

Um 4. gr.

Yfirstjórn laga um dýravernd, nr. 21 13. apríl 1957, er flutt úr menntamálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

Um 5. gr.

Yfirstjórn laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33 26. apríl 1966, er flutt úr menntamálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

Um 6. gr.

Yfirstjórn laga nr. 50 18. maí 1965, um eyðingu svartbaks, er flutt frá Búnaðarfélagi Íslands til umhverfisráðuneytis.

Um 7. gr.

Yfirstjórn laga nr. 52 5. júlí 1957, um eyðingu refa og minka, er flutt frá Búnaðarfélagi Íslands og landbúnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis. Einnig er um að ræða nokkrar orðalagsbreytingar.

Um 8. gr.

Yfirstjórn laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81 3. ágúst 1988, er flutt frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

Um 9. gr.

Yfirstjórn laga um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32 5. maí 1986, er flutt frá samgönguráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

Um 10. gr.

Yfirstjórn laga nr. 14 4. apríl 1977, um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu, er flutt frá samgönguráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

Um 11. gr.

Yfirstjórn laga um bann við losun hættulegra efna í sjó, nr. 20 21. apríl 1972, er flutt frá sjávarútvegsráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

Um 12. gr.

Sá þáttur Siglingamálastofnunar ríkisins samkvæmt lögum nr. 20 30. apríl 1986, er snertir varnir gegn mengun sjávar, er fluttur frá samgönguráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

Um 13. gr.

Yfirstjórn laga um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52 18. maí 1988, er flutt frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

Um 14. gr.

Yfirstjórn laga um geislavarnir, nr. 117 24. júlí 1985, er flutt frá heilbrigðisráðuneyti til umhverfisráðuneyti.

Um 15. gr.

Yfirstjórn laga um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52 29. maí 1989, er flutt frá iðnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

Um 16. gr.

Yfirstjórn skipulagslaga, nr. 19 21. maí 1954, er flutt frá félagsmálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

Um 17. gr.

Yfirstjórn byggingarlaga, nr. 54 16. maí 1978, er flutt frá félagsmálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

Um 18. gr.

Yfirstjórn Veðurstofu Íslands samkvæmt lögum nr. 30 7. júní 1985 er flutt frá samgönguráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

Um 19. gr.

Yfirstjórn samkvæmt lögum um Landmælingar Íslands, nr. 31 7. júní 1985, er flutt frá samgönguráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

Um 20. gr.

Yfirstjórn laga um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands, nr. 48 18. maí 1965, er flutt frá menntamálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

Um 21. gr.

Yfirstjórn friðlýsingar húsa samkvæmt þjóðminjalögum, nr. 88 29. maí 1989, er flutt frá menntamálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis. Orðalagi í V. kafla þjóðminjalaga er af þessum sökum breytt.

Um 22. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. janúar 1990 er umhverfisráðuneyti tekur til starfa.

Nd. 133. Frumvarp til laga [129. mál]

um breytingu á lögum nr. 73 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

1. gr.

Á eftir orðinu „sjávarútvegsráðuneyti“ í 1. mgr. 4. gr. bætist: umhverfisráðuneyti.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Eftir gildistöku laga þessara skipar umhverfisráðherra nefnd til þess að semja frumvarp til laga um umhverfisvernd.
2. Fyrir 1. nóvember 1990 skal umhverfisráðherra í samráði við viðkomandi ráðuneyti beita sér fyrir endurskoðun á lögum um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20/1986, Landgræðslu ríkisins, nr. 17/1965, og Skógrækt ríkisins, nr. 3/1955, með síðari breytingum, svo og öðrum lögum og reglum er tengjast verksviði umhverfisráðuneytis.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. SKIPUN OG STÖRF NEFNDAR

Eftir umræður á Alþingi um frumvarp til laga um umhverfismál, sem forsætisráðherra lagði fram á Alþingi í apríl 1989, urðu þáverandi stjórnarflokkar, Borgaraflokkur og Kvennalisti sammála um að tilnefna fulltrúa í nefnd til að kanna og koma með tillögur um hvernig best yrði staðið að stofnun umhverfisráðuneytis. Forsætisráðherra skipaði því nefnd 11. júlí 1989 til þess að semja frumvarp til laga um stofnun sjálfstæðs umhverfisráðuneytis er tæki til starfa 1. janúar 1990. Í nefndina voru skipaðir Jón Sveinsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Arnmundur Backman hæstaréttarlögmaður, Bjarni Guðleifsson náttúrufræðingur, Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri, Bryndís Brandsdóttir jarðeðlisfræðingur og Óli Þ. Guðbjartsson alþingismaður. Hinn 10. september sl. tók Guðmundur Ágústsson alþingismaður sæti Óla Þ. Guðbjartssonar. Páll Líndal deildarstjóri starfaði frá sama tíma með nefndinni sem sérstakur fulltrúi Júlíusar Sólnes, ráðherra Hagstofu Íslands. Starfsmaður og ritari nefndarinnar var Kristján Andri Stefánsson laganemi.

Nefndin hefur samið frumvarp þetta, greinargerð, sérstakt fylgifrumvarp og drög að breytingu á reglugerð fyrir Stjórnarráð Íslands. Hún hefur safnað saman miklu efni um

umhverfismál, innlendu og erlendu, og farið yfir öll þau frumvörp um umhverfismál sem lögð hafa verið fram á Alþingi. Þá hefur hún farið yfir allar umsagnir allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis vegna þingsályktunartillögu Kvennalistans um umhverfisráðuneyti sem lögð var fyrir Alþingi síðastliðinn vetur, alls 14 talsins, og einnig 37 umsagnir sem bárust allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis vegna frumvarps til laga um umhverfismál sem einnig var lagt fram þá. Nefndin hefur jafnframt leitað eftir umsögnum um verkefni umhverfisráðuneytis frá borgarlækni, landlækni, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Hollustuvernd ríkisins, Vinnueftirliti ríkisins, Líffræðistofnun Háskólans, Náttúrufræðistofnun Íslands, Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, Náttúruverndarráði, Landvernd, Félagi heilbrigðisfulltrúa, yfirdýralækni, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Stéttarsambandi bænda, Búnaðarfélagi Íslands, Skógrækt ríkisins, Landgræðslu ríkisins, Geislavörnum ríkisins, Skipulagi ríkisins, Siglingamálastofnun ríkisins, Jarðfræðafélagi Íslands, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Þjóðminjasafni Íslands, eiturefnanefnd, Vinnueftirliti ríkisins, Lífi og landi, Veðurstofu Íslands, landbúnaðarráðuneyti, menntamálaráðuneyti, samgönguráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, utanríkisráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti. Auk þess hafa nokkrir aðilar sent skriflegar umsagnir án þess að eftir þeim væri leitað sérstaklega.

Loks hafa nokkrir aðilar verið kallaðir á fund nefndarinnar til viðræðna, einkum þeir sem lagst hafa gegn flutningi ákveðinna verkefna til nýja ráðuneytisins.

Eftir ítarlega umfjöllun er nefndin sammála um að umhverfisráðuneyti verði sett á stofn með þeirri breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73 frá 28. maí 1969, að orðinu „umhverfisráðuneyti“ verði bætt í upptalningu ráðuneyta í 1. mgr. 4. gr. næst á eftir orðinu „sjávarútvegsráðuneyti“. Jafnhliða verði flutt sjálfstætt frumvarp sem nefndin hefur einnig samið til breytinga á einstökum lögum vegna flutnings verkefna og stofnana til nýja ráðuneytisins. Síðar gerir nefndin ráð fyrir að reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96 frá 31. desember 1969, verði breytt. Verði þar kveðið nánar á um verkefni nýja ráðuneytisins á sama hátt og gerist um önnur ráðuneyti.

Einn nefndarmanna, Bjarni Guðleifsson, lýsti í upphafi efasemdum um stofnun sjálfstæðs umhverfisráðuneytis en ákvað að taka þátt í mótun þess og tilflutningi verkefna, með hliðsjón af því að fyrir lá ákvörðun um stofnun þess.

Nefndin telur þá leið, sem hér er lögð til, einfaldasta. Er það í samræmi við að verksvið og verkefni annarra ráðuneyta, að undanskildu utanríkisráðuneytinu, eru ekki tilgreind í sjálfstæðri löggjöf, heldur í reglugerð um Stjórnarráð Íslands. Með þessu er því samræmis gætt. Enn fremur telur nefndin eðlilegt að umhverfisráðuneyti taki þátt í að móta frumvarp til laga um umhverfisvernd eftir að það hefur verið sett á stofn. Gerir ákvæði til bráðabirgða (1. tölul.) ráð fyrir því að umhverfisráðherra skipi nefnd til þess að semja sjálfstætt frumvarp til laga um umhverfisvernd. Þar verði m.a. gætt samræmingar milli ráðuneyta og tillit tekið til sjónarmiða sveitarfélaga. Er fagleg umfjöllun af þessu tagi mun auðveldari að mati nefndarinnar þegar yfirstjórn málaflokksins hefur verið ákveðin.

Nefndin taldi ekki ástæðu til að skilgreina sérstaklega hugtakið „umhverfismál“. Er það í samræmi við þá grundvallarreglu sem byggt er á í lögum um Stjórnarráð Íslands, en þar eru heiti einstakra ráðuneyta ekki skilgreind sérstaklega. Ræðst skilgreining því af þeim málaflokkum sem undir ráðuneytið falla. Fræðimenn eru ekki á eitt sáttir um hvaða málefni eigi að telja til umhverfismála. Tvennt virðast menn þó sammála um, annars vegar að um sé að ræða mál sem snerta hið ytra umhverfi mannsins, hins vegar að markmið lagareglna um umhverfismál sé að stuðla að vernd náttúrunnar og þróun hennar eftir eigin lögmálum, þannig að afskipti mannsins valdi þar sem minnstum spjöllum. Þegar talað er um umhverfi mannsins einskorðast það ekki við náttúrulegt umhverfi, heldur tekur það einnig til þess þáttar umhverfis sem gerður er af manna völdum. Samkvæmt þessu má segja að meginþættir

umhverfismála og umhverfisverndar séu mengunarvarnir, náttúruvernd og skipulagning. Hugtakið ber samkvæmt þessu að skýra mjög rúmt enda tekur það til líffræðilegra, efnafræðilegra og félagslegra atriða sem geta haft áhrif á heilsu manna.

II. FYRRI TILRAUNIR TIL SAMRÆMINGAR YFIRSTJÓRNAR UMHVERFISMÁLA

Þann 4. mars 1975 skipaði Geir Hallgrímsson, þáverandi forsætisráðherra, nefnd níu manna, undir formennsku Gunnars G. Schram, til að vinna að heildarlöggjöf um stjórn umhverfismála. Nefndin samdi frumvarp til laga um umhverfismál.

Á fundi ríkisstjórnarinnar 18. apríl 1978 var ákveðið að félagsmálaráðuneytið skyldi fara með umhverfismál innan Stjórnarráðs Íslands. Var þessi ákvörðun tilkynnt félagsmálaráðuneytinu bréflega þann sama dag og félagsmálaráðherra þar með falið að leggja fram það frumvarp sem samið hafði verið. Hlaut frumvarpið ekki afgreiðslu á því þingi og var endurflutt á Alþingi veturinn 1980-81, en hlaut ekki afgreiðslu fremur en fyrr.

Á tímabilinu 1981–83, í ráðherratíð Svavars Gestssonar, voru samin tvö frumvörp um þetta efni, hið fyrra af nefnd undir formennsku Árna Reynissonar og hið síðara af Ingimar Sigurðssyni lögfræðingi og Stefáni Thors skipulagsstjóra. Hvorugt þessara frumvarpa var lagt fyrir Alþingi.

Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, er tók við í maí 1983, ákvað í upphafi starfstíma síns að gengið skyldi frá frumvarpi til laga um umhverfismál með það fyrir augum að málið fengi fullnaðarafgreiðslu frá Alþingi. Til að vinna þetta verk skipaði Alexander Stefánsson félagsmálaráðherra nefnd fimm manna 26. september 1983. Hlutverk nefndarinnar var að semja frumvarp til laga um umhverfismál og skyldi hún m.a. vinna úr eldri frumvörpum og drögum um þetta efni. Nefndin var leyst frá störfum 12. apríl 1984 vegna ágreinings.

Af hálfu ráðherra var unnið áfram að málinu og greinargerð kynnt í ríkisstjórn í þingbyrjun haustið 1984. Var ekki hljómgrunnur eða samstaða í ríkisstjórn um að vinna að framgangi málsins að svo stöddu. Í ársbyrjun 1986 kynnti félagsmálaráðherra í ríkisstjórn frumvarp til laga um stjórn umhverfismála sem leggja mætti fyrir Alþingi vorið 1986. Um það náðist þó ekki samstaða.

Í stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar frá 8. júlí 1987 var sérstaklega fjallað um umhverfismál. Þar sagði að ríkisstjórnin ætlaði sér að samræma aðgerðir stjórnvalda á sviði umhverfisverndar og mengunarvarna.

Með bréfi dags. 3. september 1987 skipaði forsætisráðherra, Þorsteinn Pálsson, þriggja manna nefnd, undir forystu Sigurðar M. Magnússonar forstöðumanns, sem falið var að gera drög að frumvarpi til laga um samræmda yfirstjórn umhverfismála. Nefndin skilaði lokaáliti sínu ásamt drögum að frumvarpi í maí 1988. Þau drög voru kynnt í ríkisstjórn og þingflokkum. Nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins lögðu síðan fram frumvarp til laga um samræmda stjórn umhverfismála á síðasta löggjafarþingi og var það að verulegu leyti byggt á tillögum nefndarinnar. Varð það ekki útrætt.

Á Alþingi hafa komið fram fjölmargar tillögur til þingsályktunar um umhverfismál. Á síðasta Alþingi lögðu t.d. þingkonur Kvennalistans fram tillögu til þingsályktunar um umhverfisráðuneyti.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar frá 28. september 1988 segir svo um umhverfismál:

> „Ríkisstjórnin mun fela einu ráðuneyti að samræma starfsemi hins opinbera að umhverfismálum og komi það til framkvæmda innan árs. Meðal brýnna verkefna á þessu sviði sem unnið verður að má nefna:
>
> - Gerð verður landnýtingaráætlun sem tekur til hvers konar notkunar lands. Jafnframt verður gert átak í gróðurvernd með svæðaskipulagi er miðar að endurheimt

landgæða, meðal annars með endurskoðun laga varðandi stjórnun beitar, þannig að hún sé í samræmi við landgæði.

- Unnið verður gegn umhverfisspjöllum af átroðningi og umferð ferðamanna um viðkvæm svæði.
- Samvinna hins opinbera, einstaklinga og frjálsra samtaka um skógrækt og landgræðslu verður efld. Ríkissjóður mun leggja fram fjármagn til sérstaks skógræktarátaks næstu þrjú árin og mun helmingur fjárins renna til skógræktarfélaga.
- Eftirlit með losun hættulegra úrgangsefna í náttúruna verður bætt. Sett verður löggjöf til að skylda fyrirtæki er vinna með hættuleg og mengandi efni til þess að tryggja sig fyrir hugsanlegum afleiðingum óhappa eða slysa.
- Gert verður átak til hreinsunar úrgangs af strandsvæðum í samvinnu opinbera aðila og umráðamenn lands.
- Stuðlað verður að endurvinnslu og nýtingu úrgangsefna. Komið verður á skilagjaldi á einnota umbúðir til að auðvelda eyðingu þeirra eða endurvinnslu.
- Fræðslu- og rannsóknarstarf á sviði umhverfismála verður aukið."

Í samræmi við þetta ákvæði var á vegum forsætisráðherra unnið að frumvarpi um umhverfismál sem lagt var fram á Alþingi í apríl 1989. Í því var byggt á þeim grunni sem mótaður var í upphafi, þó með þeirri breytingu að gert var ráð fyrir stofnun sjálfstæðs umhverfisráðuneytis. Mjög var liðið á þingtímann þegar frumvarpið kom fram og varð það því ekki útrætt.

Af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur jafnhliða undirbúningi að samræmdri umhverfisstjórn verið tekið á einstökum þáttum umhverfismála. Síðastliðið vor var samþykkt frumvarp iðnaðarráðherra um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, lög nr. 52/1989. Samið hefur verið frumvarp til laga um meðferð brotamálma og skilagjald af ökutækjum og 18. mars sl. var Vínarsamningur um vernd ósonlagsins og Montreal-bókun um efni, sem valda rýrnun á ósonlaginu, staðfestur af Íslands hálfu. Þá hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra gefið út reglugerð um mengunarvarnir nr. 386 1989.

Í samkomulagi ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar um stjórnarsamstarf frá 10. september 1989 segir svo um umhverfismál:

„Ríkisstjórnin leggur áherslu á að koma skipulagi umhverfismála í viðunandi horf á kjörtímabilinu. Í því skyni verður, fyrir næstu áramót, m.a. komið á fót umhverfisráðuneyti sem fer með yfirstjórn þeirra mála."

Á grundvelli þessarar samþykktar hefur nefndin haldið áfram starfi sínu og leggur nú fram fullmótað frumvarp með fylgigögnum.

III. SKIPAN UMHVERFISMÁLA HÉRLENDIS

Þótt yfirstjórn umhverfismála hérlendis sé ekki samræmd hefur margt áunnist á þessu sviði síðustu árin. Hafa ýmis ný lög markað viss þáttaskil í þessum efnum þótt á sumum sviðum skorti enn verulega á. Má nefna náttúruverndarlöggjöf frá 1971, löggjöf um skipulag ferðamála, lög um landmælingar Íslands og lög um geislavarnir, öll frá 1985, um varnir gegn mengun sjávar og hættulegum efnum frá 1986, um eiturefni og hættuleg efni og um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit frá 1988 og um ráðstafanir af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur frá þessu ári. Heilbrigðisráðherra hefur jafnframt sett reglugerð sem felur í sér hertar kröfur um mengunarvarnir.

Heildaryfirstjórnina skortir þó. Eru málaflokkarnir dreifðir víða um stjórnkerfið og lúta stjórn átta mismunandi ráðuneyta.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti fer með hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. lög nr. 81/1988, eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, sbr. lög nr. 24 1936, eiturefni og hættuleg efni, sbr. lög nr. 52/1988, og Geislavarnir ríkisins, sbr. lög nr. 117 1985.

Menntamálaráðuneyti fer með mál er varða náttúruvernd, sbr. lög nr. 47/ 1971, verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, sbr. lög nr. 36/1974, sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, sbr. lög nr. 8/1966, dýravernd, sbr. lög nr. 21/1957, fuglaveiðar og fuglafriðun, sbr. lög nr. 33/1966, eyðingu svartbaks, sbr. lög nr. 50/1965, um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, sbr. lög nr. 28/1940, um Náttúrufræðistofnun Íslands, sbr. lög nr. 48/1965, og um friðlýsingu húsa, sbr. þjóðminjalög nr. 88/1989.

Landbúnaðarráðuneyti fer með mál er varða gróðurvernd, sbr. lög um Landgræðslu ríkisins, nr. 17/1965, um Skógrækt ríkisins, sbr. lög nr. 3/1955 og brl. nr. 76/1984, og um eyðingu refa og minka og embætti veiðistjóra, sbr. lög nr. 52/1957.

Samgönguráðuneyti fer með mál er varða varnir gegn mengun sjávar, sbr. lög nr. 32/1986 og lög nr. 14/1979, málefni Siglingamálastofnunar ríkisins, sbr. lög nr. 20/1986, þar með talið varnir gegn mengun sjávar, loftferðir, sbr. lög nr. 34/1964, skipulag ferðamála, sbr. lög nr. 79 1985, Veðurstofu Íslands, sbr. lög nr. 30/1985, og Landmælingar Íslands, nr. 31 1985.

Félagsmálaráðuneyti fer með mál er varða skipulag, embætti skipulagsstjóra og skipulagsstjórnar ríkisins, sbr. skipulagslög nr. 19/1964, og byggingarmál, sbr. lög nr. 54/1978.

Sjávarútvegsráðuneyti fer með mál er varða friðun fiskimiða, sbr. lög nr. 44/1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, hvalveiðar, sbr. lög nr. 26/1949, selveiðar, sbr. lög nr. 30/1925 og lög nr. 29/1937, og um bann við losun hættulegra efna í sjó, sbr. lög nr. 20/1972.

Iðnaðarráðuneyti fer með mál er varða ýmis sérlög um verksmiðjur, sbr. lög nr. 76/1966, um álbræðslu í Straumsvík, lög nr. 80/1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, og lög nr. 18 1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Einnig fer iðnaðarráðuneyti með nýsamþykkt lög um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52 1989.

Utanríkisráðuneyti fer með öll umhverfismál á umráðasvæði varnarliðsins og gerð milliríkjasamninga um umhverfismál.

Mörg ráðuneyti fjalla því um umhverfismál, hvert á sínu afmarkaða sviði, í samvinnu við stofnanir sínar. Er ástæða til að óttast að heildaryfirsýn yfir málaflokkinn sé ófullnægjandi.

IV. HELSTU RÖKSEMDIR FYRIR STOFNUN SJÁLFSTÆÐS UMHVERFISRÁÐUNEYTIS

Umhverfismálum eða umhverfisvernd má skipta í þrjá meginflokka: *Náttúruvernd, mengunarvarnir og skipulagsmál.* Dreifing skyldra mála milli margra ráðuneyta veldur því að stofnanir hinna einstöku ráðuneyta vinna að því sem næst sömu verkefnum, tími starfsmanna nýtist ekki sem skyldi og reglugerðir um svipuð mál eru settar af mismunandi ráðuneytum. Í sumum tilfellum eru jafnvel gerðar ólíkar kröfur um sömu hluti af hálfu tveggja eða fleiri ráðuneyta. Stofnun sjálfstæðs umhverfisráðuneytis er studd eftirfarandi meginrökum:

1. Með því að sameina helstu þætti umhverfismála undir eitt ráðuneyti ætti afgreiðsla og stefnumótun að ganga greiðar en ella. Mál lenda síður í ágreiningi milli ráðuneyta eða sérstofnana þeirra.
2. Ýmis áætlanagerð um umhverfismál yrði hægari í höndum aðila sem horft gæti óhlutdrægt á sjónarmið mismunandi hagsmunahópa. Ábendingar ættu að koma fyrr fram þegar ábyrgð á afgreiðslu skyldra mála væri í meginatriðum á einni hendi.
3. Dregið yrði úr þeim hagsmunaárekstrum sem fylgja því að atvinnuvegasjónarmið og tengd friðunar- og verndunarsjónarmið heyra undir sama ráðuneytið eins og nú er algengast.
4. Á alþjóðavettvangi er afar mikilvægt að ímynd Íslands sé hreint og óspillt land, m.a. með hliðsjón af útflutningi á matvælum og vaxandi ferðamannaþjónustu. Sterkar líkur eru á að í vaxandi mæli verði lögð áhersla á hin samofnu tengsl umhverfisverndar og auðlindanotkunar og jákvætt samhengi umhverfisverndar og hagvaxtar þegar til lengri tíma er litið. Umhverfisráðuneyti, sem markaði stefnu á þessu sviði og hefði nauðsynlega yfirsýn, er líklegra til árangurs en mörg ráðuneyti hvert á sínu sviði.
5. Nauðsynlegt er að einn aðili hafi yfirumsjón með vaxandi erlendum samskiptum á sviði umhverfismála.

Með gildistöku þessa frumvarps yrðu að veruleika þær grundvallarhugmyndir um heildarstjórn umhverfismála sem verið hafa til umfjöllunar hér á landi í hálfan annan áratug.

V. ANDSTAÐA VIÐ STOFNUN UMHVERFISRÁÐUNEYTIS

Ýmsar hugmyndir um í hvaða ráðuneyti vista beri umhverfismálin hafa komið fram. Hefur einkum verið bent á félagsmálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og samgönguráðuneyti, ýmist að fullu og öllu eða að hluta. Einnig hefur verið rætt um sérstaka skrifstofu innan forsætisráðuneytis er færi með umhverfismál.

Hugmyndin um heildarstjórn umhverfismála virðist því hafa átt og eiga töluverðu fylgi að fagna. Um það ber vitni sá fjöldi frumvarpa og tillagna sem saminn hefur verið á undanförnum árum. Þessi frumvörp hafa þó ekki náð fram að ganga annaðhvort hafa þau ekki verið lögð fram eða dagað uppi í meðförum Alþingis. Þetta gefur vissa ástæðu til að ætla að skort hafi á mikilvæga þætti málsins. Í fyrsta lagi má ef til vill ætla að skort hafi nægan pólitískan vilja. Í öðru lagi er ljóst, svo sem fram kemur í umsögnum um fyrri frumvörp, að mikillar tregðu gætir hjá ráðuneytum og stofnunum varðandi endurskipulagningu í þessum efnum.

Bent hefur verið á að sum fyrri frumvörp hafi um of verið sniðin eftir erlendum fyrirmyndum og þá einkum danskri og norskri löggjöf um umhverfismál. Hafa gagnrýnendur álitið að ekki hafi verið tekið nægjanlegt mið af íslenskum aðstæðum eða uppbyggingu íslenska stjórnsýslukerfisins. Of lítil áhersla hafi t.d. verið lögð á varnir gegn skolpmengun í fjörum sem margir telja alvarlegasta mengunarvandamál á Íslandi. Enn fremur að fyrri frumvörp endurspegli ekki nægilega að uppblástur og landeyðing hafa verið eitt mesta umhverfisvandamál okkar. Ísland hefur sérstöðu í því sambandi sem taka verði tillit til í íslenskri umhverfisverndarlöggjöf. Frumvarp ríkisstjórnarinnar um umhverfismál, sem lagt var fyrir síðasta Alþingi, gekk þó lengst í því að koma á heildarstjórn umhverfismála með stofnun sjálfstæðs umhverfisráðuneytis.

Má segja að andstaðan við stofnun sjálfstæðs umhverfisráðuneytis hafi einkum verið tvíþætt. Annars vegar byggist andstaðan á því að óþarft sé að stofna sjálfstætt umhverfisráðuneyti þar sem auðveldlega megi koma málaflokknum fyrir með starfsemi annarra ráðuneyta, eins eða fleiri, félagsmála-, heilbrigðis- eða samgönguráðuneytis, svo sem rakið er hér að framan og eldri frumvörp bera með sér. Stofnun sjálfstæðs ráðuneytis hafi aðeins aukinn kostnað í för með sér. Hætta sé og á að það þenjist út, verði mikið bákn og auki á miðstýringu. Þá muni það án efa gera hagsmunaaðilum í atvinnurekstri og jafnvel sveitarfélögum erfitt fyrir

og auka kostnað þeirra vegna kröfunnar um umhverfisvernd og hollustuhætti. Hins vegar byggist andstaðan á mismunandi viðhorfum til þess hversu langt skuli gengið í flutningi verkefna til ráðuneytisins. Ágreiningur um það hefur því tafið fyrir málinu. Hvort tveggja er að menn eru ekki á það sáttir í einstökum atriðum hvaða málefni teljist fræðilega séð til umhverfismála og svo hitt að hagsmunir geti stangast á og eru oft lítt samrýmanlegir, efnahagsleg sjónarmið annars vegar og verndunarsjónarmið hins vegar. Ýmsir telja það galla að með stofnun umhverfisráðuneytis verði skilið á milli nýtingar og verndunar auðlinda. Að mati þeirra er best að nýtendur auðlinda sjái einnig um verndun þeirra, enda eiga þeir mest undir því að þær séu skynsamlega nýttar.

VI. VERKEFNI UMHVERFISRÁÐUNEYTIS

1. Verkefni.

Núverandi ríkistjórn hefur samþykkt að koma á sjálfstæðu umhverfisráðuneyti sem hafi í meginatriðum með höndum stefnumótun, samræmingu, framkvæmd og eftirlit á sviði umhverfismála. Önnur ráðuneyti, ríkisstofnanir og sveitarstjórnir hafa þó áfram mikilvægum hlutverkum að gegna á þessu sviði. Umhverfisráðuneytinu er ætlað að samræma aðgerðir allra ráðuneyta, stofnana og sveitarstjórna á sviði umhverfismála.

Nauðsynlegt er að Alþingi taki afstöðu til þess hvort stofna skuli umhverfisráðuneyti, svo og hvaða málefni og málaflokka fella skuli undir heildarstjórn umhverfismála ef til kemur.

Í þeim frumvörpum, sem samin hafa verið um umhverfismál að undanskildu frumvarpi um umhverfismál sem lagt var fram á síðasta þingi, var ekki greinilega tiltekið hvaða viðfangsefni ættu að falla undir heildarstjórn umhverfismála. Slík lög hefðu leitt af sér töluverða réttaróvissu.

Svo sem fyrr er rakið gerir nefndin ráð fyrir að reglugerð um Stjórnarráð Íslands nr. 96 1969 verði breytt eftir samþykkt frumvarps þessa og fylgifrumvarps þess. Þar verði verkefni umhverfisráðuneytis talin upp. Hefur nefndin samið drög að breytingu á núgildandi reglugerð um Stjórnarráð Íslands sem fylgir með frumvarpi þessu sem fylgiskal I. Samkvæmt henni skal umhverfisráðuneyti fara með eftirfarandi málaflokka:

A. Viðfangsefni.

1. Mál er varða náttúruvernd, þjóðgarða, landgræðslu að því er tekur til gróðurverndar, varna gegn gróðureyðingu, friðunar og eftirlits með ástandi gróðurs, verndun, friðun og eftirlit með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar, útivist og aðstöðu til náttúruskoðunar, jarðrask og efnistöku, aðgerðir til að stjórna stofnstærð villtra dýra, dýravernd og efling alhliða umhverfisverndar.
2. Mál er varða varnir gegn mengun á landi, í lofti og legi, eyðingu eða endurvinnslu hvers konar úrgangs frá byggð og atvinnuvegum, mál sem varða meðferð eiturefna og varnir gegn skaðlegri geislun og mál sem varða hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
3. Skipulags- og byggingarmál, friðlýsing húsa, gerð landnýtingaráætlana og mál er varða landmælingar.
4. Rannsóknir á sviði umhverfismála í samráði og samvinnu við aðra aðila, veðurspár, veðurathuganir og aðrar mælingar á ástandi lofthjúps jarðar, og alþjóðleg samvinna á því sviði.
5. Fræðslu- og upplýsingastarfsemi á sviði umhverfismála.
6. Frumkvæði að samræmingu á aðgerðum ráðuneyta, einstakra ríkisstofnana og sveitarfélaga í málaflokkum sem snerta framkvæmd umhverfismála, svo sem í löggjöf um losun úrgangsefna og varnir gegn loft-, hávaða-, titrings-, geislunar-, ljós-, varma- og lyktarmengun.
7. Mál er varða alþjóðasamskipti og samvinnu þjóða á sviði umhverfismála og framkvæmd á alþjóðasamningum um það efni.

B. Stofnanir og embætti.

1. Náttúruverndarráð.
2. Hollustuvernd ríkisins.
3. Eiturefnanefnd.
4. Geislavarnir ríkisins.
5. Siglingamálastofnun ríkisins að því er varðar varnir gegn mengun sjávar.
6. Skipulagsstjóri ríkisins og skipulagsstjórn.
7. Landmælingar ríkisins.
8. Húsafriðunarnefnd.
9. Embætti veiðistjóra.
10. Náttúrufræðistofnun Íslands.
11. Veðurstofa Íslands.

Sameining helstu þátta umhverfismála í einu ráðuneyti er í samræmi við hugmyndir um fækkun ráðuneyta og endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands sem unnið er að. Yfirstjórn á sviði mengunarvarna og heilbrigðiseftirlits er í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Náttúruverndarmál í menntamálaráðuneytinu, gróðurverndarmál í landbúnaðarráðuneytinu, varnir gegn mengun sjávar í samgönguráðuneytinu og skipulags- og byggingarmál í félagsmálaráðuneyti. Með verkefnatilflutningi til umhverfisráðuneytis eða stofnana þess fækkar verkefnum annarra ráðuneyta. Gefur sú breyting því möguleika á endurskipulagningu og hagræðingu innan annarra ráðuneyta. Á þessari stundu er þó ekki gert ráð fyrir að starfsmenn ráðuneyta, sem þessum verkum sinna og stofnanir sem tengjast verkefnaflutningi og starfsmenn þeirra, flytjist til hins nýja ráðuneytis og hafi þar aðstöðu. Núverandi vinnufyrirkomulag verður því óbreytt að þessu leyti. Ef vel tekst til má hins vegar ætla að slík sameining og samræming verkefna og stofnana í umhverfisráðuneytinu geti síðar haft sparnað og hagræðingu í för með sér. Dagleg verkefni viðkomandi starfsmanna hjá undirstofnunum og samskipti þeirra verða því að miklu leyti óbreytt. Um nýjan yfirstjórnaraðila er því aðeins að ræða. Þannig verður stefnt að því áfram að nýta eftir föngum reynslu starfsmanna á viðkomandi fagsviðum.

Samkvæmt framangreindu má flokka viðfangsefni umhverfisráðuneytis í sjö flokka: Náttúruvernd, mengunarvarnir og heilbrigðiseftirlit, skipulagsmál og byggingarmál, rannsóknir, fræðslu, samræmingu og alþjóðleg samskipti.

Á sviði *náttúruverndar* fer ráðuneytið með lög um náttúruvernd, nr. 47/1971, og þar með Náttúruverndarráð, lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 36/1974, lög um dýravernd, nr. 21/1957, lög um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966, lög um eyðingu svartbaks, nr. 50/1965, lög um eyðingu refa og minka, nr. 52/1957, lög um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, nr. 28/1940, lög um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, nr. 8/1966, og lög um Náttúrufræðistofnun Íslands, nr. 48/1965.

Á sviði *mengunarvarna og heilbrigðiseftirlits* fer ráðuneytið með lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, lög um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, nr. 24/1936, og þar með Hollustuvernd ríkisins í heild, lög um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, sbr. og lög nr. 20/1972 og lög nr. 14/1979, lög um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20/1986, að því er tekur til varna gegn mengun sjávar, lög um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, og þar með málefni eiturefnanefndar, lög um Geislavarnir ríkisins, nr. 117 1985, og lög um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989.

Á sviði *skipulagsmála* fer ráðuneytið með yfirstjórn skipulags- og byggingarmála og þar með embætti skipulagsstjóra, skipulagslög, nr. 19/1964, byggingarlög, nr. 54/1978, lög um Landmælingar Íslands, nr. 31/1985, og mál er varða friðlýsingu húsa samkvæmt þjóðminjalögum, nr. 88/1989. Með landnýtingaráætlun er gert ráð fyrir að ráðuneytið hagnýti sér ákvæði

um skipulagsskyldu landsins alls til að efla stefnumótun í landgræðslu og endurheimt landgæða. Á skipulagsstigi má oft sjá fyrir og leysa árekstra milli ólíkra sjónarmiða og hagsmuna, svo sem mannvirkjagerðar, nýtingar gróðurs og umhverfisverndar. Umhverfisráðuneytum erlendis eru víða falin víðtæk afskipti af skipulags- og landnýtingarmálum. Lagt er til að ráðuneytið stuðli að yfirsýn og samræmingu á þessu sviði, en framkvæmd yrði að mestu leyti í höndum skipulagsstjórnar ríkisins. Gert er ráð fyrir samstarfi ráðuneytisins við stofnanir og samtök sem málið varða. Skipulagsmál falla því að fullu og öllu undir hið nýja ráðuneyti.

Á sviði *rannsókna og eftirlits* fer nýja ráðuneytið með samræmingu og forgangsröðun verkefna á sviði umhverfisrannsókna milli stofnana, ráðuneyta og sveitarfélaga. Auk þess fer ráðuneytið með eftirlit með verndun óspilltrar náttúru, umhverfismengun, skipulagsmálum og fleiru sem tengist umhverfismálum. Loks er gert ráð fyrir að umhverfisráðuneytið fari með stjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands samkvæmt lögum nr. 48/1965 og Veðurstofu Íslands samkvæmt lögum nr. 30/1985.

Á sviði *fræðslu* fer ráðuneytið með miðlun upplýsinga, almenna fræðslu um umhverfismál og útgáfustarfsemi.

Á sviði *samræmingar* fer ráðuneytið annars vegar með óbeina stjórn umhverfismála með formlegri samvinnu hlutaðeigandi ráðuneyta, stofnana og sveitarfélaga um umhverfismál. Á þetta einkum við um ýmsa málaflokka sem heyra undir önnur ráðuneyti, en geta varðað miklu á sviði umhverfismála, svo sem stórframkvæmdir í hafnargerð, vegagerð, virkjanir, stóriðjurekstur og fleira. Þetta er gert í því skyni að umhverfissjónarmið komi fram þegar á frumstigi málsmeðferðar eða eins fljótt og aðstæður leyfa. Er hér um að ræða mjög þýðingarmikið atriði. Hins vegar er um að ræða samræmingu á ákvæðum í löggjöf um ýmis atriði sem snerta umhverfismál. Er viðbúið að endursemja þurfi eða breyta ýmsum lögum eða lagaákvæðum eftir að starfsemi hins nýja ráðuneytis hefst. Fer best á því að nýja ráðuneytið annist þess háttar vinnu í samráði við þá aðila sem málaflokkarnir taka til.

Á sviði *alþjóðasamskipta* fer ráðuneytið með framkvæmd á alþjóðasamningum og alþjóðlegri samvinnu um umhverfis- og mengunarmál. Má sem dæmi um slíkt nefna framkvæmd Vínarsáttmála og Montreal-samþykktar um verndun andrúmsloftsins fyrir áhrifum af efnasamböndum sem eyða ósonhjúp þess svo og marga alþjóðasamninga gegn mengun hafsins. Má búast við að þessi þáttur geti orðið nokkuð umfangsmikill í störfum ráðuneytisins.

Gerir nefndin sér ljóst að viðbúið er að endursemja þurfi og breyta enn frekar ýmsum lagaákvæðum og reglum er tengjast umhverfismálum og einstökum stofnunum fljótlega eftir að starfsemi hins nýja ráðuneytis hefst. Telur nefndin rétt að ráðherra umhverfismála og starfslið hans móti þess háttar endurskoðun og starfi þá í samráði við önnur ráðuneyti.

Með frumvarpi þessu fylgir sérstakt frumvarp til laga um breyting á ýmsum lögum er fjalla um verkefni umhverfisráðuneytis. Eru þær breytingar sem þar eru greindar í samræmi við þá verkefnaupptalningu sem rakin er hér að framan og er í fullu samræmi við drög að reglugerðarbreytingu sem fylgir frumvarpi þessu.

2. Helstu álitaefni.

Í störfum sínum reyndi nefndin að fara eftir þeirri meginreglu að skipta ekki upp stofnunum. Hollustuvernd ríkisins var því felld undir ráðuneytið í heild sinni þó að sú stofnun fjalli um fleira en svokallaða ytri mengun. Til álita kom að mengungarvarnadeild stofnunarinnar heyrði undir nýja ráðuneytið, en ekki matvælaeftirlit og svokölluð innri mengun. Mælir ýmislegt með þeirri leið, enda matvælaeftirlit að mati nefndarinnar fremur á sviði heilbrigðisráðuneytis en umhverfisráðuneytis. Eftir að umsagnir bárust bæði frá stjórn Hollustuverndar ríkisins og stjórn Heilbrigðisfulltrúafélags Íslands um að eðlilegast væri að Hollustuvernd ríkisins flyttist í heild sinni til umhverfisráðuneytis ákvað nefndin að leggja þá leið til.

Eftir viðræður við siglingamálastjóra og í fullu samráði við hann þótti óhjákvæmilegt að fella undir umhverfisráðuneytið mál er varða varnir gegn mengun sjávar sem stofnunin fer nú með. Þetta ætti hins vegar ekki að þurfa að fela í sér mikla breytingu á starfsemi stofnunarinnar að öðru leyti en því að þessi tiltekna starfsemi fellur undir aðra yfirstjórn en önnur starfsemi Siglingamálastofnunar. Reynslan af þessu fyrirkomulagi verður síðar að leiða í ljós hvort þörf verður á sérstökum skipulagsbreytingum innan Siglingamálastofnunar.

Nefndinni þótti rétt að leggja til að umhverfisráðuneyti hefði með höndum yfirstjórn málefna er tengjast friðlýsingu húsa enda nátengd skipulags- og byggingarmálum sem ætlað er að flytjast til umhverfisráðuneytis. Þá varð sú niðurstaða að leggja til að yfirstjórn Veðurstofu Íslands flytjist til umhverfisráðuneytis, enda er lofthjúpurinn eitt mikilvægasta atriðið í umhverfi manna. Stofnunin annast einnig hafísrannsóknir, mælingar á regnvatni og hitastigi og sér um loftmengunarmælingar sem ástæða er til að auka, m.a. með tilliti til mengunar frá stóriðjuverum og útblæstri bifreiða.

Nefndin leggur einnig til að Geislavarnir ríkisins flytjist til umhverfisráðuneytis. Þótt sú stofnun sinni nú aðallega eftirliti með geislatækjum á sjúkrahúsum verður að ætla að hún taki aukinn þátt í samstarfi, rannsóknum og mælingum er tengjast geislavirkni í andrúmslofti og hafi, m.a. vegna tíðra slysa kjarnorkukafbáta og fyrirætlana um byggingu endurvinnslustöðvar fyrir kjarnorkuúrgang í Skotlandi.

Erfiðustu ákvörðunarefni nefndarinnar snertu hins vegar málefni landgræðslu og skógræktar. Átti sú skoðun nokkru fylgi að fagna að eðlilegt væri að sameina Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins í eina stofnun. Að öðru leyti voru fjórar leiðir nefndar varðandi landgræðslu og skógrækt. Í fyrsta lagi að starfsemi beggja stofnana falli undir umhverfisráðuneytið, enda sé hér um augljóst umhverfismál að ræða. Í öðru lagi að umhverfisráðuneyti fari með málefni landgræðslu en landbúnaðarráðuneyti fari áfram með málefni skógræktar. Í þriðja lagi að rétt sé að undirstofnun umhverfisráðuneytis, Náttúruverndarráð, vinni að gróðurverndarmálum, eftirliti með ástandi gróðurs og verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar, en landbúnaðarráðuneytið fari áfram með atvinnu- og nýtingarþáttinn. Loks í fjórða lagi að landbúnaðarráðuneytið fari áfram með skógrækt og landgræðslu, enda sé hér um atvinnuveg að ræða sem óeðlilegt sé að fara með á annan hátt en svipuð atvinnumálefni á sviði iðnaðar og sjávarútvegs. Einn nefndarmanna, Bjarni E. Guðleifsson, var þessarar skoðunar, en féllst til vara á að einungis eftirlit og friðun gróðurlendis verði flutt til umhverfisráðuneytis. Var nefndin ekki sammála um niðurstöðu í framangreindu efni. Nefndin skilaði því tveimur álitum hvað þetta snertir. Þau Björn Friðfinnsson, Bryndís Brandsdóttir og Guðmundur Ágústsson leggja til að Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins flytjist til umhverfisráðuneytis frá landbúnaðarráðuneyti, en landbúnaðarráðuneyti fari þó áfram með mál er varða ræktun skjólbelta og nytjaskóga á bújörðum. Leggja þeir Jón Sveinsson, Arnmundur Backman og Bjarni E. Guðleifsson hins vegar til að Náttúruverndarráð, sem verður undirstofnun umhverfisráðuneytis, vinni í samráði við Landgræðslu ríkisins að gróðurverndarmálum og hafi eftirlit með ástandi gróðurs og vinni einnig í samráði við Skógrækt ríkisins að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar. Umhverfisráðherra geti jafnframt, að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs, fyrirskipað sérstakar friðunaraðgerðir á sviði gróður- og skógverndar þrátt fyrir ákvæði landgræðslu og skógræktarlaga. Atvinnuþátturinn verði hins vegar áfram hjá landbúnaðarráðuneyti. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að fara síðartöldu leiðina.

Þær umsagnir, sem borist hafa um þessar stofnanir, skiptust í þrjá flokka. Ýmis náttúruverndarsamtök telja rétt að stofnanirnar tvær flytjist í heild sinni til umhverfisráðuneytis. Forsvarsmenn stofnananna tveggja og hagsmunasamtök bænda telja að halda beri óbreyttu fyrirkomulagi að öllu leyti. Félag náttúrufræðinga og Jarðfræðafélag Íslands benda á að óeðlilegt sé að fela umhverfisráðuneyti bæði framkvæmdaþátt og eftirlitsþátt. Einnig voru

uppi hugmyndir innan nefndarinnar að fela umhverfisráðuneyti eftirlit með ákveðnum þáttum sem nú heyra undir Hafrannsóknastofnun. Um það var ekki samstaða. Hugmyndir voru og uppi um flutning Vinnueftirlits ríkisins sem nefndarmenn voru sammála um að væri málefni vinnumarkaðarins og því óeðlilegt að flytja til.

VII. HELSTU VERKEFNI UMHVERFISRÁÐUNEYTA Á NORÐURLÖNDUM

Umhverfismál hafa verið mikið til umræðu erlendis síðustu ár. Hefur orðið veruleg vakning á þessu sviði víða um heim. Þjóðir eru óðum að vakna til vitundar um umhverfi sitt. Árið 1987 kom út á vegum Sameinuðu þjóðanna skýrsla um umhverfis- og þróunarmál sem ber heitið „Vaar felles fremtid" (Our Common Future) og samin var af nefnd undir forsæti Gro Harlem Brundtland. Er skýrslan oft við hana kennd og til hennar vitnað í sambandi við umhverfismál.

Rétt þykir til upplýsingar að gera stuttlega grein fyrir helstu viðfangsefnum þeirra umhverfisráðuneyta sem nú eru starfandi á Norðurlöndum. Rétt er einnig að geta þess að Bretar munu hafa verið fyrstir Evrópuþjóða til að setja almenn lög um heildarstjórn umhverfismála árið 1970 með stofnun „Department of the Environment". Ári síðar var stofnað samsvarandi ráðuneyti í Frakklandi.

Á Norðurlöndum er gert ráð fyrir tilteknum stjórnarstofnunum sem fara með tiltekið vald á ákveðnum þáttum umhverfismála. Valdsvið þessara stofnana eða stjórna þeirra virðist vera mjög margbreytilegt. Þá virðist gert ráð fyrir nokkuð formbundnu samstarfi ráðuneyta og má sjá að nauðsyn þess er fyrst og fremst talin sú að umhverfisþættir verði þegar á frumstigi kannaðir sérstaklega og vægi þeirra í töku ákvarðana metið þegar í byrjun.

NOREGUR

Ráðuneytið var stofnað árið 1972.

Málaflokkar eru sex:

- Mengunarvarnadeild – skiptist í fjórar skrifstofur.
- Náttúruvernd og fólkvangar – skiptist í átta skrifstofur.
- Skipulagsdeild – skiptist í fjórar skrifstofur.
- Náttúruauðlindadeild – skiptist í eftirfarandi fimm skrifstofur:
  - — samræmingu og heildarmat auðlinda,
  - — endurvinnsla,
  - — orkuvinnsla, orkunýting, orkusparnaður,
  - — vatnsbúskapur,
  - — kortagerð og upplýsingavinnsla.
- Alþjóðasamvinna í umhverfismálum og málefni norðurheimskautsins – skiptist í þrjár skrifstofur.

Starfsmenn ráðuneytisins eru 1490.

DANMÖRK

Umhverfisráðuneytið var stofnað árið 1973.

Málaflokkar eru fimm:

- Umhverfisvernd (mengunarvarnir).
- Skipulagsmál, byggingarmál og húsafriðun.
- Skógrækt og náttúruvernd.
- Umhverfismælingar og eftirlit.
- Landmælingar og kortagerð.

Á síðustu árum hafa verkefni og skipulag ráðuneytisins verið í endurskoðun. Í ársbyrjun 1987 var bætt við „skov- og naturstyrelse" og í september sama ár var „levnedsmiddelstyrelsen" flutt frá umhverfisráðuneytinu til heilbrigðisráðuneytisins.

Samanlagt starfa um 3000 manns á vegum ráðuneytisins og í undirstofnunum þess, þar á meðal 12–1300 skógræktarstarfsmenn. Starfsmenn ráðuneytisins sjálfs hafa þó frá upphafi verið innan við 100, þrátt fyrir sívaxandi verkefni.

FINNLAND

Umhverfismálaráðuneytið var stofnað árið 1983.

Málaflokkar eru fjórir:

- Almenn deild:
- Umhverfis- og náttúruverndardeild, en þar undir eru:
  - — áætlunar- og þróunarskrifstofa,
  - — náttúruverndarskrifstofa,
  - — sorpeyðingarskrifstofa,
  - — vatnsmengunardeild,
  - — loft- og hávaðamengunardeild.
- Skipulags- og byggingarmál, þar á meðal landmælingar og kortagerð.
- Húsnæðismál.

Fulltrúar umhverfisráðuneytisins sitja í stjórnum og ráðgjafarnefndum í öðrum greinum stjórnsýslunnar sem tengjast umhverfisvernd óbeint, þar á meðal nýting vatnsréttinda, timburiðnaður, orkumál, ferðamál, kjarnorka, umhverfisrannsóknir og efnarannsóknir.

Starfsmenn ráðuneytisins eru nú 250.

SVÍÞJÓÐ

Fram til 1986 var landbúnaðarráðherra jafnframt umhverfismálaráðherra, t.d. á alþjóðavettvangi. Í kjölfar Tsjernóbíl-slyssins var umhverfisráðuneyti formlega stofnað með skipulagsbreytingum er færðu umhverfis- og orkumál saman í eitt ráðuneyti. Líklega er það vegna þess hve umræða um umhverfismál hefur fléttast saman við kjarnorkumál í Svíþjóð.

Málaflokkar eru átta:

- Lagadeild.
- Áætlanir, reikningar og yfirstjórn.
- Alþjóðadeild.
- Náttúruauðlindir.
- Umhverfisvernd I.
- Umhverfisvernd II.
- Orkunýtingardeild.
- Orkuflutningadeild.

Ekki er hægt að sjá í tiltækum gögnum hversu margir starfsmenn eru í hverri deild.

VIII. SKIPULAG OG KOSTNAÐUR UMHVERFISRÁÐUNEYTIS

Með tilliti til þróunar á Norðurlöndum um vöxt umhverfisráðuneyta er ljóst að gæta verður mikillar aðhaldssemi í rekstri umhverfisráðuneytis. Gerir nefndin ráð fyrir að auk ráðherra og aðstoðarmanns ráðherra starfi frá og með næstu áramótum fimm starfsmenn í umhverfisráðuneytinu, ráðuneytisstjóri, tveir aðrir sérfræðingar, ritari ráðherra og bifreiðastjóri. Jafnframt gerir nefndin ráð fyrir heimild til ráðningar tveggja sérfræðinga frá 1. apríl 1990 svo og viðbótarritara. Telur nefndin óþarft að skipta ráðuneytinu í skrifstofur eða deildir fyrst í stað.

Áætlaður hefur verið annars vegar stofnkostnaður umhverfisráðuneytis og hins vegar reksturskostnaður fyrir árið 1990. Nemur stofnkostnaður 3.100 þús. kr. og almennur rekstur 26.438 þús. kr. miðað við ofangreindar mannaráðningar. Um frekari sundurliðun kostnaðar vísast til fylgiskjals II. Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur yfirfarið kostnaðaráætlanir nýja ráðuneytisins og telur að komast megi af með allmiklu lægri upphæð fyrir 1990 eða 22.951 þús. kr. alls. Vísast í því efni til sundurliðunar og athugasemda í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1990.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Orðinu umhverfisráðuneyti er bætt í upptalningu ráðuneyta í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 73 28. maí 1969. Telst ráðuneytið stofnað með slíkri breytingu, enda verður ráðuneyti eigi á stofn sett né af lagt, nema með lögum skv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 73/1969. Verkefnaupptalning ráðuneytisins verður í reglugerð eins og á sér stað með önnur ráðuneyti Stjórnarráðsins.

Um 2. gr.

Gildistaka laganna og stofnun umhverfisráðuneytis miðast við 1. janúar 1990.

Um 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða.

Við samningu frumvarps til laga um umhverfisvernd verður m.a. fjallað um sérstaka umhverfisverndarstofnun. Hún taki að sér þau viðfangsefni á sviði landgræðslu og skógræktar sem heyra undir umhverfisráðuneyti og yfirstjórn þess samkvæmt athugasemdum hér á eftir og drögum að reglugerð í fylgiskjali I.

Um 2. tölul. ákvæðis til bráðabirgða.

Við endurskoðun laga um landgræðslu og skógrækt skulu eftirtalin málefni verða á verksviði umhverfisráðuneytis:

1. Gróðureftirlit og gróðurrannsóknir.
2. Gróðurvernd, þar á meðal hvers konar varnir gegn gróðureyðingu, án þess að búist verði við að á móti komi arður eða efnahagslegar nytjar.

Á verksviði landbúnaðarráðuneytis verði eftirtalin málefni:

1. Ræktun ógróins eða lítt gróins lands með það í huga að fá af því beinar nytjar, t.d. að rækta beitilönd og tún.
2. Breytingar á landi til að bæta gróðurfar þess í atvinnuskyni og renna þannig fleiri stoðum undir landbúnaðinn, t.d. með ræktun nytjaskóga.

Fylgiskjal I.

Breyting á reglugerð nr. 96 31. desember 1969, um Stjórnarráð Íslands.

1. gr.

Úr 4. gr. falli brott 4. tölul.

2. gr.

Úr 7. gr. falli brott 7. tölul.

3. gr.

Úr 10. gr. falli brott 11. og 12. tölul.

4. gr.

Úr 11. gr. falli brott 8. og 10. tölul.

5. gr.

Bætt verði við nýrri 13. gr. og töluröð síðari greina breytist til samræmis. Nýja greinin hljóði svo:

Umhverfisráðuneyti fer með eftirtalin málefni:

A. Viðfangsefni.

1. Mál er varða náttúruvernd, þjóðgarða, landgræðslu að því er tekur til gróðurverndar, varna gegn gróðureyðingu, friðunar og eftirlits með ástandi gróðurs, verndun, friðun og eftirlit með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar, útivist og aðstöðu til náttúruskoðunar, jarðrask og efnistöku, aðgerðir til að stjórna stofnstærð villtra dýra, dýravernd og efling alhliða umhverfisverndar.
2. Mál er varða varnir gegn mengun á landi, í lofti og legi, eyðingu eða endurvinnslu hvers konar úrgangs frá byggð og atvinnuvegum, mál sem varða meðferð eiturefna og varnir gegn skaðlegri geislun og mál sem varða hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
3. Skipulags- og byggingarmál, friðlýsing húsa, gerð landnýtingaráætlana og mál er varða landmælingar.
4. Rannsóknir á sviði umhverfismála í samráði og samvinnu við aðra aðila, veðurspár, veðurathuganir og aðrar mælingar, ástandi lofthjúps jarðar og alþjóðlega samvinnu á því sviði.
5. Fræðslu- og upplýsingastarfsemi á sviði umhverfismála.
6. Frumkvæði að samræmingu á aðgerðum ráðuneyta, einstakra ríkisstofnana og sveitarfélaga í málaflokkum sem snerta framkvæmd umhverfismála, svo sem í löggjöf um losun úrgangsefna og varnir gegn loft-, hávaða-, titrings-, geislunar-, ljós-, varma- og lyktarmengun.
7. Mál er varða alþjóðasamskipti og samvinnu þjóða á sviði umhverfismála og framkvæmd á alþjóðasamningum um það efni.

B. Stofnanir og embætti.

1. Náttúruverndarráð.
2. Hollustuvernd ríkisins.
3. Eiturefnanefnd.
4. Geislavarnir ríkisins.
5. Siglingamálastofnun ríkisins að því er varðar varnir gegn mengun sjávar.
6. Skipulagsstjóri ríkisins og skipulagsstjórn.
7. Landmælingar ríkisins.
8. Húsafriðunarnefnd.
9. Embætti veiðistjóra.
10. Náttúrufræðistofnun Íslands.
11. Veðurstofa Íslands.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 8. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal II.

Umhverfisráðuneyti.

Kostnaðaryfirlit 1990.
(Í þús. kr.)

	Laun	Önnur gj. án eignak.	Eignakaup	Tilf.	Gjöld alls	Sértekjur	Mismunur
Almennur rekstur	15.418	10.020	1.000	·	26.438	·	26.438
Stofnkostnaður	·	·	3.100	·	3.100	·	3.100
Samtals	15.418	10.020	4.100	·	29.538	·	29.538

Launaútgjöld árið 1990.

	Stöðu-gildi	Launa-flokkur	Föst laun á árs-grundvelli	Föst laun greidd 1990	Yfirvinna í tímum	Yfirvinna	Álagsgr.	Önnur laun	Samtals
Ráðuneytisstjóri	1.0	501-173	1.986	1.986	360	699	17	120	3.182
Skrifstofustjóri	1.0	505-157	1.324	1.324	360	466	17	420	2.587
Ráðherraritari	1.0	519-245	834	834	360	290	17	0	1.501
Ráðherrabílstjóri	1.0	519-242	763	763	360	275	17	0	1.415
Deildarstjóri	1.0	505-149	966	966	360	366	17	300	1.979
Sérfræðingar frá 1/4 1990	2.0	505-146	1.768	1.326	540	461	34	450	2.611
Ritari frá 1/4 1990	1.0	519-240	720	540	135	97	0	0	772
Nefnda- og stjórnarlaun								650	350
Laun alls án launat. gjalda				7.739	2.475	2.626	119	1.290	14.248
Launatengd gjöld				929		157	7	77	1.171
Laun samtals	8.0			8.668	2.475	2.782	126	1.367	15.418

Önnur gjöld árið 1990.

Vörukaup, almenn	880	Þjónusta II	3.400
Bækur, ritföng	480	Afnotagjöld	0
Byggingarvörur	·	Leigugjöld	3.000
Tæki, áhöld, búnaður	125	Flutningar, vélar	200
Viðhaldsvörur	·	Verkkaup, verkst.	200
Orka	225	Kostnaðarhlutdeild	·
Fatnaður, matvæli	50		
		Fjármagnskostnaður, tryggingar o.fl.	40
Vörukaup, sérgreind	·	Tryggingar	40
Þjónusta I	5.700	Eignakaup	1.000
Fundir, námskeið	1.000		
Ferðir, uppihald	2.000	Vörukaupareikningur	
Akstur	400		
Sérfræðiþjónusta	800	SAMTALS	11.020
Ýmis þjónusta	1.500		

Stofnkostnaður 1990.

Eignakaup	3.100
Áhöld	·
Húsgögn	600
Skrifstofuvélar	·
Tölvubúnaður	2.000
Önnur eignakaup	500

Ed. 134. Frumvarp til laga [130. mál]

um laun forseta Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

1. gr.

Launakjör forseta Íslands skulu ákveðin af Kjaradómi.

2. gr.

Forseti hefur ókeypis bústað, ljós og hita og er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum.

Undanþága skv. 1. mgr. nær þó ekki til eftirlauna.

3. gr.

Allan útlagðan kostnað forseta vegna rekstrar embættisins ber að greiða sérstaklega úr ríkissjóði.

4. gr.

Sá sem kjörinn hefur verið til og gegnt hefur embætti forseta Íslands á rétt til launa skv. 1. gr. í fyrstu sex mánuði eftir að látið er af embætti. Taki fyrrverandi forseti stöðu í þjónustu ríkisins fellur þessi launagreiðsla niður ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunurinn til loka sex mánaða tímans.

5. gr.

Fyrrverandi forseti Íslands á rétt á eftirlaunum að liðnum þeim sex mánuðum sem hann nýtur launa skv. 4. gr.

Eftirlaunin skulu nema 60 hundraðshlutum af launum forseta Íslands eins og þau eru ákveðin af Kjaradómi hverju sinni. Ef forseti hefur gegnt embættinu meira en eitt kjörtímabil skulu eftirlaunin vera 70 hundraðshlutar launa forseta Íslands og 80 hundraðshlutar hafi forseti gegnt embættinu lengur en tvö kjörtímabil.

Taki fyrrverandi forseti stöðu í þjónustu ríkisins fellur eftirlaunagreiðsla niður ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunur.

6. gr.

Nú andast forseti eða fyrrverandi forseti, er laun tekur eða eftirlauna hefur notið, og skal þá greiða eftirlifandi maka laun út sex mánaða tímann skv. 4. gr. og að þeim tíma liðnum 60 hundraðshluta þeirra eftirlauna sem hinn látni hefði átt rétt á.

Taki maki fyrrverandi forseta stöðu í þjónustu ríkisins fellur niður launa- og eftirlaunagreiðsla skv. 1. mgr. ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunur.

7. gr.

Handhafar forsetavalds skv. 8. gr. stjórnarskrárinnar skulu samanlagt njóta jafnra launa og laun forseta eru þann tíma sem þeir hverju sinni fara með forsetavald um stundarsakir. Skulu launin skiptast að jöfnu milli þeirra.

Handhafar forsetavalds skulu fá greiddan útlagðan kostnað vegna starfans.

8. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 3 frá 6. mars 1964, um laun forseta Íslands, og lög nr. 26 frá 2. maí 1969, um eftirlaun forseta Íslands.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sameina gildandi lög um laun forseta Íslands, nr. 3 frá 6. mars 1964, og lög nr. 26 frá 2. maí 1969, um eftirlaun forseta Íslands.

Meginbreyting frá gildandi lögum kemur fram í 5. gr. Þar er fellt brott það skilyrði gildandi 2. mgr. 1. gr. laga nr. 26/1969, um eftirlaun forseta Íslands, að forseti skuli hafa náð 65 ára aldri eða vera öryrki.

Verður að telja það sanngirnis- og metnaðarmál þjóðarinnar að búa vel að fyrrverandi forsetum sínum. Þykir því rétt að fella niður framangreind skilyrði um aldur eða örorku. Fyrrverandi forseti njóti þó aðeins tiltekins hluta launa forseta Íslands skv. 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins, 60 hundraðshluta, 70 hundraðshluta eða 80 hundraðshluta. Í öðru lagi skerðast eftirlaun fyrrverandi forseta ef hann tekur launað starf í þjónustu ríkisins. Í þriðja lagi tekur undanþága frá sköttum og gjöldum ekki til eftirlauna.

Önnur breyting er sú að í 6. gr. frumvarpsins er fjallað um rétt eftirlifandi maka í stað ekkju forseta í gildandi 4. mgr. 1. gr. laga nr. 26/1969 annars vegar til launa út sex mánaða tímann skv. 4. gr. eftir andlát forseta og hins vegar til eftirlauna að tilteknum hundraðshluta að sex mánaða tímabilinu liðnu. Í gildandi lögum er ekki tekið fram ótvírætt hver réttur maka starfandi forseta er í þessu efni.

Aðrar breytingar eru orðalagsbreytingar.

Um 1. gr.

Greinin er samhljóða 1. gr. laga nr. 3/1964.

Um 2. gr.

Greinin er samhljóða 2. gr. laga nr. 3/1964 að öðru leyti en því að bætt er við 2. mgr. þess efnis að undanþága skv. 1. mgr. nái ekki til eftirlauna.

Um 3. gr.

Greinin er samhljóða 3. gr. laga nr. 3/1964.

Um 4. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. mgr. 1. gr. laga nr. 26/1969.

Um 5. gr.

Greinin kemur í stað 2. og 3. mgr. 1. gr. laga nr. 26/1969. Í 1. mgr. eru felld niður fyrri skilyrði um 65 ára aldur og örorku til að öðlast rétt til eftirlauna. Í 3. mgr. er sá fyrirvari settur að eftirlaunagreiðsla falli niður meðan fyrrverandi forseti gegnir stöðu í þjónustu ríkisins, ef henni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunurinn. Njóta eftirlaunin ekki undanþágu frá skattgreiðslu skv. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Greinin kemur í stað 4. mgr. 1. gr. laga nr. 26/1969. Fjallað er um eftirlifandi maka í stað „ekkju“ og tekið fram að eftirlifandi maki forseta og fyrrverandi forseta njóti launa út sex mánaða tímabilið skv. 4. gr. að forseta látnum og að þeim tíma liðnum 60 hundraðshluta þeirra eftirlauna sem starfandi eða fyrrverandi forseti hefði átt að njóta skv. 5. gr.

Taki maki forseta við stöðu í þjónustu ríkisins sem jafnhá eða hærri laun fylgja þykir rétt að launa- og eftirlaunagreiðsla skerðist sem því nemur, ella greiðist launamismunurinn.

Um 7. gr.

Greinin er samhljóða 4. gr. laga nr. 3/1964.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 135. Frumvarp til laga [131. mál]

um lögheimili.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

1. gr.

Lögheimili manns er sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu.

Maður telst hafa fasta búsetu á þeim stað þar sem hann hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tómstundum sínum, hefur heimilismuni sína og svefnstaður hans er þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika.

Dvöl í gistihúsi, fangelsi, vinnuhæli, sjúkrahúsi, athvarfi, heimavistarskóla, verbúð, vinnubúðum eða öðru húsnæði, sem jafna má til þessa, er ekki ígildi fastrar búsetu.

2. gr.

Hver sá, sem dvelst eða ætlar að dveljast á Íslandi í sex mánuði eða lengur, skal eiga lögheimili samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum. Sá sem dvelst eða ætlar að dveljast í landinu vegna atvinnu eða náms í þrjá mánuði eða lengur má þó eiga lögheimili hér.

Starfsmenn sendiráða á Íslandi, sem eru erlendir ríkisborgarar, og liðsmenn Bandaríkjanna, sbr. lög nr. 110 19. desember 1951, eiga ekki lögheimili í landinu. Sama gildir um skyldulið þessara manna sem dvelst hér á landi og hefur ekki íslenskt ríkisfang.

3. gr.

Lögheimili skal, svo framarlega sem unnt er, talið vera í tilteknu húsi við tiltekna götu eða á tilteknum stað, í nafngreindu húsi eða á sveitabæ.

Félagsmálaráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að lögheimili þeirra, sem búa í fjölbýlishúsum, skuli auðkennt með sérstöku íbúðarnúmeri.

4. gr.

Enginn getur átt lögheimili hér á landi á fleiri en einum stað í senn.

Leiki vafi á því hvar telja skuli að föst búseta manns standi, t.d. vegna þess að hann hefur bækistöð í fleiri en einu sveitarfélagi, skal hann eiga lögheimili þar sem hann dvelst meiri hluta árs. Dveljist hann ekki meiri hluta árs í neinu sveitarfélagi skal hann eiga lögheimili þar sem hann stundar aðalatvinnu sína enda hafi hann þar bækistöð. Það telst aðalatvinna í þessu sambandi sem gefur tvo þriðju hluta af árstekjum manns eða meira.

Dveljist maður hérlendis við nám utan þess sveitarfélags þar sem hann átti lögheimili er námið hófst getur hann átt lögheimili þar áfram enda hafi hann þar bækistöð í leyfum og taki ekki upp fasta búsetu annars staðar.

Alþingismanni er heimilt að eiga áfram lögheimili í því sveitarfélagi þar sem hann hafði fasta búsetu áður en hann varð þingmaður. Sama gildir um ráðherra.

Verði eigi skorið úr um fasta búsetu manns skv. 2. og 3. mgr. skal maðurinn sjálfur ákveða hvar lögheimili hans skuli vera. Geri hann það ekki ákveður Þjóðskráin það.

5. gr.

Maður, sem stundar farmennsku, fiskveiðar eða flutningastarfsemi og hefur hvergi fasta búsetu skv. 1. gr., á lögheimili þar sem skip það, loftfar eða annað farartæki, sem hann starfar á, hefur aðalbækistöð sína.

6. gr.

Verði eigi skorið úr um lögheimili manns samkvæmt undanfarandi ákvæðum, skal hann eiga lögheimili í því sveitarfélagi þar sem hann síðast hefur haft þriggja mánaða samfellda dvöl sem ekki fellur undir 3. mgr. 1. gr.

7. gr.

Hjón eiga sama lögheimili. Hafi þau sína bækistöðina hvort skv. 1. gr. skal lögheimili þeirra vera hjá því hjónanna sem hefur börn þeirra hjá sér. Ef börn hjóna eru hjá þeim báðum eða hjón eru barnlaus skulu þau ákveða á hvorum staðnum lögheimili þeirra skuli vera, ella ákveður Þjóðskráin það. Sama gildir um fólk í óvígðri sambúð eftir því sem við getur átt.

Hjón, sem slitið hafa samvistir, eiga sitt lögheimilið hvort.

8. gr.

Barn 15 ára eða yngra á sama lögheimili og foreldrar þess ef þeir búa saman, ella hjá því foreldrinu sem hefur forsjá þess. Hafi barn fasta búsetu hjá því foreldri sem ekki hefur forsjá þess skal það eiga þar lögheimili enda sé forsjárforeldri samþykkt búsetunni. Hafi forsjá barns ekki verið falin öðru hvoru foreldranna á barnið sama lögheimili og það foreldri sem það býr hjá. Búi barn hjá hvorugu foreldra sinna á það lögheimili þar sem það hefur fasta búsetu.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um lögheimili kjörbarna og fósturbarna.

9. gr.

Sá sem dvelst erlendis við nám eða vegna veikinda getur áfram átt lögheimili hér á landi hjá skyldfólki sínu eða venslafólki eða í því sveitarfélagi þar sem hann átti lögheimili er hann fór af landi brott enda sé hann ekki skráður með fasta búsetu erlendis.

Íslenskur ríkisborgari sem gegnir störfum erlendis á vegum ríkisins við sendiráð, fastanefnd eða ræðismannsskrifstofu og tekur laun úr ríkissjóði, svo og íslenskur ríkisborgari sem er starfsmaður alþjóðastofnunar sem Ísland er aðili að, á lögheimili hér á landi hjá skyldfólki sínu eða venslafólki eða í því sveitarfélagi þar sem hann átti lögheimili er hann fór af landi brott.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda einnig um skyldulið þeirra manna sem þar um ræðir og dvelst með þeim erlendis.

10. gr.

Ákvæði laga um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73 25. nóvember 1952, skulu gilda um breytingu á lögheimili samkvæmt þessum lögum eftir því sem við á.

Tilkynning um að lögheimili sé að heimili annars manns verður ekki tekin til greina ef hann mótmælir því að lögheimilið sé talið hjá honum.

11. gr.

Leiki vafi á um lögheimili manns samkvæmt lögum þessum skal leita úrskurðar dómara.

Rétt er Þjóðskránni, aðila sjálfum svo og sveitarfélagi, er málið varðar, að beiðast rannsóknar og úrskurðar um lögheimili en dómari fer með málið að hætti opinberra mála. Hann skal að jafnaði leita umsagnar og upplýsinga hjá öllum framangreindum aðilum áður en úrskurður gengur.

Velti úrslit einkamáls á því hvar maður á lögheimili samkvæmt lögum þessum er aðilum þess máls heimilt að leita úrskurðar um lögheimili í samræmi við 2. mgr. Þeim aðilum öllum er og heimilt að áfrýja úrskurði dómara til Hæstaréttar.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1990. Jafnframt falla úr gildi lög um lögheimili, nr. 35 30. maí 1960, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði 10. maí 1985. Í nefndinni áttu sæti Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, formaður, Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri, Ólafur W. Stefánsson, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneyti, og Þorgerður Benediktsdóttir, deildarstjóri í félagsmálaráðuneyti. Þá hefur Skúli Guðmundsson, skrifstofustjóri Þjóðskrár, starfað með nefndinni á árinu 1989.

Nefnd þessi var skipuð að ósk Hagstofu Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem þessir aðilar töldu að full þörf væri á að endurskoða gildandi lög um lögheimili. Margar ástæður liggja þar að baki. Í fyrsta lagi eru nú liðnir nær þrír áratugir frá setningu gildandi lögheimilislaga. Á þessum tíma hafa þjóðfélagshættir tekið töluverðum breytingum. Þetta á ekki síst við um sambýlis- og búsetuhætti fólks. Í öðru lagi hefur ýmsum lögum, sem tengjast eða styðjast við lögheimilislög, verið breytt á þessu tímabili og er eðlilegt að lögheimilislögin séu endurskoðuð í því ljósi. Í þriðja lagi má loks nefna að vegna ýmissa norrænna samninga, einkum á sviði almannatrygginga, skattamála og almannaskráningar, er talin þörf á endurskoðun laganna.

Helsta markmiðið með endurskoðun lögheimilislaga er að skapa meiri festu í skilgreiningu og ákvörðun lögheimilis en verið hefur. Er stefnt að því að það verði meginregla að menn hafi lögheimili þar sem þeir hafa fasta búsetu. Hugtakið föst búseta er því þungamiðja í þessu frumvarpi og er lögð áhersla á að skilgreina það hugtak með ótvíræðum hætti. Í þessu felst mikilvæg breyting frá gildandi lögum en ákvæði þeirra hafa nú á síðari árum þótt gefa færi á hentisemi og hringlanda við ákvörðun lögheimilis. Ekki síst hefur á því borið að menn hafi talið sig geta átt formlega lögheimili á einum stað en búið annars staðar. Þannig hefur reynst æ örðugra fyrir sveitarfélögin og Hagstofuna (Þjóðskrá) að ákvarða lögheimili manna. Marka- og óvissutilvikum hefur fjölgað mikið. Þetta hefur valdið því að lögunum hefur ekki verið beitt sem skyldi.

Nauðsynlegt er að skapa meiri festu um ákvörðun lögheimilis en verið hefur. Þetta er ákaflega brýnt vegna þess hve lögheimilisskráning skiptir miklu um framkvæmd ýmissa laga, sérstaklega skattalaga, og vegna hins hve opinberir aðilar og ýmsir aðrir eru orðnir háðir heimilisföngum í Þjóðskrá um útsendingu mikilvægra gagna og fjármuna.

Sem fyrr segir hafa sambýlishættir og búsetuhættir breyst talsvert á þeim nær þrjátíu árum sem liðið hafa frá setningu gildandi laga um lögheimili. Meðal þeirra breytinga, sem hér um ræðir, má nefna eftirfarandi:

Breytingar á atvinnuháttum. Á síðari árum hefur dregið mjög úr árstíðabundinni atvinnu, t.d. vertíðarvinnu, og þar með flutningum fólks milli landshluta á hverju ári vegna atvinnu. Atvinna er nú mun jafnari á hverjum stað allt árið um kring en áður, bæði til sjávar og sveita. Enn fremur hefur það færst mjög í vöxt að útlendingar komi hingað til lands til skammtíma atvinnu og dvalar.

Breytingar á búsetu. Auk þeirra áhrifa á búsetu, sem atvinnubreytingar hafa valdið, hefur það orðið æ algengara að menn hafi fleiri en eina bækistöð og í reynd því fleiri en

eitt heimili. Ekki er óalgengt að menn hafi eina bækistöð vegna atvinnu sinnar og aðra þar sem þeir dveljast í frítíma sínum hvenær ársins sem er. Á sama hátt eiga námsmenn oft tvær bækistöðvar, á námsstað og á foreldraheimili. Loks má nefna að það færist í vöxt að hjón vinni hvort á sínum stað á landinu og hafi því tvær bækistöðvar og tvö heimili.

Breytingar á sambýlisháttum hafa margar orðið. Veigamest er þó hve algengt það er nú að tveir einstaklingar búi saman án þess að ganga í hjónaband, þ.e. í óvígðri sambúð. Í ýmsum lögum hefur verið tekið tillit til slíkra sambýlishátta og skiptir þá form búsetu og sambýlis miklu máli, sérstaklega í skatta- og tryggingalöggjöf. Þannig geta einstaklingar haft verulegan fjárhagslegan hag eða óhagræði af því að vera taldir búa saman eða hvor í sínu lagi. Slík vandamál verða ekki leyst með beinum hætti í lögheimilislögum en þau valda því að brýnt er að ákvæði þeirra laga séu sem ótvíræðust. Á hinn bóginn valda þau hagsmunamál, sem hér um ræðir, oft miklum vanda við skráningu lögheimils og almannaskráningu yfirleitt.

Af lagabreytingum síðustu árin, sem skipta máli við framkvæmd lögheimilislaga, má nefna ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt er snerta skiptingu skatttekna milli sveitarfélaga. Jafnframt hafa verið gerðar breytingar á hjúskaparlögum og sett barnalög sem m.a. kveða á um forsjá barna. Nauðsynlegt er að samræmi sé milli allra þessara laga og lögheimilislaga, bæði hvað snertir efni og framkvæmd.

Lög annarra Norðurlandaþjóða um lögheimili eða fasta búsetu og breytingar þeirra laga skipta máli fyrir Íslendinga vegna ýmissa norrænna samninga þar sem lögheimili er lagt til grundvallar ýmsum réttindum og skyldum. Á undanförnum árum hafa lögheimilislög grannþjóðanna verið endurskoðuð og hafa breytingar þeirra hnigið í meginatriðum til tveggja átta. Annars vegar er svonefnd svefnstaðarregla, nú alls staðar notuð sem meginregla við ákvörðun fastrar búsetu og þar með lögheimilis. Hins vegar hefur verið lögð áhersla á að ekki sé greint á milli raunverulegrar búsetu og lögheimilis. Í þessu efni hafa Danir gengið lengst þannig að þeir leyfa nær engar undantekningar. Í umræðum um þessi mál að undanförnu hefur komið skýrt fram að þjóðskráryfirvöld á Norðurlöndum telja að Danir gangi þarna á undan með góðu fordæmi.

Á þingi Norðurlandaráðs 1986 var samþykkt tillaga, sem Íslendingar beittu sér fyrir, um endurskoðun norræna samningsins um almannaskráningu frá 5. desember 1968 (sjá Stjórnartíðindi C 2/1969). Verkið var falið sérstakri embættismannanefnd og skilaði hún áliti sínu til norrænu ráðherranefndarinnar í nóvember 1988. Á þingi Norðurlandaráðs í mars 1989 voru tillögur nefndarinnar um nýjan samning um almannaskráningu samþykktar. Samningurinn var undirritaður í Reykjavík 8. maí 1989 og tekur væntanlega gildi fyrri hluta ársins 1990 er allar þjóðirnar hafa fullgilt hann. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með frumvarpi þessu. (Skýrsla embættismannanefndarinnar er prentuð sem fylgiskjal með tillögu norrænu ráðherranefndarinnar á þingi Norðurlandaráðs 1989, sjá Nordiska raadet, 37:e sessionen 1989, B 92/j.)

Nýi samningurinn felur í sér ýmsar breytingar frá gildandi samningi er lúta að því að skerpa og skýra ýmis ákvæði hans og koma í veg fyrir misræmi milli þjóða og sveitarfélaga í túlkun og framkvæmd hans. Að baki býr enn fremur að á vettvangi embættismannanefndarinnar náðist víðtækara samkomulag milli skráningaryfirvalda þjóðanna um samræmingu ýmissa framkvæmdaatriða. Ein veigamesta breytingin, sem felst í hinum nýja samningi, er að skemmri dvöl í einu aðildarlandi en sex mánaða telst, að öðru jöfnu, ekki jafngilda flutningi. Fram að þessu hafa þessi tímamörk verið á reiki og hafa Danir t.d. krafist skráningar allra þeirra sem koma til landsins ef dvöl er ætlað að standa í þrjá mánuði eða lengur. Í lögum um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73/1952, er og gert ráð fyrir skráningarskyldu þeirra sem koma hingað til lands og ætla að dveljast í þrjá mánuði eða lengur. Hér gætir því nokkurs misræmis við ákvæði lögheimilislaga. Til þess að tryggja samræmi í framkvæmd og koma í veg

fyrir að skammtímadvöl sé talin jafngilda búsetu varð samkomulag um að miða við sex mánaða dvöl sem meginreglu. Danir og Íslendingar munu þó heimila í samræmi við eigin löggjöf að menn verði skráðir sem fluttir til landsins ef þeir ætla að dveljast í landinu í þrjá mánuði eða lengur.

Í skýrslu embættismannanefndarinnar, sem undirbjó hinn nýja samning, kemur fram að með þeim breytingum, sem í honum felast, sé gengið eins langt og auðið er í þá átt að samræma flutnings- og skráningarreglur að óbreyttum lögum landanna um fasta búsetu og lögheimili. Nefndin bendir á að þótt meginreglur þessara laga séu keimlíkar séu undantekningarákvæði mismörg og mismikilvæg. Ekki er vafi á að í gildandi lögum um lögheimili hér á landi eru einna flest og veigamest undantekningarákvæði og eru þau hvað örðugust í framkvæmd. Í þessu frumvarpi er m.a. tekið mið af löggjöf annarra Norðurlandaþjóða og leitast við að fá fram frekari samræmingu við hana en nú er, m.a. með því að fækka undantekningum frá meginreglum. Að þessu er vikið nánar hér á eftir.

Helstu breytingar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir frá gildandi löggjöf, eru eftirfarandi:

1. Skilgreining lögheimilis.

Í gildandi lögum segir að maður eigi lögheimili þar sem heimili hans er og síðan er skilgreint hvað átt er við með hugtakinu heimili. Í frumvarpinu er lagt til að maður eigi lögheimili þar sem hann hefur fasta búsetu og síðan er skilgreint hvað felst í hugtakinu föst búseta.

2. Skilgreining heimilis/fastrar búsetu.

Í gildandi lögum segir að heimili manns sé sá staður þar sem hann hefur bækistöð og dvelst að jafnaði í tómstundum sínum og hefur þá hluti sem eru honum persónulega tengdir, svo sem fatnað, húsgögn, bækur o.fl. Í frumvarpinu er lagt til að miðað sé við fasta búsetu manns en hún er talin vera á þeim stað þar sem hann hefur bækistöð sína, þar sem hann dvelst í tómstundum, hefur heimilismuni sína og þar sem svefnstaður hans er þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika.

3. Tímalengd dvalar sem leiðir til skráningar lögheimilis.

Í gildandi lögum er miðað við að dveljist maður eða ætli að dveljast á Íslandi í sex mánuði eða lengur skuli hann eiga hér lögheimili. Enn fremur er þess krafist að allir þeir, sem stunda hér launaða atvinnu, eigi hér lögheimili. Annmarkar eru á þessum ákvæðum. Í fyrsta lagi ríma þau ekki vel við ákvæði laga um tilkynningu aðsetursskipta en þar er þess krafist að maður, sem kemur erlendis frá, tilkynni til skráningaryfirvalda ef hann dvelst eða ætlar að dveljast hér á landi í þrjá mánuði eða lengur. Í öðru lagi eru gildandi ákvæði um að krafist sé lögheimilisskráningar af þeim sem stunda hér launaða atvinnu án tillits til dvalarlengdar ekki í samræmi við ákvæði norræna samningsins um almannaskráningu. Í þriðja lagi eru þessi síðastnefndu ákvæði í reynd óraunhæf og naumast skynsamleg þar sem í þeim felst m.a. að maður, sem dvelst hér fáeina daga við vinnu, t.d. einleikari með Sinfóníuhljómsveitinni, verður að eiga hér lögheimili þessa fáu daga.

Í frumvarpi þessu er lagt til að áfram verði miðað við sex mánaða dvöl sem meginreglu en jafnframt verði þeim heimilt, sem dvelst eða ætlar að dveljast í landinu við nám eða störf í þrjá mánuði eða lengur, að eiga hér lögheimili. Loks er gert ráð fyrir að fellt verði niður ákvæðið um að jafnan sé krafist lögheimilisskráningar ef maður stundar hér launaða vinnu. Það verði því dvölin ein og lengd hennar sem ráði.

4. Álitamál um fasta búsetu.

Í gildandi lögum er kveðið á um að eigi maður samtímis heimili í fleiri en einu sveitarfélagi skuli hann eiga þar lögheimili sem aðalatvinna hans er. Í frumvarpinu er lagt til að í tilvikum sem þessum sé fyrst beitt meginreglu frumvarpsins um lengd dvalar á hverjum stað en dugi hún ekki ráðist lögheimilið af þeim stað þar sem viðkomandi stundar aðalatvinnu sína (sjá hér 4. gr.). Hér er m.a. haft í huga það sem að framan var rakið um breytingu atvinnuhátta undanfarin ár, svo og hversu algengt það er að menn eigi heimili í einu sveitarfélagi en hafi atvinnu í öðru. Ljóst er að oft gætir tilhneigingar hjá sveitarstjórnum til að skrá menn með lögheimili í sveitarfélaginu þar sem þeir vinna fremur en þar sem heimili þeirra eða bækistöð er. Þótt í vissum tilvikum megi færa rök fyrir þessu getur þetta þó ekki gengið sem regla. Eina reglan, sem brúkleg virðist, er sú að jafnan fari saman lögheimili og föst búseta.

5. Lögheimili á dvalarheimilum aldraðra.

Í gildandi lögum er kveðið á um að menn geti ekki átt lögheimili á elliheimili eða í sérhönnuðum heimilum og íbúðum aldraðra eða öryrkja byggðum í tengslum við þjónustumiðstöð aldraðra eða heilsugæslustöð nema sveitarstjórn heimili undantekningu frá þessu. Þetta gildir jafnt þótt viðkomandi eigi húsnæðið sem hann býr í. Í frumvarpinu er lagt til að þessi ákvæði verði felld niður þannig að aldraðir og öryrkjar geti á sama hátt og aðrir átt lögheimili þar sem þeir hafa fasta búsetu hvort sem þeir búa á elliheimilum eða í sérstökum íbúðum fyrir aldraða og öryrkja.

Hvað snertir dvalarheimili aldraðra er ljóst að þeir sem þangað flytja koma þangað til að dveljast til frambúðar og taka þar upp fasta búsetu. Dvöl á dvalarheimili aldraðra verður ekki jafnað til dvalar í sjúkrahúsi, athvarfi eða á öðrum álíka stofnunum þar sem ætlast er til að menn vistist vegna tímabundinna vandkvæða. Kostnaður við vistun á dvalarheimilum aldraðra er í aðalatriðum greiddur af vistmönnum og af almannatryggingum að því marki sem lífeyrir vistmanna hrekkur ekki til greiðslu vistgjalda. Breyting á þessu ákvæði lögheimilislaga veldur því ekki sveitarfélögum sérstökum útgjöldum en færir þeim hins vegar tekjur eins og síðar er vikið að. Tekið skal fram að hvað þetta snertir er ákvæðum gildandi laga ekki beitt með samræmdum hætti. Þannig heimila mörg sveitarfélög vistmönnum á elliheimilum að skrá sig með lögheimili þar en önnur heimila það aðeins þeim vistmönnum sem áttu lögheimili í sveitarfélaginu áður en þeir fluttust á elliheimili.

Ákvæði gildandi laga um að mönnum sé ekki heimilt að eiga lögheimili í íbúð, sem byggð hefur verið fyrir aldraða eða í tengslum við þjónustumiðstöð fyrir aldraða, voru sett á árinu 1982 (lög nr. 68/1982). Þessi lagasetning var og er umdeild en hún var gerð í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að sveitarfélag þyrfti að bera kostnað við framfærslu eða heimilishjálp manna sem flyttust í þjónustuíbúðir aldraðra úr öðrum sveitarfélögum. Í greinargerð með því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 68/1982, var talið að mikið yrði byggt af sérhönnuðum íbúðum fyrir aldraða. Um afleiðingar þessa segir: „Ef umtalsverður aðflutningur aldraðra af þessum sökum verður til eins sveitarfélags og þeir öðlast sveitfesti þar, má gera ráð fyrir auknum útgjöldum vegna þessa fólks, en litlum eða engum skatttekjum á móti.“

Frá því þessi breyting á lögheimilislögunum var ákveðin hefur fyrirkomulag þessara mála og viðhorf til þeirra breyst. Þá hafa breytingar skattalaga við upptöku staðgreiðslu í ársbyrjun 1988 fært sveitarfélögunum verulegar „skatttekjur á móti“. Með lögum um málefni aldraðra, nr. 91/1982, var kveðið á um að ríkið greiddi 35% af kostnaði við heimilishjálp aldraðra til viðkomandi sveitarfélags. Afganginn bera sveitarfélögin sjálf. Algengt var að þau gerðu kröfur vegna kostnaðar við heimilishjálp manna sem skráðir voru með lögheimili í öðrum sveitarfélögum. Af þessu hlaust flókið uppgjör milli

sveitarfélaga þar sem útkoman var oft óljós og að auki ekki endilega réttlát. Þetta stafar af því að aðeins sum sveitarfélög hafa gert slíkar kröfur en önnur ekki. Reykjavík er meðal hinna síðarnefndu en borgaryfirvöld hafa ekki amast við því að utanbæjarmenn flyttust í þjónustuíbúðir aldraða og öryrkja í borginni og ættu þar lögheimili. Auk þessa má benda á að telja verður að breytingar lögheimilislaganna 1982 hafi byggst á fremur skammsýnum viðhorfum er tóku mið af mismunandi aldurssamsetningu íbúa í einstökum sveitarfélögum á tilteknum tíma. Aldurssamsetning er ekki óbreytanleg og staða eins sveitarfélags í þeim efnum getur breyst tiltölulega skjótt. Það sem sýnist hagstætt fyrir eitt sveitarfélag í dag getur þess vegna hæglega reynst því óhagstætt innan tíðar.

Þær viðhorfsbreytingar, sem rætt var um hér á undan, koma m.a. fram í lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989, sem taka gildi 1. janúar 1990. Með þeim lögum eru gerðar talsverðar breytingar á ákvæðum um kostnað við öldrunarþjónustu í V. kafla gildandi laga, nr. 91/1982. Samkvæmt 29. gr. hinna nýju laga skiptist kostnaður af rekstri heimaþjónustu þannig að sveitarfélög bera kostnað af félagslegum þætti hennar en ríkissjóður af heilbrigðisþættinum. Jafnframt geta sveitarstjórnir með gjaldskrá ákveðið þátttöku einstaklinga í veittri heimaþjónustu. Undanþegnir gjaldskyldu eru þó þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri og tekjutryggingu almannatrygginga. Önnur veigamikil breyting er að það verður skylda hvers sveitarfélags að reka heimaþjónustu fyrir aldraða í sveitarfélaginu. Breytingar laganna á fyrirkomulagi á greiðslum fyrir heimaþjónustu aldraðra eru í samræmi við ný lög um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. 87/1989, sem gildi taka 1. janúar 1990.

Er staðgreiðsla skatta var tekin upp í ársbyrjun 1988 urðu allar tekjur útsvarsskyldar en lífeyrir almannatrygginga hafði áður verið undanþeginn útsvari. Við þessa breytingu hækkaði sá stofn sem skattar ellilífeyrisþega eru reiknaðir af og enn fremur skilar skattkerfið nú sveitarfélögunum hlut þeirra af öllum skattskyldum tekjum manna í staðgreiðslu. Þá eru meðtalin útsvör þeirra sem hafa tekjur undir skattleysismörkum þar sem persónuafsláttur þessara manna nýtist til greiðslu útsvara þeirra. Í þessu felst mikil breyting fyrir sveitarfélögin og hefur það m.a. í för með sér að öldruðum, sem flytjast til einhvers sveitarfélags, fylgja skatttekjur, ólíkt því sem áður var.

Rétt er að fram komi að gildandi ákvæði lögheimilislaga um takmörkun á rétti aldraða og öryrkja til að eiga lögheimili, þar sem þeir hafa fasta búsetu, hafa valdið þeim ýmsum vandkvæðum. Af þessu hefur leitt að menn verða ýmist að eiga lögheimili sitt skráð hjá ættingjum eða venslafólki eða að vera skráðir sem óstaðsettir í því sveitarfélagi sem þeir bjuggu í áður. Þetta kemur m.a. í veg fyrir að þeim berist milliliðalaust ýmis póstur frá hinu opinbera og öðrum aðilum, auk þess sem hætta er á að slíkur póstur berist þeim alls ekki. Þá verða þeir háðari ættingjum sínum og venslafólki en þeir kunna að kjósa sjálfir og málefni þeirra opnari fyrir íhlutun annarra en ella hefði orðið. Í gildandi lögum getur því í reynd falist skerðing á sjálfstæði aldraðra og öryrkja og þar með mannréttindum þeirra.

Eitt meginatriði þessa máls er að með fyrrnefndri breytingu á lögum um lögheimili á árinu 1982 var valin sú leið að leysa tiltekin vandamál, er snerta afmörkuð fjárhagssamskipti sveitarfélaga, með undantekningum frá meginreglum almennrar löggjafar um lögheimili. Slíkar lausnir eru yfirleitt óheppilegar og telja verður að það eigi einmitt við í þessu sérstaka tilviki. Af þeim ástæðum öllum, sem hér hafa verið raktar, er því í frumvarpi þessu lagt til að þessi takmarkandi ákvæði falli niður.

6. Lögheimili námsmanna.

Í gildandi lögum eru sérstök ákvæði sem heimila námsmönnum erlendis að telja lögheimili sitt í því sveitarfélagi, þar sem þeir áttu lögheimili er þeir fóru af landi brott,

eða hjá skyldfólki sínu. Sama gildir um sjúklinga. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þetta ákvæði haldist í meginatriðum en með nokkrum breytingum. Helsta breytingin er sú að lagt er til að þetta ákvæði gildi ekki ef menn eru skráðir með fasta búsetu erlendis. Þetta er m.a. í samræmi við samning Norðurlanda um almannaskráningu. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að þeir sem fara til náms á Norðurlöndum hafa alls staðar nema í Danmörku getað valið um hvort þeir væru skráðir þar eða ekki. Á þessu hefur nú orðið sú breyting að til að tryggja samræmi í almannaskráningu hafa Norðurlandaþjóðirnar orðið ásáttar um að ef menn dveljast lengur en sex mánuði í hverju landi skuli þeir skráðir með búsetu í því landi. Grundvöllur þessa er sá að tryggingalöggjöf er svipuð á öllum Norðurlöndum en tilgangur þessa ákvæðis er að koma í veg fyrir að menn geti ýmist verið skráðir í fleiri en einu landi eða hvergi. Þykir rétt að tekið sé mið af þessum samningi í lögheimilislögum. Í þessu sambandi má enn benda á að samkvæmt lögum um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 66/1989, halda menn sjálfkrafa kosningarrétti til alþingiskosninga í átta ár eftir að þeir voru hér síðast á íbúaskrá og lengur ef þeir sækja um það sérstaklega. Þessi regla gildir og um forsetakjör.

Í frumvarpinu er einnig tillaga um nýtt ákvæði um þá sem stunda nám hér á landi en í öðru sveitarfélagi en þeir áttu heima í er námið hófst. Þessi tillaga er til þess ætluð að taka af tvímæli og skerpa framkvæmd í þessum efnum. Er gert ráð fyrir að menn geti haldið lögheimili í því sveitarfélagi sem þeir bjuggu í er námið hófst enda hafi þeir þar bækistöð í leyfum og taki ekki upp fasta búsetu annars staðar. Með þessu er annars vegar ætlast til að skýrt sé kveðið á um rétt manna til að telja sig áfram heimilisfasta í sveitarfélagi sínu meðan þeir hafa eðlileg tengsl við það en hins vegar að komið sé í veg fyrir að þeir verði áfram skráðir í sveitarfélaginu taki þeir upp fasta búsetu annars staðar.

7. Heimild til að setja reglugerð um skráningu lögheimilis í ákveðnum íbúðum.

Eins og nú háttar er lögheimili manna í þéttbýli yfirleitt skráð sem heimilisfang í tilteknu húsi við tiltekna götu. Undanfarin missiri hafa Hagstofunni borist óskir frá nokkrum sveitarfélögum um nákvæmari skráningu heimilisfanga í Þjóðskrá, þ.e. í tiltekna íbúð ef um fjölbýlishús er að ræða. Þessar óskir eru eðlilegar af ýmsum ástæðum. Í fyrsta lagi eykur þetta festu í lögheimilisskráningu og gerir sveitarstjórnum kleift að fylgjast betur en ella með því hverjir búa raunverulega í sveitarfélaginu. Í öðru lagi eykur þetta mjög á öryggi við útburð mikilvægra póstsendinga, svo sem skattgagna, barnabóta, tryggingabóta o.fl. Í þriðja lagi ætti þetta að auðvelda fasteignaskráningu til muna.

Hagstofan er meðmælt þessu og af hennar hálfu vegur einnig mjög þungt að með skráningu sem þessari mundi Þjóðskrá þjóna hagskýrslugerð mun betur en nú er. Eins og nú háttar eru til dágóðar skýrslur um búsetu fólks og um einstaklinga. Á hinn bóginn verður samhengi fjölskyldu ekki séð af Þjóðskrá og vitneskja um fjölskyldur og breytingu á heimilum og sambýlisháttum er því yfirleitt næsta lítil. Þessara upplýsinga hefur verið reynt að afla með manntölum, en það hefur ekki gefið góða raun vegna þess hve þau eru viðamikil og þung í úrvinnslu. Sýnt þykir að ef hægt er að telja menn til heimilis í ákveðnum íbúðum verður unnt að hætta að taka manntöl eins og þau hafa tíðkast til þessa en fá í staðinn sambærilega vitneskju úr Þjóðskrá. Þær upplýsingar um heimili og fjölskyldu, sem hingað til hefur verið aflað með manntölum, yrði þá hægt að vinna árlega úr Þjóðskrá. Þetta kæmi þó ekki algjörlega í stað manntala en annarra veigamikilla upplýsinga mætti ýmist afla úr tiltækum skrám, t.d. nemendaskrá og fasteignaskrá, eða með einföldum úrtaksathugunum. Í þessu fælist verulegur sparnaður því að hefðbundin manntöl eru ákaflega kostnaðarsöm. Þess má geta að Danir fóru inn á þessa braut fyrir nokkrum árum og byggja nú mannfjölda- og fjölskylduupplýsingar sínar eingöngu á Þjóðskrá í stað manntals áður. Þetta þykir hafa gefið mjög góða raun og hefur víða vakið mikla athygli.

Ljóst er að þessi breyting krefst talsverðs undirbúnings og er nauðsynlegt að hún verði gerð í samráði við sveitarstjórnir og samtök þeirra, við Fasteignamat ríkisins, skipulagsyfirvöld, Hagstofuna og aðra er málið varða. Af þeim sökum þykir rétt að leggja til að ráðherra verði veitt heimild til þess að setja reglugerð er kveði á um skráningu lögheimilis í tilteknum íbúðum.

Meðal þess sem gera þarf til undirbúnings þessari breytingu er að breyta tölvuskrám Þjóðskrár. Þetta þarf nokkurn aðdraganda en ætti ekki að verða mjög kostnaðarsamt þar sem breytingin getur orðið hluti af endurskoðun þessara skráa sem að er stefnt. Þá er ljóst að sú breyting, að skrá lögheimili í tilteknum íbúðum, verður haldlítil nema um leið verði gert skylt að allar íbúðir í fjölbýlishúsum verði merktar með áberandi hætti með númeri hverrar íbúðar. Ákvæði um merkingar af því tagi þykja ekki eiga heima í lögheimilislögum. Til greina kemur að setja um þetta sérstök ákvæði í lög um fjölbýlishús, nr. 59/1976, en þar er þegar að finna vísi að þeim. Í 4. gr. þeirra laga er kveðið á um skiptayfirlýsingu en hún skal greina svo ekki verði um villst hvar hver íbúð er. Þetta skal sýnt með götunafni, húsnúmeri, hæðartölu og sérstakri merkingu samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að lögheimili manns sé sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu. Í gildandi lögum er miðað við heimili og þykir það ekki lengur heppilegt, m.a. vegna þess að heimilishugtakið er ekki lengur nógu skýrt. Auk þess hefur það færst mjög í vöxt að menn telji sig eiga fleiri en eitt heimili. Fasta búsetu má skilgreina með ákveðnari hætti en heimili. Sú skilgreining, sem gert er ráð fyrir í 2. mgr., byggist að hluta á núverandi skilgreiningu heimilis í gildandi lögum en við hana er aukið með afgerandi hætti. Er þá gert ráð fyrir að upp verði tekin svonefnd svefnstaðarregla en í því felst að maður telst hafa fasta búsetu þar sem svefnstaður hans er þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika. Þessi ákvæði eru m.a. sniðin eftir sambærilegum ákvæðum í löggjöf annarra Norðurlandaþjóða.

Í 3. mgr. er kveðið á um að dvöl í gistihúsi, fangelsi, vinnuhæli, sjúkrahúsi, athvarfi, heimavistarskóla, verbúð, vinnubúðum eða öðru svipuðu húsnæði sé ekki ígildi fastrar búsetu. Svipuð ákvæði eru í gildandi lögum en þau ganga þó lengra þar sem þau leggja bann við að menn geti átt lögheimili á elliheimili eða í íbúðum aldraðra. Lagt er til að sú takmörkun verði felld niður eins og rakið er í 5. lið almennra athugasemda. Tekið skal fram, að orðið „sjúkrahús“ er hér notað í þeirri merkingu sem fram kemur í 23. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 59/1983. Það felst því í 3. mgr. 1. gr. að menn geta ekki átt lögheimili í sjúkrahúsi en geta hins vegar átt lögheimili á stofnun, þar með talinni hjúkrunardeild eða hjúkrunarheimili sem starfar samkvæmt lögum um málefni aldraðra eða lögum um málefni fatlaðra. Þetta er í samræmi við þá tillögu að menn geti átt lögheimili á dvalarheimilum aldraðra, enda er vistun á hjúkrunardeild eða hjúkrunarheimili oft í beinu framhaldi af búsetu á dvalarheimili, og raunar oft í sama húsi. Um dvöl í verbúð er rétt að taka fram að um þau tilvik getur verið að ræða að túlka verði ákvæði 3. mgr. eftir eðli máls. Þau tilvik eru þekkt að menn hafi haft fasta búsetu árum saman í húsnæði sem fyrirtæki starfrækir sem verbúð. Þegar svo er verður að líta svo á að sá hluti húsnæðisins, sem þannig er nýttur, sé fremur leiguhúsnæði en eiginleg verbúð enda er hér ekki um dvöl heldur fasta búsetu að ræða í skilningi frumvarpsins.

Í 4. mgr. 2. gr. gildandi laga er sérákvæði um lögheimili þeirra sem dveljast á athafnasvæði varnarliðsins. Á þetta ákvæði hefur ekki reynt undanfarin ár og er það ekki talið hafa þýðingu lengur. Slíkt ákvæði er því ekki tekið upp í frumvarpið.

Um 2. gr.

Um efni 1. mgr. þessarar greinar er fjallað sérstaklega í 3. lið almennra athugasemda hér að framan. Tvennt skiptir hér meginmáli. Annars vegar er áfram miðað við sem meginreglu að kvöð um lögheimili hér á landi vakni við sex mánaða dvöl. Jafnframt er tekið upp það nýmæli að mönnum verði heimilt að telja sig hér með lögheimili ef þeir dveljast í þrjá mánuði eða lengur vegna atvinnu eða náms. Þetta ákvæði tryggir betra samræmi en nú er milli lögheimilislaga og laga um tilkynningar aðsetursskipta. Hins vegar er hér gert ráð fyrir að niður falli sú kvöð sem nú er í lögheimilislögum að allir sem stunda hér atvinnu eigi lögheimili hér á landi. Það ákvæði er naumast raunhæft né framkvæmanlegt svo vel sé auk þess sem það samrýmist ekki norræna samningnum um almannaskráningu. Enn fremur er nú séð fyrir skráningu manna með öðrum hætti en áður hvað þetta snertir. Meginatriðið, er varðar skráningu útlendinga sem koma hingað til vinnu um mjög skamman tíma, er ekki að þeir séu skráðir í Þjóðskrá heldur að unnt sé að úthluta þeim auðkennisnúmeri, þ.e. kennitölu, vegna þarfa skattyfirvalda, tryggingakerfisins og launagreiðanda. Af þessum sökum hóf Hagstofan haustið 1987 að færa sérstaka skrá yfir aðila sem nauðsynlegt er að úthlutað sé kennitölu en eiga eðli málsins samkvæmt ekki að færast á Þjóðskrá eða fyrirtækjaskrá. Þetta þykir mun heppilegra fyrirkomulag en núgildandi kvöð um lögheimilisskráningu en þjónar svipuðum tilgangi.

Í 2. mgr. er lagt til að kveðið verði á um að starfsmenn sendiráða hér á landi, sem eru erlendir ríkisborgarar, og liðsmenn Bandaríkjanna samkvæmt lögum nr. 110/1951, eigi ekki lögheimili hér. Sama gildi um skyldulið þessara manna sem dvelst hér á landi og hefur ekki íslenskt ríkisfang. Eðli málsins samkvæmt geta þessir menn ekki átt lögheimili hér á landi, enda njóta þeir úrlendisréttar. Efnislega er því ekki beinlínis þörf á þessu ákvæði í lögheimilislögunum. Rétt þykir engu að síður að það sé sett í lögin þannig að þar sé öllum ákvæðum, er skilgreina lögheimili manna, haldið til skila á einum stað.

Um 3. gr.

Um ákvæði þessarar greinar vísast til 7. liðar almennra athugasemda hér að framan. Rétt er þó að nefna tvö atriði sérstaklega. Orðalag 1. mgr., að lögheimili skuli, svo framarlega sem unnt er, skráð í tilteknu húsi o.s.frv., vísar til þess að gera verður ráð fyrir að ekki verði unnt að skrá lögheimili allra í tilteknu húsi. Er þá fyrst og fremst átt við menn sem hafa hvergi bækistöð svo og þá sem falla undir ákvæði 9. gr. Þessa menn kynni að þurfa að skrá sem óstaðsetta í sveitarfélagi. Slíkar skráningar eru nú mjög algengar en þar er mest um að ræða aldraða sem flust hafa á dvalarheimili eða í þjónustuíbúð í öðru sveitarfélagi en ekki fengið heimild til að telja lögheimili sitt þar. Þetta ætti að breytast verði frumvarpið að lögum. Þá skal tekið fram að hugtakið „fjölbýlishús“ vísar til þeirrar skilgreiningar er fram kemur í lögum um fjölbýlishús, nr. 59/1976.

Um 4. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru efnislega svipuð ákvæðum 3. gr. gildandi laga. Meginreglan sem mörkuð er í 1. mgr., er hin sama og nú er, að enginn geti átt lögheimili hér á landi á fleiri en einum stað í senn.

Í 2. mgr. er lagt til að leiki vafi á hvar maður hafi fasta búsetu skuli það sveitarfélag jafnan ráða þar sem viðkomandi dvelst meiri hluta árs. Í gildandi lögum er hins vegar kveðið á um að aðalatvinna ráði lögheimili í slíkum tilvikum. Samkvæmt frumvarpinu ræður aðalatvinna því einungis lögheimili manns dveljist hann ekki í neinu sveitarfélagi meiri hluta af ári. Þessi breyting er í samræmi við meginstefnu frumvarpsins að lögheimili skuli ráðast af fastri búsetu manna, sé henni til að dreifa og eftir því sem frekast er unnt.

Í 3. mgr. eru sérstök ákvæði um lögheimili þeirra sem fara úr sveitarfélagi sínu til náms annars staðar. Í reynd er hér ekki um efnisbreytingu að ræða en ástæða þykir til að hafa um

þetta sérstakt ákvæði til að taka af tvímæli og auka festu í framkvæmd (sjá nánar 6. lið almennra athugasemda).

Í gildandi lögum er í 11. gr. kveðið sérstaklega á um að þingseta alþingismanns breyti engu um lögheimili hans og ekki heldur dvöl hans vegna annarra tímabundinna trúnaðarstarfa, svo sem nefndarstarfa í þágu ríkisins. Sama gildi um ráðherra. Þessum ákvæðum var ætlað að tryggja að alþingismönnum yrði ekki gert að flytja lögheimili sitt þótt þeir hefðu bækistöð í Reykjavík eða nágrenni vegna þingmennsku sinnar eða annarra opinberra trúnaðarstarfa. Í þessu frumvarpi er lagt til að hliðstæð ákvæði verði tekin upp í 4. mgr. 4. gr. Er þar kveðið á um að alþingismanni sé heimilt að eiga áfram lögheimili þar sem hann hafði fasta búsetu áður en hann varð þingmaður. Hið sama gildi um ráðherra. Sú breyting, sem hér er gerð tillaga um, er ekki efnisleg heldur gerð til samræmingar við skilgreiningar og orðalag þessa frumvarps.

Ákvæði 5. mgr. eru efnislega óbreytt frá gildandi ákvæðum.

Um 5. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru hin sömu og nú eru í 5. gr. gildandi laga.

Um 6. gr.

Þessi ákvæði eru óbreytt frá 6. gr. gildandi laga.

Um 7. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í meginatriðum hin sömu og í núverandi 7. gr. lögheimilislaga. 2. mgr. felur þó í sér þá breytingu að ekki er talin ástæða til að hjón, sem slitið hafa samvistir, haldi sama lögheimili. Í núgildandi lögum er kveðið á um að hjón þurfi að hafa skilið að lögum eða búið hvort í sínu lagi í tvö ár eða lengur til þess að þau megi hafa sitt lögheimilið hvort. Þessu hefur hins vegar ekki verið fylgt eftir í framkvæmd.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í meginatriðum hin sömu og í 8. gr. gildandi laga. Hins vegar hafa ákvæðin verið skerpt nokkuð og samræmd barnalögum. Meginreglan er hér sú að barn eigi sama lögheimili og foreldrar þess eða forsjármaður. Það nýmæli felst í þessari grein að gert er ráð fyrir þeirri undantekningu að hafi barn fasta búsetu hjá því foreldri sem ekki hefur forsjá þess skuli það eiga þar lögheimili, enda sé forsjárforeldri samþykkt búsetunni. Tilvik af þessu tagi eru þekkt og þykir rétt að viðurkenna þau í löggjöf.

Um þessa grein skal loks tekið fram að ekki þykir lengur ástæða til að hafa sérstök ákvæði um munaðarlaus börn eins og í gildandi lögum. Þau ákvæði má rekja til framfærslulaga og sýnast ekki eiga við lengur hvað þetta snertir.

Í 9. gr. gildandi laga eru ákvæði þess efnis að eigi maður, sem er yngri en 21 árs, lögheimili hjá foreldrum sínum, skuli hann halda því lögheimili uns hann verður 21 árs – og jafnvel lengur sé um námsmann að ræða – nema hann stofni sjálfstætt heimili. Í þessum ákvæðum felst engin viðbót við meginreglur laganna heldur fremur áréttting á þeim. Slík áréttting þykir ekki nauðsynleg og því sýnist ekki ástæða til að hafa hliðstæð ákvæði í frumvarpinu, enda fer um lögheimili þeirra, sem hér eiga í hlut, eftir almennum ákvæðum þess.

Um 9. gr.

Í 9. gr. felast fjórar breytingar frá gildandi lögum.

Í fyrsta lagi er talið eðlilegt að breyta röð á því hvar þeir sem dveljast við nám eða vegna veikinda í útlöndum geta talið lögheimili sitt. Er lagt til að þeir geti áfram átt lögheimili hér á landi hjá skyldfólki eða venslafólki sínu eða í því sveitarfélagi þar sem þeir áttu heima er þeir

fóru af landi brott. Í meiri hluta tilvika fer þetta saman. Ef svo er ekki er talið heppilegra að lögheimilið sé skráð hjá einhverjum nákomnum sem getur tekið við opinberum pósti, sem sendur er út eftir Þjóðskrá, og komið honum áleiðis eða annast slík málefni þess sem í hlut á fremur en að einstaklingurinn sé skráður með lögheimili á ótilteknum stað í sveitarfélagi. Af þessu geta spunnist ýmis vandkvæði. Hliðstæð regla er og látin gilda um starfsmenn sendiráða erlendis og starfsmenn alþjóðastofnana.

Í öðru lagi er lagt til að heimild námsmanna og þeirra sem dveljast erlendis vegna veikinda til að halda lögheimili sínu hér á landi sé takmörkuð að því leyti að skilyrði sé að viðkomandi sé ekki skráður með fasta búsetu í öðru landi. Þetta er í samræmi við samning Norðurlanda um almannaskráningu. Í þessu sambandi má minna á að þar sem tryggingalöggjöf Norðurlandaþjóðanna er alls staðar svipuð ætti þetta ekki að hafa áhrif á réttindi manna í þessum efnum. Þó ætti þetta að stuðla að hvoru tveggja, að koma í veg fyrir að menn séu skráðir í tveimur löndum og geti því misnotað réttindi sín og að koma í veg fyrir að menn séu réttindalausir í þessum efnum af því þeir eru hvergi skráðir. Loks má benda á að menn eiga kosningarrétt við kosningar til Alþingis og við forsetakjör ef þeir hafa átt lögheimili hér á landi á síðustu átta árum, talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag og raunar lengur ef þeir sækja um það sérstaklega.

Í þriðja lagi er lagt til í 3. mgr. 9. gr. að ákvæði 1. og 2. mgr. um að þeir sem eru við nám eða vegna veikinda erlendis geti talið lögheimili sitt áfram hér á landi, og að íslenskir starfsmenn sendiráða erlendis eigi lögheimili hér á landi, gildi einnig um skyldulið þessara manna sem dvelst með þeim erlendis. Slík ákvæði eru ekki í gildandi lögum en rétt þykir að taka þau upp til að taka af tvímæli í þessum efnum. Í reynd hefur framkvæmdin verið með þeim hætti, sem hér er lagt til að beinlínis verði kveðið á um, og er því ekki um efnisbreytingu að ræða.

Í 9. gr. núgildandi laga er kveðið svo á um að þeim „sem eru erlendis í heimsókn hjá venslafólki sínu um lengri eða skemmri tíma“ sé heimilt að telja lögheimili sitt hér á landi. Ekki er gert ráð fyrir slíku ákvæði í þessu frumvarpi. Samkvæmt frumvarpinu er lögheimili tengt fastri búsetu. „Heimsóknir“ til ættingja í útlöndum breyta augljóslega ekki fastri búsetu og því er núgildandi ákvæði óþarft. Setjist menn hins vegar að hjá ættingjum í útlöndum felst í því breyting á búsetu og þar með á lögheimili.

Um 10. gr.

Þessi grein er samhljóða 12. gr. gildandi laga.

Rétt er að benda á að lagt er til að niður falli núgildandi 13. gr. um skyldu Þjóðskrár til að gefa út íbúaskrár, enda eru um það efni bein fyrirmæli í lögum um Þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54/1962.

Um 11. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 14. gr. gildandi laga. Í því sambandi má benda á að á síðasta Alþingi voru samþykkt lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92 1989, er taka gildi 1. júlí 1992. Af því tilefni vinnur réttarfarsnefnd nú að endurskoðun réttarfarslöggjafarinnar og þar á meðal laga um meðferð opinberra mála. Af þeim sökum þykir rétt að bíða með að endurskoða þetta ákvæði lögheimilislaga.

Um 12. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi 1. júlí 1990 en í því felst að nægur tími ætti að gefast til undirbúnings og kynningar frá samþykkt laganna til gildistöku þeirra.

Fylgiskjal I.

Samningur
milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar
um almannaskráningu.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa, til þess að auðvelda almannaskráningu í aðildarlöndunum, komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Samningur þessi tekur til einstaklinga sem skráðir eru sem búsettir í einu aðildarlandi og hafa í hyggju að flytja, eða hafa þegar flutt, til einhvers hinna landanna. Skemmri dvöl en 6 mánaða telst, að öðru jöfnu, ekki jafngilda flutningi.

2. gr.

1. Sá sem áformar að flytja frá einu aðildarlandi til annars skal tilkynna það hlutaðeigandi skráningaryfirvaldi (skráningarstofu) á hverjum stað í því landi sem flutt er frá.

Skráningarstofan skal þegar afhenda þeim er flytur samnorrænt flutningsvottorð með viðfestu eyðublaði fyrir staðfestingu á flutningi. Flutningsvottorð gildir í 3 mánuði frá útgáfudegi.

2. Sá sem hefur flutt frá einu aðildarlandi og tekið sér búsetu í öðru eftir komu þangað skal tilkynna hlutaðeigandi skráningarstofu flutninginn fyrir lok þess frests sem gildir um afhendingu flutningstilkynninga í viðkomandi landi. Hann skal jafnframt afhenda flutningsvottorð það sem um ræðir í 1. tölul. þessarar greinar ásamt staðfestingareyðublaði. Hafi hann ekki flutningsvottorð skal skráningarstofan afla þess sjálf frá viðkomandi skráningarstofu í brottflutningslandinu. Vottorð skal senda um hæl, þannig að það berist skráningarstofunni í innflutningslandinu eigi síðar en 14 dögum eftir að um það var beðið.

3. Skráningarstofan í innflutningslandinu ákveður hvort sá sem flytur skuli tekinn á skrá með búsetu í því landi.

Slík skráning getur aðeins farið fram á grundvelli flutningsvottorðs. Um leið og skráning hefur átt sér stað ber að tilkynna hana hlutaðeigandi skráningarstofu í brottflutningslandinu. Nota skal samnorræna flutningsstaðfestingu til þeirrar tilkynningar.

Telji hlutaðeigandi skráningarstofa, að ástæða sé til að ætla að sá sem tilkynnt hefur flutning til hennar skuli að réttu teljast búsettur í öðru umdæmi innflutningslandsins, skal vísa honum til skráningarstofu þess umdæmis. Jafnframt fær hann aftur í hendur flutningsvottorðið með áritaðri athugasemd um þetta.

Telji skráningarstofa að sá sem hefur afhent henni flutningsvottorð geti ekki talist búsettur í umdæminu og ekki er heldur um að ræða það tilvik, er um ræðir í næstu málsgrein hér á undan, skal rita um þetta athugasemd á eyðublaðið fyrir staðfestingu á flutningi. Þeim sem flytur skal jafnframt tilkynnt þetta. Skráningarstofan heldur eftir flutningsvottorðinu, en staðfestingareyðublaðið skal endursenda tafarlaust þeirri skráningarstofu sem gaf út flutningsvottorðið.

Skráningarstofa í brottflutningslandi skal ekki taka brottfluttan einstakling af skrá fyrr en henni hefur borist staðfesting á flutningi hans. Dagsetning brottflutnings skal ráðast af skráningardegi í innflutningslandinu.

4. Hafi hlutaðeigandi skráningarstofa í brottflutningslandinu ekki fengið staðfestingu á flutningi að liðnum einum mánuði frá tilgreindum flutningsdegi skal hún snúa sér beint til hlutaðeigandi skráningarstofu innflutningslandsins til að afla þeirra upplýsinga sem þörf er á vegna skráningarinnar. Sama gildir þegar skráningarstofa hefur ástæðu til að ætla að einstaklingur á skrá hennar hafi flutt til annars aðildarlands.

3. gr.

Ákvörðun um það, hvort einstaklingur skuli talinn búsettur í innflutningslandinu, skal tekin á grundvelli laga þess lands.

Fallist skráningarstofa brottflutningslands ekki á tiltekna skráningu getur hún vakið máls á því við hlutaðeigandi skráningarstofu í innflutningslandinu. Verði ekki samkomulag milli þeirra getur hin fyrrnefnda skotið málinu til eigin þjóðskráryfirvalda, en þau lagt það fyrir þjóðskráryfirvöld innflutningslandsins.

Innflutningsland telst það land sem viðkomandi einstaklingur hefur tekið sér búsetu í eftir flutning frá öðru landi. Þetta gildir svo lengi sem ekki verður breyting á raunverulegri búsetu hlutaðeigandi frá því sem var þegar hann flutti.

4. gr.

Aðildarríkin skuldbinda sig gagnkvæmt til að láta í té þær upplýsingar sem taldar eru nauðsynlegar til að unnt sé að taka afstöðu til búsetumála, svo og til að tilkynna þær ákvarðanir sem teknar eru í þeim málum.

5. gr.

Skráningarstofa telst í þessum samningi:
í Danmörku skráningarstofa hvers umdæmis,
í Finnlandi skráningarstofa hvers umdæmis,
á Íslandi Þjóðskráin,
í Noregi skráningarstofa hvers umdæmis,
í Svíþjóð sóknarskrifstofur (í Stokkhólmi og Gautaborg þó skattstofur). Frá 1. júlí 1991 skattstofa hvers umdæmis.

6. gr.

Á eyðublaði samnorræns flutningsvottorðs og flutningsstaðfestingar skulu vera upplýsingar um: 1. brottflutningsland, 2. sveitarfélag, 3. heimilisfang, 4. innflutningsland, 5. sveitarfélag, 6. heimilisfang, 7. tilgreindan flutningsdag, 8. nafn, 9. barn hvers, 10. maki hvers, 11. kyn, 12. fæðingardag, -mánuð og -ár, 13. fæðingarstað, 14. hjúskaparstétt og dagsetningu, 15. ríkisfang, 16. hvort viðkomandi hafi áður verið búsettur í innflutningslandinu, 17. ef við á, nafn og fæðingardag maka sem ekki er getið um á vottorðinu, 18. ef við á, nöfn og fæðingardaga foreldra (barna undir 18 ára aldri) sem ekki er getið um á vottorðinu, 19. athugasemdir. Á flutningsvottorðinu skulu enn fremur vera útgáfudagsetning vottorðsins, stimpill og undirskrift, skráður innflutningsdagur, svo og afhendingarfrestur flutningstilkynninga í hverju einstöku aðildarlandi.

Form og innihald eyðublaða flutningsvottorðs og flutningsstaðfestingar skal vera hið sama í öllum löndunum, en á máli hvers lands fyrir sig. þjóðskráryfirvöld í aðildarríkjunum skulu hafa samráð um gerð eyðublaðanna.

7. gr.

Samningurinn öðlast gildi frá næstkomandi 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí eða 1. október, þremur mánuðum eftir þann dag er allir samningsaðilar hafa tilkynnt norska utanríkisráðuneytinu að þeir hafi samþykkt hann.

Að því er varðar Færeyjar og Grænland öðlast samningurinn þó fyrst gildi næstkomandi 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí eða 1. október, þremur mánuðum eftir að ríkisstjórn Danmerkur hefur tilkynnt norska utanríkisráðuneytinu að viðeigandi skilyrði hafi verið uppfyllt.

Norska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum samningsaðilum um móttöku ofangreindra tilkynninga og gildistöku samningsins.

8. gr.

Við gildistöku samnings þessa fellur úr gildi Norðurlandasamningur frá 5. desember 1968 um almannaskráningu.

9. gr.

Hver samningsaðili getur gagnvart hverjum öðrum aðila að samningi þessum sagt honum upp með sex mánaða fyrirvara til brottfalls 1. janúar eða 1. júlí. Skal honum sagt upp með skriflegri tilkynningu til viðkomandi samningsaðila og norska utanríkisráðuneytisins sem tilkynnir öðrum samningsaðilum um móttöku tilkynningarinnar og um efni hennar.

10. gr.

Frumrit samningsins skal varðveitt í norska utanríkisráðuneytinu sem sendir öðrum samningsaðilum staðfest afrit af því.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess höfðu fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Reykjavík hinn 8. maí 1989 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, og skulu allir textar jafngildir.

Fyrir ríkisstjórn Danmerkur:
Thor Pedersen

Fyrir ríkisstjórn Finnlands:
Erik Heinrichs

Fyrir ríkisstjórn Íslands:
Jón Sigurðsson

Fyrir ríkisstjórn Noregs:
Anders Helseth

Fyrir ríkisstjórn Svíþjóðar:
Mats Hellström

Sþ. 136. Fyrirspurn [132. mál]

til landbúnaðarráðherra um Tryggingasjóð fiskeldis.

Frá Halldóri Blöndal.

Hvaða reynsla hefur orðið af framkvæmd laga um Tryggingasjóð fiskeldis?

Sþ. 137. Fyrirspurn [133. mál]

til fjármálaráðherra um þungaskatta af dísilbifreiðum.

Frá Hreggviði Jónssyni.

Hvernig skiptist innheimta þungaskatts af dísilbifreiðum:
a. samkvæmt ökumæli,
b. fast árgjald,
milli einstakra kjördæma?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 138. Fyrirspurn [134. mál]

til fjármálaráðherra um sérstakan eignarskatt.

Frá Hreggviði Jónssyni.

1. Hvernig skiptist álagður sérstakur eignarskattur árið 1989 samkvæmt ákvæðum laga nr. 49/1986, um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, milli einstakra kjördæma?
2. Hvernig skiptist álagning þeirra í hverju kjördæmi fyrir sig milli:
   A. fyrirtækja,
   B. einstaklinga:
      a. hjóna,
      b. einhleypinga?
   Einnig er beðið um upplýsingar um fjölda í hverjum hópi fyrir sig.
3. Hve há upphæð var innheimt í allt árin 1986, 1987, 1988 og 1989 og hve stór hluti hennar rann til byggingar Þjóðarbókhlöðunnar?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 139. Fyrirspurn [135. mál]

til fjármálaráðherra um innflutningsgjald af bensíni.

Frá Hreggviði Jónssyni.

Hvernig skiptist innheimta innflutningsgjalds af bensíni 1988 milli einstakra kjördæma?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 140. Fyrirspurn [136. mál]

til fjármálaráðherra um bifreiðagjald.

Frá Hreggviði Jónssyni.

Hvernig skiptist álagning bifreiðagjalds 1989 milli einstakra kjördæma?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 141. Fyrirspurn [137. mál]

til fjármálaráðherra um kaup ríkisins á fasteignum.

Frá Hreggviði Jónssyni.

1. Hvaða fasteignir hafa verið keyptar samkvæmt heimildum í fjárlögum fyrir árið 1989?
2. Hvaða fasteignir hefur ríkið keypt án heimilda í fjárlögum 1989 það sem af er þessu ári?
3. Hvert er kaupverð og lánakjör við kaup þessara eigna og hverjir eru seljendur þeirra og til hvaða nota eru þessar fasteignir ætlaðar?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 142. Fyrirspurn [138. mál]

til forsætisráðherra um fræðslu um Evrópumálefni.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til að stuðla að fræðslu meðal almennings um Evrópumálefni, áður en til afdrifaríkra ákvarðana kann að koma af Íslands hálfu?

Greinargerð.

Í þjóðmálakönnun um viðhorf Íslendinga til Evrópubandalagsins sem gerð var í október 1989 á vegum félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands fyrir samstarfsnefnd atvinnulífsins um evrópska samvinnu (SATES) kemur fram mikil vanþekking á málefnum Evrópubandalagsins og Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA). Þetta mál varðar þær breytingar sem rætt er um að orðið geti á samstarfi og samskiptum Vestur-Evrópuþjóða á næstunni. Í ljós kemur í þessari könnun að rúmur þriðjungur aðspurðra hafði ekki hugmynd um að Ísland er aðili að EFTA og um helmingur gat ekki nefnt eitt einasta aðildarríki Evrópubandalagsins. Yfirgnæfandi meiri hluti fólks sem þátt tók í þessari könnun virtist engan greinarmun geta gert á EFTA og EB.

Nú er um það rætt hvort Ísland eins og önnur EFTA-ríki eigi að tengjast Evrópubandalaginu með þátttöku í evrópsku efnahagssvæði. Af niðurstöðum þjóðmálakönnunarinnar er ljóst að almenning skortir forsendur til að taka þátt í umræðu og ákvörðunum um þau efni. Því er brýnt að gert verði átak til að fræða landsmenn um sem flestar hliðar þessara mála áður en nokkrar ákvarðanir eru teknar af Íslands hálfu um tengsl við Evrópubandalagið. Þar eð um þessi mál er fjallað á vettvangi ríkisstjórnar er eðlilegt að stjórnvöld leitist við að miðla hlutlægri vitneskju og upplýsingum um þessi efni með beinum og óbeinum hætti, m.a. með stuðningi við fjöldasamtök sem láta sig mál þessi varða. Hér er því spurt um fyrirætlanir stjórnvalda í þessum efnum.

Skriflegt svar óskast.

Ed. 143. Frumvarp til laga [139. mál]

um rétt foreldra til leyfis frá störfum vegna umönnunar barna.

Flm.: Guðrún Agnarsdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir.

1. gr.

Foreldri, sem óskar leyfis frá starfi sínu til þess að annast barn sitt, á rétt á að ganga aftur að sama starfi og sömu kjörum allt að tveimur árum frá fæðingu barnsins. Sé um fleirbura eða fötluð börn að ræða framlengist þessi réttur um eitt ár til viðbótar.

2. gr.

Foreldri skal hafa starfað samfellt hjá sama vinnuveitanda í 18 mánuði áður en að leyfistökunni kemur. Foreldri skal tilkynna vinnuveitanda með þriggja mánaða fyrirvara hvort óskað er leyfis samkvamt ákvæðum 1. gr. og þá jafnframt hvenær foreldri hyggst hefja störf að nýju.

3. gr.

Ákvæði þessara laga skerða í engu ákvæði gildandi laga um fæðingarorlof.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Umönnun og uppeldi barna fyrstu æviár þeirra hafa lengstum verið í höndum kvenna. Á undanförnum árum hefur atvinnuþátttaka kvenna aukist gífurlega og nálgast nú atvinnuþátttöku karla. Á sama tíma hafa kröfur atvinnulífsins til starfsfólks aukist verulega og hefur foreldrum ungra barna reynst erfitt að samræma þær kröfur þeim sem umönnun og uppeldi ungra barna leggur þeim á herðar. Tilgangur þessa frumvarps er að koma til móts við breyttar aðstæður foreldra ungra barna og gera þeim kleift að sinna þörfum heimilis og barna fyrstu tvö árin í ævi barns án þess að raskað sé atvinnuöryggi þeirra.

Frumvarpið kveður á um rétt foreldris til að taka sér launalaust leyfi frá störfum fyrstu tvö árin eftir fæðingu barns og ganga að starfi sínu aftur og sömu kjörum að þeim tíma liðnum. Það tekur ekki til efnalegrar afkomu foreldra ungra barna, en bent er á að í þeim efnum eru lenging fæðingarorlofs án launaskerðingar og auknar greiðslur barnabóta ákaflega brýnar. Frumvarpið beinist eingöngu að atvinnuöryggi foreldra ungra barna og tryggir þeim ákveðinn lágmarksrétt í því efni.

Þrátt fyrir mikla sókn kvenna inn á vinnumarkaðinn vantar enn mikið á að þær standi jafnfætis körlunum hvað tekjur varðar. Samkvæmt niðurstöðum í ritinu *Tekjur karla og kvenna*, sem Þjóðhagsstofnun gaf út í janúar á þessu ári, voru tekjur kvenna sem hlutfall af tekjum karla aðeins 60,7% árið 1986. Er hér átt við meðalatvinnutekjur í fullu starfi. Munurinn er enn þá meiri ef litið er á tekjur giftra kvenna sem hlutfall af tekjum kvæntra karla, eða 54,7%.

Þessi mikli munur á meðaltalslaunum kvenna og karla á sér margar orsakir. Ein þeirra er sú að atvinnuferill kvenna er iðulega rofinn þegar þær eignast börn því að margar hverfa þá af vinnumarkaði um stundarsakir til að sinna börnum og heimili. Vilji þær síðan hefja störf utan heimilis á nýjan leik hafa þær oftast enga tryggingu fyrir því að geta gengið að starfi sínu aftur og eru því oftar en ekki í sporum nýliða á vinnumarkaðinum. Þetta veldur því að konum reynist erfiðara en körlum að byggja upp atvinnuferil sinn og það hefur ásamt öðru í för með sér skerta tekjumöguleika þeirra og er því ein orsök lágra meðallauna kvenna. Frumvarpið miðar að því að taka á þessum þætti hins kynbundna launamisréttis og gera foreldrum, konum sem körlum, kleift að hverfa tímabundið af vinnumarkaði án þess að rjúfa atvinnuferil sinn og skerða með því tekjumöguleika sína síðar meir.

Frumvarpið hefur engan reiknanlegan kostnað í för með sér.

Frumvarp þetta var fyrst flutt á 109. löggjafarþingi og var þá að loknum umræðum og umfjöllun í nefnd vísað til ríkisstjórnarinnar í trausti þess að hún beitti sér fyrir þessu réttindamáli.

Ríkisstjórnin aðhafðist ekkert í málinu. Frumvarpið var því endurflutt á síðasta þingi, en fékkst ekki afgreitt úr nefnd. Nokkrar umsagnir bárust félagsmálanefnd neðri deildar, sem fjallaði um frumvarpið í það sinn, flestar jákvæðar. Er útdráttur úr þeim birtur hér sem fylgiskjal með þessu frumvarpi sem nú er lagt fyrir Alþingi í þriðja skipti.

Fylgiskjal.

Úr umsögnum um frumvarpið.

Stjórn HÍK lýsir yfir sérstakri ánægju með frumvarpið og styður það eindregið.

Jafnréttisnefnd BSRB styður frumvarpið einróma.

Kvenréttindafélag Íslands fagnar frumvarpinu en lýsir þó áhyggjum af óljósri framkvæmd reglna um þá sem ráðnir eru skammtímaráðningu vegna leyfis fastráðinna.

Stjórn Kvenfélagasambands Íslands telur margt til bóta í frumvarpinu, en hefur áhyggjur af þeim er sinna afleysingarstörfum fyrir þá sem eru í rannsóknar- eða námsleyfum.

Jafnréttisráð telur jákvætt að hafin sé umræða um á hvern hátt megi aðlaga betur vinnumarkaðinn að þörfum ungra barna og fjölskyldna þeirra, en sér þó ýmsa annmarka á framangreindu frumvarpi. Hjá ráðinu komu fram efasemdir um að reglur sem þessar bæti í reynd réttarstöðu foreldra. Jafnréttisráð bendir á ótrygga stöðu þeirra einstaklinga sem ráðnir yrðu til að leysa af í leyfi annars starfsmanns. Í þriðja lagi komu fram efasemdir um að þær reglur, sem frumvarpið gerir ráð fyrir að yrðu lögfestar, falli að almennum ráðningarreglum á vinnumarkaði. Enn fremur telur það mikilvægt að hugmyndir um á hvern hátt megi aðlaga vinnumarkaðinn betur að fjölskyldunni verði þróaðar í nánu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands álítur frumvarpið að nokkru í samræmi við þá stefnu sem það hefur markað um lengingu fæðingarorlofs, en getur ekki mælt með því. Frumvarpið nái ekki þeim tilgangi sem að er stefnt. Óljóst er í frumvarpinu hver réttarstaða þess verður sem ráðinn er í stað starfsmanns sem fer í orlof. Tveggja ára binding ráðningar eftir 18 mánaða starf er vafasöm á íslenskum vinnumarkaði sem einkum einkennist af óstöðugleika. Þeim aðilum, sem vinna hjá fjölmennum fyrirtækjum, hinu opinbera eða eru í ábyrgðar- eða stjórnunarstöðum mun reynast auðvelt að nýta sér þennan rétt, meðan þeir, sem e.t.v. mest þurfa á því að halda að geta nýtt sér þessa réttarbót, munu enn mæta erfiðleikum vegna þeirrar óvissu sem bent er á.

Nd. 144. Frumvarp til laga [140. mál]

um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Geir Gunnarsson,
Guðrún Helgadóttir, Ragnar Arnalds.

1. gr.

Íslenska ríkið er eigandi allra auðlinda á og í hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki.

Auðlindir samkvæmt lögum þessum taka til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda á og í hafsbotninum.

2. gr.

Enginn má leita að efnum til hagnýtingar í eða á hafsbotninum utan netlaga, sbr. 1. gr., nema að fengnu skriflegu leyfi iðnaðarráðherra.

3. gr.

Óheimilt er að taka eða nýta efni af hafsbotni eða úr honum, sbr. 1. gr., nema að fengnu skriflegu leyfi iðnaðarráðherra.

4. gr.

Leyfi til hagnýtingar auðlinda á eða í hafsbotni skal bundið við ákveðið svæði og gilda til ákveðins tíma sem ekki má vera lengri en 30 ár. Í leyfisbréfi skal m.a. ætíð greina hverjar ráðstafanir leyfishafi skuli gera til að forðast mengun og spillingu á lífríki láðs og lagar.

5. gr.

Með reglugerð skal iðnaðarráðherra setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal nánari ákvæði um efni leyfa þeirra sem um ræðir í 3. og 4. gr.

6. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum eða varðhaldi, enda liggi ekki við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem við gildistöku laganna taka efni af eða úr hafsbotni skulu innan sex mánaða sækja um leyfi skv. 4. gr.

Greinargerð.

Það frumvarp, sem hér er flutt, hefur þrívegis komið fram áður en ekki orðið útrætt. Fyrst var það flutt sem stjórnarfrumvarp í efri deild Alþingis á 105. löggjafarþingi 1982 og síðan tvívegis sem þingmannafrumvarp.

Frumvarpið var upphaflega undirbúið af nefnd á vegum iðnaðarráðuneytisins á árinu 1982 en sú nefnd hafði á hendi skipulagningu og ráðgjöf um hagnýtar hafsbotnsrannsóknir. Í

hópi nefndarmanna var Benedikt Sigurjónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari. Frumvarpinu var að tillögu allsherjarnefndar efri deildar vísað til ríkisstjórnarinnar „til skjótrar en ítarlegrar athugunar hæfustu sérfræðinga". Lagði nefndin „áherslu á að skynsamleg skipan þessara mála verði fundin sem skjótast og málið lagt fyrir næsta þing". Álit nefndarinnar frá 9. mars 1983 er birt í heild sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Engin hreyfing hefur verið á þessu máli síðan á vegum ríkisstjórna og er það því flutt í þriðja sinn sem þingmannafrumvarp. Fram hafa komið jákvæðar undirtektir við málið í umræðum á Alþingi, m.a. frá ráðherrum iðnaðarmála. Á 109. löggjafarþingi kom einnig fram eindreginn stuðningur við frumvarpið frá hafsbotnsnefnd iðnaðarráðuneytisins. Er það álit birt hér á eftir sem fylgiskjal II með frumvarpinu.

Með lögum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, voru settar reglur um fullveldi Íslands yfir hafinu og hafsbotninum umhverfis landið. Þar segir í 2. gr. að fullveldisréttur Íslands nái til landhelginnar og hafsbotnsins innan hennar. Þá segir í 6. gr. laganna að fullveldisréttur*inn* yfir landgrunninu taki til rannsókna og hagnýtingar á ólífrænum auðlindum sem þar eru.

Þótt settar hafi verið lagareglur um fullveldisrétt Íslands yfir hafsbotninum skortir reglur um eignarrétt og nýtingarrétt að auðlindum þeim sem þar kunna að finnast, a.m.k. á svæðum utan netlaga.

Rannsóknir á hafsbotninum umhverfis Ísland eru skammt á veg komnar. Hagnýt efni hafa ekki til þessa verið numin af hafsbotni, ef frá eru skilin möl og sandur. Þó hefur nokkuð verið hugað að þeim efnum.

Á árunum 1972 og 1973 voru gerðar allvíðtækar rannsóknir á landgrunninu umhverfis Ísland. Meðal annars voru gerðar þyngdar-, segul- og dýptarmælingar. Þá var og aflað gagna um þyngdarmælingar bandarískra sjóhersins frá árunum 1967 til 1969.

Síðan á árinu 1978 hafa nefndir, skipaðar af iðnaðarráðherra, unnið að skipulagningu rannsókna á hagnýtum efnum á og í hafsbotninum. Einkum hefur verið unnið að athugun á því hvort kolvetni kunni að finnast á þeim hafsbotnssvæðum sem fullveldisréttur Íslands tekur til. Af ýmsum ástæðum hefur athygli manna aðallega beinst að hafsvæðunum norðan Mið-Norðurlands. Á árinu 1978 veitti iðnaðarráðherra erlendu fyrirtæki leyfi til mælinga fyrir Norðurlandi. Fóru mælingarnar fram í nóvember- og desembermánuði 1978 undir umsjón og eftirliti Orkustofnunar. Íslenskur jarðeðlisfræðingur, fulltrúi stofnunarinnar, var um borð í skipi því er notað var við mælingarnar og fylgdist síðar með vinnslu gagna. Við könnun þessa komu fram á mælitækjum atriði er við úrvinnslu bentu til þess að setlög væri þarna að finna á hafsbotni. Mældar voru fjórar línur, samtals 857 km.

Sumarið 1982 var boruð kjarnahola, 554 m djúp, í Flatey á Skjálfanda til að leita staðfestingar á tilvist setlaga þessara og kanna gerð þeirra. Með borununum var staðfest að þarna er um setlög að ræða en engar vísbendingar um olíumyndun greindust í borkjarnanum né lífræn efni sem gætu ummyndast í olíu við hagstæðari skilyrði. Bora þyrfti allmiklu dýpra til þess að ganga úr skugga um tilvist kolvetna í jarðlögum þessum.

Rannsókn Flateyjarsetlaga var fram haldið með endurkastsmælingum árið 1985. Þessar mælingar hafa gefið betri mynd af setlagasvæðinu, þykkt setlaganna og jarðlagagerð. Kemur í ljós að setlögin eru einna þykkust vestur í Eyjafjarðarál, en þar nær djúp renna austur undir Flatey (sjá mynd í fylgiskjali VI). Allt svæðið er mjög sprungið og misgengið og er enn virkt. Virðist margt vera óhagstætt myndun olíulinda.

Í þessu sambandi er rétt að drepa á samning Íslands og Noregs sem undirritaður var 22. október 1981, um landgrunnið milli Íslands og Jan Mayen, en samningur þessi gekk í gildi 2. júní 1982. Þar er ákveðið að Íslendingar og Norðmenn skuli sameiginlega láta fara fram rannsóknir á ákveðnum svæðum og settar verði reglur um hvernig háttað skuli olíuleit á þeim

ef til komi. Í framhaldi af samningi þessum hófust sumarið 1985 rannsóknir á Jan Mayen hryggnum innan lögsögu Íslands og Noregs, í umsjá Orkustofnunar og norsku Olíustofnunarinnar (Oljedirektoratet). Beitt var endurkastsmælingum til að kortleggja jarðlögin undir hafsbotninum og eru mælilínur sýndar á korti í fylgiskjali VIII. Seinna var ákveðið að bæta við mælingarnar, eins og sýnt er á mynd í fylgiskjali IX. Þær höfðu einkum þann tilgang að kanna það svæði á Jan Mayen hryggnum sem virðist að svo stöddu vera einna athyglisverðast frá jarðfræðilegu og e.t.v. hagnýtu sjónarmiði (rétt norðan 69. breiddargráðu), en einnig að rekja jarðmyndanir hryggjarins áleiðis til Íslands. Síðarnefnda verkefninu tókst ekki að ljúka til fullnustu.

Á árinu 1987 gerðu Danir og Íslendingar endurkastsmælingar í félagi á Hatton-Rockall svæðinu, en kort af mælilínum er sýnt í fylgiskjali XI. Aðeins var hægt að leggja örfáar línur yfir svæðið, svo það er fjarri því að vera fullkannað. Niðurstöður er að finna í sameiginlegri skýrslu sem enn er trúnaðarmál.

Niðurstöður rannsóknanna á Jan Mayen svæðinu hafa veitt vísbendingar sem tákna að nokkrar líkur eru taldar á olíumyndun. Aftur á móti er svæðið ekki verulega áhugavert að svo komnu máli og tæknilega erfitt við könnun og hugsanlega vinnslu olíu. Benda má á jarðfræðilegan skyldleika svæðisins við setlagasvæði á landgrunni Noregs og á Austur-Grænlandi, en bæði þessi svæði eru talin líkleg olíusvæði.

Utan þessara svæða hefur ekki verið um verulega skipulegar hagnýtar rannsóknir að ræða. Haustið 1989 var gerð tilraun til endurkastsmælinga undan Suðausturlandi með styrk Vísindasjóðs. Enda þótt tilgangur mælinganna sé fyrst og fremst vísindalegur gætu niðurstöður haft hagnýtt gildi. Vonast er til að tækifæri gefist til úrvinnslu mælinganna árið 1990. Árið 1971 lét alþjóða olíufélagið Shell gera mælingar á línu frá Reykjanesi til norðvesturs, allt að landgrunni Grænlands. Gögn þessi eru lítt unnin og þyrfti að tölvuvinna þau betur, en óvíst er að þau hafi nokkurt hagnýtt gildi.

Eins og að framan hefur verið rakið er lítið vitað um auðlindir á hafsbotninum við Ísland. Ekki er útilokað að þar kunni að finnast verðmæt efni sem unnt væri að hagnýta. Það er því brýn nauðsyn að setja sem fyrst lagareglur um það hvernig háttað skuli eignarrétti að auðlindum þessum og nýtingu þeirra. Það er engum vafa undirorpið að ríkið sem slíkt er eigandi að auðlindum þeim er á hafsbotni kunna að finnast og ræður yfir nýtingu þeirra. Er það í samræmi við viðurkenndar skoðanir manna í nágrannalöndum okkar.

Valinn hefur verið sá kostur að setja almenn lög um þetta efni þar sem ákveðnar eru meginlínur í stefnu þeirri sem tekin er. Um einstök svið hagnýtra rannsókna og vinnslu má síðar setja ákvæði í lögum eða með reglugerðum, eftir því sem þurfa þykir, m.a. um umhverfisvernd. Við samningu frumvarpsins hefur einkum verið höfð hliðsjón af tilhögun Norðmanna í þessum efnum. Hjá þeim gilda nú lög nr. 12/1963 eins og þeim var breytt með lögum nr. 21/1977.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í grein þessari er því slegið föstu að íslenska ríkið sé eigandi allra auðlinda á og í hafsbotninum, frá netlögum og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær. Auðlindir þær, sem hér um ræðir, geta bæði verið lífrænar og ólífrænar.

Um 2. og 3. gr.

Hér er kveðið á um að enginn megi leita í eða á hafsbotninum að efnum til nýtingar, nema að fengnu skriflegu leyfi iðnaðarráðherra og að enginn megi heldur taka eða nýta efni á þessum svæðum, nema að fengnu skriflegu leyfi ráðherrans.

Um 4. og 5. gr.

Hér er ákveðið að gildistími leyfa þeirra, sem rætt er um í 3. gr., megi ekki vera lengri en 30 ár. Þá er ákveðið að í leyfisbréfi skuli greint ítarlega hvaða ráðstafanir leyfishafi skuli gera til að forðast mengun og spillingu á lífríki láðs og lagar. Er miðað við það að skilyrði um þetta verði í meginatriðum ákveðin í reglugerð þannig að þeir sem áhuga hafa á að sækja um slík leyfi viti fyrir fram í meginatriðum hvers muni verða af þeim krafist í þessum efnum.

Um 6. og 7. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem við gildistöku laga þessara taka efni af eða úr hafsbotninum verða að sækja um leyfi til slíkrar starfsemi innan sex mánaða frá gildistöku laganna. Geri þeir það ekki er heimild þeirra til tökunnar niður fallin og haldi þeir áfram starfsemi sinni getur það varðað þá viðurlögum skv. 6. gr.

Fylgiskjöl:

1. Álit allsherjarnefndar efri deildar, 9. mars 1983.
2. Umsögn hafsbotnsnefndar.
3. Uppdráttur af Íslandi og hafinu umhverfis.
4. Uppdráttur er sýnir m.a. umfang þyngdarmælinga 1972 og 1973.
5. Uppdráttur er sýnir mælilínur norðan við land 1978.
6. Uppdráttur er sýnir mælilínur norðan við land 1985 og niðurstöður túlkunar.
7. Samkomulag milli Íslands og Noregs um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen.
8. Uppdráttur af sameiginlegu nýtingarsvæði á landgrunninu milli Íslands og Jan Mayen og mælilínur frá 1985.
9. Viðbótarmælingar á Jan Mayen svæði árið 1988.
10. Norsk lög um nýtingu auðlinda hafsbotnsins.
11. Dansk-íslenskar mælilínur á Hatton-Rockall svæði árið 1985.

Fylgiskjal I.

ÁLIT ALLSHERJARNEFNDAR EFRI DEILDAR

um frv. til laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins (þskj. 542).

Nefndin hefur rætt málið ítarlega og komist að raun um að hér sé um að ræða svo þýðingarmikið og vandmeðfarið mál að ógjörlegt sé að afgreiða það efnislega án frekari athugunar. Ljóst er að í nánustu framtíð eru hafsbotnsréttindi Íslands á Reykjaneshrygg, neðansjávarhásléttunni sem kennd er við Rokkinn, og á Jan Mayen-svæðinu fyrst og fremst tengd yfirborði hafsbotnsins. Samkvæmt 77. gr. hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna eigum við réttindi til þeirra lífvera sem á þessum hafsvæðum finnast og botnlægar eru. Yfirborð hafsbotnsins er einnig ótvíræð eign strandríkisins.

Nefndin telur þess vegna að allri lagasetningu um hafsbotn þann, sem er utan 200 mílna efnahagslögsögunnar en tilheyrir Íslandi skv. 76. gr., sbr. 83. gr. hafréttarsáttmálans, eigi að haga þannig að einkaréttur okkar sé sem best tryggður og allar veiðar útlendinga við botninn bannaðar. Hins vegar sé rétt að örva íslenska fiskimenn til að hagnýta þessi íslensku mið og bægja útlendingum af þeim í samræmi við alþjóðalög.

Með hliðsjón af framansögðu telur nefndin eðlilegt að þau málefni, sem varða yfirborð landgrunnsins utan 200 mílnanna á Reykjaneshrygg, Jan Mayen svæðinu og Rockall-hásléttu, falli undir sjávarútvegsráðuneytið en leggur áherslu á að skynsamleg skipan þessara mála verði fundin sem skjótast og málið lagt fyrir næsta þing. Því leggur hún til að því verði nú **vísað til ríkisstjórnarinnar** til skjótrar en ítarlegrar athugunar hæfustu sérfræðinga þar sem framangreind sjónarmið sitji í fyrirrúmi.

Alþingi, 9. mars 1983.

Eiður Guðnason, form.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr., frsm.	Jón Helgason.
Stefán Guðmundsson.	Salome Þorkelsdóttir.	Stefán Jónsson.
	Egill Jónsson.	

Fylgiskjal II.

UMSÖGN

um frv. til laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, 107. mál.
(Send allsherjarnefnd Nd. 26. nóv. 1986.)

Hafsbotnsnefnd iðnaðarráðuneytisins hefur fengið til umsagnar ofangreint lagafrumvarp og fjallað um það á einum fundi sínum.

Hafsbotnsnefndin telur nauðsynlegt og meira en tímabært að sett verði lög, sem kveða skýrar á um eignarrétt að auðlindum hafsbotnsins en gert er í lögunum um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn frá 1979. Þá er og mikilvægt að því verði slegið föstu hvaða aðili í stjórnkerfinu eigi að hafa með auðlindir hafsbotnsins að gera, eins og gert er í frumvarpinu. Þegar um er að ræða ólífræn eða lífræn efni í eða á hafsbotninum er eðlilegt að um slíkar auðlindir sé fjallað af iðnaðarráðuneytinu.

Á undanförnum árum hefur nefndin kannað nokkuð áhuga erlendra aðila á að leita að olíu og gasi á eigin kostnað innan íslensku efnahagslögsögunnar. Þar hefur m.a. komið í ljós að þrándur í götu slíks áhuga er að ekki eru til nægilega skýrar reglur um réttindi aðila sem fjárfest hafa í slíkum rannsóknum hér við land ef olíulíkur reyndust góðar og framhald yrði á leitinni. Á grundvelli laga um eignarrétt að auðlindum hafsbotnsins ætti að setja reglugerð sem skýrði nægjanlega vel réttindi slíkra aðila.

Hafsbotnsnefndin mælir með því fyrir sitt leyti að sett verði lög um eignarrétt að auðlindum hafsbotnsins og hefur ekki efnislegar athugasemdir að gera við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Guðm. Pálmason,
formaður hafsbotnsnefndar.

Fylgiskjal III.



Fylgiskjal IV.



Fylgiskjal V.



Fylgiskjal VI.



Mælilínur undan Norðurlandi frá árinu 1985. Dýpi niður á berggrunn undir setlögum er sýnt sem tvöfaldur endurkaststími (margfalda má með 1,0 til 1,5 til að fá hugmynd um dýpið í kílómetrum). Lega Flateyjarmisgengis er sýnd, en það myndar suðurjaðar setlagadældarinnar, og einnig einfölduð mynd gliðnunarbrota í Eyjafjarðarál og vestar.

Fylgiskjal VII.

SAMKOMULAG

milli Íslands og Noregs um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen.

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Noregs
sem óska eftir að ákvarða markalínuna á landgrunninu á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen,

sem með gerð samkomulagsins frá 28. maí 1980 um fiskveiði- og landgrunnsmál urðu ásáttar um að efnahagslögsaga Íslands skuli ná út í 200 sjómílur, einnig á þeim svæðum milli Íslands og Jan Mayen þar sem fjarlægðin milli grunnlínanna er minni en 400 sjómílur,

sem í 9. gr. fyrrnefnds samkomulags urðu ásáttar um að aðilar skyldu í sameiningu skipa sáttanefnd sem gera skyldi tillögur um skiptingu landgrunnssvæðisins milli Íslands og Jan Mayen, og sem sameiginlega skipuðu slíka nefnd,

sem í maí 1981 fengu samhljóða tillögur sáttanefndarinnar, er fela í sér að mörk landgrunns hvors aðila á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen skuli vera hin sömu og mörk efnahagslögsögu hvors aðila, svo og að komið verði á samvinnu milli aðilanna um rannsóknir og nýtingu á olíuefnum („hydrocarbons") á nánar tilgreindu svæði milli Íslands og Jan Mayen, beggja vegna markalínunnar, og

sem telja sig geta farið að tillögum nefndarinnar,
hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. gr.

Mörk landgrunns hvors aðila á landgrunninu á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen skulu vera hin sömu og mörk efnahagslögsögu þeirra.

2. gr.

Ákvæði 3.–9. gr. taka til svæðis, sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:

70°35′ n.br.
68°0′ n.br.
10°30′ v.lg.
6°30′ v.lg.

3. gr.

Á fyrsta stigi rannsókna sem ætlað er til kerfisbundinnar jarðfræðikönnunar á svæði því, sem tilgreint er í 2. gr., skulu aðilar sameiginlega annast jarðsveiflumælingar („seismic" mælingar) svo og segulrannsóknir, ef með þarf. Norska olíustofnunin sér um framkvæmdahlið þessara rannsókna á grundvelli áætlana, sem samdar verða sameiginlega af sérfræðingum aðilanna. Kostnaður við þessar rannsóknir verður greiddur af norsku olíustofnuninni/norska ríkinu, nema aðilar komi sér saman um annað. Norskir og íslenskir sérfræðingar skulu hafa jafna möguleika á þátttöku í rannsóknunum og í mati á upplýsingum sem fram koma. Upplýsingar og matsgerðir skal leggja fyrir stjórnvöld landanna. Fara skal með þær sem trúnaðarmál nema aðilar komi sér saman um annað.

Verði ágóði af sölu jarðsveiflu- eða seguluppl ýsinga til fyrirtækja eða samtaka skal skipta hreinum hagnaði milli beggja aðila samkvæmt samningi þeirra á milli.

4. gr.

Sýni þær rannsóknir, sem um er fjallað í 3. gr., að æskilegt sé að framkvæma nákvæmari athuganir á vissum hlutum þessa svæðis, þ. á m. að gera nákvæmari jarðsveiflumælingar og að hefja boranir, skulu hugsanleg einkaleyfi til rannsókna og vinnslu á slíkum sérsvæðum veitt á grundvelli samnings um sameiginlegt verkefni („joint venture"), nema aðilar komi sér saman um annað samningsform. Aðilar geta komið sér saman um að láta olíufélög, ríkisrekin eða ekki, eiga aðild að slíkum samningum.

5. gr.

Á þeim hluta þess svæðis sem tilgreint er í 2. gr. og sem liggur norðan markalínu efnahagslögsögu landanna (u. þ. b. 32.750 km²) skal Ísland eiga rétt á 25% þátttöku í olíustarfsemi sem þeirri, sem um er fjallað í 4. gr. Í samningaumleitunum við utanaðkomandi olíufélög, ríkisrekin eða ekki, ber Noregi að reyna að fá því framgengt, að bæði

norskur og íslenskur hluti kostnaðar við slíka olíustarfsemi sé borinn („carried") af hlutaðeigandi félagi (eða félögum) allt fram að því að lýst er yfir að fundist hafi arðbært vinnslusvæði.

Verði ekki unnt að fá því framgengt, að kostnaður beggja aðila verði borinn af hlutaðeigandi félagi (eða félögum) skulu aðilar taka upp samningaumleitanir um möguleika á að reka starfsemina sem sameiginlegt verkefni, þar sem hvor þeirra beri sinn kostnað eða þeir skipti með sér kostnaði. Óski Ísland ekki eftir þátttöku á þessum grundvelli er Noregi heimilt að halda áfram á eigin áhættu. Verði því lýst yfir að fundist hafi arðbært vinnslusvæði skal Ísland á því stigi eiga þess kost að ganga inn í starfsemina með sinn hlut gegn því að greiða Noregi þann hluta útlagðs kostnaðar fram að þessum tíma sem hefði svarað hlut Íslands ef það hefði verið þátttakandi frá upphafi.

Norsk löggjöf, norsk stefna í olíumálum og norsk ákvæði um eftirlit með starfseminni, öryggisráðstafanir og umhverfisvernd skulu gilda um starfsemi á því svæði sem tiltekið er í fyrstu málsgrein. Norsk stjórnvöld skulu einnig fara með framkvæmdarvald og stjórnun á þessu svæði.

6. gr.

Á þeim hluta þess svæðis sem tilgreint er í 2. gr. og sem liggur sunnan markalínu efnahagslögsögu landanna (u. þ. b. 12.720 km²) skal Noregur eiga rétt á 25% þátttöku í olíustarfsemi sem þeirri, sem um er fjallað í 4. gr. Í samningaumleitunum við utanaðkomandi olíufélög, ríkisrekin eða ekki, skal Íslandi ekki vera skylt að reyna að fá því framgengt, að hinn norski hluti kostnaðar við slíka olíustarfsemi sé borinn af hlutaðeigandi félagi (eða félögum).

Íslensk löggjöf, íslensk stefna í olíumálum og íslensk ákvæði um eftirlit með starfseminni, öryggisráðstafanir og umhverfisvernd skulu gilda um starfsemi á því svæði sem tiltekið er í fyrstu málsgrein. Íslensk stjórnvöld skulu einnig fara með framkvæmdarvald og stjórnun á þessu svæði.

7. gr.

Eftir að lýst hefur verið yfir að fundist hafi arðbært vinnslusvæði skal hvor aðili bera sinn kostnað við áframhaldandi framkvæmdir á svæðinu í hlutfalli við sinn hlut í viðkomandi samningi.

8. gr.

Finnist olíuefni á svæði sem liggur báðum megin markalínu efnahagslögsögu landanna eða sé það allt sunnan markalínunnar en teygist út yfir þau hnit sem nefnd eru í 2. gr. skulu venjulegar meginreglur um einingarnýtingu auðlinda („unitisering") gilda um skiptingu og nýtingu fundarins. Aðilar skulu semja um nánari reglur sem gilda eiga í slíkum tilvikum.

Finnist olíuefni á svæði sem allt liggur norðan markalínu, en teygist út yfir þau hnit sem nefnd eru í 2. gr., skal það allt teljast liggja innan hnitanna, sbr. 5., 6. og 7. gr.

9. gr.

Ef annar aðilinn telur að ákvæðin um öryggisráðstafanir og umhverfisvernd, sem um er fjallað í 5. og 6. gr., veiti ekki nægilega vernd þegar fram fara rannsóknir eða vinnsla á því svæði, sem tilgreint er í 2. gr., skulu aðilar hafa samráð, sbr. 10. gr. samkomulagsins frá 28. maí 1980 um fiskveiði- og landgrunnsmál. Verði aðilar ekki sammála í slíkum samráðum skal málinu vísað til sáttanefndar þriggja manna. Aðilar skulu eigi hefja slíkar aðgerðir eða halda þeim áfram fyrr en tillögur sáttanefndarinnar liggja fyrir, nema brýn þörf krefji.

Hvor aðili skal tilnefna einn mann í sáttanefndina. Formaður nefndarinnar er tilnefndur með samkomulagi aðilanna.

Tillögur nefndarinnar skulu lagðar fyrir ríkisstjórnirnar svo fljótt sem verða má. Tillögurnar eru án skuldbindingar fyrir aðilana, en þeir skulu taka sanngjarnt tillit til þeirra í frekari málsmeðferð.

10. gr.

Samkomulag þetta öðlast gildi þegar aðilar hafa skipst á orðsendingum um að nauðsynlegri stjórnskipunarmeðferð sé lokið.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar með umboði undirritað samkomulag þetta.

Gjört í Osló hinn 22. október 1981 í tveimur eintökum á íslensku og norsku og eru báðir textarnir jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands:
Ólafur Jóhannesson

Fyrir hönd ríkisstjórnar Noregs:
Svenn Stray.

Fylgiskjal VIII.



Dýptarkort af Jan Mayen svæðinu með innfærðum endurkastsmælingalínum frá mælingum Orkustofnunar og „Olíustofnunar“ Norðmanna 1985. Mælilínur eru heildregnar línur, en efnahagslögsaga (200 mílur frá Íslandi) er dregin með brotinni línu. Rammahornin sýna stærð sameiginlegs „auðlindasvæðis“ Íslendinga og Norðmanna.

Fylgiskjal IX.



Viðbótarmælingar Orkustofnunar og „Olíustofnunar“ 1988 á Jan Mayen svæði (dregnar með brotnum línum), ásamt fyrri mælingum (heildregnar línur; samanber kort í fylgiskjali VIII).

Fylgiskjal X.

Lov nr. 12 av 21. juni 1963 om utforskning og utnyttelse av undersjøiske naturforekomster.

§ 1.[1]).

Denne lov gjelder utforskning og utnyttelse av naturforekomster på havbunnen eller i dens undergrunn, så langt havets dybde tillater utnyttelse av naturforekomstene, såvel innenfor som utenfor de ellers gjeldende sjøgrenser, likevel ikke ut over midtlinjen i forhold til andre stater.

Loven kommer også til anvendelse ved virksomhet som nevnt i første ledd i område utenfor den norske del av kontinentalsokkelen dersom dette følger av særskilt avtale med fremmed stat eller av folkeretten forøvrig.

§ 2.

Retten til undersjøiske naturforekomster tilligger staten.

Kongen kan gi norske eller utenlandske personer, herunder også stiftelser, selskaper og andre sammenslutninger, adgang til å utforske eller utnytte naturforekomstene. Det kan settes bestemte vilkår for slike tillatelser.

§ 3.

Kongen kan gi regler om utforskning og utnyttelse av undersjøiske naturforekomster.

§ 4.

Eldre lover skal ikke være til hinder for bestemmelser gitt i medhold av § 2 og 3 i denne lov.

§ 5.

Retten til skipsfart og fiske berøres ikke av denne lov.

§ 6.

Denne lov trer i kraft straks.

[1]) Endret i lov nr. 21 av 25. mars 1977.

Fylgiskjal XI.



Mælilínur fyrir dansk-íslenskar endurkastsmælingar á Hatton-Rockall svæðinu gerðar 1987.

Sþ. 145. Beiðni um skýrslu [141. mál]

frá forsætisráðherra um framkvæmd ályktana Alþingis á síðastliðnum fimm árum.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur, Árna Gunnarssyni, Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur, Margréti Frímannsdóttur, Skúla Alexanderssyni, Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni, Inga Birni Albertssyni, Guðmundi H. Garðarssyni og Guðrúnu Agnarsdóttur.

Með vísun til 30. gr. þingskapa óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu um framkvæmd ályktana Alþingis 1. janúar 1985 til 20. maí 1989. Óskað er að í skýrslunni birtist sérhver samþykkt ályktun á þessu tímabili, hverjir

voru flutningsmenn tillögunnar, hvenær hún var samþykkt og glögg greinargerð um framkvæmd viðkomandi ráðuneytis.

Óskað er að skýrslan verði tekin til umræðu á Alþingi þegar henni hefur verið útbýtt.

Alþingi, 9. nóv. 1989.

Danfríður Skarphéðinsdóttir.	Árni Gunnarsson.	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.
Margrét Frímannsdóttir.	Skúli Alexandersson.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.
Ingi Björn Albertsson.	Guðmundur H. Garðarsson.	Guðrún Agnarsdóttir.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Sþ. 146. Tillaga til þingsályktunar [142. mál]

um endurskoðun á útreikningi þjóðhagsstærða.

Flm.: Kristín Einarsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Sigríður Lillý Baldursdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða grundvöll fyrir útreikningi þjóðhagsstærða með hliðsjón af áhrifum framleiðslustarfsemi og annarra mannlegra athafna á umhverfi og náttúrulegar auðlindir.

Greinargerð.

Hagfræðimælingar, sem víðast hvar er beitt til að leggja mat á efnahagsþróun, eru úreltar og ófullnægjandi þar eð þær taka aðallega mið af skammtímahagsmunum, en sniðganga nýja sýn til umhverfismála. Í þeim aðferðum, sem mest er byggt á við ákvarðanir í efnahagsmálum hér á landi sem annars staðar, er ekki tekið tillit til þeirra hættumerkja sem hrannast upp vegna spillingar á umhverfi og eyðingar náttúrulegra auðlinda. Þannig er í útreikningum á helstu þjóðhagsstærðum ekki höfð hliðsjón af áhrifum framleiðslustarfsemi á náttúrulegar auðlindir, né heldur náttúrulegum breytingum eða áhrifum af hamförum. Verðmæti auðlindanna er ekki fært til eignar og ekkert kemur fram um það í hagfræðitölum á hverjum tíma hvort gengið sé á þær innstæður. Þjóð, sem ofveiðir fiskstofna, ofnýtir gróðurlendi og mengar umhverfi sitt, verður ekki fátækari samkvæmt hefðbundnum efnahagsútreikningum. Hún getur þvert á móti skarað fram úr tímabundið á mælikvarða Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og Alþjóðabankans, allt þar til náttúran grípur fram í fyrir tölvuforritum hagfræðinganna.

Umhverfismálin og hættuboðar, sem þeim tengjast, eru nú loks viðurkennd af stjórnmálamönnum víða um lönd. Þannig hittast nú varla forustumenn þjóða svo að þeir greini ekki frá því að umhverfismál hafi verið eitt helsta umræðuefni þeirra. Þessu ber vissulega að fagna því að orð eru til alls fyrst. Ætli menn hins vegar í raun að glíma við umhverfisvandann og tryggja lífvænlega þróun þarf að taka á öllum viðkomandi þáttum. Þar skiptir efnahagsstarfsemin hvað mestu máli, en til að fella hana að hinum nýju viðhorfum verður að leiðrétta mælistikurnar.

Nokkrar þjóðir hafa þegar sýnt viðleitni til að meta umhverfisþætti inn í þjóðhagsreikninga. Þar hafa Norðmenn riðið á vaðið og fleiri þjóðir eru að huga að því sama. Norðmenn byrjuðu að velta fyrir sér auðlindamati (ressursregnskap) fyrir um 15 árum og nú gefur norska hagstofan (Statistisk sentralbyra) árlega út yfirlit um ástand náttúrulegra auðlinda og mengun í Noregi. Þær stærðir, sem til þessa hafa verið teknar inn í auðlindareikningana, varða orku, fiskstofna, skóga og loftmengun. Norska umhverfisráðuneytið er nú að meta önnur svið þar sem miklu varðar að tengja saman efnahagslíkön og vistfræðilegar upplýsingar. Hér á landi er helst að finna vísi að slíkum útreikningum við mat á fiskstofnum.

Þá vinna Norðmenn einnig að nýju þjóðarauðsmati sem á að endurspegla mögulega hagnýtingu í framtíðinni í víðu samhengi. Reynt er að svara því hvers konar vöxtur sé æskilegur og lögð áhersla á að efnahagsstarfsemin hafi ekki í för með sér óhóflegt álag á umhverfið.

Til að hægt sé að taka umhverfisþætti inn í þjóðhagsstærðir þurfa hagfræðingar m.a. að meta neikvæð áhrif mengunar og afleiðingar ofnýtingar og mengunaróhappa. Þetta getur verið ýmsum erfiðleikum háð, en þeim mun brýnna er að byrja að þróa aðferðir sem skilað geta árangri. Varðandi ýmsa þætti kann að vera erfitt að koma við beinum talnagildum, t.d. þegar meta á hvers virði hreint vatn og ómengað loft er. Mörgum spurningum verður sjálfsagt seint svarað svo að óyggjandi sé. Hvernig á t.d. að meta þætti sem í raun eru óbætanlegir og ekkert getur komið í staðinn fyrir? Hvaða verð á að setja á ósonlagið eða regnskóga Amasonsvæðisins? Þetta kann að virðast snúið en þó verður að gefa því ákveðin gildi.

Í hefðbundnum aðferðum við útreikninga á hagvexti og öðrum þjóðhagsstærðum gætir blindu gagnvart umhverfinu. Ekkert tillit er tekið til þess hvort gengið er á höfuðstól náttúrulegra auðlinda og mengandi starfsemi og sóun takmarkaðra gæða birtist okkur í auknum hagvexti. Fyrir þjóðir, sem byggja mikið á frumframleiðslu og náttúrulegum auðlindum, eru slíkir mælikvarðar sérstaklega illa til þess fallnir að gefa raunsanna mynd af afleiðingum efnahagsstarfseminnar að ekki sé talað um framtíðarhag.

Tillagan gerir ráð fyrir að stjórnvöld láti endurskoða grundvöll fyrir útreikningi þjóðhagsstærða með hliðsjón af ofangreindum viðhorfum. Í tengslum við það er ástæða til að leggja grunn að nýju þjóðarauðsmati og gagnaöflun um ástand og nýtingu auðlinda á hverjum tíma. Þar er um að ræða verðugt verkefni fyrir nýtt umhverfisráðuneyti í samvinnu við rannsóknaog hagfræðistofnanir. Miklu skiptir að hagfræðingar og aðrir sérfræðingar leggi sig fram um að laga störf sín og fræði að breyttum viðhorfum og að góð samvinna takist milli þeirra mörgu sem leggja þurfa grunn að því að tryggja lífvænlega þróun.

Sþ. 147. Tillaga til þingsályktunar [143. mál]

um könnun á ofbeldi í myndmiðlum.

Flm.: Guðrún Agnarsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson,
Danfríður Skarphéðinsdóttir, Kristín Einarsdóttir,
Málmfríður Sigurðardóttir, Sigríður Lillý Baldursdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta kanna sérstaklega tíðni og tegund þess ofbeldis sem sýnt er í dagskrá Ríkissjónvarps, Stöðvar 2, í kvikmyndahúsum og á þeim myndböndum sem eru á boðstólum í myndbandaleigum. Könnunin skal einkum beinast að líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi, þar með töldu klámi. Einnig að láta fara fram könnun á því hve mikið börn hér á landi horfa á sjónvarp, kvikmyndir og myndbönd og hvað þau horfa á.

Enn fremur skorar Alþingi á menntamálaráðherra að beita sér fyrir því að dregið verði verulega úr því ofbeldi sem börnum og öðrum er sýnt í sjónvarpi, kvikmyndum og á myndböndum.

Greinargerð.

Mörgum ógnar vaxandi ofbeldi í umhverfi okkar og daglegu lífi. Ofbeldið tekur á sig margvíslegar myndir. Það beinist oft gegn börnum og konum sem ofbeldi á heimilum og kynferðisleg misnotkun. En það eru ekki einungis hinir fullorðnu sem beita ofbeldi, börn og unglingar beita því einnig gagnvart öðrum börnum, t.d. með einelti, en líka gagnvart fullorðnum eins og fjölmörg nýleg dæmi eru um.

Óhóflega langur vinnutími og meira vinnuálag en gerist meðal nágrannaþjóða okkar leiða til fjarvista íslenskra foreldra frá heimili og aukinnar streitu þeirra, en vaxandi fjöldi heimila þarfnast vinnuframlags tveggja til framfærslu. Börnin þurfa oft að hafa ofan af fyrir sér sjálf, jafnvel frá unga aldri.

Í skólaskýrslum úr Reykjavík frá 1975 kemur fram að um 40% 7–12 ára barna voru meira eða minna ein heima á daginn. Aðstaða einstæðra foreldra til að sinna börnum sínum er þó til muna erfiðari en annarra. Fram kemur t.d. í skýrslu landlæknis, „Mannvernd“ frá því í desember 1987, að um fjórðungur barna einstæðra foreldra 7 ára og yngri og um 64% 7–12 ára gangi sjálfala á daginn.

Mörgum ógnar hve fjölmiðlar skipa stóran sess sem afþreying barna. Einkum hafa menn áhyggjur af því að mikil sjónvarps- og myndbandanotkun geri börn að óvirkum þiggjendum og margir óttast neikvæð uppeldisáhrif þess efnis sem þannig berst ómótuðum barnshugum.

Sjónvarp, myndbönd og kvikmyndir flytja ofbeldi í auknum mæli bæði í fréttum af átökum og styrjöldum og líka í leiknum myndum þar sem einstaklingar beita hvor annan grófu ofbeldi í návígi. Er skemmst að minnast voðaatburða á erlendum vettvangi þar sem geðveilir menn eða áhrifagjarnir ruddust fram með alvæpni að hætti Rambós í friðsömum bæjarfélögum og urðu fjölda manns að bana. Á heimili slíkra manna hefur fundist mikill fjöldi ofbeldismynda og vopna sem þeir hafa haft dálæti á.

Tæknin hefur fært okkur tölvuleiki sem eru vinsælt tómstundagaman, en margir þeirra byggjast á herskáum samkeppnis- eða baráttuleikjum. Stríðsleikföng eru seld af fjölbreytilegri gerð og eru oft svo eðlilegar eftirlíkingar af raunverulegum fyrirmyndum sínum að glæpamönnum tekst að blekkja fórnarlömb og lögreglu með leikfang að vopni.

Vandinn er oft sá að ofbeldisáhrifin verða alvarlegust á þá sem veikastir eru fyrir og hafa minnstan stuðning hjá uppalendum sínum og umhverfi.

Allt of oft eru börnin ein með hugsanir sínar og skilning á því sem þau sjá án þess að vinna úr því og tala um það sem þau sáu og heyrðu. Mikið af myndefni því, sem börn horfa á, er á ensku og þar sem tími til mannlegra samskipta er oft allt of naumur gefst mörgum börnum of lítill tími til að tala við fullorðið fólk og þjálfa þannig móðurmál sitt. Tilfinningaleg áhrif slíks afskiptaleysis geta orðið börnum alvarleg og valda mörgum foreldrum stöðugri sektarkennd. Kennarar hafa jafnframt veitt því athygli á síðustu árum að kunnátta grunnskólanema í íslensku fer minnkandi, bæði hvað varðar orðaforða, málfræði og stafsetningu.

Öryggisleysi og vanmáttur barna, sem eru tilfinningalega vanrækt og vanþroska í samskiptum við aðra og eiga auk þess erfitt með að tjá sig vegna þess að þau hafa takmarkað vald á móðurmáli sínu, getur verið mikill. Hvort tveggja getur valdið innibyrgðri reiði og orðið til þess að þau bregðist við andstreymi eða jafnvel smávægilegu mótlæti með ofbeldi. Ofbeldi er iðulega sýnt sem eina leiðin til að leysa vandamálin og ofbeldið er oft slitið úr samhengi við þau áhrif sem það raunverulega hefur, afleiðingar þess eru í raun ekki sýndar.

Oft eru það hetjurnar og þá karlhetjurnar sem beita ofbeldi til að koma á reglu, stundum jafnvel réttlæti og friði. Almenn áhersla fréttanna á stríð og ofbeldi er slík að hún er líkleg til að valda verulegum ótta barna við framtíðina, a.m.k. nokkuð brenglaðri sýn á heiminn. Lokaniðurstaðan er reyndar sú að börnin vita mun meira um átök, ofbeldi og stríð en um frið og máltækið segir: Það læra börnin sem fyrir þeim er haft.

Við getum ekki unað því að börn alist upp við þá heimsmynd að ofbeldi sé eðlileg, viðurkennd og réttlætanleg leið til að leysa vandamál og ná sínu fram.

Það eru réttindi barna að vera vernduð gegn ofbeldi. Hér áður þótti ekki hæfa að hafa ljótt fyrir barni, meira að segja þótti ekki við hæfi að tala ljótt í návist þungaðrar konu. Það eru einnig réttindi barna að fá sjónvarpsefni við sitt hæfi á vönduðu íslensku máli en hér er skammarlega lítið um slíkt í sjónvarpi. Það er í raun ótrúlegt hve kærulausir foreldrar og ráðamenn hafa verið gagnvart þeim áhrifamikla og sterka fjölmiðli sem sjónvarpið er.

Flutningsmenn telja nauðsynlegt að gera kannanir á því hvernig og hve mikið ofbeldi er sýnt í sjónvarpi og öðrum myndmiðlum hér á landi. Stöð 2 hefur nýlega hafið sýningar á klámmyndum undir því yfirskini að hér sé um kærkomið afþreyingarefni að ræða. Þessar myndir er að sjálfsögðu hægt að taka upp á myndbönd og þær geta þannig eða í beinni sýningu verið aðgengilegar börnum. Auk þess sem klám er niðurlægjandi fyrir konur er vaxandi tilhneiging hjá framleiðendum slíkra mynda að tengja það ofbeldi.

Slíkar kannanir krefjast þess að ofbeldið sé skilgreint. Það gefur vafist fyrir mönnum en er nauðsynlegt til þess að vekja umhugsun um og útiloka ofbeldi. Hlutverk Kvikmyndaeftirlits ríkisins er m.a. fólgið í því að skilgreina og útiloka ofbeldi en starfsmenn þess hafa um margra ára skeið unnið afar mikilvægt starf þrátt fyrir mjög þröngan fjárhag og bágborinn tækjakost. Brýna nauðsyn ber til að veita raunhæfar fjárupphæðir til rekstrar þessarar starfsemi. Stjórnvöld bera bæði ábyrgð og skyldur í þessum efnum. Þeim ber að framfylgja lögum um bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 33 frá 1983, og þeim ber í víðtækum skilningi að standa vörð um þau réttindi barna að vera vernduð gegn ofbeldi. Nauðsynlegt er einnig að vekja upp umræðu meðal barna, unglinga og forráðamanna þeirra, umræðu sem skírskotar til ábyrgðar og hvetur til aðgerða.

Nýleg aðgerð, „Unglingar gegn ofbeldi“, er lofsvert framtak sem tekur einmitt á þessum þáttum, hvetur unglinga og aðra til umhugsunar og til þess að taka afstöðu gegn ofbeldi.

Jafnframt er mikilvægt að leggja áherslu á að foreldrar og aðrir uppalendur fylgist með því sem börn horfa á í sjónvarpi og séu reiðubúnir að ræða við börnin um það sem þau upplifa.

Flutningsmenn vona að þessi tillaga megi stuðla að því að vernda börn gegn óhóflegu ofbeldi í umhverfi sínu.

Sþ. 148. Beiðni um skýrslu [144. mál]

til forsætisráðherra um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

Frá Hjörleifi Guttormssyni, Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur, Danfríði Skarphéðinsdóttur, Eggert Haukdal, Geir Gunnarssyni, Guðmundi H. Garðarssyni, Inga Birni Albertssyni, Jóni Kristjánssyni, Kristínu Einarsdóttur, Margréti Frímannsdóttur, Páli Péturssyni, Ragnari Arnalds, Skúla Alexanderssyni og Stefáni Valgeirssyni.

Með vísan til 30. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi, gildandi reglur þar að lútandi og ráðgerðar breytingar á þeim.

Í skýrslunni komi m.a. fram hversu hár eignarhlutur erlendra aðila er, svo og flokkun viðkomandi fyrirtækja eftir eðli atvinnurekstrar, aðsetri eftir kjördæmum, stærð og aldri fyrirtækjanna. Sérstaklega er beðið um yfirlit um hlutdeild erlendra aðila í fiskveiðum, fiskvinnslu, fiskeldi, samgöngum og fjölmiðlum. Jafnframt er óskað upplýsinga um veltu og eignastöðu fyrirtækjanna, hvort þau hafa greitt út arð, svo og um reglur að því er varðar flutning á arði úr landi.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs þings fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt á Alþingi.

Alþingi, 9. nóv. 1989.

Hjörleifur Guttormsson.	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.	Danfríður Skarphéðinsdóttir.
Eggert Haukdal.	Geir Gunnarsson.	Guðmundur H. Garðarsson.
Ingi Björn Albertsson.	Jón Kristjánsson.	Kristín Einarsdóttir.
Margrét Frímannsdóttir.	Páll Pétursson.	Ragnar Arnalds.
Skúli Alexandersson.		Stefán Valgeirsson.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Sþ. 149. Tillaga til þingsályktunar [145. mál]

um íslenska heilbrigðisáætlun.

(Lögð fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

Alþingi ályktar að stefna í heilbrigðismálum á Íslandi fram til ársins 2000 skuli verða í samræmi við eftirfarandi heilbrigðisáætlun:

1. INNGANGUR

Heilbrigði er meðal þeirra lífsgæða sem nú eru mest metin. Heilbrigði er hvort tveggja í senn dýrmætasta eign hvers einstaklings og ein verðmætasta auðlind hverrar þjóðar. Í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna segir m.a. að það sé grundvallarréttur hvers manns að fá að njóta bestu heilsu sem völ er á, án tillits til kynþáttar, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, efnahagslegra eða félagslegra aðstæðna. Í lögum um heilbrigðisþjónustu frá 1973, nú nr. 59 1983, segir að allir landsmenn skuli eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita, til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði. Aðaláherslan er því ekki lögð á lækningar heldur á heilsuvernd. Á undanförnum áratugum hefur heilbrigði Íslendinga gjörbreyst og er nú með því besta sem gerist meðal þjóða. Þrátt fyrir batnandi heilsufar hafa kröfur almennings um aukna heilbrigðisþjónustu stöðugt aukist m.a. vegna nýrra og bættra meðferðarmöguleika og breyttra samfélagsaðstæðna, svo sem fjölgunar aldraða.

Heilbrigðishugtakið hefur jafnframt breyst þannig að fólk leitar nú hjálpar heilbrigðisþjónustunnar af öðrum og minni tilefnum en áður.

Það hefur verið ljóst um nokkurt skeið að lífshættir einstaklinga og umhverfið ráða miklu um heilsufar og framvindu þess. Viðfangsefni heilbrigðisþjónustunnar eru því ekki eingöngu að lækna og hjúkra heldur ekki síður að koma í veg fyrir sjúkdóma. Þetta gerir heilbrigðisþjón-

ustan í samvinnu við fjölda aðila, bæði einstaklingana sjálfa, félög og stofnanir. Heilsufar Íslendinga nú kallar á breyttar aðferðir við skipulagningu og stjórn heilbrigðisþjónustu en ekki síður á breyttar áherslur í heilbrigðisþjónustunni sem aftur gerir aðrar kröfur til heilbrigðisstarfsmanna en verið hefur. Í samræmi við þessar breyttu aðstæður þarf að setja heilbrigðisþjónustunni ný markmið. Í þeim markmiðum verði tekið tillit til þess að:

- **Læknisþjónusta** tekur við hinum sjúka og kostar kapps um að bjarga lífi, draga úr þjáningu og örkumlum.
- **Heilsuvernd** beinist að þekktri áhættu í umhverfi eða hjá einstaklingnum sjálfum (mengun, reykingum, offitu, of hárri blóðfitu, háþrýstingi o.fl.) og kostar kapps um að útrýma eða draga úr þeirri áhættu eins og frekast er kostur.
- **Heilsurækt** miðar að því að gera einstaklingnum kleift að auka hreysti og efla vitund hans og vilja til að viðhalda heilbrigði.

Heilbrigðismarkmiðið er sett fram til að stuðla að og bæta heilbrigði einstaklingsins. Þessu höfuðmarkmiði má skipta í þrjá þætti:

- **Að bæta árum við lífið.** Þetta þýðir að ótímabærum dauðsföllum fækki og lífslíkur aukist.
- **Að bæta heilbrigði við lífið.** Þetta þýðir að fólk í framtíðinni eigi fleiri ár heilbrigði og starfsemi, fólk fái færri sjúkdóma og verði sjaldnar fyrir slysum en áður.
- **Að bæta lífi við árin.** Þetta þýðir að heilbrigði aukist og að fleira fólki en nú finnist það vera hraust og stjórni starfsdegi sínum þannig að því finnist lífið ríkt af reynslu og breytilegum verkefnum.

Heilbrigði er hluti af vellíðan einstaklingsins. Menning og fjárhagur getur haft mikil áhrif á heilsufar einstaklinganna. Sjúkdómar eru hluti af lífi hvers manns og fötlun er hluti af lífi margra en hinir sjúku og fötluðu geta einnig notið ánægju lífsins.

Heilbrigði er að hluta til ákvörðunaratriði einstaklings og fjölskyldna og fullkomin heilbrigðisþjónusta næst aðeins með því móti að þjóðfélagsþegnarnir nýti hana og geri til hennar kröfur.

Í heilbrigðisþjónustunni á fólkið ekki að líta á sig eingöngu sem neytendur. Hugmyndin er að maðurinn verði þátttakandi og honum sé ljóst hvað hann getur gert fyrir sjálfan sig og hvað heilbrigðisþjónustan getur gert fyrir hann.

Heilbrigðisþjónustan getur veitt mikla hjálp en án samvinnu við einstaklinginn er hún lítils virði og einstaklingurinn verður að gera sér ljóst að hann er samverkamaður og ekki aðeins neytandi.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur sett fram markmið um heilbrigði allra árið 2000. Þau þrjú markmið, sem eru hornsteinar í þessu sambandi, eru:

- Að stuðla að heilbrigðu líferni.
- Að draga úr hættum sem valda heilsutjóni.
- Að reka heilbrigðiskerfi sem þjónar fólkinu.

Til þess að ná þessum markmiðum þarf, auk heilbrigðisstjórnar, samspil margra þátta, svo sem löggjafar, fjármála, stjórnunar, menntamála, upplýsinga og rannsókna, og árangurinn þarf að meta.

Markmið 1.

Heilbrigðisáætlun hefur það markmið að bæta heilsufar þjóðarinnar.

Tilgangur heilbrigðisþjónustunnar er að skapa heilsufarslegt jafnrétti, að bæta árum við lífið, heilbrigði við lífið og lífi við árin.

Til þess að svo megi verða þarf að tryggja að tekið sé fullt tillit til heilbrigðissjónarmiða í þjóðfélagsumræðunni eftir því sem við á. Einnig að ákvarðanir stjórnvalda séu ekki síður byggðar á vitneskju um heilsufarslegar afleiðingar þeirra ákvarðana en efnahagsleg og

menningarleg áhrif. Sérstaklega er áríðandi að gefa gaum að þörfum þeirra sem verst eru settir og þörfum þjóðfélagshópa sem ekki njóta fyllsta jafnréttis til að öðlast heilbrigði eða njóta heilbrigðisþjónustu. Í þessu sambandi er rétt að nefna sérstaklega aldraða og þá sem þjást af langvinnum sjúkdómum sem valda verulegri fötlun.

2. STEFNA Í HEILBRIGÐISMÁLUM

Á Íslandi hefur heilbrigðisþjónustan lengi verið á ábyrgð ríkisvalds og sveitarfélaga.

Yfirstjórn heilbrigðismála á Íslandi er í höndum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og það sér um framkvæmd laga um heilbrigðismál.

Landlæknisembættið fylgist með heilsufari landsmanna og hefur eftirlit með starfi og starfsaðstöðu heilbrigðisstarfsmanna.

Heilbrigðismálaráð læknishéraða hafa með höndum stjórn heilbrigðismála, áætlanir um uppbyggingu í heilbrigðismálum og skipulagningu og starf heilbrigðisstofnana undir stjórn héraðslæknis.

Síðustu hundrað ár hefur verið reynt að fjölga læknismenntuðu fólki á öllum svæðum landsins og síðustu fimmtíu ár hafa einkennst af sérhæfðri uppbyggingu eftir því sem reynsla og menntun hefur gefið tilefni til.

Síðustu þrjátíu ár hafa einkennst af uppbyggingu stofnana, einkum sjúkrahúsa.

Lögin um heilsuverndarstöðvar, sem sett voru árið 1944, skiptu sköpum á sínum tíma í þjónustu ungbarna og mæðraverndar.

Á tímabili var læknaskortur í landinu og þess gætti mjög í þeim tillögum sem settar voru fram um 1970, en nú er svo komið að læknafjöldi á Íslandi er meiri en þarf til þess að sinna heilbrigðisþjónustu í landinu.

Lögin um heilbrigðisþjónustu 1973 skiptu verulegu máli í sambandi við að koma upp nútímalegri heilbrigðisþjónustu um land allt og má segja að þjónusta samkvæmt þeim lögum nái nú til alls landsins nema Reykjavíkur.

Það sem einkennir nú heilbrigðisþjónustu á Íslandi er að sjúkrarúmafjöldi er meiri en víðast annars staðar en skortur hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða, ásamt fjárskorti, veldur því að stofnanir eru ekki reknar í þeim mæli sem hægt væri.

Heilbrigðisþjónusta á Íslandi hefur síðan lög um almannatryggingar komust á verið greidd af opinberum aðilum að mestu leyti. Enginn Íslendingur þarf að greiða beint fyrir dvöl á sjúkrahúsi og lítilræði þarf að greiða fyrir aðra heilbrigðisþjónustu.

Alþingi þarf reglulega að gera framkvæmdaáætlun í heilbrigðismálum. Stofnanir ríkis, sveitarfélaga og aðrir þeir aðilar, sem að heilbrigðismálum starfa, hafi hana síðan til leiðsagnar. Hæfilegt er að slík áætlun verði endurskoðuð á fimm ára fresti.

Markmið 2.

Verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga um rekstur heilbrigðisþjónustu verði breytt á þann veg að saman fari ábyrgð á fjármögnun og rekstri.

Jafnframt verði ríki og sveitarfélögum heimilt að gera samninga við félagasamtök um að annast afmarkaða rekstrarþætti sé það hagkvæmt.

Heilbrigðisráðherra skal annað hvert ár gera Alþingi grein fyrir framkvæmd heilbrigðisáætlunar.

3. STEFNA Í HEILSUGÆSLU- OG SJÚKRAHÚSMÁLUM

3.1 Heilsugæslustöðvar.

Heilbrigðislöggjöfin frá árinu 1973 var stefnumarkandi í því að byggja upp heilsugæslu í landinu öllu. Uppbyggingin hefur náð til allra landshluta en þó verið minnst á Reykjavíkursvæðinu og er þar mörgum verkefnum ólokið á þessu sviði.

Nauðsynlegt er að gera sérstakt átak til þess að ljúka því verkefni að byggja upp heilsugæslustöðvar sem þjóni öllum íbúum höfuðborgarsvæðisins og stefna þarf að því að allir landsmenn hafi aðgang að heilsugæslustöð árið 1995.

Helstu markmiðin með uppbyggingu heilsugæslustöðva hafa verið að auka heilsuvernd, heimilislækningar og heimahjúkrun. Sérstök áhersla hefur verið lögð á heilsuverndarstarf sem hafði staðnað í þeirri mynd sem það áður var. Í dreifbýli hefur þjónusta heilsugæslustöðvanna aukist og öryggið er orðið eins og aðstæður leyfa. Í þéttbýli eru heilsugæslustöðvarnar íbúum til mikils hagræðis. Þær veita þjónustu sem áður þurfti að sækja á margar stofnanir og oft langt frá heimili.

Síðasti áratugur hefur einkennst af uppbyggingu heilsugæslustöðva og fjölgun starfsfólks í heilbrigðisstétt um land allt.

Erfitt er að meta árangur þessa starfs en ljóst er að íbúar í dreifbýli landsins una betur við hlutskipti sitt nú en fyrir 15 árum.

Á síðustu árum hefur tölvuvæðing heilsugæslustöðvanna komist vel áleiðis. Vegna hennar mun brátt verða unnt að meta og sýna hvaða árangur hefur náðst fyrir unga og aldna og líklegt er að uppbygging heilsugæslunnar eigi eftir að skila miklum árangri í heilbrigðisþjónustu aldraðra í framtíðinni.

Markmið 3.

Heilsugæslustöðvar skulu vera hornsteinar heilsugæslunnar hver á sínu starfssvæði í samvinnu við göngudeildir sjúkrahúsa og sérhæfðar stofnanir.

Þjónusta heilsugæslustöðva skal ná til allra landsmanna árið 1995. Leitast skal við að auka samstarf heilsugæslunnar við aðra aðila, svo sem íþrótta- og fræðsluyfirvöld og félagsmálastofnanir í því skyni að auka heilsuvernd og heilsurækt.

3.2 Sjúkrahús.

Dýrasti þáttur heilbrigðisþjónustu á Íslandi er sjúkrahúsaþjónusta og er fjöldi sjúkrarúma vegna bráðaþjónustu meiri hér en víðast hvar annars staðar.

Ekki virðist þörf á fjölgun almennra sjúkrarúma á sjúkrahúsum á næstu árum en fjölga ber rúmum á hjúkrunarheimilum þannig að aldraðir sjúkir geti dvalist sem næst heimilum sínum. Til að tryggja besta nýtingu hjúkrunarrýmis fyrir aldraða þarf vistun á hjúkrunarheimilum til langframa að vera háð því mati sérfróðra aðila að vistun sé óhjákvæmileg.

Auka þarf göngudeilda- og dagdeildaþjónustu í þeim tilgangi að stytta legutíma og fækka innlögnum.

Markmið 4.

Setja má reglur um flokkun sjúkrastofnana, verkaskiptingu og starfssvið, og gera þar skýran greinarmun á sérhæfðu sjúkrahúsi, almennu sjúkrahúsi og hjúkrunarheimili.

Setja má reglur um þjónustusvæði einstakra sjúkrastofnana og um mönnun sjúkrastofnana.

4. HEILBRIGÐIR LÍFSHÆTTIR

Áróður fyrir heilbrigðum lífsháttum er nauðsyn í nútímaþjóðfélagi enda hefur verið sýnt fram á að venjur og lífshættir hafa veruleg og oft úrslitaáhrif á heilbrigði einstaklingsins.

Of lítið hefur verið gert að því af heilbrigðisyfirvöldum á Íslandi að taka jákvæða og hvetjandi afstöðu í þessum málum.

Sérstök áhersla hefur þó verið lögð á þetta allra síðustu árin og því eru þessi heilbrigðismarkmið sett fram.

Allt starf að heilbrigðisfræðslu geldur þess hve lítið fjármagn fæst til að gera fræðsluefni og hvað því fjármagni er dreift til margra aðila. Fjöldi laga og reglugerða, sem heyra undir

mismunandi ráðuneyti, fjallar um heilbrigðisfræðslu í einhverri mynd en lítið verður úr framkvæmdum. Að undirbúa fræðsluefni er vandasamt verk þar sem saman þarf að fara þekking á viðfangsefninu, tæknikunnátta til skýrrar framsetningar og kunnátta í dreifingu og samskiptum við fjölmiðla.

Stofnanir og ráðuneyti, sem með þessi mál fara nú, hafa yfirleitt ekki yfir að ráða þeim mannafla sem þarf til heilbrigðisfræðslu, frá hugmynd til framkvæmdar. Starfið verður því oft handahófskennt og árangur minni en ella.

Markmið 5.

Koma skal á fót stofnun forvarna- og heilbrigðisfræðslu. Þessi stofnun skal annast ráðgjöf um heilbrigða lífshætti, gerð fræðsluefnis og endurmenntun starfsliðs í heilsugæslu. Til stofnunarinnar færast m.a. áfengisvarnir, manneldismál, smitsjúkdómavarnir, tannvernd, tóbaksvarnir og CINDI-verkefnið.

Til að stuðla að heilbrigðum lífsháttum verður lögð á það áhersla að starfslið heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa fái grundvallarmenntun og kennslu í heilbrigðisfræðslu og kennslu í heilsufræði til þess að geta miðlað þeim sem þangað leita.

Hefja skal samvinnu við skóla og félög um að þau taki þátt í herferð fyrir heilbrigðari lífsháttum fjölskyldna og einstaklinga.

4.1 Manneldismarkmið og matvælaframleiðsla.

Fram á þessa öld veltu menn ekki fyrir sér manneldi á Íslandi að öðru leyti en því hvort allir hefðu mat til næsta máls.

Nú er þessu öðru vísi háttað. Allir hafa til hnífs og skeiðar og það er ástæða til að gefa ráð um hvaða fæða er holl og hvaða fæða er óholl.

Almenningur neytir yfirleitt of mikillar fæðu og þess vegna er offita verulegt vandamál á Íslandi. Fæðan á að innihalda nauðsynleg efni til vaxtar, viðhalds, endurnýjunar og brennslu. Hún þarf einnig að vera hættulaus og eftirlit með aukefnum í fæðu er mikilvægt.

Talið er að leiðbeina þurfi fólki um fæðuval, einkum af þeim ástæðum að minnka þurfi fitu, sykur og matarsalt í fæðunni. Til viðbótar við fræðslu um þessi efni má með verðstýringu hafa áhrif á neysluvenjur.

Markmið 6.

Enda þótt næringarástand þjóðarinnar sé talið gott þarf að tryggja að allir fái nægan mat og að í honum séu rétt hlutföll frá næringarfræðilegu sjónarmiði.

Leggja skal áherslu á framleiðslu og framboð hollrar innlendrar fæðu. Ýta þarf undir neyslu kornmetis, fisks, fitulítils kjöts, kartaflna, ávaxta og grænmetis.

Með fræðslu og verðstýringu skal stuðla að neyslu mjólkurvara með lágu fituinnihaldi. Á sama hátt skal stuðla að minni neyslu sætinda og matar sem inniheldur mikið af sykri og salti.

Auðvelda þarf fæðuval með áberandi og vel skiljanlegum upplýsingum um vörur.

Efla þarf eftirlit með aukefnum í matvælum.

Á grundvelli upplýsinga manneldisráðs hafa verið sett fram matvælaframleiðslu- og manneldismarkmið. Setja skal fram ný slík markmið fyrir árið 1995 og þau síðan endurnýjuð á fimm ára fresti. Markmið þessi skulu hafa að geyma ábendingar um verðlagningu, framleiðslu og aðrar þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til þess að þjóðin snúi sér að heilbrigðara mataræði en nú tíðkast.

4.2 Skaðsemi tóbaksnotkunar.

Á Íslandi er áætlað að 200 til 300 manns deyi á hverju ári af tóbaksreykingum, beinum og óbeinum. Þess vegna er talið eðlilegt að stuðla markvisst að útrýmingu tóbaksneyslu. Með verðstýringu má hafa áhrif á neyslu tóbaks en óeðlilegt er að hækkun tóbaksverðs hafi áhrif á framfærsluvísitölu.

Markmið 7.

Markmiðið er að draga úr og helst útrýma neyslu tóbaks með því að halda fólki frá reykingum og fá þá sem reykja til að hætta. Til þess að ná þessu markmiði verður að auka bæði upplýsingar og áróður og taka til sérstakrar íhugunar tengsl milli reykinga og annarra lífshátta. Minnka verður verulega og helst útiloka að fólk, sem ekki reykir, þurfi að líða tóbaksreyk. Verð á tóbaksvörum skal hækka árlega umfram almennar verðhækkanir. Útiloka þarf áhrif innflytjenda á útsöluverð tóbaksvara.

4.3 Skaðleg áhrif áfengis.

Enda þótt heildarnotkun áfengis á Íslandi sé minni en í flestum löndum er það staðreynd að óæskileg heilsufarsleg áhrif áfengisneyslu eru mikil á Íslandi.

Þess vegna verður að vinna að því að minnka heildaráfengisneyslu og útrýma ofneyslu. Liður í því er verðlagning áfengis. Koma þarf í veg fyrir að hækkanir á verði áfengis hafi áhrif á framfærsluvísitölu.

Markmið 8.

Almenna neyslu áfengis þarf að minnka og útrýma ofneyslu. Leggja skal sérstaka áherslu á upplýsingastarfsemi og hefja markvisst áróðursstríð gegn slæmum drykkjusiðum með auglýsingum, stuttum sjónvarpsþáttum, slagorðum o.fl.

til heilbrigðisráðherra um mengunarvarnir í álverinu við Straumsvík.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

Hvernig er nú háttað framkvæmd og eftirliti mengunarvarna í álverinu við Straumsvík samkvæmt samkomulagi milli iðnaðarráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis sem greint var frá í fréttatilkynningu 20. júlí 1989?

Sþ. 152. Fyrirspurn [148. mál]

til félagsmálaráðherra um fjárveitingar til sólarhringsheimila þroskaheftra.

Frá Hreggviði Jónssyni.

Hverjar hafa fjárveitingar til Skálatúnsheimilisins, Sólborgar og Sólheima verið frá því að þær stofnanir voru settar á föst fjárlög?

Aðgreindar verði upphæðir til rekstrar og launa ásamt stöðugildum og fjölda vistmanna.

Hvert ár verði sýnt sérstaklega.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 153. Fyrirspurn [149. mál]

til heilbrigðisráðherra um fyrirhugaðar glasafrjóvganir á Landspítalanum.

Frá Sigríði Lillý Baldursdóttur.

1. Hvenær er áætlað að fyrstu glasafrjóvganirnar verði framkvæmdar hér á landi og hve langt á veg er undirbúningurinn vegna þeirra kominn?
2. Hvaða fagaðilar verða ráðnir til starfa við Landspítalann vegna glasafrjóvgana?
3. Má búast við að Tryggingastofnun ríkisins hætti greiðslum til þeirra kvenna sem kjósa að fara utan í glasafrjóvgun í stað þess að þiggja hana hér, og ef svo verður, þá hvenær?
4. Verður tilkoma glasafrjóvgana hér á landi til þess að konur þurfi að bera einhvern hluta af kostnaði við meðferðina?

Sþ. 154. Svar [73. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Birgis Ísl. Gunnarssonar um styrki til blaðaútgáfu.

Eftirtaldir aðilar hafa fengið úthlutað styrkjum til blaðaútgáfu á þessu ári samkvæmt fjárlagalið 09–999–118:

Alþýðubandalag	7.142.875
Alþýðuflokkur	8.095.239
Borgaraflokkur	6.666.667
Framsóknarflokkur	9.523.809
Samtök um kvennalista	6.190.476
Sjálfstæðisflokkur	11.904.762
Stefán Valgeirsson	476.190
Samtals	50.000.000

60% af fjárhæð er skipt samkvæmt fjölda þingmanna, eða 476.190 kr. á hvern þingmann, en 40% er skipt jafnt milli sex þingflokka.

Sþ. 155. Fyrirspurn [150. mál]

til fjármálaráðherra um starfskjör og réttindi starfsmanna eftir tilflutning milli ríkis og sveitarfélaga.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Hvernig verða starfskjör og réttindi þeirra tryggð sem flytjast milli ríkis og sveitarfélaga eftir að lög nr. 87/1989, um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, taka gildi?

Sþ. 156. Fyrirspurn [151. mál]

til menntamálaráðherra um Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands.

Frá Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni.

Hvaða hlutverki er nýstofnaðri Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands ætlað að þjóna?

Sþ. 157. Tillaga til þingsályktunar [152. mál]

um tæknifrjóvganir.

Flm.: Sigríður Lillý Baldursdóttir, Lára V. Júlíusdóttir,
Birgir Ísl. Gunnarsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Guðni Ágústsson,
Ingi Björn Albertsson, Guðrún Helgadóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að áður en glasafrjóvganir verða hafnar hér á landi verði lagt fyrir Alþingi lagafrumvarp um réttarstöðu og tryggingamál þeirra sem hlut eiga að máli, þegar tæknifrjóvgunum er beitt.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur íslenskum konum, sem fara í tæknifrjóvganir, farið fjölgandi með hverju ári. Konurnar fá þessa meðferð ýmist hér á landi eða erlendis.

Tækninni hefur fleygt hratt fram bæði hvað varðar nýjungar og þróun aðferða við tæknifrjóvgun. Fyrst var einungis um að ræða frjóvgun í legi (tæknisæðingu) en nú um nokkurt skeið hafa frjóvganir einnig verið framkvæmdar utan legs (glasafrjóvganir).

Tæknisæðingar eru yfirleitt gerðar með aðfengnu sæði ókunns manns og eggi þeirrar konu sem gengur með barnið. Þegar frjóvgun fer fram í legi verður afkvæmið þannig ætíð erfðafræðilegt afkvæmi móður, þ.e. þeirrar sem gengur með barnið, en þannig þarf það ekki að verða ef eggið er frjóvgað utan legs. Þá eru í flestum tilfellum, þegar framkvæmdar eru glasafrjóvganir, frjóvguð fleiri egg en notuð eru hverju sinni. Við það verða til aukafósturvísar sem hægt er að geyma í frysti til notkunar síðar.

Á 108. löggjafarþingi var samþykkt þingsályktunartillaga um réttaráhrif tæknifrjóvgunar. Þar var kveðið á um skipun nefndar til að kanna réttaráhrif tæknifrjóvgunar og gera tillögu um hvernig réttarstaða aðila yrði ákveðin. Nefndinni var ætlað að ljúka störfum fyrir upphaf 109. löggjafarþings. Nú, þremur árum síðar, hefur nefndin enn ekki skilað af sér en innan hennar hefur farið fram mikið starf sem ætti að nýtast við lagasetningu þá sem hér er ályktað um.

Tæknisæðingar hafa verið gerðar hér á landi síðan 1979 og hafa þær verið greiddar af sjúkrasamlagi á sama hátt og aðrar læknisaðgerðir. Nú eru uppi ráðagerðir um að hefja glasafrjóvganir á Landspítalanum. Í því sambandi hefur verið gert ráð fyrir 3,75 nýjum stöðugildum við Landspítalann á fjárlagafrumvarpi næsta árs. Fram til þessa hafa íslenskar konur farið utan í glasafrjóvganir. Um það hefur verið gerður samningur milli Tryggingastofnunar ríkisins og Bourn Hall Clinic í Englandi sem staðfestur hefur verið af ríkisstjórninni. Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins hefur greitt kostnað við þessa meðferð samkvæmt reglugerð sem sett var af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu 15. maí 1987 (fskj. I) og vinnureglum Tryggingastofnunar, samþykktum í tryggingaráði 29. janúar 1988 (fskj. II).

Þeim börnum í landinu fer æ fjölgandi sem hafa orðið til við tæknifrjóvgun og þau ásamt foreldrum þeirra eiga fullan rétt á að lagaleg staða þeirra sé skýr. Þá þarf að setja reglur um það hverjir eigi rétt á tæknifrjóvgunum hér og hvaða skilyrði konur þurfi að uppfylla til að fá greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins vegna meðferðarinnar. Eins og áður var getið fylgja glasafrjóvgunum umfram-fósturvísar. Í lögum þarf að kveða skýrt á um umráð yfir þeim og takmörk á tilraunum með fósturvísa.

Nokkuð mismunandi reglur eru um þessi mál í nálægum löndum. Í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi hafa verið sett lög um tæknifrjóvgun, en í Danmörku hefur ekki verið talin þörf á löggjöf um efnið. Í Danmörku er starfandi siðaráð sem tryggja á að þinginu, opinberum aðilum og almenningi séu ávallt veittar upplýsingar varðandi siðfræðileg vandamál eða ágreiningsefni sem upp kunna að koma vegna þróunar í læknisfræði og heilbrigðismálum. Þar eru þó bannaðar með lögum ákveðnar tilraunir í tengslum við tæknifrjóvgun. Í Noregi tóku gildi lög árið 1987 um framkvæmd tæknifrjóvgunar. Sú löggjöf kom af stað miklum deilum þar í landi, ekki síst það ákvæði að einungis giftar konur skuli eiga rétt á tæknifrjóvgun. Í Noregi er bannað að gera rannsóknir á frjóvguðum eggjum og ekki má geyma þau lengur en í eitt ár.

Tæknisæðing hér á landi hefur hingað til verið bundin við hjón eða sambúð sem jafna má við hjúskap. Sama gildir um glasafrjóvgunarmeðferðina því að Tryggingastofnunin greiðir ekki kostnað við glasafrjóvganir einhleypra kvenna eða sambýliskvenna. Rétt er að benda á að samkvæmt íslenskum lögum er konum ekki skylt að feðra börn sín. Því kann takmörkun sem þessi að orka tvímælis.

Í Bretlandi fæddist fyrsta barnið eftir glasafrjóvgun árið 1978 og þar eru nú starfandi fjölmargar stofnanir þar sem tæknifrjóvganir eru framkvæmdar. Í Bretlandi var skipuð nefnd árið 1982 til þess að vinna að stefnumótandi áliti um æxlunartæknina frá félagslegum, siðfræðilegum og lagalegum sjónarhól. Nefndin skilaði skýrslu 1984 og í kjölfar hennar hafa verið sett ýmis lög um þessi mál. Samkvæmt tillögum nefndarinnar voru heimilaðar rannsóknir á fósturvísum fyrstu fjórtán dagana eftir frjóvgun, en sú samþykkt hefur verið mjög umdeild. Frysting frjóvgaðra eggja er heimil og koma má áður frosnum fósturvísi fyrir í líkama konu. Gefa má bæði frjóvguð og ófrjóvguð egg, hvort sem er vegna ófrjósemi eða vegna arfgengra sjúkdóma hinna væntanlegu foreldra. Í Bretlandi má geyma frosinn fósturvísi í allt að tíu ár og hafa íslenskar konur, sem fara þar í glasafrjóvgun, skrifað undir samning um að viðkomandi stofnun eigi frosna fósturvísa þeirra að tveimur árum liðnum hyggist þær ekki nota þá, annars verði þeim fargað.

Tæknifrjóvgun hefur orðið til þess að mörgum auðnast nú sú mikla hamingja að eignast afkvæmi sem ekki hefðu orðið hennar aðnjótandi ella. Með lagasetningu þurfum við að tryggja það að hamingja þeirra verði ekki síðri en þeirra sem eignast börn sín með náttúrlegum hætti.

Tæknifrjóvganir varða upphaf lífs og hljóta því að snerta siðferðiskennd okkar allra, enda hafa allt frá upphafi verið miklar umræður um þær bæði hérlendis og erlendis.

Öll tækni og vísindi fela í sér möguleikann á misnotkun en það hlýtur að vera samfélagsins að hafa eftirlit með vísindunum og setja þeim reglur. Enn einu sinni stillir tæknin okkur upp við vegg og krefst þess að við setjum siðferðismörkin og undan því megum við ekki víkjast.

Fylgiskjal I.

Reglugerð nr. 218/1987
um greiðslu læknishjálpar við glasafrjóvgun erlendis.

1. gr.

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins er heimilt að greiða samkvæmt samningi kostnað vegna glasafrjóvgunar íslenskra kvenna erlendis með sama hætti og segir í 4. mgr. 42. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.

2. gr.

Glasafrjóvgun samkvæmt reglugerð þessari varðar þau tilvik, þar sem egg konu er unnt að tæknifrjóvga með sæði manns hennar, en læknisfræðilegar ástæður hamla frjóvgun með venjulegum hætti.

3. gr.

Heimilt er sjúkratryggingadeild að greiða eftir þessum reglum kostnað sem til hefur verið stofnað eftir 1. júní 1986 vegna slíkrar læknisþjónustu erlendis.

4. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal gera samning við erlenda stofnun sem að mati siglinganefndar skv. 42. gr. er fær um að veita þessa læknisþjónustu þar til fullnægjandi aðstaða verður sköpuð til þess hér á landi.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 42. og 43. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. maí 1987.

Ragnhildur Helgadóttir.

Jón Ingimarsson.

Fylgiskjal II.

Tryggingastofnun ríkisins:

REGLUR UM VAL Á FÓLKI TIL GLASAFRJÓVGUNAR (IVF) OG/EÐA GIFT-MEÐFERÐAR ERLENDIS

1. Parið skal hafa verið samvistum, gift eða í sambúð í a.m.k. tvö ár.
2. Barnlaus hjón ganga að öðru jöfnu fyrir.
3. Parið skal gangast undir læknisskoðun þar sem sýnt verði fram á að mjög litlar líkur séu á að það geti eignast barn með öðrum hætti og einnig að sæmilegar líkur séu á að aðgerðin beri árangur. Hafa skal hliðsjón að þessu leyti af helstu ábendingum (indicationes):
   a. seq. salpingitis,
   b. endometriosis,
   c. oligospermia,
   d. ófrjósemi þar sem orsök hefur ekki fundist þrátt fyrir hefðbundnar rannsóknir.
4. Konan má ekki vera eldri en þrjátíu og átta ára nema sérstakar ástæður beri til.
5. Parið skal gangast undir þær rannsóknir sem Bourn Hall Clinic krefst, þar með talið eyðnipróf, Australian antigen, rubellapróf o.s.frv.
6. „Siglinganefnd" úrskurðar á grundvelli vottorðs frá sérfræðingi um greiðsluskyldu sjúkratryggingadeildar fyrir par sem gengst undir IVF-meðferð eða GIFT-meðferð. Nefndin getur leitað faglegs álits annarra sérfræðinga.
7. Aðgerðin fer fram á Bourn Hall Clinic í Englandi. Ef fólk vill leita til annarra stofnana til slíkrar meðferðar getur það að henni lokinni fengið endurgreitt frá Tryggingastofnun ríkisins, þó aldrei hærri fjárhæð en nemur kostnaði samkvæmt samningi við Bourn Hall Clinic. Það er þó skilyrði að fram verði lögð fullnægjandi læknisfræðileg gögn, sbr. lið 6.
8. Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins greiðir meðferð á Bourn Hall Clinic eða á sambærilegri stofnun, sbr. lið 7, en á hinn bóginn greiðir parið sjálft ferðakostnað sinn og uppihaldskostnað utan sjúkrahúss að fullu. Parið greiðir og sjálft nauðsynlega aðstoð túlks.
9. Aðeins þrjár meðferðartilraunir verða greiddar fyrir hvert par.
10. Heimilt er konu að velja hvort hún gengst undir hormónaörvun hér á landi eða á meðferðarstofnun erlendis (Bourn Hall Clinic).

Ed. 158. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum, nr. 29/1986.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum og fengið til viðtals Gunnlaug Briem, yfirsakadómarann í Reykjavík, Ásgeir Friðjónsson, sakadómara við dómstól í ávana- og fíkniefnamálum, Unni Gunnarsdóttur, framkvæmdastjóra Lögmannafélags Íslands, Hrafn Bragason, formann réttarfarsnefndar, Þorstein Geirsson, ráðuneytisstjóra í dómsmálaráðuneytinu, Þorleif Pálsson, skrifstofustjóra í dómsmálaráðuneytinu, og Þorstein A. Jónsson, deildarstjóra í dómsmálaráðuneytinu.

Eftir að hafa rætt frumvarpið og skipst á skoðunum við fyrrtalda aðila eru nefndarmenn sammála að mæla með samþykkt frumvarpsins með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 13. nóv. 1989.

Jón Helgason, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Salome Þorkelsdóttir.	Ey. Kon. Jónsson.	Jóhann Einvarðsson.
	Danfríður Skarphéðinsdóttir.	

Ed. 159. Breytingartillögur [125. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum, nr. 29/1986.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr.

a. Á eftir orðunum „getur dómarinn“ í fyrri málslið efnismálsgreinarinnar komi: að fengnu samþykki dómsmálaráðuneytisins.
b. Orðin „eða fullnægja skilyrðum 2. mgr.“ í síðari málslið efnismálsgreinarinnar falli brott.

Sþ. 160. Tillaga til þingsályktunar [153. mál]

um könnun á fjölþættum möguleikum Bláa lónsins við Svartsengi.

Flm.: Níels Árni Lund.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera könnun á möguleikum á uppbyggingu við Bláa lónið við Svartsengi með það að markmiði að nýta þá möguleika sem staðurinn hefur upp á að bjóða. Einkum skal beint sjónum að hvernig megi nýta lækningamátt lónsins fyrir Íslendinga og útlendinga, svo og að fyrirhuguð starfsemi tengist ferðamannaþjónustu almennt.

Við þetta starf verði haft náið samstarf við Hitaveitu Suðurnesja, Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, Ferðamálasamtök Suðurnesja, landlæknisembættið, Samtök psoriasis- og exemsjúklinga og aðra þá sem málinu kunna að tengjast.

Greinargerð.

Bláa lónið svokallaða varð til er gufuaflsstöð Hitaveitu Suðurnesja við Svartsengi hóf starfsemi sína þar. Nafn sitt dregur það af hinum sérkennilega bláa lit sem kísilleirinn í botni þess gefur.

Vatnið í Bláa lóninu er í raun jarðsjór úr 200–2000 m djúpum borholum. Hann kemur upp á yfirborðið sem 240 gráðu heit gufa sem notuð er til að hita ferskvatn fyrir Hitaveitu Suðurnesja. Þegar því lýkur þéttist gufan og frá orkuverinu kemur hún út sem 80–100 gráðu heitt affallsvatn og er leitt út í hraunið við stöðina.

Við kólnunina fellur m.a. út kísilleir sem þéttir botn hraunsins og hefur við þetta myndast heitt uppistöðulón úr jarðsjó sem almennt er kallað Bláa lónið.

Um 1980 bárust fréttir af því að einstaklingur með sjúkdóminn psoriasis teldi sig hafa fengið mikla bót á sjúkdómnum með því að njóta heitra baða í lóninu. Fljótlega fóru fleiri psoriasis-sjúklingar að reyna þetta og virtust böðin gefa góða raun. Þetta varð til þess að árið 1981 fluttu þingmenn Reykjaneskjördæmis svohljóðandi tillögu til þingsályktunar:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að láta nú þegar fara fram könnun á lækningamætti jarðsjávar við Svartsengi.

Leiði könnunin til jákvæðrar niðurstöðu verði þegar unnið að því að koma upp aðstöðu fyrir þá sjúklinga sem að læknisráði er talið rétt að noti jarðsjóinn til baða.

Við könnun þessa verði haft samráð við samtök lækna, samtök psoriasis- og exemsjúklinga, svo og samtök annarra sjúklinga sem not gætu haft af slíkum böðum."

Tillagan var samþykkt og það sama ár fól þáverandi heilbrigðisráðherra, Svavar Gestsson, landlækni að annast rannsókn á lækningamætti jarðsjávarins við Svartsengi. Þær rannsóknir hófust ekki fyrr en sumarið 1983 m.a. vegna aðstöðuleysis við lónið. Það ár var sett upp rannsóknaráætlun og var áformað að rannsóknin færi fram um haustið. Hins vegar tókst ekki að fá nægan fjölda þátttakenda í rannsóknina og dróst hún til ársins 1985. Það ár stóð hún yfir frá því í júlí og þar til í nóvember og tók 21 einstaklingur þátt í henni.

Niðurstöður þessarar rannsóknar liggja fyrir hjá landlæknisembættinu. Í stuttu máli sagt gefa þær vísbendingu um að böð í Bláa lóninu bæti líðan psoriasis-sjúklinga.

Í framhaldi af þessari rannsókn stóð landlæknisembættið fyrir annarri rannsókn í samvinnu við húðlækningadeild Landspítalans á árunum 1986–1987. Í þeirri rannsókn var annars vegar borinn saman árangur af daglegum böðum í Bláa lóninu í þrjár vikur og hins vegar hefðbundin meðferð á psoriasis á göngudeild húðlækningadeildar Landspítalans.

Sú niðurstaða, sem liggur fyrir, gefur ein og sér tilefni til enn frekari rannsókna og í framhaldi af því fjölþættri og meiri nýtingu Bláa lónsins en nú.

Psoriasis er einn algengasti húðsjúkdómurinn og er talið að um 1,5% manna hafi sjúkdóminn. Þannig þjást tugir milljóna manna víðs vegar um heim af psoriasis-sjúkdómi og erfitt reynist að ráða bót á honum. Enginn vafi er á að margir þessara sjúklinga væru tilbúnir til að koma langan veg og greiða fyrir það háar fjárhæðir, ef þeir hefðu von um betri líðan .

Þótt lítið sem ekkert hafi verið gert til að kynna Bláa lónið hafa frengir af því borist víða um heim og þegar hafa margar fyrirspurnir borist til ýmissa aðila, m.a. til landlæknisembættisins, um Bláa lónið og lækningamátt þess.

Ljóst er hins vegar að engin aðstaða er til að taka á móti þessum gestum frekar en öðrum í þeim mæli og með þeim hætti sem nauðsynlegt er ef auglýsa á staðinn og markaðssetja hann sem slíkan á erlendum vettvangi.

Nú þegar koma árlega á staðinn milli 50–60 þúsundir manna. Aðstaða fyrir þessa gesti er lítil og hana verður að bæta til muna annaðhvort í tengslum við þá sem fyrir eru eða byggja aðra nýja. Full ástæða er til að kanna fyrir alvöru hvort ekki sé hagkvæmt að reisa fullkomið

heilsuhótel á staðnum í svipaðri mynd og víða þekkist erlendis þar sem gestir njóta hvíldar og endurhæfingar undir eftirliti sérfræðinga.

Nú kann einhverjum að þykja það óþarft að ríkið standi fyrir slíkri athugun og eðlilegra sé að það verði gert af einstaklingum eða félögum. Því er til að svara að heilsugæsla á Íslandi er opinber og staður sem þessi yrði að vera viðurkenndur af heilbrigðisyfirvöldum. Þess vegna er réttast að þau séu með í ráðum frá upphafi. Þá er einnig sú hætta fyrir hendi að erfitt reyndist fyrir einstaklinga að fá heilbrigðisyfirvöld til að leggja fjármuni til rannsókna ef þau tengdust henni ekki sjálf.

Auk þess hníga öll rök í þá átt að staðurinn hefði almennt gildi til þess að laða ferðamenn að landinu og yki á fjölbreytni í ferðaþjónustunni.

Þá skal á það bent sérstaklega að aukin umsvif við Bláa lónið hefðu mikla þýðingu fyrir atvinnulíf á Suðurnesjum. Atvinnutækifærum mundi fjölga til muna og atvinnulífið yrði fjölbreyttara en nú er. Til viðbótar þessu er rétt að geta þess að Keflavíkurflugvöllur er í næsta nágrenni við svæðið. Um hann fara tugir þúsunda erlendra ferðamanna árlega. Flestir þeirra eru að koma til landsins til lengri eða skemmri dvalar en margir hafa þar aðeins skamma viðdvöl á leið sinni yfir hafið.

Fjöldi erlendra ferðamanna vex ár frá ári og æ fleiri Íslendingar hafa tekjur af þjónustu við þá. Hvað eftir annað hefur það komið fram að hér eru þeir að leita að ósnortinni og sérstæðri náttúru, ómenguðu umhverfi og hreinu og tæru lofti.

Í augum margra Íslendinga hafa Suðurnesin ekki upp á mikið að bjóða sem útlendingar hafa áhuga á og í flestum tilvikum kynnast þeir svæðinu ekki á annan máta en þann að lenda á Keflavíkurflugvelli og aka eftir Reykjanesbraut til Reykjavíkur og síðan sömu leið til baka að dvöl á Íslandi lokinni.

Þetta er þó hinn mesti misskilningur og þeir sem hafa reynt að fara með útlendinga umhverfis Reykjanesskaga og m.a. kynnt þeim Krísuvík, Krísuvíkurbjarg, Ögmundarhraun, umhverfi Reykjanesvita, Garðskaga, Keili og þéttbýlisstaðina á svæðinu, en síðast en ekki síst Bláa lónið við Svartsengi, hafa komist að því að allir þessir staðir vekja verðskuldaða athygli erlendra gesta, enda gjörólíkir öðru sem þeir þekkja eða hafa áður séð.

Vart mun á annað hallað þótt því sé haldið fram að Bláa lónið og umhverfi þess veki hvað mesta athygli, enda afar sérstætt náttúrufyrirbrigði. Úfið hraun, mikil og sérkennileg upplýst mannvirki, gufustrókar sem þeytast hátt í loft með miklum hvin og hið sérkennilega bláa lón með heitum jarðsjó er nokkuð sem útlendingar hafa ekki áður séð. Ekki spillir þegar getið er um lækningamátt lónsins.

Það er hugmynd flutningsmanns að á svæðinu rísi fjölbreytt þjónusta bæði hvað varðar dvalargesti sem væru þar nokkurn tíma, svo og einnig fyrir hinn almenna ferðamann sem vildi þar eiga eftirminnilega dagstund. Það gæti t.d. átt við útlendinga sem hefðu skamma viðdvöl á landinu en vildu kynnast sérstæðri náttúru þess.

Út frá staðnum væri hægt að ákvarða skemmtilegar gönguleiðir og lítill vafi væri á að hestaleiga yrði vinsæl ef hún yrði rekin á staðnum og þannig mætti lengi telja.

Þá er líklegt að flugfélög mundu notfæra sér staðinn og skipulegðu ferðir til og frá honum í tengslum við ferðir sínar til Íslands.

Nauðsynlegt er að sú athugun, sem hér er lagt til að verði framkvæmd, sé gerð í fullu samráði og í samvinnu við Hitaveitu Suðurnesja, Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum, Ferðamálasamtök Suðurnesja, landlæknisembættið, Ferðamálaráð, Samtök psoriasis- og exemsjúklinga og aðra þá sem málinu tengjast.

Ed. 161. Frumvarp til laga [125. mál]

um breyting á lögum um sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum, nr. 29/1986.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. nóv.)

1. gr.

Við 2. gr. bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Ef vafi þykir vera um mikilsverð sönnunar- eða lagaatriði getur dómarinn að fengnu samþykki dómsmálaráðuneytisins kvatt til setu í dómi með sér tvo dómendur. Sá sem kvaddur er til setu í dómi skal vera embættisdómari.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka eftir því sem við getur átt til mála sem ákært hefur verið í og þingfest hafa verið fyrir gildistöku þeirra.

Sþ. 162. Svar [78. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Unnars Þórs Böðvarssonar um ráðningu kennara (farkennara) í list- og verkmenntagreinum, heimilisfræðum og íþróttum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu oft hafa fræðslustjórar eða menntamálaráðherra heimilað fámennum grunnskólum að ráða sameiginlega kennara í fasta stöðu (farkennara) til að annast kennslu í:*
   a. *list- og verkmenntagreinum,*
   b. *heimilisfræðum,*
   c. *íþróttum?*
2. *Í hvaða fræðsluumdæmum hafa slíkir kennarar verið ráðnir?*
3. *Í hve mörg ár hefur ráðning slíkra kennara verið notuð til að leysa kennaravanda fámennra skóla í fyrrnefndum námsgreinum?*

Það er fátítt að kennaraskortur í mynd- og handmennt, tónmennt, íþróttum og heimilisfræðum í fámennum skólum sé leystur með því að ráða sameiginlega kennara í fasta stöðu til að annast kennslu í þessum greinum. Þá sjaldan að farið hefur verið fram á slíkt hefur það verið heimilað af ráðuneytinu og fræðslustjórum. Helstu annmarkar á því að leysa kennaravanda fámennra skóla með eins konar farkennslu í umræddum námsgreinum eru þeir að sérhæfðir kennarar gefa ekki kost á sér í slík störf. Enn fremur krefst kennslan gjarnan sérstakrar aðstöðu og samgöngur, færð og vegalengdir milli fámennra skóla kunna að valda erfiðleikum.

Nánari upplýsingar úr fræðsluumdæmunum fara hér á eftir:

Austurland.

Hugmyndir að „farkennara-skipulagi“ til kennslu í list- og verkgreinum í fámennum skólum hefur áður komið fram og eru áhugaverðar. Fræðslustjóri Austurlands hefur reynt að koma svipaðri skipan á en það hefur ekki gengið vegna þess að engir list- og verkgreinakennarar hafa gefið kost á sér í slíkt starfsfyrirkomulag.

Eitt dæmi er um „farkennara-skipulag“ á Austurlandi. Skólaárið 1983–1984 fór kennari í íþróttum milli skóla og hjálpaði kennurum við íþróttakennslu. Hann var nokkurs konar kennsluráðgjafi. Menntamálaráðuneytið greiddi fyrir akstur og kennarinn fékk einnig dagpeninga frá ríkinu.

Fræðslustjórinn telur að ekki standi á menntamálaráðuneytinu eða á fræðslustjórum að ráða list- og verkgreinakennara til kennslu með „farkennara-skipulaginu“. Gallinn er bara sá að það fást engir list- og verkgreinakennarar til kennslu í fámennustu skólunum. Það er afar sjaldgæft að sami list- og verkgreinakennari kenni við tvo skóla og ef það er þá er aðeins um stundakennslu að ræða í öðrum skólanum.

Suðurland.

Á Suðurlandi er „farkennara-skipulagið“ nær óþekkt. Þó má finna eina undantekningu. Í nokkur ár var hálf staða tónmenntarkennara skipulögð þannig að kennarinn kenndi við þrjá skóla.

Menntamálaráðuneytið samþykkti þetta ráðningafyrirkomulag (við Skeiða-, Flúða- og Ásaskóla). Kennarinn, sem tók þetta að sér, kennir nú við tónlistarskóla Selfoss og enginn tónmenntarkennari annar hefur fengist til að vinna með þessu fyrirkomulagi.

Kennarar í heimilisfræðum hafa kennt grunnskólanemendum á námskeiðum sem haldin hafa verið við ýmsa fámenna skóla. Þessi kennsla hefur þá verið greidd sem stundakennsla. Smíðakennarar hafa líka kennt stundakennslu við fleiri en einn skóla.

Reykjanes.

Umrætt kennslufyrirkomulag í list- og verkgreinum er óþekkt í Reykjanesumdæmi. Talkennsla hefur aftur á móti tíðkast með þessu fyrirkomulagi. Kennarinn ferðast þá á milli allra skóla í umdæminu. Annar þessara kennara hefur haft þetta starf í átta ár, hinn byrjaði nú í haust.

Norðurland eystra.

Á Norðurlandi eystra er „farkennslu-fyrirkomulagið“ óþekkt í sambandi við list- og verkgreinar.

Dæmi eru um að kennarar kenni list- og verkgreinar við fleiri en einn skóla en þá sem stundakennarar. Ekkert er því til fyrirstöðu að taka upp þetta fyrirkomulag ef kennarar fást.

Vestfirðir.

Á fræðsluskrifstofu Vestfjarða fengust þau svör að það væri nánast óframkvæmanlegt að samnýta kennslukrafta milli skóla vegna ótryggra samgangna á vetrum. Farkennsla hafi tíðkast á árum áður en langt um liðið síðan hún lagðist af.

Vesturland.

Fræðslustjóri á Vesturlandi man ekki eftir nema einu dæmi. Árið 1988 var tónlistarkennari ráðinn við grunnskólann í Borgarnesi og annaðist hann jafnframt tónlistarkennslu í grunnskólunum að Varmalandi og í Andakílsskóla. Eflaust má með réttu kalla þetta „farkennslu“.

Reykjavík.

Fræðslustjórinn í Reykjavík telur að „farkennsla“ hafi ekki tíðkast þar í list- og verkgreinum. Aftur á móti hafa nemendur stundum sótt kennslu í aðra skóla, t.d. í heimilisfræðum og íþróttum.

Sþ. 163. Fyrirspurn [154. mál]

til fjármálaráðherra um samræmt lífeyriskerfi.

Frá Sveini G. Hálfdánarsyni.

Hvað líður framlagningu frumvarps um samræmt lífeyriskerfi allra landsmanna, sbr. málefnasamning ríkisstjórnarinnar?

Sþ. 164. Fyrirspurn [155. mál]

til fjármálaráðherra um eignaskrá ríkisins.

Frá Sveini G. Hálfdánarsyni.

Hvernig miðar vinnu við eignaskrá ríkisins?

Sþ. 165. Fyrirspurn [156. mál]

til fjármálaráðherra um Gjaldheimtuna í Reykjavík.

Frá Sveini G. Hálfdánarsyni.

1. Er það rétt að Reykjavíkurborg hafi ekki greitt sinn hluta rekstrarkostnaðar Gjaldheimtunnar í Reykjavík fyrir árið 1988 fyrr en nú á yfirstandadi ári?
2. Ef svo er, hvers vegna fór slíkt uppgjör ekki fram mánaðarlega? Og hvernig var hagað vaxtareikningi við uppgjörið?
3. Hefur ráðuneytið beitt sér fyrir því að gerður verði nýr samningur milli ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar um rekstur Gjaldheimtunnar í Reykjavík?

Sþ. 166. Tillaga til þingsályktunar [157. mál]

um að leggja niður opinber mötuneyti.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að hlutast til um að leggja niður mötuneyti starfsmanna hjá ríkinu eða fyrirtækjum þess og stofnunum þar sem alhliða veitingahús eru á næstu grösum og koma starfsfólki að sömu notum eða sambærilegum. Í stað opinberra mötuneyta fái þeir starfsmenn, sem hér um ræðir, ávísanir á mat á veitingahúsum eftir nánara samkomulagi. Einnig að leggja niður opinbera sali undir veislur og stærri fundi eða samkomur, með og án veitinga.

Greinargerð.

Skórinn kreppir að íslensku þjóðfélagi í dag og þungt er fyrir fæti hjá veitingamönnum. Rekstur dregst saman og starfsfólki er sagt upp störfum. Hvert fyrirtækið á fætur öðru lendir í greiðsluþrotum og mörg eru tekin til gjaldþrotaskipta. Skattar virðast vera einu tekjulindir sem stjórnmálamenn þekkja í dag og ekki er leitað að nýjum tekjum á skipulegan hátt. Þess vegna hlýtur fólkið að krefjast þess að fá svigrúm til að vinna fyrir þessum sköttum til að geta staðið í skilum og goldið keisaranum sitt.

Fólkið hlýtur líka að krefjast þess að ríkið keppi ekki á opnum markaði við fyrirtækin sem það leggur á háa skatta. Fyrirtækin keppi hvert við annað en ekki við ríkið sem lýtur öðru lögmáli en þegnarnir. Margar stofnanir og fyrirtæki ríkisins halda úti margvíslegri starfsemi sem getur verið mun betur komin í höndum einstaklinga og fyrirtækja þeirra og félaga. Þar á meðal eru mötuneyti fyrir starfsfólk.

Sum opinber mötuneyti eru það nálægt alhliða veitingahúsum að hægur vandi er að skipta við þau hús og leggja mötuneytin niður. Þannig mundu losna fjölmargir góðir salir víðs vegar um landið og stundum eru matsalir líka verðmesta plássið í húsinu. Þetta nýja húsnæði drægi úr þenslu margra stofnana næstu árin. Starfsfólki ríkisins fækkaði en aukin viðskipti á veitingahúsum landsins kölluðu á fleira starfsfólk þar að sama skapi. Veitingareksturinn styrktist og gjaldþrotum fækkaði. Fleiri þegnar næðu að standa í skilum.

Það er auðveld leið að afhenda starfsfólki ríkisins ávísanir á máltíðir sem gilda á öllum veitingahúsum sem vilja vinna með ríkinu á þennan hátt. Úr mörgum réttum væri að velja fyrir fólkið á veitingahúsinu í staðinn fyrir einn í mötuneytinu. Starfsfólkið gæti líka hvort sem er notað ávísanir sínar daglega í hvert mál eða safnað þeim saman, komið með bita að heiman en gert sér og sínum dagamun um helgar fyrir ávísanirnar.

Sömu sögu er að segja um veislusali ríkisins undir móttökur og fundi. Fjöldi veitingahúsa um allt land býður upp á sams konar þjónustu á opnum markaði og borgar gjöld af rekstri sínum. Þess vegna er sjálfsagt að ríkið leggi niður sína veislusali en versli við veitingahúsin.

Þá verður að tryggja að þessi framkvæmd valdi eins lítilli röskun á högum þeirra starfsmanna sem vinna í eða við ríkismötuneytin. Þeim verði tryggð störf við hæfi á almennum vinnumarkaði ef þeir óska þess að höfðu samráði við þau veitingahús sem hér um ræðir og samtök þeirra. Jafnframt gangi þeir fyrir með sambærileg störf sem losna hjá ríkinu næstu þrjú árin ef þeir óska þess.

Tryggt verði einnig að ríkissjóður geti selt og fái markaðsverð fyrir allar eignir, hverju nafni sem nefnast, sem losnar um við þessa framkvæmd.

Niðurstaðan er einföld: Starfsfólkið fær góðan og fjölbreyttan mat, fundarmenn og aðrir opinberir gestir fá gott húsaskjól, hagur veitingahúsanna batnar og umfang ríkisins minnkar og útgjöld þegnanna minnka.

Sþ. 167. Skýrsla [158. mál]

utanríkisráðherra um könnunarviðræður EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið.

(Lögð fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

I Inngangur

Frá því í apríl s.l. hafa farið fram umfangsmiklar könnunarviðræður milli fulltrúa ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins um mögulegar samningaviðræður milli EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins er leiði til fyllsta mögulega samkomulags um óhindruð vöruviðskipti, flutning fjármagns, þjónustuviðskipti og atvinnu- og búseturétt með það að markmiði að koma á einu samræmdu evrópsku efnahagssvæði. Jafnframt yrði þá samið um ýmis jaðarmál, sem þessu tengjast, m.a. menntamál, rannsóknir og þróun, umhverfismál o.s.frv.

Þessum könnunarviðræðum er nú lokið og verða niðurstöður þeirra metnar á sameiginlegum ráðherrafundi EFTA og EB í Brussel 19. desember n.k. Þar verður tekin ákvörðun um það, hvort nægur grundvöllur sé til að hefja samningaviðræður á næsta ári.

Yfirlit yfir aðdraganda þessa máls og störf stjórnarnefndar könnunarviðræðnanna og vinnuhópa hennar fylgja hér á eftir. Ennfremur birtast með þessari skýrslu ýmis fylgiskjöl, sem skýra nánar einstaka þætti.

II Aðdragandi könnunarviðræðna EFTA og EB

Í skýrslu til Alþingis um utanríkismál, sem lögð var fram og rædd í apríl s.l. var fjallað um þróun samskipta Íslands, Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Evrópubandalagsins (EB) á s.l. ári. Sérstök nefnd, sem Alþingi kaus hinn 18. maí 1988 til að fjalla um stefnu Íslendinga gagnvart Evrópubandalaginu, hefur gefið út fimm rit um skipan mála hjá EFTA og EB og sett fram ýmsar hugmyndir um æskilega eða líklega þróun á Íslandi.

Vísað er til framangreindra rita varðandi efnahagssamstarf í Vestur-Evrópu eftir lok síðari heimsstyrjaldarinnar og því verður aðeins stiklað á stóru í þessari skýrslu um þróun mála fram að ársbyrjun 1989.

EB og EFTA

Evrópubandalagið er samheiti á þremur bandalögum, þ.e. Kola- og stálbandalagi Evrópu (stofnað 1951), Efnahagsbandalagi Evrópu (1958) og Kjarnorkubandalagi Evrópu (1958). Efnahagsbandalagið er lang víðtækast og veigamest þessara þriggja bandalaga, sem nú hafa sameiginlegan rekstur og stjórnarstofnanir. Stofnsamningur þess, Rómarsáttmálinn, ásamt síðari breytingum, þar á meðal í Einingarlögum Evrópu, sem tóku gildi 1987, er megingrundvöllur Evrópubandalagsins.

Stofnaðilar þessara bandalaga voru 6, þ.e. Belgía, Frakkland, Holland, Ítalía, Lúxemborg og Sambandslýðveldið Þýskaland. Árið 1973 urðu Bretland, Danmörk og Írland aðilar að EB, en tvö hin fyrrnefndu höfðu áður verið aðilar að EFTA. Árið 1981 varð Grikkland aðili að bandalaginu og árið 1986 Spánn og Portúgal, en það síðastnefnda hafði áður verið í EFTA. Voru aðildarríki Evrópubandalagsins þá orðin tólf með 320 milljónir íbúa. Tilgangur Evrópubandalagsins er mjög náin samvinna eða samruni á fjölmörgum sviðum. Má þar nefna tollabandalag og þar með sameiginlega viðskiptastefnu út á við, sameiginlega landbúnaðarstefnu, sameiginlega fiskimálastefnu o.s.frv. Innan bandalagsins er stefnt að óhindruðum vöruviðskiptum, fjármagnsflutningum og þjónustuviðskiptum og óhindruðum atvinnurétti og búseturétti þegna bandalagsríkjanna. Þessu marki á að verða náð að fullu fyrir árslok 1992. Einnig vinnur bandalagið að náinni samvinnu á sviði fjármála og peningamála, félagsmála og utanríkismála, svo að dæmi séu nefnd.

EFTA, eða Fríverslunarsamtök Evrópu, var stofnað árið 1960 í þeim tilgangi að tryggja að þróun EB stefndi ekki í tvísýnu því sem áunnist hafði í auknu viðskiptafrelsi í Vestur-Evrópu í heild eftir síðari heimsstyrjöld. Samtökunum var ekki ætluð löng sjálfstæð tilvera og var fremur litið á stofnun þeirra sem áfanga aðildarríkja að nánara samstarfi við Evrópubandalagið.

Stofnaðilar EFTA voru sjö ríki, þ.e. Austurríki, Bretland, Danmörk, Noregur, Portúgal, Sviss og Svíþjóð. Finnland gerðist aukaaðili 1961, en fullgildur aðili 1986 og Ísland varð aðili að EFTA 1970. Bretland og Danmörk sömdu um aðild að EB og gengu úr EFTA árið 1973. Noregur hafði þá einnig samið um aðild að EB, en sú aðild var felld við þjóðaratkvæðagreiðslu og urðu þeir áfram í EFTA. Portúgal gekk úr EFTA í EB árið 1986. Voru þá sex ríki eftir í EFTA, þ.e. Austurríki, Finnland, Ísland, Noregur, Sviss og Svíþjóð. Íbúafjöldi þessara ríkja er samtals 32 milljónir, eða einn tíundi hluti af íbúafjölda í ríkjum Evrópubandalagsins.

EFTA var stofnað sem fríverslunarsvæði en ekki tollabandalag, þar sem aðildarríkin felldu niður verndartolla hvert gagnvart öðru, aðallega af iðnaðarvörum, en héldu hvert sinni tollskrá að öðru leyti gagnvart öðrum ríkjum. Fríverslun með fisk tekur gildi 1. júlí 1990 milli ríkja EFTA (Sjá stofnsamning EFTA, Stokkhólmssamninginn í viðauka A).

Á árunum 1972–1973 sömdu öll EFTA-ríkin, en þó hvert fyrir sig, við Evrópubandalagið um fríverslun. Hún náði fyrst og fremst til iðnaðarvara, en Ísland samdi jafnframt við EB um

tollaívilnanir fyrir mikinn hluta af þeim fiski og fiskafurðum, sem þá voru seld til bandalagsins (sjá viðauka B og E). Ákvæði um viss fríðindi fyrir sjávarafurðir er einnig að finna í samningum Svía við EB og í sérstökum erindaskiptum Norðmanna og bandalagsins.

Samvinna EFTA og EB

Fram til ársins 1984 var samvinna EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið að mestu á tvíhliða grundvelli, þ.e. hvert EFTA-ríki átti sjálfstæð samskipti við bandalagið.

Árið 1984 efndu ríki EFTA og EB til sameiginlegs ráðherrafundar í Lúxemborg og samþykktu þar að efla mjög samvinnu allra EFTA-ríkjanna og EB á sviðum sem tengdust vöruviðskiptum, svo og á öðrum sviðum, m.a. rannsóknum og þróun, mennta- og menningarmálum og umhverfismálum. (Lúxemborgaryfirlýsingin, sjá viðauka C).

Þessu samstarfi, sem nefnt hefur verið **Lúxemborgarferillinn,** miðaði vel áfram á þeim árum, sem í hönd fóru og heldur það áfram. Þó þótti ýmsum sem betur mætti gera og þrýsti það ekki síst á, að árið 1985 ákvað Evrópubandalagið að setja sér fasta áætlun um að ryðja úr vegi öllum þeim hindrunum sem enn voru fyrir fullri framkvæmd ákvæða Rómarsáttmálans um innri markað bandalagsins. Hvítbók framkvæmdastjórnarinnar um aðgerðir til að koma á raunverulegum innri markaði fyrir árslok 1992 var lögð fram árið 1985 og árið 1987 tóku gildi ýmsar breytingar á stofnsáttmála bandalagsins, svonefnd Einingarlög Evrópu, sem m.a. áttu að tryggja auðveldari framgang þessara mála. Í Lúxemborgarferlinum var á mörgum sviðum farið að gæta tregðu af hálfu EB varðandi þátttöku EFTA-ríkjanna í ýmsum samstarfsverkefnum innan EB, sérstaklega vegna þátttöku EFTA-ríkjanna í stjórnun þeirra.

Í árslok 1988 bauð Gro Harlem Brundtland, þáverandi forsætisráðherra Noregs, til leiðtogafundar EFTA-ríkjanna í Osló dagana 14.–15. mars 1989 til þess að fjalla um samskipti þessara ríkja við Evrópubandalagið. Áður en að þeim fundi kom, eða hinn 17. janúar 1989, flutti Jacques Delors, forseti framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, ræðu á fundi þings þess í Strasbourg þar sem hann vék m.a. að sambandi EFTA og EB og braut þar upp á nýjum hugmyndum um frekara samstarf. Þar velti Delors fyrir sér þeirri spurningu hvort nýtt skipulag þyrfti að koma til í stað þess sem nú er milli EFTA og EB. Í raun væri þá um tvær leiðir að ræða:

Í fyrsta lagi að halda sig við núverandi samskiptahætti, sem væru í eðli sínu tvíhliða, þ.e. EB og hvert EFTA-ríkjanna fyrir sig og stefna þannig að fríverslun sem nái til EFTA og EB.

Í öðru lagi að ganga til mun víðtækara samstarfs en áður hefði verið talið koma til greina og gera samstarfið virkara með sameiginlegum stofnunum og ákvörðunum og leggja áherslu á hinn pólitíska þátt á sviði efnahagsmála, félagsmála, fjármála og menningarmála. Með öðrum orðum samvinna og samstarf á sem flestum sviðum nema í öryggismálum og stjórnmálum.

Þessi ræða Delors og sú viljayfirlýsing um nánara samstarf við EFTA-ríkin, sem fram kom á leiðtogafundi Evrópubandalagsríkja á Rhodos í desember 1988, urðu tilefni þess að EFTA-ríkin settu fram ákveðnar hugmyndir um samstarf EFTA og EB og samskipti sín innbyrðis í Oslóaryfirlýsingunni á leiðtogafundi sínum í Osló í mars. Framhald þessa máls hefur verið nefnt **Osló-Brussel ferillinn.**

Í yfirlýsingu leiðtogafundar EFTA (sjá viðauka D) segir m.a.:

„Við svörum frumkvæði Delors á jákvæðan hátt og lýsum yfir vilja okkar til að kanna með EB aðferðir og leiðir til að ná fram kerfisbundnara samstarfi með sameiginlegri ákvarðanatöku og stjórnstofnunum til þess að samstarf okkar verði árangursríkara.

Við gerum ráð fyrir því að fyrirhugaður ráðherrafundur EFTA og EB sem haldinn verður í Brussel 20. mars leggi grunninn að því að hefja viðræður um framtíðarform og umfang samvinnu milli EFTA-ríkja og bandalagsins í náinni framtíð.

Við gerum ráð fyrir því að samningaviðræður myndu leiða til samkomulags, að svo miklu leyti sem það er mögulegt, um óhindraðan flutning á vöru, þjónustu, fjármagni og fólki, með það að markmiði að koma á einu samræmdu evrópsku efnahagssvæði. Við erum því reiðubúin til að kanna ýmsa möguleika og leiðir til að styrkja formleg tengsl milli EFTA-ríkjanna og EB. Við myndum ekki útiloka neinn valkost innan ramma framtíðarviðræðna okkar við EB.

Við sjáum verulegan gagnkvæman hag í að þróa samstarf okkar á öðrum sviðum, en þeim sem tengjast beint áætluninni um innri markaðinn. Við höfum sérstakan áhuga á að stefna að:

- víðtækari þátttöku þeirra aðila innan EFTA sem taka þátt í rannsókna- og þróunaráætlunum bandalagsins og leggja þannig fram verulegan skerf til að bæta samkeppnisstöðu evrópsks iðnaðar.
- auknu samstarfi á sviði menntamála til að auðvelda óhindruð skipti á nemendum, kennurum og vísindamönnum og veita gagnkvæmar viðurkenningar prófskírteina.
- finna lausn á svæðisbundnum og alþjóðlegum umhverfisvandamálum með því að leggjast á eitt og samræma starfsemi á þessu sviði um alla Evrópu. Við erum sammála þeirri skoðun að markmiðið með efnahagslegum samruna í Evrópu verði að taka mið af verndun umhverfisins. Við erum reiðubúin til að kanna með Evrópubandalaginu nýjar leiðir sem gætu gert aðgerðir okkar markvissari.
- auka samráð um efnahags- og peningamálastefnu.

Við erum sammála um að aukinni efnahagssamvinnu þurfi að fylgja myndun „Evrópu fólksins" og þróun á hinum félagslega þætti samrunans með náinni samvinnu við hagsmunasamtök atvinnulífisins.

Til að efla frekari samruna og til að fá niðurstöður á sama tíma innan hins evrópska efnahagssvæðis gerum við ráð fyrir að upplýsingaskipti um fyrirhugaða löggjöf, ráðgjafarstarf, gagnkvæma viðurkenningu á sambærilegri löggjöf og ákvarðanatöku fari fram tímanlega. Þessu ætti að vera fylgt eftir með öflugu og öruggu eftirliti með fullnustu dóma og sameiginlegri meðferð á lausn deilumála. Við leggjum áherslu á að athugun á leiðum til fastmótaðri samskipta megi ekki draga úr sameiginlegum ásetningi okkar að ná árangri í núverandi samstarfi.

Við viðurkennum sjálfsákvörðunarrétt hverrar einstakrar EFTA-þjóðar hvað varðar tvíhliða frumkvæði og samninga við EB með tilliti til sérhagsmuna þeirra. Við lítum á EFTA sem meginvettvang til fjölhliða samninga við EB og erum sammála um að auka frekar samstarf innan EFTA á öllum sviðum tengdum evrópska efnahagssvæðinu. Við munum gera nauðsynlegar ráðstafanir til að styrkja ákvarðanatöku innan EFTA og sameiginlega getu okkar til samningagerðar. Við munum einnig styrkja það kerfi sem við höfum til eftirlits og framkvæmdar á samningsskuldbindingum til þess að tryggja samræmda og samhæfða framkvæmd og túlkun á öllu evrópska efnahagssvæðinu.

Það er ennfremur markmið okkar að styrkja innra samstarf EFTA, s.s. með fullri fríverslun með sjávarafurðir."

Spánverjar, sem þá gegndu formennsku í Evrópubandalaginu, höfðu frumkvæði að því að boða til sameiginlegs fundar utanríkisráðherra EB og EFTA-ríkja, hins fyrsta þessara ráðherra síðan Lúxemborgarfundurinn, sem var haldinn 1984, þar sem tekin var ákvörðun um nánara samstarf EB og EFTA. Þessi sameiginlegi fundur var haldinn í Brussel 20. mars s.l., eða aðeins 5 dögum eftir leiðtogafund EFTA. Á honum kom fram mikill vilji til þess að efla samstarfið í Vestur-Evrópu, en of skammt var um liðið frá leiðtogafundi EFTA til þess að unnt væri að taka þar stefnumótandi ákvarðanir. Hins vegar var ákveðið að ráðherrarnir myndu hittast aftur fyrir lok þessa árs og meta þá stöðuna í ljósi þeirra athugana og frumviðræðna sem þá ættu að hafa farið fram um aukið samstarf EFTA-ríkja og Evrópubandalagsins.

Í framhaldi af þessu settu EFTA-ríkin og framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins á fót stjórnarnefnd háttsettra embættismanna EFTA-ríkja og EB til að skipuleggja og hafa yfirstjórn væntanlegra viðræðna til að athuga möguleika á víðtækara og nánara samstarfi EFTA-ríkja og EB á öllum sviðum sem tengjast myndun innri markaðar bandalagsins. Þessi hópur háttsettra embættismanna „High Level Steering Group" (hér eftir skammst. HLSG) ákvað á fyrsta fundi sínum, sem haldinn var 28. apríl s.l., að koma á fót fjórum vinnuhópum, þ.e. um (1) vöruviðskipti, (2) þjónustuviðskipti þ.m.t. fjármagnsflæði, (3) atvinnu- og búseturétt og loks (4) önnur svið, þ.e. jaðarverkefni sem ekki falla beint undir aðra vinnuhópa, s.s. menntamál, neytendamál og umhverfismál. Fimmta hópnum yrði komið á síðar til að fjalla um (5) réttarreglur og stofnanir. Fyrsta verkefni þessara hópa var að athuga gildandi löggjöf og reglugerðir, sem snerta þau verkefni er undir þá falla. Þessi fyrsti áfangi hófst í byrjun maí og lauk honum með sameiginlegum fundi HLSG EFTA-ríkjanna og EB 25. júlí s.l. Daginn fyrir þann fund var fyrsti sameiginlegi fundur fimmta hópsins haldinn og lauk sá hópur störfum í þessum áfanga 19. október s.l. Vinnuhópurinn um vöruviðskipti hélt einnig áfram störfum fram eftir hausti.

Dagana 19.–20. október s.l. hélt sameiginleg stjórnarnefnd viðræðnanna fund í Brussel og dró þar sameiginlegar niðurstöður af starfi vinnuhópanna fimm, en störf þeirra fólu í sér **bráðabirgðakönnun á ýmsum valkostum, þar sem hvorugur aðila tók á sig neinar skuldbindingar.**

III Yfirlit yfir niðurstöður stjórnarnefndar EFTA og EB

Hinn 20. október s.l. ályktaði sameiginleg stjórnarnefnd viðræðnanna, að nú virtist vera fyrir hendi verulegur og nægilega skýr skilningur á afstöðu beggja aðila til efnisþátta og forms mögulegs samnings.

Helstu þættir, sem aðilar voru sammála um, voru þessir:

- Staðreynt var að það væri skýrt sameiginlegt mat beggja aðila að til þess að ná að svo miklu leyti sem mögulegt væri óhindruðum vöruviðskiptum, þjónustu og fjármagnsviðskiptum, ásamt atvinnu- og búseturétti, ætti að fella viðeigandi reglur bandalagsins, sem þegar hefðu verið mótaðar og sem aðilar myndu skilgreina sameiginlega, á einn eða annan hátt inn í samning sem sameiginlegan lagagrundvöll fyrir það evrópska efnahagssvæði sem komið yrði á.
- **Undantekningar, sem réttlættust með hliðsjón af grundvallarhagsmunum, svo og tilhögun á aðlögunartíma, ættu að vera samningsatriði.** Þau atriði, sem EFTA-ríkin bentu á í þessu sambandi eru rakin í eftirfarandi köflum um einstaka efnisþætti.
- Varðandi **óhindruð vöruviðskipti** viðurkenndu báðir aðilar að líta yrði á gagnkvæma viðurkenningu á söluhæfni vöru ef hún uppfyllti skilyrði til markaðssetningar í upprunalandinu (svonefnd Cassis de Dijon regla), samræmingu á grundvallarkröfum og gagnkvæma viðurkenningu prófana og vottorða sem óaðskiljanlega heild. Bent var á að EFTA-ríkin hefðu ítarlegri reglur á sumum sviðum. Afleiðingar þess yrði að fjalla um í síðari samningaviðræðum.
- Varðandi **óhindraða fjármagnsflutninga** virtist mega sjá almenna þróun í átt að því að létta hömlum af fjármagnshreyfingum gagnvart öllum ríkjum (erga omnes). Mögulegt virtist einnig að stefna að því að koma á sameiginlegum markaði fyrir alla þjónustu á evrópska efnahagssvæðinu.

- Varðandi **atvinnu- og búseturéttindi** virtist raunhæft að stefna að frelsi á því sviði fyrir launþega og sjálfstætt starfandi fólk og fjölskyldur þeirra innan alls evrópska efnahagssvæðisins, þar sem fylgt væri grundvallarreglunni um jafnrétti á við ríkisborgara gistilandsins.
- Báðir aðilar töldu einnig eðlilegt að jafnhliða víðtækri framkvæmd á ofangreindum sviðum yrði samstarf aukið um **jaðarverkefni,** t.d. rannsóknir og þróun, umhverfismál, neytendavernd, menntamál, verkefni til að styðja lítil og meðalstór fyrirtæki, ferðamál og ýmsa þætti félagsmála. Einnig væri nauðsynlegt að setja sameiginlegar reglur til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði innan evrópska efnahagssvæðisins. Báðir aðilar töldu að stefna bæri að því að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi á landssvæði þeirra.
- Varðandi **réttarreglur og stofnanir** hafa EFTA-ríkin frá upphafi lagt áherslu á nauðsyn þátttöku EFTA-ríkja og EB á öllum stigum ákvarðanamyndunar innan evrópska efnahagssvæðisins á jafnréttisgrundvelli. Einnig lögðu EFTA-ríkin áherslu á, að í ljósi þess þunga sem innri ákvarðanataka Evrópubandalagsins hefði við töku ákvarðana varðandi allt evrópska efnahagssvæðið, væri óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir þátttöku EFTA í **innra starfi EB að mótun ákvarðana sem vörðuðu málefni evrópska efnahagssvæðisins.**

Framkvæmdastjórn EB hefur lagt til að á fyrsta stigi ákvarðanamótunar, þ.e. í sérfræðinganefndum framkvæmdastjórnar, taki sérfræðingar frá EFTA-ríkjum þátt á sama hátt og sérfræðingar EB-ríkja. Er því enginn ágreiningur um þennan þátt. Hins vegar er framkvæmdastjórn ekki reiðubúin til að veita sérfræðingum EFTA-ríkja aðgang að nefndum undir ráðherraráði bandalagsins. Í stað þess hefur hún lagt til að tillögur verði sendar EFTA til umsagnar á sama hátt og þingi Evrópubandalagsins. Ýmis atriði í þessu ferli ákvarðanamyndunar eru enn óljós og þarfnast nánari skoðunar, en samkomulag er um að gagnkvæm samskipti eigi að vera á öllum stigum. Er þá vert að hafa í huga að frá því að frumtillögur um setningu nýrra reglna koma fram og þar til endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar líða að jafnaði a.m.k. 1–2 ár.

Varðandi **töku ákvarðana** um sameiginlegar reglur fyrir allt evrópska efnahagssvæðið er það álit bæði framkvæmdastjórnar EB og EFTA-ríkjanna að markmiðið ætti að vera að ná sameiginlegri ákvörðun, sem tekin væri samhljóða af samningsaðilum. Báðir aðilar taki þar þátt á jafnræðisgrundvelli og hafi sama rétt til frumkvæðis um setningu nýrra reglna.

Þegar sameiginleg stofnun EFTA og EB hefði náð samkomulagi um efnisatriði tillagna myndi hvor aðili um sig, EFTA-ríkin annars vegar og EB hins vegar afgreiða málin endanlega, EB í ráðherraráði sínu og EFTA-ríkin í löggjafarstofnunum sínum eða ráðuneytum, allt eftir eðli hverrar ákvörðunar. Með þessu móti myndi hvor samningsaðila halda sjálfræði sínu til töku ákvarðana. Hins vegar telja báðir að nauðsynlegt sé að reyna til hlítar að ná sameiginlegum niðurstöðum svo að bilið milli þeirra breikki ekki á ný eftir að heildarsamningurinn hefði verið gerður.

Af hálfu EFTA var áhersla lögð á að sameiginlegt kerfi við töku ákvarðana, bæði varðandi efni og form, væri grundvallarforsenda fyrir því að samningur væri viðunandi frá pólitísku sjónarmiði og að hann væri lagalega skilvirkur.

Báðir aðilar töldu í mögulegum samningi ætti að setja viðeigandi ákvæði, sem tryggi þátttöku þjóðþinga EFTA-ríkjanna og fulltrúa þings Evrópubandalagsins. Jafnframt mætti þar kveða á um þátttöku fulltrúa atvinnulífsins.

Báðir aðilar voru sammála um að þær reglur, sem gilda ættu á evrópska efnahagssvæðinu ættu að verða hluti af löggjöf hvers samningsaðila og hafa **bein réttaráhrif** þannig að einstaklingar og fyrirtæki gætu leitað réttar síns á grundvelli þeirra hjá dómstólum og stjórnvöldum í samningsríkjunum.

Ennfremur voru aðilar sammála um að koma yrði upp **sjálfstæðu eftirlitskerfi** til þess að fylgjast með framkvæmd ákvæða samningsins og tryggja að allir njóti þeirra réttinda sem samningnum væri ætlað að veita.

Loks voru aðilar sammála um þörf fyrir **sameiginlegan úrskurðaraðila til að leysa hugsanleg deilumál og tryggja samræmda túlkun EES-reglna.** Slíkur úrskurðaraðili yrði væntanlega EES-dómstóll með þátttöku dómara frá EB-dómstólnum og dómurum frá öllum ríkjum EFTA.

Atriði, sem ræða verður í samningaviðræðum

Þar eð þær viðræður, sem fram hafa farið, voru bráðabirgðakönnun á ýmsum valkostum, þar sem hvorugur aðila tók á sig neinar skuldbindingar verða mörg hinna veigamestu mála eingöngu rædd til hlítar í formlegum samningaviðræðum. Eftirfarandi upptalning er langt frá því að vera tæmandi en gefur nokkra hugmynd um efnisatriði:

- Skilgreining á því hverjar af þeim reglum Evrópubandalagsins, sem þegar hafa verið mótaðar, eigi að fella á einn eða annan hátt inn í heildarsamning.
- Varðandi fisk og aðrar sjávarafurðir lýstu EFTA-ríkin því yfir að samningur ætti að tryggja fríverslun með þær afurðir. Fulltrúar framkvæmdastjórnar lýstu því að, að því er bandalagið varðaði, þá væri fríverslun tengd öðrum þáttum hinnar sameiginlegu fiskimálastefnu þess. Fulltrúar EFTA lögðu áherslu á að slík tenging í hverjum þeim samningaviðræðum er síðar færu fram, mundi ganga gegn grundvallar þjóðarhagsmunum. Báðir aðilar viðurkenndu að af þessum ástæðum yrði nákvæmt innihald þeirra ákvæða sem sett væru á þessu sviði augljóslega að verða samningsatriði.
- Varðandi landbúnað voru aðilar sammála um að stefna ekki að sameiginlegri landbúnaðarstefnu fyrir evrópska efnahagssvæðið. Hins vegar þurfi að kanna hvort unnt sé að bæta aðgang að mörkuðum fyrir landbúnaðarafurðir.
- Varðandi óhindruð vöruviðskipti að öðru leyti þarf að ræða nánar um þá tvo kosti sem vinnuhópurinn hefur lýst: tollabandalag annars vegar og fríverslunarsvæði, sem væri endurbætt í grundvallaratriðum, hins vegar. Í því sambandi kemur einnig til álita að gera ráð fyrir að úr fríverslunarsvæði gæti á síðara stigi þróast tollabandalag.
- Ræða þarf eðli og umfang varanlegra og tímabundinna undanþága einstakra ríkja frá efnisþáttum heildarsamnings, m.a. varðandi fjármagnshreyfingar, fjárfestingar og atvinnu- og búseturétt.
- Fjalla þarf um mótun og töku ákvarðana varðandi reglur sem settar verða eftir að samningur hefur verið gerður.
- Ræða þarf lagalega þýðingu bráðabirgðaúrskurða eða álitsgerða sameiginlegs úrskurðaraðila með hliðsjón af stjórnarskrárákvæðum einstakra EFTA-ríkja.
- Ræða þarf stöðu EFTA sem einingar eða stoðar í tveggja stoða kerfi EFTA og EB og ákvarða nánari skilgreiningu á tveggja stoða kerfi í samskiptum EFTA og EB.
- Ekki er gert ráð fyrir að landamæraeftirlit milli EFTA-ríkja og EB verði lagt niður, en leita þarf leiða til að einfalda slíkt eftirlit.

Í köflunum hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir störfum og niðurstöðum vinnuhópa stjórnarnefndarinnar.

IV Vörusvið

A. Inngangur

Störf vinnuhóps I um vöruviðskipti voru að því leyti frábrugðin störfum annarra vinnuhópa, að þau eru framhald þeirrar þróunar, sem orðið hefur á undanförnum áratugum, í viðleitni ríkja til að stuðla að óhindruðum vöruviðskiptum sín á milli.

Árið 1947, tveimur árum eftir lok síðari heimsstyrjaldar, var gert Almennt samkomulag um tolla og viðskipti (General Agreement on Tariffs and Trade (GATT)), sem setti almennar reglur í milliríkjaviðskiptum til að stemma stigu við viðskiptahömlum og mismunun í viðskiptum. Yfir 90 ríki eiga aðild að þessu samkomulagi. Á þeim tíma sem liðinn er hefur á vegum GATT verið efnt átta sinnum til alþjóðlegra viðskiptaviðræðna, einkum í þeim tilgangi að lækka tolla. Í yfirstandandi viðræðum, sem kenndar eru við Úrúguay er í fyrsta skipti fjallað um ýmsa aðra þætti viðskipta en almenn vöruviðskipti, s.s. þjónustu og viðskipti með landbúnaðarvörur.

Verulegur árangur hefur orðið innan GATT varðandi lækkun tolla, enda er þar byggt á þeirri meginreglu, að aðildarríki veiti hvert öðru bestu kjör þannig að tollalækkanir, sem gerðar eru tvíhliða innan GATT nái til allra aðila að samkomulaginu þegar viðræðum er lokið. Þó að meginregla GATT sé að allir aðilar skuli njóta þess besta, sem um semst, er þó heimilt, samkvæmt XXIV. gr. GATT-samkomulagsins, að stofna til tollabandalaga og fríverslunarsvæða, séu þau í samræmi við almenn ákvæði samkomulagsins, sbr. 4. tl. þeirrar greinar, sem hljóðar svo:

> „4. Samningsaðilarnir viðurkenna, að æskilegt sé að auka viðskiptafrelsi með því að komið sé á, með frjálsum samþykktum, nánari tengslum hagkerfa þeirra landa, sem aðild eiga að slíkum samningum. Þeir viðurkenna einnig, að markmið tollabandalags eða fríverslunarsvæðis skuli vera að auðvelda viðskipti milli þátttökusvæðanna og ekki að setja tálmanir á viðskipti annarra samningsaðila við þau landssvæði."

Þrettán árum eftir gerð GATT-samkomulagsins, árið 1960, var búið að stofna fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA) og bandalögin þrjú sem nú mynda Evrópubandalagið (EB). Komið var á viðskiptafrelsi fyrir iðnvarning innan EB svo og fyrir landbúnaðar- og sjávarafurðir. Evrópubandalagið setti sameiginlegan toll fyrir innflutning frá ríkjum utan þess og framkvæmdastjórn bandalagsins var falin mótun samræmdar tolla- og viðskiptastefnu þess. Engir tollar voru lagðir á viðskipti milli bandalagsríkjanna og engar reglur þurfti innan þess til þess að ákvarða uppruna vöru. Gagnstætt því sem var innan EB náði fríverslun í EFTA aðeins til iðnaðarvara og nokkurra sjávarafurða og unninna landbúnaðarvara. Hún náði hins vegar ekki almennt til sjávarafurða og landbúnaðarvara.

Íslendingar tóku þátt í svonefndum Kennedy-viðræðum innan GATT, sem fóru fram á árunum 1964-1967. Í lok þeirra viðræðna gerðust Íslendingar aðilar að GATT og fengu við það verulega lækkun tolla í Bandaríkjunum á íslenskum sjávarafurðum gegn lækkun tolla á nokkrum vörum frá Bandaríkjunum.

Árið 1970 varð Ísland aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA). Skömmu síðar bauð EB þeim ríkjum EFTA og öðrum ríkjum Vestur-Evrópu, sem það vildu, samninga um aðild að bandalaginu eða fríverslunarsamninga. Þetta boð leiddi til aðildar Bretlands, Danmerkur og Írlands að bandalaginu árið 1973 og tvíhliða fríverslunarsamninga EFTA-ríkjanna Austurríkis, Finnlands, Íslands, Sviss, Svíþjóðar og Portúgal (sem gekk í EB ásamt Spáni árið 1986) við EB árið 1972. Noregur gerði einnig slíkan samning árið 1973 eftir að aðildarsamningur að EB hafði verið felldur þar í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Fríverslunarsamningar EFTA-ríkjanna og EB eru tvíhliða samningar hvers EFTA-ríkis um sig við EB um fríverslun með iðnaðarvörur fyrst og fremst. Hverjum þessara samninga fylgja sérstakar bókanir um mismunandi vörusvið, er sum varða sérhagsmuni einstakra ríkja.

Bókun nr. 2 um unnar landbúnaðarafurðir er t.d. að finna í öllum fríverslunarsamningunum þótt um mismunandi vörulista sé að ræða í hverjum einstökum samningi. Bókun nr. 4 um magntakmarkanir, sem Ísland má halda vegna viðskipta sinna við Sovétríkin, er eingöngu að finna í fríverslunarsamningi Íslands og EB og sama máli gegnir um bókun nr. 6, sem kveður á um einhliða fríðindi fyrir íslenskar sjávarafurðir við útflutning til Evrópubandalagsins. Eins og kunnugt er tók síðarnefnda bókunin gildi eftir lausn landhelgisdeilu Íslendinga við Breta 1. júlí 1976.

Meiri hluti útflutnings Íslendinga á sjávarafurðum fer tollfrjáls eða á lækkuðum tollum til Evrópubandalagsins. Stærsta vandamálið undanfarin ár hefur verið varðandi tolla á saltfiski. Frá 1971 var í gildi einhliða ákvörðun bandalagsins um tollfrelsi á saltfiski, en ekki náðist samkomulag um að hann kæmi inn í bókun nr. 6. Árið 1985 tók bandalagið síðan upp toll að nýju á saltfisk. Greinargerð um þetta mál er að finna í skýrslu Evrópustefnunefndar, 4. hefti, (sjá viðauka E.) Í fylgiskjölum nr. 1 og 2 með þessari skýrslu er gerð grein fyrir útflutningi til EB og tollívilnunum.

Fríverslunarsamningarnir urðu til þess að auka verulega viðskipti milli EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins. Til þess að auðvelda framkvæmd allra ákvæða samninganna var í hverjum þeirra gert ráð fyrir sameiginlegri nefnd samningsaðila, sem kemur saman tvisvar á ári til þess að annast ýmsa tæknilega útfærslu samningsins og leysa deilumál, sem upp kunna að koma um túlkun hans.

Fyrsta áratuginn eftir gerð fríverslunarsamninganna við EB var reynt að koma á einfaldari upprunareglum og fá viðurkenningu fyrir því, að svokölluð uppsöfnun á uppruna ("cumulation") yrði heimiluð á svæðinu í heild, í stað þess að litið væri á hvert EFTA-ríki sem sérstakt upprunasvæði. Var þetta gert til að auðvelda fríverslunarmeðferð á samsettri vöru með notkun á hlutum hvaðan sem væri frá EFTA-ríkjum eða EB. Þetta og fleiri hagnýt atriði gekk þó hægt að semja um, þar til ráðherrar EFTA-ríkja og EB samþykktu yfirlýsingu um víðtækara samstarf til að koma á evrópsku efnahagssvæði (EES), á fundi sínum í Lúxemborg árið 1984. Sú yfirlýsing leiddi m.a. til þess að tekið var í notkun samræmt tollskjal (Single Administrative Document (SAD)) árið 1987 og ári síðar voru samræmdar reglur um vöruumflutning (transit). Þá hófst samstarf EFTA-ríkjanna og EB um að taka upp pappírslausa tollmeðferð í síðasta lagi árið 1992 og að þróa í því skyni sérstök tölvukerfi.

B. Markmið vinnuhóps um óhindruð vöruviðskipti

Markmið vinnuhóps I var að skilgreina með hvaða hætti væri unnt að koma á viðskiptum innan evrópska efnahagssvæðisins sem næst því sem verður innan EB eftir 1992.

Þegar innri markaður Evrópubandalagsins verður kominn á verða vöruviðskipti milli ríkja bandalagsins jafn hindrunarlaus og viðskipti hafa verið innan hvers einstaks ríkis í bandalaginu. Vandinn fyrir ríki EFTA er því sá, að þurfi áfram að framvísa ýmsum skjölum við tollyfirvöld EB-ríkja áður en innflutningur er leyfður, muni seljendur vöru í ríkjum Evrópubandalagsins fremur leita eftir þeirri vöru frá aðildarríkjum EB en að leggja í þá fyrirhöfn að flytja sambærilega vöru, eða jafnvel betri, inn frá ríkjum EFTA.

Þeir þættir, sem helst hafa verið til umræðu til þess að ná markmiðinu um hindrunarlaus viðskipti eru: Upprunareglur, heilbrigðisreglur, tæknilegar viðskiptahindranir, samkeppnisreglur, þ.á m. undirboðstollar og aðgangur að opinberum útboðum, samstarf um viðurkenningu höfundaréttar á sviði iðnaðar og ábyrgð á gæðum vöru. Jafnframt og ekki síður hefur verið rætt um það vörusvið, sem samningur ætti að ná til. Óumdeilt var að hann ætti að ná til iðnaðarvara í hefðbundnum skilningi en hins vegar voru skiptar skoðanir um landbúnaðarvörur og sjávarafurðir. Loks hefur verið rætt ítarlega hvernig best mætti ná þessum markmiðum, með verulega endurbættu fríverslunarkerfi eða með tollabandalagi. Hér á eftir verður fjallað um hvern þessara þátta.

1. Upprunareglur

EFTA-ríkin leggja áherslu á að sem mest verði einfaldaðar þær reglur sem gilda um tollmeðferð (svæðismeðferð) þeirra vara sem samsettar eru úr hlutum frá mismunandi löndum. Nokkuð hefur þegar áunnist í þessum efnum, en þetta atriði veldur alltaf vandkvæðum meðan mismunandi tollar gilda fyrir innflutning aðfanga til EB-svæðisins og ríkja EFTA. Algert afnám eftirlits með uppruna getur ekki náðst nema öll ríkin hafi sömu, eða næstum sömu, tolla á vörum sem fluttar eru inn frá ríkjum utan svæðisins, en slíkt næst varla nema með tollabandalagi.

2. Heilbrigðis- og öryggisreglur

Mismunandi reglur á þessu sviði gera eftirlit með innflutningi vöru nauðsynlegt. EB og EFTA-ríkin eru sammála um að gera verði strangar kröfur til þeirrar vöru sem boðin er til sölu á evrópska efnahagssvæðinu. Innan EB gildir, að hafi ekki verið settar sameiginlegar reglur um eiginleika vöru beri að viðurkenna hana á markaði, ef hún uppfyllir kröfur þess EB-lands sem hún er framleidd í (svonefnd Cassis de Dijon regla). Hvert aðildarríki hefur þó heimild til að gera strangari kröfur um heilsu, öryggi og umhverfi, enda sé þar ekki um dulbúnar viðskiptahömlur að ræða. EFTA-ríkin hafa fallist á að þessi grundvallarregla ætti að gilda á öllu evrópska efnahagssvæðinu, en þó verði að taka tillit til þess í mögulegum samningum að þau geri ítarlegri eða strangari kröfur varðandi sumar vörur, sem þau geti ekki slakað á.

3. Tæknilegar viðskiptahindranir

Þau atriði, sem rakin hafa verið í 1. og 2. tölulið hér að framan, eru í sjálfu sér tæknilegar viðskiptahindranir, en undir þann flokk fellur ýmislegt fleira. Slíkar hindranir geta m.a. orðið vegna þess að einstök ríki setja sérstök skilyrði sem framleiðandi eða seljandi vöru verður að uppfylla, t.d. varðandi eiginleika vöru, merkingu á henni eða sérstaka staðla, frábrugðna stöðlum í öðrum ríkjum. Eru þessar sérstöku kröfur oft settar í þeim tilgangi að vernda innlenda framleiðslu gegn samkeppni erlendis frá. Að uppfylltum þeim skilyrðum, sem greint er frá í 2. tölulið hér að framan, ber öllum EB-ríkjunum að viðurkenna vöru, sem framleidd er í einu þeirra. Bandalagið stefnir einnig að því að gagnkvæm viðurkenning verði veitt á niðurstöðum vöruprófana og vottorðum um að vara fullnægi þeim kröfum, sem til hennar verður að gera.

EFTA-ríkin hafa í undangengnum viðræðum lýst sig reiðubúin til að semja á grundvelli framangreindrar tilhögunar, enda verði þá jafnframt viðurkennt að reglur þeirra um sum atriði eru nákvæmari og vandaðri.

4. Samkeppnisreglur, ríkisstyrkir, opinber útboð og undirboðstollar

Á evrópsku efnahagssvæði er nauðsynlegt að tryggja sambærilega samkeppnisstöðu fyrirtækja. Þau atriði, sem helst geta raskað slíku jafnvægi eru hringamyndanir til einokunar, undirboð, ríkisstyrkir til fyrirtækja og atvinnugreina sem geta haft áhrif á viðskipti og misjafn aðgangur að þátttöku í opinberum útboðum.

Reglur um samkeppni innan EFTA-ríkjanna annars vegar og innan EB hins vegar eru reistar á mjög ólíkum grunni, a.m.k. að formi til. Í EFTA-ríkjunum er almennt byggt á svokallaðri misbeitingarreglu, þ.e.a.s. sanna þarf að tiltekin háttsemi raski eðlilegri samkeppni svo að unnt sé að grípa til aðgerða. Í EB gildir hins vegar sú aðalregla að tiltekin háttsemi er talin leiða til röskunar á eðlilegri samkeppni, nema sönnur séu færðar á hið gagnstæða. Frá þeirri aðalreglu eru þó víðtækar undantekningar.

Í viðræðum EFTA og EB taldi bandalagið í fyrstu nauðsynlegt að EFTA-ríkin tækju upp svipaðar reglur og gilda innan EB. Við nánari skoðun töldu fulltrúar þeirra þó að ná mætti sama árangri ef EFTA-ríkin túlkuðu reglur sínar samkvæmt vissum grunnsjónarmiðum.

Sérstök starfsnefnd á vegum vinnuhópsins um vörusviðið hefur unnið að könnun á þessum atriðum og virðist grundvöllur vera fyrir hendi til að samræma sjónarmið aðila.

Íslenskar reglur um þessi mál, sem helst er að finna í lögum nr. 56/1987 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, taka að ýmsu leyti til sömu atriða og reglur þær sem gilda í öðrum EFTA-ríkjum. Þessi lög fjalla um verðákvarðanir, markaðsráðandi fyrirtæki og samkeppnishömlur. Verðlagsráð og Verðlagsstofnun geta gripið með ýmsum hætti inn í framvindu mála ef athafnir fyrirtækja ganga gegn markmiðum laganna um sanngjarnt verð og eðlilega samkeppni innanlands.

Á Íslandi eru **opinber innkaup** ekki takmörkuð við innlenda aðila og ættu því ekki að þurfa að koma til sérstakrar skoðunar. Einkasölur á borð við Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins eru ekki bannaðar, enda sé þess gætt að mismuna ekki milli aðila í innkaupum og veita öllum tækifæri til að koma vöru sinni á framfæri þar. Einkaleyfi til sölu á erlendum markaði þarf hins vegar að athuga, enda sé þar um vöru að ræða, sem samið væri um að félli undir fríverslun.

Undirboðstollar (anti-dumping) eru ráð, sem heimilt er að beita þegar óheiðarlegir samkeppnishættir eru viðhafðir, t.d. ef vara er seld á vissan markað undir eðlilegu kostnaðarverði. EFTA-ríkin telja, að EB hafi oft misbeitt þessari heimild til að draga úr innflutningi vöru, sem er raunverulega ódýrari í framleiðslu í ríkjum þeirra en fyrirtæki innan EB geta boðið. Ríkt áhersla hefur því verið lögð á það í viðræðunum af hálfu EFTA-ríkja, að hætt verði að hamla eðlilegri samkeppni með undirboðstollum. Verður það mál rætt nánar ef til samninga kemur. Aðeins eitt íslenskt fyrirtæki hefur verið tekið til skoðunar innan EB vegna meintra undirboða, þ.e. Íslenska járnblendifélagið h.f.

Ríkisstyrkir hafa víða verið tíðkaðir, bæði innan EB og EFTA. Víðast er stefnt að því, að slíkir styrkir til iðnaðar falli niður á næstu árum, nema þegar byggðasjónarmið eru rík. Í landbúnaði tíðkast miklir ríkisstyrkir, bæði innan EB og hjá EFTA-ríkjunum. EFTA-ríkin hafa samið um að ríkisstyrkir til sjávarútvegs, sem haft geti áhrif á viðskipti, skuli falla niður árið 1993. Innan Evrópubandalagsins tíðkast hins vegar ríkisstyrkir til sjávarútvegs, sem að hluta eru reistir á byggðasjónarmiðum en geta að öðru leyti haft truflandi áhrif á viðskipti.

5. Höfundaréttur á sviði iðnaðar

Í þeim viðræðum, sem nú standa yfir í GATT, hefur þessi mál borið mikið á góma. Er ástæðan sú að á tímum örra tækniframfara er mikill hluti vöruverðs oft fólginn í kostnaði við rannsóknir og þróun sem gera framleiðslu hennar mögulega. Lítið hefur miðað í GATT í átt að því að tryggja eðlilega umbun fyrir höfundaréttinn og því hefur þótt eðlilegt að þetta mál fengi meðferð í samningaviðræðum EFTA og EB.

6. Ábyrgð á gæðum vöru

Í tengslum við framkvæmd innri markaðar Evrópubandalagsins hefur orðið til sú meginregla að framleiðandi vöru innan EB beri ábyrgð á göllum hennar og því tjóni, sem hún kann að valda. Fellur þar með niður sú ábyrgð, sem innflytjandi vörunnar eða seljandi hennar hefur borið.

Innan EFTA hefur þessi þróun valdið nokkrum áhyggjum þar eð sú hætta er fyrir hendi að af þessu leiði að innflytjandi og seljandi vöru kjósi fremur að kaupa hana frá öðru EB-ríki þar sem framleiðandinn er ábyrgur, en að flytja hana inn frá EFTA-ríki, þar sem hann sjálfur er ábyrgur gagnvart kaupanda eða neytanda vörunnar ef varan reynist gölluð.

Í samningaviðræðum yrði þetta mál væntanlega tekið upp og þar reynt að finna lausn fyrir allt evrópska efnahagssvæðið, er byggði á svipuðu kerfi og EB hefur nú tekið upp.

C. Vörusvið samnings

1. Iðnaðarvörur

Bæði EFTA og EB eru sammála um að öll samningsákvæði skuli ná til iðnaðarvöru skv. hefðbundinni skilgreiningu. Hins vegar er það skoðun beggja að þau skuli aðeins ná til hluta þeirrar vöru, sem skilgreind er sem landbúnaðarvara og EB telur sjávarafurðir falla utan samningssviðs, nema að uppfylltum vissum skilyrðum, meðan EFTA á hinn bóginn telur að í samningi skuli ákveðin fríverslun með sjávarafurðir.

2. Landbúnaðarvörur

Í viðræðunum um vörusvið kom fram, að ekki var áhugi á að taka upp sameiginlega landbúnaðarstefnu innan EES eins og nú gildir í Evrópubandalaginu. Hins vegar hafa komið fram tillögur um að auka viðskipti með landbúnaðarafurðir, sem kæmu undir nýjan samning eða undir vörulista bókunar 2 í núgildandi fríverslunarsamningum einstakra EFTA-ríkja við Evrópubandalagið.

a. Bókun nr. 2 við fríverslunarsamningana

Vörur í lista bókunar nr. 2 eru mismunandi í tvíhliða fríverslunarsamningum EFTA-ríkjanna við EB. Í fríverslunarsamningi Íslands við EB er t.d. ekki að finna grænmeti og blóm, né neina vöru sem flokkast undir „hefðbundnar landbúnaðarafurðir", þ.e. kjötvöru eða mjólkurafurðir.

Í ofangreindri bókun við fríverslunarsamninginn við EB frá árinu 1972 og 21. gr. stofnsamnings EFTA eru ákvæði, sem heimila að lagt sé á breytilegt gjald eða fast gjald við innflutning á vörum, sem framleiddar eru úr landbúnaðarafurðum, til að jafna mismun á verði landbúnaðarafurða. Einnig er heimilt að gera ráðstafanir innanlands til jöfnunar á verðlagi landbúnaðarafurða. Í töflu I. sem fylgir bókuninni við fríverslunarsamninginn við EB er getið þeirra tolla, sem Ísland getur haldið að því er varðar vörur upprunnar í EB, aðallega brauðvörur og sælgæti. Var þeirri heimild ætlað að koma í stað heimildar um álagningu jöfnunargjalds. Engin slík ákvæði eru í stofnsamningi EFTA þar sem aðeins er heimiluð álagning jöfnunargjalds. Í tengslum við gildistöku samræmdu tollskrárinnar voru tollar á þessum vörum felldir niður. Nú hefur verið tekið upp hérlendis svipað fyrirkomulag og gildir í öðrum EFTA-ríkjum og innan EB og hefur verið lagður jöfnunartollur á kökur og majones.

EFTA-ríkin eru reiðubúin til að skoða bókun nr. 2 nánar með hliðsjón af vörulistunum sem henni fylgja.

b. Norður/suður-umræða

Í viðræðunum varð fulltrúum EB nokkuð tíðrætt um hugtakið "cohesion" eða samstaða, sem mikið er notað innan EB, sérstaklega af aðildarríkjum í suðurhluta þess. Hugtakið felur í sér að löndin sem staðsett eru í norðurhluta bandalagsins aðstoði þau lönd sem liggja sunnar í álfunni. Fulltrúar EB meta það svo að misvægi hafi myndast í viðskiptum þessara ríkja við EFTA-ríkin þar eð fríverslunarsamningarnir eru fyrst og fremst um iðnaðarvörur. Stór hluti útflutnings umræddra landa er landbúnaðarvörur og því telur EB eðlilegt að tekið sé tillit til þeirra. Hér er einkum um að ræða ýmsa ávexti, sem nú þegar eru fluttir inn til Íslands tollfrjálst.

EFTA-ríkin eru reiðubúin til að ræða þessi atriði frekar ef bandalagið leggur fram ákveðnar tillögur þar að lútandi.

3. Sjávarafurðir

Samskipti Íslands við Evrópubandalagið á þessu sviði eru vel þekkt og hafa þeim verið gerð ítarleg skil í 4. riti Evrópustefnunefndar Alþingis, sbr. Viðauka E.

Frá því að Íslendingar gerðust aðilar að EFTA árið 1970 hafa þeir unnið að því, ásamt Norðmönnum, að auka fríverslun með fisk innan samtakanna. Nú hefur sá árangur náðst, að fríverslun mun ná til allra sjávarafurða innan EFTA frá 1. júlí 1990, með vissum aðlögunartíma fyrir einstöku fisktegundir.

Í vinnuhópi I var afstaða EFTA-ríkjanna sú að komið yrði á samskonar fríverslun með sjávarafurðir milli EFTA-ríkjanna og EB og taka á gildi innan EFTA á næsta ári.

Fulltrúar framkvæmdastjórnar EB lýstu því að, að því er bandalagið varðaði, þá væri slík fríverslun tengd öðrum þáttum hinnar sameiginlegu fiskimálastefnu þess. Fulltrúar EFTA lögðu áherslu á að slík tenging í hverjum þeim samningaviðræðum er síðar færu fram myndi ganga gegn grundvallar þjóðarhagsmunum. Í niðurstöðum stjórnarnefndar viðræðnanna sagði síðan, að af þessum ástæðum yrði nákvæmt innihald hverra þeirra ákvæða sem sett væru á þessu sviði augljóslega að verða samningsatriði.

D. Form samnings um vörur

Útvíkkun fríverslunarsamninganna eða tollabandalag

Til að ná þeim markmiðum, sem rakin hafa verið hér að framan, var einkum rætt um tvær leiðir, þ.e. útvíkkun á núgildandi fríverslunarsamningum eða myndun tollabandalags.

1. Útvíkkun fríverslunarsamninganna

Útvíkkun á núgildandi fríverslunarsamningum felur m.a. í sér útvíkkun einstakra ákvæða samninganna auk atriða sem tengjast bókunum við fríverslunarsamningana þ.e. nr. 2 um unnar landbúnaðarafurðir og nr. 6 í fríverslunarsamningi Íslands við EB, sem veitir Íslandi tollfríðindi við útflutning ýmissa sjávarafurða til ríkja bandalagsins.

Verði tengsl Íslands við EB á þessum grundvelli hefði það óverulegar breytingar í för með sér í tollamálum frá því sem nú er. Eftir tollalækkanir sem gerðar voru árið 1987 má segja að tollar hafi almennt verið felldir niður af vörum, sem fluttar eru hingað til lands frá EFTA-ríkjunum og Evrópubandalaginu. Eftir standa þó t.d. tollar af bifreiðum (10% af fólksbifreiðum, 30% af bifreiðum til vöruflutninga og annara sérstakra nota), ýmsum rafmagnstækjum til heimilisnota (sjónvörp, útvörp, eldavélar o.s.frv., 15-30%) og stórvirkum vinnuvélum (15-20%).

2. Tollabandalag

Helsti kosturinn við tollabandalag er talinn vera sá að með því sé auðveldast að koma á hindrunarlausum vöruviðskiptum þar sem um einn vörumarkað 18 ríkja yrði að ræða. Ekki þyrfti lengur að krefjast upprunavottorða og dregið yrði verulega úr ýmiss konar pappírsvinnu sem enn fylgir vöruviðskiptum.

Í viðræðunum var gengið út frá því að utan tollabandalags yrðu flestar landbúnaðarvörur, en ekki kom fram eins skýr afstaða varðandi sjávarafurðir. Þessi tvö atriði tengjast sameiginlegri stefnu bandalagsins í landbúnaðarmálum og sjávarútvegsmálum, en í henni er ekki gert ráð fyrir þátttöku ríkja utan bandalagsins, nema til komi full aðild. Verði flestum landbúnaðarafurðum og sjávarafurðum haldið utan við tollabandalag yrði það smækkuð útgáfa af raunverulegu tollabandalagi, sem snerist að mestu um iðnvarning. Í viðræðunum var rætt um það hvort slíkt tollabandalag samrýmdist ákvæðum GATT um stofnun tollabandalaga.

Tollabandalag myndi krefjast mikillar samræmingar og aðlögunar EFTA-ríkjanna og má í þessu sambandi nefna eftirfarandi:

- Tollabandalag fæli í sér að tollar EFTA-ríkjanna gagnvart ríkjum utan EFTA-ríkjanna og EB yrðu að vera hinir sömu og nú gilda hjá Evrópubandalaginu.
- Þátttaka okkar og annarra EFTA-ríkja í tollabandalagi á grundvelli sameiginlegs tolls bandalagsins, myndi leiða til breytinga á tollum af vörum sem fluttar eru inn frá löndum utan tollabandalagsins. Eftir tollalækkanir sem urðu árið 1987 urðu tollar hérlendis að meðaltali svipaðir og í öðrum EFTA-ríkjum og í EB. Á árinu 1988 var meðaltollur á Íslandi 3,2% en var 4,2% hjá Evrópubandalaginu.
- Hérlendis eru hráefni og önnur aðföng til atvinnuveganna almennt undanþegin tollum. Hækkun til samræmis tollum EB gæti leitt til hækkunar á framleiðslukostnaði eða breytinga á viðskiptum okkar við lönd utan bandalagsins, þar eð aðföngin bæru tolla ef þau væru keypt frá ríkjum utan evrópska efnahagssvæðisins.
- Tollabandalag krefst aðlögunar EFTA-ríkja að ýmsum samningum, sem EB hefur gert við ríki utan bandalagsins. Í þessu sambandi má nefna tvíhliða samninga EB við nokkur Miðjarðarhafslönd um tollívilnanir, einhliða tollívilnanir sem EB veitir þróunarríkjunum á grundvelli GSP („General System of Preferences"), einhliða skuldbindingar EB við um 60 Afríkuríki, ríki í Karabíska hafinu og í Kyrrahafi, fyrrverandi nýlendur EB-ríkja (African, Caribbean and Pacific Countries (ACP)), sérstakar tollívilnanir fyrir Færeyjar og Grænland og loks einhliða, tímabundnar tollalækkanir, sem geta verið á allt að 1.500 tollnúmerum á ári hverju.
- Auk ofangreindra samninga EB sem EFTA-ríkin yrðu að laga sig að yrði að samræma viðskiptastefnuna gagnvart ríkjum utan evrópska efnahagssvæðisins. Þetta yrði m.a. til þess að tvíhliða fríverslunarsamningar Íslendinga við önnur ríki kæmu ekki til greina og sérstakar undanþágur Íslands vegna viðskipta við ríki Austur-Evrópu yrðu líklega að falla niður.
- Valkostirnir tveir um útvíkkun núgildandi fríverslunarsamninga eða tollabandalag verða áfram til umræðu, enda meta EFTA-ríkin það svo að ekki sé tímabært að gera upp á milli þessara valkosta af þremur ástæðum:

EFTA-ríkin þurfa nánari vitneskju um möguleikann á að tryggja þátttöku EFTA-ríkjanna í ákvarðanatöku innan EES á jafnræðisgrundvelli og um sameiginlega stjórn á öllum stigum ákvarðanatöku.

Hér er um pólitíska ákvörðun að ræða sem taka þarf síðar og þá með hliðsjón af heildarsamstarfi EFTA-ríkjanna og EB.

Ekki er hægt að líta framhjá þróun mála almennt í viðskiptum, en hún gæti haft í för með sér að víðtækari fríverslun þróaðist smám saman í átt að tollabandalagi.

V Þjónustu- og fjármagnssvið

Í viðræðunum í vinnuhópi III var rætt um afnám hindrana á sviði þjónustu- og fjármagnsviðskipta. Kannaður var áhugi aðila á að skapa sameiginlegan evrópskan markað um þjónustuviðskipti, enda er hvers kyns þjónustustarfsemi stór og vaxandi þáttur í efnahagslífi allra iðnþróaðra ríkja. EFTA-ríkin lýstu sig reiðubúin að hefja viðræður við EB með það að markmiði að koma á sameiginlegu evrópsku efnahagssvæði fyrir þjónustuviðskipti og fjármagnshreyfingar. Jafnframt lýstu þau sig reiðubúin til að byggja á meginreglunum um gagnkvæma viðurkenningu, samræmingu á starfsreglum og stöðlum og eftirlit heimaríkis til þess að koma á óhindruðum þjónustuviðskiptum milli landa innan evrópska efnahagssvæðisins.

Fulltrúar Evrópubandalagsins lýstu í meginatriðum núgildandi reglum bandalagsins á sviði þjónustuviðskipta og fjármagnshreyfinga og þróun þeirra. Fulltrúar EFTA-ríkjanna töldu fært að leggja þær til grundvallar í samningaviðræðum með þeim fyrirvara að nánari skýringar skorti á ýmsum atriðum og að sérsamninga yrði að gera um einstök atriði, þar sem EFTA-ríkin væru með varanlega eða tímabundna fyrirvara. Markmið EFTA-ríkjanna væri þátttaka í mótun sameiginlegra reglna, með viðeigandi réttindum og skyldum í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar þeirra.

Í viðræðunum var sérstaklega fjallað um bankastarfsemi og aðra fjármálaþjónustu, vátryggingar, samgöngur, fjarskiptaþjónustu, rekstur upplýsingabrunna (gagnabanka) og rekstur á sviði útvarps, sjónvarps og kvikmyndagerðar („audio-visual" þjónustu). Þá var einnig fjallað um fjármagnsflutninga og fjárfestingar yfir landamæri innan EB og EFTA.

Rétt er að geta þess, að um þessar mundir fara einnig fram mikilvægar viðræður innan GATT og fjalla þær m.a. um aukið frelsi á sviði þjónustuviðskipta. Líkur eru á, að þegar þeirri samningalotu, sem kennd er við Úrúguay, lýkur á næsta ári, hafi samningar náðst um verulega aukið frelsi í þjónustuviðskiptum milli ríkja.

Útflutningstekjur Íslendinga af þjónustu námu árið 1988 samtals 23,6 milljörðum króna eða 27,7% af heildargjaldeyristekjum. Þar af námu tekjur af samgöngum og ferðamannaþjónustu 58,2%, tekjur af varnarliðinu 21,7% og tekjur af annarri þjónustu 20,1%.

Á sama ári greiddu Íslendingar fyrir þjónustu erlendis samtals 32,5 milljarða eða sem nam 34,3% af gjaldeyrisútgjöldum. Þar af var greitt fyrir ferðaþjónustu og samgöngur 57,5% en vextir af erlendum skuldum námu 28,1% og annað nam 14,4%.

Þjónustujöfnuðurinn var eins og fram kemur af framanskráðu neikvæður fyrir Íslendinga um 8,9 milljarða króna.

Við stefnumótun okkar Íslendinga á sviði þjónustuviðskipta við önnur lönd verður að hafa framangreindar tölur í huga. Samgöngur og ferðaþjónusta skipta okkur verulegu máli og sama er að segja um vaxtaútgjöld þjóðarinnar. Æskilegt er að auka sölu á þjónustu íslenskra fyrirtækja í öðrum ríkjum og stefna þarf að því að fjármagnstekjur og tekjur af fjármálaþjónustu erlendis stuðli í auknum mæli að jafnvægi í gjaldeyrismálum okkar.

Bankastarfsemi

Í reglum Evrópubandalagsins, „acquis communautaire", er gert ráð fyrir heimild banka og fjármálastofnana til þess að selja þjónustu sína yfir landamæri og til þess að starfa með fastri búsetu utan heimaríkis undir eftirliti bankaeftirlits heimaríkisins. Þetta felur í sér samræmingu á veigamiklum atriðum í löggjöf allra EFTA-ríkjanna við reglur Evrópubandalagsins.

Fulltrúar EFTA-ríkjanna hafa lýst sig fúsa til viðræðna um starfsréttindi banka og fjármálastofnana á grundvelli reglna bandalagsins, en hafa um leið gert fyrirvara vegna núgildandi ákvæða um starfsemi erlendra banka og fjármálastofnana. Þá hefur verið vakin athygli á vandamálum, sem upp kynnu að koma vegna mismunandi venja og reglna um mat á ársreikningum banka.

Samkvæmt lögum um viðskiptabanka er erlendum aðilum óheimilt að eiga hér á landi viðskiptabanka að einhverju eða öllu leyti, en með leyfi ráðherra má setja hér á fót umboðsskrifstofur fyrir erlenda banka. Í lögunum um Útvegsbanka Íslands hf. er þó heimilt að selja erlendum aðila allt að 25% hlutabréfa í bankanum. Hins vegar er rétt að geta þess, að erlendir bankar eru mjög umsvifamiklir að því er varðar lánveitingar á íslenskum markaði og fulltrúar þeirra eru tíðir gestir hjá fjármálastjórum stærri fyrirtækja og opinberra stofnana.

Það má því segja að ekki séu hömlur á frelsi erlendra banka til þess að selja útlánaþjónustu sína hér á landi, en hins vegar eru lögfestar hömlur á stofnsetningu og rekstri banka í eigu erlendra aðila.

Fjármálaþjónusta utan banka

Í viðræðunum var rætt um heimildir fjármálafyrirtækja til þess að selja þjónustu sína hvarvetna innan evrópska efnahagssvæðisins og rétt ríkisborgara aðildarríkjanna til stofnsetningar slíkra fyrirtækja hvar sem er á svæðinu. EFTA-ríkin eru reiðubúin til viðræðna um þessi atriði á sama hátt og varðandi starfsemi banka.

Ekki eru takmarkanir í íslenskum lögum varðandi eignaraðild erlendra aðila að verðbréfafyrirtækjum eða eignarleigufyrirtækjum, aðrar en þær, sem leiðir af ákvæðum hlutafélagalaga. Erlendum fyrirtækjum á sviði fjármálaþjónustu er einnig heimilt að selja þjónustu sína hér á landi með þeim takmörkunum, sem gjaldeyrislöggjöf setur á hverjum tíma. Sala íslenskra fyrirtækja á fjármálaþjónustu erlendis mun ráðast af þeim reglum, sem hér gilda á hverjum tíma um fjármagnshreyfingar milli Íslands og annarra ríkja og verður vikið að því atriði síðar í þessum kafla.

Vátryggingastarfsemi

Svipuð þróun á sér nú stað varðandi vátryggingastarfsemi innan Evrópubandalagsins og átt hefur sér stað varðandi starfsemi banka og annarra fjármálafyrirtækja. Stefnt er að því að mynda sameiginlegan markað fyrir vátryggingastarfsemi innan V-Evrópu og er það byggt á þeirri forsendu að aukin samkeppni á vátryggingamarkaði muni leiða til lækkunar iðgjalda og sparnaðar fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Reglur bandalagsins á þessu sviði eru þó komnar skemmra á veg en reglurnar um banka og fjármálastofnanir. Þær byggja á þeirri meginreglu að viðurkenndum vátryggingafélögum sé heimilt að selja þjónustu sína yfir landamæri og jafnframt er ríkisborgurum aðildarríkja heimilt að reka vátryggingafélag í öðru ríki undir eftirliti tryggingaeftirlits heimaríkis eigenda. Samkvæmt núgildandi reglum EB mega ríkisborgarar í ríki bandalagsins eiga vátryggingafélag í öðru aðildarríki. Búið er að koma á sameiginlegum markaði fyrir vátryggingar á miklum áhættum t.d. vátryggingar á flugflota flugfélaga og stóriðjuverum. Tillögur um sameiginlegan vátryggingamarkað á öðrum sviðum hafa enn ekki náð fram að ganga, en að þeim er unnið.

EFTA-ríkin hafa lýst sig reiðubúin til viðræðna á grundvelli reglna bandalagsins, en eitt þeirra, Sviss, hefur nýverið gert sérstakan tvíhliða samning við bandalagið um vátryggingar. Einstök ríki hafa gert fyrirvara t.d. hafa Finnar bent á að reglur þeirra um eiginfjárhlutfall vátryggingafélaga séu strangari en reglur bandalagsins segja til um.

Erlend vátryggingafélög geta fengið leyfi ráðherra til starfsemi hér á landi, enda séu þau viðurkennd í heimalandi sínu og hafi starfað þar í a.m.k. 5 ár. Stofnendur vátryggingafélags hérlendis skulu hins vegar vera íslenskir ríkisborgarar. Íslenskir aðilar þurfa leyfi ráðherra til þess að skipta við erlend vátryggingafélög án milligöngu íslensks vátryggingafélags.

Á hitt ber að líta, að vátryggingastarfsemi hér á landi er í nánum tengslum við vátryggingafélög erlendis. Sökum þess að íslenski markaðurinn er of smár til þess að tryggja nægilega áhættudreifingu, hafa íslensk vátryggingafélög jafnan endurtryggt erlendis og einstakir aðilar hafa fengið leyfi til þess að tryggja miklar áhættur svo sem skip og flugvélar erlendis.

Samgöngur

Fulltrúar Evrópubandalagsins lýstu þeim reglum, sem bandalagið hefur þegar sett eða eru í mótun varðandi samgöngur. Þar er um að ræða flutninga á landi með bifreiðum og járnbrautum, flutninga á ám og um skipaskurði, loftflutninga og sjóflutninga.

Fulltrúar EFTA-ríkjanna lögðu áherslu á sameiginlegan markað á sviði flutninga- og samgöngustarfsemi. Við sérstök vandamál er að glíma í Sviss og Austurríki, sem eru í þjóðleið landflutninga milli Evrópubandalagsríkjanna. Öll EFTA-ríkin hafa mikilla hagsmuna að gæta varðandi loftflutninga, en Noregur og Svíþjóð hafa þó sérstöðu sökum aðildar sinnar að SAS, en Danir sem eru í EB eiga hlut í því félagi. Norðurlandaríkin í EFTA, hafa öll mikilla hagsmuna að gæta á sviði sjóflutninga.

Þjónusta á sviði samgangna skiptir Íslendinga mjög miklu máli. Erlendum fyrirtækjum er í verulegum mæli heimil samkeppni við íslensk flutningafyrirtæki í lofti og á legi til og frá landinu. Hins vegar er hætta á því að íslensk fyrirtæki yrðu útilokuð frá því að keppa við flutningafyrirtæki frá Evrópubandalaginu á innri markaði þess, en með beitingu svokallaðra „cabotage" eða „strandflutningareglna" um flutninga á legi og í lofti milli bandalagsríkjanna yrði erlendum keppinautum bolað frá. Það er því mikilvægt fyrir okkur að flutningamarkaðurinn innan EES verði sameiginlegur og opinn fyrirtækjum og einstaklingum í öllum ríkjunum. Með því móti yrði t.d. íslenskum flugfélögum ekki mismunað í samkeppni við SAS (sem er talið EB-flugfélag), Lufthansa eða önnur Evrópuflugfélög. Einnig gætu íslensku skipafélögin keppt á jafnréttisgrundvelli um flutninga milli bandalagsríkjanna.

Önnur atriði flutningamála, sem um hefur verið rætt, skipta Íslendinga minna máli sökum legu landsins.

Fjarskiptaþjónusta

Fulltrúar Evrópubandalagsins viku að atriðum varðandi fjarskiptaþjónustu, en þar er um að ræða annars vegar afnám viðskiptahindrana í innkaupum á fjarskiptabúnaði og hins vegar frelsi til sölu á annarri þjónustu en venjulegri símaþjónustu um boðveitukerfi símafélaga á evrópska efnahagssvæðinu. Ekki er þó enn komið á samkomulag um síðarnefnda atriðið innan EB.

Fulltrúar EFTA-ríkjanna vildu ræða opinn markað fyrir fjarskiptaþjónustu á grundvelli núgildandi reglna bandalagsins og taka þátt í að móta framtíðarstefnu um málið. Í því sambandi binda EFTA-ríkin miklar vonir við alþjóðlegar stofnanir á sviði fjarskiptamála, þar sem EFTA-ríkin starfa á jafnréttisgrundvelli með ríkjum EB.

Íslendingar hafa opinn markað fyrir fjarskiptabúnað, enda engan iðnað á því sviði að vernda hér á landi. Þeim er því ekkert að vanbúnaði að samþykkja það atriði, en tæpast er raunhæft að ræða um frjálsa samkeppni um rekstur gagnanets og upplýsingaþjónustu, sem nýtir boðveitunet Pósts og síma og með öllu óvíst að til slíkra umræðna komi í bráð.

Upplýsingabrunnar (gagnabankar)

Fulltrúar Evrópubandalagsins lýstu áhuga sínum á sameiginlegum markaði fyrir rekstur upplýsingabrunna og tóku fulltrúar EFTA-ríkjanna undir það. Kváðust þeir reiðubúnir til viðræðna um uppbyggingu slíks markaðar á grundvelli reglna EB.

Vegna menningarlegrar sérstöðu Íslendinga er e.t.v. ekki raunhæft að slík starfsemi geti aflað tekna á erlendum markaði, en atvinnulíf og vísindastarfsemi hérlendis geta haft gagn af frekari aðgangi að upplýsingabrunnum nágrannalandanna, sem þegar eru notaðir í nokkrum mæli.

Rekstur á sviði útvarps, sjónvarps og kvikmyndagerðar

Undirbúningur er þegar kominn vel á veg innan Evrópubandalagsins um sameiginlega stefnu á sviði útvarps, sjónvarps og kvikmyndagerðar. Að hluta til er hér um iðnaðarpólitískt atriði að ræða, þ.e. setningu Evrópustaðla um viðtæki, senditíðni o.s.frv. og tengist það þeirri tæknibyltingu á sviði sjónvarps- og útvarpssendinga, sem nú er fyrirsjáanleg. Einnig er mikill áhugi á því að skapa aukinn markað fyrir framleiðslu bandalagsþjóðanna á útvarps- og sjónvarpsefni ásamt kvikmyndum, en m.a. hafa komið fram tillögur um sérstakan kvóta á útsendingar útvarps- og sjónvarpsstöðva, sem ætlaður er til þess að stuðla að aukinni dagskrárgerð heima fyrir á kostnað aðkeypts efnis frá löndum utan V-Evrópu.

Fulltrúar EFTA-ríkjanna lýstu sig reiðubúna til þess að vinna með Evrópubandalaginu á ýmsum sviðum sem tengjast útvarpi, sjónvarpi og kvikmyndagerð. Þeir lögðu jafnframt áherslu á hlutverk Evrópuráðsins sem sameiginlegan vettvang fyrir samvinnu á þessu sviði.

Fulltrúar EFTA-ríkjanna töldu á hinn bóginn ýmsum erfiðleikum háð að setja kvóta á útsent efni sjónvarps- og útvarpsstöðva.

Verðbréfaviðskipti og aðrar fjármagnshreyfingar milli ríkja

Í viðræðunum var all ítarlega fjallað um verðbréfaviðskipti og aðrar fjármagnshreyfingar milli landa, en frelsi í fjármagnshreyfingum er ein af grundvallarforsendum innri markaðarins.

Samkvæmt reglum Evrópubandalagsins eiga aðildarríkin að hafa aflétt öllum hömlum á fjármagnsflæði fyrir árslok 1992 í nánar tilgreindum áföngum, sem reyndar skulu að mestu hafa komið til framkvæmda fyrir árslok 1990.

Evrópubandalagið gerir ekki greinarmun á rétti til frjálsra fjármagnshreyfinga og rétti til kaupa á fyrirtækjum og fasteignum á sama hátt og gert er samkvæmt reglum OECD, en EFTA-ríkin hafa í viðræðunum gert ýmsa fyrirvara varðandi síðarnefnda atriðið. Þar má nefna fyrirvara Íslendinga varðandi rétt til fjárfestingar um nýtingu náttúruauðlinda hér á landi þ.e. á sviði fiskveiða og orkumála. Einnig fyrirvara varðandi kaup á fasteignum, en aðrar EFTA-þjóðir hafa einnig fyrirvara á því sviði. Þá hafa verið nefndir ýmsir aðrir fyrirvarar varðandi takmarkanir á fjárfestingu erlendra aðila, sem nú eru í lögum í EFTA-ríkjunum.

Fulltrúar EFTA-ríkjanna lýstu sig hins vegar reiðubúna til viðræðna um málið á almennum grundvelli og skýrt var frá því að breytingar varðandi heimildir ríkisborgara EFTA-ríkja til verðbréfakaupa og annarra fjárfestinga utan landamæra heimaríkis væru nú til athugunar í öllum ríkjunum og að hluta til nýlega komnar til framkvæmda.

Í tengslum við samningsgerð yrði nauðsynlegt að setja nýjar reglur með almennri löggjöf um heimildir erlendra aðila til fjárfestingar hérlendis og tækju reglurnar til ýmissa þeirra atriða, sem nú eru óljós. Einnig virðist í ljósi reynslunnar óþarfi að viðhalda ýmsum bönnum, sem nú eru í gildi samkvæmt ýmis konar sérlöggjöf. Ljóst er að þær reglur, sem gilt hafa um fjárfestingu erlendra aðila hér á landi hafa í framkvæmdinni verið að sljóvgast eftir því sem fleiri göt hafa fundist á þeim. Má þar t.d. nefna víðtæka eignaraðild erlendra aðila í fiskeldi hérlendis sem virðist í andstöðu við þær reglur, sem gilda á öðrum sviðum.

Um fjárfestingu íslenskra aðila erlendis er það að segja, að fjárfesting í fyrirtækjum erlendis hefur í nokkrum tilvikum verið leyfð. Hefur þar einkum verið að ræða fyrirtæki, sem hafa átt að auðvelda útflutning á íslenskum vörum og þjónustu. Nú starfa 1500–1600 manns í slíkum „íslenskum“ fyrirtækjum erlendis.

Hvað varðar heimildir til verðbréfaviðskipta milli Íslands og annarra ríkja má búast við vaxandi þrýstingi innlendra aðila á að þær verði rýmkaðar. Þar má m.a. nefna lífeyrissjóðina,

sem hafa þörf fyrir ávöxtun fjármuna í einhverjum mæli óháð sveiflum í hinu íslenska hagkerfi. Fjárstraumar til ávöxtunar erlendis gætu komið að einhverju leyti á móti fjárstraumum vegna erlendra lántaka íslenskra aðila og þannig stuðlað að jafnvægi í efnahagsmálum. Vaxtatekjur af slíkri ávöxtun kæmu einnig að hluta á móti vaxtagjöldum þjóðarbúsins erlendis. Þá gætu kaup erlendra aðila á íslenskum verðbréfum einnig orðið efnahags- og atvinnulífinu til framdráttar.

Í öðrum ríkjum EFTA er nú verið að afnema hindranir á verðbréfaviðskiptum milli ríkja en jafnframt er nauðsynlegt að setja sameiginlegar strangar reglur um útgáfu og gerð verðbréfa og eftirlit með þeirri starfsemi, til að koma í veg fyrir fjársvik.

VI Atvinnu- og búseturéttur

I. Inngangur

Í niðurstöðum stjórnarnefndar háttsettra embættismanna EFTA- ríkjanna og EB frá 20. október 1989 er talið að raunhæft sé að vinna að frjálsum atvinnu- og búseturétti launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga og fjölskyldumeðlima þeirra á evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli meginreglunnar um jafnrétti á við ríkisborgara dvalarlandsins.

EFTA-ríkin hafa jafnframt orðið þess áskynja í viðræðunum undanfarna mánuði að Evrópubandalagið telur að ekki sé hægt að skilja að frjálsan atvinnurétt og frelsi á öðrum samstarfssviðum og komi samningar um önnur svið því ekki til greina nema samningar náist um þennan þátt.

EFTA-ríkin lögðu áherslu á að vegna sérstakra aðstæðna í sumum EFTA-ríkjum væri sérstök tilhögun bæði vegna nauðsynlegrar takmörkunar á fjölda og annarra atriða, forsenda fyrir samningum á þessu sviði.

II Frjáls atvinnu- og búseturéttur innan EB

Grundvallarreglur EB um frjálsan atvinnu- og búseturétt er að finna í Rómarsamningnum (greinum 48 – 58). Í reglugerð 1612/ 1968 voru settar meginreglur um frjálsan atvinnu- og búseturétt innan EB og hafa fleiri reglugerðir og tilskipanir síðan fylgt í kjölfarið til nánari útfærslu á markmiðum Rómarsamningsins.

Meginregla EB um frjálsan atvinnu- og búseturétt innan EB kveður á um að óheimilt sé á grundvelli þjóðernis að mismuna launþegum aðildarríkjanna varðandi rétt til atvinnu, launa og annarra félagslegra réttinda. Jafnframt eiga sjálfstætt starfandi ríkisborgarar í einu aðildarríki rétt á að starfa í öðru aðildarríki við sömu skilyrði og ríkisborgarar þess ríkis þar sem starfsemin fer fram. Störf í opinberri þjónustu falla ekki undir regluna um frjálsan atvinnurétt.

Í framangreindri meginreglu felst að ríkisborgari eins aðildarríkis má fara til annars aðildarríkis og dvelja þar í ákveðinn tíma til að leita eftir atvinnu og hann má dvelja í landinu ef hann hefur fengið þar atvinnu. Hann á jafnframt að njóta sömu kjara og aðbúnaðar við vinnu og ríkisborgarar þess lands þar sem atvinnan fer fram auk þess sem hann á að hafa sömu aðstöðu til starfsþjálfunar. Ennfremur er óheimil mismunun er varðar húsnæði.

Launþegar sem flytjast á milli landa eiga að njóta sömu félagslegra réttinda og ríkisborgarar þess aðildarríkis þar sem þeir starfa hvort sem þau réttindi eru beint tengd

atvinnunni eða ekki. Þannig njóta þeir m.a. almannatryggingaréttinda og lífeyrisréttinda til jafns við innlenda aðila auk þess sem þeir hafa jafnan rétt til þátttöku í stéttarfélögum.

Innan EB hefur verið stefnt að því að fella niður þær hindranir sem verða á vegi þeirra sem hefja störf í öðru aðildarríki vegna mismundandi löggjafar um félagsleg réttindi. Í stað þess að samræma öll lög og reglur aðildarríkjanna á þessu sviði hefur verið reynt að tengja saman þau kerfi sem við lýði eru. Sú tenging hefur byggst á þremur meginreglum.

1. Aðeins er beitt lögum eins lands í hverju máli.
2. Einstaklingurinn á að halda þeim réttindum sem hann hefur öðlast áður í öðru landi auk þeirra réttinda sem hann öðlast í móttökulandinu.
3. Jafnrétti á að gilda á milli þegna aðildarríkjanna.

Til að auðvelda raunverulegt atvinnufrelsi hefur jafnframt verið leitast við að samræma reglur um gagnkvæma viðurkenningu prófa og annarra starfsskilyrða innan EB.

Mikilvæg undantekning frá meginreglunni um að ekki megi mismuna launþegum innan EB eftir þjóðerni kemur fram í reglugerð 1612/1968 um atvinnu- og búseturétt, en þar er kveðið á um að meginreglan eigi ekki við um skilyrði sem sett eru um tungumálakunnáttu vegna eðlis starfs.

Innan EB á meginreglan um að ekki megi mismuna eftir ríkisfangi einnig við um aðgang að starfsþjálfun. Starfsþjálfun hefur verið skilgreind sem öll sú menntun sem menntastofnanir veita og undirbúa einstaklinga á einn eða annan hátt fyrir framkvæmd starfs. Reglan veitir því ríkisborgurum annarra aðildarríkja forgang að t.d. háskólum og öðrum menntastofnunum umfram aðra erlenda ríkisborgara.

Nú eru fyrir EB-ráðinu þrjár tillögur framkvæmdastjórnar EB að nýjum tilskipunum til aðildarríkjanna um að setja reglur sem ætlað er að tryggja búseturétt fyrir námsfólk, eftirlaunaþega og aðra einstaklinga í aðildarríkjum EB. Ráðið hefur samþykkt að reglur um þessa hópa verði að byggja á þeirri meginreglu að þeir sem njóti búseturéttar verði ekki fjárhagsleg byrði á dvalarlandinu. Reglur verða því settar um hvern hóp fyrir sig þar sem kveðið verður á um að sérstök skilyrði varðandi fjárhag viðkomandi verða að vera uppfyllt áður en leyfi til búsetu er gefið.

III Fólksflutningar innan EB

Íbúar Evrópubandalagsins eru um 320 milljónir. Erlendir íbúar í heild eru um 13 milljónir og þar af eru um 5 milljónir ríkisborgara frá öðrum aðildarríkjum EB. Fjöldi ríkisborgara aðildarríkja EB sem vinna til frambúðar í öðrum aðildarríkjum EB er innan við 2 milljónir. (Upplýsingar úr skýrslu framkvæmdastjórnar EB um atvinnu í Evrópu 1989). Síðasta áratug hefur flutningur vinnuafls milli aðildarríkjanna minnkað og fjöldi farandverkamanna frá Spáni, Portúgal, Grikklandi og Suður-Ítalíu hefur flutt til baka á heimaslóðir.

Heildarfólksfjöldi og fjöldi búsettra innflytjenda í hverju landi

Skráð 1987	Heildar-fólksfj. Í þús.	EB-innfl.		Aðrir innfl.	
		Í þús.	% af heildar-fólksfj.	Í þús.	% af heildar-fólksfj.
Belgía	9.864,8	538,1	5,45%	315,2	3,20%
V-Þýskal.	61.170,5	1.377,4	2,25%	3.195,5	5,22%
Danmörk	5.102,0	27,0	0,53%	102,0	2,00%
Spánn	38.832,3	193,3	0,50%	141,6	0,36%
Frakkland (1982)	54.273,2	1.577,9	2,91%	2.102,6	3,87%
Bretland	56.075,0	810,0	1,45%	1.651,0	2,94%
Grikkland	9.739,6	55,3	0,57%	31,3	0,32%
Ítalía (1981)	56.556,9	91,1	0,17%	112,1	0,20%
Írland	3.543,0	61,7	1,74%	17,8	0,50%
Lúxemborg (1989)	384,2	101,6	26,44%	10,3	2,68%
Holland (1988)	14.714,2	156,9	1,06%	434,9	2,95%
Portúgal	10.270,0	23,9	0,23%	65,6	0,64%
Alls	320.525,7	5.014,2	1,56%	8.179,0	2,56%

Heimild: Skýrsla framkvæmdastjórnar EB um félagslega aðlögun innflytjenda frá ríkjum utan Evrópubandalagsins sem fá löglegan búseturétt til frambúðar. (SEC (89) 924 final, 22.6.1989)

Dönsk stjórnvöld láta almennt vel af reynslu sinni af þátttöku í vinnumarkaði EB. Þann 1. janúar 1980 voru 24.212 ríkisborgarar frá öðrum aðildarríkjum EB í Danmörku en 26.568 1. janúar 1989. Þar af voru um 10 þúsund Bretar og um 8 þúsund Þjóðverjar. Á sama tíma var áætlað að um 32 þúsund danskir ríkisborgarar væru búsettir í öðrum aðildarríkjum EB. Fleiri Danir voru því búsettir í öðrum EB-ríkjum en ríkisborgarar annarra aðildarríkja EB í Danmörku.

Lúxemborg sker sig nokkuð úr um hlutfallslegan fjölda starfsmanna frá öðrum ríkjum EB. Ástæðan er fyrst og fremst sú, að Lúxemborgarar hafa sjálfir sóst eftir erlendu vinnuafli, einkum portúgölskum byggingaverkamönnum. Einnig fylgir mikið erlent vinnuafl stofnunum EB þar í landi og erlendum bönkum og svæðaskrifstofum alþjóðlegra fyrirtækja sem þar hafa aðsetur.

IV Reglur um frjálsan atvinnu- og búseturétt innan EB með hliðsjón af íslenskum lögum

Atvinnu- og búseturéttindi.

Innan EB má ríkisborgari frá öðru aðildarríki EB koma í atvinnuleit allt að 3 mánuði. Ef hann fær vinnu, er atvinnuleyfi og dvalarleyfi veitt sjálfkrafa til 5 ára.

Sjálfstæð atvinnustarfsemi er heimil að uppfylltum sömu skilyrðum og gerð eru til eigin ríkisborgara. Dvalarleyfi er veitt til 5 ára þegar starfseminni er komið á fót.

Maki, börn og foreldrar starfsmanns eða maka fá einnig dvalarleyfi. Þjóðerni skiptir þá ekki máli.

Starfsmaður sem fer á eftirlaun eða hlýtur varanlega örorku og hefur unnið í landinu síðustu 12 mánuði og búið þar samfellt í meira en 3 ár má dvelja þar áfram ásamt fjölskyldu sinni.

Samkvæmt núgildandi **íslenskum lögum** er útlendingi óheimilt að hefja atvinnu án þess að vinnuveitandi hafi fengið atvinnuleyfi áður en viðkomandi einstaklingur komi til landsins. Fá þarf fyrirfram umsögn stéttarfélags, og undirritaður ráðningarsamningur á að vera til tiltekins tíma. Í ráðningarsamningi á að vera ákvæði um flutning viðkomandi frá Íslandi að starfstíma loknum. Atvinnuleyfi er einungis veitt í 1 ár í senn. Dvalarleyfi er forsenda útgáfu atvinnuleyfis.

Framangreindar reglur eiga ekki við um ríkisborgara annarra Norðurlanda. Árið 1954 gerðu Norðurlöndin með sér samning sem tók gildi að því er Íslendinga varðar árið 1955 þar sem Norðurlandabúar eru undanþegnir skyldu til að hafa vegabréf eða dvalarleyfi við dvöl innan Norðurlandanna. Aðild Íslands að samningi um norrænan vinnumarkað frá 6. mars 1982 tók gildi 1. ágúst 1983. Samkvæmt þeim samningi hafa ríkisborgarar Norðurlanda frjálsan atvinnurétt innan Norðurlandanna.

Ísland gerði fyrirvara við samninginn um norrænan vinnumarkað. Í 7. gr. bókunar við þann samning segir á þessa leið:

„Samningurinn skal ekki vera því til fyrirstöðu að íslensk stjórnvöld geti, í sérstökum tilvikum og að höfðu samráði við hin samningslöndin, áskilið atvinnuleyfi í því skyni að koma í veg fyrir röskun jafnvægis vegna hópflutninga starfsfólks eða meiri háttar flutninga einstaklinga, sem beinast að sérstökum svæðum, störfum eða atvinnugreinum."

Sjálfstætt atvinnuleyfi fyrir útlending er eigi veitt til lengri tíma en 2ja ára. Umsögn þarf að liggja fyrir. Atvinnurekstrarleyfi er veitt lengst til 3ja ára að fenginni umsögn. Ýmis atvinnurekstrarréttindi eru háð íslensku ríkisfangi.

Engin sérákvæði eru í íslenskri löggjöf um atvinnu- eða búseturétt fjölskyldumeðlima þeirra erlendu ríkisborgara er starfa á Íslandi. Sækja þarf um sérstakt dvalarleyfi fyrir hvern fjölskyldumeðlim. Dvöl eftir að atvinnu lýkur er háð dvalarleyfi.

Félagsleg réttindi, menntun o.fl.

Innan EB njóta ríkisborgarar EB sömu réttinda varðandi aðbúnað á vinnustað, laun, aðbúnað og önnur félagsleg réttindi. Jafnframt kveða reglur EB á um jafnan aðgang að starfsþjálfun, aðgang að skólum fyrir fjölskyldu starfsmanns og tungumálakennslu. Heimilt er að kenna annað hvort á tungumáli dvalarlandsins eða á móðurmáli viðkomandi einstaklings.

Íslensk lög um aðbúnað á vinnustað, laun, starfskjör og stéttarfélagsréttindi mismuna ekki útlendingum. Varðandi aðbúnað, húsnæði, skatta o.fl. gera íslensk lög almennt ekki greinarmun eftir ríkisfangi. Dæmi um hið gagnstæða er að útlendingar mega ekki eiga fasteign á Íslandi nema með sérstöku leyfi. Íslenska skólakerfið mismunar ekki nemendum eftir ríkisfangi. Varðandi jafnrétti kynjanna ganga íslensk lög lengra en reglur EB kveða á um.

Almannatryggingar.

EB-reglur gera ráð fyrir því að ríkisborgarar annars aðildarríkis njóti sama réttar til almannatrygginga og ríkisborgarar dvalarlandsins. Réttindatímabil sem einstaklingur hefur öðlast í fleiru en einu landi eru lögð saman og er heildartímabilið lagt til grundvallar. Réttindin eru hins vegar reiknuð hlutfallslega frá hverju landi. Einstaklingur sem hefur starfað 10 ár í Þýskalandi, 5 ár í Danmörku og 15 ár í Ítalíu fær ⅓ af réttindunum frá Þýskalandi, ⅙ frá Danmörku og ½ frá Ítalíu.

Miðað er við það innan EB að atvinnuleysisbætur komi frá því landi þar sem síðast var unnið. Á Íslandi er vikuleg skráning forsenda þess að atvinnuleysisbætur séu greiddar.

Samkvæmt reglum EB verður að vera hægt að flytja eftirlaun og fjölskyldubætur úr landi. Íslensk lög banna ekki slíka tilfærslu.

Á Íslandi eru ekki fyrir hendi möguleikar á því að ná eftirlaunaréttindum með því að safna saman tryggingatímabilum frá mismunandi löndum.

Viðurkenning prófa og starfsþjálfunar.

Innan EB hafa verið settar reglur um viðurkenningu prófa og samræmingu á þjálfunarkröfum fyrir heilbrigðisstéttir (lækna, hjúkrunarfræðinga, tannlækna, dýralækna, ljósmæður og lyfjafræðinga). Auk þess hafa verið settar reglur vegna arkitekta, lögfræðinga, flutningamanna, tryggingaumboðsmanna og tryggingamiðlara, hárgreiðslumeistara og sjálfstæðra umboðssala. Jafnframt hefur verið samþykkt almennt kerfi vegna viðurkenningar prófa úr æðri menntastofnunum að loknu námi og þjálfun í a.m.k. 3 ár.

Í þeim starfsgreinum þar sem sérstakar reglur hafa ekki verið settar fer viðurkenning prófa eftir lögum viðkomandi aðildarríkis. Í sumum tilfellum hafa verið gerðir tvíhliða samningar um viðurkenningu prófa í slíkum starfsgreinum.

Á Íslandi er viðurkenning erlendra prófa og starfsþjálfunar að jafnaði háð samþykki eða umsögn viðkomandi ráðuneytis og/eða stéttarfélags. Sjá á fylgisskjali nr. 5: Dæmi um löggildingar og starfsréttindi á Íslandi samkvæmt lögum og reglugerðum.

Þess má geta að í undirbúningi er norrænn samningur er felur í sér gagnkvæma viðurkenningu á þriggja ára námi sem veitir réttindi.

Landamæraeftirlit.

Innan EB eru í mótun reglur um einföldun landamæraeftirlits. Koma þar til álita atriði er varða tilhögun eftirlits, en einnig önnur atriði sem varða flóttamenn, eiturlyf, hryðjuverkamenn, lögreglusamvinnu, skotvopn, fornmuni, ríkisborgara landa utan bandalagsins, vegabréfaáritanir og framsal. Ísland hefur sérstöðu vegna eftirlits á ytri landamærum þar sem ekki eru til staðar sameiginleg landamæri við önnur EFTA- eða EB-ríki. Hafnir og flugvellir eru ekki taldir ytri landamæri.

Í athugun er hvernig norræna vegabréfasvæðið tengist hugsanlegri einföldun á landamæraeftirliti vegna aðildar Dana að EB.

V Niðurstöður vinnuhóps III um frjálsan atvinnu- og búseturétt

Fulltrúar EB og EFTA-ríkjanna voru ásáttir um að frjáls atvinnu- og búseturéttur væri ómissandi þáttur í heildarsamvinnu á hinu evrópska efnahagssvæði.

Gengið var út frá því að umræður um þann hluta samstarfssamnings er vörðuðu frjálsan atvinnu- og búseturétt yrðu byggðar á núverandi löggjöf EB og meginreglunni um að þeir sem leita eftir atvinnu og starfa í öðru aðildarríki njóti jafnréttis á við ríkisborgara í móttökuríkinu. Búseturéttur, að meðtöldum rétti til að koma inn í landið og dvalarrétti, mundi einnig verða hluti samnings.

Frjáls atvinnu- og búseturéttur myndi einnig fela í sér á jafnréttisgrundvelli, rétt til að hafa með höndum atvinnustarfsemi og frelsi til að veita þjónustu innan evrópska efnahagssvæðisins. Einnig myndi samningur fela í sér meginreglur um gagnkvæma viðurkenningu prófa og samræmingu á aðgangi að sérstökum störfum og sambærileg skilyrði fyrir starfsþjálfun.

Fulltrúar EFTA-ríkjanna töldu mikilvægt fyrir virkni vinnumarkaðarins á evrópska efnahagssvæðinu að þróa samvinnu á milli þeirra aðila sem hafa með höndum vinnumarkaðs-

mál. Samningur ætti að kveða á um sams konar stjórnunaraðgerðir og gilda innan EB til að stuðla að jafnvægi á vinnumarkaðinum. Slíkum aðgerðum ætti að beita á gagnkvæmisgrundvelli.

Fulltrúar EFTA-ríkjanna bentu jafnframt á að samvinna á fjölda skyldra sviða, t.d. menntamála, jafnréttis karla og kvenna, félagaréttarmála og annnarra félagslegra réttinda, væru mjög miklvæg til að árangur næðist á þessu sviði.

Fulltrúar EFTA-ríkjanna og EB voru ásáttir um að samningur sem varðar atvinnu- og búseturétt einstaklinga ætti að skapa jafnrétti til almannatryggingaréttinda. Hann yrði að fela í sér samræmingarreglur fyrir almannatryggingar, byggðar á þeim meginreglum er gilda innan EB.

Talið var að samningur varðandi frjálsan atvinnu- og búseturétt ætti að kveða á um einföldun og framkvæmd landamæraeftirlits. EFTA-ríkin hafa áhuga á að taka þátt í einföldun landamæraeftirlits stig af stigi.

EFTA-ríkin lögðu áherslu á að forsenda þess að framangreindar reglur um frjálsan atvinnu- og búseturétt giltu á hinu evrópska efnahagssvæði væri að tillit yrði tekið til sérstakra aðstæðna í sumum EFTA-ríkjum og að gert yrði ráð fyrir aðlögunartíma fyrir nauðsynlegar breytingar á löggjöf og viðeigandi samræmingu. Þannig þyrfti að semja um sérstök ákvæði fyrir Sviss þar sem hlutfall ríkisborgara EB-ríkja sem þar búa nú og starfa er mjög hátt. Samskonar tilhögun yrði að finna fyrir Liectenstein vegna smæðar landsins og hás hlutfalls útlendinga sem þar býr og starfar.

Fulltrúar Íslands gerðu sérstakan fyrirvara á fundi EFTA-ríkjanna og framkvæmdastjórnar EB 12. júlí 1989, um að „sérákvæði þyrfti til að koma í veg fyrir hugsanlega röskun vegna smæðar vinnumarkaðarins. Hvað varðar sjálfstætt starfandi fólk og rétt til að hefja starfsemi, yrði að gera vissa fyrirvara í sambandi við nýtingu á þeim auðlindum sem lífsafkoma þjóðarinnar byggist á".

Atriði er varða réttarreglur og stofnanir.

Úrlausnir varðandi réttarreglur og stofnanir almennt í samskiptum EB og EFTA-ríkjanna eru mjög mikilvægar vegna samstarfs á sviði frjáls atvinnu- og búseturéttar. Kemur þar m.a. til mikill fjöldi mála sem farið hafa fyrir EB-dómstólinn vegna túlkana á rétti einstaklinga á sviði atvinnu- og búseturéttar. Jafnframt verður nauðsynlegt að hafa sameiginlega stjórn sem sér um upplýsingamiðlun varðandi lausar stöður og umsóknir ásamt eftirliti með jafnvægi á hinum sameiginlega vinnumarkaði.

Á sviði almannatryggingamála er starfandi nefnd fulltrúa aðildarríkja EB sem hefur með höndum umsjón með samtengingu almannatryggingakerfanna. EFTA-ríkin yrðu að hafa fulltrúa í slíkri nefnd.

Athuga þarf sérstaklega tengsl alþjóðasamninga eins og samningsins um norrænan vinnumarkað við hugsanlegar framtíðarreglur í samstarfi EB og EFTA.

VI Reynsla Íslendinga af norrænum vinnumarkaði o.fl

Reynsla Íslendinga af þátttöku í hinum norræna vinnumarkaði hefur hingað til verið góð og ekki hefur þurft að beita fyrirvara þeim sem gerður var við norræna samninginn. Íslendingar búsettir á Norðurlöndum voru 1. desember 1988 tæplega 9 þús. þar af 3.050 í Danmörku. Norðurlandabúar á Íslandi voru á sama tíma tæplega 1.800 þar af 1.150 Danir. Sjá fylgiskjal nr. 6: Bréf hagsmunaaðila, dags. 8.9.1989 og svarbréf, dags. 6.10.1989.

Á Íslandi búa rúmlega 2.400 ríkisborgarar EB-ríkja, þar af um 1.150 Danir og um 1.250 frá öðrum EB-ríkjum. Í ríkjum EB búa 4.300 Íslendingar þar af 3.050 í Danmörku en 1.250 í öðrum ríkjum EB. Varðandi einstök EB-ríki og Ísland eru þessar tölur að mestu í jafnvægi

nema hér býr einn ríkisborgari frá Lúxemborg, en 261 Íslendingur þar. 4 Íslendingar búa á Írlandi en 115 Írar hér á landi. Er hér mest um að ræða írskt hjúkrunarfólk. Talsverður fjöldi Breta hefur verið ráðinn hingað í fiskvinnu eftir auglýsingum frá íslenskum fiskvinnslufyrirtækjum. Sjá fylgiskjal nr. 7: Listi yfir atvinnuleyfi gefin út á árinu 1988 og 8 fyrstu mánuði ársins 1989.

VII Þátttaka Íslands í vinnumarkaði á evrópska efnahagssvæðinu

Þegar fjallað er um frjálsan atvinnu- og búseturétt þarf að hugleiða stöðu þeirra Íslendinga sem munu leita starfa á evrópska efnahagssvæðinu í framtíðinni og þeirra sem þegar starfa þar.

Hugleiða þarf jafnframt hvort íslenskur vinnumarkaður kemur til með að hafa þörf fyrir hreyfanlegt vinnuafl í framtíðinni. Staða norræns vinnumarkaðar er óljós ef frjáls atvinnu- og búseturéttur kemst á innan evrópska efnahagssvæðisins.

Miðað er við að réttur til náms innan EES verði tengdur frjálsum atvinnu- og búseturétti. Ljóst er að fjöldi Íslendinga hefur leitað til náms í aðildarríkjum EB og öðrum EFTA-ríkjum og er því nauðsynlegt að hafa stöðu þeirra í huga.

Frjáls atvinnu- og búseturéttur er tengdur frelsi á öðrum sviðum sem eru talin forsenda sameiginlegs markaðar. Óvíst er því hversu víðtæk önnur þátttaka Íslands á evrópska efnahagssvæðinu getur orðið, ef grundvallarreglan um frjálsan atvinnu- og búseturétt verður ekki samþykkt, með þeim sérákvæðum sem nauðsynleg eru.

Vegna smæðar hins íslenska þjóðfélags verður að hugleiða hvort með þátttöku Íslendinga í frjálsum atvinnumarkaði á evrópska efnahagssvæðinu skapist hætta á neikvæðum efnahags og menningarlegum áhrifum. Atvinnuleysi í mörgum aðildarríkjum EB er mun meira en verið hefur hér á landi og í öðrum EFTA-ríkjum.

Innan EB hefur reynslan verið sú að mjög lágt hlutfall ríkisborgara aðildarríkjanna nýtir sér hinn frjálsa vinnumarkað. Formlega tekur frjáls atvinnu- og búseturéttur ekki gildi fyrir Spán og Portúgal fyrr en 1993 en þau ríki gengu í EB 1986. Reynslan hefur hins vegar verið sú að ekki hefur þurft að beita neinum takmörkunum á flutning ríkisborgara til eða frá þessum löndum þar sem atvinnuleysi hefur verið einna mest innan EB.

Reynslan hefur sýnt, að tungumál, fjarlægð og loftslag takmarka mjög flutninga fólks innan Evrópu norður á bóginn. Ásókn hefur hins vegar verið sérstaklega af hálfu eldra fólks að flytja til suðlægari landa í heitara loftslag.

Ljóst er að vegna smæðar sinnar og einhæfs atvinnulífs þolir íslenskt þjóðfélag ekki fjöldainnflutning erlends vinnuafls. Reglur EB gera ráð fyrir að hægt sé að grípa til aðgerða til að stuðla að jafnvægi á vinnumörkuðum aðildarríkjanna. Hins vegar er nauðsynlegt að Ísland hafi varanlegan fyrirvara sem gengur lengra og tryggir að einhliða sé hægt að beita fjöldatakmörkunum vegna hugsanlegrar röskunar vinnumarkaðarins.

VII Jaðarmálefni

Inngangur

Í vinnuhópi IV var fjallað um hin svokölluðu jaðarmálefni sem eru rannsóknir og þróun, umhverfismál, neytendavernd, fyrirtækjalöggjöf, lítil og meðalstór fyrirtæki, efnahagsleg og félagsleg samheldni, menntamál, félagsleg réttindi, Evrópa fólksins, ferðamál og almannavarnir. Engin veruleg efnisleg vandkvæði komu upp varðandi þessi málefni og almennt var lögð áhersla á það af báðum aðilum að þau væru ekki síður hluti af samstarfi innan evrópska efnahagssvæðisins en önnur svið sem væru til umræðu. Þau lytu sömu grundvallarreglum þrátt fyrir að þau falli ekki undir áætlunina um innri markaðinn. Samstarf er þegar fyrir hendi milli EFTA-ríkjanna og EB um mörg þessara málefna á grundvelli Lúxemborgaryfirlýsingarinnar og fullur vilji var til að styrkja það samstarf og halda því áfram.

Þar sem jaðarmálefnin verða ekki skilin úr samhengi við málefni hinna vinnuhópanna vegna skörunar lögðu EFTA-ríkin á það áherslu í viðræðum sínum við EB að þau vildu byggja þetta samstarf á sömu meginreglum og samstarfið á öðrum sviðum þ.e.a.s. á jafnræði, sameiginlegri stefnumörkun og ákvarðanatöku, þróun samræmdrar löggjafar og/eða sameiginlegra reglna, gagnkvæmri viðurkenningu á löggjöf, og þátttöku í framkvæmd sameiginlegrar stefnu og stjórnun verkefna.

Rannsóknir og þróun

Samstarf EFTA-ríkjanna við EB á sviði rannsókna og þróunar er komið lengst á veg af þeim samstarfsverkefnum, sem Lúxemborgaryfirlýsingin frá 1984 nær til. Það hófst 1988 með tvíhliða samningum milli EFTA-ríkjanna og EB um aðild að „SCIENCE“ áætlun bandalagsins. Þátttaka Íslands í áætluninni er ekki hafin þar sem rammasamningurinn um vísinda- og tæknisamstarf milli Íslands og EB var ekki undirritaður fyrr en í lok október 1989.

Það er samdóma álit bæði EFTA-ríkjanna og EB, að samstarfið hafi verið gagnlegt fyrir báða aðila og þegar sé ljóst að það verði mikill hvati þróunar vísinda og tækni í Evrópu. EFTA-ríkin stefna að því að taka þátt í öllu starfi EB á sviði rannsókna og þróunar en því marki verður náð í áföngum. Þrátt fyrir samningana um þátttöku í „SCIENCE“ áætluninni eru aðrar rannsóknaáætlanir EB ennþá lokaðar EFTA-ríkjunum en gert er ráð fyrir að þær opnist smám saman. Sérfræðinganefnd EFTA um rannsóknir og þróun ræðir nú þessa möguleika við fulltrúa EB í Lúxemborgarferlinum.

Þegar unnið var að undirbúningi þátttöku Íslands í „SCIENCE“, var því lýst yfir af hálfu Rannsóknaráðs og Vísindaráðs, að aðild að áætluninni myndi efla og auðvelda samstarf íslenskra vísindamanna við starfsbræður sína í löndum Evrópubandalagsins og verða hvetjandi fyrir vísindastarfsemi hér á landi.

Umhverfismál

Samstarf er þegar fyrir hendi á þessu sviði milli EFTA-ríkjanna og EB. Voru aðilar jákvæðir gagnvart frekara samstarfi og sammála um að taka yrði tillit til umhverfissjónarmiða á öllum sviðum samfélagsins.

Það kom fram að EB ætti erfitt með að framfylgja sameiginlegri löggjöf á þessu sviði. Innan EB er kveðið á um þessi mál í ákvæðum 130.gr. r-t. í Einingarlögunum en þar segir m.a. að markmiðið með aðgerðum EB á þessu sviði skuli vera að vernda og bæta umhverfið, vernda heilsu manna og tryggja skynsamlega nýtingu náttúruauðlinda.

EFTA-ríkin gera yfirleitt strangari kröfur um umhverfisvernd en EB og vilja halda þeim. Þau telja sig hafa mikið fram að færa til þessara mála og lögðu áherslu á samstarf á þeim sviðum þar sem sameiginlegt átak yrði báðum til góðs. Þau lýstu yfir áhuga á þátttöku í rannsókna- og þróunaráætlunum bandalagsins um umhverfismál.

Meginviðfangsefnið framundan er Umhverfismálastofnun Evrópu sem er í undirbúningi hjá EB. EFTA-ríkin hafa öll lýst yfir áhuga á aðild að stofnuninni á jafnréttisgrundvelli. Ráðgert er að EB ráðið samþykki með formlegum hætti að setja stofnunina á fót í febrúar 1990. Hlutverk stofnunarinnar verður aðallega að sjá aðildarríkjunum fyrir upplýsingum um ástand umhverfisins til að auðvelda stefnumörkun í umhverfismálum. Í tillögu framkvæmdastjórnarinnar um stofnunina er gert ráð fyrir þátttöku ríkja, sem standa utan bandalagsins. EFTA-ríkin höfðu hug á að taka þátt í stofnuninni frá upphafi en nú er hins vegar ljóst að af því verður ekki. Búist er við að þeim verði boðin þátttaka fljótlega eftir að ráðið tekur formlega ákvörðun í málinu. EFTA-ríkin telja að því fyrr sem þeim gefst tækifæri til að gerast aðilar að stofnuninni þeim mun meiri möguleika hafi þau til að hafa áhrif á stefnumörkun.

Þar sem mörg umhverfismál eru óumdeilanlega alþjóðlegs eðlis er það okkar hagsmunamál að starfa með helstu nágrannaríkjum okkar að þessum málaflokki. Verði af þátttöku Íslands í stofnuninni er æskilegt að reyna að hafa sem mest áhrif á hvaða málaflokkar fá forgang. Jafnframt verður að hafa í huga við stefnumörkun að stofnunin fari ekki að vinna að sömu verkefnum og þegar er verið að vinna að hjá öðrum alþjóðastofnunum.

Neytendavernd

Af hálfu EB var lögð áhersla á fimm grundvallarréttindi neytenda: heilsu og öryggi, rétt til skaðabóta, fræðslu og upplýsingar, áhrif neytenda og vernd fjárhagslegra hagsmuna. EB taldi töluvert hafa áunnist á þessu sviði innan bandalagsins.

EFTA-ríkin lögðu áherslu á samstarf og töldu að til að ná jafnvægi innan evrópska efnahagssvæðisins yrði að gæta hagsmuna neytenda og efla áhrif þeirra bæði innan hvers lands um sig og innan Evrópumarkaðarins. Þau undirstikuðu að í framtíðarsamstarfi yrði miðað við strangar reglur um neytendavernd og að ríki gætu sett eða haldið ströngum reglum heimafyrir. Loks lögðu EFTA-ríkin áherslu á að geta tekið þátt í áframhaldandi stefnumörkun um neytendavernd á öllum stigum.

Fyrirtækjalöggjöf

Samstarf EB á þessu sviði byggist m.a. á 58. gr. Rómarsáttmálans þar sem hugtakið fyrirtæki er skilgreint og á 3. mgr. 54. gr. þar sem fjallað er um hlutverk EB ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar varðandi rétt til að setja á stofn fyrirtæki. Þegar ný ríki hafa gerst aðilar að EB hafa þau samþykkt EB réttinn á þessu sviði án verulegra lagabreytinga.

Einn þeirra samræmingarþátta sem EB er að beita sér fyrir er þátttaka launafólks í stjórnun fyrirtækja en tillagan er enn umdeild innan EB. Tillagan gerir ráð fyrir þátttöku launafólks er vinnur hjá stórum hlutafélögum með yfir eitt þúsund starfsmenn.

Ekki er neinn grundvallarmunur á fyrirtækjalöggjöf EB og EFTA-ríkjanna og varð um það samkomulag milli aðila að EB réttur yrði lagður til grundvallar á þessu sviði. EFTA-ríkin tóku fram að fyrir ríki sem byggju við sérstakar aðstæður gæti orðið þörf á sérstökum úrlausnum og var þá t.d. átt við Ísland og Liechtenstein vegna fámennis.

Réttur sjálfstætt starfandi fólks til að hefja atvinnustarfsemi var ekki ræddur í þessum vinnuhópi heldur í þeim hópi sem fjallar um atvinnu-og búseturéttindi.

EFTA-ríkin vilja gagnkvæma viðurkenningu á sams konar löggjöf á þessu sviði og að byggt verði á meginreglunni um að ekki megi mismuna fyrirtækjum á grundvelli þjóðernis.

Þau lögðu áherslu á að komið verði á samskonar stöðlum fyrir ársreikninga fyrirtækja og grundvelli fyrir sameiningu hlutafélaga milli ríkja. Evrópskt efnahagssvæði leiddi til þess að athuga yrði þörfina á lögum til að greiða fyrir athöfnum fyrirtækja í öðrum ríkjum og samstarfi milli fyrirtækja frá mismunandi EFTA-og EB-ríkjum og jafnframt þörfina á ráðstöfunum til að tryggja jafna vernd fyrir fyrirtækin, lánadrottna, hluthafa, launþega og vinnuveitendur.

Lítil og meðalstór fyrirtæki

Viðræður um samstarf á þessu sviði eru hafnar samkvæmt Lúxemborgaryfirlýsingunni og hefur sérfræðinganefnd EFTA verið sett á fót til að taka þátt í þeim. Talið er mikilvægt að EFTA-ríkin fái aðild að þeim áætlunum sem EB hefur þegar samþykkt svo og þeim áætlunum sem verið er að móta varðandi þessi fyrirtæki. Lögð hefur verið áhersla á það af hálfu EFTA-ríkjanna að lítil og meðalstór fyrirtæki í EFTA-ríkjunum hafi sömu möguleika innan evrópska efnahagssvæðisins og fyrirtæki í aðildarríkjum EB.

Samstarf innan EB um málefni þessara fyrirtækja beinist einkum að ýmis konar þjónustu til að auðvelda þeim reksturinn, starfsstjálfun fyrir stjórnendur og upplýsingaþjónustu. Markmið EFTA-ríkjanna er full þátttaka í samstarfsverkefnum EB til stuðnings litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Vakin skal athygli á að innan EB eru fyrirtæki sem hafa innan við 500 starfsmenn talin vera í þessum flokki þannig að nær öll íslensk fyrirtæki gætu talist falla hér undir.

Efnahagsleg og félagsleg samheldni

Þessi málaflokkur fjallar aðallega um þróunaraðstoð við aðildarríkin í sunnanverðri Evrópu og lagði EB ríka áherslu á mikilvægi hans. Aðstoðin er liður í þróun innri markaðar EB og er tilgangurinn að koma í veg fyrir að efnaminni ríkin beiti varnaðarráðstöfunum sem gætu heft framgang innri markaðarins. EB taldi þrjá sjóði innan þess, Evrópska svæðaþróunarsjóðinn, Félagsmálasjóðinn og Landbúnaðarsjóðinn, vera mikilvægasta í þessu sambandi.

EFTA-ríkin sögðust vera reiðubúin að ræða á hvaða sviðum gæti orðið um samstarf að ræða innan þessa málaflokks.

Menntamál

Samstarf innan EB á sviði menntamála beinist einkum að menntun á háskólastigi, tungumálakennslu, tengslum skóla og atvinnulífs, jöfnun tækifæra stúlkna og pilta, nýju tækninni, ólæsi og öðrum námsvandamálum og menntun barna innflytjenda.

EFTA-ríkin hafa undanfarin ár lagt mikla áherslu á að fá aðild að samstarfi EB á sviði menntamála, þannig að skapa megi evrópskt menntasvæði, þar sem nemendur, kennarar, vísindamenn og aðrir, sem tengjast menntun og starfsþjálfun gætu skipst á skoðunum, lært af reynslu hvers annars og farið milli landa til náms og starfa án hindrunar.

EFTA-ríkin hafa ennfremur lýst áhuga sínum á að gerast aðilar að samkomulagi innan EB um gagnkvæma viðurkenningu prófa og starfsþjálfunar. Hér er ekki um það að ræða að steypa menntakerfi landanna í sama mót heldur viðurkenna að réttindi og próf, sem gild eru í einu landi gildi einnig í öðru að uppfylltum ákveðnum lágmarkssamræmingarkröfum t.d. námstíma. Umræður um hugsanlega aðild EFTA-ríkjanna að menntamálasamstarfi EB hafa staðið frá 1987 en fyrsta áætlunin á því sviði, sem EB hefur opnað fyrir þátttöku EFTA-ríkjanna er COMETT II, um samstarf milli háskóla og atvinnulífs á sviði tækniþróunar.

Náðst hefur samkomulag um orðalag tvíhliða samninga milli EFTA-ríkjanna og EB um þátttöku þeirra fyrrnefndu í COMETT II og er þess vænst að unnt verði að fullgilda samningana snemma á næsta ári. Annað samstarfsverkefni EB, sem EFTA-ríkin hafa mikinn áhuga á er ERASMUS áætlunin um nemenda- og kennaraskipti milli háskóla. Er þess vænst að viðræður um aðild að henni geti hafist á næsta ári.

Það er ekki hægt að leggja of mikla áherslu á mikilvægi þess að Íslendingar eigi hér eftir sem hingað til aðgang að menntastofnunum í Evrópu. Samstarf við EB á þessu sviði nú þegar getur komið í veg fyrir að síaukið samstarf milli aðildarríkja þess m.a. um nemenda- og kennaraskipti þrengi möguleika okkar.

COMETT II hefur m.a. verið kynnt fyrir þeim aðilum í Háskóla Íslands, sem fjalla um erlend samskipti og rannsóknir og tækni og telja þeir að mikill ávinningur geti orðið af þátttöku okkar í áætluninni.

Félagsleg réttindi

Fjallað er um félagsmál í 117.-128.gr. Rómarsáttmálans og þar kemur fram að aðalmarkmið EB í félagsmálum er að bæta vinnuskilyrði og lífskjör verkafólks en ætlunin er að fólk á vinnumarkaðnum hagnist á því að innri markaðurinn komist á fyrir lok 1992.

Þetta svið hefur ekki verið nákvæmlega skilgreint innan EB og ekki verið unnið mikið að félagsmálum innan þess enn sem komið er. Erfitt hefur verið að fá reglur um félagsmál samþykktar í EB ráðinu. Nú er unnið að því að semja reglur um félagsleg grundvallarréttindi. Hafa drög að þessum reglum verið rædd við aðila vinnumarkaðarins og innan EB ráðsins en loka tillögur verða ekki lagðar fram fyrr en niðurstöður hafa fengist úr viðræðunum.

EB kvaðst hafa áhuga á samstarfi við EFTA-ríkin á þessu sviði og taldi sömu grundvallarafstöðu vera ríkjandi innan EFTA-ríkjanna og EB um þessi mál.

EFTA-ríkin kváðust vera sammála EB um að auknu samstarfi á sviði viðskipta hlyti að fylgja samstarf um félagsleg réttindi í fullu samráði við aðila vinnumarkaðarins. Þau vildu leggja sitt af mörkum til þróunar félagslegra réttinda innan evrópska efnahagssvæðisins og samstarfið ætti að þeirra dómi m.a. að taka til stefnumörkunar og skilgreiningar á markmiðum.

Samstarf um félagsleg réttindi t.d. um jöfn laun kynjanna, hollustu og öryggi á vinnustöðum, réttindi fatlaðra og um aðgerðir til að auka atvinnu er jákvætt, sérstaklega með tilliti til skoðanaskipta og áhrifa á stefnumörkun.

Evrópa fólksins

Þessi málaflokkur hefur í rauninni ekki ennþá verið skilgreindur og lítið var um hann rætt. Aðilar voru þó sammála um að samhliða stækkun markaðssvæðisins hlyti að fylgja áhersla á einingu og samkennd þegna EFTA-og EB-ríkjanna.

Ferðamál

Aðalmarkmið EB er að gera ferðamál auðveldari í framkvæmd innan bandalagsins t.d. með því að afnema landamærahömlur milli aðildarríkjanna, samræma form vegabréfa, auka ráðstöfunarfé ferðamanna og auðvelda samgöngur. EB stefnir að auknu öryggi ferðamanna og samræmingu á upplýsingum í ferðamannaiðnaðinum og hvetur aðildarríkin til að dreifa ferðamannaálaginu yfir árið og höfða til mismunandi hópa ferðamanna. EB óskaði eftir samstarfi við EFTA-ríkin á þessu sviði t.d. við útgáfu sameiginlegra auglýsinga.

EFTA-ríkin vilja nálgast samstarf á þessu sviði á sem breiðustum grundvelli og hafa áhuga á að gera viðskipti á sviði ferðamála frjálsari á gagnkvæmum jafnréttisgrundvelli. Þau álíta að það sé mikilvægt hvernig Evrópa er kynnt sem ferðamannastaður fyrir ferðamönnum frá ríkjum utan Evrópu. EFTA-ríkin telja að ákvörðun EB um að bjóða þeim að taka þátt í ferðamálaári Evrópu árið 1990 sé góð byrjun á samstarfi á þessu sviði.

Markmið ferðamálaársins eru m.a. að auka ferðamannastraum innan Evrópu, frá þriðju ríkjum til Evrópu og að kynna mikilvægi ferðamannaþjónustunnar. Skipaðar hafa verið landsnefndir í öllum EFTA- og EB ríkjunum til að sjá um framkvæmd ársins. Íslenska landsnefndin hyggst leggja megináherslu á að kynna mikilvægi ferðaþjónustunnar sem atvinnugreinar og efnahagslega og menningarlega þýðingu hennar. Þá stefnir nefndin að því að auka ferðalög ungs fólks innan Evrópu.

Almannavarnir

Það kom fram að þessi mál eru komin skammt á veg innan EB og að áhuginn fyrir samstarfi innan EB á þessu sviði sé mun meiri hjá aðildarríkjunum sem liggja að Miðjarðarhafinu.

EB kvaðst stefna að því að koma upp upplýsingakerfi fyrir almannavarnir og nota m.a. gervitungl til að afla upplýsinga. Það væri einnig með áætlun um sameiginlegt neyðarsímanúmer, þjálfun sérfræðinga og sjálfboðaliða í almannavörnum.

Fulltrúar EB sögðu að hér væri átt við almannavarnir vegna náttúruhamfara og einnig vegna hörmungaratburða af mannavöldum, annarra en þeirra sem verða af völdum hernaðar.

EFTA-ríkin töldu að bæði þau og EB gætu notið góðs af samstarfi á þessu sviði vegna atburða sem ríki ein og sér væru ekki fær um að bregðast við.

Þar sem ætíð er hægt að búast við náttúruhamförum hér á landi og aldrei hægt að útiloka meiriháttar mengunarslys t.d. á hafi úti sem geta verið þess eðlis að Ísland væri ekki í stakk búið að ráða við það án aðstoðar annars staðar frá er ljóst að við höfum hagsmuna að gæta af alþjóðasamstarfi á þessu sviði.

Niðurlag

Eins og fram kemur hér að framan er greinilega um góðan samstarfsvilja að ræða bæði hjá EFTA- ríkjunum og EB um jaðarmálefnin. Fundir í starfshópi IV gengu átakalaust fyrir sig fyrir utan að aðila greindi á um heimild til að gera mismunandi strangar kröfur í umhverfis- og neytendamálum. Fulltrúar EB sögðu að EFTA-ríkin gætu ekki gert strangari kröfur á þessum sviðum að viðskiptatálmunum innan evrópska efnahagssvæðisins. Aðalágreiningur aðila í þessu efni varðaði hvort velja bæri gagnkvæma viðurkenningu á lögum eða samræmingu laga. EB hélt því fram að Cassis de Dijon meginreglan um gagnkvæma viðurkenningu á lögum gilti ekki þegar búið væri að samræma löggjöf á einhverju ákveðnu sviði. Gagnkvæm viðurkenning fæli í sér að EFTA-ríkin gætu gert strangari kröfur til sinna fyrirtækja varðandi t.d. neytendavernd, en yrðu að heimila innflutning vöru frá EB þótt EB gerði minni kröfur til sinna fyrirtækja. Ekki mætti búa til nýjar viðskiptahömlur. Hér skal bent á 36.gr. Rómarsáttmálans sem kveður á um að ríkjum sé heimilað að banna eða takmarka innflutning eða útflutning vöru ef hægt er að rökstyðja takmörkunina á grundvelli t.d. siðferðisvitundar almennings, verndunar heilsu manna, dýra eða jurta, ofl. Jafnframt 130. gr. t. í Einingarlögunum sem heimilar aðildarríkjum EB að setja strangari kröfur á sviði umhverfismála en gerðar eru sameiginlega innan EB, svo framarlega sem kröfurnar eru samræmanlegar því sem segir í Rómarsáttmálanum. EFTA-ríkin munu að sjálfsögðu ekki sætta sig við minni rétt en aðildarríki EB hafa skv. þessum tveimur greinum. Aðilar voru sammála um að reglur sem

gilda innan EB og tengjast ekki viðskiptum eiga ekki að geta hindrað að einstök ríki haldi eða setji strangari reglur.

Telja verður að það sé hagsmunamál að efla samstarf við EB á sviði jaðarmálefna ekki síður en um þau málefni sem fjallað er um í öðrum vinnuhópum. Jaðarmálefnin skarast flest öll við málefni hinna hópanna og því ekki hægt að skoða þau úr samhengi. T.d. skipta umhverfismál og neytendavernd miklu máli í sambandi við frjáls vöruviðskipti þar sem mismunandi kröfur í þessum efnum geta leitt til viðskiptatálmana í reynd. Ferðamál tengjast þjónustustarfsemi og samgöngum, menntun og félagsleg réttindi tengjast atvinnuréttindum og svo mætti lengi telja. Sérstaklega skal bent á að tilhneiging hefur verið innan EB-ríkjanna að veita þegnum hvers annars forgang við inngöngu í skóla framar námsmönnum frá öðrum ríkjum. Í þessu sambandi er brýnt að við eigum samstarf við EB og stöndum vörð um okkar hagsmuni en telja verður það sérstaklega mikilvægt að Íslendingar eigi kost á menntun í öðrum ríkjum. Með því gefst kostur á fjölbreyttari menntun og minni hætta verður á einangrun.

VIII Réttarreglur og stofnanir

Inngangur

Vinnuhópur V var kallaður til starfa í lok júlí, þegar vinnuhópar I-IV höfðu lokið störfum, til að fjalla um raunhæfa valkosti varðandi réttarreglur og stofnanir í hugsanlegu samstarfi EB og EFTA-ríkjanna á evrópska efnahagssvæðinu.

Evrópubandalagið byggir á stjórnskipun þar sem aðildarríkin taka ákvarðanir um samskipti sín í sameiginlegum stofnunum. Framkvæmdastjórn bandalagsins, sem hefur sjálfstætt ákvörðunarvald gagnvart aðildarríkjunum, hefur frumkvæði að undirbúningi að þeim reglum sem gilda eiga í samskiptum aðildarríkjanna. Ráðherraráð EB setur reglurnar en ráðfærir sig áður við Evrópuþingið. Framkvæmdastjórnin hefur jafnframt sjálfstætt eftirlit með því að aðildarríkin framfylgi EB-reglum. Fari aðildarríkin ekki eftir þeim reglum eða ágreiningur er um hvernig túlka á reglurnar er málinu vísað til dómstóls Evrópubandalagsins, en aðildarríkjunum er skylt að framfylgja niðurstöðum hans.

Skipulag EFTA byggir aðeins á einni stofnun, EFTA-ráðinu. EFTA-ráðið, þar sem hvert aðildarríki hefur eitt atkvæði, fer með framkvæmd og eftirlit EFTA-samningsins sem gildir í samskiptum ríkjanna sín á milli. Almenna reglan er sú að engar ákvarðanir eru teknar í EFTA-ráðinu nema með samþykki allra aðildarríkjanna. Framkvæmdastjóri EFTA og aðrir starfsmenn EFTA hafa ekki sjálfstætt ákvörðunarvald andstætt því sem gildir um framkvæmdastjórn EB. EFTA hefur því ekki sjálfstæða stofnun til að sjá um eftirlit með framkvæmd samningsins og enginn sjálfstæður dómstóll sker úr um deilumál.

Samstarf EFTA-ríkjanna við EB hefur verið byggt á sex tvíhliða fríverslunarsamningum sem eru svo til samhljóða. Sameiginlegar nefndir hvers EFTA-ríkis og EB hafa komið saman einu sinni til tvisvar á ári til að fara yfir og leysa þau deilumál sem hafa risið vegna framkvæmdar samninganna. Enginn einn aðili hefur því með höndum samræmda túlkun á fríverslunarsamningunum.

Samstarf EFTA-ríkjanna og EB um myndun evrópsks efnahagssvæðis mun væntanlega byggja á sömu meginreglum og gilda á þeim sviðum innan EB. Stofnsamningur um myndun

evrópsks efnahagssvæðis yrði væntanlega heildarsamningur þar sem kveðið yrði á um hvaða reglur giltu á svæðinu. Stofnsamningurinn þarf jafnframt að kveða á um hvernig eigi að setja nýjar reglur í framtíðinni. Innan EB getur EB-ráðið sett reglur sem gilda sem lög í aðildarríkjunum. Reglur sem verða settar sameiginlega fyrir allt evrópska efnahagssvæðið og ekki eru einungis tæknilegar framkvæmdareglur verða hins vegar að fara fyrir EB-ráðið annars vegar og þjóðþing aðildarríkja EFTA hins vegar. Jafnframt þarf að vera fyrir hendi kerfisbundið eftirlit með framkvæmd reglnanna og hægt verður að vera að leita úrlausna deilumála og túlkunar á reglunum á svæðinu. Innan EB getur einstaklingur sem telur rétt á sér brotinn vegna þess að ekki hafi verið farið eftir EB- reglum höfðað mál fyrir dómstólum sem dæma um réttmæti kröfu hans. Einstaklingur í EFTA-ríki yrði einnig að eiga slíkan rétt innan evrópska efnahagssvæðisins.

Þær lausnir sem leitað hefur verið eftir eiga að tengja saman stjórnskipunarkerfi EB og EFTA-ríkjanna þó þannig að sjálfstæði EB og EFTA-ríkjanna skerðist ekki. Þær lausnir sem helst hafa þótt koma til greina sem frekari umræðugrundvöllur fara hér á eftir.

1. Tegund samnings

Form og grundvallarákvæði hugsanlegs stofnsamnings EES mun mótast af endanlegum efnisþáttum hans. Umræður um þennan þátt urðu því ekki ítarlegar en eftirtalin atriði voru rædd:

a. Aðilar að stofnsamningnum myndu væntanlega verða EFTA-ríkin og Liechtenstein. Hvort EFTA sem stofnun verður aðili er ekki ljóst, en rétt er talið að halda þeim möguleika opnum ef endanlegt innihald samningsins kallar á slíka aðild. EB myndi verða aðili að samningnum en ekki er ljóst hvort aðildarríki EB yrðu einnig sjálfstæðir aðilar. Framkvæmdastjórn EB telur nægja að EB verði aðili að samningnum. Hins vegar er ljóst að aðildarríki EB verða að vera aðilar að samningnum ef undir hann falla einhver svið sem ekki falla undir ákvæði Rómarsamningsins.

b. Talið er að samningurinn ætti að vera heildarsamningur sem myndi, að eins miklu leyti og unnt væri, ná yfir sviðin fjögur, auk jaðarmála. Samningurinn ætti að gilda jafnt um samskipti EFTA og EB og um innri samskipti EFTA-ríkjanna.

c. Samningurinn ætti að vera þannig úr garði gerður að möguleikar séu fyrir þróun frekara samstarfs síðar.

d. Taka þarf afstöðu til tengsla samningsins við eldri samninga. Samningurinn í heild mun væntanlega ná til allra sameiginlegra þátta í eldri samningum EFTA-ríkjanna við EB, en umsamin réttindi í eldri samningum sem kunna að ganga lengra en EES-samningurinn myndu halda sér (til dæmis bókun nr. 6 við fríverslunarsamning Íslands við EB sem fjallar um sérstök tollfríðindi fyrir fiskútflutning frá Íslandi).

e. Athuga þarf tengsl samningsins við aðra alþjóðasamninga eins og t.d. GATT.

2. Mótun ákvarðana og ákvarðanataka innan EES

Eins og Delors forseti framkvæmdastjórnar EB benti á kallar nánara samstarf EB og EFTA-ríkjanna á sameiginlega ákvarðanatöku innan EES. EB hefur hins vegar ítrekað að sameiginleg ákvarðanataka innan EES mætti ekki hafa áhrif á forræði þess til sjálfstæðrar ákvarðanatöku. EB-reglur koma væntanlega til með að leggja megingrunn að EES-reglum. Nýjar reglur sem snerta sviðin fjögur og jaðarmálin sem settar verða innan EB varða því sameiginlega hagsmuni aðildarríkja EES. EFTA-ríkin hafa því lagt mikla áherslu á að þau geti haft áhrif á mótun þeirra reglna sem ákveðnar verða innan EB og varða EES. Umfjöllun um

mótun ákvarðana og ákvarðanatöku hefur því annars vegar snúist um áhrif EFTA-ríkjanna á ákvarðanamótun innan EB og hins vegar um sameiginlega ákvarðanatöku innan EES þar sem EFTA gæti jafnframt haft frumkvæði að setningu EES-reglna.

a. Mótun ákvarðana.

Fyrsta stig í mótun ákvörðunar.

Áður en framkvæmdastjórn EB leggur fram tillögu um reglugerð eða tilskipun ráðfærir hún sig oft óformlega við sérfræðinga aðildarríkjanna og hagsmunasamtök. Þegar nýtt og viðkvæmt efni er á ferðinni gefur framkvæmdastjórnin út skýrslu („Green Paper")þar sem settar eru fram hugmyndir um EB-reglur á viðkomandi sviði. Sérfræðingar og hagsmunaaðilar gera athugasemdir við hugmyndirnar og stundum eru haldnir sérstakir fundir með framangreindum aðilum.

Framkvæmdastjórn EB hefur lagt til að sérfræðingar og hagsmunaaðilar EFTA-ríkjanna taki þátt í því samráði sem fram fer áður en framkvæmdastjórnin setur fram tillögur til EB-ráðherraráðsins um málefni er varða EES-hagsmuni. EFTA-ríkin hafa tekið vel í þá tillögu.

Annað stig í mótun ákvörðunar.

Innan EB er tillaga að EB-reglum gerð opinber þegar hún hefur verið lögð formlega fyrir EB-ráðið. Ráðið leitar formlega samráðs við efnahags- og félagsmálanefnd EB og þing EB áður en endanleg ákvörðun er tekin.

Ráðherraráðið setur jafnframt á stofn óformlega nefnd með sérfræðingum aðildarríkjanna til skoðunar á tillögunni. Slík nefnd undirbýr umræður um tillöguna í fastafulltrúanefnd aðildarríkja EB (COREPER), sem síðan undirbýr endanlega ákvörðun í ráðherraráðinu.

EB hefur lagt til að haft verði samráð við EFTA-ríkin á sama tíma og með sömu skilyrðum og gert er þegar samráð er haft við þing EB. EFTA-ríkin hafa tekið vel í þá tillögu. Þau hafa hins vegar talið nauðsynlegt og gert tillögu um að sérfræðingar frá EFTA-ríkjunum taki jafnframt þátt í þeim sérfræðinganefndum sem starfa í tengslum við ráðherraráð EB.

EFTA-ríkin telja að því meiri sem þátttaka EFTA-ríkjanna verður í ákvarðanamótun í EB því auðveldara verði að ná sameiginlegum ákvörðunum innan EES. Jafnframt telja þau að viðeigandi þátttaka þingmanna eigi að vera í sameiginlegri ákvarðanamótun. Ekki hefur enn verið rætt með hvaða hætti slík þátttaka gæti verið.

Ein leið sem skoðuð var og margir aðilar lögðu áherslu á var að ákvörðunarferlið byggi á aðskildum EB og EFTA „stoðum" með stöðugu gagnkvæmu samráði á meðan á mótun ákvarðana stendur. Þannig verði ekki hreyft við forræði aðilanna til sjálfstæðrar ákvarðanatöku.

b. Ákvarðanataka innan EES.

EB og EFTA-ríkin eru sammála um að innan EES þurfi ákvarðanataka að vera sameiginleg. Stofnanauppbyggingin þurfi að vera í jafnvægi og hún þurfi að rúma trúverðuga sameiginlega stjórnarstofnun, eftirlitskerfi og dómstól. Þátttaka þjóðþinga og aðila í atvinnulífinu þarf jafnframt að vera tryggð. Unnt er að athuga undirstofnanir síðar.

Í stjórnarstofnuninni ætti þátttaka að vera á jafnréttisgrundvelli og báðir aðilar ættu að hafa frumkvæðisrétt.

EFTA-ríkin telja æskilegt að endanlegar ákvarðanir innan EB sem varða EES-samninginn verði ekki teknar í ráðherraráði EB fyrr en stjórnarstofnun EES hefur fjallað um málið.

c. Tegund EES-reglna.

EFTA-ríkin hafa talið að framtíðar EES-reglur myndu skiptast í eftirtalda tvo hópa:

1. Sameiginlegar grundvallarreglur sem settar yrðu í stofnsamningi EES, bókanir við hann og aðrar samþykktir sem eru óaðskiljanlegur hluti af honum svo og meiri háttar breytingar á honum.
2. Sameiginlegar afleiddar reglur sem settar yrðu á grundvelli samningsins.

Mikið af EES-reglum myndi falla undir EES-stofnsamninginn. Það þarf hins vegar að skoða nánar í hvaða formi og með hvaða hætti setja á framtíðarreglur á grundvelli samningsins. Ef allar framtíðarreglur EES verða settar með þjóðréttarsamningum sem síðan þarf að lögfesta má gera ráð fyrir að ákvarðanakerfið verði þungt í vöfum. Athuga þarf að hve miklu leyti hægt er að fela stjórnarstofnun EES ákvörðun um EES-reglur. Hluti af þeim reglum sem hér um ræðir eru tæknilegar framkvæmdareglur sem í EFTA-ríkjunum eru almennt settar með stjórnvaldsreglugerðum. Aðrar reglur þurfa þjóðþingin að samþykkja. Athuga þarf með hvaða hætti er hægt að tryggja hraða og örugga ákvarðanatöku EES-reglna í framtíðinni.

3. Bein réttaráhrif EES-reglna

a. Bein réttaráhrif innan EB.

Mörg ákvæði Rómarsamningsins og ákvæði Eb-reglugerða hafa sjálfkrafa bein réttaráhrif (direct effect) innan EB, þ.e. einstaklingur getur byggt rétt sinn á þeim eins og landslögum. Einstaklingur innan EB sem telur rétt á sér brotinn vegna þess að ekki hafi verið farið eftir EB-reglum getur höfðað mál fyrir dómstólum í aðildarríkjum EB til þess að fá rétti sínum fullnægt. Dómarinn metur síðan hvort einstaklingurinn á rétt samkvæmt reglunum og hvort sá réttur hafi verið brotinn. Einstaklingur getur því aðeins átt rétt samkvæmt EB-reglum að þær séu skýrar og óskilyrtar á svipaðan hátt og venjulegur lagatexti.

Reglur innan EB eru settar með mismunandi hætti. **EB-reglugerðir** (regulations) fá sjálfkrafa lagagildi í aðildarríkjunum þegar þær hafa verið birtar í stjórnartíðindum EB. **Tilskipanir** (directives) hafa hins vegar yfirleitt að geyma fyrirmæli til aðildarríkjanna um að setja lög um ákveðin efnisatriði. Hlíti aðildarríkin ekki slíkum fyrirmælum geta þær reglur sem tilskipanirnar kveða á um engu að síður haft bein réttaráhrif í aðildarríkjunum. **Þjóðréttarsamningar** sem EB gerir við ríki utan bandalagsins eru einnig hluti af EB-lögum og geta haft bein réttaráhrif.

b. Bein réttaráhrif innan EFTA.

Á sama hátt og innan EB verða þjóðréttarsamningar almennt hluti af landsrétti í Sviss og Austurríki. Dómarar í viðkomandi ríkjum dæma hins vegar um það hvort einstaklingar eða lögpersónur geti byggt rétt sinn á slíkum ákvæðum.

Samkvæmt norrænum rétti þarf með sérstökum lögum að ákveða að þjóðréttarsamningur hafi lagagildi. Jafnframt er hægt að taka upp í lög efni samnings, að meira eða minna leyti, og gera hann þannig að lögum. Á meðan þjóðréttarsamningur hefur ekki verið lögfestur getur dómari í viðkomandi ríkjum ekki dæmt á grundvelli ákvæða hans þar sem hann er ekki hluti af landslögum. Einstaklingur sem telur rétt á sér brotinn vegna vanefnda á þjóðréttarsamningi getur því almennt ekki fengið rétti, sem hann byggir á ákvæðum slíks samnings, framfylgt með því að fara með mál sitt fyrir dómstóla nema að hann hafi verið lögfestur. Í Noregi og Svíþjóð hafa þjóðréttarsamningar í auknum mæli verið lögfestir í heild sinni.

Hér á landi hafa þjóðréttarsamningar almennt ekki verið lögfestir. Hins vegar eru dæmi um að slíkt hafi verið gert. Þannig má nefna:

> Norðurlandasamning um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, sbr. lög nr. 29/1931, alþjóðsamning um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, sbr. lög nr. 41/1949, alþjóðasamning um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja, sbr. lög nr. 74/1966, alþjóðasamning um stjórnmálasamband, sbr. lög nr. 16/1971, alþjóðasamning um ræðissamband, sbr. lög nr. 4/1978.

Í öðrum tilvikum hafa ákvæði samninganna verið tekin upp í lög að hluta til. Þannig eru uppruna reglur fríverslunarsamninganna óbeint hluti af tollalögum nr. 55/1987.

Ákvæði þjóðréttarsamninga sem eru nægjanlega skýr og ótvíræð og ætlað er að skapa einstaklingum rétt geta þegar þau hafa verið lögfest haft bein réttaráhrif hér á landi.

c. Bein réttaráhrif EES-reglna.

Af hálfu EB hefur komið skýrt fram að bein réttaráhrif EES- reglna sé ein meginforsenda stofnunar evrópsks efnahagssvæðis (EES). Að öðrum kosti verði réttarstaða einstaklinga innan EES mun lakari í EFTA-ríkjunum en innan EB.

Þau EFTA-ríki þar sem þjóðréttarsamningar verða ekki sjálfkrafa hluti af landsrétti við fullgildingu hafa lýst því yfir að þau muni leitast við að lögfesta EES-reglur sem ætlað er að hafa bein réttaráhrif. Til að tryggja bein réttaráhrif EES- reglna þarf jafnframt að sjá til þess að reglurnar séu nægilega skýrar og ótvíræðar. Einnig má til dæmis setja sérstakt ákvæði sem kveður á um hvaða reglum sé ætlað að skapa rétt til handa einstaklingi.

Innan EB ganga EB-reglur framar landslögum. Slík regla byggir á þeirri nauðsyn að öll aðildarríki EB fullnægi skuldbindingum sínum að EB-rétti svo þau nái tilgangi sínum. Aðildarríki sem með landslögum setur lög sem brjóta í bága við EB-reglur brýtur með því samningsskuldbindingar sínar samkvæmt Rómarsamningnum og stofnar í hættu undirstöðum bandalagsins. Af sömu ástæðum þarf að koma í veg fyrir árekstra á milli landsréttar og EES-réttar. Þegar ný lög eru sett verður að kanna hvort þau brjóti í bága við skuldbindingar við önnur ríki. Fari sú athugun fram ætti að vera lítil hætta á að ný lög brjóti í bága við þjóðréttarasamninga. Slíka árekstra er hins vegar ekki hægt að útiloka. Ef sett yrðu lög í andstöðu við gildandi EES- reglur þá þyrfti að vera hægt að fá úr því skorið fyrir EES- dómstól að viðkomandi aðildarríki hafi með hinum nýju lögum brotið í bága við EES-reglurnar og að ríkið sé skuldbundið til að leiðrétta slíkt brot með afnámi hinna nýju laga.

d. Bein réttaráhrif EES-reglna að íslenskum rétti.

EES-reglur sem settar yrðu í formi þjóðréttarsamninga væri hægt að lögfesta með sérstökum lögum um leið og samningurinn væri fullgiltur. Þannig væri hægt að lögfesta stofnsamning EES sem væntanlega mun innihalda heildarreglur EES.

4. Eftirlit

a. Eftirlit innan EB.

Á leiðtogafundi EFTA í Osló í mars sl. var samþykkt að ákvarðanir sem teknar yrðu innan EES ætti að styrkja með reglum um eftirlit og fullnustu sem væru jafn virkar innan alls EES, svo og með sameiginlegu kerfi fyrir úrlausn deilumála.

Samkvæmt Rómarsamningnum fer framkvæmdastjórn EB með almennt eftirlit með fullnustu á EB-reglum. Þannig getur hún að eigin frumkvæði eða eftir beiðni aðildarríkjanna eða einstaklinga tekið til athugunar hvort aðildarríki hefur framfylgt reglum EB, t.d. hvort sett hafa verið lög í samræmi við EB- tilskipun. Framkvæmdastjórnin getur gefið aðvaranir og leitað úrlausna. Framkvæmdastjórnin fer jafnframt í samvinnu við stjórnvöld í aðildarríkjunum með sérstakt eftirlit varðandi fullnustu á reglum um samkeppni, ríkisstyrkjakerfi og sameiginlega viðskiptastefnu. Samkvæmt fyrirliggjandi tillögum um opinber innkaup mun framkvæmdastjórnin jafnframt fara með sérstakt eftirlit vegna framkvæmdar á útboðum. Eftirlit með einstaklingum og fyrirtækjum t.d. vegna fullnustu á samkeppnisreglum fer ekki fram nema í samvinnu við viðkomandi stjórnvöld í aðildarríkjunum sem í raun framkvæma eftirlitið.

Það sem mestu máli skiptir varðandi eftirlit með fullnustu á EB-reglum er að framkvæmdastjórnin getur höfðað mál um vanefndir aðildarríkis á EB-reglum fyrir dómstóli Evrópubandalagsins. Niðurstöður dómstólsins eru bindandi fyrir viðkomandi aðildarríki.

Einstaklingar hafa jafnframt ákveðið eftirlitshlutverk þar sem þeir geta höfðað mál fyrir dómstólum í aðildarríkjunum á grundvelli EB-reglna sem ótvírætt er ætlað að skapa rétt til handa einstaklingum.

b. Eftirlit innan EES.

Í viðræðum EFTA og EB hafa aðilar talið að þörf væri fyrir sjálfstætt og virkt eftirlitskerfi innan EES. Slíkt kerfi ætti að byggjast á almennu valdi til þess að fylgjast með framkvæmd samningsaðilanna á EES-reglum. Eftirlitið þurfi að vera almennt og jafnframt þurfi sérstakt eftirlit fyrir einstök svið svo sem samkeppni, ríkisstyrki og opinber innkaup. Einstaklingar þurfa að eiga aðgang að kerfinu og nauðsynlegt er að hægt verði að fylgja eftirlitinu eftir með málshöfðun fyrir sameiginlegum dómstóli.

Þrír möguleikar hafa helst verið nefndir:

1. Sameiginleg EES-stofnun.
2. Eftirlit í svæðisbundnum eftirlitsstofnunum hjá framkvæmdastjórn EB annars vegar og hjá EFTA-eftirlitsstofnun og eftirlitsstofnunum í aðildarríkjunum hins vegar. Sameiginleg stofnun myndi tengja saman svæðisstofnanirnar.
3. Eftirlit í höndum framkvæmdastjórnar EB með þátttöku fulltrúa frá öllum EFTA-ríkjunum.

EB hefur lagt áherslu á tveggja stofna kerfi eins og lýst er í lið 2. Sameiginlegri stofnun yrði þá falið að taka á móti kærum og deila þeim upp á svæðisstofnanirnar til meðferðar. Jafnframt gæti slík stofnun skorið úr um deilumál um valdsvið stofnananna. Að öðrum kosti myndi dómstóll skera úr um slík deilumál.

EFTA-ríkin hafa lagt áherslu á að skoðanir beggja um að sameiginleg stofnun í einhverju formi sé nauðsynleg og skapi góðan viðræðugrundvöll. Margt sé hins vegar ókannað um valdsvið slíkrar stofnunar. Tengsl sameiginlegrar stofnunar, svæðisstofnana og eftirlits innanlands þarf að athuga betur.

5. Lausn deilumála og samræmd túlkun

a. Nauðsyn samræmingar.

Ljóst er að vafi getur orðið um túlkun og framkvæmd EES- reglna. Bæði geta komið upp deilur á milli ríkja og jafnframt deilur á milli einstaklinga og ríkis. Því er nauðsynlegt að fyrir hendi séu einhvers konar stofnanir sem leysi úr þeim deilumálum sem kunna að rísa. Nærtækast væri að nota þá dómstóla sem fyrir hendi eru bæði í aðildarríkjunum og innan EB. Öll vandamál væru þó ekki úr sögunni. Dómstólar í mismunandi löndum gætu komist að mismunandi niðurstöðu um túlkun á sömu samningsákvæðum. Ef svo færi myndu samningarnir missa marks þar sem tilgangur þeirra er meðal annars að sömu reglur gildi innan EES. Æskilegast er að ein og sama stofnun sjái um samræmda túlkun EES-reglna sem gilda í mörgum ríkjum eins og æðsti dómstóll hvers ríkis sér um að samræma beitingu réttar innan ríkis.

b. EES-dómskerfi.

Í viðræðum EFTA og EB var talið vænlegast að úrlausn deilumála og túlkun EES-reglna fengi dómsmeðferð. EFTA- ríkin lögðu fram tillögu um að stofnaður yrði sjálfstæður EES-dómstóll þar sem allir samningsaðilar hefðu dómara. Stofnsamningur EES myndi kveða á um hvaða reglur teldust EES-reglur. Dómurinn gæti bæði starfað fullskipaður eða í deildum. EFTA- ríkin lögðu áherslu á að jafnvægis yrði gætt við skipan dómsins. Dómstóllinn myndi skera úr deilumálum ríkja er vörðuðu brot á skyldum samkvæmt EES-reglum. Jafnframt myndi dómstóllinn kveða upp bráðabirgðaúrskurði eða láta í té rökstuddar álitsgerðir um túlkun EES-reglna.

EB tók undir að lausn deilumála og túlkun EES-reglna þyrfti að fá dómsmeðferð og vera á hendi sama aðila. EB vildi að sá dómstóll sem dæma myndi í EES málum starfaði í tengslum við EB- dómstólinn þar sem þekking og reynsla dómara hans gæti nýst og kostnaður myndi sparast. EB taldi jafnframt að slíkur dómstóll ætti að fjalla um deilumál ríkja og kveða upp bráðabirgðaúrskurði um túlkun EES-reglna á sama hátt og EB-dómstóllinn. Innan EB ber dómstólum aðildarríkjanna á æðsta dómstigi að leita eftir bráðabirgðaúrskurði um túlkun EB-reglna. Rómarsamningurinn kveður ekki á um hvort bráðabirgðaúrskurðir EB-dómstólsins séu bindandi fyrir dómstóla aðildarríkjanna. Dómstóll EB hefur hins vegar komist að þeirri niðurstöðu að Rómarsáttmálann beri að túlka þannig að dómstólum sé skylt að fara eftir bráðabirgðaúrskurðum EB-dómstólsins. Telur dómstóllinn nauðsynlegt að endanleg túlkun EB-reglnanna sé á einni hendi til að markmiðum samstarfsins verði náð.

EFTA-ríkin tóku til athugunar hið mikilvæga gildi bráðabirgðaúrskurða innan EB. Hins vegar bentu þau á að bindandi gildi slíkra úrskurða fyrir dómstóla aðildarríkjanna myndi að einhverju leyti snerta fræðilega vandmeðfarna þætti sem snertu stjórnarskrár flestra EFTA-ríkjanna. Þessa þætti þyrfti því að kanna frekar svo finna mætti viðunandi lausn varðandi túlkun EES- reglna.

EFTA-ríkin og EB voru því í megindráttum sammála um nauðsyn sjálfstæðs EES-dómstóls. Mörg tæknileg atriði á þó eftir að kanna frekar sem snerta skipan og valdsvið dómstólsins og tengsl hans við EB-dómstólinn. Jafnframt þarf að kanna nánar spurninguna um bindandi gildi bráðabirgðaúrskurða um túlkun EES-reglna og/eða rökstuddar álitsgerðir.

6. Niðurstöður

Fulltrúar EFTA-ríkjanna og EB könnuðu hvaða leiðir væru hentugastar varðandi eftirlit með samningskuldbindingum, samræmda túlkun og lausn deilumála. Aðilar voru almennt sammála um lausnir varðandi bein réttaráhrif EES-reglna þó nokkur atriði væru enn óljós.

Varðandi mótun ákvarðana og ákvarðanatöku um framtíðarreglur á evrópska efnahagssvæðinu voru margir möguleikar athugaðir, þar á meðal „tveggja stoða“ kerfi sem byggði á gagnkvæmu samráði á meðan mótun ákvarðana stæði yfir. EFTA-ríkin lögðu mikla áherslu á þátt þeirra í mótun ákvarðana innan EB sem tengdust evrópska efnahagssvæðinu.

Í niðurstöðum stjórnarnefndar háttsettra embættismanna EFTA-ríkjanna og EB frá 20. október 1989 var lögð áhersla á að ekki yrði hreyft við sjálfræði aðila til sjálfstæðrar ákvarðanatöku í þeim lausnum sem lagðar yrðu til grundvallar frekari umræðu um nánara samstarf.

Fylgiskjal 1

TOLLAR Á ÚTFLUTTUM SJÁVARAFURÐUM TIL EVRÓPUBANDALAGSINS

Skipta má tollum á útfluttum sjávarafurðum til EB í þrennt: Í fyrsta lagi tollfrjálsar vörur skv. bókun nr. 6, í öðru lagi tollfríðindi, þ.e. lækkun tolla skv. sömu bókun og í þriðja lagi er um að ræða sjávarafurðir sem engra tollfríðinda njóta og standa utan við fríverslunarsamninginn frá 1972. Hér á eftir verður gerð grein fyrir í stuttu máli hver ofangreind skipting er á útflutningi einstakra sjávarafurða eins og þær eru flokkaðar samkvæmt tollskrá og upplýsingar gefnar um útflutning helstu sjávarafurða sem standa utan samningsins fyrir árið 1988.

03.01. **Lifandi fiskur.**
Engin tollfríðindi. Útflutningur árið 1988 nánast enginn.

03.02. **Fiskur, nýr eða kældur, þó ekki fiskflök og annað fiskkjöt í 03.04.**

Tollfrelsi:	Eingöngu fyrir lifur og hrogn. Útflutningur nánast enginn.
Lægri tollur:	Tollalækkun úr 15% ytri tolli í 3,7% fyrir þorsk, ýsu og ufsa og úr 8% ytri tolli í 2% fyrir karfa.
Utan samnings:	Aðallega flatfiskur.

Sundurliðun:

	Tollur %	Tonn	Millj.kr.
Skarkoli	15	9.355	509,1
Lúða	8	4.857	278,1
Annar flatfiskur	15	2.213	116,5
Lax	2	257	64,0
Steinbítur	15	2.318	87,0

03.03. **Frystur fiskur, þó ekki fiskflök og annað fiskkjöt í 03.04.**

Tollfrelsi:	Sama og fyrir 03.02. Flutt út fyrir um 23,6 millj.kr. aðallega hrogn til Bretlands og Danmerkur.
Lægri tollur:	Sama og fyrir 03.02.
Utan samnings:	Sama og 03.02.

Sundurliðun:

	Tollur %	Tonn	Millj.kr.
Lúða	8	2.366	172,2
Skarkoli	15	637	31,5
Annar flatfiskur	15	2.220	96,2
Lax	2	84	23,4

03.04. **Fiskflök og annað fiskkjöt (einnig hakkað), nýtt, kælt eða fryst.**

Tollfrelsi:	Öll fryst flök.
Lægri tollur:	Tollalækkun úr 15% í 3,7% fyrir fiskmarning (fiskhakk) úr þorski, ýsu og ufsa og úr 8% í 2% fyrir karfa.
Utan samnings:	Ný og kæld fiskflök.

Sundurliðun:

	Tollur %	Tonn	Millj.kr.
Þorskflök, fersk	18	719	94,2
Karfaflök, fersk	18	229	21,7

03.05. **Fiskur, þurrkaður, saltaður eða í saltlegi, reyktur fiskur, fiskimjöl til manneldis.**

Tollfrelsi: Eingöngu reykt hrogn og lifur. Aðallega söltuð grásleppuhrogn sem seld eru til Danmerkur og Frakklands.
Lægri tollur: Ekkert.
Utan samnings: Söltuð þorsk- og ufsaflök, skreið og saltfiskur.

Sundurliðun:

	Tollur %	Tonn	Millj.kr.
Saltaður þorskur	13	50.643	7.577,6
Söltuð þorskflök	20	2.646	498,0
Söltuð ufsaflök	16	3.216	381,0
Skreið	13	978	498,7

03.06. **Krabbadýr, einnig í skel, lifandi, ný, kæld, fryst, þurrkuð, söltuð í saltlegi o.s.frv.**

Tollfrelsi: Fryst rækja úr 12% ytri tolli í 0. Flutt út um 15.400 tonn fyrir um 2,6 milljarða króna.
Lægri tollur: Ekkert.
Utan samnings: Frystur humar, heill.

Sundurliðun:

	Tollur %	Tonn	Millj.kr.
Humar, frystur, heill	8	241	93,7

03.07. **Lindýr, einnig í skel, lifandi, fersk, kæld, fryst, þurrkuð, söltuð eða í saltlegi o.s.frv.**

Tollfrelsi: Ekkert.
Lægri tollur: Ekkert.
Utan samnings: Hörpudiskur.

Sundurliðun:

	Tollur %	Tonn	Millj.kr.
Hörpudiskur, frystur	8	159	39,8

15. kafli **Feiti og olíur úr dýra- og jurtaríkinu.**

Allur kafli 15.04., sem er feiti og olía úr fiski og sjávarspendýrum, er tollfrjáls. Annað í þessum flokki er ekki flutt út. Ytri tollur er enginn á búklýsi en 6% á meðalalýsi.

16. kafli **Framleiðsla úr kjöti, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum.**

Samkvæmt upplýsingum Sölusamtaka lagmetis má skipta tollun á útflutningi fyrirtækisins til EB í fjóra flokka:

(a) Enginn tollur, þ.e. tollfrelsi skv. bókun nr. 6 sem nær til kavíars og niðursoðins skelfisks, þ.m.t. rækju, (ytri tollur er 30% á kavíar og 20% á rækju),

(b) 7,5% tollur sem nær til unninna landbúnaðarafurða, þ.m.t. vatnafiska eins og murtu og regnbogasilungs, (ytri tollur sá sami),
(c) 10% tollur, skv. bókun nr. 6 sem nær til síldarflaka (kippers), þorsklifur, kæfu, þorskhrogna, pöstu og yfirleitt allra niðursoðinna vara sem ekki eru blandaðar öðrum efnum, t.d. grænmeti, (ytri tollur er 20%) og
(d) 20%, þ.e. vörur utan samningsins og er þar um að ræða tilbúna rétti ýmiss konar.

23. kafli **Mjöl, óhæft til manneldis úr kjöti, hlutum úr dýrum, fiski eða krabbadýrum o.s.frv.**

Allur kafli 23.01. sem nær til fiskimjöls er tollfrjáls skv. bókun nr. 6. Ytri tollur EB á fiskimjöli er 2%.

Samantekt:

Af þeim sjávarafurðum sem falla utan samningsins má helst nefna:

- saltfisk og saltfiskflök
- skreið
- flatfisk, lax, steinbít o.fl. fisktegundir
- saltsíld
- hörpudisk, humar
- tilbúna fiskrétti.

Fylgiskjal 2

ÚTFLUTNINGUR SJÁVARAFURÐA TIL EVRÓPUBANDALAGSINS 1988 OG MAT Á TOLLAÍVILNUNUM

Fob-verðm. í millj. kr.
Gengi hvers tíma

I. Sjávarafurðir sem njóta tollfríðinda skv. bókun nr. 6

Vörutegund	Tonn	Verðm.	Tollar % Ytri	Tollar Ísland
Fryst fiskflök	45.282	5.669,9	15%	0
Ferskur fiskur, heill 1)	116.768	5.545,5	8-15%	2-3,7%
Fryst rækja	7.470	2.627,6	12%	0
Fiskimjöl	73.494	1.591,0	2%	0
Loðnulýsi	54.353	597,7	6%	0
Lagmeti: niðursoðin rækja	1.438	618,4	20%	0
Lagmeti: síldarflök o.fl.	60	15,6	20%	10%
Lagmeti: grásleppukavíar	716	313,2	30%	0
Söltuð hrogn	925	155,2	11%	0
Þorskur, heilfrystur	2.244	108,9	12%	3,7%
Fiskmarningur, frystur	1.347	66,3	15%	3,7%
Þorskalýsi, meðalalýsi	377	50,2	6%	0
Fryst hrogn	376	47,2	10%	0
Karfi, heilfrystur	732	47,2	8%	2%
	305.582	17.453,9	63,3	

1) Aðallega þorskur, ýsa, ufsi og karfi. Ytri tollur er 8% á karfa en fyrir Ísland 2%. Á öðrum áðurnefndum tegundum er ytri tollur 15% en fyrir Ísland 3,7%.

II. Sjávarafurðir sem ekki njóta tollfríðinda*

Vörutegund	Tonn	Verðm.	Tollar % Ytri	Tollar Íslands
Saltfiskur, blautverkaður	52.766	7.772,5	13%	–[1]
Saltfiskflök	6.294	948,4	16-20%[2]	–
Saltfiskur, þurrkaður	434	76,4	13%	–
Skreið	980	499,0	13%	–
Flatfiskur, heilfrystur	5.327	314,6	8-15%[4]	–
Annar heilfrystur fiskur	581	34,3	15%	–
Fryst síld	5.508	186,7	0/15%[3]	–
Fersk fiskflök	1.075	134,1	18%	–
Humar, frystur	241	93,7	12%	–
Hörpudiskur, frystur	159	39,8	8%	–
Saltsíld	409	27,2	12%	–
Fryst loðna	20	0,5	15%	–
	73.794	10.127,2	36,7	
SAMTALA I. og II.	379.376	27.581,1	100,0	

Heildarútflutningur sjávarafurða ..... 43.826,2 millj. kr.
– Þar af til EB ..... 27.581,1 millj. kr. eða 62,9%

1) Merkir að tollurinn sé sá sami fyrir Ísland
2) 16% á ufsaflökum og 20% á þorskflökum
3) 15. febrúar – 15. júní ár hvert er tollurinn 0, en á öðrum árstíma 15%
4) 8% á lúðu en 15% á öðrum flatfiski

* Árið 1989 veitti EB leyfi fyrir tollfrjálsum innflutningi á 25.000 tonnum af saltfiski frá þriðju ríkjum skv. samningi innan GATT. Því til viðbótar má flytja inn til bandalagsins 49.000 tonn á 6% tolli. Íslendingar hafa á þessu ári notið að nokkru fríðinda GATT kvótans og verulegur hluti saltfisksins hefur fallið undir 6% tollinn.

III. MAT Á TOLLAÍVILNUNUM SKV. BÓKUN NR. 6

Sjávarafurðir sem falla undir bókun nr. 6

Vörutegund	Fob-verðm. í millj.kr.	Tollaívilnun %	Tollaívilnun í millj.kr. (CIF=Fob + 10%)
Fryst fiskflök	5.669,9	15%	935,5
Ferskur fiskur, heill	5.545,5	u.þ.b. 10%	610,0
Fryst rækja	2.627,6	12%	346,8
Lagmeti: niðursoðin rækja	618,4	20%	136,0
Lagmeti: grásleppukavíar	313,2	30%	103,4
Lagmeti: síldarflök o.fl.	15,6	10%	1,7
Loðnulýsi	597,7	6%	39,4
Fiskimjöl	1.591,0	2%	35,0
Söltuð hrogn	155,2	11%	18,8
Þorskur, heilfrystur	108,9	8,3%	9,9
Fiskmarningur, frystur	66,3	11,3%	8,2
Fryst hrogn	47,2	10%	5,2
Þorskalýsi, meðalalýsi	50,2	6%	3,3
Karfi, heilfrystur	47,2	6%	3,1
	17.453,9		2.256,3

ÚTFLUTNINGUR TIL EVRÓPUBANDALAGSINS 1988 Í MILLJ. KR.

	Samtals	Þar af vörur sem falla undir fríverslunarsamn. verðm.	%
Sjávarafurðir	27.581	17.454	63,3
Iðnaðarvörur	6.485	6.485	100,0
Landbúnaðarvörur	514	0	0
Aðrar vörur	1.757	0	0
	36.337	23.939	65,9

Fylgiskjal 3

I. VÖRUVIÐSKIPTI ÍSLENDINGA 1970, 1980 og 1988

1. Inn- og útflutningur eftir viðskiptasvæðum.

	Útflutningur (Fob)			Innflutningur (Cif)		
	1970 (%)	1980 (%)	1988 (%)	1970 (%)	1980 (%)	1988 (%)
EB (12 lönd)	43,2	46,9	58,9	56,2	47,4	51,5
EFTA (6 lönd)	13,3	10,4	10,1	14,6	18,8	22,2
Bandaríkin	30,0	21,6	13,6	8,2	9,4	7,5
Japan	0,1	1,5	7,6	2,9	4,0	6,9
Austur Evrópa	10,1	8,8	5,4	10,9	11,1	5,5
Önnur lönd	3,3	10,8	4,4	7,2	9,3	6,4
SAMTALS	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

2. Skipting útflutnings eftir vinnslugreinum og innflutnings eftir notkun.

(a) Útfluttar vörur eftir vinnslugreinum.

	1970 (%)	1980 (%)	1988 (%)
Sjávarafurðir	78,2	74,9	71,1
Iðnaðarvörur	17,2	21,7	22,4
Landbúnaðarafurðir	3,5	1,9	1,7
Aðrar vörur	1,1	1,5	4,8
SAMTALS	100,0	100,0	100,0

(b) Skipting innflutnings eftir notkun.

	1970 (%)	1980 (%)	1987 (%)
Neysluvörur	26,5	25,4	37,8
Fjárfestingavörur (ekki skip og flugvélar)	12,8	16,3	20,5
Hrávörur og rekstrarvörur	54,1	52,9	35,4
Skip, flugvélar og flugvélahlutar	6,6	5,4	6,3
SAMTALS	100,0	100,0	100,0

3. Viðskipti Íslands og Evrópubandalagsins.

(a) Útflutningur (Fob).

	1970 (%)	1980 (%)	1988 (%)
Sjávarafurðir	**68,1**	**70,7**	**73,5**
saltfiskur	18,5	26,1	24,2
skreið	2,8	2,5	1,4
ferskur fiskur	19,5	10,0	15,6
frystur fiskur	5,4	14,5	17,7
rækja, humar, hörpudiskur	3,2	2,9	7,6
hrogn	4,2	1,6	0,6
fiskilýsi	3,7	6,8	1,8
fiskimjöl	9,2	5,6	4,4
annað	1,7	0,6	0,2
Iðnaðarvörur	**27,6**	**26,8**	**20,3**
ál	24,2	18,4	11,1
kísiljárn	-	2,1	3,1
prjóna- og ullarvörur	0,3	3,0	0,7
kísilgúr	1,9	0,8	0,7
lagmeti	0,1	1,2	2,6
annað	1,1	1,3	2,1
Landbúnaðarafurðir	**2,7**	**1,4**	**1,4**
kjöt	1,1	0,2	-
mjólkurafurðir	0,5	0,3	0,0
ull	0,1	0,2	0,4
skinn og húðir	0,1	0,2	0,5
lax og silungur	0,0	0,2	0,3
annað	0,9	0,3	0,2
Aðrar vörur	**1,6**	**1,1**	**4,8**
SAMTALS	**100,0**	**100,0**	**100,0**

Fylgiskjal 4

TOLLAR EB Á SJÁVARAFURÐUM SAMKVÆMT SÉRSAMNINGUM VIÐ ÍSLAND, NOREG, KANADA OG FÆREYJAR

Tollnr. EB (tollskrá 1987)	Vörutegund	Ytri tollur EB	Innflutt frá: Ísland	Noregi	Kanada	Færeyjum
		%	%	%	%	%
úr:						
02.04.C.1.	Hvalkjöt, nýtt, kælt, fryst	10	0	10	10	10
03.01.B.IIb	Fiskflök, fryst	15	0	3	15	3[3]
03.01.B. I (f)	Karfi, heill, hausaður eða skorinn í stykki nýr, ísaður eða frystur	8	2	8	8	8
03.01.B. I (h)	Þorskur, heill, hausaður eða skorinn í stykki nýr, ísaður eða frystur	13.1	3.7	13.1	13.1	13.1
03.01.B. I (ij)	Ufsi, heill, hausaður eða skorinn í stykki nýr, ísaður eða frystur	15	3.7	15	15	15
03.01.B. I (k)	Ýsa, heil, hausuð eða skorin í stykki ný, ísuð eða fryst	15	3.7	15	15	15
03.01.C.	Lifur og hrogn ný, kæld, fryst	10	0	10	10	10
03.02.A.I.	Saltfiskur	13	13	13	13	13
03.02.A.II.	Saltfiskflök	20	20	20	20	20
03.02.C.	Lifur og hrogn söltuð	11	0	11	11	11
15.04.A.I.	Fisklifrarlýsi einnig hreinsað, 2500 international units af A vítamíni eða minna	6	0	6	6	6
15.04.A.II.	Annað fisklifrarlýsi einnig hreinsað	0	0	0	0	0
15.04.B.	Hvallýsi einnig hreinsað	0	0	0	0	0
15.04.C.	Annað lýsi úr fiski eða sjávarspendýrum einnig hreinsað	0	0	0	0	0
15.12.	Hert feiti úr fisk eða sjávarspendýrum einnig hreinsað en ekki frekar unnin	17	0	17	17	17
16.04.A.	Kavíar	30	0	30	30	30
16.04.C.I.	Síldarflök þakin brauðmylsnu, fryst	15	0	3	15	3[3]
16.04.C.II.	Síld tilreidd, niðursoðin eða niðurl. síldarflök ediksöltuð	20	10	20	20	4[4]
16.04.G.I.	Önnur fiskflök þakin brauðmylsnu, fryst	15	0	3	15	3[3]
16.04.G.II.	Annað tilreitt, niðurlagt eða niðursoðið fiskmeti þó ekki niðurlagður reyktur ufsi	20	10	12[1]	20	4[4]
16.05.	Krabbadýr og lindýr tilreidd niðurlögð eða niðursoðin eða fryst (prepared or preserved) þ.á m. rækjur, humar og hörpudiskur	20	0	7.5[2]	20	20[5]
23.01.	Fiskimjöl	2	0	2	2	0

SKÝRINGAR:
1. Á aðeins við niðurlagðan brisling.
2. Á aðeins við frystar rækjur.
3. Enginn tollur í Bretlandi.
4. Enginn tollur í Bretlandi.
5. Frystar, ópillaðar rækjur: 4% nema 0% til Bretlands og 0-9% til Írlands.

LÖGGILDINGAR / STARFSRÉTTINDI

Starf	Íslenskt ríkis-fang	Búseta hérlendis	Íslensku-kunnáttu kr. sérstakl.	Könnun á hæfi	Þekking á lagareglum um starf	Starfsleyfi háð mennt. hérlendis	Umsögn stéttarfél./ annarra
Lögmenn	X	X					X
Fast./skipasalar	X	X		X			
Skjalþýð/dómtúlkar				X			
Ökukennarar				X			
Uppdráttargerð4							X
Endurskoðendur		X		X			X3
Læknar2			X3	X3	X		X3
Tannlæknar			X3	X3			X
Ljósmæður2			X3				X3
Hjúkrunarfræðingar2			X3				X3
Sjúkraþjálfarar2	X1						X
Lyfjafræð./lyfsalar2	X1				X		X
Aðstoðarlyfjafræð.2	X1				X		X
Félagsráðgjafar							X
Iðjuþjálfar2	X1						X
Þroskaþjálfar							X3
Meinatæknar							X3
Sjóntækjafræðingar2	X1						X
Sjúkraliðar2							X3
Röntgentæknar2							X3
Matartæknar							X3
Lyfjatæknar							X
Heilbrigðisfulltrúar							X
Tryggingastærðfr.							
Sjúkrafluttn.menn.							X

1) Heimilt er að veita undanþágu frá þessu skilyrði.

2) Ísland hefur nú undirritað samn. um gagnkvæma viðurkenningu Norðurlanda á starfsréttindum innan heilbrigðis- og dýralæknaþjónustunnar.sem tekur m.a. yfir þessa starfsstétt.

3) Á einungis við um þau tilvik er menntunar er aflað erlendis.

4) Löggilding til aðal- og séruppdráttargerðar fyrir arkitekta, byggingafræðinga, tæknifræðinga og verkfræðinga svo og búfræðikandidata.

LÖGGILDINGAR / STARFSRÉTTINDI

Starf	Íslenskt ríkis-fang	Búseta hérlendis	Íslensku-kunnáttu kr. sérstakl.	Könnun á hæfi	Þekking á lagareglum um starf	Starfsleyfi háð mennt. hérlendis	Umsögn stéttarfél./ annarra
Næringarfræðingar	X1						X
Næringarráðgjafar	X1						X
Læknaritarar							X
Sjúkranuddarar	X1		X		X		X
Matvælafræðingar			X3		X		X3
Talmeinafræðingar	X1		X				
Tannfræðingar	X						
Tannsmiðir2	X1						X3
Matarfr. á sjúkrast.							X
Meistarar í iðn	X1	X1					X
Sveinar í iðn							
Verkfræðingar							X
Húsameistarar							X
Tæknifræðingar							X
Byggingafræðingar							X
Húsg./innanh.hönn.							X
Landslagshönnuðir							X
Dýralæknar2							X
Bókasafnsfræðingar							X3
Sálfræðingar2							X3
Viðskipta/hagfræð.							X3
Grunn./frh.sk.kenn.							X
Leiðsögumenn skipa	X						
Leiðsögumenn ferðam	X1						X3
Flugliðar			X4	X	X5		
Fiskmatsmenn							X

1) Heimilt er að veita undanþágu frá þessu skilyrði.
2) Íslendingar hafa nú undirritað samn. um gagnkvæma viðurkenningu Norðurlanda á starfsréttindum innan heilbrigðis- og dýralæknaþjónustunnar sem tekur m.a. yfir þessa starfsstétt.
3) Á einungis við ef menntunar hefur verið aflað erlendis.
4) Á ekki við um einkaflugmenn eða svifflugmenn.
5) Á ekki við um flugradíómenn.

LÖGGILDINGAR / STARFSRÉTTINDI

Starf	Íslenskt ríkis-fang	Búseta hérlendis	Íslensku-kunnáttu kr. sérstakl.	Könnun á hæfi	Þekking á lagareglum um starf	Starfsleyfi háð mennt. hérlendis	Umsögn stéttarfél./ annarra
Fiskveiðimenn	X1						
Verslunarrekstur	X	X					
Skipstjórnarmenn	X						
Vélstjórar							
Kafarar							
Iðnrekstur	X	X					
Veitingarekstur		X					
Hvalveiðar	X						
Dýraveið. á eignarl.	X						
Dýrav. á alm./afrétt.							
Fuglaveið. á eign.l.	X						
Fuglav. á alm./afr.	X						
Veiði í ám og vötn.	X						
Nám jarðefna	X1						
Náttúrurannsóknir	X1						X2
Ostrurækt							
Blaðaútgáfa	X	X					
Ritstjórn blaða	X	X					
Útvarpsrekstur	X						

1) Heimilt er að veita undanþágu frá þessu skilyrði.
2) Á einungis við ef menntunar er aflað erlendis.

Fylgiskjal 6

A. Bréf Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna til utanríkisráðuneytisins, dags. 8. september 1989.

„Í framhaldi af umræðum á fundi undirnefndar samráðsnefndar stjórnvalda og hagsmunaaðila um samvinnu EFTA og EB á sviði atvinnu- og búseturéttinda, 21. ágúst s.l., er hér með komið á framfæri eftirfarandi spurningum fulltrúa Alþýðusambands Íslands, Vinnveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna um óhindraðan búsetu- og atvinnurétt einstaklinga.

1) Hver er reynsla okkar af þátttöku í norrænum vinnumarkaði frá árinu 1983?
   1a) Hefur nokkurn tíma komið til greina að grípa til einhverra aðgerða vegna aðflutnings vinnuafls frá Norðurlöndum skv. þeim fyrirvörum sem Ísland hefur sett um aðild að sameiginlegum vinnumarkaði á Norðurlöndum?
   1b) Hve margir Íslendingar hafa nýtt sér réttindi til að starfa á Norðurlöndum á þessu tímabili?
   1c) Hversu margir íbúar hinna Norðurlandanna hafa komið til starfa á Íslandi?
2) Hver er reynslan af frjálsum flutningum vinnuafls innan EB frá 1958?
   2a) Urðu verulegar breytingar við inngöngu Grikklands (1981) eða Spánar og Portúgals (1986)?
   2b) Hver er reynsla Dana af þátttöku í frjálsum vinnumarkaði EB?
      - Hefur orðið fjölgun á EB-borgurum á dönskum vinnumarkaði og þá frá hvaða EB-löndum helst og í hvaða störfum?
      - Hafa Danir þurft að grípa til einhverra ráðstafana vegna tilflutnings vinnuafls frá öðrum löndum EB?
      - Má ætla að fullkomið tryggingakerfi hafi orðið til þess að auka aðflutning EB-borgara til Danmerkur?
      - Að hvaða marki hafa Danir notfært sér frelsi varðandi búsetu- og atvinnuréttindi innan EB?
3) Hver er munurinn (í aðalatriðum) á löggjöf EB um frjálsan vinnumarkað og þeim reglum sem gilda um sameiginlegan vinnumarkað á Norðurlöndum?

Óskað er svara utanríkisráðuneytisins við fyrrgreindum spurningum við fyrstu hentugleika."

B. Svar utanríkisráðuneytisins við bréfi Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna, dags. 6. október 1989.

„Í meðfylgjandi bréfi dags. 8. september s.l. eru lagðar fram ýmsar spurningar fulltrúa Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna í undirnefnd samráðsnefndar stjórnvalda og hagsmunaaðila um samvinnu EFTA og EB á sviði atvinnu- og búseturéttinda um óhindraðan búsetu- og atvinnurétt einstaklinga. Varðandi svör við þessum spurningum vill ráðuneytið taka fram eftirfarandi:

1) Almennt má segja að reynsla okkar af þátttöku í norrænum vinnumarkaði frá árinu 1983 sé góð og að engin stór vandamál hafi komið upp á þessum 6 árum. Íslendingar hafa hlutfallslega notfært sér norræna vinnumarkaðinn meira en hinar Norðurlandaþjóðirnar.
   1a) Af hálfu félagsmálaráðuneytisins hefur ekki komið til greina að beita þessu ákvæði. Rétt er þó að geta þess að einu sinni frá gildistöku samningsins hefur félagsmálaráðuneytinu borist óformleg fyrirspurn varðandi beitingu umrædds ákvæðis, en atvik voru með þeim hætti að ráðuneytið taldi þau ekki falla undir 3. tl. bréfs þess til Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Alþýðusambands Íslands dags. 20. nóvember 1981, sem hljóðar svo:

„Í sambandi við beitingu þeirra heimilda, sem felast í ákvæði 7. tl. staflið f, ef samþykkt verður af ráðherranefndinni, mun ráðuneytið taka mið af rökstuddum tillögum samtakanna innan þeirra marka, sem lög setja og ákvæðið heimilar."

1b) Ekki er unnt að svara þessari spurningu, þar sem tölur eru einungis fyrirliggjandi um heildarfjölda Íslendinga á ári hverju á hinum Norðurlöndunum. Þeir þurfa hvorki dvalar- né atvinnuleyfi en flytja yfirleitt lögheimili. Þar er ekki unnt að sjá hve margir Íslendingar hafa nýtt sér réttindi til að starfa á Norðurlöndunum, hvort heldur er tímabundið eða um árabil. Íslenskir ríkisborgarar með lögheimili á Norðurlöndum voru árið 1980 7481, árið 1985 8633 og árið 1988 alls 8996.

1c) Þessu er erfitt að svara af nákvæmni. Ríkisborgarar hinna Norðurlandanna þurfa ekki leyfi til dvalar og vinnu hér á landi og eru því ekki háðir eftirliti né skráningu. Þeir sem komu til lengri dvalar koma með samnorrænt flutningsvottorð og öðlast lögheimili hér á landi meðan á dvöl stendur. Samkvæmt tölum Hagstofunnar verður ekki séð að ríkisborgurum hinna Norðurlandanna hafi fjölgað umtalsvert hér á landi eftir gildistöku samningsins. Þannig er talið að 1380 Norðurlandabúar hafi verið búsettir hér á landi árið 1980 en 1560 árið 1987. Fjölgun Norðurlandabúa hér á landi á þessu tímabili er þó vafalaust nokkru meiri en þessar tölur benda til, þar sem þeir sem koma til skemmri dvalar koma sjaldnast með flutningsvottorð.

2) Reynslan af frjálsum flutningum vinnuafls innan EB frá 1958 hefur að mati framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins almennt verið góð.

2a) Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins hafa litlar breytingar orðið á flutningi fólks á milli landa innan EB við inngöngu Grikklands (1981) og Spánar og Portúgals (1986). Sem dæmi má nefna að fjöldi erlendra ríkisborgara frá ofangreindum löndum í eftirtöldum löndum á árunum 1985-1987 hefur verið:

		1985	1986	1987
Í Belgíu:	frá Grikklandi	20.701	19.345	19.194
	frá Portúgal	10.392	9.454	9.874
	frá Spáni	55.141	51.154	50.760
Í Þýskalandi:	frá Grikklandi	280.600	278.500	279.900
	frá Portúgal	77.000	78.200	79.200
	frá Spáni	152.800	150.500	147.100

Á meðfylgjandi töflum má sjá fleiri tölur um erlenda ríkisborgara innan einstaka ríkja EB (fylgiskjal I – ekki prentað hér) en þessar tölur staðfesta upplýsingar frá framkvæmdastjórn EB að um litlar breytingar hafi verið að ræða þrátt fyrir aðild Grikklands, Spánar og Portúgal að bandalaginu. Eins og fulltrúi framkvæmdastjórnar EB benti á eru Spánn og Portúgal á aðlögunartíma fram til ársins 1992, en það hafa engar takmarkanir verið settar á flutning ríkisborgara þeirra innan EB, svo að þær tölur sem gefnar eru upp eru taldar gefa rétta mynd af þátttöku þeirra í innri markaði bandalagsins hvað varðar frjálsan búsetu- og atvinnurétt.

2b) Dönsk stjórnvöld láta almennt vel af reynslu sinni af þátttöku í frjálsum vinnumarkaði innan EB.

- Fjöldi ríkisborgara frá EB-ríkjunum á dönskum vinnumarkaði var 1. janúar 1980 24.212 og 1. janúar 1988 var fjöldinn 26.875. Flestir eru frá Bretlandi og V-Þýskalandi og 1. janúar 1988 voru Bretarnir 10.096 talsins og V-Þjóðverjar 8.320, sbr. meðfylgjandi töflu danska félagsmálaráðuneytisins (fylgiskjal II – ekki prentað hér). Á sama tíma var áætlað að um 32.000 danskir ríkisborgarar væru búsettir í öðrum aðildarríkjum EB. Upplýsingar um fjölda í hverri starfsgrein eru ekki fyrir hendi, en hlutfall ófaglærðra verkamanna er svipað því sem gerist hjá öðrum

aðildarríkjum EB. Eins og sjá má á ofangreindum tölum flytja fleiri Danir til EB-landanna en ríkisborgarar annarra EB-ríkja til Danmerkur. Sömu sögu er að segja um flutning Dana til hinna Norðurlandanna og flutning borgara þeirra til Danmerkur.

- Vegna þess að fjölgunin hefur ekki verið mikil hafa dönsk stjórnvöld ekki þurft að grípa til neinna ráðstafana vegna tilflutnings þessa vinnuafls.
- Að mati danskra stjórnvalda eykur fullkomið tryggingakerfi Dana ekki flutning ríkisborgara annarra EB-ríkja til Danmerkur. Áður en Danir gerðust aðilar að EB áttu bæði Danir og erlendir ríkisborgarar í landinu rétt á ellilífeyri þegar þeir náðu 67 ára aldri. Lögunum var breytt árið 1972 þannig að krafist var 40 ára búsetu í Danmörku til þess að öðlast fullan ellilífeyri. Skemmri búseta veitir hlutfallslega lægri ellilífeyri.
- Spurningunni um að hvaða marki Danir hafi notfært sér frelsi varðandi búsetu- og atvinnuréttindi innan EB er svarað með því að benda á að fleiri Danir hafa flutt til EB-landanna en ríkisborgarar annarra EB-ríkja til Danmerkur.

3) Samanburður á vinnumarkaði Norðurlanda og Evrópubandalagsins:

Forsenda frjáls flæðis vinnuafls er:

1. Réttur til atvinnu án atvinnuleyfis (og dvalarleyfis).
2. Trygging fyrir jafnrétti með tilliti til vinnu og aðbúnaðar.
3. Réttur til almannatrygginga.

Ennfremur má segja að upplýsingar um atvinnuástand og almenn afkomuskilyrði, auk viðurkenningar á menntun séu einnig mikilvæg forsenda.

Athuga ber að frjálst flæði fólks innan EB byggir á atvinnu en á Norðurlöndunum þarf hvorki dvalar- né atvinnuleyfi fyrir einstaklinga.

Lagalegur rammi vinnumarkaða.

EB - Kveðið er á um jafnrétti hvað varðar aðgang að atvinnu. Bannað er að mismuna í gegnum t.d. heilbrigðiskröfur og fagþekkingu sem einungis eru gerðar til annarra EB borgara. Krafa um tungumálakunnáttu, vegna eðlis starfsins flokkast ekki undir þetta.

Takmarkað hvaða fjölskyldumeðlimir mega fylgja starfsmanni, aðeins maki, forfeður og afkomendur.

Norðurlönd - ekki þörf á atvinnuleyfi (né dvalarleyfi).

Ákvæði um vinnumarkaðinn í landi hverju mega ekki gera ríkisborgara annarra samningslanda verr setta en eigin ríkisborgara landsins.

Vinnumiðlun.

EB - Vinnumiðlun fer fram í gegnum stjórnvöld vinnumála.

Norðurlönd - Vinnumiðlun sveitarfélaga og er beint samband milli þeirra. Ísland þó undanskilið fer fram í gegnum félagsmálaráðuneytið.

Takmarkanir.

EB - tekur ekki til opinberra starfsmanna.

Norðurlönd - Heimilt að setja sérstök ákvæði um opinbera starfsmenn án þess að það brjóti í bága við samninga.

Vinnumarkaðsaðgerðir (t.d. starfsmenntun).

Takmörkun bæði í EB og Norðurlöndum hvað varðar rétt til þátttöku.

Félagslegt öryggi - atvinnuleysisbætur.

EB - Sá sem hefur orðið atvinnulaus í einu landi og leitað atvinnu í minnst 4 vikur getur farið til annars EB lands og verið á atvinnuleysisbótum allt að 3 mánuði frá síðasta starfslandi.

Í grundvallaratriðum nýtur starfsmaður sama réttar til almannatrygginga og ríkisborgarar starfslandsins.

Ef beitt er löggjöf eins lands njóta ríkisborgarar hinna Norðurlandanna jafnréttis, nema það sé undanþegið í sáttmálanum um félagslegt öryggi.

Ekki samskonar ákvæði og hjá EB um atvinnuleysisbætur.

Löggilding og viðurkenning prófa.

EB - Heilbrigðisstéttir og nokkrar aðrar hafa hlotið viðurkenningu.

Nú liggur fyrir stefnumörkun um gagnkvæma viðurkenningu vegna 3ja ára framhaldsmenntunar. Það land sem vefengir umrædda menntun hefur sönnunarbyrði um að hún sé ekki fullnægjandi.

Norðurlönd - Samanburður á menntun hefur ekki verið athuguð ein sér, en aðeins gagnkvæm viðurkenning á vissum sviðum (heilbrigðissviðum, grunnskólakennslu).

Í undirbúningi viðurkenning á nokkrum sjálfstætt starfandi starfsgreinum, svo sem lögmönnum, endurskoðendum, arkitektum, hótel- og veitingahúsaeigendum, verðbréfasölum, fasteignasölum og þeim sem setja upp hitamiðstöðvar. Ennfremur er verið að undirbúa viðurkenningu á þriggja ára framhaldsnámi sem gefur réttindi.

Löggildingar tíðkast í ríkari mæli á Íslandi.

Tölfræðiupplýsingar um vinnumarkað. Ekki sambærilegar tölur fyrir EB og Norðurlöndin. Norðurlönd telja sínar tölur og upplýsingar skýrari. Þróa þyrfti sambærilegar upplýsingar á alþjóðavettvangi.

Almennt.

Innan EB er hreyfing vinnuafls milli landa nokkuð stöðug og virðist í vaxandi mæli taka mið af alþjóðlegum fyrirtækjum, menntun og meira sambandi og samskiptum milli íbúa landanna.

Ekki eru lengur afgerandi flutningar vegna atvinnuleysis í einu landi (ófaglært fólk).

Flutningar fólks innan Norðurlanda hafa verið í nokkru jafnvægi undanfarin ár."

Listi yfir atvinnuleyfi gefin út á árinu 1988 og 8 fyrstu mánuði árs 1989.

Janúar	1988	114	leyfi	70	Evrópubúar
Febrúar	1988	212	"	130	"
Mars	1988	91	"	62	"
Apríl og maí	1988	206	"	125	"
Júní	1988	273	"	197	"
Júlí	1988	110	"	70	"
Ágúst	1988	127	"	76	"
Sept. og okt.	1988	358	"	232	"
Nóvember	1988	170	"	124	"
Desember	1988	123	"	74	"
	Alls:	1784	leyfi	1160	Evrópubúar

Janúar	1989	52	leyfi	38	
Febrúar	1989	201	"	136	
Mars	1989	91	"	41	
Apríl	1989	127	"	84	
Maí	1989	88	"	63	
Júní	1989	221	"	153	
Júlí	1989	140	"	82	
Ágúst	1989	156	"	107	
	Alls:	1076	leyfi	704	Evrópubúar

Breskir ríkisborgarar	1988	531	1989	219
Grískir ríkisborgarar	1988	1	1989	0
Ítalskir ríkisborgarar	1988	23	1989	7
Hollenskir ríkisborg.	1988	59	1989	29
Belgískir ríkisborgarar	1988	6	1989	6
Franskir ríkisborgarar	1988	46	1989	28
Írskir ríkiborgarar	1988	114	1989	56
Þýskir ríkisborgarar	1988	136	1989	100
Portúgalskir ríkisborg.	1988	32	1989	21
Spænskir ríkisborgarar	1988	53	1989	33
EB-lönd samtals:	1988	1001	1989	499

Félagsmálaráðuneytið, 28. sept. 1989.

Viðauki A

SAMNINGUR
um stofnun fríverzlunarsamtaka Evrópu [1])

Lýðveldið Austurríki, konungsríkið Danmörk, konungsríkið Noregur, lýðveldið Portúgal, konungsríkið Svíþjóð, Svissneska ríkjasambandið, og hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretland og Norður-Írland: [2]),[3]),[4]),[5])

sem hafa hliðsjón af samningnum um Efnahagssamvinnu Evrópu frá 16. apríl 1948, er grundvallaði Efnahagssamvinnustofnum Evrópu (OEEC);

og hafa ákveðið að halda áfram og efla þá samvinnu, er sú stofnun kom á fót;

og eru einhuga um að stuðla sem fyrst að stofnun samtaka margra aðila til að afnema viðskiptahömlur og efla nánari efnahagssamvinnu milli aðila Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu, þar með taldir aðilar Efnahagsbandalags Evrópu;

sem hafa hliðsjón af Hinu Almenna Samkomulagi um Tolla og Viðskipti (GATT);

og eru einhuga um að stuðla að því, að markmið þess samkomulags náist;

eru sammála um eftirfarandi:

1) Undirritaður í Stokkhólmi 4. janúar 1960. Tók gildi 3. maí 1960.
2) Ísland gerðist aðili að samningnum 1. mars 1970.
3) Danmörk og Bretland hættu þátttöku 1. janúar 1973.
4) Finnland gerðist aðili að samningnum 1. janúar 1986.
5) Portúgal hætti þátttöku 1. janúar 1986.

1. gr.
Samtökin

1. Hér með eru stofnuð alþjóðleg samtök, sem bera skulu heitið Fríverzlunarsamtök Evrópu, hér á eftir nefnd „samtökin".

2. Aðilar samtakanna, sem hér á eftir verða nefndir „aðildarríki", skulu teljast þau ríki, sem fullgilda samning þennan og þau önnur ríki, sem aðilar gerast.

3. Svæði samtakanna skal vera þau landssvæði, sem samningurinn tekur til.

4. Stofnanir samtakanna skulu vera ráð og þær aðrar stofnanir, sem ráðið kann að koma á fót.

2. gr.
Markmið

Markmið samtakanna skulu vera þessi:

(a) að stuðla að stöðugum hagvexti, fullri atvinnu, aukinni framleiðni og hagkvæmri nýtingu framleiðsluþáttanna, fjármálalegu jafnvægi og stöðugt batnandi lífskjörum á svæði samtakanna og í hverju aðildarríki,

(b) að tryggja það, að viðskipti milli aðildarríkjanna eigi sér stað á grundvelli sanngjarnrar samkeppni,

(c) að komast hjá verulegum aðstöðumun milli aðildarríkjanna við öflun hráefna, sem unnin eru á svæði samtakanna, og

(d) að vinna að farsælli þróun og aukningu alþjóðaviðskipta, og fjarlægja stig af stigi hindranir á vegi þeirra.

3. gr.
Innflutningstollar

1. Aðildarríkin skulu lækka, og að lokum afnema, í samræmi við þessa grein, tolla og hver þau önnur gjöld, sem sömu áhrif hafa - að undanskildum tollum, sem tilkynntir eru

samkvæmt 6. gr. og öðrum gjöldum, sem falla undir þá grein - og lögð eru á vegna, eða í sambandi við, innflutning þeirra vara, sem geta notið svæðistollmeðferðar samkvæmt 4. grein, nema þá tolla, sem tilkynntir eru samkvæmt 6. grein og önnur gjöld, sem falla undir þá grein. Hvers kyns slíkir tollar eða önnur gjöld verða hér á eftir nefndir „innflutningstollar".

2. (a) Frá og með eftirfarandi tímamörkum skulu aðildarríkin ekki leggja innflutningstolla á nokkra vöru, sem hærri eru en sú hundraðstala grunntollsins, sem ákvörðuð hefur verið frá þessum tímamörkum: [1])

1. júlí	1960	80 af hundraði
1. júlí	1961	70 af hundraði
1. marz	1962	60 af hundraði
31. október	1962	50 af hundraði
31. desember	1963	40 af hundraði
31. desember	1964	30 af hundraði
31. desember	1965	20 af hundraði

(b) Frá og með 31. desember 1966[1])skulu aðildarríkin ekki leggja á neina innflutningstolla[1]).

3. Með þeim undantekningum, sem gerðar eru í Viðauka A, er sá grunntollur, sem vitnað er til í 2. málsgrein þessarar greinar, að því er hvert aðildarríki varðar og sérhverja vöru, innflutningstollurinn, sem aðildarríkið lagði á innflutning þeirrar vöru frá öðrum aðildarríkjum þann 1. janúar 1960[1]).

4. Sérhvert aðildarríki lýsir sig reiðubúið til þess að leggja á lægri innflutningstolla en getið er um í 2. málsgrein þessarar greinar, ef það telur, að efnahags- og fjárhagsstaða þess, og hlutaðeigandi atvinnugreinar, leyfi það.

5. Ráðið getur, hvenær sem er, ákveðið, að innflutningstollar skuli lækkaðir hraðar eða afnumdir fyrr en ákveðið er í 2. málsgrein þessarar greinar. Á tímabilinu 1. júlí 1960 til 31. desember 1961 skal ráðið kanna, hvort unnt er að taka slíka ákvörðun varðandi innflutningstolla, sem lagðir eru á sumar eða allar vörur af hálfu sumra eða allra aðildarríkjanna.

1) Varðandi tímamörk sem gilda fyrir Ísland vísast til ráðssamþykktar nr. 17, 1969.

4. gr.[1])

Svæðistollmeðferð

1. Að því er varðar samning þennan, skulu vörur teljast eiga rétt til svæðistollmeðferðar ef þær eru upprunavörur samkvæmt ákvæðum Viðauka B.

2. Ákvæði sem lúta að stjórnsýslu og framkvæmd þessarar greinar er að finna í Viðauka B og ráðssamþykktum.

3. Ekkert í samningi þessum skal koma í veg fyrir, að aðildarríki geti veitt vörum svæðistollmeðferð, sem fluttar eru inn frá landssvæði annars aðildarríkis, svo framarlega sem sams konar vörur, sem fluttar eru inn frá landssvæði annarra aðildarríkja, hljóti sömu meðferð.

4. Ráðið skal öðru hvoru kanna, að hvaða leyti unnt er að breyta samningnum, svo að tryggt sé, að reglurnar um uppruna gegni hindrunarlaust hlutverki sínu, sér í lagi á þann veg, að þær verði gerðar einfaldari og rýmri.

5. Ráðið getur ákveðið að breyta ákvæðum þessarar greinar og Viðauka B.

[1]) Sbr. breytingu með ráðssamþykkt nr. 1, 1973 (2. mars 1973).

5. gr.

Viðskiptafrávik

1. Að því er varðar þessa grein, er það nefnt viðskiptafrávik, þegar
   (a) innflutningur ákveðinnar vörutegundar frá landssvæði eins aðildarríkis til annars fer vaxandi,
      (i) sem afleiðing lækkunar eða afnáms tolla eða gjalda af þessari vöru í innflutningslandinu, vegna ákvæða 3. eða 6. greinar, og
      (ii) vegna þess að tollar eða gjöld, sem útflutningsríkið leggur á innflutt hráefni eða hálfunna vöru, sem notuð eru við framleiðslu umræddrar vöru, eru verulega lægri en hliðstæðir tollar eða gjöld, sem innflutningsríkið beitir, og
   (b) þessi aukning innflutnings valdi, eða myndi valda, þeirri framleiðslu, sem á sér stað á landssvæði innflutningslandsins, alvarlegum skaða.

2. Ráðið skal jafnan hafa til athugunar viðskiptafrávik og orsakir þeirra. Það skal taka þær ákvarðanir, sem nauðsynlegar eru, til þess að hafa áhrif á orsakir viðskiptafrávika með því að breyta reglunum um uppruna, samkvæmt 5. málsgrein 4. greinar, eða á annan þann hátt, sem því þykir hæfa.

3. Ef viðskiptafrávik á sér stað, sem krefst skjótra aðgjörða, þá getur hvaða aðildarríki sem er skotið málinu til ráðsins. Ráðið skal taka ákvörðun í málinu svo fljótt sem unnt er og að jafnaði, innan eins mánaðar. Ráðið getur, með meirihlutaákvörðun, heimilað bráðabirgðaaðgjörðir, sem miða að því að tryggja stöðu þess ríkis, sem um er að ræða. Slíkar ráðstafanir skulu ekki vera í gildi lengur en þar til það fyrirkomulag, sem um er rætt í 2. málsgrein hér að ofan, nær fram að ganga og ekki lengur en í tvo mánuði, nema ráðið í undantekningartilfellum heimili, með meirihlutasamþykkt, framlengingu þessa tímabils í mesta lagi tvo mánuði.

4. Aðildarríki, sem hyggur á lækkun á gildandi toll- eða gjaldstiga á hverri þeirri vöru, sem ekki getur komið undir svæðistollmeðferð, skal eftir því sem framkvæmanlegt er, tilkynna það ráðinu ekki síðar en þrjátíu dögum áður en slík lækkun tekur gildi, og skal taka til athugunar allar ábendingar annarra aðildarríkja um, að lækkunin sé líkleg til að leiða til viðskiptafrávika. Upplýsingar, sem fengnar eru samkvæmt þessari málsgrein, skulu ekki látnar í té nokkrum aðila utan starfsliðs samtakanna eða opinberrar þjónustu aðildarríkjanna.

5. Þegar aðildarríkin ráðgera breytingar á tollum sínum eða gjöldum á hverri þeirri vöru, sem ekki getur komið undir svæðistollmeðferð, skulu þau taka tillit til þess, að æskilegt er að forðast þau frávik í viðskiptum, sem af slíkum breytingum gætu leitt. Í slíkum tilvikum getur sérhvert aðildarríki, sem telur, að viðskiptafrávik eigi sér stað, skotið málinu til ráðsins samkvæmt 31. grein.

6. Ef vitnað er til mismunar á toll- eða gjaldstigum á einhverri þeirri vöru, sem ekki getur komið undir svæðistollmeðferð, þegar í athugun er kæra samkvæmt 31. grein, þá skal einungis vera tekið tillit til þess mismunar, ef meirihlutasamþykkt ráðsins liggur fyrir um það, að um viðskiptafrávik sé að ræða.

7. Ráðið skal öðru hvoru endurskoða ákvæði þessarar greinar og getur ákveðið að breyta ákvæðum þessum.

6. gr.

Fjáröflunartollar og innlendar álögur

1. Aðildarríkin skulu ekki
   (a) leggja beint eða óbeint á innfluttar vörur nein fjáröflunargjöld, sem hærri eru en þau, sem lögð eru beint eða óbeint á sams konar innlendar vörur, eða beita slíkum gjöldum, svo að sams konar innlendum vörum sé veitt raunveruleg vernd, eða
   (b) leggja fjáröflunargjöld á innfluttar vörur, þegar sams konar vörur eru ekki framleiddar í landinu sjálfu, eða aðeins framleiddar í takmörkuðum mæli, á þann hátt, að veitt sé raunveruleg vernd innlendri framleiðslu á vörum annarrar

tegundar, sem þó geta komið í stað innfluttu varanna, og sem veita þeim beina samkeppni og ekki bera beint eða óbeint tilsvarandi fjáröflunargjöld í innflutningslandinu, og skulu láta þessar skuldbindingar taka gildi á þann hátt, sem fyrir er mælt um í 2. og 3. málsgrein þessarar greinar.

2. Aðildarríkin skulu ekki leggja á ný fjáröflunargjöld, sem brjóta í bága við 1. málsgrein þessarar greinar, og skulu ekki breyta fjáröflunargjaldi, sem í gildi er, á þann hátt, að sú raunverulega vernd, sem í fjáröflunargjaldinu felst, aukist upp fyrir það mark, sem í gildi er á þeim mánaðardegi, sem grunntollurinn miðast við, samkvæmt 3. málsgrein 3. greinar, það er að segja að því leyti, sem það fjáröflunargjald er í ósamræmi við 1. málsgrein þessarar greinar.

3. (a) Aðildarríkin skulu í síðasta lagi þann 1. janúar 1962[1]) afnema alla raunhæfa vernd, sem felst í sérhverjum innanlandsskatti eða öðrum innanlandsgjöldum.

(b) Að því er varðar fjáröflunartolla, skulu aðildarríkin annaðhvort

(i) afnema smám saman alla raunhæfa vernd, sem felst í tollinum, með því að lækka hann stig af stigi í samræmi við ákvæðin um lækkun innflutningstolla í 3. grein, eða

(ii) afnema alla raunhæfa vernd, sem felst í tollinum, í síðasta lagi 1. janúar 1965[2]).

(c) Sérhvert aðildarríki skal, í síðasta lagi 1. júlí 1960[3]), tilkynna ráðinu gagnvart hvaða tollum það hyggst beita ákvæðum liðar (b) (ii) í þessari málsgrein.

4. Sérhvert aðildarríki skal tilkynna ráðinu um öll fjáröflunargjöld, sem það hefur á lagt, þar sem álagningarstiginn, eða ákvæðin um álagningu eða innheimtu gjaldsins eru ekki þau sömu á innfluttum vörum og samskonar innlendum vörum, jafnskjótt og það telur að gjaldið samræmist eða hafi breyzt til samræmis við lið (a) í 1. málsgrein þessarar greinar. Sérhvert aðildarríki skal, samkvæmt ósk hvers annars aðildarríkis, veita upplýsingar um beitingu 1., 2. og 3. málsgreinar þessarar greinar.

5. Sérhvert aðildarríki skal tilkynna ráðinu um það, til hvaða fjáröflunartolla það hyggst láta ákvæði þessarar greinar ná.

6. Að því er varðar þessa grein, skal:

(a) „fjáröflunargjöld" þýða fjáröflunartollar, innanlandsskattar og aðrar innlendar álögur á vörur;

(b) „fjáröflunartollar" þýða tollar og aðrar svipaðar álögur, sem lagðar eru á í þeim megin tilgangi að afla tekna;

(c) „innfluttar vörur" þýða vörur, sem samþykki er um að gætu notið svæðistollmeðferðar samkvæmt ákvæðum 4. greinar.

1) Að því er Ísland varðar: 1. janúar 1972, sbr. ráðssamþykkt nr. 17, 1969.
2) Að því er Ísland varðar: 1. janúar 1975, sbr. ráðssamþykkt nr. 17, 1969.
3) Að því er Ísland varðar: 1. júlí 1970, sbr. ráðssamþykkt nr. 17, 1969.

7. gr.[1])

Endurgreiðsla

1. Ákvæðin varðandi endurgreiðslu er að finna í Viðauka B.

2. Varðandi framkvæmd ákvæða þessarar greinar skal sérhvert aðildarríki veita innflutningi frá landssvæðum allra aðildarríkjanna sömu meðferð.

3. Ráðið getur ákveðið að breyta ákvæðum þessarar greinar eða Viðauka B, og getur og ákveðið, að fleiri eða annars kyns reglur um endurgreiðslu tolla skuli gilda, annaðhvort almennt eða um ákveðnar vörur eða í vissum tilfellum.

1) Skv. breytingu með ráðssamþykkt nr. 12, 1977 (13. desember 1977).

8. gr.

Bann við útflutningstollum

1. Aðildarríkin skulu ekki taka upp eða hækka útflutningstolla, og skulu ekki leggja á neina slíka tolla frá og með 1. janúar 1962.

2. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki vera því til hindrunar, að sérhvert aðildarríki geti gert þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess að koma í veg fyrir að komizt verði hjá tollgreiðslum þeim, sem það leggur á útflutning til landssvæða utan svæðis samtakanna með endurútflutningi.

3. Að því er varðar þessa grein, skulu „útflutningstollar" þýða sérhverja tolla eða gjöld, sem sömu áhrif hafa og lögð eru á vöruútflutning eða stofnað er til í sambandi við hann, frá landssvæði sérhvers aðildarríkis til annars.

9. gr.

Samvinna um tollaframkvæmd

Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal um stjórnunarsamvinnu, til að tryggja, að ákvæði 3.-7. greinar og Viðauka A og B séu framkvæmd til hlítar og á sem samræmdastan hátt. Við þá framkvæmd sé höfð í huga nauðsyn þess að draga, svo sem unnt er, úr þeim formkröfum, sem gerðar eru í viðskiptum, og einnig nauðsyn þess að finna lausn sérhverra þeirra vandamála, sem spretta af framkvæmd þessara ákvæða, og allir geti vel við unað.

10. gr.

Magntakmarkanir á innflutningi

1. Aðildarríkin skulu ekki taka upp eða auka magntakmarkanir á innflutningi vara frá landssvæði annarra aðildarríkja.

2. Aðildarríkin skulu afnema slíkar magntakmarkanir svo fljótt sem auðið er, og ekki síðar en 31. desember 1966[1]).

3. Sérhvert aðildarríki skal draga úr magntakmörkunum í áföngum og á þann hátt, að ekki sé komið í veg fyrir eðlilega viðskiptaaukningu, sem leiðir af áhrifum 3. og 6. greinar, og að jafnframt skapist ekki nein erfið vandamál fyrir það aðildarríki, sem í hlut á, árin næstu á undan 1. janúar 1967[2]).

4. Sérhvert aðildarríki skal beita ákvæðum þessarar greinar á þann hátt, að í engu sé gert upp á milli allra hinna aðildarríkjanna.

5. Þann 1. júlí 1960[3]) skulu aðildarríkin koma á glóbalkvótum fyrir allar þær vörur, sem magntakmarkanir gilda um, og skulu þeir vera a.m.k. 20% hærri en tilsvarandi grunnkvótar. Að því er varðar kvóta, sem einnig geta gilt fyrir ríki, sem ekki eru aðildarríki, skulu glóbalkvótarnir, í viðbót við a.m.k. 20% hækkun grunnkvótanna, nema upphæð, sem ekki er minni en heildarinnflutningur frá þeim ríkjum árið 1959[4]).

6. Ef grunnkvóti er enginn eða óverulegur, skulu aðildarríkin sjá svo um, að sá kvóti, sem verður tekinn upp 1. júlí 1960[5]), sé hæfilega stór. Sérhvert aðildarríki getur átt frumkvæðið að viðræðum um hver sé hæfileg stærð einhvers slíks kvóta, fyrir eða eftir að hann er tekinn upp.

7. Þann 1. júlí 1961, og síðan árlega[6])þann 1. júlí, skulu aðildarríkin auka sérhvern þann kvóta, sem stofnað hefur verið til í samræmi við 5. og 6. málsgrein þessarar greinar, um að lágmarki 20% af upphæð, sem er jafnhá og grunnkvótinn, aukinn í samræmi við þessa grein.

8. Ef eitthvert aðildarríkjanna telur, að beiting 5. til 7. málsgreinar þessarar greinar um vöru myndi valda alvarlegum erfiðleikum, þá er því aðildarríki heimilt að leggja til við ráðið, að aðrar ráðstafanir verði látnar gilda um þá vöru. Ráðið getur, með meirihlutasamþykkt, heimilað þessu aðildarríki að taka upp þær aðrar ráðstafanir, sem ráðið telur hæfa.

9. Aðildarríkin skulu tilkynna ráðinu um nánari atriði þeirra kvóta, sem stofnað er til samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

10. Ráðið skal, ekki síðar en 31. desember 1961, og öðru hvoru að þeim tíma liðnum, athuga ákvæði þessarar greinar og þann árangur, sem aðildarríkin hafa náð í framkvæmd ákvæða hennar, og getur ákveðið, að frekari eða öðrum ákvæðum skuli beita.

11. Að því er varðar þessa grein, skal:

(a) „magntakmarkanir" þýða bann við eða takmarkanir á innflutningi frá landssvæði annarra aðildarríkja, hvort sem þeim er komið á með kvótum, innflutningsleyfum eða öðrum ráðstöfunum, sem hafa sömu áhrif, þar á meðal með stjórnsýsluaðgerðum og skilyrðum, sem hefta innflutning;

(b) „grunnkvóti" þýða sérhver sá kvóti eða þeir kvótar samanlagðir, sem komið hefur verið á, ásamt samanlögðu magni þess innflutnings, sem er ella bundinn magntakmörkunum, að því er varðar vörur, sem fluttar eru inn frá landssvæði annarra aðildarríkja árið 1959; eða, að því er varðar glóbalkvóta, sem eru opnir ríkjum, sem ekki eru aðilar, samanlagður innflutningurinn, sem átt hefur sér stað í samræmi við slíka kvóta frá aðildarríkjunum árið 1959[7]).

(c) „glóbalkvóti" þýða kvóti, sem heimilar þeim, sem hafa innflutningsleyfi eða aðrar heimildir, að flytja inn allar þær vörur, sem kvótinn nær til, frá öllum aðildarríkjunum og frá þeim öðrum ríkjum, sem kvótinn nær til.

[1]) Að því er Ísland varðar: 31. desember 1974, sbr. ráðssamþykkt nr. 17, 1969.
[2]) Að því er Ísland varðar: 1. janúar 1975, sbr. ráðssamþykkt nr. 17, 1969.
[3]) Að því er Ísland varðar: 1. mars 1970, sbr. ráðssamþykkt nr. 17, 1969.
[4]) Að því er Ísland varðar: 1969, sbr. ráðssamþykkt nr. 17, 1969.
[5]) Að því er Ísland varðar: 1. mars 1970, sbr. ráðssamþykkt nr. 17, 1969.
[6]) Að því er Ísland varðar: 1. janúar 1971 og 1. janúar hvert ár eftir það, sbr. ráðssamþykkt nr. 17, 1969.
[7]) Að því er Ísland varðar: 1969, sbr. ráðssamþykkt nr. 17, 1969.

11. gr.

Magntakmarkanir á útflutningi

1. Aðildarríkin skulu ekki taka upp eða auka bönn eða takmarkanir á útflutningi til annarra aðildarríkja, hvort sem þeim er komið á með kvótum eða útflutningsleyfum eða öðrum ráðstöfunum, sem hafa sömu áhrif, og skulu afnema sérhver slík bönn eða takmarkanir ekki síðar en 31. desember 1961.

2. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki hindra neitt aðildarríki í því að gera þær ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar, til þess að koma í veg fyrir að unnt sé, með endurútflutningi, að sniðganga höftin, sem það setur á útflutning til landssvæða utan svæðis samtakanna.

12. gr.

Undanþágur

Svo framarlega, sem slíkum ráðstöfunum er ekki beitt til þess að koma á gjörræðislegri eða óréttlætanlegri mismunun milli aðildarríkja, eða sem dulbúnum höftum á viðskipti milli aðildarríkjanna, skulu ákvæði 10. og 11. gr. ekki koma í veg fyrir að sérhvert aðildarríki geti samþykkt eða framkvæmt ráðstafanir, sem eru:

(a) nauðsynlegar í því skyni að vernda almennt siðgæði;

(b) nauðsynlegar til að koma í veg fyrir óeirðir eða glæpi;

(c) nauðsynlegar til að vernda líf eða heilsu manna, dýra og gróðurs;

(d) nauðsynlegar til að tryggja, að farið sé eftir lögum eða reglum um framkvæmd tollmála eða varðandi flokkun, greiningu eða sölu vara, eða varðandi rekstur einkasölu ríkisfyrirtækja eða fyrirtækja, sem hlotið hafa einka- eða sérréttindi;

(e) nauðsynlegar til að vernda eignarréttindi á sviði iðnaðar og höfundarrétt eða til þess að koma í veg fyrir sviksamlegt atferli;

(f) varðandi gull eða silfur;
(g) varðandi vörur, sem unnar eru af föngum;
(h) gerðar til þess að vernda þjóðardýrgripi, sem hafa listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi.

12. gr. bis[1])

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum

1. Aðildarríkin skulu eins fljótt og auðið er tilkynna ráðinu um öll drög að tæknilegum reglugerðum og vottunarkerfum eða breytingum á þeim.
2. Tilkynningakerfi er hér með stofnað. Nánari ákvæði um þetta kerfi eru í Viðauka H.
3. Ráðið getur ákveðið að breyta þessari grein og ákvæðum í Viðauka H.

[1]) Ný grein skv. ráðssamþykkt 15, 1987 (4. desember 1987).

13. gr.

Ríkisstyrkir

1. Aðildarríki skulu ekki beita eða taka upp:
   (a) þá hætti aðstoðar við útflutning vara til annarra aðildarríkja, sem lýst er í Viðauka C, eða
   (b) nokkurs konar aðra aðstoð, sem hefur það að meginmarkmiði að spilla þeim hagsbótum, sem búizt er við, að leiði af afnámi tolla og magntakmarkana í viðskiptum milli aðildarríkjanna eða því, að slíkir tollar eða magntakmarkanir eru ekki fyrir hendi.
2. Ef beiting aðildarríkis á hvers kyns aðstoð, sem ekki brýtur þó í bága við 1. málsgrein þessarar greinar, spillir þeim hagsbótum, sem búizt er við að leiði af afnámi tolla og magntakmarkana í viðskiptum milli aðildarríkjanna, eða því að slíkir tollar eða magntakmarkanir eru ekki fyrir hendi, og með því skilyrði að þeirri framkvæmd, sem lýst er í 1.-3. málsgrein 31. greinar, hafi verið fylgt, þá getur ráðið, með meirihluta-ákvörðun, heimilað hvaða aðildarríki sem er að fella úr gildi gagnvart aðildarríkinu, sem aðstoðina veitir, þær skyldur skv. samningnum, sem ráðið telur hæfa.
3. Ráðið getur ákveðið að breyta ákvæðum þessarar greinar og Viðauka C.

14. gr.

Opinber fyrirtæki

1. Aðildarríkin skulu tryggja það, að opinber fyrirtæki afnemi smám saman í starfsemi sinni, á tímabilinu 1. júlí 1960 til 31. desember 1966 eftirfarandi:
   (a) ráðstafanir, sem hafa í för með sér vernd fyrir innlenda framleiðslu og brytu í bág við samninginn, ef þær væru framkvæmdar með tollum eða gjöldum, sem sömu áhrif hafa, magntakmörkunum eða ríkisstyrkjum, eða
   (b) misrétti í viðskiptum vegna þjóðernis að því leyti sem það spillir þeim hagsbótum, sem búizt er við að leiði af afnámi tolla og magntakmarkana í viðskiptum milli aðildarríkjanna, eða því, að slíkir tollar eða magntakmarkanir eru ekki fyrir hendi.
2. Að svo miklu leyti, sem ákvæði 15. greinar varða störf opinberra fyrirtækja, þá skal sú grein gilda um þau á sama hátt og hún gildir um önnur fyrirtæki.
3. Aðildarríkin skulu tryggja, að ekki séu teknar upp ráðstafanir, sem lýst er í 1. málsgrein þessarar greinar.
4. Þar sem aðildarríkin hafa ekki nægilegt lagalegt vald til þess að segja fyrir í þessu efni um starfsemi héraðs- eða sveitarstjórna eða fyrirtækja í umráðum þeirra, skulu þau engu að síður reyna að tryggja, að þessar stjórnir eða fyrirtæki hlíti ákvæðum þessarar greinar.

5. Ráðið skal jafnan hafa ákvæði þessarar greinar til athugunar og getur ákveðið að breyta þeim.

6. Að því er þessa grein varðar þýðir „opinbert fyrirtæki" ríkisstofnanir, héraðs- eða sveitarstjórnir, opinber fyrirtæki og hver önnur sú stofnun, þar sem aðildarríki stjórnar eða hefur varanleg áhrif á innflutning frá eða útflutning til landssvæðis aðildarríkis, samkvæmt lögum eða venju.

15. gr.

Samkeppnishömlur

1. Aðildarríkin eru þeirrar skoðunar, að eftirfarandi viðskiptahættir séu ósamrýmanlegir samningi þessum, að svo miklu leyti, sem þeir spilla þeim hagsbótum, sem búizt er við að leiði af afnámi tolla og magntakmarkana í viðskiptum milli aðildarríkjanna, eða því að slíkir tollar eða magntakmarkanir eru ekki fyrir hendi:

(a) samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samhæfðir viðskiptahættir félaga, sem hafa það að markmiði, eða afleiðingu, að útiloka, hamla eða spilla samkeppni innan svæðis samtakanna;

(b) aðgjörðir, sem stafa af því að eitt eða fleiri fyrirtæki misnota aðstöðu sína sem ráðandi markaðsaðilar á svæði samtakanna eða á verulegum hluta þess.

2. Ef viðskiptaháttum, sem lýst er í 1. málsgrein þessarar greinar, er skotið til ráðsins samkvæmt 31. gr., getur ráðið, með tillögu samkvæmt 3. málsgrein eða með ákvörðun samkvæmt 4. málsgrein þeirrar greinar, gert ráðstafanir til útgáfu skýrslu um málsatriði.

3. (a) Ráðið skal, í ljósi fenginnar reynslu, taka til athugunar, ekki síðar en 31. desember 1964, og hvenær sem er síðar, ef því sýnist svo, hvort frekari eða annarra ákvæða er þörf til að vinna gegn áhrifum samkeppnishamla eða ráðandi markaðsaðila á viðskipti aðildarríkjanna.

(b) Slík athugun skal meðal annars fjalla um eftirtalin atriði:

(i) lýsingu á þeim samkeppnishömlum eða ráðandi markaðsaðilum, sem ráðinu ber að láta sig varða;

(ii) aðferðir til þess að afla upplýsinga um samkeppnishömlur eða ráðandi markaðsaðila;

(iii) á hvaða hátt rannsóknir skuli fara fram;

(iv) hvort fá eigi ráðinu rétt til þess að hefja kannanir.

(c) Ráðið getur ákveðið að samþykkja þau ákvæði, sem nauðsynleg þykja vegna þeirrar endurskoðunar, sem gert er ráð fyrir í lið (a) og (b) í þessari málsgrein.

16. gr.

Stofnsetning

1. Aðildarríkin eru þeirrar skoðunar, að ekki skuli á landssvæði þeirra beita höftum gegn því að ríkisborgarar annarra aðildarríkja stofnsetji og reki fyrirtæki, með því að veita slíkum ríkisborgurum lakari kjör en eigin ríkisborgurum og spilla á þann hátt þeim hagsbótum, sem búizt er við að leiði af afnámi tolla og magntakmarkana í viðskiptum milli aðildarríkjanna eða því, að slíkir tollar eða magntakmarkanir eru ekki fyrir hendi.

2. Aðildarríkin skulu ekki beita nýjum höftum á þann hátt, að þau brjóti í bág við þá grundvallarreglu, sem skráð er í 1. málsgrein þessarar greinar.

3. Aðildarríkin skulu tilkynna ráðinu, innan þess frests, sem ráðið ákveður, efnisatriði þeirra hafta, sem þau beita á þann hátt, að ríkisborgurum annarra aðildarríkja eru veitt lakari kjör á landssvæði þeirra en þeirra eigin ríkisborgurum, að því er þau atriði varðar, sem getið er í 1. málsgrein þessarar greinar.

4. Ráðið skal taka til athugunar, ekki síðar en 31. desember 1964, og getur tekið til athugunar hvenær sem er síðar, hvort frekari eða önnur ákvæði séu nauðsynleg til að gefa

þeim grundvallarreglum gildi, sem skráðar eru í 1. málsgrein þessarar greinar, og getur ákveðið að samþykkja þau ákvæði, sem nauðsynleg eru.

5. Engin ákvæði þessarar greinar skulu vera því til fyrirstöðu, að aðildarríki geti samþykkt og framkvæmt ráðstafanir til þess að hafa stjórn á komu, búsetu, athöfnum eða brottför útlendinga, þegar slíkar ráðstafanir eru réttlætanlegar vegna almannareglu, heilsufars almennings eða velsæmis eða öryggis landsins eða til þess að hindra alvarlegt jafnvægisleysi í þjóðfélags- eða búsetuskipan aðildarríkisins.

6. Að því er þessa grein varðar þýðir:

(a) „ríkisborgarar", þegar aðildarríki á í hlut,
  (i) einstaklingar, sem hafa ríkisborgararétt þess aðildarríkis, og
  (ii) félög og aðrar persónur að lögum, sem stofnuð eru á landssvæði þess aðildarríkis samkvæmt lögum þess ríkis og það telur að séu þarlend, svo framarlega sem þau hafa verið stofnuð í ágóðaskyni og hafi skrásetta skrifstofu og aðalstjórn innan svæðis samtakanna og reki þar verulega starfsemi;

(b) „fyrirtæki" þýðir hvers kyns fyrirtæki, sem framleiða eða verzla með vörur, sem uppruna sinn eiga á svæði samtakanna, hvort sem þeim er stjórnað af einstaklingum eða af hálfu umboða, útibúa eða félaga eða annarra persóna að lögum.

17. gr.

Innflutningur undirboðsvara og niðurgreiddra vara

1. Engin ákvæði þessa samnings skulu vera því til hindrunar, að aðildarríki geri ráðstafanir gegn innflutningi undirboðsvara eða niðurgreiddra vara, í samræmi við aðrar alþjóðlegar skuldbindingar sínar.

2. Vöru, sem hefur verið flutt út frá landssvæði eins aðildarríkis til annars og hefur ekki verið frekar unnin eftir útflutning, skal, þegar hún er endurinnflutt óháð magntakmörkunum og öðrum hliðstæðum ákvæðum, sem hafa sams konar áhrif. Slíkar vörur skulu einnig undanþegnar tollum og gjöldum, sem sams konar áhrif hafa; endurheimta má þó hvers konar ívilnanir í mynd tollendurgreiðslna, tollaundanþágu eða annars, sem veitt hefur verið vegna útflutnings frá landssvæði fyrrnefnda aðildarríkisins.

3. Ef atvinnugrein á landssvæði aðildarríkis verður fyrir áfalli eða yfir henni vofir verulegt tjón vegna innflutnings undirboðs- eða niðurgreiddra vara til landssvæða annars aðildarríkis, þá skal síðarnefnda aðildarríkið, að beiðni hins fyrrnefnda, athuga hugsanlegar aðgerðir, sem eru í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar þess, til þess að bæta úr tjóninu eða hindra hið yfirvofandi tjón.

18. gr.

Undanþágur vegna öryggisástæðna

1. Engin ákvæði þessa samnings skulu vera því til fyrirstöðu, að aðildarríki geri þær ráðstafanir, sem það telur nauðsynlegar, til verndar helstu öryggishagsmunum sínum, þegar slíkar ráðstafanir

(a) eru gerðar til að koma í veg fyrir uppljóstrun upplýsinga.

(b) varða kaup og sölu vopna, skotfæra eða hergagna eða rannsóknir, vinnslu eða framleiðslu, sem óhjákvæmileg er af varnarástæðum, svo framarlega sem slíkar ráðstafanir hafa ekki í för með sér innflutningstolla eða magntakmarkanir á innflutningi, nema að því leyti, sem slík höft eru heimiluð samkvæmt 12. grein eða með ákvörðun ráðsins.

(c) eru gerðar til þess að tryggja, að kjarnorkuefni og -búnaður, sem ætluð eru til friðsamlegra nota, séu ekki nýtt í hernaðarþágu, eða

(d) eru gerðar á styrjaldartímum eða öðrum hættutímum í alþjóðamálum.

2. Engin ákvæði samnings þessa skulu vera því til hindrunar, að aðildarríki geri ráðstafanir til þess að rækja þær skyldur, sem það aðildarríki hefur tekizt á herðar í því skyni að tryggja frið og öryggi í veröldinni.

19. gr.

Greiðslujafnaðarvandkvæði

1. Þrátt fyrir ákvæði 10. greinar getur aðildarríki, í samræmi við aðrar alþjóðlegar skuldbindingar sínar, tekið upp magntakmarkanir á innflutningi til þess að vernda greiðslujöfnuð sinn.

2. Aðildarríki, sem gerir ráðstafanir samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar, skal skýra ráðinu frá þeim, ef unnt er, áður en þær taka gildi. Ráðið skal kanna málið og hafa það til athugunar og getur hvenær sem er gert tillögur með meirihlutsamþykkt, sem miða að því að draga úr skaðlegum áhrifum þessara hafta, eða að því að aðstoða aðildarríkið við að yfirstíga erfiðleikana. Ef greiðslujafnaðarvandkvæðin haldast í meir en átján mánuði og þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið valda alvarlegum truflunum á starfi samtakanna, skal ráðið kanna málið og getur með tilliti til hagsmuna allra aðildarríkjanna, ákveðið sérstakt fyrirkomulag, með meirihlutasamþykkt til að draga úr eða bæta upp áhrif slíkra ráðstafana.

3. Aðildarríki, sem hefur gert ráðstafanir samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar, skal virða þá skyldu sína að láta ákvæði 10. greinar koma á ný óskorað til framkvæmda og skal gera tillögur um það til ráðsins strax og greiðslujöfnuður þess batnar, á hvern hátt það skuli gert. Ráðið getur með meirihlutasamþykkt lagt til við aðildarríkið, að aðrar ráðstafanir verði gerðar í sama skyni, ef það telur þessar tillögur ekki fullnægjandi.

20. gr.[1])

Vandkvæði í einstökum atvinnugreinum

1. Ef, á landssvæði aðildarríkis
   (a) ófyrirsjáanlegir og alvarlegir erfiðleikar koma upp eða eru yfirvofandi á einstökum sviðum innan iðnaðar eða á einstökum svæðum, og
   (b) ef nauðsynlegt er að beita ráðstöfunum sem víkja frá samningnum eða ákvörðunum eða samkomulagi sem gert hefur verið á grundvelli samningsins þá má aðildarríki, að fenginni samþykkt ráðsins, beita slíkum ráðstöfunum tímabundið í samræmi við þau ákvæði og skilyrði sem ráðið kann að setja í samþykkt sína. Ráðið skal taka þessa ákvörðun eins fljótt og unnt er.

2. Slíkar ráðstafanir mega ekki ná yfir í lengra tímabil en 18 mánuði, nema ráðið ákveði framlengingu.

3. Ef óhjákvæmilegt er að grípa strax til ráðstafana til að koma í veg fyrir ört versnandi ástand, skal ráðið, samkvæmt beiðni aðildarríkisins og án þess að það hafi áhrif á síðari samþykktir ráðsins, ákveða innan fimmtán daga eftir að málið var lagt fyrir það hvaða ráðstafanir aðildarríkið megi framkvæma strax. Í beiðninni skal koma fram hversu áríðandi og nauðsynlegar slíkar ráðstafanir séu.

4. Aðildarríki sem framkvæmir ráðstafanir í samræmi við 1. og 3. málsgrein þessarar greinar skal gefa skýrslu til ráðsins um framkvæmd og áhrif þessara ráðstafana. Ráðið má hvenær sem er meta þessar ráðstafanir og samþykkja tillögur sem eru til þess fallnar að draga úr skaðlegum áhrifum þessara ráðstafana eða til að aðstoða aðildarríkið við að komast yfir erfiðleikana.

5. Þegar metið er til hvaða ráðstafana skuli gripið samkvæmt 1. eða 3. málsgrein þessarar greinar, skal leitast við að finna leiðir sem samræmast markmiðum samtakanna og sem raska ekki viðskiptahagsmunum annarra aðildarríkja.

6. Ráðstafanir sem heimilaðar eru samkvæmt 1. og 3. málsgrein þessarar greinar skal framkvæma þannig að aðildarríkin fái öll sömu meðferð, nema ráðið ákveði annað.

7. Ákvarðanir ráðsins samkvæmt 1. og 3. málsgrein þessarar greinar sem varða innflutningstolla, magntakmarkanir á innflutning og aðrar ráðstafanir sem hafa svipuð áhrif og einnig tillögur sem vísað er til í 4. málsgrein greinar þessarar, skulu ákveðnar með meirihlutaatkvæði.

[1]) Sbr. breytingu með ráðssamþykkt nr. 15, 1970 (3. desember 1970).

21. gr.[1])

Landbúnaðarvörur

1. Vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem landbúnað varða, skulu um landbúnaðarvörur og vörur unnar úr landbúnaðarhráefnum sem skráðar eru í Viðauka D gilda eftirfarandi reglur:

(a) Öll ákvæði samnings þessa nema greinar 22 til 28, gilda um þær vörur sem skráðar eru í kafla I Viðauka D.

(b) Engin undanfarandi ákvæði í samningi þessum, nema greinar, 1,12bis og 17 skulu gilda um þær vörur sem skráðar eru í kafla II eða í kafla III í Viðauka D. Ákvæðin sem vísað er til í 2. málsgrein skulu gilda um slíkar vörur.

(c) Þrátt fyrir ákvæðin sem vísað er til í staflið (a) getur sérhvert aðildarríki beitt verðjöfnunarráðstöfunum vegna vara sem skráðar eru í kafla I í Viðauka D. Slíkar ráðstafanir mega ekki vera umfram það sem nemur mismuni innanlandsverðs og heimsmarkaðsverðs á því landbúnaðarhráefni sem slíkar vörur innihalda. Slíka verðjöfnun má framkvæma með:

(i) gjaldtöku við innflutning, á breytilegum þætti eða ákveðinni upphæð, eða með verðjöfnun innanlands

(ii) ráðsöfunum í tengslum við útflutning.

(d) Ekkert aðildarríki skal veita innflutningi vara sem skráðar eru í kafla I eða í kafla II í Viðauka D frá landssvæði annars aðildarríkis meðferð sem er óhagkvæmari en meðferð sem veitt er innflutningi frá landssvæði ríkis sem einnig hefur gert fríverslunarsamning við þetta aðildarríki.

(e) Allar verðjöfnunarráðstafanir sem gilda um vörur sem skráðar eru í hluta I og II í Viðauka D og allar breytingar á slíkum ráðstöfunum skal tilkynna ráðinu áður en þær koma til framkvæmda. Í tilkynningunni skulu vera viðeigandi upplýsingar um verðjöfnunarráðstafanirnar. Sérhvert aðildarríki getur óskað eftir rannsókn á slíkum ráðstöfunum með hliðsjón af framangreindum ákvæðum. Ráðið getur ákveðið að breyta ákvæðum þessarar málsgreinar og Viðauka D.

2. Sérákvæði þau, sem skulu gilda um þessar landbúnaðarvörur, er að finna í greinum 22-25.

[1]) Sbr. breytingu með ráðssamþykkt nr. 6, 1973 (15. mars 1973) og nr. 15, 1987 (14. desember 1987).

22. gr.

Stefna og markmið í landbúnaðarmálum

1. Aðildarríkin eru sammála um, að sú stefna, sem þau fylgja í landbúnaðarmálum, miðist við það

(a) að stuðla að aukinni framleiðni og hagkvæmri og hagrænni framleiðsluþróun,

(b) að koma á sæmilegu markaðsjafnvægi og nægilegu framboði vara fyrir neytendur á sanngjörnu verði, og

(c) að tryggja viðhlítandi lífskjör þeirra, sem við landbúnað starfa.

Við framkvæmd þessarar landbúnaðarstefnu skulu aðildarríkin taka sanngjarnt tillit til hagsmuna annarra aðildarríkja varðandi útflutning landbúnaðarvara, og skulu taka tillit til hefðbundinna viðskiptatengsla.

2. Með tilliti til þessarar stefnu skal markmið samtakanna vera að greiða fyrir aukningu viðskipta, sem stuðli að hæfilegri gagnkvæmni fyrir þau aðildarríki, sem byggja efnahag sinn að verulegu leyti á útflutningi landbúnaðarvara.

23. gr.

Landbúnaðarsamningar milli aðildarríkja

1. Til að ná því markmiði, sem skráð er í 2. málsgrein 22. greinar, og skapa grundvöll samvinnu þeirra á sviði landbúnaðar, hafa sum aðildarríki gert samninga sín í milli, þar sem ákvarðað er hvaða ráðstafanir skuli gera, þ.á m. afnám tolla á nokkrum landbúnaðarvörum, til þess að greiða fyrir aukningu landbúnaðarvöruviðskipta. Ef tvö eða fleiri aðildarríki gera síðar slíka samninga skulu þau tilkynna það hinum aðildarríkjunum, áður en samningarnir taka gildi.

2. Samningar, sem gerðir eru samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar, og sérhvert samkomulag, sem gert er milli samningsaðilanna og breytir þeim, skal gilda jafnlengi og þessi samningur. Eftirrit slíkra samninga skulu, strax eftir undirritun sendast hinum aðildarríkjunum, og staðfestu eftirriti skal komið í vörzlu ríkisstjórnar Svíþjóðar.

3. Önnur aðildarríki skulu njóta góðs af öllum ákvæðum slíkra samninga varðandi tolla, og aðildarríkin verða ekki svipt þeim hagsbótum, sem af þeim leiða, með breytingum á samningum, nema með samþykki þeirra allra.

24. gr.

Niðurgreiðslur vegna útflutnings landbúnaðarvara

1. Aðildarríki skal ekki valda hagsmunum annarra aðildarríkja tjóni með því að greiða niður, beint eða óbeint, neina þá vöru, sem skráð er í Viðauka D, og sem veldur aukningu útflutnings þess aðildarríkis á þeirri vöru, miðað við útflutning ríkisins á vörunni, sem um ræðir, á nýliðnu eðlilegu viðmiðunartímabili.

2. Það skal vera markmið ráðsins fyrir 1. janúar 1962 að ákvarða reglur um afnám niðurgreiðslna í áföngum á útflutningi, sem veldur öðrum aðildarríkjum tjóni.

3. Það skal ekki talin niðurgreiðsla í merkingu þessarar greinar, þegar útfluttri vöru er veitt undanþága frá tollum, sköttum eða öðrum gjöldum, sem lögð eru á sömu vöruna á innanlandsmarkaði, eða þegar endurgreiðsla slíkra tolla, skatta eða annarra gjalda nemur ekki hærri upphæð, en á vöruna hefur verið lögð.

25. gr.

Viðræður um landbúnaðarvöruviðskipti

Ráðið skal jafnan hafa ákvæði 21.-25. greinar til athugunar og skal árlega fjalla um þróun landbúnaðarvöruviðskipta á svæði samtakanna. Ráðið skal kanna hvaða frekari ráðstafanir skuli gera til þess að vinna að markmiði því, sem skráð er í 22. grein.

26. gr.[1])

Fiskur og aðrar sjávarafurðir

1. Engin ákvæði undanfarandi greina þessa samnings, nema 1,12bis og 17. greina, skulu gilda um fisk og aðrar þær sjávarafurðir, sem skráðar eru í Viðauka E. Sérákvæði þau, sem skulu gilda um þann fisk og þær aðrar sjávarafurðir, er að finna í 27. og 28. grein.

2. Ráðið getur ákveðið að taka afurðir af listanum í Viðauka E.

[1]) Frá 1. júlí 1990 mun 26. gr. samningsins kveða á um að samningurinn gildi um fisk og aðrar sjávarafurðir. Tímabundnar ráðstafanir vegna nokkurra fisktegunda verða skráðar í Viðauka E við samninginn.

[2]) Sbr. breytingu með ráðssamþykkt 15, 1987 (14. desember 1987).

27. gr.[1])

Markmið viðskipta með fisk og aðrar sjávarafurðir

Með hliðsjón af stefnu hvers aðildarríkis og þeirra sérstöku aðstæðna, sem ríkja í sjávarútvegi, skal það vera markmið samtakanna að stuðla að auknum viðskiptum með fisk og aðrar sjávarafurðir, þannig að þau aðildarríki, sem að miklu leyti byggja efnahag sinn á slíkum útflutningi, hljóti hæfilega gagnkvæmni.

1) Þessi grein fellur niður frá 1. júlí 1990.

28. gr.[1])

Viðskipti með fisk og aðrar sjávarafurðir

Ráðið skal, fyrir 1. janúar 1961, hefja athugun á því fyrirkomulagi, sem lýtur að viðskiptum með afurðir þær, sem skráðar eru í Viðauka E, og sé þá tillit tekið til þess markmiðs, sem skráð er í 27. grein. Þessari athugun skal ljúka fyrir 1. janúar 1962.

[1]) Þessi grein fellur niður frá 1. júlí 1990.

29. gr.

Duldar greiðslur og yfirfærslur

Aðildarríkin gera sér ljóst mikilvægi duldra greiðslna og yfirfærslna fyrir eðlilega starfsemi samtakanna. Þau telja að þær skuldbindingar, sem þau hafa tekizt á hendur varðandi frjálsræði í slíkum greiðslum og yfirfærslum í öðrum alþjóðastofnunum, séu fullnægjandi, eins og sakir standa. Ráðið getur tekið ákvarðanir um frekari ákvæði varðandi slíkar greiðslur og yfirfærslur, sem æskileg verða talin, enda sé fullt tillit tekið til víðtækari alþjóðlegra skuldbindinga aðildarríkjanna.

30. gr.

Efnahags- og fjármálastefna

Aðildarríkin gera sér ljóst, að efnahags- og fjármálastefna hvers þeirra hefur áhrif á efnahagslíf annarra aðildarríkja og hafa ákveðið að móta stefnuna í þessum efnum á þann hátt, sem stuðlað getur að því, að markmið samtakanna náist. Þau skulu öðru hvoru skiptast á skoðunum um alla þætti stefnunnar í þessum efnum. Í því sambandi skulu þau hafa hliðsjón af sams konar starfsemi innan Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu og annarra alþjóðastofnana. Ráðið getur vísað tillögum til aðildarríkjanna um atriði, sem varða stefnuna í þessum málum, að svo miklu leyti, sem það er nauðsynlegt til að tryggja það, að markmið samtakanna náist og starfsemi þeirra gangi snurðulaust.

31. gr.

Almennar reglur um viðræður og kærur

1. Ef aðildarríki telur, að einhverjum hagsbótum, sem samningur þessi veitir því, eða einhverjum markmiðum bandalagsins sé, eða kunni að verða spillt og ekki næst neitt viðunandi samkomulag milli þeirra aðildarríkja, sem hér eiga hlut að máli, getur hvert þessara aðildarríkja skotið málinu til ráðsins.

2. Ráðið skal, með meirihlutasamþykkt, gera þegar í stað ráðstafanir til þess að rannsaka málið. Meðal þeirra ráðstafana getur verið vísan málsins til rannsóknarnefndar, sem stofnuð er samkvæmt 33. grein. Áður en ráðið tekur ákvörðun, samkvæmt 3. málsgrein þessarar greinar, skal það vísa málinu til nefndarinnar, ef aðildarríki, sem hlut á að máli, óskar þess. Aðildarríkin skulu láta í té allar þær upplýsingar, sem þeim eru tiltækar, og skulu veita liðsinni sitt til þess að skýra staðreyndir málsins.

3. Í málsathugun sinni skal ráðið taka tillit til þess, hvort staðreynt hefur verið, að skuldbinding samkvæmt samningnum, hafi ekki verið efnd og hvort, og þá í hve miklum mæli, einhverri þeirri hagsbót, sem af samningnum leiðir, eða einhverju markmiði samtakanna, sé

eða kunni að verða spillt. Í ljósi þessarar athugunar og skýrslu rannsóknarnefndar, sem skipuð kann að hafa verið, getur ráðið, með meirihlutasamþykkt, beint þeim tillögum til sérhvers aðildarríkis, sem því þykir hæfa.

4. Ef aðildarríki verður ekki við, eða getur ekki orðið við, tillögu, sem beint er til þess samkvæmt 3. málsgrein þessarar greinar, og ráðið kemst að þeirri niðurstöðu, með meirihluta atkvæða, að skuldbinding samkvæmt þessum samningi hafi ekki verið efnd, getur það, með meirihlutasamþykkt, heimilað sérhverju aðildarríki að fresta, gagnvart því aðildarríki, sem hefur ekki orðið við tillögunni, framkvæmd þeirra samningsskuldbindinga, sem ráðinu þykir hæfa.

5. Sérhvert aðildarríki getur, jafnan meðan málið er í athugun, beðið ráðið um að heimila því að gera án tafar bráðabirgðaráðstafanir til að tryggja aðstöðu sína. Ef ráðið kemst að þeirri niðurstöðu, að málsatvikin séu svo alvarlegs eðlis, að þau réttlæti bráðabirgðaaðgerðir, sem þó hafi ekki áhrif á hverja þá ráðstöfun, sem það kann síðar að gera samkvæmt fyrri málsgreinum þessarar greinar, getur það, með meirihlutasamþykkt, heimilað aðildarríki að fresta framkvæmd þeirra skuldbindinga, sem á því hvíla samkvæmt þessum samningi í þeim mæli og svo lengi, sem ráðinu þykir hæfa.

32. gr.

Ráðið

1. Það skal vera skylda ráðsins
   (a) að fara með þau völd og störf, sem því eru fengin samkvæmt samningi þessum,
   (b) að hafa eftirlit með beitingu þessa samnings og fylgjast með framkvæmd hans, og
   (c) að kanna, hvort frekari ráðstafanir skuli gerðar af hálfu aðildarríkjanna til þess að koma í framkvæmd markmiðum samtakanna og greiða fyrir nánari tengslum við önnur ríki, ríkjasambönd eða alþjóðastofnanir.
2. Hvert aðildarríki skal eiga fulltrúa í ráðinu og fara með eitt atkvæði.
3. Ráðið getur ákveðið að koma á fót þeim stofnunum og nefndum, sem það telur nauðsynlegt til aðstoðar við að framkvæma hlutverk þess.
4. Við framkvæmd skyldustarfa sinna samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar, getur það tekið ákvarðanir, sem skulu vera bindandi fyrir öll aðildarríkin og gert tillögur til aðildarríkjanna.
5. Ákvarðanir og tillögur ráðsins skulu gerðar samhljóða, nema að því leyti, sem öðruvísi er ákveðið í samningi þessum. Ákvarðanir og tillögur skulu taldar samþykktar samhljóða, nema eitthvert aðildarríkið greiði þeim mótatkvæði. Ákvarðanir og tillögur, sem afgreiða þarf með meirihlutasamþykkt, þarfnast samþykkis fjögurra[1]) aðildarríkja.
6. Ef fjöldi aðildarríkjanna breytist, getur ráðið ákveðið að breyta þeim atkvæðafjölda, sem þarf til þeirra ákvarðana og tillagna, sem afgreiða skal með meirihlutasamþykkt.

1) Sbr. breytingu með ráðssamþykkt nr. 12, 1972 (8. nóvember 1972).

33. gr.

Rannsóknarnefndir

Rannsóknarnefndir þær, sem vikið er að í 31. grein, skulu skipaðar mönnum, sem valdir eru vegna hæfni þeirra og heiðarleika, og skulu í framkvæmd skyldustarfa sinna hvorki óska eftir né taka við fyrirmælum frá nokkru ríki, yfirstjórn eða stofnun, öðrum en samtökunum. Þeir skulu vera tilnefndir af ráðinu með þeim kjörum og skilyrðum, sem það ákveður.

34. gr.

Fyrirkomulag á stjórn samtakanna

Ráðið skal taka ákvarðanir í þeim tilgangi, sem hér segir:

(a) að ákveða fundarsköp ráðsins og annarra stofnana samtakanna, og má þar kveða á um, að fundarskapaatriði megi ákvarða með meirihlutasamþykkt,

(b) að gera ráðstafanir um nauðsynlegt skrifstofuhald fyrir samtökin,

(c) að gera þær fjárhagslegu ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru vegna kostnaðar við stjórn samtakanna, ákveða eftir hvaða reglum fjárhagsáætlun skuli samin, og hvernig þessum kostnaði skuli skipt niður á aðildarríkin.

35. gr.

Löghæfi, sérréttindi og undanþágur

1. Það löghæfi og þau sérréttindi og undanþágur, sem aðildarríkin viðurkenna og veita vegna samtakanna, skulu skráð í bókun við þennan samning.

2. Ráðið getur, fyrir hönd samtakanna, gert samning við ríkisstjórn þess ríkis, þar sem aðalstöðvarnar verða staðsettar, um löghæfi, sérréttindi og undanþágur þær, sem viðurkenndar verða og veittar samtökunum.

36. gr.

Samskipti við alþjóðastofnanir

Ráðið skal, fyrir hönd samtakanna, leitast við að stofna til þeirra samskipta við aðrar alþjóðastofnanir, sem stuðlað geta að því, að náð verði markmiðum samtakanna. Það skal einkum leitast við að koma á nánu samstarfi við Efnahagssamvinnustofnun Evrópu.

37. gr.

Skuldbindingar samkvæmt öðrum alþjóðasamningum

Engin ákvæði þessa samnings skulu talin undanþiggja nokkurt aðildarríki frá skuldbindingum, sem það hefur tekizt á hendur samkvæmt samningnum um Efnahagssamvinnustofnun Evrópu, samkomulagi um samþykktir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, Hinu Almenna Samkomulagi um Tolla og Viðskipti og öðrum alþjóðasamningum, sem það er aðili að.

38. gr.

Viðaukar

Viðaukarnir við samning þennan eru óaðskiljanlegur hluti hans, og eru þeir, sem hér segir:

Viðauki A Grunntollar

Viðauki B Reglur um hæfi vara til svæðistollmeðferðar

Viðauki C Skrá yfir ríkisstyrki, sem vitnað er til í 1. málsgrein 13. greinar

Viðauki D Skrá yfir landbúnaðarvörur og vörur unnar úr landbúnaðarhráefnum, sem vísað er til í 1. málsgrein 21. greinar[1])

Viðauki E Skrá yfir fisk og aðrar sjávarafurðir, sem vitnað er til í 1. málsgrein 26. greinar[2])

Viðauki F Skrá yfir landssvæði, sem 2. málsgrein 43. greinar gildir um

Viðauki G Sérfyrirkomulag fyrir Portúgal vegna innflutningstolla og magntakmarkana á útflutningi

Viðauki H: Tilkynningakerfi fyrir drög að tæknilegum reglugerðum. [3])

[1]) Nýr titill í samræmi við ráðssamþykkt nr. 6, 1973 (15. mars 1973).

[2]) Nýr titill frá 1. júlí 1990: Tímabundnar ráðstafanir um fisk og aðrar sjávarafurðir.

[3]) Sbr. ráðssamþykkt 15, 1987 (14. desember 1987).

39. gr.

Fullgilding

Samningur þessi skal fullgiltur af þeim ríkjum, sem undir hann rita. Fullgildingarskjölunum skal komið í vörzlu ríkisstjórnar Svíþjóðar, sem skal tilkynna þar um öllum öðrum undirritunarríkjum.

40. gr.

Gildistaka

Samningur þessi skal taka gildi, þegar öll undirritunarríkin hafa afhent fullgildingarskjöl.

41. gr.

Aðild og aukaaðild

1. Sérhvert ríki getur gerzt aðili að samningi þessum, svo framarlega sem ráðið ákveður að samþykkja aðild þess, með þeim kjörum og skilyrðum, sem sett kunna að verða í þeirri ákvörðun. Aðildarskjölunum skal koma í vörzlu ríkisstjórnar Svíþjóðar, sem skal tilkynna þar um öllum öðrum aðildarríkjum. Að því er varðar ríki, sem aðili gerist, skal samningurinn taka gildi á þeim degi, sem tilgreindur er í ofangreindri ákvörðun.

2. Ráðinu er heimilt að gera samning milli aðildarríkjanna og sérhvers annars ríkis, ríkjasambands eða alþjóðastofnana, sem stofnar til samtaka, sem um gilda þau gagnkvæmu réttindi og skyldur, sameiginlegar aðgjörðir og sérreglur, sem hæfa þykir. Leggja skal slíkan samning undir samþykki aðildarríkjanna og skal hann taka gildi, svo framarlega sem hann hlýtur samþykki allra aðildarríkjanna. Aðildarskjölunum skal koma í vörzlu ríkisstjórnar Svíþjóðar, sem skal tilkynna þar um öllum öðrum aðildarríkjum.

42. gr.

Úrsögn

Sérhvert aðildarríki getur dregið til baka aðild sína að þessum samningi, svo framarlega sem það skýrir ríkisstjórn Svíþjóðar skriflega frá því með tólf mánaða fyrirvara, og skal hún tilkynna öllum öðrum aðildarríkjunum þar um.

43. gr.

Gildissvæði

1. Að því er varðar aðildarríki, sem undirrita samninginn, skal samningurinn gilda um landssvæði aðildarríkjanna í Evrópu og þau landssvæði í Evrópu, sem aðildarríki fer með utanríkismál fyrir, önnur en þau, sem skráð eru í Viðauka F.

2. Samningur þessi skal gilda um þau landssvæði, sem skráð eru í Viðauka F, ef aðildarríkið, sem fer með utanríkismál þeirra gefur um það yfirlýsingu, þegar það fullgildir samninginn, eða hvenær sem er síðar.

3. Að því er varðar aðildarríki, sem gerist aðili að samningi þessum samkvæmt 1. málsgrein 41. greinar, skal samningurinn ná til þeirra landssvæða, sem greind eru í samþykktinni um, að þetta ríki skuli hljóta aðild.

4. Aðildarríkin gera sér ljóst, að ákveðin aðildarríki kunna að vilja leggja það til síðar, að samningur þessi skuli einnig ná til þeirra landssvæða þessara ríkja og landssvæða þeirra, sem þau annast utanríkismál fyrir, og samningurinn nær ekki þegar til, enda verði það með þeim kjörum og skilyrðum, sem þá verði ákveðin og að gerðar verði ráðstafanir, sem skapa gagnkvæm réttindi og skyldur að því, er þessi landssvæði varðar.

5. Ef svo fer, þá skulu, þegar tímabært er, eiga sér stað viðræður milli allra aðildarríkjanna, til þess að 4. málsgrein verði gerð virk. Ráðið getur ákveðið að samþykkja þau kjör og skilyrði fyrir því, að samningurinn geti náð til þessara landssvæða og getur ákveðið að samþykkja hin sérstöku kjör og skilyrði, sem í slíkum ráðstöfunum felast.

6. Ef landssvæði, sem aðildarríki hefur farið með utanríkismál fyrir og samningurinn hefur gilt á, verður sjálfstætt ríki, skulu ákvæði þessa samnings, sem gilda um landssvæði þetta, halda gildi sínu þar, ef hið nýja ríki óskar þess. Nýja ríkið skal hafa rétt á að taka þátt í störfum stofnana samtakanna og ráðið skal, með samþykki nýja ríkisins, taka þær ákvarðanir, sem nauðsynlegar eru til þess að gera ráðstafanir til að slík þátttaka verði virk. Samningurinn skal halda áfram að gilda að því er varðar nýja ríkið á þessum grundvelli, annaðhvort þar til þátttöku þess lýkur á sama hátt og gert er ráð fyrir um aðildarríki eða, ef aðild þess er samþykkt samkvæmt 1. málsgrein 41. greinar, þar til sú aðild verður virk.

7. Það aðildarríki, sem hlut á að máli, getur fellt úr gildi þennan samning á hvaða landssvæði sem er, í samræmi við 2., 3. eða 5. málsgrein þessarar greinar, svo framarlega sem það tilkynnir um það skriflega með tólf mánaða fyrirvara.

8. Yfirlýsingar og tilkynningar, sem gefnar eru samkvæmt þessari grein, skulu kunngjörðar ríkisstjórn Svíþjóðar, sem skal tilkynna þar um öllum öðrum aðildarríkjum.

44. gr.

Breytingar

Breyting á ákvæðum þessa samnings skal borin undir aðildarríkin til samþykktar, ef hún hefur verið samþykkt með ákvörðun ráðsins, nema þegar ákvæði um breytingu er að finna annars staðar í þessum samningi, þar á meðal í Viðaukum hans, og skal breytingin taka gildi svo framarlega sem hún er samþykkt af öllum aðildarríkjunum. Samþykktarskjölunum skal komið í vörzlu ríkisstjórnar Svíþjóðar, sem skal tilkynna öllum öðrum aðildarríkjum þar um.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, með fullu umboði, undirritað samning þennan.

Gert í Stokkhólmi hinn 4. dag janúarmánaðar 1960 í einu eintaki á ensku og frönsku, og skulu báðir textarnir jafngildir, og þeir fengnir í vörzlu ríkisstjórnar Svíþjóðar, sem skal senda öllum öðrum ríkjum, sem undirrita samninginn og aðilar gerast, staðfest eftirrit.

Viðauki B

SAMNINGUR
milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands.

EFNAHAGSBANDALAG EVRÓPU
annars vegar og
LÝÐVELDIÐ ÍSLAND
hins vegar,

sem æskja þess að efla og auka efnahagsleg samskipti Efnahagsbandalagsins og Íslands í tilefni stækkunar Efnahagsbandalags Evrópu og að tryggja samfellda þróun viðskipta milli Efnahagsbandalagsins og Lýðveldisins Íslands, án þess að raskað sé grundvelli eðlilegrar samkeppni, með það fyrir augum að vinna að uppbyggingu Evrópu,

og hafa einsett sér í þessu augnamiði að afnema smám saman höft á meginhluta viðskipta sinna í samræmi við ákvæðin um stofnun fríverzlunarsvæða í Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti,

og lýsa sig reiðubúin, með hliðsjón af öllum atriðum, sem máli skipta, og einkum þróun Efnahagsbandalagsins, til að athuga möguleika á að þróa og efla samskipti sín, komi í ljós, að það sé gagnlegt og í samræmi við efnahagslega hagsmuni þeirra að láta samskiptin ná til sviða, sem þessi samningur tekur ekki til,

hafa ákveðið, í samræmi við þessi markmið og með það í huga, að ekkert ákvæði þessa samnings megi túlka þannig, að það leysi samningsaðilana frá skuldbindingum þeirra samkvæmt öðrum alþjóðasamningum, að gera með sér svohljóðandi samning:

1. gr.

Samningur þessi miðar að því:

a) að efla með aukningu gagnkvæmra viðskipta samfellda þróun efnahagssamskipta Lýðveldisins Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu og að stuðla þannig að efnahagslegum framförum, bættum lífskjörum og atvinnuskilyrðum, aukningu framleiðni og fjármálalegu jafnvægi á Íslandi og í Efnahagsbandalaginu,
b) að tryggja, að viðskipti samningsaðilanna eigi sér stað á grundvelli eðlilegrar samkeppni,
c) að stuðla þannig með afnámi viðskiptahafta að samfelldri þróun og aukningu alþjóðaviðskipta.

2. gr.

Samningur þessi tekur til vara, upprunninna á Íslandi og í Efnahagsbandalagi Evrópu,

i) sem falla undir 25.-99. kafla Bruxelles- tollnafnaskrárinnar, að undanteknum þeim vörum, sem taldar eru í viðauka I;
ii) sem taldar eru í bókunum nr. 2 og nr. 6, en tillit er tekið til þeirra sérreglna, sem kveðið er á um í bókunum þessum.

3. gr.

1. Engir nýir innflutningstollar verða lagðir á viðskipti Íslands og Efnahagsbandalagsins.

2. Efnahagsbandalagið, í upphaflegri mynd þess, og Írland skulu afnema innflutningstolla í áföngum eins og hér segir:

- 1. apríl 1973 verður hver tollur lækkaður í 80% af grunntolli;
- hinar fjórar lækkanirnar, 20% hver, verða:

1. janúar 1974
1. janúar 1975
1. janúar 1976
1. júlí 1977.

3. Að því er varðar hverja vöru er grunntollur sá, sem lækkaður er samkvæmt þessari grein og bókun nr. 1, sá tollur, sem gilti í reynd 1. janúar 1972.

Ef tollalækkanir, sem samið var um í tollasamningunum, sem gerðir voru við lok samningaviðræðnanna í Genf (1964-1967), koma til framkvæmda eftir 1. janúar 1972, koma tollarnir, eins og þeir eru eftir þessar lækkanir, í stað grunntolla samkvæmt því, sem greinir í 1. mgr.

4. Tollalækkanir samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og bókunar nr. 1 og nr. 2 [1]) verða framkvæmdar þannig, að fyrsti aukastafur í tugabroti verður hækkaður upp eða lækkaður.

Með fyrirvara um beitingu Efnahagsbandalagsins á ákvæðum 5. tl. 39. gr. Samkomulags um aðildarskilmála og aðlögun að samningum, verða ákvæði þessarar greinar og bókunar nr. 1 og nr. 2 [1]) að því er varðar vörumagnstolla eða hluta slíkra tolla í blönduðum tollum írsku tollskrárinnar, framkvæmd þannig, að fjórði aukastafur í tugabroti verður hækkaður upp eða lækkaður.

4. gr.

1. Á þeim tímamörkum, sem tilgreind eru, ber Íslandi að lækka innflutningstolla gagnvart Efnahagsbandalaginu, í upphaflegri mynd þess, og Írlandi í hluta af hinum ýmsu grunntollum, er í gildi voru 1. marz 1970, svo sem greinir hér að neðan.

1) Augl. nr. 14/1975.

Grunntollar	2	4	5	10	12	15	20	25	30	35	40	50	60	65	70	75	80	90	100
1. apríl 1973	2	4	4	7	8	11	14	18	21	25	30	35	40	45	50	55	55	65	70
1. janúar 1974	0	3	3	6	7	9	12	15	18	21	24	30	35	40	40	45	50	55	60
1. janúar 1975	0	3	3	5	6	7	10	13	15	17	20	25	30	30	35	35	40	45	50
1. janúar 1976	0	2	2	4	5	6	8	10	12	14	16	20	24	25	30	30	30	35	40
1. janúar 1977	0	2	2	3	4	4	6	7	9	10	12	15	18	20	21	22	25	25	30
1. janúar 1978	0	0	0	2	2	3	4	5	6	7	8	10	12	13	14	15	16	18	20
1. janúar 1979	0	0	0	2	2	2	2	2	3	3	4	5	6	6	7	7	8	9	10
1. janúar 1980	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

2. Ísland heldur áfram að lækka tolla gagnvart Danmörku og hinu Sameinaða Konungsríki Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi, sem hér eftir er einnig nefnt Bretland, frá 1. janúar 1974 samkvæmt tímaáætlun 1. tl.

5. gr.

1. Ákvæðunum um afnám innflutningstolla í áföngum verður einnig beitt við fjáröflunartolla.

Samningsaðilar geta sett fjáröflunargjöld í stað fjáröflunartolla eða þess hluta tolls, sem er fjáröflunareðlis.

2. Ísland getur haldið um sinn fjáröflunartollum á vörum, sem taldar eru í viðauka II. enda sé gætt ákvæða 19. gr.

Þegar hafin er á Íslandi framleiðsla á sams konar vörum, sem taldar eru í viðauka II. ber að lækka tolla af þeim að því marki, sem náð hefði verið, ef lækkun þessara tolla hefði fylgt tímaáætluninni í 1. tl. 4. gr. frá því, að samningurinn gekk í gildi. Ef ákveðinn er lægri tollur gagnvart þriðja ríki en nemur fjáröflunartolli, verður tollalækkunin framkvæmd á grundvelli þess tolls.

Síðari lækkanir skulu fylgja tímaáætluninni í 1. tl. 4. gr.

3. Danmörk, Írland, Noregur og Bretland geta haldið fjáröflunartolli eða fjáröflunarhluta tolls til 1. janúar 1976, ef til þess kemur, að beitt verði 38. gr. Samkomulags um aðildarskilmála og aðlögun að samningum, sem tókst í samningaviðræðum Evrópubandalaganna, Konungsríkisins Danmerkur, Írlands, Konungsríkisins Noregs og hins Sameinaða Konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.

6. gr.

1. Í viðskiptum Íslands og Efnahagsbandalagsins skal ekki leggja á nein ný gjöld, sem hafa sömu áhrif og innflutningstollar.

2. Þegar samningurinn tekur gildi, verða afnumin gjöld, sem hafa sömu áhrif og innflutningstollar og lögð eru á eftir 1. janúar 1972 í viðskiptum Íslands og Efnahagsbandalagsins.

Þegar samningurinn tekur gildi, verða öll gjöld, sem hafa sömu áhrif og innflutningstollar, lækkuð í þá gjaldhæð, sem þau höfðu í reynd 1. janúar 1972, ef gjöldin eru hærri 31. desember 1972.

3. Gjöld, sem samsvara innflutningstollum, verða felld niður stig af stigi eins og hér segir:
- Öll gjöld verða lækkuð, í síðasta lagi 1. janúar 1974, í 60% af þeirri gjaldhæð, sem var 1. janúar 1972.
- Hinar þrjár lækkanirnar, 20% hver, koma til framkvæmda:
  1. janúar 1975
  1. janúar 1976
  1. júlí 1977.

7. gr.

1. Í viðskiptum Íslands og Efnahagsbandalagsins má hvorki leggja á útflutningstolla né gjöld, sem hafa samsvarandi áhrif.

Útflutningstollar og gjöld, sem hafa samsvarandi áhrif, skulu afnumin eigi síðar en 1. janúar 1974.

2. Ísland getur haldið kerfi því um útflutningsgjald af sjávarafurðum, sem var í gildi 1. janúar 1972 og er að finna í viðauka III.

Breytingar sem kunna að verða gerðar á kerfinu, mega ekki breyta eðli og markmiðum þess. Slíkar breytingar ber að tilkynna sameiginlegu nefndinni fyrirfram.

8. gr.

Bókun nr. 1 ákvarðar tollkerfi tiltekinna vara og aðrar reglur, sem um þær eru settar.

9. gr.

Bókun nr. 2 ákvarðar tollkerfi tiltekinna vara, sem framleiddar eru úr landbúnaðarafurðum, og aðrar reglur, sem um þær eru settar.

10. gr.

1. Ef settar eru sérstakar reglur vegna framkvæmdar stefnu í landbúnaðarmálum eða gerðar breytingar á gildandi reglum, getur viðkomandi samningsaðili aðlagað þá skipan fyrir viðkomandi vörur, er leiðir af þessum samningi, að þeim reglum.

2. Í þessum tilvikum tekur viðkomandi samningsaðili á viðeigandi hátt tillit til hagsmuna hins aðilans. Í þessu augnamiði geta samningsaðilarnir haft samráð í sameiginlegu nefndinni, sem kveðið er á um í 30. gr.

11. gr.

Bókun nr. 3 ákvarðar upprunareglurnar.

12. gr.

Hafi samningsaðili í hyggju að lækka virka tolla eða samsvarandi gjöld gagnvart þriðja ríki, sem nýtur beztu kjara ákvæða, eða að hætta að beita slíkum tollum eða gjöldum, ber honum að tilkynna sameiginlegu nefndinni þessa lækkun eða niðurfellingu a.m.k. 30 dögum fyrir gildistöku, verði því við komið. Viðkomandi samningsaðili tekur til athugunar allar athugasemdir hins aðilans, sem varða röskun, er gæti leitt af þessu.

13. gr.

1. Í viðskiptum Íslands og Efnahagsbandalagsins verður hvorki stofnað til nýrra innflutningshafta né annarra ráðstafana, sem hafa samsvarandi áhrif.

2. Efnahagsbandalagið fellir niður innflutningshöft 1. janúar 1973, og ráðstafanir, sem hafa samsvarandi áhrif og innflutningshöft, í síðasta lagi 1. janúar 1975.

Ísland fellir niður innflutningshöft og ráðstafanir, sem hafa samsvarandi áhrif og innflutningshöft, í síðasta lagi 1. janúar 1975.

14. gr.

1. Efnahagsbandalagið áskilur sér að breyta reglum um olíuvörur, sem falla undir tollskrárnúmer 27.10, 27.11, 27.12, úr 27.13 (parafín, smákristallað vax, móvax, parafínleifar) og 27.14 í Bruxelles-tollnafnaskránni, þegar tekin verður upp sameiginleg skýrgreining á upprunahugtakinu að því er varðar olíuvörur, þegar ákvarðanir verða teknar um sameiginlega viðskiptastefnu varðandi þessar vörur, eða þegar tekin verður upp sameiginleg stefna í orkumálum.

Þá ber Efnahagsbandalaginu að taka á viðeigandi hátt tillit til hagsmuna Íslands og veita sameiginlegu nefndinni, sem kemur saman eins og ráð er fyrir gert í 32. gr., upplýsingar í þessu efni.

2. Ísland áskilur sér að fara að á samsvarandi hátt, ef sambærilegar aðstæður koma upp að því er það varðar.

3. Með þeim fyrirvörum, sem felast í 1. og 2. tl., hefur þessi samningur ekki áhrif á reglur, aðrar en tollaákvæði, um innflutning á olíuvörum.

15. gr.

1. Samningsaðilar lýsa sig reiðubúna, að því leyti sem stefna þeirra í landbúnaðarmálum leyfir, að stuðla að samfelldri þróun viðskipta með landbúnaðarvörur, sem samningurinn tekur ekki til.

2. Samningsaðilum ber að framkvæma reglur sínar varðandi búfjár- og jurtasjúkdóma og heilbrigðiseftirlit í landbúnaði án mismununar og forðast að gera nýjar ráðstafanir, sem gætu torveldað viðskipti á óréttmætan hátt.

3. Samningsaðilar kanna, eftir því sem ráð er fyrir gert í 33. gr., þá erfiðleika, sem gætu komið upp í viðskiptum þeirra með landbúnaðarvörur, og leitast við að finna viðeigandi lausn.

16. gr.

Frá 1. júlí 1977 geta vörur, upprunnar á Íslandi, ekki notið betri kjara við innflutning til Efnahagsbandalagsins en gilda í viðskiptum aðildarríkja þess innbyrðis.

17. gr.

Í bókun nr. 6 eru sérstök ákvæði, sem gilda um innflutning tiltekinna sjávarafurða til Efnahagsbandalagsins.

18. gr.

Ákvæði þessa samnings eru því ekki til hindrunar, að haldið sé við eða stofnað til tollabandalaga, fríverzlunarsvæða eða sérreglna um flutninga yfir landamæri, að því leyti, sem ekki er raskað þeirri skipan viðskipta, sem ráð er fyrir gert í þessum samningi, og einkum ákvæðunum um upprunareglur.

19. gr.

Samningsaðilar skulu forðast allar fjármálaráðstafanir og fjármálaaðgerðir innanlands, sem hafa beint eða óbeint í för með sér mismunum milli vara frá öðrum samningsaðilanum og sams konar vara frá hinum samningsaðilanum.

Vörur, sem fluttar eru út til landsvæðis annars samningsaðilans, geta ekki notið hærri endurgreiðslu á innlendum álögum en þeim gjöldum nemur, sem á þær hafa verið lögð, beint eða óbeint.

20. gr.

Engin höft má leggja á greiðslur, sem fara fram vegna vöruviðskipta eða yfirfærslu á þessum greiðslum til ríkis, sem er aðili að Efnahagsbandalaginu, og þar sem kröfuhafinn er búsettur, eða til Íslands.

21. gr.

Samningur þessi hindrar ekki, að komið sé á innflutningsbanni eða takmörkunum á innflutningi, útflutningi eða á flutningi yfir land, ef aðgerðir þessar réttlætast af ástæðum, sem varða almennt siðgæði, allsherjarreglu, almannaöryggi, líf og heilsu manna og dýra eða gróðurvernd, verndun þjóðarverðmæta, sem hafa listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi, einkaréttindi á sviði iðnaðar og verzlunar, eða reglur um meðferð á gulli og silfri. Þess konar bönnum og takmörkunum má þó engan veginn beita til gerræðislegrar mismununar, eða til að leggja dulin höft á viðskipti milli samningsaðilanna.

22. gr.

Ekkert ákvæði þessa samnings hindrar samningsaðila í að gera ráðstafanir,

a) sem hann telur nauðsynlegar til að hindra uppljóstranir, sem eru andstæðar mikilvægum öryggishagsmunum;
b) sem varða viðskipti með vopn, skotfæri og herbúnað eða rannsóknir, þróun eða nauðsynlega framleiðslu vegna landvarna, með því skilyrði, að þessar ráðstafanir breyti

ekki samkeppnisgrundvelli að því er varðar vörur, sem ekki eru sérstaklega ætlaðar til hernarðarþarfa;

c) sem hann telur mikilvægar öryggi sínu á ófriðartímum eða þegar alvarleg spenna verður í alþjóðasamskiptum.

23. gr.

1. Samningsaðilum ber að forðast allar aðgerðir, sem eru fallnar til að valda hættu á, að markmiðum þessa samnings verði ekki náð.

2. Þeim ber að gera allar ráðstafanir, almennar og sérstakar, sem eru fallnar til að tryggja framkvæmd skuldbindinga samkvæmt samningnum.

Ef samningsaðili álítur, að hinn aðilinn hafi vanefnt skyldur sínar samkvæmt samningnum, getur hann gert viðeigandi ráðstafanir í samræmi við ákvæði 28. gr. og eftir þeim leiðum, sem þar eru greindar.

24. gr.

1. Eftirgreindar ráðstafanir eru ósamrýmanlegar góðri framkvæmd þessa samnings í þeim mæli, sem þær eru fallnar til að skaða viðskiptin milli Íslands og Efnahagsbandalagsins:

i) Allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samhæfðir viðskiptahættir fyrirtækja, sem miða að því að hindra, hamla eða spilla fyrir samkeppni að því er varðar framleiðslu og vöruviðskipti, eða leiða til slíks;

ii) misnotkun af hálfu eins eða fleiri fyrirtækja á markaðsráðandi aðstöðu á öllu landsvæði samningsaðilanna eða á verulegum hluta þess;

iii) öll opinber aðstoð, sem spillir eða er fallin til að spilla fyrir samkeppni með því að veita einstökum fyrirtækjum eða einstakri framleiðslu forréttindi.

2. Ef samningsaðili telur, að tiltekin framkvæmd sé ósamrýmanleg þessari grein, getur hann gert viðeigandi ráðstafanir í samræmi við ákvæði 28. gr. og eftir þeim leiðum, sem þar eru greindar.

25. gr.

Þegar aukning innflutnings tiltekinnar vöru veldur alvarlegu tjóni eða hættu á alvarlegu tjóni á framleiðslustarfsemi, sem stunduð er á landsvæði annars samningsaðilans, og ef þessi aukning stafar af

- lækkun eða afnámi tolla og samsvarandi gjalda, sem kveðið er á um í þessum samningi, á þeirri vöru í innflutningslandinu og
- því, að tollar og samsvarandi gjöld, sem útflutningsríkið leggur á innflutning hráefna eða hálfunninna vara, sem notuð eru í framleiðslu viðkomandi vöru, eru verulega lægri en tollar og samsvarandi gjöld, sem lögð eru á í innflutningslandinu,

getur samningsaðilinn, sem hagsmuna hefur að gæta, gert viðeigandi ráðstafanir í samræmi við ákvæði 28. gr. og eftir þeim leiðum, sem þar eru greindar.

26. gr.

Ef annar samningsaðilinn verður var við, að beitt er undirboðum í samskiptum við hinn aðilann, getur hann gert viðeigandi gagnráðstafanir í samræmi við ákvæði samningsins um gildistöku VI. gr. Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti, í samræmi við ákvæði 28. gr. og eftir þeim leiðum, sem þar eru greindar.

27. gr.

Ef alvarleg truflun verður í einhverri framleiðslugrein eða erfiðleikar, sem geta leitt til alvarlegrar röskunar á efnahagslífi landshluta, getur samningsaðili, sem í hlut á, gert viðeigandi ráðstafanir í samræmi við 28. gr. og eftir þeim leiðum, sem þar eru greindar.

28. gr.

1. Ef samningsaðili setur vöruinnflutning, sem getur valdið erfiðleikum eins og lýst er í 25. og 27. gr., undir opinbert eftirlit til að afla skjótlega upplýsinga um, hvert stefnir í viðskiptunum, ber honum að tilkynna hinum aðilanum um þær ráðstafanir.

2. Í þeim tilvikum, sem fjallað er um í 23. til 27. gr., lætur samningsaðilinn, sem í hlut á, sameiginlegu nefndinni í té allar upplýsingar, sem komið geta að notum, til að unnt sé að kanna ástandið vandlega og leita lausnar, sem báðir aðilar geta sætt sig við, áður en gerðar eru ráðstafanir, sem ráð er fyrir gert í 23. til 27. gr. eða eins fljótt og hægt er, þegar um er að ræða þau tilvik, sem fjallað er um í d-lið 3. töluliðs.

Velja ber öðrum fremur þær ráðstafanir, sem minnst raska framkvæmd þessa samnings.

Öryggisráðstafanirnar ber strax að tilkynna sameiginlegu nefndinni, sem mun reglulega ráðgast um þau, einkum með það fyrir augum, að frá þeim verði horfið strax og aðstæður leyfa.

3. Við framkvæmd ákvæða 2. tl. verður farið að sem hér segir:

a) Að því er varðar 24. gr. getur hvor samningsaðilinn sem er lagt málið fyrir sameiginlegu nefndina, ef hann telur, að tiltekið atferli sé ósamrýmanlegt góðri framkvæmd samningsins í skilningi 1. tl. 24. gr.

Samningsaðilum ber að veita sameiginlegu nefndinni allar upplýsingar, sem að gagni mega koma, og veita henni nauðsynlega aðstoð við könnun á gögnum og, ef því er að skipta, við að uppræta atferli það, sem áfellzt hefur verið fyrir.

Ef það bregzt, að samningsaðilinn, sem í hlut á, bindi enda á atferlið innan þess frests, sem sameiginlega nefndin ákveður, eða ef ekki næst samkomulag í nefndinni innan þriggja mánaða frá þeim degi, er málið var borið upp í nefndinni, getur aðilinn, sem hagsmuna á að gæta, gert öryggisráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til að vinna bug á alvarlegum erfiðleikum, sem leiða af atferlinu, einkum með því að fella tollaívilnanir úr gildi.

b) Að því er varðar 25. gr. verða erfiðleikar, sem leiða af ástandi, sem gert er ráð fyrir í greininni, tilkynntir sameiginlegu nefndinni til könnunar, og getur nefndin þá tekið allar gagnlegar ákvarðanir til að binda enda á það.

Ef sameiginlega nefndin eða útflutningssamningsaðilinn hafa ekki tekið ákvörðun, sem bindur enda á erfiðleikana innan 30 daga frá tilkynningu, getur innflutningssamningsaðilinn lagt jöfnunargjald á innfluttu vöruna.

Þetta jöfnunargjald er reiknað í hlutfalli við áhrifin á verðmæti umræddrar vöru af þeim tollamismun, sem staðreynt er, að sé vegna hráefna hálfunninna vara, sem notaðar eru í framleiðsluna.

c) Að því er varðar þau tilvik, sem um ræðir í 26. gr., fara fram umræður í sameiginlegu nefndinni, áður en samningsaðilinn, sem hagsmuna á að gæta, gerir viðeigandi ráðstafanir.

d) Þegar óvenjulegar aðstæður, sem gera tafarlausar aðgerðir nauðsynlegar, gera það ókleift, að könnun fari fram áður, getur samningsaðilinn, sem hagsmuna á að gæta, við þær aðstæður, sem gert er ráð fyrir í 25., 26. og 27. gr., þegar um er að ræða aðstoð við útflutning, sem hefur þegar í stað bein áhrif á viðskiptin, gert án tafar óhjákvæmilegar gagnráðstafanir til að ráða bót á ástandinu.

29. gr.

Nú verða erfiðleikar varðandi greiðslujöfnuð eins eða fleiri ríkja, sem aðild eiga að Efnahagsbandalaginu, eða Íslands, eða alvarleg hætta á slíkum erfiðleikum, og getur þá sá samningsaðili, sem hagsmuna á að gæta, gert nauðsynlegar öryggisráðstafanir. Honum ber að tilkynna hinum aðilanum það án tafar.

30. gr.

1. Setja skal á stofn sameiginlega nefnd, sem falið er að annast framkvæmd þessa samnings og fylgjast með því, að honum sé framfylgt, og skal nefndin gera tillögur þar að lútandi og taka ákvarðanir eftir því, sem ráð er fyrir gert í þessum samningi. Framkvæmd þessara ákvarðana er í höndum samningsaðilanna og fer eftir þeim reglum, sem gilda hjá hvorum aðilanum um sig.

2. Til að framkvæmd samningsins verði sem ákjósanlegust, skulu samningsaðilarnir skiptast á upplýsingum og bera saman ráð sín í sameiginlegu nefdinni, ef annar aðilinn æskir þess.

3. Sameiginlega nefndin setur sér sjálf starfsreglur.

31. gr.

1. Sameiginlega nefndin er skipuð, annars vegar, fulltrúum Íslands og, hins vegar, fulltrúum Efnahagsbandalagsins.

2. Ályktanir nefndarinnar verða einungis gerðar samhljóða.

32. gr.

1. Formennska í sameiginlegu nefndinni fellur í hlut samningsaðilanna til skiptis eftir því, sem ákveðið verður í starfsreglum hennar.
2. Sameiginlega nefndin kemur saman eigi sjaldnar en einu sinni á ári, að frumkvæði formanns síns, til að fjalla um almenna framkvæmd samningsins.

Nefndin kemur saman til aukafundar hvenær sem sérstök nauðsyn ber til, að beiðni annars aðilans, eftir því sem mælt verður fyrir um í starfsreglum hennar.

3. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að skipa undirnefndir til aðstoðar við lausn verkefna sinna.

33. gr.

1. Þegar samningsaðili telur það gagnlegt sameiginlegum hagsmunum samningsaðilanna að þróa þau samskipti, sem til hefur verið stofnað með þessum samningi, með því að láta þau ná til sviða, sem samningurinn fjallar ekki um, sendir hann hinum rökstudda beiðni þar um.

Samningsaðilarnir geta falið sameiginlegu nefndinni að kanna beiðnina og gera tillögur til aðilanna, ef því er að skipta, einkum með það fyrir augum að koma á samningaviðræðum.

2. Samningar, sem gerðir kunna að verða eftir samningaviðræður samkvæmt 1. tl., verða lagðir fram til fullgildingar eða staðfestingar af samningsaðilunum eftir þeim reglum, sem um það gilda hjá hvorum aðila um sig.

34. gr.

Viðaukar og bókanir, sem fylgja samningi þessum, eru óaðskiljanlegir hlutar samningsins.

35. gr.

Hvor samningsaðili um sig getur sagt upp samningi þessum með tilkynningu til hins samningsaðilans. Samningurinn fellur úr gildi, þegar tólf mánuðir eru liðnir frá tilkynningunni.

36. gr.

Samningur þessi tekur annars vegar til landsvæðis Íslands og hins vegar til landsvæða, sem samningurinn um stofnun Efnahagsbandalags Evrópu tekur til, með þeim skilmálum, sem greindir eru í þeim samningi.

37. gr.

Samningurinn er gerður í tvíriti, á dönsku, ensku, frönsku, hollenzku, íslenzku, ítölsku, og þýzku, [1]) og eru allir textarnir jafngildir.

Samningurinn verður staðfestur af samningsaðilunum eftir þeim reglum, sem um það gilda hjá hvorum aðila um sig.

Samningurinn gengur í gildi 1. janúar 1973, að því tilskildu, að samningsaðilarnir hafi, fyrir þann tíma, tilkynnt hvor öðrum, að samningurinn hafi hlotið þá meðferð, sem nauðsynleg er til að svo megi verða.

Eftir þetta tímamark gengur samningurinn í gildi fyrsta dag annars mánaðar frá þessari tilkynningu. Síðasti dagur til tilkynningar er 30. nóvember 1973.

Ákvæðin, sem ætlað er að koma til framkvæmda 1. apríl 1973, koma til framkvæmda, þegar samningurinn gengur í gildi, ef það verður eftir þetta tímamark.

G J Ö R T í Bruxelles, tuttugasta og annan dag júlímánaðar nítján hundruð sjötíu og tvö.

1) Augl. nr. 14/1975.

Viðauki I.
LISTI YFIR VÖRUR, SEM VIÐ ER ÁTT Í 2. GR. SAMNINGSINS

Viðauki II.
FJÁRÖFLUNARTOLLAR 1. APRÍL 1972

Viðauki III.
REGLUR UM ÚTFLUTNINGSGJALD AF SJÁVARAFURÐUM, SEM ÍSLAND GETUR HALDIÐ

Bókun nr. 1
VARÐANDI REGLUR UM TILTEKNAR VÖRUR
(Á ekki lengur við)

Bókun nr. 2
VARÐANDI VÖRUR, SEM SÉRSTAKAR REGLUR GILDA UM VEGNA TILLITS TIL MISMUNAR Á VERÐLAGI LANDBÚNAÐARAFURÐA, SEM ÞÆR ERU FRAMLEIDDAR ÚR

Bókun nr. 3
VARÐANDI SKILGREININGU HUGTAKSINS „UPPRUNAVÖRUR“ EÐA „VÖRUR UPPRUNNAR ...“ OG VARÐANDI FYRIRKOMULAG Á SAMVINNU STJÓRNVALDA

Bókun nr. 5
UM SÉRSTÖK ÁKVÆÐI VARÐANDI ÍSLAND
(Á ekki lengur við)

BÓKUN NR. 4
um innflutningshöft, sem Ísland getur haldið

1. Með fráviki frá 13. gr. getur Ísland haldið innflutningshöftum að því er varðar vörur, sem hér eru taldar:

a)

Númer í Bruxelles-tollnafna-skránni	Vörulýsing
27.09	Jarðolíur og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, óhreinsaðar
úr 27.10	Jarðolía hreinsuð að nokkru, þar með taldar frumhreinsaðar hráolíur („topped crude“)
úr 27.10	Bensín, annað en flugvélabensín
úr 27.10	Gasolíur, brennsluolía til heimilisnota og létt brennsluolía
úr 27.10	Þungar brennsluolíur

b)

Númer í Bruxelles tollnafna-skránni	Vörulýsing
úr 96.02	Burstagerðarvörur, að undanteknum burstum, sem eru hlutar í vélum, málningarrúllum, gúmmíþurrkum á skafti eða þurrkum úr öðru sams konar mjúku efni, listmálunarpenslum, tannburstum.

2. Innflutningshöftum á vörum, sem taldar eru í töflu 1 undir a), skal beitt þannig, að útflytjendur í Efnahagsbandalaginu fái tækifæri til að keppa við aðra seljendur á eðlilegan og jafnan hátt um sanngjarnan hluta íslenzka markaðarins, enda sé tekið tillit til eðlilegrar þróunar viðskiptanna.

BÓKUN NR. 6
varðandi sérstök ákvæði um innflutning til efnahagsbandalagsins á tilteknum sjávarafurðum

1. gr.

1. Að því er varðar afurðir, sem taldar eru hér á eftir og upprunnar eru á Íslandi,
- verða engir nýir tollar teknir upp í viðskiptum Efnahagsbandalagsins og Íslands,
- verður ákvæðum 2., 3. og 4. tl. 3. gr. samningsins beitt við innflutning til Efnahagsbandalagsins, í upphaflegri mynd þess, til Írlands og til Bretlands, þó þannig að fyrstu tollalækkanirnar verða 1. júlí 1973 í stað 1. apríl 1973.

Númer í sameiginlegu tollskránni	Vörulýsing
02.04	Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, nýtt, kælt eða fryst:
	C. Annað:
	úr I. Hvalkjöt og selkjöt; froskalæri:
	– Hvalkjöt
03.01	Fiskur, nýr (lifandi eða dauður), kældur eða frystur:
	B. úr sjó:
	II. flök
	b) fryst
	C. lifur, hrogn og svil
03.02	Fiskur, þurrkaður, saltaður eða í saltlegi; reyktur fiskur einnig soðinn áður eða jafnframt reykingu:
	C. lifur, hrogn og svil
03.03	Krabbadýr og lindýr, með eða án skeljar, ný (lifandi eða dauð), kæld, fryst, þurrkuð, söltuð eða í saltlegi; krabbadýr með skel, aðeins soðin í vatni:
	A. Krabbadýr:
	IV. rækjur:
	a)rækjur af pandalusætt (fleiri afbrigði)
15.04	Feiti og olía úr fiski og sjávarspendýrum einnig hreinsuð
úr 15.12	Feiti og olíur úr jurta- eða dýraríkinu, vetnuð að nokkru eða öllu leyti, eða gerð föst eða hert með öðrum hætti, einnig hreinsuð, en ekki unnin að öðru leyti:
	– Olíur og feiti úr fiski og sjávarspendýrum
16.04	Fiskur, tilreiddur eða niðursoðinn, þar með talin styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra:
	A. Styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra [1])
	C. Síld:
	I. Flök, hrá, þakin deigi eða brauðmylsnu, fryst.
	G. Annað:
	I. Flök, hrá, þakin deigi eða brauðmylsnu, fryst.
16.05	Krabbadýr og lindýr (með eða án skeljar), tilreidd eða niðursoðin
23.01	Mjöl og duft úr kjöti, sláturúrgangi, fiski, krabbadýrum og lindýrum, óhæf til manneldis; hamsar

1) Augl. nr. 22/1976

Afnám innflutningstolla á frystum fiskflökum tekur ekki gildi nema Ísland virði viðmiðunarverð, sem Efnahagsbandalagið ákveður, og ráðstafanir, sem bandalagið gerir til framkvæmda á 25. gr. bis í reglugerð (EBE) ráðs Evrópubandalaganna nr. 2142 frá 20. október 1970, sem síðast var breytt með Samkomulagi um aðildarskilmála og aðlögun að samningum, til að koma í veg fyrir óstöðugt verðlag og ójafna samkeppnisaðstöðu fyrir fisk, frystan um borð í skipi og frystan í landi, svo og til að ráða bót á erfiðleikum, sem gætu orðið við að halda jafnvægi á fiskframboði.

2. Innflutningstollar Efnahagsbandalagsins á eftirtöldum afurðum, upprunnum á Íslandi:

Númer í sameiginlegu tollskránni	Vörulýsing
03.01	Fiskur, nýr (lifandi eða dauður), kældur eða frystur:
	B. úr sjó:
	I. Heill, hausaður eða skorinn í bita
	f. karfi (Sebastes Marinus)
	h. þorskur (Gadus Morrhua eða Gadus Callarias)
	ij. ufsi (Pollachius Virens eða Gadus Virens)
	k. ýsa (Gadus Aeglefines)

breytast þannig:
fyrir vörur í tollskrárnúmeri 03.01 B I f

Tímaáætlun	Tollur á innfl. til bandalagsins, í upphaflegri mynd þess, og til Írlands %	Tollur á innfl. til Bretlands %	Tollur á innfl. til Danmerkur [1]) %
1. júlí 1973	6	8	0
1. jan. 1974	5	6	0
1. jan. 1975	4	4	0
1. jan. 1976	2	2	2

[1]) Augl. nr. 14/1975

fyrir vörur í tollskrárnúmeri 03.01 B I h, ij, k

Tímaáætlun	Tollur á innfl. til bandalagsins, í upphaflegri mynd þess, og til Írlands %	Tollur á innfl. til Bretlands %	Tollur á innfl. til Danmerkur [1]) %
1. júlí 1973	12	9	0
1. jan. 1974	9	7	0
1. jan. 1975	6	5	0
1. jan. 1976	3,7	3,7	3,7

Varðandi innflutning þessara afurða gildir það viðmiðunarverð, sem Efnahagsbandalagið ákveður.

3. Innflutningstollar Efnahagsbandalagsins á eftirtöldum afurðum, upprunnum á Íslandi:

Númer í sameiginlegu tollskránni	Vörulýsing
16.04	Fiskur, tilreiddur eða niðursoðinn, þar með talin styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra:
	C. Síld:
	II. Önnur:
úr	G. Annað:
	II. Annað, þó ekki niðurlagður, reyktur ufsi (sjólax)

[1]) Augl. nr. 14/1975

[2]) Augl. nr. 22/1976

breytast þannig:

Tímaáætlun	Tollur á innfl. til bandalagsins, í upphaflegri mynd þess	Tollur á innfl. til Írlands	Tollur á innfl. til Danmerkur, og Bretlands [1])
	%	%	%
1. júlí 1973	18	38	0
1. jan. 1974	16	31	4
1. jan. 1975	14	24	6
1. jan. 1976	12	17	8
1. jan. 1977	10	10	10

2. gr.

1. Efnahagsbandalagið áskilur sér rétt til að láta ákvæði þessarar bókunar ekki koma til framkvæmda, ef ekki næst viðunandi lausn fyrir aðildarríki Efnahagsbandalagsins og Íslands á efnahagserfiðleikum, sem leiða af ráðstöfunum Íslands varðandi fiskveiðiréttindi.

Efnahagsbandalagið mun tilkynna Íslandi, þegar er aðstæður leyfa, og eigi síðar en 1. apríl 1973, ákvörðun sína í þessu efni.

2. Nú fæst ekki viðunandi lausn fyrr en eftir þetta tímamark, og getur þá Efnahagsbandalagið frestað ákvörðun um framkvæmd ákvæða þessara bókunar, enda tilkynni það Íslandi þá ákvörðun.

Strax og þessi ákvörðun hefur verið tekin, tilkynnir Efnahagsbandalagið Íslandi hana.

3. Ef ákvæði þessarar bókunar koma til framkvæmda eftir 1. júlí 1973, mun Efnahagsbandalagið gera þær breytingar, sem nauðsynlegar kunna að reynast, á tímaáætlununum í 1. gr.

3. gr.

Ísland áskilur sér rétt til að taka ákvörðun um afhendingu fullgildingarskjala sinna, án þess að brjóta í bága við ákvæði 37. gr. samningsins, með hliðsjón af beitingu ákvæða 2. gr.

[1]) Augl. nr. 14/1975

Viðauki C

YFIRLÝSING
ráðherrafundar
Evrópubandalagsins, aðildarríkja þess og
ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA)
í Lúxemborg 9. apríl 1984.

Ráðherrafundur Evrópubandalagsins og aðildarríkja þess og ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu var haldinn mánudaginn 9. apríl 1984 í Kirchberg European Centre í Lúxemborg.

Fundinum var stjórnað af Claude Cheysson, utanríkisráðherra Frakka og formanni EB-ráðsins, og Mats Hellström, utanríkisviðskiptaráðherra Svía og formanni EFTA-ráðsins. Fulltrúi framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins á fundinum var Wilhelm Haferkamp, varaforseti hennar.

Þátttakendur samþykktu eftirfarandi sameiginlega yfirlýsingu í lok fundarins:

1. Í því skyni að leggja sérstaka áherslu á mikilvægi samskiptanna sem komið var á með fríverslunarsamningum milli Evrópubandalagsins og EFTA-ríkjanna, hittust ráðherrar aðildarríkja Evrópubandalagsins, ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins til að meta áratuga árangur fríverslunar og til að gera tillögur um nánari og aukna samvinnu innan ramma fríverslunarsamninganna og utan þeirra.
2. Með afnámi síðustu tolla og magntakmarkana í tvíhliða viðskiptum með iðnaðarvörur, snemma árs 1984, náðu bandalagið og EFTA-ríkin því markmiði sem sett var fyrir meira en tíu árum.

Það hefur því verið komið á stærsta fríverslunarsvæði heims, þar sem fjórðungur heimsviðskipta á sér stað, með yfir 300 milljónir neytenda og sem mun stækka enn frekar með fjölgun aðildarríkja bandalagsins í framtíðinni. Þetta hefur átt ríkan þátt í verulega auknum viðskiptum milli þessara Evrópuríkja. Árangurinn sem náðst hefur í evrópskri samvinnu er verulegur, sérstaklega þegar tekið er tillit til efnahagslegra erfiðleika og þrýstings til að taka upp verndarstefnu sem við höfum staðið andspænis frá því í byrjun 7. áratugsins.

Þessi þróun hefur lagt verulegan skerf til efnahagsbata, og ætti jafnvel að leiða til enn frekari eflingar viðskipta.

Ráðherrarnir voru því sannfærðir um mikilvægi frekari aðgerða til að efla og styrkja samstarfið með það að markmiði að koma á einu evrópsku efnahagssvæði til hagsbóta fyrir lönd þeirra.

3. Með það í huga, álitu ráðherrarnir nauðsynlegt að halda áfram að spyrna gegn þrýstingi til að taka upp verndarstefnu og að fylgja eftir viðleitni sinni til að bæta óhindrað flæði iðnaðarvara í löndum sínum sérstaklega með: samræmingu staðla, afnámi tæknilegra hindrana, einföldun landamæraeftirlits og upprunareglna, afnámi óheiðarlegra viðskiptahátta, ríkisstyrkja er brjóta í bága við fríverslunarsamningana og aðgang að opinberum innkaupum. Í þessu tilliti eru tilraunir bandalagsins til að styrkja innri markað sinn mjög mikilvægar. Ráðherrar treysta á, eins og áður, að það reynist mögulegt að finna heppilegar lausnir byggðar á gagnkvæmni í anda fríverslunarsamninganna.
4. Ráðherrarnir lögðu áherslu á mikilvægi þess að viðhalda raunsæju og sveigjanlegu samstarfi sem er utan ákvæða fríverslunarsamninganna, milli bandalagsins og aðildarríkja þess og EFTA-ríkjanna. Slík samvinna hefur þróast á undanförnum árum á fjölda sameiginlegra áhugasviða, sem eðlilegur viðauki sívaxandi viðskiptatengsla.

Ráðherrarnir ákváðu að breikka og efla slíkt samstarf milli bandalagsins og aðildarríkja þess og EFTA-ríkjanna. Aukin efnahagsleg tengsl milli bandalagsins og EFTA-ríkjanna krefjast sérstaklega samvinnu á sviði rannsókna og þróunar. Ráðherrarnir lögðu áherslu á

þörfina til að auka þessa starfsemi t.d. í sambandi við COST og innan samtaka sem sum landanna eru aðilar að, sérstaklega í því skyni að stuðla að flutningsmöguleikum evrópskra rannsóknarmanna. Þeir vildu að vissum iðnaðar- og tæknisviðum framtíðarinnar yrði gefin sérstakur gaumur s.s. fjarskiptum, upplýsingakerfum eða hinni nýju myndbandafjölmiðlun.

5. Samstarf og/eða samráð á sviði samgangna, landbúnaðar, sjávarútvegs og orkumála yrði eflt.

Samráð, tengsl eða upplýsingaskipti um vinnuaðstöðu, félagslega vernd, menningu, neytendavernd, umhverfismál, ferðamál og höfunda- og einkaleyfisrétt væri fyrirhuguð, með hliðsjón af því starfi sem unnið væri á öðrum alþjóðlegum vettvangi, sérstaklega innan Evrópuráðsins og með tilliti til möguleika hvers lands fyrir sig.

6. Ráðherrarnir ítrekuðu nauðsyn á að viðhalda og tryggja efnahagsbatann og draga úr óviðunandi miklu atvinnuleysi - sem kemur sérstaklega niður á ungu fólki og skapar verulegt vandamál fyrir efnahagskerfi og þjóðfélög þeirra – án þess þó að endurvekja verðbólguna. Þeir munu reyna að samræma aðgerðir sínar á þessu sviði. Það er nauðsynlegt fyrir aðila vinnumarkaðarins að vera virkir þátttakendur í þessu átaki.

7. Loks, með nánari samvinnu, verður Evrópa í betri aðstöðu til að skapa skilyrði til hagvaxtar og hafa mikilvægara hlutverki að gegna í heiminum, sérstaklega með því að auka tengsl á sviðum efnahags- og peningamálastefnu.

Með þetta í huga, voru ráðherrarnir sammála um að auka samráð og upplýsingaskipti um efnahagsleg vandamál og viðskiptaerfiðleika líðandi stundar í því skyni að finna sanngjarnar lausnir, sérstaklega í félagi við helstu viðskiptaaðila sína, með það að markmiði að styrkja hið opna marghliða viðskiptakerfi. Í þessu sambandi ítrekuðu þeir skuldbindingar sem gefnar hafa verið innan OECD, GATT og annars staðar á alþjóðlegum vettvangi.

Þeir samþykktu einnig að auka samráð um þróunarmál, sérstaklega í tengslum við Norður-Suður viðræðurnar, til að efla nánari samvinnu við þróunarlöndin. Þeir lögðu sérstaka áherslu á aukna þátttöku þróunarlandanna í marghliða viðskiptasamstarfi og tekist verði á við skuldavanda þeirra á skipulagðan hátt.

Ráðherrarnir samþykktu að vinna að þessum markmiðum saman bæði á alþjóðlegum vettvangi s.s. innan OECD, GATT, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans og einnig á tvíhliða grundvelli.

8. Ráðherrarnir lýstu yfir pólitískum vilja til að ná þessum markmiðum.

Viðauki D

Yfirlýsing æðstu manna aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), Osló, 14.-15. mars 1989

1. Við forsætisráðherrar ríkisstjórna aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), hittumst í Osló 14. og 15. mars 1989 til að ræða framlag EFTA til samruna Evrópu, samskipti EFTA- ríkjanna og aðildarríkja Evrópubandalagsins og markmið EFTA í heimsviðskiptum.
2. Við ítrekum skuldbindingar ríkja okkar varðandi samruna Evrópu. Við teljum að stefna og samvinna EFTA-ríkjanna á alþjóðavettvangi stuðli að pólitísku og félagslegu jafnvægi í Evrópu. Við erum þar af leiðandi sannfærð um að meiri samræming efnahagslífs EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins styrki Evrópu og auki hagsæld hennar.
3. Við lýsum ánægju okkar með framlag Evrópubandalagsins til meiri samræmingar með því að koma á einum innri markaði árið 1992. Grundvöllur að samvinnu okkar við Evrópubandalagið er sameiginlegur menningararfur, sameiginlegar hugmyndir um grundvallargildi lýðræðis og mannréttinda, landfræðileg nálægð og hversu háðar þjóðirnar eru hver annarri á sviði iðnaðar, viðskipta og tæknilegrar þróunar. Við erum sammála um að óhindruð viðskipti og opnir markaðir séu mikilvægir til að stuðla að efnahagsþróun og fullri atvinnu. Við erum reiðubúin til að taka höndum saman við ríki Evrópubandalagsins til að bæta velferð ríkisborgara okkar.
4. Við ítrekum markmið Stokkhólmssáttmálans og fríverslunarsamninganna við EB svo og sameiginleg markmið með Evrópubandalaginu eins og þau birtast í Lúxemborgaryfirlýsingunni árið 1984 um að koma á fót samræmdu og virku evrópsku efnahagssvæði (EES), sem nær til allra aðildarríkja EFTA og EB.
5. Við lýsum ánægju með þann árangur sem náðst hefur í að afnema hindranir í vöruviðskiptum með iðnaðarvöru. Tollar og magntakmarkanir hafa verið felldar niður og uppruna- og tollmeðferð hefur verið einfölduð. Verulegur árangur hefur náðst á sviði tæknilegra reglugerða svo og varðandi öryggis- og heilbrigðiskröfur. Þessi þróun hefur styrkt tengsl EFTA og EB enn frekar og stöðu EFTA og EB sem mikilvægustu viðskiptaaðila hvors annars.
6. Samstarf okkar hefur aukist á sviði rannsókna og þróunar og samningar eru fyrirhugaðir til að auðvelda hvers konar þjónustuviðskipti. Á sviði menntamála og umhverfisverndar miðar starfinu áfram og hefur smám saman náð til fjármagnshreyfinga og nokkurra þátta er snerta óhindraðan flutning fólks á milli landa. Á vissan hátt hefur þessi víði samstarfsvettvangur þó ekki að öllu leyti verið í samræmi við metnað okkar og væntingar.
7. Við þurfum að takast á við sömu hindranir og EB í uppbyggingu hins evrópska efnahagssvæðis. Sú leið sem við ákváðum að fara í hinni sameiginlegu Lúxemborgaryfirlýsingu skilar okkur á rétta leið. Við stefnum hins vegar að því að styrkja okkar sérstæða samband við EB á grundvelli jafnvægis á milli réttinda og skuldbindinga. Með hliðsjón af því viðurkennum við að leggja þarf fram aukið starf og nýjar hugmyndir og viljum þannig kanna þá möguleika sem við höfum til að ná þessu markmiði.
8. Í þessu sambandi lýsum við ánægju okkar með yfirlýsingu frá fundi æðstu manna Evrópubandalagsins sem haldinn var á Rhodes þar sem bandalagið óskaði eftir nánari og auknum samskiptum við ríki EFTA og yfirlýsingu Spánverja, sem nú fara með formennsku í EB-ráðinu þess efnis að þeir líti á samskipti EFTA og EB sem helsta forgangsverkefni sitt. Á sama hátt lýsum við ánægju okkar með frumkvæði forseta framkvæmdastjórnar bandalagsins, Jacques Delors á Evrópuþinginu þann 17. janúar þar sem hann lagði til að teknar yrðu upp ítarlegar viðræður um umfang og stofnanalegan ramma nánari samvinnu við EFTA-ríkin.

9. Við svörum frumkvæði Delors á jákvæðan hátt og lýsum yfir vilja okkar til að kanna með EB aðferðir og leiðir til að ná fram kerfisbundnara samstarfi með sameiginlegri ákvarðanatöku og stjórnstofnunum til þess að samstarf okkar verði árangursríkara.
10. Við gerum ráð fyrir því að fyrirhugaður ráðherrafundur EFTA og EB sem haldinn verður í Brussel 20. mars leggi grunninn að því að hefja viðræður um framtíðarform og umfang samvinnu milli EFTA-ríkja og bandalagsins í náinni framtíð.
11. Við gerum ráð fyrir því að samningaviðræður leiði til fyllsta mögulega samkomulags um óhindraðan flutning á vöru, þjónustu, fjármagni og fólki, með það að markmiði að koma á einu samræmdu evrópsku efnahagssvæði. Við erum því reiðubúin til að kanna ýmsa möguleika og leiðir til að styrkja formleg tengsl milli EFTA-ríkjanna og EB. Við útilokum ekki neinn valkost í framtíðarviðræðum okkar við EB.
12. Við sjáum verulegan gagnkvæman hag í að þróa samstarf okkar á öðrum sviðum, en þeim sem tengjast beint áætluninni um innri markaðinn. Við höfum sérstakan áhuga á að stefna að:
    - víðtækri þátttöku þeirra aðila innan EFTA sem stunda rannsóknir og iðnþróun í rannsókna- og þróunaráætlunum bandalagsins og leggja þannig fram verulegan skerf til að bæta samkeppnisstöðu evrópsks iðnaðar.
    - auknu samstarfi á sviði menntamála til að auðvelda óhindruð skipti á nemendum, kennurum og vísindamönnum og veita gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum.
    - finna lausn á svæðisbundnum og alþjóðlegum umhverfisvandamálum með því að leggjast á eitt og samræma starfsemi á þessu sviði um alla Evrópu. Við erum sammála þeirri skoðun að markmiðið með efnahagslegum samruna í Evrópu verði að taka mið af verndun umhverfisins. Við erum reiðubúin til að kanna með Evrópubandalaginu nýjar leiðir sem gætu gert aðgerðir okkar markvissari.
    - auka samráð um efnahags- og peningamálastefnu.
13. Við erum sammála um að aukinni efnahagssamvinnu þurfi að fylgja myndun „Evrópu ríkisborgaranna“ og þróun á hinum félagslega þætti samrunans með náinni samvinnu við hagsmunasamtök atvinnulífsins.
14. Til að stuðla að frekari samruna og til að fá niðurstöður á sama tíma innan hins evrópska efnahagssvæðis gerum við ráð fyrir að upplýsingaskipti um fyrirhugaða löggjöf, ráðgjafarstarf, gagnkvæma viðurkenningu á sambærilegri löggjöf og ákvarðanatöku fari fram tímanlega. Þessu ætti að vera fylgt eftir með öflugu og öruggu eftirliti með fullnustu dóma og sameiginlegri meðferð á lausn deilumála.
15. Við leggjum áherslu á að athugun á leiðum til fastmótaðri samskipta megi ekki draga úr sameiginlegum ásetningi okkar við að ná árangri í núverandi samstarfi.
16. Við viðurkennum sjálfsákvörðunarrétt hverrar einstakrar EFTA-þjóðar hvað varðar tvíhliða frumkvæði og samninga við EB með tilliti til sérhagsmuna þeirra.
17. Við lítum á EFTA sem meginvettvang til fjölhliða samninga við EB og erum sammála um að auka frekar samstarf innan EFTA á öllum sviðum tengdum evrópska efnahagssvæðinu. Við munum gera nauðsynlegar ráðstafanir til að styrkja ákvarðanatöku innan EFTA og sameiginlega getu til samningagerðar. Við munum einnig styrkja það kerfi sem við höfum til eftirlits og framkvæmdar á samningsskuldbindingum til þess að tryggja samræmda og samhæfða framkvæmd og túlkun þeirra á öllu evrópska efnahagssvæðinu.
18. Það er ennfremur markmið okkar að styrkja innra samstarf EFTA, s.s. með fullri fríverslun með sjávarafurðir.

* (sjá neðanmálsgrein í lok yfirlýsingar)

19. Við lýsum ánægju með yfirlýsingar þingmannanefndar EFTA- ríkjanna og ráðgjafanefndar EFTA sem þýðingarmikið framlag til umræðu okkar.
20. Við ítrekum ákvörðun okkar að styrkja og bæta frekar hið marghliða viðskiptakerfi og berjast gegn hvers konar verndarstefnu. Með hliðsjón af þessu markmiði heitum við öflugum stuðningi við það starf sem unnið er í GATT og leggjum áherslu á það samband sem er á milli sameiningar í Evrópu og þess að ná fram óhindruðum viðskiptum um allan heim, eins og stefnt er að í Uruguay-viðræðunum. Við lýsum áhyggjum yfir gangi GATT-samningaviðræðnanna og vonum að þær hindranir sem nú standa í vegi fyrir því að ná fram nýjum og ákveðnari reglum í heimsviðskiptum verði fljótlega rutt úr vegi.
21. Við leggjum áfram áherslu á hversu nauðsynlegt það er fyrir þróunarlöndin að sameinast hinu opna fjölþjóðakerfi, en jafnframt viðurkennum við ábyrgð okkar á að leggja okkar skerf til þróunar í þessum ríkjum, þar með talið að finna lausn á skuldavanda þeirra. Við lofum því að gera allt sem í okkar valdi stendur til að viðhalda, og hvenær sem mögulegt er, að bæta aðgang innfluttra vara frá þróunarlöndunum að mörkuðum okkar og sérstaklega frá vanþróuðustu ríkjunum.
22. Við leggjum mikla áherslu á mikilvægi starfs Evrópuráðsins til að efla nánara samstarf innan Evrópu sérstaklega á sviði mannréttinda, menntunar, menningar og félagsmála.
23. Við metum einnig mikils samstarf iðnríkja innan OECD, sem hefur lagt stóran skerf til stefnumótunar efnahagslegs stöðugleika og hagsældar.
24. Við lýsum yfir fullum stuðningi við endurskipulagningu og opnun hagkerfis Júgóslavíu og bjóðum fulltrúum þess að kanna leiðir til að þróa samstarf okkar.
25. Við lýsum yfir ánægju með árangursríka niðurstöðu Vínarfundar Ráðstefnu um Samvinnu og Öryggi í Evrópu, (RÖSE), og heitum fullum stuðningi við áframhaldandi starf hennar. Við lýsum jafnframt yfir áhuga á pólitískum og efnahagslegum umbótum í Austur-Evrópu og vonum að sú þróun muni skapa grundvöll til nánari viðskipta- og annara efnahagssamskipta. Við leggjum áherslu á hlutverk Efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu þar sem hún er fjölþjóðlegur vettvangur til viðræðna við lönd Austur-Evrópu um þýðingarmikil, sameiginleg hagsmunamál.

* Fríverslun með fisk og aðrar sjávarafurðir tekur gildi 1. júlí árið 1990.

Finnland má tímabundið halda núverandi innflutningsfyrirkomulagi á Eystrsaltssíld og laxi. Fyrir 1. janúar 1993 skal Finnland leggja fram tímaáætlun, um afnám þessara undanþágna.

Viðauki E

Sjávarútvegur og fiskafurðir.

(Kafli úr 4. hefti Evrópustefnunefndar Alþingis.)

Þessum hluta skýrslunnar er skipt í þrjá meginþætti:

Sá fyrsti fjallar um sjávarútvegsstefnu Evrópubandalagsins og greinir jafnframt frá aðgerðum varðandi fiskeldi innan bandalagsins.

Annar þáttur lýsir samskiptum Íslands við Evrópubandalagið undanfarna tvo áratugi. Er þar einkum fjallað um fríverslunarsamninginn en veigamesti hluti hans frá sjónarhóli Íslendinga varðar aðgang fyrir íslenskar sjávarafurðir að mörkuðum bandalagsins.

Þriðji þátturinn lýsir tilraunum til að knýja fram fríverslun með fisk innan þeirra viðskiptasamtaka sem Íslendingar eru aðilar að, þ.e. Fríverslunarsamtaka Evrópu — EFTA. Er það af Íslands hálfu talið nauðsynlegt fyrsta skref til að koma á fríverslun með fisk innan hins evrópska efnahagssvæðis.

1. Sjávarútvegsstefna Evrópubandalagsins.

Stjórn sjávarútvegsmála er reist á ákvæðum Rómarsáttmálans um stofnun Efnahagsbandalags Evrópu, en þar er vikið að sameiginlegri stefnu um sjávarútvegsmál í tengslum við landbúnaðarstefnuna. Fyrstu aðgerðir til að framkvæma þessa stefnu voru ákveðnar 1970 þegar samningaviðræður um aðild Bretlands, Danmerkur, Írlands — og Noregs voru hafnar. Þær voru illa séðar af ríkjunum sem voru að sækja um aðild og áttu eflaust sinn þátt í að Norðmenn felldu aðildarsamninginn í þjóðaratkvæðagreiðslu 1972.

Ákvörðunin 1970 varðaði einkum þrjá þætti.

1. Grundvallaratriðið um frjálsan aðgang ríkisborgara allra aðildarríkja bandalagsins að fiskimiðum aðildarríkja var staðfest og mismunun vegna þjóðernis var bönnuð.

2. Sameiginlegri skipulagningu markaðarins var komið á fót, m.a. með aðgerðum til að tryggja lágmarksverð og til að vernda framleiðslu bandalagsins sjálfs. Yfirlýstur tilgangur var sá að stuðla að viðunandi lífskjörum þeirra sem lifa af sjávarútvegi, tryggja stöðugt verðlag og framboð sjávarafurða á hóflegu verði.

3. Stjórn bandalagsins var loks falið að samræma skipulagningu fiskveiða bandalagsins og styðja þær fjárhagslega með það að markmiði að endurnýja greinina og tryggja eðlilega samkeppni milli sjómanna aðildarríkjanna. Á hinn bóginn er viðtækt styrkjakerfi við lýði innan bandalagsins sem að sjálfsögðu hefur veruleg áhrif á samkeppni við ríki sem standa utan bandalagsins.

Markmið sjávarútvegsstefnunnar.

Pólitískt mikilvægi sjávarútvegs er langt umfram efnahagslega þýðingu hans. Orsakir þess eru annars vegar að sjávarútvegur er mikilvæg atvinnugrein á efnahagslega vanþróuðum svæðum þar sem erfitt er að byggja upp nýjar atvinnugreinar og hins vegar að þær deilur sem upp koma í tengslum við fiskveiðar varða oft fleiri en eitt ríki.

Sjávarútvegur vegur lítið í efnahagsstarfsemi Evrópubandalagsins. Hann er 0,14% af samanlagðri landsframleiðslu (GDP) aðildarríkjanna. Þar sem sjávarútvegurinn vegur hæst, í Portúgal og á Spáni, er hlutdeildin 1,58% og 0,81% af GDP þessara ríkja.

Evrópubandalagið er langt frá því að vera sjálfu sér nægt með fiskafurðir til manneldis. Talið er að árleg innflutningsþörf þess sé í kringum 1,2 milljónir tonna. Í samanburði eru Norðurlöndin t.d. aflögufær um 1,7 milljónir tonna á ári.

Árið 1986 var fiskverslun innan EB, innflutningur meðtalinn, metin á 5 milljarða ECU. Hlutur innfluttra sjávarafurða var áætlaður nálægt ⅔. Bandalagið leggur áherslu á að auka eigin hlut í fiskveiðum og framboði á sjávarafurðum.

Í viðskiptum með sjávarafurðir gætir svipaðra verndarsjónarmiða og í landbúnaði og í mörgum löndum heyra landbúnaðar- og sjávarútvegsmál undir sama ráðuneyti. Ástæður þessa eru þær að í mörgum ef ekki flestum iðnríkjum heims er sjávarútvegur stundaður í héruðum þar sem erfitt er að koma öðrum atvinnurekstri á fót vegna einangrunar og strjálbýlis, en hins vegar nauðsynlegt að halda byggð af ýmsum ástæðum. Því hefur fríverslun með sjávarafurðir á sama hátt og landbúnaðarafurðir ekki mætt sama skilningi og fríverslun með iðnaðarvörur.

Innan GATT hefur lítið miðað í frjálsræðisátt í viðskiptum með sjávarafurðir og landbúnaðarafurðir. Stefna Evrópubandalagsins um aðgang að fiskimiðum fyrir tollfríðindi vegna sjávarafurða hefur verkað sem hemill á þróun í frjálsræðisátt í viðskiptum með fisk og fiskafurðir.

Sundurleitar aðstæður.

Hagsmunir aðildarríkja EB í sjávarútvegi eru ákaflega mismunandi. Floti þeirra er sundurleitur og eignarhaldi á skipum á ýmsan hátt varið. Spánverjar eru um þessar mundir eina þjóðin sem ræður yfir umtalsverðum úthafsflota. Vestur-Þjóðverjar hafa mestan hug á karfaveiðum. Bretar vilja veiða þorsk og ýsu, Frakkar og Spánverjar túnfisk og Spánverjar og Portúgalar sardínur. Danir veiða mest fisk til bræðslu. Þetta hefur valdið umtalsverðum ágreiningi, ekki einungis um áherslur í verndun fiskstofna heldur og í markaðsstjórnun. Frakkar og Hollendingar veiða t.d. 60% af afla sínum innan lögsögu annarra EB-ríkja en Bretar einungis 1%. Aðstæður innan lögsögu aðildarríkjanna eru sömuleiðis misjafnar. Sumstaðar eru mjög mikilvægar uppeldisstöðvar og algengt er að fiskstofnar flakki úr einni lögsögu í aðra. Þessar aðstæður telur bandalagið vera eina sterkustu röksemdina fyrir fiskveiðistefnu sinni.

Stjórnkerfið.

Sameiginleg fiskveiðistefna Evrópubandalagsins (CFP) er í höndum framkvæmdastjórnarinnar. Reglur um þessa stefnu eru settar á grundvelli tillagna sem framkvæmdastjórn leggur fyrir nefnd sjávarútvegsráðherra aðildarríkjanna til staðfestingar.

Evrópubandalagið kemur fram fyrir hönd aðildarríkjanna í öllu sem varðar fiskveiðar. Aðildarríkin hafa þó rétt, sem þau hafa öll nýtt sér, til að ákveða sér 12 mílna lögsögu fyrst og fremst til að tryggja afkomu smærri útgerða. Í samráði við framkvæmdastjórnina geta þau sett reglur um veiðar innan þessara 12 mílna en verða þó að taka tillit til hefðbundinna réttinda annarra aðildarríkja sem stundað hafa veiðar á þessum svæðum. Auk þessa voru afmörkuð svæði norður af Bretlandi við Orkneyjar og Shetlandseyjar þar sem krafist var sérstakra leyfa bandalagsins vegna verndunar tegunda sem talið var að væru ofveiddar. Öll þessi ákvæði geta gilt allt að 20 árum eða fram yfir aldamót, en heimilt er að endurskoða þau eftir 10 ár, þ.e. fyrir árið 1993 og gengið er út frá að svo verði.

Innan framkvæmdastjórnarinnar fer Stjórnardeild XIV með fiskveiðimál. Hún er minnsta stjórnardeildin af 22 með 60 manna starfslið, en starfsmenn framkvæmdastjórnarinnar eru alls um 13 þúsund. Stjórnardeild XIV (DG XIV-Directorate-General) er skipt í þrjár undirdeildir, A-deild sem fjallar um markaðsmál og alþjóðleg samskipti, B-deild sem sér um fiskveiðistjórnun og C-deild er hefur umsjón með uppbyggingu í veiðum og vinnslu og fjallar um þróunarstyrki.

Tvær nefndir embættismanna frá aðildarríkjunum eru framkvæmdastjórninni til ráðuneytis um framkvæmd fiskveiðistefnunnar. Þessar stjórnunarnefndir (Management

Committees) eru annars vegar nefnd um fiskafurðir (Management Committee for Fishery Products) og hins vegar nefnd sem fjallar um fiskstofna (Management Committee for Fishery Resources). Framkvæmdastjórnin leggur tillögur sínar fyrir þessar nefndir til umsagnar áður en þær eru lagðar fyrir ráðherrafund. Auk þess geta nefndir skipaðar fulltrúum aðila í greininni gefið umsagnir um tillögur framkvæmdastjórnarinnar. Slíkar nefndir eru Advisory Committee on Fisheries og Joint Committee on Social Problems in Sea Fishing.

Jafnframt er fjöldi hagsmunasamtaka í sjávarútvegi sem fylgist náið með störfum framkvæmdastjórnarinnar og reynir eftir megni að gæta hagsmuna félagsmanna sinna, m.a. í gegnum aðild að ráðgjafarnefndum.

Evrópuþingið er umsagnaraðili um tillögur framkvæmdastjórnarinnar nema þegar um veigalitlar skammtímaverndaraðgerðir er að ræða. Jafnframt verður þingið að samþykkja gerð samninga við þriðju ríki um sjávarútvegsmál en í því felst eins konar neitunarvald. Sjávarútvegsnefnd þingsins, sem er undirnefnd landbúnaðarnefndar þess, gerir tillögu til þingsins um afgreiðslu samninganna. Hún getur líka og hefur látið sjávarútvegsmál til sín taka með öðrum hætti á vettvangi þingsins, m.a. með skýrslugerð um ýmsa þætti sem snerta atvinnugreinina.

Efnahags- og félagsmálanefnd EB getur einnig komið að ákvörðunum um sjávarútvegsmál og skilað umsögn um tillögur, ýmist umbeðnar eða ekki.

Til venjulegra ákvarðana á ráðherrafundi þarf ekki samhljóða niðurstöðu. Undantekningin er skammtímaaðgerðir sem ekki fara til umsagnar, þá er krafist samhljóða samþykkis.

Fiskveiðistjórn.

Við fiskveiðistjórnina er aðallega beitt aflamörkum (kvóta) en jafnframt eru settar reglur um gerð veiðarfæra svo sem möskvastærðir og beitt lokunum á veiðisvæðum í verndarskyni.

Evrópubandalagið ákveður aflamörk innan 200 mílna lögsögu aðildarríkjanna nema í Miðjarðarhafi og Eystrasalti. Á öðrum veiðislóðum, svo sem Norðvestur-Atlantshafi, eru aflamörk í sumum tilvikum í samráði við aðrar þjóðir en í öðrum tilvikum einhliða. Talið er að 80% fiskveiðiflota bandalagsins stundi veiðar innan lögsögu aðildarríkjanna.

Vísindanefnd EB (Scientific and Technical Committee for Fisheries), sem skipuð er 28 vísindamönnum frá aðildarríkjunum, gerir tillögur um leyfilegan heildarafla (TAC, Total Allowable Catch), oftast með hliðsjón af áliti Alþjóðahafrannsóknaráðsins (International Council for the Exploration of the Sea — ICES) og Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (The Northwest Atlantic Fisheries Organisation — NAFO).

Heildaraflamörk eru ákveðin fyrir alla fiskstofna sem hætta er talin á að of mikið sé sótt í. Fyrir vannýtta stofna eru alla jafna ekki ákveðin mörk en þó kemur fyrir að gefin eru út viðmiðunaraflamörk fyrir þá. Algengt er að framkvæmdastjórnin geri tillögur um hærri aflamörk en vísindanefndin leggur til sem hún byggir þá á félagslegum eða efnahagslegum forsendum.

Framkvæmdastjórnin gerir tillögur um skiptingu aflamarks á milli aðildarríkjanna. Í flestum tilvikum er tekið mið af meðalafla næstu ára á undan, efnahagslegri og félagslegri nauðsyn fiskveiða og röskunar vegna þess að EB-lönd hafi misst aðgang að fiskimiðum í kjölfar almennrar útfærslu fiskveiðilögsögu á 8. áratugnum. Heildaraflamark á bræðslufiski hefur ekki verið ákveðið en Danir eru nánast einir um þessar veiðar. Aðildarríki geta skipst á kvótum að fenginni heimild framkvæmdastjórnarinnar en ekki er gert ráð fyrir sölu á kvóta. Fallist hefur verið á að aðildarríkin geti dreift kvótum innan ársins og sömuleiðis úthlutað tilteknum gerðum skipa sérstökum kvótum. Dæmi eru þess að samtökum útgerðarmanna sé falið að ráðstafa kvótum. Þá heldur framkvæmdastjórnin stundum eftir hluta af kvótum til ráðstöfunar þegar líða tekur á árið og ljósar verður hvernig þeir nýtast í einstökum aðildarríkjum.

Ein af grundvallarreglum fiskveiðistefnunnar er frjáls aðgangur allra aðildarríkjanna að öllum fiskimiðum EB. Undantekningar eru þó ýmsar og sérreglur gilda um viss svæði, auk sérlögsögu ríkja innan 12 mílna.

Við Norður-Skotland, Orkneyjar og Hjaltland eru hólf sem um gilda sérstakar reglur. Veiðileyfum er úthlutað og fjöldi skipa sem er þar við veiðar á hverjum tíma er takmarkaður. Annars vegar er verið að vernda viðkvæmar uppeldisstöðvar og hins vegar afkomu sjómanna á þessum slóðum. Innan bandalagsins hefur verið á það bent að reglan um jafnan aðgang að fiskimiðum stangist á við þá þróun í alþjóðarétti að strandríki sem eigi mikilla hagsmuna að gæta í fiskveiðum skuli hafa aukinn rétt til að nýta auðlindir sínar.

Eftirlit með veiðunum sætir gagnrýni og er talið ófullkomið. Mikið er talið skorta á að löndunarskýrslur séu áreiðanlegar og upplýsingar um landanir utan heimahafna eru lengi að berast og jafnvel ekki skráðar.

Eftirlitið með veiðunum hvílir að mestu á aðildarþjóðunum en ekki á yfirstjórn bandalagsins. Þó starfa á vegum bandalagsins eftirlitsmenn, sem voru 13 talsins árið 1987. Hlutverk þeirra er að gæta þess að eftirlit bandalagsins sé virkt.

Markaðsmál.

Markaðsstjórn á sjávarafurðum er gamalgróin innan Evrópubandalagsins. Allt fra 1970 hafa verið í gildi reglur um þau efni. Þau markmið sem bandalagið vill vinna að með þessu er að skapa stöðugleika á markaðinum, tryggja sjómönnum og fiskvinnslunni lífvænleg skilyrði og neytendum góðar sjávarafurðir. Í þessu skyni hefur bandalagið beitt lágmarksverðum, innflutningstollum, kvótum og gæðaeftirliti. Árlega ákveða ráðherrar viðmiðunarverð fyrir helstu fisktegundir á mörkuðum bandalagsins. Óheimilt er að selja fisk undir viðmiðunarverðinu og ef til verðlækkunar kemur kaupir bandalagið umframfiskinn út af mörkuðunum. Innlausnarverð á fiski er 85% af viðmiðunarverðinu. Mismuninn verða útgerðir að taka á sig eða fá endurgreiðslu frá samtökum eða hlutaðeigandi stjórnvöldum í viðkomandi löndum. Til að tryggja framkvæmd þessa fyrirkomulags hefur samtökum útgerðarmanna verið falin umsjón með því. Á síðustu árum hefur mjög dregið úr innlausn á mörkuðum, m.a. vegna minnkandi framboðs, aukinnar eftirspurnar og hærra verðlags. Árið 1982 keypti bandalagið 138 þúsund tonn út af mörkuðum, árið 1983 87 þúsund tonn og árið 1984 76 þúsund tonn. Verðákvarðanir á fiski, þ.e. lágmarksverð, gilda einungis á milli sjómanns/útgerðar og fiskkaupanda, heildsala eða vinnslu, en að öðru leyti er verðmyndunin frjáls. Í flestum tilvikum er fiskur seldur langt yfir viðmiðunarverði. Viðmiðunarverðið hefur undanfarin ár hækkað frá ári til árs í samræmi við verðbólgu innan bandalagsins. Viðmiðunarverð er ákveðið fyrir tiltekna gæðaflokka og þannig eru t.d. flokkunarmöguleikar á þorski 15 talsins.

Verðmæti útflutnings frá EB hefur ekki vaxið undanfarin ár þrátt fyrir magnaukningu. Útflutningsbætur hafa verið greiddar í þeim tilvikum þegar útflutningur nær ekki viðmiðunarverðum bandalagsins. Mjög hefur dregið úr greiðslu slíkra bóta á undanförnum árum.

Samningar við ríki utan bandalagsins um betri kjör á innflutningi en ytri tollar bandalagsins segja til um eru í höndum framkvæmdastjórnarinnar sem skiptir slíkum innflutningskvótum þar sem þeir eru settir niður á aðildarþjóðirnar í samræmi við mat á þörfum markaðar og vinnslu.

Það eru helst þrjár tegundir sjávarafurða sem eru fluttar til bandalagsins:

- Dýrar eftirsóttar vörur, svo sem lax, skelfiskur og humar.
- Þorskflök, ufsi og aðrar tegundir þorskfiska.
- Saltfiskur.

Innflutningur er að sjálfsögðu mun fjölbreyttari en það eru helst þessar vörutegundir sem framkvæmdastjórnin beinir athyglinni að þegar litið er til mögulegra ráðstafana til að draga úr viðskiptahallanum á fiskversluninni. Lagt hefur verið til að verðmyndunarkerfinu verði breytt

þannig að það þjóni betur hagsmunum innri markaðarins, sömuleiðis er talið mögulegt að draga úr innflutningi með fiskeldi og auknum veiðiréttindum fyrir bandalagsflotann.

Umræða um markaðsmál tekur mjög mið af innri markaðinum í árslok 1992. Öll verslun með fisk á nú þegar að vera án hindrana milli aðildarríkja EB en mikið skortir á að svo sé. Það eru fyrst og fremst mismunandi heilbrigðiskröfur og tafsamt eftirlit á landamærum sem spilla möguleikunum á að versla með sjávarafurðir á sameiginlegum markaði. Á hinn bóginn er við lýði víðtækt styrkjakerfi í sjávarútvegi innan EB, eins og síðar verður rakið.

Innflutningur á sjávarafurðum er öllum frjáls til ríkja EB ef vilji er til að greiða innflutningsgjöld sem eru á bilinu 0–30%. Innflutningsgjöldin eru ákveðin með hliðsjón af þörf fyrir ferskan fisk og fisk til vinnslu. Í þeim fríðindasamningum sem EB gerir við einstök ríki eru yfirleitt upprunareglur um fisk til að koma í veg fyrir að ríki geti notfært sér umsamin fríðindi annarra ríkja til að koma sinni framleiðslu á markað í EB. Þessar upprunareglur varða hvar fiskurinn er veiddur, hverjir eiga skipin og hvernig þau eru mönnuð. Til að draga úr verðsveiflum á mörkuðum gilda viðmiðunarverð bandalagsins um innfluttan fisk og sömuleiðis gæðamat EB. Viðmiðunarverðið er fundið með því að draga tolla, uppskipunar- og flutningskostnað frá söluverði. Ef verð á innflutningi er undir viðmiðunarverði í þrjá daga samfleytt getur bandalagið gripið til ráðstafana til að koma í veg fyrir óreiðu á markaðinum, svo sem aukatolla og tímabundins innflutningsbanns. Bandalagið hefur og alltaf möguleika á að beita fyrir sig reglum sem gilda almennt um undirboð (dumping) á mörkuðum þess.

Styrkir og framlög.

Innan EB er rekið umfangsmikið styrkjakerfi til sjávarútvegsins. Á árunum 1983–1985 voru 2574 verkefni við nýsmíði og endurnýjun fiskiskipa styrkt með 188,8 milljónum ECU (10,7 milljörðum ísl. kr.) og á sama tímabili voru veittir styrkir til fiskvinnslu að upphæð 90 milljónir ECU (5,1 milljarður ísl. kr.).

Til að draga úr sóknargetu fiskveiðiflotans og bæta nýtingu fjárfestinga í sjávarútvegi var í gildi innan EB allflókið styrkjakerfi. Árið 1986 var unnið að því á vegum framkvæmdastjórnar EB að einfalda reglugerðir um styrki og framlög. Jafnframt var ákveðið að sameina allt þetta efni í eina reglugerð sem síðan var staðfest af ráðherranefnd 18. desember 1986.

Þessi nýja sameinaða reglugerð tók gildi 1. janúar 1987 og á að gilda í 10 ár. Því tímabili er skipt í tvö fjárhagstímabil, fimm ár hvort. Framlag bandalagsins fyrir tímabilið 1987–1991 er 800 milljónir ECU (jafngildi 45,6 milljarða ísl. kr.). Framlög bandalagsins til hina ýmsu verkefna eru mismunandi en venjulega á bilinu 25–50% af umbeðnum styrk. Aðildarríkið leggur á móti 10–30%. Hærri mörkin eiga í flestum tilfellum við svokölluð „vanþróuð" svæði innan bandalagsins. Styrkir samkvæmt því skiptast í sex flokka, þ.e. vegna endurskipulagningar og endurnýjunar fiskiskipaflotans, fiskeldis og strandveiða, tilraunaveiða og tímabundinna samstarfsverkefna, stjórnunar sóknargetu og úreldingar fiskiskipa, bættrar löndunar- og hafnaraðstöðu og vegna nýtingar van- eða ónýttra fiskistofna.

Á árinu 1988 bárust 1734 umsóknir um styrki. Framkvæmdastjórnin úthlutaði samtals 94 milljónum ECU til 681 verkefnis. Auk þessara beinu styrkja koma ýmiss konar framlög frá einstaka ríkisstjórnum og svo þátttaka Byggðasjóðs bandalagsins í alls konar verkefnum. Vegna aðildar margra stofnana er þó erfitt að leggja mat á heildarframlög innan EB til atvinnugreinarinnar. Útgjöld EB við framkvæmd fiskveiðistefnunnar eru áætluð 300 milljónir ECU (17 milljarðar króna) árið 1989 og virðast hafa þrefaldast á síðustu árum.

Styrkir eru einnig veittir til fiskvinnslunnar. Þeir beinast að því að:

- hvetja til framleiðslutilrauna á nýjum vörutegundum og nýrra vörutegunda úr hefðbundnum afla,
- auka neyslu á sardínum og vörum unnum úr þeim,
- bæta markaðssetningu og dreifingu,

- auka gæði framleiðslunnar og framleiðni fiskvinnslufyrirtækja,
- breyta sardínuverksmiðjum til að þær geti framleitt vörur úr öðrum fisktegundum,
- gera kleift að loka fiskiðjuverum.

Alþjóðleg samskipti.

Alþjóðleg samskipti EB felast fyrst og fremst í samningum við ríki utan bandalagsins, annars vegar um aðgang EB að fiskimiðum þeirra ríkja og aðgangi ríkja utan EB að miðum bandalagsins, sameiginlegri stjórn á veiðum úr flökkustofnum og aðild að alþjóðastofnunum. Árið 1976 samþykktu ráðherrar að framkvæmdastjórnin skyldi fara með samninga við ríki utan bandalagsins um fiskveiðiheimildir. Þó svo að ekki væri um vannýtta stofna að ræða innan lögsögu EB var töluverður áhugi á því hjá EB að veita ríkjum utan bandalagsins veiðiheimildir innan lögsögu þess. Þetta var gert m.a. til að greiða fyrir samningum við þessi ríki um veiðiréttindi fyrir EB-flotann og tryggja verkefni fyrir úthafsflota bandalagsins. Þá þótti og ástæða til að tryggja veiðar á tegundum sem eru sjaldgæfar á miðum bandalagsríkjanna.

Hlutverk alþjóðastofnana breyttist allmikið við almenna útfærslu í 200 mílur en nýtt hlutverk felst helst í eftirliti með flökkustofnum og fiskveiðistjórn utan 200 mílna markanna, auk þess sem tillögur eru áfram gerðar um hámarksafla úr fiskstofnum sem eru sameiginlegir tveimur eða fleiri ríkjum.

Aðild einstakra aðildarríkja EB að alþjóðastofnunum og nefndum sem fjalla um fiskveiðar gat skapað ýmiss konar vandamál. Samkomulag varð um að fulltrúi framkvæmdastjórnar EB tæki sæti fyrir hönd bandalagsins í þessum stofnunum og nefndum.

Samskipti við ríki utan EB varðandi fiskveiðiheimildir.

Evrópubandalagið lítur svo á að samningar þess um veiðiheimildir séu mikilvægir fyrir sjávarútveginn, sérstaklega eftir inngöngu Spánar og Portúgals. Ef ekki takist að halda í horfinu með afla á fjarlægum miðum og helst auka hann telur bandalagið að það hafi slæmar afleiðingar á vissum svæðum.

Samningar sem bandalagið hefur gert um veiðiheimildir fyrir flota sinn eru með ýmsum hætti:

1. **Gagnkvæmar veiðiheimildir.** Bandalagið fær veiðiheimildir í lögsögu annarra ríkja og lætur þeim í té heimildir innan eigin lögsögu. Samningar af þessu tagi hafa verið gerðir við Norðmenn, Svía og Færeyinga.
2. **Veiðiheimildir úr vannýttum stofnum.** Bandalagið fær heimildir til að veiða úr fiskistofnum sem heimamenn fullnýta ekki. Samningur um þetta efni var t.d. gerður við Bandaríkjamenn.
3. **Veiðiheimildir gegn tollfríðindum.** Bandalagið lætur í té innflutningskvóta á lægri tolli en ákveðinn er í tollskrá þess í stað veiðiheimilda. Samningurinn við Kanadamenn var á þessum nótum en honum hefur verið sagt upp og engir samningar eru í gildi á milli EB og Kanada. Tollfríðindi Norðmanna fyrir saltfisk eru annað dæmi.
4. **Veiðiheimildir gegn þróunarstyrkjum, kennslu í veiðitækni eða hagstæðum lánum.** Bandalagið hefur gert samninga af þessu tagi við svokölluð ACP-ríki í Afríku og við Karabíahafið. Jafnframt eru samningar við flest önnur þróunarríki með þessu sniði.
5. **Veiðiheimildir gegn beinum greiðslum og markaðsívilnunum.** Samningar bandalagsins við Grænlendinga eru af þessu tagi.

2. Um fiskeldi.

Umtalsverð aukning á fiskeldi er ein þeirra leiða sem færar eru taldar til að auka framboð á fiski innan EB.

Fiskeldi innan EB er á ýmsan hátt vanþróað a.m.k. í samanburði við Noreg og önnur þau ríki sem langt eru komin í þróun greinarinnar. Áætlanir EB gera ráð fyrir að bandalagið verji 100 milljónum ECU í styrki til fiskeldis á fimm árum. Við úthlutun styrkjanna er miðað við að þeir nemi 25–50% af heildarfjárfestingu viðkomandi framkvæmdar skilyrt þannig að viðkomandi ríki veiti mótframlag (styrk) sem nemi 10–35%.

Styrkhlutföll eru mismunandi eftir svæðum. Fjárfestingarstyrkir til þeirra sem hefja fiskeldi innan EB geta þannig numið alls 35–85% af heildarstofnkostnaði framkvæmdarinnar.

Árið 1989 úthlutar EB 27,9 milljónum ECU til verkefna í fiskeldi. Innan bandalagsins er fiskeldi háð leyfisveitingum og reynt hefur verið að taka tillit til umhverfisáhrifa sem hefur m.a. orðið til þess að leyfi eru iðulega afturkölluð. Það hefur og tafið vöxt greinarinnar að þrátt fyrir nokkuð fullkomna tækni hefur mikið skort á að þeir sem fiskeldi stunda hafi náð á henni nægilega góðum tökum, þó á fiskeldi sér langa sögu innan Evrópu (20% markaðshlutdeild miðað við verðmæti) a.m.k. á tilteknum tegundum skelfisks.

Reiknað er með því að fiskeldi eflist vegna minnkandi afla og vaxandi eftirspurnar eftir fiski á mörkuðum bandalagsins. Frá árinu 1971 til ársins 1978 styrkti landbúnaðarsjóður EB fiskeldi innan þess. Þá var gerð sú skipulagsbreyting að eldi í sjó og ísöltu vatni yrði hluti af áætlunum í sjávarútvegi.

Framtíðarviðhorf.

Evrópubandalagið hefur lagt áherslu á að aðildarríkin geri áætlanir fram í tímann um helstu áherslur í fiskeldi. Í Belgíu, Hollandi og Danmörku er helst rætt um að fjölga tegundum og sinna í því sambandi tilraunaræktun af ýmsu tagi. Í Þýskalandi er áhugi á að auka fiskirækt bæði til manneldis og eins til að endurlífga ár. Írar vilja auka hlutdeild sína í laxi, silungi, kræklingum og ostrum. Ítalir, Frakkar og Bretar hafa að mörgu leyti forskot og frumkvæði í fiskeldi innan EB, en öll þessi lönd hafa á prjónunum umtalsverða aukningu á öllum sviðum fiskeldis. Á Spáni og í Grikklandi eru aðstæður frá náttúrunnar hendi hagstæðar til fiskeldis en skortur á þekkingu og tækniaðstoð hefur torveldað vöxt greinarinnar.

EB er mikilvægt markaðssvæði í dag fyrir fiskeldisafurðir. Innan bandalagsins eru ræddar kröfur fiskeldismanna um verndaraðgerðir gegn innflutningi. Nefnd hafa verið í því sambandi bæði kvóti og lágmarksverð.

Ekki er tollur á ferskum laxi, en 12% á ferskum silungi og 13–14% á unnar afurðir fiskeldisstöðva svo sem reyktan lax og silung.

Í tengslum við framkvæmd innri markaðarins verða hertar ýmsar kröfur, t.d. varðandi gæðamat og heilbrigðiseftirlit, og skýrar reglur settar um slægingu, umbúðir, pökkun, merkingu, geymslu, flutninga og vinnslu, notkun lyfja ásamt úttekt á sláturhúsum.

Framleiðendur verða að hljóta viðurkenningu viðkomandi yfirvalda.

EB kaupir um það bil 60% af þeim Atlantshafslaxi sem alinn er.

3. Samskipti Íslands og EB á sviði sjávarútvegsmála og bókun nr. 6.

Í þessum kafla er fjallað um sögu fríverslunarsamnings Íslands við Evrópubandalagið, lýst deilunum við Breta og Þjóðverja um fiskveiðilögsöguna og áhrifum þeirra á tolla af íslenskum sjávarafurðum á markaði bandalagsins. Einnig er lýst tilraunum til að koma í framkvæmd ákvæðum bókunar nr. 6, sem fjallar um tolla á íslenskum sjávarafurðum, og fyrirvörum Evrópubandalagsins í þeim málum. Þá er fjallað um þær viðræður, sem fram hafa farið frá 1976, til að reyna að leysa deilumálin sem risu þegar bókun nr. 6 tók gildi 1976 og loks er vikið að inngöngu Spánar og Portúgal í Evrópubandalagið og vandamálum sem þá komu til sögunnar vegna sölu á saltfiski til þessara nýju aðildarríkja og fleiri ríkja bandalagsins.

Könnunarviðræður EB og Íslands.

Þegar Ísland var um það bil að verða aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA), eða í desember 1969, var ákveðið á ráðherrafundi Evrópubandalags sexveldanna (Frakklands, Þýskalands, Ítalíu, Hollands, Belgíu og Lúxemborgar) í Haag að bjóða þremur EFTA-ríkjum, Bretlandi, Danmörku og Noregi, auk Írlands, til samninga um aðild að bandalaginu. Jafnframt var þeim ríkjum, sem áfram ætluðu að vera í EFTA, boðið til könnunarviðræðna sem ætlað var að leita leiða til að leysa þann vanda sem þessi ríki mundu standa frammi fyrir eftir stækkun bandalagsins.

Þessar könnunarviðræður EB við EFTA-ríkin sex hófust formlega seint á árinu 1970 og fóru þær fram samhliða að verulegu leyti. Á fundi sem haldinn var 24. nóvember það ár gerði dr. Gylfi Þ. Gíslason, þáverandi viðskiptaráðherra, ráðherraráði Evrópubandalagsins grein fyrir afstöðu ríkisstjórnar Íslands til hugsanlegrar samningagerðar við bandalagið. Lagði hann þar einkum áherslu á tvennt:

1. Brýnt hagsmunamál væri að lausn yrði fundin á þeim vanda sem stækkun bandalagsins hefði í för með sér fyrir Íslendinga. Slík lausn gæti ekki falist í aðild Íslands að þessu bandalagi, en hins vegar væri ríkisstjórn Íslands í mun að ná einhvers konar samkomulagi sem varðveitt gæti náin, viðskiptaleg, söguleg og menningarleg tengsl Íslands við Evrópu.

2. Íslendingar færu fram á að slíkt samkomulag væri reist á sömu almennu skilmálum og um samdist við aðild Íslands að EFTA, þannig að þeir giltu einnig gagnvart hinu stækkaða Evrópubandalagi. Þessu til viðbótar væri nauðsynlegt að fríverslun tæki til allra sjávarafurða, en ekki aðeins þeirra sem EFTA-samningurinn næði til.

Eftir þennan fund ákvað ráðherraráðið að fela framkvæmdastjórn bandalagsins að hefja könnunarviðræður við Ísland á sama hátt og við önnur EFTA-ríki um hugsanlega samningsgerð. Í þeim skyldi framkvæmdastjórn hafa þrjú atriði í huga: Fyrðast bæri að stækkun bandalagsins yrði til þess að fram kæmu nýjar viðskiptahömlur í Evrópu. Ekki yrðu gerðir neinir samningar sem legðu hömlur á sjálfsákvörðunarrétt bandalagsins. Væntanlegir samningar við EFTA-ríkin yrðu að vera í samræmi við 24. gr. GATT-samkomulagsins. Þegar samið er um tollabandalag eða fríverslunarsvæði milli tveggja eða fleiri ríkja sem aðild eiga að GATT eru frávik heimil samkvæmt þessari grein samningsins um að öll GATT-ríki skuli njóta bestu kjara hvert hjá öðru.

Viðræðufundir embættismanna Íslands og EB hófust í janúar 1971 og fóru fyrstu mánuðirnir í gagnaöflun um viðskiptamál, tollamál og atvinnulíf. Í júní 1971 samdi framkvæmdastjórn bandalagsins álitsgerð fyrir ráðherraráðið um samskiptin við öll EFTA-ríkin á grundvelli viðræðna við hvert þeirra um sig. Benti hún þar á tvo kosti, annars vegar fríverslunarsamninga um iðnaðarvörur, hins vegar óbreytt ástand næstu tvö ár meðan samið yrði um fyrirkomulag til frambúðar. EFTA-ríkin ræddu þetta mál sín á milli en töldu aðeins fyrri kostinn viðunandi og féllst ráðherraráð EB á það sjónarmið. Varðandi Ísland sérstaklega tók framkvæmdastjórnin fram að hún hefði góðan skilning á sérstöðu landsins og teldi nauðsynlegt að íslenskar sjávarafurðir nytu sérstakra fríðinda til þess að samningur hefði efnahagslegt gildi fyrir Ísland.

Álitsgerð framkvæmdastjórnar var til athugunar hjá ríkisstjórnum bandalagsins fram á haustið 1971. Þá hafði það gerst að ný ríkisstjórn hafði verið mynduð á Íslandi og gefið yfirlýsingu um útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 50 sjómílur frá 1. september 1972. Mikið var rætt um þessa ákvörðun Íslendinga innan bandalagsins og skiptar skoðanir voru um það hvort rétt væri að halda viðræðum við Íslendinga áfram. Niðurstöður þeirra umræðna urðu þær að ráðherraráð bandalagsins gekk frá samningsfyrirmælum handa framkvæmdastjórninni varðandi Ísland í nóvember um haustið, en þau voru miklu óhagstæðari Íslandi en framkvæmdastjórn hafði áður gefið í skyn að þau mundu verða.

Tilboð bandalagsins var kynnt Íslendingum formlega á fyrsta fundi samninganefnda bandalagsins og Íslands í desember 1971. Íslenska nefndin lýsti því þá strax yfir að tilboð bandalagsins væri á allan hátt ófullnægjandi og gæti ekki orðið grundvöllur að samningi. Tilboðið mundi leiða til þess að samningurinn næði aðeins til hluta af útflutningi Íslands til stækkaðs bandalags og gæti valdið nýjum hömlum í viðskiptum sem andstæðar væru yfirlýsingum bæði bandalagsins og EFTA. Einnig var því lýst yfir af hálfu Íslands að útilokað væri að semja um skipti á fiskveiðiréttindum fyrir lönd bandalagsins gegn viðskiptafríðindum fyrir íslenskar sjávarafurðir, þar eð um algerlega óskyld mál væri þar að ræða.

Á næstu mánuðum héldu framkvæmdastjórn EB og fulltrúar Íslands áfram að ræða öll atriði hugsanlegs samnings og voru báðir aðilar sammála um flest almenn ákvæði samningsins. Hins vegar var áfram verulegur ágreiningur um það hverjar íslenskar útflutningsvörur ættu að falla undir samninginn og snerust umræðurnar mest um þau atriði. Auk sjávarafurða lögðu Íslendingar mikla áherslu á að lambakjöt nyti tollfríðinda í ríkjum Evrópubandalagsins.

Þegar komið var fram á vor 1972 lögðu fulltrúar framkvæmdastjórnar skýrslu sína um gang viðræðna við EFTA-ríkin fyrir ráð Evrópubandalagsins og lögðu þar til að samningstilboðið við Ísland yrði endurskoðað. Ráðherraráðið ræddi þessar tillögur framkvæmdastjórnar á fundum sínum í apríl og byrjun júní 1972 og féllst á þær að mestu leyti. Þær tillögur fólu í sér að væntanlegur viðskiptasamningur EB og Íslands skyldi ná bæði til iðnaðarvöru og verulegs hluta sjávarafurða. Á hinn bóginn skyldu ákvæðin um tollfríðindi fyrir sjávarafurðir ekki taka gildi fyrr en viðunandi lausn væri fengin á ágreiningi aðila um útfærsluna á íslensku fiskveiðilögsögunni.

Næsta mánuðinn lagði samninganefnd Íslendinga höfuðáherslu á að fá samninganefnd Evrópubandalagsins til að falla frá fyrirvaranum um gildistöku tollfríðinda fyrir sjávarafurðir, en allt kom fyrir ekki. Viðhorf voru nokkuð skipt innan ríkisstjórnar Íslands um framhaldið en niðurstaðan varð sú af hálfu ríkisstjórnarinnar að ekki væri rétt að falla frá samningsgerð þrátt fyrir þennan fyrirvara, enda mjög ólíklegt að jafn hagstæður samningur fengist síðar. Auk þess taldi ríkisstjórnin það aðeins spurningu um tiltölulega takmarkaðan tíma hvenær samningurinn tæki gildi að fullu. Hins vegar lagði hún til að í bókun nr. 6 yrði settur fyrirvari í 3. gr. um heimild til að fresta gildistöku samningsins í heild sinni ef bókun nr. 6 tæki ekki gildi um leið og aðrir hlutar samningsins.

Fríverslunarsamningurinn frá 22. júlí 1972.

Fríverslunarsamningur Íslands og EB var undirritaður hinn 22. júlí 1972. Hann tók gildi 1. apríl 1973, nema bókun nr. 6 um sjávarafurðir, sem ekki gekk í gildi fyrr en 1. júlí 1976 vegna fiskveiðideilnanna, enda var fyrirvari Íslands um frestun gildistöku alls samningsins ekki notaður.

Samningurinn er um margt svipaður EFTA-sáttmálanum. Meginefni hans varðar fríverslun með iðnaðarvörur og nokkrar vörutegundir, sem framleiddar eru að hluta úr landbúnaðarvörum. Einnig er ákvæði í samningnum sem opnar fyrir samstarf á fleiri sviðum ef báðir aðilar telja slíkt eðlilegt og hefur að nokkru verið vísað til þess ákvæðis þegar samstarfið var aukið með yfirlýsingu ráðherra EB og EFTA í Lúxemborg 1984.

Veigamesti hluti samningsins frá sjónarhóli Íslendinga er bókun nr. 6 við samninginn þar sem kveðið er á um tollívilnanir fyrir íslenskar sjávarafurðir við innflutning til Evrópubandalagsins. Með henni fóru tollar á frystum fiskflökum úr 15% í 0%, á nýjum, ísuðum eða frystum karfa úr 8% í 2%, á nýjum, ísuðum eða frystum þorski, ufsa og ýsu úr 15% í 3,7%, fersk rækja úr 12% í 0%, fryst rækja úr 12% í 0%, niðursoðin rækja úr 20% í 0% og síld og annað tilreitt eða niðursoðið fiskmeti nema niðurlagður reyktur ufsi úr 20% í 10%. Nokkrar aðrar tollalækkanir eða niðurfelling tolla náðust einnig. Var talið við gerð samningsins að hann næði til rúmlega 70% af útflutningi sjávarafurða. Þetta hlutfall hefur nú lækkað í rösklega 60%

vegna aukins vægis saltfisks í heildarútflutningnum til bandalagsins eftir stækkun þess árið 1986.

Til viðbótar þeim rúmlega 70% af útflutningi Íslands til Evrópubandalagsins, sem hlaut fullt tollfrelsi eða lækkaða tolla samkvæmt þessum samningi, stóð þannig á varðandi tæplega 20% útfutningsafurða Íslendinga til bandalagsins að toll af þeim vörum hafði bandalagið fellt niður einhliða árið 1971, en þó óskuldbindandi (autonomous suspension). Þarna var um að ræða saltfisk, skreið og nýja og ísaða síld. Í viðræðunum við gerð samningsins lýstu fulltrúar bandalagsins því yfir að ekki væru líkur á því að tollar yrðu lagðir á þessar vörur að nýju, en þó voru þeir ekki reiðubúnir til að gefa skuldbindingu um slíkt eins og íslenska nefndin óskaði eftir, enda bentu þeir á að Íslendingar gætu ekki fengið fullt tollfrelsi á öllum fiski með sama hætti og þeir væru að semja um aðild að bandalaginu.

Þær vörur, sem áfram féllu utan samningsins, voru m.a. kindakjöt, saltsíld, nýr og frystur flatfiskur, humar og söltuð ufsaflök auk saltfisks, skreiðar og nýrrar og ísaðrar síldar eins og áður er getið.

Eins og að framan segir var fyrirvari af hálfu EB í bókun nr. 6 um gildistöku hennar. Hann er í 2. gr. bókunarinnar og er svohljóðandi:

„1. Efnahagsbandalagið áskilur sér rétt til að láta ákvæði þessarar bókunar ekki koma til framkvæmda ef ekki næst viðunandi lausn fyrir aðildarríki Efnahagsbandalagsins og Íslands á efnahagserfiðleikum sem leiða af ráðstöfunum Íslands varðandi fiskveiðiréttindi.

Efnahagsbandalagið mun tilkynna Íslandi, þegar er aðstæður leyfa og eigi síðar en 1. apríl 1973, ákvörðun sína í þessu efni.

2. Nú fæst ekki viðunandi lausn fyrr en eftir þetta tímamark og getur þá Efnahagsbandalagið frestað ákvörðun um framkvæmd ákvæða þessar bókunar, enda tilkynni það Íslandi þá ákvörðun. Strax og þessi ákvörðun hefur verið tekin tilkynnir Efnahagsbandalagið Íslandi hana.

3. Ef ákvæði þessarar bókunar koma til framkvæmda eftir 1. júlí 1973 mun Efnahagsbandalagið gera þær breytingar sem nauðsynlegar kunna að reynast á tímaáætlununum í 1. gr."

Til svars við þessu settu fulltrúar Íslands inn 3. gr., sem hljóðaði svo:

„Ísland áskilur sér rétt til að taka ákvörðun um afhendingu fullgildingarskjala sinna án þess að brjóta í bága við ákvæði 37. gr. samningsins, með hliðsjón af beitingu ákvæða 2. gr." Þessu ákvæði beittu Íslendingar þó ekki.

Saga bókunar nr. 6 árin 1973–1976.

Fríverslunarsamningurinn tók gildi hinn 1. apríl 1973 að undanskilinni bókun nr. 6. Þrátt fyrir að samið væri við Belgíu um fiskveiðiréttindi við Ísland í september 1972, við Bretland til tveggja ára frá nóvember 1973 og skömmu síðar við Vestur-Þýskaland taldi bandalagið aldrei fullnægt skilyrðinu um viðunandi samkomulag fyrir öll aðildarríki Evrópubandalagsins.

Með reglugerðinni, sem Íslendingar settu hinn 15. júlí 1975 um útfærslu fiskveiðilögsögu Íslands í 200 sjómílur, blossuðu deilurnar við Breta og Þjóðverja upp að nýju.

Hinn 28. nóvember 1975 gerðu Íslendingar samkomulag við Belga um takmarkaðar veiðiheimildir belgískra togara við Ísland. Samkomulagið gilti ekki til ákveðins tíma, en var uppsegjanlegt með sex mánaða fyrirvara.

Sama dag var undirritað samkomulag við Þjóðverja um takmarkaðar heimildir til að veiða við Ísland um tveggja ára skeið. Heimild var til þess í þessum samningi að fresta mætti framkvæmd hans ef bókun nr. 6 við samning Íslands og Efnahagsbandalagsins hefði ekki tekið gildi innan fimm mánaða frá undirritun. Í orðsendingu sem sendiherra Sambandslýðveldisins Þýskalands sendi utanríkisráðherra Íslands í tengslum við þetta samkomulag og dagsett er þennan sama dag segir svo:

„Ég leyfi mér að vísa til erindaskipta milli ríkisstjórna okkar um fiskveiðar og verndun lífrænna auðlinda á hafsvæðinu umhverfis Ísland og taka fram það sem hér fer á eftir:

Með hliðsjón af hinu nána sambandi sem er milli lausnar á fiskveiðideilunni og þess að bókun nr. 6, sem er fylgiskjal við samning milli Íslands og Efnahagsbandalagsins frá 22. júlí 1972, taki gildi eru báðir aðilar ásáttir um að þrátt fyrir gildistímabil það, sem greint er í 9. lið samkomulagsins, megi fresta framkvæmd þess ef bókun nr. 6 hefur ekki tekið gildi innan 5 mánaða.“

Til þess að bókun nr. 6 gæti tekið gildi var enn eftir að ná samkomulagi við Breta. Eftir harðar deilur, sem m.a. leiddu til slits stjórnmálasambands milli Íslands og Bretlands, náðist samkomulag í Ósló milli utanríkisráðherra Íslands og Bretlands hinn 1. júní 1976. Í 8. gr. þessa samnings segir svo:

„Ríkisstjórn Bretlands mun tafarlaust leggja til við Efnahagsbandalag Evrópu að svo fljótt sem nauðsynlegar ráðstafanir hafa verið gerðar muni ákvæði bókunar nr. 6 við samning milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu frá 22. júlí 1972 taka gildi. Hún mun einnig beita sér fyrir því að tollalækkanir sem kveðið er á um í þeirri bókun verði framkvæmdar með þeim hætti sem orðið hefði ef bókunin hefði verið í gildi síðan 1973.“

Í 10. gr. bresk-íslenska samningsins um lausn fiskveiðideilunnar segir eftirfarandi:

„Samningur þessi skal gilda í 6 mánuði frá gildistöku. Eftir að samningurinn fellur úr gildi munu bresk skip aðeins stunda veiðar á því svæði, sem greint er í hinni íslensku reglugerð frá 15. júlí 1975 í samræmi við það sem samþykkt kann að verða af Íslands hálfu.“

Í orðsendingu utanríkisráðherra Bretlands til utanríkisráðherra Íslands vegna gildistöku bókunar nr. 6 við samning Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu sem afhent var jafnhliða undirritun samningsins segir svo:

„Ég leyfi mér að vísa til samningsins sem gerður var í dag um fiskveiðar Breta á hafinu umhverfis Ísland og í sambandi við 8. gr. hans að taka fram eftirfarandi fyrir hönd ríkisstjórnar Bretlands:

Ríkisstjórn Bretlands mun fara þess á leit við Efnahagsbandalag Evrópu að það hefji samningaviðræður við Ísland svo fljótt sem verða má um samkomulag til lengri eða skemmri tíma um gagnkvæm fiskveiðiréttindi. Ef ekki reynist mögulegt að gera slíkt samkomulag innan sex mánaða gildistíma þessa samnings milli Bretlands og Íslands mun ríkisstjórn Bretlands fara þess á leit við Efnahagsbandalag Evrópu að það geri bráðabirgðasamkomulag um að bresk skip geti haldið áfram veiðum á því magni sem um semst við ríkisstjórn Íslands.

Ríkisstjórn Bretlands mun þegar í stað fara þess á leit við Efnahagsbandalag Evrópu að ákvæði bókunar nr. 6 taki gildi svo fljótt sem nauðsynlegar ráðstafanir hafa verið gerðar. Er það von bresku ríkisstjórnarinnar að ákvæðin verði framkvæmd framvegis. En vegna eðlis núverandi fyrirkomulags mun ríkisstjórn Bretlands ráðleggja Efnahagsbandalagi Evrópu að ákvæðin skuli ekki vera í framkvæmd fram yfir gildistöku þessa samnings, nema viðunandi fyrirkomulag verði ákveðið fyrir lengri tíma eða þar til samkomulag til langs tíma verður gert milli Efnahagsbandalagsins og Íslands.“

Sem svar við þessari orðsendingu utanríkisráðherra Breta vegna gildistöku bókunar nr. 6 ritaði utanríkisráðherra Íslands breska ráðherranum bréf sama dag, sem hljóðaði svo:

„Ég hef móttekið bréf yðar dagsett í dag, sem er svohljóðandi: (samhljóða textanum hér að ofan).

Það er álit íslensku ríkisstjórnarinnar að með samningi þeim milli Íslands og Stóra-Bretlands, er undirritaður hefur verið í dag, öðlist bókun nr. 6 við samning Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu endanlegt gildi.

Ríkisstjórn Íslands álítur að sú sé einnig skoðun Efnahagsbandalagsins.“

Af framangreindu er ljóst að Bretar höfðu ekki sama skilning og Íslendingar á samkomulaginu sem undirritað var í Ósló hinn 1. júní 1976 og að báðir aðilar héldu fram sínum sjónarmiðum í því máli.

Þegar þarna var komið máli hafði Evrópubandalagið sjálft tekið ákvörðun um að lögsaga aðildarríkjanna skyldi færð út í 200 sjómílur (væntanlega í árslok 1976). Af því tilefni bauð það Íslendingum til könnunarviðræðna um þau vandamál sem slík útfærsla mundi valda ríkjum utan bandalagsins. Þessar fyrstu viðræður fóru fram 26. mars 1976 og undirstrikuðu Íslendingar þar enn að þeir gætu aldrei fallist á að tengja fiskveiðiréttindi og viðskiptafríðindi og skoruðu á EB að láta bókun nr. 6 koma strax til framkvæmda. Á hinn bóginn lýstu Íslendingar áhuga á að fá að vita hvaða gagnkvæmni EB vildi bjóða í fiskveiðiréttindum eftir að aðildarríkin hefðu fært út lögsögu sína, enda urðu þá mið sem Íslendingar höfðu sótt við Grænland, í Norðursjó og í nágrenni Norðursjávar innan 200 mílna lögsögu bandalagsins. Einnig létu Íslendingar í ljós áhuga á verndun sameiginlegra fiskstofna.

Á fundi sameiginlegrar nefndar Evrópubandalagsins og Íslands hinn 14. júní 1976, eða tveimur vikum eftir undirritun samkomulags Breta og Íslendinga, lýsti fulltrúi framkvæmdastjórnar því yfir að þar eð vandamál á sviði fiskimála milli ríkja EB og Íslands hefðu fengið viðunandi lausn „eins og á stendur" mundi bókun nr. 6 taka gildi 1. júlí 1976. Lagði hann áherslu á að samningar við þessi ríki væru tímabundnir og að finna yrði varanlegri lausn. Tækist ekki að gera slíkt samkomulag milli EB og Íslands áður en tvíhliða samningar við einstök bandalagsríki rynnu út yrði að gera bráðabirgðasamkomulag sem næði til tímans þar á milli. Lauk hann yfirlýsingu sinni með því að segja að hann benti einkum á þetta atriði vegna þess að hann teldi að báðir aðilar yrðu að gera allt sem þeir gætu til þess að forðast að tefla í tvísýnu því viðkvæma jafnvægi sem nú hefði verið náð eða leggja í hættu þann mikla hag sem af því mundi hljótast.

Í umræðum innan bandalagsins næstu daga var fjallað nákvæmlega um texta þeirrar tilkynningar sem Gaston Thorn, forseti ráðherraráðs EB á fyrri hluta árs 1976, átti að senda utanríkisráðherra Íslands þegar hann tilkynnti honum að ákvæði bókunar nr. 6 mundu koma til framkvæmda 1. júlí 1976. Fulltrúar Breta lögðu til að tryggð yrði heimild til endurskoðunar á gildi bókunar nr. 6 að liðnum þeim sex mánuðum, sem fiskveiðiheimildir Breta við Ísland væru í gildi, með því að setja slíkt í formála að reglugerð bandalagsins um gildistöku bókunarinnar. Jafnframt lögðu þeir áherslu á að í reglugerðinni og í bréfi Thorn yrðu orðin „eins og á stendur" notuð. Undir þetta sjónarmið Breta tóku nokkur önnur aðildarríki. Bretar vildu fá nokkur fleiri ákvæði í reglugerð bandalagsins og í bréf Thorn til að hnykkja á tímabundinni framkvæmd bókunar nr. 6 og tengslum hennar við varanlegan fiskveiðisamning, en lokaniðurstaðan varð sú að benda á í bréfi Thorn að framkvæmd bókunar nr. 6 væri háð viðunandi lausn á þeim efnahagsvanda sem leiddi af aðgerðum Íslands varðandi fiskveiðiréttindi og þar eð aðildarríki bandalagsins og Íslands hefðu fundið viðunandi lausn á málinu „eins og á stendur" skyldi bókunin taka gildi. Bréf Thorn, sem sent var Einari Ágústssyni utanríkisráðherra 23. júní 1976, var þannig í íslenskri þýðingu:

„Í samræmi við ákvörðun ráðsins hinn 25. júní 1973, sem yður var skýrt frá í bréfi dags. 27. júní 1973, hefur ráð Evrópubandalaganna að tillögu framkvæmdastjórnar nú endurskoðað stöðuna varðandi framkvæmd ákvæða bókunar nr. 6 er fylgir samningi milli Efnahagsbandalags Evrópu og lýðveldisins Íslands.

Með athugun sinni hefur ráðið staðreynt að viðunandi lausn á þeim efnahagsvanda, sem leiðir af aðgerðum Íslands varðandi fiskveiðiréttindi, er alger forsenda fyrir því að bókun nr. 6 komi til framkvæmda. Er þetta að áliti bandalagsins og í samræmi við 2. gr. bókunarinnar grundvöllur þess að unnt sé að standa við skuldbindingar þær sem bókunin hefur í för með sér.

Þar eð aðildarríki bandalagsins og Ísland hafa fundið viðunandi lausn á málinu, eins og á stendur, hefur bandalagið með þá lausn í huga og þess er segir í næstu málsgrein hér á undan ákveðið að láta ákvæði bókunar nr. 6. með samningnum milli Efnahagsbandalagsins og lýðveldisins Íslands öðlast gildi frá 1. júlí 1976 að telja.

Bandalagið vill nota þetta tækifæri til að láta í ljós þá von að samningaviðræður geti hafist í náinni framtíð og jafnframt að varanlegir samningar takist sem báðir aðilar geti sætt sig við."

Einar Ágústsson svaraði bréfi Gaston Thorn 25. júní 1976 og þakkaði þar að bókun nr. 6 mundi taka gildi 1. júlí það ár. Síðan sagði hann í þessu bréfi: „Ég vænti þess einnig að samkomulag megi nást um hið víðtækara vandamál um fiskveiðimörk á framtíðargrunni sem sé viðunandi fyrir báða aðila."

Reglugerð bandalagsins um gildistöku bókunar nr. 6. var gefinn út 18. júní 1976 og birt í Stjórnartíðindum þess 23. júní. Hún vísar til 2. gr. bókunar nr. 6 og notar einnig orðin „viðunandi lausn fyrir aðildarríki bandalagsins og Ísland hefur verið fundin eins og á stendur."

Með framangreindum erindaskiptum og reglugerð var bókun nr. 6 gengin í gildi. Frá 1. júlí 1976 komu allar umsamdar tollalækkanir fyrir íslenskar sjávarafurðir til framkvæmda eins og bókunin hefði verið í gildi frá 1973. Þetta þýddi að tollarnir lækkuðu strax um 80% við innflutning til sexveldanna í EB, en síðustu 20% féllu niður 1. júlí 1977. Jafnframt samþykktu ríkisstjórnir Breta og Dana að þær sjávarafurðir, svo sem fryst flök og rækja, sem voru tollfrjáls innan EFTA skyldu strax hljóta tollfrelsi við innflutning frá Íslandi til þessara landa eins og þær höfðu notið meðan Bretland og Danmörk voru aðilar að EFTA.

Samkvæmt 34. gr. fríverslunarsamningsins eru allar bókanir með honum óaðskiljanlegur hluti samningsins sjálfs. Héldu Íslendingar því strax fram að eftir 1. júlí 1976, þegar bókunin tók gildi, væri ekki lengur unnt að segja henni upp án þess að segja öllum samningnum upp.

Þróun samskipta EB og Íslands eftir gildistöku bókunar nr. 6.

Strax eftir ákvörðun bandalagsins hóf það að krefjast samningaviðræðna við Ísland. Þær hófust í júlí 1976 milli embættismanna og framkvæmdastjórnar EB. Tvennar viðræður fóru síðan fram í Reykjavík 12. nóvember og 25.–26. nóvember 1976 milli Finn Olav Gundelach og Einars Ágústssonar utanríkisráðherra og Matthíasar Bjarnasonar sjávarútvegsráðherra, en 1. desember 1976 rann út samkomulagið um veiðar breskra togara í íslenskri fiskveiðilögsögu án þess að Bretar hefðu fengið frekari fiskveiðiheimildir.

Í frásögn íslensku viðræðunefndarinnar af fundinum 12. nóvember 1976 eru þessi athyglisverðu ummæli höfð eftir Gundelach sem aldrei síðan hefur verið farið hátt með af bandalagsfulltrúum:

„Alveg sérstaklega vildi hann láta koma skýrt fram að EB hygðist ekki blanda verslunarviðskiptum í málið, heldur eingöngu ræða um fiskveiðar og fiskimálastefnu. Þeir vildu taka upp samskipti sem hefðu sameiginleg markmið og hagsmuni að leiðarljósi." Mörgum árum síðar tók bandalagið þó upp þá stefnu að skipta bæri á fiskveiðiheimildum og tollfríðindum á markaði EB þegar því væri við komið.

Næsta tilraun til samkomulags var gerð í embættismannaviðræðum í Brussel 16.–20. desember 1976 og lagði EB þar fram hugmyndir um rammasamning milli aðila um fiskvernd og gagnkvæm fiskveiðiréttindi. Enn fremur lagði bandalagið þar fram lista yfir hugsanlega veiði Íslendinga í bandalagslögsögunni. Tilboð EB var talið óviðunandi og gagntilboð var ekki lagt fram.

Í febrúar 1977 ítrekaði EB ósk um svar frá Íslandi um veiðiheimildir og fyrir páska það ár samþykkti EB að tímabært væri að efna til almennra pólitískra viðræðna um stöðu samskipta bandalagsins og Íslands („general political conversation on the state of relations between the Community and Iceland"). Í framhaldi af því var ákveðið að Gundelach, af hálfu framkvæmdastjórnar EB, og Frank Judd, breskur aðstoðarráðherra, af hálfu formennskulandsins í ráðherraráði EB, kæmu til Íslands. Sá fundur var haldinn 9. júní 1977 og sátu hann fyrir Íslands hönd m.a. utanríkisráðherra og sjávarútvegsráðherra. Þar ítrekuðu Íslendingar að ástand fiskstofnanna væri svo slæmt að ekki gæti orðið um nein fiskveiðiréttindi að ræða fyrir bandalagið. Fulltrúar EB lögðu áherslu á pólitískt mikilvægi þessara viðræðna. Samskipti Íslands og EB höfðu ekki þróast á viðunandi hátt og bandalagið hafði áhyggjur af því. Skammtímavandamál yrðu að skoðast í samhengi við samskipti Íslands og EB í heild í

framtíðinni. Ekki hefði tekist að halda sambandinu við mikilvægasta landið á sviði fiskveiða Ísland þótt samningar við miklu fjarlægari lönd hefðu tekist.

Fulltrúar Íslands afhentu á þessum fundi drög að fiskverndarsamningi sem fulltrúar bandalagsins lýstu óánægju yfir þar eð ekki var fjallað um fiskveiðiheimildir en lofuðu samt að athuga það nánar. Af Íslands hálfu var enn undirstrikað að ástand fiskstofnanna leyfði ekki frekari veiðar erlendra skipa en þegar væru heimilaðar. Ákveðið var að efna til nýs fundar með haustinu.

Hinn 3. september 1977 kom Gundelach á fund Einars Ágústssonar utanríkisráðherra í Kaupmannahöfn og ræddi þar samskiptin óformlega. Hann hafði áhyggjur af fiskveiðivandamálinu sem væri sem púðurtunna fyrir Ísland og ylli miklum örðugleikum í EB. Engin skyndilausn væri hér til umræðu heldur áframhald sambandsins (dialog) sem hann teldi hafa borið góðan árangur. Aðspurður um samningsdrög þau sem Íslendingar hefðu lagt fram í júní sagði Gundelach að í þau vantaði ákvæði um gagnkvæm fiskveiðiréttindi, sem ekki fylgdu nákvæmlega textanum frá Hafréttarráðstefnunni heldur byggðust á samkomulagi milli Íslands og EB. Hann sagði enn fremur að hann væri ekki að þrýsta á um endurkomu breskra togara á Íslandsmið eða komu neinna togara — ástand þorskstofnsins leyfði það ekki. Hann væri ekki með í huga einstakan vanda heldur vildi hann koma sambandi Íslands og EB á jákvæðan framtíðargrundvöll. Utanríkisráðherra og Gundelach töluðu um að halda með sér annan óformlegan fund fyrir 23. október 1977 þegar veigamikill fundur EB yrði haldinn um fiskimálin. Þessi fundur utanríkisráðherra og Gundelach var ekki haldinn, enda lést Gundelach áður en af því yrði.

Eftir þetta varð nær þriggja ára hlé á viðræðum Íslands og EB um fiskimál. Þær voru teknar upp að nýju hinn 15. júlí 1980 og þá að frumkvæði Íslendinga. Forsagan var þessi:

Vorið 1980 ákváðu Danir að færa fiskveiðilögsöguna út í 200 sjómílur norðan 67. breiddarbaugs við Austur-Grænland, en lögsagan hafði nokkrum árum áður verið færð út við Vestur-Grænland og sunnan 67. breiddarbaugs austan megin. Við þetta komu upp ýmis vandamál, m.a. afmörkun lögsögunnar gagnvart Íslandi og nýting fiskstofna. Fyrst var efnt til viðræðna við Dani þetta vor og var bæði fjallað um lögsöguna og fiskstofnana. Ekkert samkomulag náðist um það fyrrnefnda og fiskimálunum vísuðu Danir til EB þar sem sá þáttur félli undir sameiginlega fiskveiðistefnu EB.

1980–1981 voru fimm fundir haldnir með EB. Að ósk bandalagsins var rætt sérstaklega um rammasamning um fiskverndar- og fiskveiðimál annars vegar og um ástand fiskstofna, hámarksafkastagetu stofnanna (TAC) og hlutfallslega skiptingu þeirra milli aðila hins vegar. Vorið 1981 lágu fyrir drög að rammasamningi sem fulltrúar Íslands lögðu áherslu á að væri óskuldbindandi á allan hátt nema einnig næðist samkomulag um önnur atriði. Þegar EB loks lagði fram kröfur sínar um hlutdeild í sameiginlegum stofnum töldu fulltrúar Íslands þær svo fjarri öllu lagi að frekari viðræður væru tilgangslausar nema alger hugarfarsbreyting yrði hjá bandalaginu. Þess skal getið í þessu sambandi að í upphafi viðræðna sumarið 1980 veitti EB Íslendingum heimild til loðnuveiða (allt að 100 þúsund tonnum) í lögsögu Austur-Grænlands þetta sumar og var sérstök reglugerð sett um þetta efni af framvæmdastjórn EB.

Eftir fundina 1980/1981 hefur ekki verið efnt til viðræðna við EB um fiskimálasamskiptin almennt, nema í tengslum við samningana vegna aðildar Spánar og Portúgal að EB 1985/1986. Hins vegar féllust Íslendingar á óskir Norðmanna um þríhliða viðræður með EB um skiptingu loðnustofnsins á árunum 1982–1983. Var sú ósk Norðmanna til komin vegna deilna við Dani um lögsöguna milli Jan Mayen og Grænlands og ætlað að draga úr hættu á árekstrum, sem þar höfðu orðið. Kröfur EB um hlutdeild í loðnustofninum voru taldar alltof háar og lauk þessum viðræðum án árangurs.

Nokkru síðar fóru Grænlendingar úr Evrópubandalaginu og tóku þar með í eigin hendur stjórn fiskstofna við Grænland. Þeir gerðu hins vegar samning við EB um veiðiheimildir við Grænland.

Áður en samningaviðræðum við Spán og Portúgal um aðild að Evrópubandalaginu lauk, eða á árinu 1985, tók EB upp að nýju ytri toll sinn á saltfiski (13%) og saltfiskflökum (20%) sem einhliða hafði verið hætt að innheimta (suspended at zero duty) árið 1971. Í viðræðum um gerð fríverslunarsamnings Íslands við EB höfðu Íslendingar verið fullvissaðir um að engar líkur væru á að sá tollur yrði tekinn upp að nýju. Rök bandalagsins fyrir endurupptöku tollsins voru helst þau að stórir framleiðendur og neytendur saltfisks kæmu nú inn í bandalagið og því yrði að skoða málið nánar. Hina raunverulegu ástæðu töldu Íslendingar þó vera þá að nota ætti tollinn sem verslunarvöru vegna fiskveiðiheimilda, einkum gagnvart Íslandi, Kanada og Noreg. Mikil aukning varð á fiskiskipastól EB með aðild Portúgals og Spánar, en fiskimiðin stækkuðu hins vegar lítið. Mótmælum Íslands við endurupptöku saltfisktollsins var svarað með því að ræða mætti málin í víðara samhengi.

Vegna stækkunar EB þurfti bandalagið að gera sérstaka samninga við EFTA-ríkin um lagfæringar á fríverslunarsamningunum og aðlögun nýju aðildarríkjanna að þeim. Þessar viðræður fóru fram um áramótin 1985/1986 og gekk erfiðlegast að semja við Ísland. Fundir voru haldnir í febrúar 1986 milli sendiráðsins og framkvæmdastjórnar og var lögð áhersla á að samkomulag yrði að takast sem fyrst svo það gæti gengið í gildi 1. mars það ár. Bandalagið hélt því fram að Portúgal og Spánn mundu geta veitt tollfríðindi samkvæmt bókun nr. 6 eftir þeim tillögum sem þegar lægju fyrir, en hins vegar væri réttlátt að Ísland bætti bandalaginu þá lækkun sem yrði á saltfisktolli í Portúgal við inngöngu þess í bandalagið, eða úr 20% í 13%. Hagræði af þeirri lækkun mætti meta til 4,4 milljóna Evrópueininga (ECU) og mætti greiða það t.d. með árlegu framlagi Íslands til bandalagsins. Einnig bæri að hafa í huga að leysa þyrfti ágreining um túlkun 2. gr. bókunar nr. 6. Þessir samningar vegna stækkunar EB gæfu tækifæri til að veita Íslandi forréttindatolla varðandi saltfisk og ekki væri líklegt að slíkt tækifæri kæmi aftur.

Í þessum viðræðum hafði EB yfir öll gamalkunnug rök um fyrirvara við bókun nr. 6, stefnu þess sem nú hafði verið formlega mótuð um að fyrir tollfríðindi á fiski og fiskafurðum kæmu fiskveiðiréttindi o.s.frv. Þar kæmi einkum til karfi og svo e.t.v. kolmunni. Samantekt sendiráðsins í Brussel í febrúar 1986 á hugmyndum bandalagsins voru svohljóðandi:

„1. Ekki er farið fram á rammasamning þar sem um sameiginlega stofna er ekki lengur að ræða.

2. Óskað er eftir heimild til að veiða upp í kvóta EB fyrir karfa og kolmunna samkvæmt samningi þess við Grænland á íslensku hafsvæði og undir íslensku eftirliti.

3. Á móti er bandalagið í yfirstandandi viðræðum reiðubúið að veita Íslandi forréttindi sem yrðu vafalítið sérstakur kvóti fyrir saltfisk.

4. Bandalagið mun ekki gera kröfu um bætur vegna lækkunar á tolli í Portúgal úr 20% í 13%. (Í þessu sambandi skal þess getið að í reynd hafði verið sáralítill tollur á saltfiski í Portúgal, þar eð hann hafði verið tollafgreiddur eins og um ferskan fisk væri að ræða. Svipuðum kröfum um bætur beindi bandalagið að ýmsum öðrum ríkjum í tollaviðræðum innan GATT vegna aðildar Spánar og Portúgal en ekkert þeirra hefur viljað fallast á þær.)

Ekkert samkomulag varð um þessi atriði og gekk viðbótarsamningur Íslands við EB vegna stækkunarinnar 1986 aðeins út á að í Portúgal og á Spáni skyldi fríverslunarsamningurinn gilda (þar á meðal bókun nr. 6) eins og í öðrum bandalagsríkjum en með vissum aðlögunartíma, sem er hinn sami fyrir öll EFTA-ríkin."

Aftan við stækkunarsamninginn bætti Efnahagsbandalagið eftirfarandi yfirlýsingu:

„Bandalagið minnir á að við töku ákvörðunar sinnar, um að láta ákvæði bókunar nr. 6 við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og lýðveldisins Íslands koma til framkvæmda frá 1. júlí 1976, skrifaði það bréf, dagsettu 23. júní 1976, til ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands þar sem það gerði grein fyrir skilyrðunum sem það byggði ákvörðun þessa á.

Af því tilefni að samningurinn er einnig látinn ná til Spánar og Portúgals ítrekar bandalagið skilmálana í því bréfi."

Ríkisstjórn Íslands setti síðan eftirfarandi yfirlýsingu aftan við þessa yfirlýsingu bandalagsins:

„Ríkisstjórn Íslands hefur kynnt sér yfirlýsingu Efnahagsbandalags Evrópu um túlkun á bréfi forseta ráðsins, dagsettu 23. júní 1976, um framkvæmd bókunar nr. 6 við samninginn milli lýðveldisins Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu. Ríkisstjórn Íslands telur ekki að í þessu bréfi felist fyrirvari um framkvæmd téðrar bókunar þó að þeirri von sé lýst að samningaviðræður við Ísland um hið almennara vandamál viðvíkjandi fiskveiðimörkum muni hefjast í náinni framtíð og varanlegir samningar takist sem báðir aðilar sætti sig við."

Í tilefni af þessum umræðum vegna aðildar Portúgals og Spánar samþykkti ráð Evrópubandalagsins svohljóðandi yfirlýsingu á fundi sínum 17.–18. febrúar 1986:

„Ráðið felur framkvæmdastjórn að halda áfram viðræðum við Ísland í því skyni að leita nánara samstarfs um fiskimál, sér í lagi varðandi efnahagslögsögu Íslands, þar sem tekið yrði tillit til hagsmuna beggja aðila ...

Ráðið lýsir yfir vilja sínum í ljósi árangurs af þeim viðræðum að taka til athugunar möguleika á því að bjóða Íslandi viðbótar viðskiptafríðindi á sviði sjávarútvegs."

Í framhaldi af þessu kom Eamonn Gallagher, framkvæmdastjóri fiskimáladeildar EB, til Íslands í apríl 1986 og átti þá m.a. viðræður við Halldór Ásgrímsson sjávarútvegsráðherra. Í júní sama ár kom síðan Willy De Clercq, fulltrúi framkvæmdastjórnar um utanbandalagsmál, til Íslands og átti þá viðræður við þáverandi forsætisráðherra, Steingrím Hermannsson, og þáverandi utanríkisráðherra, Matthías Á. Mathiesen.

Á þessum fundi ráðherranna með De Clercq í þessum viðræðum varð samkomulag um að efna til viðræðna og er það einnig orðað í 4. gr. sameiginlegrar yfirlýsingar frá 7. júní 1986:

„Í ljósi þess að markaður bandalagsins er Íslandi mjög mikilvægur er nauðsynlegt að gert sé nýtt átak til að leysa óleyst vandamál sem snerta fisk. Báðir aðilar töldu að hefja ætti viðræður (dialog) til að athuga möguleikana á að leysa vandamálin á þann hátt að þeir gætu vel við unað." Skýrt var hins vegar tekið fram af Íslendingum á fundinum að ekki væri mögulegt að veita fiskiskipum frá EB nein veiðileyfi við Ísland.

Í viðræðum Steingríms Hermannssonar utanríkisráðherra við Willy De Clercq bar loforðið frá 1986 á góma bæði í desember 1987 og vorið 1988. Féllst De Clercq þá á að ræða mætti tollamálin sérstaklega og fiskimálin sérstaklega. Í framhaldi af því var lagt til að sjávarútvegsráðherra Íslands færi til Brussel og kynnti fiskimálafulltrúa framkvæmdastjórnar íslenskan sjávarútveg og ástand fiskistofnanna við Ísland og nýtingu þeirra. Fór sú kynning fram í Brussel hinn 7. mars 1989.

Aðild Spánar og Portúgal að EB og saltfisktollarnir.

Áður er vikið að viðræðum Íslendinga við fulltrúa framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins í ársbyrjun 1986 um aðlögun Spánar og Portúgal að fríverslunarsamningunum.

Í samningum Spánar og Portúgal um aðild að Evrópubandalaginu voru sérstök ákvæði um aðlögunartíma. Þar er m.a. kveðið á um aðlögunartíma fyrir þessi lönd á innflutningi og tollun ýmissa vörutegunda frá aðildarríkjum EB og þriðju ríkjum og heimildir veittar fyrir magntakmörkunum, m.a. á saltfiski á aðlögunartímanum, sem nær til ársloka 1992 að því er saltfisk varðar. Þar er heimilt að setja hámark á saltfiskinnflutning frá löndum innan bandalagsins annars vegar og frá löndum utan bandalagsins hins vegar og skipta slíkum innflutningskvótum á ársfjórðunga. Enn fremur er heimild til þess að setja á frekari hömlur, m.a. um tryggingarfé vegna umsókna um innflutning á saltfiski. Þessar innflutningshömlur á aðlögunartímabilinu varða hins vegar ekki þann toll sem innheimta ber við innflutninginn til umræddra ríkja. Um hann gilda eftirfarandi almennar reglur Evrópubandalagsins.

Eins og greint hefur verið frá í þessu yfirliti tók Evrópubandalagið aftur upp ytri toll sinn á saltfiski (13%) og saltfiskflökum (20%) árið 1985. Bandalagið hafði þó í GATT-viðræðum á

7. áratugnum skuldbundið sig til að leyfa innflutning á rösklega 30 þúsund tonnum af saltfiski árlega tollfrjálst til bandalagssvæðisins en því magni gat það sjálft deilt milli aðildarríkja að vild. Eftir inngöngu Bretlands og Danmerkur í bandalagið 1972 samdi það innan GATT um lækkun þessarar bindingar í 25 þúsund tonn. Þegar Spánn og Portúgal gengu í bandalagið sagði það upp þessari bindingu og bauðst til að endursemja um hana í víðara samhengi og í tengslum við ýmis önnur álitamál um tollbindingar eftir stækkunina.

Samningaviðræður um tollamál EB vegna stækkunarinnar eru enn í gangi innan GATT og helst þessi tollbinding sennilega á meðan. Ísland á ekki beinan samningsrétt um þennan tollkvóta EB í GATT heldur er það Kanada og væntanlega að nokkru leyti Noregur þar eð þessi lönd lögðu tollalækkanir hjá sér á móti þessum kvóta hjá EB í samningaviðræðum um tollalækkanir innan GATT á sinum tíma. Samkvæmt reglum GATT gildir kvótinn þó gagnvart öllum aðildarríkjum þess og má hvert þeirra sem er nýta sér hann meðan hann endist.

Til viðbótar þessum tollfrjálsa GATT-kvóta hefur ráð Evrópubandalagsins einhliða ákveðið á undanförnum árum að úthluta bandalagsríkjum vissum kvóta af flöttum, blautverkuðum saltfiski á lægri tolli en gildir samkvæmt tollskrá bandalagsins. Árið 1988 ákvað bandalagið að þangað mætti flytja 52.500 tonn á 5% tolli áður en taka bæri fullan toll af blautverkuðum saltfiski. Ráð bandalagsins ákvað hinn 23. febrúar 1989 að á árinu 1989 megi flytja til bandalagsins 49.000 tonn á 6% tolli. Þessum kvóta er síðan skipt milli aðildarríkja af bandalaginu sjálfu. Hins vegar eru engir kvótar á lægri tolli fyrir innflutning til bandalagsins á þurrkuðum saltfiski og aðeins 500 tonn af söltuðum flökum á 10% tolli. Enn fremur er 4000 tonna tollkvóti fyrir söltuð ufsaflök á 10% tolli og 1000 tonna tollkvóti fyrir skreið á 10% tolli. Eiga þessir sérstöku tollkvótar að koma til framkvæmda 1. apríl 1989. Tollur af þurrkuðum saltfiski er því 13% fyrir allan innflutning og 20% á söltuðum þorskflökum, nema á 500 tonna tollkvóta, við allan innflutning til bandalagsins á árinu 1989. Auk þess veitir EB einstökum ríkjum heimild utan þessara kvóta til innflutnings fiskafurða, þar á meðal á saltfiski, í tengslum við samninga þeirra um fiskveiðiheimildir. Hafa Norðmenn m.a. gert slíkan samning og fengið sérstaka tollkvóta í staðinn sem gilda fyrir þá eina.

Meðferð sjávarafurða innan EFTA.

EFTA-samningurinn fjallar fyrst og fremst um iðnaðarvörur. Fríverslun gildir þó um unnar sjávarafurðir, t.d. lagmeti og niðursuðu skv. XVI. kafla tollskrár. Ferskur, frystur, saltaður og þurrkaður fiskur í fyrstu þremur köflum tollskrárinnar nýtur hins vegar ekki fríverslunarmeðferðar, nema fryst fiskflök.

Margar tilraunir hafa verið gerðar af hálfu Íslendinga og Norðmanna á undanförnum áratugum til að auka fríverslun með fisk innan EFTA og helst að gera hana frjálsa á sama hátt og viðskipti með iðnaðarvörur en án verulegs árangurs.

Árið 1988 samþykkti ráðherraráð EFTA samkvæmt áskorun þingmannanefndar og ráðgjafarnefndar samtakanna að gera enn eina tilraun til að koma á fullri fríverslun með fisk milli aðildarríkjanna. Á fundi ráðherranna vorið 1988 var sérstakri nefnd ráðuneytisstjóra falið að setja fram tillögur í þessu efni fyrir vorfund ráðherranna 1989. Þessi nefnd hefur komið nokkrum sinnum saman til funda og á fundi hennar 2.–3. mars 1989 hafði náðst samkomulag um flest atriði. Samkvæmt þeim drögum, sem þá lágu fyrir, skyldi fríverslun taka gildi 1. júlí 1990 og jafnframt skyldu allir ríkisstyrkir til sjávarútvegs, sem áhrif hefðu á viðskipti, hafa verið felldir niður fyrir árslok 1993. Fallist hafði verið á að Svíum skyldi heimilt að beita magntakmörkunum á innflutning á ferskum þorski og síld fram til ársloka 1993 ef hætta væri á verulegum truflunum á fiskmarkaði þeirra.

Á hinn bóginn stóð eitt veigamikið atriði óleyst. Finnar kröfðust þess að Eystrasaltssíld og lax skyldu undanþegin fríverslun án tímamarka, en þessar tvær fisktegundir eru yfir níutíu af hundraði fiskveiða Finna. Á þessa undanþágu vildu Svíar ekki fallast og töldu að væri hún veitt yrði ógerlegt að fá sænska sjómenn til að fallast á að opna sænska fiskmarkaði fyrir

samkeppni án ríkisstyrkja. Yrði Finnum veitt þessi undanþága yrðu Svíar að setja ýmsa fyrirvara til viðbótar.

Þegar þessi staða lá ljós fyrir ákváðu Íslendingar að setja fyrirvara við alla yfirlýsingu leiðtogafundar EFTA sem halda átti í Ósló síðar í mars. Þessum fyrirvara var haldið til streitu og á lokamínútum þess fundar samþykktu Finnar að eftir undanþágu fram til ársloka 1992 skyldu þeir leggja fram raunhæfa tímaáætlun um afnám hindrana á innflutningi Eystrasaltssíldar og lax.

Með samkomulaginu í Ósló var ákveðið að fríverslun með fisk skyldi tekin upp innan EFTA. Hins vegar á enn eftir að semja um túlkun á einstökum ákvæðum EFTA-samningsins varðandi fisk, m.a. löndunarréttindi, innflutning, stofnun fyrirtækja o.fl. Þeim samningum skal lokið fyrir ráðherrafund EFTA sem halda á í Kristiansand í Noregi um miðjan júní 1989.

Sþ. 168. Tillaga til þingsályktunar [159. mál]

um leiðsögumenn í skipulögðum hópferðum erlendra aðila á Íslandi.

Flm.: Danfríður Skarphéðinsdóttir, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Árni Gunnarsson, Hjörleifur Guttormsson, Jón Helgason, Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að sjá til þess að í skipulögðum hópferðum erlendra aðila á Íslandi sé ætíð með í för íslenskur leiðsögumaður sem nýtur réttinda samkvæmt reglugerð um starfsmenntun leiðsögumanna ferðafólks nr. 130/1981.

Greinargerð.

Undanfarin ár hefur erlendum ferðamönnum fjölgað mikið á Íslandi. Á árabilinu 1981–1985 fjölgaði þeim um 65%. Stór hluti þessara ferðamanna kemur hingað og ferðast um landið í skipulögðum hópferðum. Íslenskir leiðsögumenn taka gjarnan við þessum hópum við komuna til landsins og fylgja þeim á ferð þeirra. Í seinni tíð hefur gætt vaxandi áhuga erlendra ferðaskipuleggjenda á að senda sjálfir fólk með hópunum til leiðsögu og fararstjórnar og sniðganga þar með íslenska leiðsögumenn. Vinnuframlag erlendra fylgdarmanna hefur aukist mun meira en fjölgun ferðamanna gefur tilefni til. Árið 1988 voru veitt 27 starfsleyfi til erlendra leiðsögumanna sem unnu hér samanlagt um 360 dagsverk. Síðastliðið sumar, 1989, var fjöldi veittra starfsleyfa 45 og dagsverkin um það bil 1100. Þessi mikla aukning sýnir glögglega hvert stefnir. Ferðaþjónustan skapar ný atvinnutækifæri á Íslandi. Leiðsögumenn eru ein þeirra stétta sem ætti að njóta góðs af ferðamannafjölgun en missir nú atvinnu í hendur erlendra aðila. Þeir erlendu leiðsögumenn, sem hér starfa, þiggja laun sín erlendis frá og greiða því hvorki skatta né önnur gjöld hér á landi. Þannig hefur vinna erlendra aðila bæði áhrif á fjárhag einstaklinga og ríkisins.

Flestir eru sammála um að leiðsögumaður hafi úrslitaáhrif á viðhorf ferðamanns til lands og þjóðar. Hjá mörgum ferðamönnum er góð leiðsögn sett efst á blað í sambandi við ferðalög. Íslenskir leiðsögumenn hafa auk þeirrar menntunar, sem felst í því að búa í landinu, sótt námskeið og þreytt próf við Leiðsöguskóla Ferðamálaráðs. Þar er ítarlega fjallað um allt það sem flesta ferðamenn fýsir að vita og gerðar eru miklar kröfur um hæfni leiðsögumannsins til að kynna land og menningu. Íslenskur leiðsögumaður, sem getur glætt áhuga ferðamannsins á landi og þjóð, skapar mikil verðmæti í formi jákvæðrar landkynningar. Kannanir benda til þess að stór hluti ferðamanna heimsæki landið vegna ummæla einhverra sem áður hafa verið hér. Slæmur leiðsögumaður, sem ekki skilar sínu hlutverki, gerir að sama skapi mikið ógagn.

Erlendir leiðsögumenn geta aflað sér þekkingar úr bókum eða með öðrum hætti en vafasamt er að þeir geti gefið jafn persónulega og jákvæða mynd af fólkinu í landinu og íslenskir starfsbræður sem jafnframt hafa sérmenntað sig til þessa starfs.

Ísland býr yfir fegurð og jafnframt miklum hættum. Það er mikil ábyrgð að leiða hóp fólks

um svæði þar sem hættur leynast við hvert fótmál og náttúran sjálf er ekki síður í hættu nema fyllsta aðgætni sé sýnd. Staðkunnugur, menntaður leiðsögumaður, sem þekkir vel lög og reglur sem gilda um umgengni við landið, er líklegur til að bera þessa ábyrgð betur en erlendur fylgdarmaður sem dvelur hér aðeins um stundarsakir. Dæmi sýna að vanþekking erlendra leiðsögumanna hefur valdið skemmdum á náttúru og aukið slysahættu. Einnig er líklegt að samskipti ferðamanna við innlenda aðila verði stundum annmörkum háð ef forsvarsmaður hópsins getur ekki fullkomlega tjáð sig á því máli sem talað er í landinu. Fylgdarmaður ferðamannahóps kemst ekki hjá því að eiga einhver samskipti við fólkið í landinu og er mjög mikilvægt að ekki verði misskilningur t.d. í samskiptum við löggæslu, landverði, starfsfólk hótela og bílstjóra svo að einhverjir séu nefndir.

Í þeim löndum, sem eiga að baki langa þróun í þjónustu við ferðamenn, gilda yfirleitt þær reglur að erlendir ferðamannahópar verða að hafa með sér innlendan leiðsögumann í borgum og á markverðum svæðum. Erlendir ferðamenn á Íslandi ferðast gjarnan víða um landið. Algengt er að ferðamannahópur, sem dvelur hér nokkra daga eða vikur, ferðist um stórt svæði í byggð eða óbyggð. Á hverri dagleið er komið á marga markverða staði, náttúruundur eða sögustaðir skoðuð og hver og einn gerir kröfur um sérþekkingu leiðsögumanns. Þar hefur Ísland nokkra sérstöðu umfram önnur lönd. Litið hefur verið á landið allt sem áhugavert ferðamannasvæði enda reyna flestir, sem hingað koma, að fara sem víðast og sjá sem mest. Þess vegna hafa íslenskir leiðsögumenn gert sér far um að afla sér víðtækrar þekkingar á landinu öllu og kunna skil á sem flestum landshlutum. Erlendis er algengt að fararstjóri fylgi hópum milli markverðra staða þar sem leiðsögumenn taka síðan við og miðla af sinni sérþekkingu. Margir erlendir skipuleggjendur hópferða til Íslands hafa sent fararstjóra með hópnum og jafnframt ráðið leiðsögumann í ferðina um landið. Slíkt er aðeins aukin þjónusta við ferðamennina en oftast hafa íslenskir leiðsögumenn jafnframt tekið sér hlutverk fararstjóra með góðum árangri enda gerir menntun þeirra ráð fyrir slíkri þjónustu.

Íslenskir leiðsögumenn hafa einnig sinnt ákveðinni eftirlitsskyldu með ferðamönnum og skipulagi ferðalaga og þannig komið í veg fyrir vandræði sem annars hefðu orðið. Vegna vanþekkingar hafa margir hópar nærri brotið íslensk lög og hefur þá komið til kasta leiðsögumanns að kynna gildandi reglur fyrir fólki. Slíkt eftirlit og fyrirbyggjandi starf er mjög mikilvægt þar sem margir eiga þess ekki kost að fá slíkar upplýsingar öðruvísi en af biturri reynslu.

Mjög erfitt er að fylgjast með og sannreyna hæfni þeirra erlendu leiðsögumanna sem vinna hér á landi. Flestir dvelja í stuttan tíma og yfirgefa landið um leið og hópar þeirra. Sumir hafa unnið hér í nokkur ár en aðrir eru nýliðar, hafa ef til vill komið hér í öðrum tilgangi einu sinni eða tvisvar eða eru hér í allra fyrsta sinn. Oft er það svo að fólk vinnur fyrir erlendar ferðaskrifstofur sem fararstjórar um heim allan og tekur að sér leiðsögustarf þar sem engin slík þjónusta er fyrir hendi. Enn aðrir eru sérfræðingar á afmörkuðu sviði, t.d. jarðfræði, og telja sig þannig færa um að taka starfið að sér.

Íslenskir leiðsögumenn þurfa eins og fyrr segir að afla sér menntunar í Leiðsöguskóla Ferðamálaráðs og sanna þar hæfni sína til starfsins. Í þessum efnum eru því auðsjáanlega ekki gerðar sömu kröfur til innlendra og erlendra leiðsögumanna.

Ísland er viðkvæmt land þar sem ferðaþjónusta er nýleg atvinnugrein. Náttúrufegurð Íslands er auðlind sem getur gefið einstaklingum og þjóðarbúi nokkuð í aðra hönd ef vel er að staðið. Ofnýting og ill umgengni við landið gefur ef til vill stundargróða en skilur lítið eftir fyrir framtíðina. Ferðaþjónustan verður ekki sú lyftistöng fyrir þegna landsins sem vonast er til nema sýnd verði fyllsta aðgát. Ef vernda á það sem útlendingar koma til að skoða verður að gera kröfu til þess að sérmenntaðir, löggiltir, íslenskir leiðsögumenn fylgi erlendum ferðahópum um landið. Annað er hættuleg þróun sem gæti stuðlað að auknum umsvifum útlendinga í ferðaþjónustu á Íslandi. Þjónusta við ferðamenn er mikilvæg atvinnugrein sem verður að efla svo að þegnar landsins missi ekki forræðið úr höndum sér til erlendra aðila.

Fylgiskjal.

REGLUGERÐ

um starfsmenntun leiðsögumanna ferðafólks.

1. gr.

Markmið starfsmenntunar leiðsögumanna ferðafólks er að mennta og þjálfa fólk til að kynna Ísland fyrir ferðamönnum, erlendum og innlendum.

2. gr.

Í þessu skyni stendur Ferðamálaráð Íslands, svo oft sem þurfa þykir, fyrir námskeiðum, þar sem kennd eru undirstöðuatriði um:

a) sögu landsins og þjóðmenningu, jarðfræði, náttúrufræði, þjóðfélagsleg málefni, bókmenntir og listir.
b) þau landssvæði, sem ferðamenn heimsækja og þær ferðir, sem í boði eru fyrir ferðamenn.
c) þróun ferðaþjónustu, skipulag ferðamála, skyndihjálp, starfsreglur og tæknilegar leiðbeiningar í leiðsögu, framsögn og notkun talkerfa.

3. gr.

Á námskeiðum þessum skal leggja áherslu á fræðslu um eftirfarandi atriði:

I. Almennur fróðleikur.

1. **Jarðfræði:** Aldur jarðar. Jarðsöguleg tímabil. Aldur Íslands. Jarðsöguleg uppbygging landsins. Landrekskenningin og tengsl landsins við Atlantshafshrygginn. Jarðskjálftabeltin. Virku gosbeltin. Orsök eldvirkni og tíðni eldgosa hér á landi. Helstu þættir landmótunar. Helstu eldfjöll, bergtegundir og gerðir eldstöðva. Hraungerðir og stærð hrauna. Jarðhiti og skipting í háhita- og lághitasvæði. Notkun jarðhita hér á landi. Goshverir og orsök hveragosa. Holufyllingar, helstu tegundir og myndun þeirra. Jöklar og menjar jökulrofs. Ár, fossar og gljúfur. Áfok og uppblástur. Hagnýt jarðefni. Útskýring á helstu náttúrumyndunum.
2. **Gróður:** Einkenni íslenska plöturíkisins. Breytingar á gróðurfari frá því fyrir ísöld til þessa dags. Helstu orsakir gróðureyðingar. Gróðurmörk. Skógarmörk. Landgræðsla. Skógrækt. Friðaðar plöntutegundir. Íslenskar jurtir í þjóðtrú, til lækninga og litunar.
3. **Dýralíf:** Einkenni íslenska dýraríkisins. Helstu fuglategundir hérlendis. Uppruni íslenskra húsdýra. Einkenni íslenska hestsins. Íslenskir ferskvatnsfiskar. Laxa- og silungsrækt. Dýr í íslenskri þjóðtrú.
4. **Veður:** Helstu veðurfarsbreytingar hér á landi og afleiðingar. Einkenni veðurfars nú á dögum. Golfstraumurinn og áhrif hans á veðurfar og landshagi. Úrkoma. Meðalhiti.
5. **Náttúruvernd:** Lög um náttúruvernd. Mismunandi tegundir friðlýsingar. Friðlýstir staðir og staðir á náttúruminjaskrá. Umgengnisreglur á gæslustöðum. Samskipti ferðamanna, leiðsögumanna og gæslumanna.
6. **Saga Íslands:** Elstu heimildir um Ísland og fyrstu heimsóknir manna til landsins. Uppruni víkinga. Kenningar um orsakir víkingaferða. Helstu víkingabyggðir. Ásatrú. Landnám Íslands. Uppruni landnámsmanna. Afdrifarríkustu atburðir Íslandssögunnar: Stofnun Alþingis. Þjóðveldi. Kristni. Mótun íslenskrar kirkju. Tíund. Sturlungaöld. Ísland fer undir stjórn Noregskonungs og síðan Danakonungs. Svarti dauði. Siðaskipti. Verslunareinokun. Einveldi Danakonungs á Íslandi. Sjálfstæðisbaráttan: Stjórnarskrá, heimastjórn, fullveldi, fullt sjálfstæði. Stjórn landsins. Alþingi. Stjórnmálaflokkar. Alþjóðasamtök, sem Ísland á aðild að.

7. **Atvinnuvegir:** Helstu þáttaskil í þróun aðalatvinnugreinanna, landbúnaðar, fiskveiða, verslunar og iðnaðar. Ástand og horfur í atvinnumálum. Helstu viðskiptalönd. Skipting útflutnings og innflutnings eftir vörutegundum. Skipting mannafla eftir atvinnugreinum.
8. **Þjóðfélagsmál:** Íslensk menning. Kirkjumál. Menntamál. Heilbrigðismál. Skattamál. Húsnæðismál. Lífsafkoma o. s. frv.
9. **Bókmenntir:** Innihald íslenskra fornbókmennta. Kenningar, orsakir og gildi íslenskrar sagnaritunar. Helstu tegundir bókmennta frá landnámi til þessa dags. Íslensk bókagerð og bókaútgáfa. Þekktir íslenskir rithöfundar. Verðlaunahafar.
10. **Listir:** Íslenskur heimilisiðnaður. Þróun listgreina, sem hér eru stundaðar svo sem byggingarlist, myndlist, höggmyndalist, tónlist, leiklist, listdans. Leikhús og leikhússókn. Þekktir íslenskir listamenn. Verðlaunahafar. Styrkir til íslenskra listamanna.
11. **Söfn:** Byggðasöfn og listasöfn hérlendis. Safngripir og höfundar listaverka.
12. **Annað:** Helstu íþróttagreinar, sem hér eru stundaðar, og staða þeirra borið saman við árangur annarra þjóða. Helstu afreksmenn.
13. Ferðamál: Þróun ferðaþjónustu hér á landi. Skipulag ferðamála. Ýmsar greinar ferðaþjónustunnar svo sem ferðaskrifstofur, gisti- og veitingastaðir, flugfélög og ferðir, bílastöðvar, bílaleigur, minjagripaverslanir o. fl. Skipulagðar ferðir.

II. Svæðafræðsla:

Landinu skal skipt í svæði og framangreindir málaflokkar athugaðir með tilliti til þess. Kynntir helstu áningarstaðir ferðamanna á svæðunum og þær ferðir, sem þar eru í boði.

III. Skyndihjálp og tæknilegar leiðbeiningar:

Lögð skal áhersla á, eftir því sem aðstæður leyfa, að búa þátttakendur undir að geta veitt farþegum fyrstu hjálp, ef slys ber að höndum. Einnig skal eftir föngum kynna þátttakendum starfsreglur leiðsögumanna og gefa tæknilegar leiðbeiningar í leiðsögu, framsögn og notkun talkerfa.

4. gr.

Námsskrá og prófskilyrði skulu nánar ákveðin af stjórnarnefnd Ferðamálaráðs í samvinnu við stjórn Félags leiðsögumanna.

5. gr.

Námskeiðin skulu vera opin þeim, sem eru íslenskir ríkisborgarar og orðnir 20 ára og hyggja á vinnu við leiðsögu eða fararstjórn ferðamanna. Æskilegt er að þátttakendur hafi stúdentspróf eða hliðstæða menntun. Víkja má frá þessari reglu að fenginni umsögn stjórnar Félags leiðsögumanna.

6. gr.

Heimilt er að takmarka fjölda þátttakenda á hverju námskeiði og ef þörf krefur velja úr umsóknum með tilliti til tungumálakunnáttu, framkomu, reynslu í ferðamennsku, hæfileikum til hópstjórnar og tjáningar.

Ofangreindir þættir skulu kannaðir með viðtölum við umsækjendur, áður en námskeið hefst.

7. gr.

Námskeiðin skulu standa frá hausti til vors og skiptast í tvær annir, haustönn og vorönn. Báðum önnum skal ljúka með munnlegum og skriflegum prófum, þar sem könnuð skal þekking á staðreyndum og hæfileikum til að koma þeim á framfæri á skýran og skipulegan hátt. Munnleg próf skulu tekin á þeim erlendu tungu-

málum, sem þátttakendur bjóða fram. Skrifleg próf skulu tekin á íslensku og/eða erlendum tungumálum að einhverjum hluta.

Þeir, sem standast munnleg og skrifleg próf í lok haustannar, fá rétt til þátttöku í vorönn. Þeir einir, sem standast bæði munnleg og skrifleg próf vorannar hljóta skírteini sem leiðsögumenn ferðafólks og gilda þau í 5 ár. Að 5 árum liðnum endurnýjast skírteinin sjálfkrafa, enda hafi leiðsögumaður unnið a. m. k. 15 dagsverk að jafnaði árlega á þessu tímabili, ella sæki hann endurhæfingarnámskeið.

Eldri félagar Félags leiðsögumanna skulu hafa starfsréttindi og sömu skírteini og þeir sem ljúka prófi frá leiðsögumannanámskeiðum Ferðamálaráðs, enda hafi þeir unnið a. m. k. 15 dagsverk að jafnaði árlega á s. l. 5 árum, en sæki endurhæfingarnámskeið ella.

8. gr.

Ferðamálaráð Íslands skal, svo oft sem þörf krefur, halda endurhæfingar- og sérhæfingarnámskeið fyrir starfandi leiðsögumenn ferðafólks þar sem þeim gefst kostur á að sérhæfa sig í ákveðnu kjörsviði eða kjörsvæði. Á slíkum sérhæfingarnámskeiðum skal lögð áhersla á fyllri og nákvæmari fræðslu um ákveðin svæði eða sérsvið en unnt er að veita á byrjendanámskeiðunum og búa þátttakendur undir að fræða hópa, sem gera sérhæfðar kröfur, svo sem um ákveðin svæði landsins eða sérsvið (t. d. sögu, fuglalíf, jarðfræði, þjóðfélagsmál o. þ. h.). Um námsskrá og kröfur fyrir þessi námskeið gilda ákvæði 4. gr.

9. gr.

Ferðamálaráð greiðir kostnað við nám og þjálfun leiðsögumanna að svo miklu leyti sem þátttökugjöld hrökkva ekki til.

Ferðamálaráð getur falið öðrum framkvæmd einstakra námskeiða að einhverju eða öllu leyti.

10. gr.

Ferðamálaráð skal halda skrá yfir alla þátttakendur á námskeiðum þessum og skrá við nöfn þátttakenda þá áfanga og sérhæfingu, sem hver og einn hefur aflað sér samkvæmt reglum þessum.

Ferðamálaráð skal starfrækja ráðningarmiðstöð fyrir leiðsögumenn og vinnuráðendur þeirra í samvinnu við samtök þessara aðila um a. m. k. þriggja mánaða skeið að sumrinu til.

11. gr.

Ef erlendur ríkisborgari stundar störf á Íslandi (leiðsögu, fararstjórn eða önnur skyld landkynningarstörf), skal hann hafa atvinnuleyfi frá Félagsmálaráðuneyti.

12. gr.

Leiðsögumanni ferðafólks er skylt að sjá um að farþegar hans fylgi settum reglum um umgengni við landið og náttúru þess, svo og vara þá við fyrirsjáanlegum hættum.

Leiðsögumaður skal í starfi sínu vera hlutlaus í frásögn og forðast að særa siðgæðisvitund og trúartilfinningu farþega sinna.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 5. tl. 7. gr. laga nr. 60 31. maí 1976 um ferðamál, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 80 5. janúar 1981 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 5. janúar 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur S. Valdimarsson.

Ed. 169. Nefndarálit [53. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Til þess að flýta fyrir afgreiðslu frumvarpsins milli deilda var formönnum allsherjarnefnda þingdeildanna falið að athuga frumvarpið sameiginlega og umsóknir er því fylgdu, svo og umsóknir sem síðar bárust. Er þetta sama málsmeðferð og verið hefur á afgreiðslu sams konar frumvarpa á undanförnum árum. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 20. nóv. 1989.

Jón Helgason, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Salome Þorkelsdóttir.	Ey. Kon. Jónsson.	Jóhann Einvarðsson.
	Danfríður Skarphéðinsdóttir.	

Ed. 170. Breytingartillaga [53. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr. orðist svo:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Allison, Allan, leiðbeinandi í Vestmannaeyjum, f. 16. apríl 1951 í Englandi.
2. Annisius, Jane Matheson, hjúkrunarfræðingur á Húsavík, f. 5. maí 1953 í Skotlandi.
3. Annisius, Marta Melek, barn á Húsavík, f. 22. desember 1984 í Tyrklandi.
4. Annisius, Ómar Mehmet, barn á Húsavík, f. 22. desember 1984 í Tyrklandi.
5. Banine, Abdesselam, trésmiður í Kópavogi, f. 9. janúar 1939 í Marokkó.
6. Beraquit, Annie Belmonte, ljósmyndari í Reykjavík, f. 2. júlí 1961 á Filippseyjum.
7. Bogatynska, Stanislawa Janina Holcer, hagfræðingur í Reykjavík, f. 7. janúar 1919 í Póllandi. Fær réttinn 10. mars 1990.
8. Borghildur Gunnlaugsdóttir, verkakona í Keflavík, f. 4. febrúar 1951 í Njarðvík.
9. Crivello, Antonie Théodore, framkvæmdastjóri á Egilsstöðum, f. 26. mars 1949 í Frakklandi.
10. Daglas, Samir Fathi Ahmad, verslunarmaður í Hafnarfirði, f. 28. maí 1964 í Palestínu.
11. Daníel Vincent Antonsson, nemandi á Egilsstöðum, f. 17. október 1975 á Íslandi.
12. Darling, Robert Albert, tónlistarkennari í Hveragerði, f. 5. febrúar 1955 í Englandi.
13. Halvorson, Leif David, nemandi í Mosfellsbæ, f. 27. ágúst 1969 í V-Þýskalandi.
14. Hansen, Lars, dýralæknir í Rangárvallasýslu, f. 23. apríl 1958 á Íslandi.
15. Harrison, Robert Leslie, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 22. júní 1939 í Englandi.
16. Haugen, Anni Guðný, félagsráðgjafi í Reykjavík, f. 14. september 1950 í Noregi.
17. Holbrook, William Peter, tannlæknir í Reykjavík, f. 17. febrúar 1949 í Englandi.
18. Holm, Unnur Agnes, verkakona á Suðureyri, f. 26. maí 1966 í Reykjavík.
19. Hurlen, Hildur Tordis, húsmóðir í N-Þingeyjarsýslu, f. 18. apríl 1943 í Noregi.

20. Ingham, Julie Ann, skólastjóri í Reykjavík, f. 5. september 1959 í Englandi.
21. Jacobsen, Davíð, barn í Hafnarfirði, f. 15. ágúst 1988 á Indlandi.
22. Letelier, Roxanna Angélica Morales, gangastúlka á Akureyri, f. 25. júní 1947 í Chile.
23. Martino, Anthony, nemandi í Reykjavík, f. 26. október 1966 í Keflavík.
24. Martino, Dwight Alexander, nemandi í Reykjavík, f. 12. október 1971 í Keflavík.
25. Nielsen, Snjólaug Elísabet, afgreiðslumaður í Reykjavík, f. 23. júní 1966 í Kópavogi.
26. Peterson, Connie Marie, barn á Neskaupstað, f. 27. desember 1985 í Bandaríkjunum.
27. Peterson, Peter Kjartan, barn á Neskaupstað, f. 13. maí 1987 í Reykjavík.
28. Sigurður William Brynjarsson, nemandi á Patreksfirði, f. 20. ágúst 1975 í Keflavík.
29. Sigurður Kristófer Óskarsson, barn í Reykjavík, f. 5. október 1988 á Indlandi.
30. Steinunn Ruth Guðmundsdóttir, barn á Selfossi, f. 14. desember 1987 á Indlandi.
31. Sörensen, Ruth Bredahl, matráðskona á Akureyri, f. 4. febrúar 1941 í Danmörku.
32. Thompson, Richard Erik, sjómaður á Þingeyri, f. 21. júlí 1968 í Bandaríkjunum.
33. Yonkova, Asia Ilianova, nemandi í Reykjavík, f. 30. ágúst 1965 í Búlgaríu. Fær réttinn 7. febrúar 1990.

Sþ. 171. Tillaga til þingsályktunar [160. mál]

um viðskiptanefnd til að leita nýrra markaða í Austur-Evrópu.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að skipa þegar í stað viðskiptanefnd til að leita nýrra markaða í Austur-Evrópu vegna þeirra breytinga sem þar eru að gerast. Ráðherra skal hafa samráð við samtök útflytjenda á hefðbundinni framleiðsluvöru og einnig huga að nýjum leiðum á sviði þjónustu, ferðamála, orkumála, hugvits og fleiri greina.

Greinargerð.

Nú er járntjaldið að falla og nýir lifnaðarhættir fylgja væntanlega í kjölfarið hjá ríkjum Austur-Evrópu. Margar þjóðir í Vestur-Evrópu og víðar binda miklar vonir við ný og aukin viðskipti við Austurblokkina og hafa þegar hugsað sér til hreyfings. Þannig munu ýmsar nágrannaþjóðir okkar þegar hafa sent sölunefndir austur á bóginn til að vega og meta aðstæður.

Nauðsynlegt er þess vegna fyrir Íslendinga að fylgjast með þróun í þessum löndum frá upphafi og láta einskis ófreistað til að auka vörusölu þangað og vinna nýja markaði. Búast má við að aukið frelsi fólksins í Austur-Evrópu ásamt hugsanlegri efnahagsaðstoð frá Vesturlöndum leiði af sér mikla grósku og kröfur um breytta lifnaðarhætti til jafns við önnur lönd í Vestur-Evrópu.

Þess vegna opnast ekki bara möguleikar á að selja þangað hefðbundna framleiðsluvöru Íslendinga heldur líka margvíslega þjónustu til dæmis á sviði ferðamála, orkumála, verktakastarfs og fleiri greina verkþekkingar og hugvits. Þar sem atburðarásin er hröð fyrir austan verður að láta hendur standa fram úr ermum og hafa hratt á hæli.

Sþ. **172. Svar** [38. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kristínar Einarsdóttur um raforkuöflun og raforkukostnað vegna nýrrar álbræðslu í Straumsvík.

1. *Hvaða hugmyndir eða tillögur liggja fyrir hjá Landsvirkjun um raforkuverð til nýrrar álbræðslu?*

Viðræður við álframleiðendur — Atlantal-hópinn — um aukna álbræðslu í Straumsvík standa yfir og ekki hefur verið samið um verð á raforku. Á þessu stigi málsins er hvorki hægt að greina frá hugmyndum né tillögum um raforkuverð til nýrrar álbræðslu. Rétt þykir að benda á að raforkuverðið ræðst m.a. af því hvort ráðist verður í stækkun álversins í Straumsvík eða reist nýtt álver og hvenær aukin álbræðsla verður að veruleika. Landsvirkjun hefur að sjálfsögðu gert ráð fyrir því að samningur um orkusölu til nýrrar stóriðju tryggi að lágmarki endurgreiðslu á því fjármagni sem varið yrði til framkvæmda í raforkukerfinu til þess að sjá stóriðju fyrir orku. Þannig verður þess gætt að almenningur þurfi ekki að greiða hærra raforkuverð en sem svarar því að eingöngu væri virkjað til að mæta auknum orkuþörfum hins almenna markaðar. Útreikningar Landsvirkjunar benda til þess að hægt sé að bjóða Atlantal-fyrirtækjunum orkusölusamning sem er samkeppnishæfur alþjóðlega og skilar Landsvirkjun jafnframt nokkrum hagnaði.

2. *Hvaða virkjanir er gert ráð fyrir að reistar verði vegna álbræðslu og í hvaða röð?*

Gert er ráð fyrir að hagkvæmni og öryggi í raforkukerfinu ráði því hvar og í hvaða röð verður virkjað hvort heldur virkjað er til að mæta aukinni raforkuþörf almennings eða stóriðju. Viðræður við Atlantal-fyrirtækin hafa ekki enn leitt til niðurstöðu um hvort af álbræðslu þeirra verði né hversu mikil hún verði. Á þessu stigi er því ekki hægt að gefa einhlítt svar við spurningunni. Tveir möguleikar hafa verið í athugun annars vegar að auka framleiðslugetu álversins í Straumsvík um 120 þúsund tonn á ári og hins vegar að byggt verði nýtt álver sem geti framleitt 185 þúsund tonn af áli á ári. Á myndum 1 og 2 eru taldar upp þær virkjanir sem Landsvirkjun telur hagkvæmastar til að mæta orkuþörfinni miðað við þessa tvo kosti.

3. *Hver er afl og orkuvinnslugeta hverrar virkjunar?*

Afl og orkugeta einstakra virkjana eru sýnd á myndum 1 og 2.

4. *Hver er áætlaður stofnkostnaður hverrar virkjunar um sig og hver er áætlaður orkukostnaður frá hverri þeirra miðað við eftirfarandi:*
   a. *núverandi horfur á aukningu almenna raforkumarkaðarins,*
   b. *viðbótarraforkuframleiðslu sé eingöngu ráðstafað til stóriðju (full nýting strax)?*

Áætlaður stofnkostnaður einstakra virkjana á verðlagi í október 1989 er sýndur á myndum 1 og 2. Orkukostnaður frá einstökum virkjunum ræðst m.a. af þeim vöxtum sem greiða þarf af lánum sem tekin verða vegna framkvæmdanna, rekstrarkostnaði virkjana auk stofnkostnaðar og væntanlegs markaðar fyrir orkuna. Ekki þykir fært að gefa beint svar við spurningum um orkukostnað þar sem það kynni að veikja samningsstöðu Landsvirkjunar í samningum við Atlantal-hópinn og aðra aðila sem hugsanlega vilja ræða um kaup á raforku af Landsvirkjun á næstunni. Hins vegar er ljóst að orkukostnaður í virkjunum er allt að tvöfalt

hærri miðað við að þær verði eingöngu nýttar til að mæta aukningu almenns raforkumarkaðar en séu þær eingöngu nýttar fyrir stóriðju. Þetta stafar annars vegar af því að almennur orkumarkaður fullnýtir ekki orkugetu virkjana strax og hins vegar af því að nýtingartími afls fyrir almennan markað er minni en fyrir stóriðju. Rétt er að benda á að auk kostnaðar við virkjanir þarf að sjálfsögðu að gera ráð fyrir kostnaði vegna flutnings orkunnar til væntanlegra notenda.

Mynd 1.



03.11.1989

		Afl MW	Orku-geta GWH /ÁR	Fer í gang	Stofn-kostn MKr.
NÝJAR VIRKJANIR					
1	BLÖNDUVIRKJUN	150	720	1991	12,309
2	STÆKKUN BÚRFELLS MEÐ KVÍSLAV. OG ÞÓRISVATNI	100	530	1993	6,088
3	NESJAVELLIR 1	30	180	1993	888
4	VATNSFELL	70	430	1993	5,211
5	STÆKKUN BLÖNDULÓNS	-	-	1994	
6	STÆKKUN KRÖFLU	30	180	1996	1,378
7	NESJAVELLIR 2	30	180	1999	1,380
		410	2220		27,254

Athugasemdir:

1 Stofnkostnaður er á verðlagi í okt.1989. (Vísitala byggk. 155.5)

2 Meðalgengi usd 1 US$ = Kr. 61.89

3 Í áætlunum Landsvirkjunar er orka frá Nesjavöllum verðlögð á 15 mill /kWh (= 93 aur/kWh)

Mynd 2.

HAGKVÆMASTA RÖÐ VIRKJANA FYRIR NÝTT 185 ÞÚS. TONNA ÁLVER ORKUJÖFNUÐUR



03.11.89

		Afl MW	Orku-geta GWH /ÁR	Fer í gang	Stofn-kostn MKr.
NÝJAR VIRKJANIR					
1	BLÖNDUVIRKJUN	150	720	1991	12,309
2	STÆKKUN BÚRFELLS MEÐ KVÍSLAV. OG ÞÓRISVATNI	100	530	1993	6,088
3	NESJAVELLIR 1	30	180	1993	888
4	STÆKKUN BLÖNDULÓNS	-	-	1994	
5	FLJÓTSDALSVIRKJUN	240	1460	1994	18,310
6	STÆKKUN KRÖFLU	30	180	1997	1,378
		550	3070		38.973

Athugasemdir:

1 Stofnkostnaður er á verðlagi í okt.1989. (Vísitala byggk. 155.5)

2 Meðalgengi usd 1 US$ = Kr. 61.89

3 Í áætlunum Landsvirkjunar er orka frá Nesjavöllum verðlögð á 15 mill /kWh (= 93 aur/kWh)

Sþ. **173. Svar** [39. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kristínar Einarsdóttur um samninga um nýja álbræðslu í Straumsvík.

1. *Hverjar urðu niðurstöður úr hagkvæmniathugun Atlantal-hópsins um byggingu 185 þús. tonna álvers í Straumsvík, sbr. samkomulag frá 4. júlí 1988?*

Athugun á hagkvæmni sjálfstæðs 185 þúsund tonna álvers í Straumsvík lauk í marsmánuði síðastliðnum. Beinar tölur um áætlaðan kostnað eru háðar viðskiptaleynd og er því ekki unnt að birta þær. Niðurstaða athugunarinnar í vor var að hagkvæmara virtist að reisa og reka 120 þús. tonna viðbót við álverið í Straumsvík en sjálfstætt 185 þús. tonna álver. Í byrjun maí bárust svör frá fyrirtækjunum fjórum sem tóku þátt í könnuninni um afstöðu þeirra til áframhaldandi þátttöku í undirbúningi aukinnar álframleiðslu hér á landi. Í stuttu máli voru svörin á þann veg að öll fyrirtækin lýstu áhuga á þátttöku í athugun á hagkvæmni stækkunar álversins um 120 þús. tonn. Granges og Alumined lýstu því jafnframt yfir að þau vildu halda opnum þeim möguleika að ráðist yrði í sjálfstætt 185 þús. tonna álver.

2. *Hverjir eru nú þátttakendur í athugun á álbræðslu í Straumsvík og eftir hvaða samningi er að þeim unnið?*

Unnið hefur verið að athugun á stækkun álbræðslunnar í Straumsvík á grundvelli samkomulagsins frá 4. júlí 1988. Samkvæmt samkomulaginu var gert ráð fyrir að kanna bæði hagkvæmni þess að reisa og reka nýtt álver og að stækka álverið í Straumsvík. Þótt könnunin hafi að undanförnu beinst sérstaklega að 120 þús. tonna stækkun Ísals er nú verið að endurnýja fyrri athugun á nýju 185 þús. tonna álveri til samanburðar. Þessi athugun miðast við að styttri tími líði frá því að bygging álversins hefjist þar til það verði komið í fullan rekstur og er það gert í ljósi nýrra möguleika á því að ljúka Fljótsdalsvirkjun fyrr en gert var ráð fyrir í hagkvæmniathuguninni síðastliðið vor.

Eitt fyrirtækjanna fjögurra, Austria Metall AG, tilkynnti með bréfi dags. 12. sept. sl. að það drægi sig út úr Atlantal-hópnum þar sem það hefði skuldbundið sig til að taka þátt í nýju álveri í Kanada. Þá er rétt að geta þess að Hoogovens-samsteypan hefur endurskipulagt rekstur álfyrirtækja sinna í eitt félag sem heitir Hoogovens Aluminium. Hoogovens Aluminium yfirtók rekstur Alumined frá 1. okt. sl. Hagkvæmniathugunin er því unnin í samstarfi eftirtaldra fyrirtækja:

Swiss Aluminium
Zürich, Swiss.

Granges Aluminium
Stokkhólmi, Svíþjóð.

Hoogovens Aluminium
Amstelveen, Hollandi.

3. *Að hve miklu leyti nýtast mannvirki sem fyrir eru í Straumsvík fyrir viðbótarálbræðslu?*

Ýmis mannvirki í eigu Ísals og tengd því fyrirtæki munu nýtast ef ráðist verður í nýtt álver eða stækkun álbræðslunnar í Straumsvík, sum án fjárfestingar og önnur með tiltölulega lítilli

fjárfestingu. Að hversu miklu leyti mannvirkin koma til með að nýtast ræðst m.a. af því hvort nýtt álver verður reist eða álverið verður stækkað. Þau mannvirki, sem gætu nýst, eru:

— Höfn, uppskipunarkerfi fyrir súrál, súrálsgeymslur og flutningstæki.
— Álsteypa.
— Rannsóknastofa, almenn viðhaldsverkstæði, svo sem rafmagnsverkstæði, vélaverkstæði og farartækjaverkstæði.
— Slökkvilið og slysavakt, skrifstofuhúsnæði, mötuneyti og starfsmannaaðstaða.
— Ýmiss konar geymsluhúsnæði, svo og holræsi, vatnslagnir og aðrar lagnir.

4. Hvenær er gert ráð fyrir að athugunum ljúki og málið komi til kasta Alþingis?

Á næstu vikum fæst væntanlega úr því skorið hvort grundvöllur er fyrir formlegum samningum um stækkun álversins í Straumsvík eða fyrir nýju álveri. Verði niðurstaðan jákvæð er reiknað með því að sameiginleg yfirlýsing um að ganga til samningaviðræðna um stækkunina verði undirrituð í desembermánuði. Miðað við að skrifað verði undir yfirlýsingu þess efnis er gert ráð fyrir að tillaga til þingsályktunar um nýtingu innlendra orkulinda til atvinnuuppbyggingar verði lögð fram á Alþingi um líkt leyti. Frumvarp til heimildarlaga um nýtt álver yrði þá væntanlega lagt fram á Alþingi að loknu jólahléi þingsins. Einnig yrði að sjálfsögðu lagt fram á Alþingi frumvarp til heimildarlaga vegna nauðsynlegra virkjana.

Sþ. 174. Fyrirspurn [161. mál]

til dómsmálaráðherra um hunda til fíkniefnaleitar.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur.

1. Hve margir hundar til fíkniefnaleitar eru nú í eigu lögregluyfirvalda annars vegar og tollyfirvalda hins vegar? Hve margir slíkir hundar hafa verið í eigu þessara embætta síðastliðin tíu ár?
2. Telur dómsmálaráðherra þann fjölda hunda, sem nú er fyrir hendi til fíkniefnaleitar, fullnægjandi? Ef svo er ekki hvenær má búast við að þeim verði fjölgað og hve mörgum nýjum hundum er ætlunin að bæta við?

Sþ. 175. Fyrirspurn [162. mál]

til samgönguráðherra um sýsluvegi.

Frá Eggert Haukdal.

1. Ber ekki ríkissjóði að greiða hlut sveitarfélaga til sýsluvega þegar lög um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga taka gildi um næstu áramót?
2. Tekur sú mikla skerðing, sem áætluð er á framlögum til vegamála samkvæmt fjárlagafrumvarpinu, miðað við samþykkta vegáætlun frá sl. vori, einnig til sýsluvega eða halda þeir sínum hlut?
3. Hvers er þá að vænta um framlög ríkissjóðs til sýsluvega á næsta ári miðað við eðlilega framkvæmd laganna um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga?

Skriflegt svar óskast.

Ed. 176. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til l. um breyt. á lánsfjárlögum fyrir árið 1989, nr. 12/1989.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið til viðræðna Halldór Árnason, skrifstofustjóra í Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Ingimund Friðriksson, forstöðumann alþjóðadeildar Seðlabanka Íslands, Gunnar Hilmarsson, formann stjórnar Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina, Guðmund Malmquist, forstjóra Byggðastofnunar, og Helga Bergs, formann stjórnar hlutafjársjóðs Byggðastofnunar.

Halldór Árnason sat alla þá fundi er málið var rætt. Helgi Bergs, Gunnar Hilmarsson og Guðmundur Malmquist komu á einn fund, skýrðu sjónarmið sín og lögðu áherslu á nauðsyn þess að frumvarpið hlyti skjóta afgreiðslu. Ingimundur Friðriksson lagði fram gögn um erlendar lántökur ríkissjóðs og opinberra sjóða. Eftir að ríkisstjórnin heimilaði Byggðastofnun að taka 350 millj. kr. erlent lán í samráði við Seðlabanka Íslands og fór þess á leit við nefndina að breyting yrði gerð á frumvarpinu í samræmi við þá heimild kallaði nefndin Guðmund Malmquist aftur á sinn fund. Lagði hann þunga áherslu á að umrædd breyting yrði samþykkt og afgreiðslu málsins hraðað.

Í ljósi þessa leggur meiri hl. til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 20. nóv. 1989.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm. | Jóhann Einvarðsson, fundaskr. | Skúli Alexandersson.

Sveinn G. Hálfdánarson.

Ed. 177. Breytingartillaga [74. mál]

við frv. til l. um breyt. á lánsfjárlögum fyrir árið 1989, nr. 12/1989.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (GuðmÁ, JE, SkA, SGH).

Í stað „1.000.000“ í 2. gr. komi: 1.350.000.

Ed. 178. Frumvarp til laga [163. mál]

um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

1. gr.

3. gr. 2. tl. orðist svo:

3.2. Landlæknir skipuleggur skýrslugerð heilbrigðisstarfsfólks og heilbrigðisstofnana og innheimtir þær. Ráðuneytið og landlæknir annast útgáfu heilbrigðisskýrslna.

2. gr.

Við 3. gr. 5. tl. bætist ný setning er orðist svo:

Landlæknir og nefndin gera ráðherra árlega grein fyrir beim kvörtunum sem borist hafa og afdrifum mála.

3. gr.

6. gr. 2. og 3. tl. orðist svo:

6.2. Ráðherra skipar héraðslækni í Reykjavík, í Norðurlandshéraði eystra og Reykjaneshéraði. Skulu þeir vera sérmenntaðir embættislæknar eða hafa jafngilda menntun til starfsins. Annars staðar skipar ráðherra einn af starfandi heilsugæslulæknum héraðsins sem héraðslækni til fjögurra ára í senn.

6.3. Ráðherra skipar héraðshjúkrunarfræðing í Reykjavík, í Norðurlandshéraði eystra og Reykjaneshéraði til fjögurra ára í senn. Annars staðar er ráðherra heimilt að skipa einn af starfandi heilsugæsluhjúkrunarfræðingum héraðsins sem héraðshjúkrunarfræðing til fjögurra ára í senn.

4. gr.

7. gr. 2. og 3. tl. orðist svo:

7.2. Heilbrigðismálaráð skal skipað héraðslækni, héraðshjúkrunarfræðingi og formönnum stjórna heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa í héraðinu. Ráðherra skipar formann til fjögurra ára í senn.

7.3. Verkefni heilbrigðismálaráðs eru:

1. Stjórn heilbrigðismála í héraði í umboði heilbrigðisráðuneytis og landlæknis.
2. Gerð tillagna og áætlana um framgang og forgang verkefna á sviði heilbrigðismála í héraði.
3. Skipulagning á starfi heilbrigðisstofnana í héraði og rekstri eftir því sem heilbrigðisráðuneytið ákveður.

5. gr.

8. gr. 3. og 4. tl. orðist svo:

8.3. Ráðherra setur héraðslæknum erindisbréf að fengnum tillögum landlæknis og skal héraðslæknum í Reykjavík, Norðurlandi eystra og Reykjanesi sett sérstakt erindisbréf.

8.4. Héraðshjúkrunarfræðingur starfar með héraðslækni og skal vera ráðgefandi um og fylgjast með hjúkrun í héraðinu, aðstoða við skipulagningu og samræmingu hjúkrunarstarfs í héraðinu og við ráðningar hjúkrunarfræðinga og annars hjúkrunarfólks á heilsugæslustöðvum. Ráðherra setur héraðshjúkrunarfræðingum erindisbréf að fengnum tillögum hjúkrunarráðs skv. 31. gr. og landlæknis.

6. gr.

9. gr. orðist svo:

9.1. Launa- og ferðakostnaður vegna starfa manna í heilbrigðismálaráðum greiðist af viðkomandi heilbrigðisstofnun. Annar kostnaður vegna starfa heilbrigðismálaráða greiðist úr ríkissjóði.

9.2. Kostnaður vegna starfa héraðslæknis og héraðshjúkrunarfræðings, þ.m.t. kostnaður vegna starfsliðs og aðstöðu, greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

10. gr. falli niður.

8. gr.

12. gr. 1. tl. orðist svo:

12.1. Starfrækja skal heilsugæslustöðvar til þess að annast heilsugæslu samkvæmt lögum þessum.

9. gr.

13. gr. 1. tl. orðist svo:

13.1. Heilsugæslustöðvar skulu vera með þrennu móti:
Heilsugæslustöð 2 (H2), þar sem starfa tveir læknar hið minnsta ásamt hjúkrunarfræðingum og öðru starfsfólki samkvæmt reglugerð. Heilsugæslustöð 1 (H1), þar sem starfar einn læknir hið minnsta, ásamt hjúkrunarfræðingi og öðru starfsfólki samkvæmt reglugerð. Heilsugæslustöð H, þar sem starfar hjúkrunarfræðingur og annað starfslið samkvæmt reglugerð og læknir hefur reglulega móttöku sjúklinga. Heimilt er að ráða lækni til starfa við H2 og H1 stöðvar hluta úr ári þar sem sérstakar ástæður mæla með. Einnig er heimilt að ákveða að læknir hafi aðsetur á H stöð, varanlega eða um tiltekinn tíma, mæli sérstakar ástæður með. Heilsugæslustöð H skal stjórnunarlega heyra undir næstu H1 eða H2 stöð.

10. gr.

14. gr. 2. tl. orðist svo:

14.2. Í Reykjavík skulu starfræktar 13 heilsugæslustöðvar sem hér segir:

1. Vesturbæjarhverfi H2, starfssvæði Sóleyjargata, Fríkirkjuvegur og Lækjargata að austan og Hringbraut til sjávar að sunnan.
2. Miðbæjarhverfi H2, starfssvæði Sóleyjargata, Fríkirkjuvegur og Lækjargata að vestan, flugvöllur að sunnan og Snorrabraut að austan.
3. Norðurmýrar- og Túnahverfi H2, starfssvæði Snorrabraut að vestan, Miklabraut að sunnan og Kringlumýrarbraut að austan.
4. Hlíðahverfi H2, starfssvæði flugvallarsvæði að vestan, Miklabraut að norðan og Kringlumýrarbraut að austan.
5. Laugarneshverfi H2, starfssvæði Kringlumýrarbraut að vestan, Miklabraut að sunnan, Álftavegur, Sunnuvegur, Laugarásvegur og Dalbraut að austan.
6. Gerðahverfi H2, starfssvæði Kringlumýrarbraut að vestan, Bústaðavegur að sunnan og Elliðaár að austan.
7. Fossvogshverfi H2, starfssvæði Kringlumýrarbraut að vestan, Bústaðavegur að norðan, Breiðsholtsbraut að austan og Kópavogur að sunnan.
8. Voga- og Heimahverfi H2, starfssvæði Holtavegur, Sunnuvegur, Laugarásvegur og Dalbraut að vestan, Elliðaár að austan og Miklabraut að sunnan.
9. Árbæjarhverfi H2, starfssvæði Grafarvogur að norðan, Elliðaár að vestan og sunnan og Lækjarbotnar að austan.
10. Breiðholtshverfi I H2, starfssvæði Elliðaár að norðan, Arnarbakki að austan, Reykjanesbraut að vestan og Breiðholtsbraut að sunnan.
11. Breiðholtshverfi II H2, starfssvæði landamerki Reykjavíkur og Kópavogs að vestan og sunnan og Breiðholtsbraut að norðan og austan.
12. Breiðholtshverfi III H2, starfssvæði Elliðaár að norðan og austan, Arnarbakki og Höfðabakki að vestan og Breiðholtsbraut að sunnan.
13. Grafarvogshverfi H2, starfssvæði Grafarvogur að sunnan, landamerki Reykjavíkur og Mosfellsbæjar að austan.

Starfssvæði heilsugæslustöðvar á Seltjarnarnesi nær frá Hringbraut að norðan að flugvelli að austan.

Ráðherra er heimilt að breyta skipan heilsugæslustöðva í Reykjavík með reglugerð að fengnum tillögum stjórnar heilsugæslustöðva í Reykjavík og héraðslæknis. Tekur það til fjölda stöðva og breytinga á starfssvæðum.

11. gr.

14. gr. 7. tl. 2.4. orðist svo:

Norðfjarðarumdæmi.

4. Fáskrúðsfjörður H2, starfssvæði Fáskrúðsfjarðarhreppur að undantekinni suðurbyggð Reyðarfjarðar, Búðahreppur og Stöðvarhreppur.

12. gr.

14. gr. 8. tl. 3.6. orðist svo:

6. Hveragerði H1, starfssvæði Ölfushreppur austan Hjalla og Hveragerðiskaupstaður.

13. gr.

14. gr. 9. tl. 1.2. orðist svo:

2. Grindavík H2, starfssvæði Grindavíkurkaupsstaður.

14. gr.

14. gr. 9. tl. 5.1. orðist svo:

1. Seltjarnarnes H2, starfssvæði Seltjarnarneskaupstaður og það svæði innan Reykjavíkurlæknishéraðs er markast af Hringbraut að norðan og flugvelli að austan.

15. gr.

17. gr. falli niður.

16. gr.

20. gr. 2. tl. orðist svo:

20.2. Ráðherra setur gjaldskrá fyrir veitta þjónustu heilsugæslustöðva og skal hún vera í samræmi við hliðstæðar gjaldskrár samkvæmt lögum um almannatryggingar.

17. gr.

21. gr. 2. tl. orðist svo:

21.2. Þegar heilsugæslustöð er í starfstengslum við sjúkrahús fer stjórn, sbr. 30. gr., með stjórn allrar stofnunarinnar. Læknaráð og starfsmannaráð skulu vera sameiginleg fyrir alla stofnunina. Séu fleiri en ein stöð í sama sveitarfélagi skulu þær vera undir einni sameiginlegri stjórn. Í Reykjavík fer fimm manna stjórn með stjórn heilsugæslustöðva. Einn skal skipaður af ráðherra með búsetu í Reykjavík og skal hann vera formaður. Þrír skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu borgarstjórnar og einn samkvæmt tilnefningu starfsmanna heilsugæslustöðvanna. Ráðherra setur reglugerð um kjör fulltrúa starfsmanna. Í Reykjavík skal ráðinn framkvæmdastjóri heilsugæslustöðva sem hefur sömu skyldur og framkvæmdastjórar sjúkrahúsa skv. 29. gr. og fer um mat á hæfni hans skv. 30. gr.

18. gr.

22. gr. orðist svo:

22.1. Stjórnir heilsugæslustöðva ráða starfslið stöðvanna og fer um laun þeirra samkvæmt kjarasamningum við opinbera starfsmenn.

19. gr.

23. gr. 1. tl. orðist svo:

23.1. Sjúkrahús eru í lögum þessum hver sú stofnun sem ætluð er sjúku fólki til vistunar og þar sem læknishjálp, hjúkrun og allur aðbúnaður er í samræmi við það sem þessi lög og reglugerðir þar að lútandi krefjast.

20. gr.

24. gr. 1. tl. orðist svo:

24.1. Sjúkrahús skiptast í eftirfarandi flokka eftir tegund og þjónustu:

1. Svæðissjúkrahús. Sjúkrahús, sem eitt sér eða í samvinnu við önnur, veitir sérfræðiþjónustu í öllum eða flestum greinum læknisfræðinnar sem viðurkenndar eru hérlendis og hefur aðgang að stoðdeildum og rannsóknadeildum til þess að annast þetta hlutverk.
2. Deildasjúkrahús. Sjúkrahús sem veitir sérhæfða meðferð í helstu greinum lyflæknisfræði og skurðlæknisfræði og nýtur þjónustu stoðdeilda til þess að rækja það starf, svo sem röntgendeilda, svæfingadeilda, rannsóknadeilda og endurhæfingardeilda.
3. Almenn sjúkrahús. Sjúkrahúsið tekur við sjúklingum til rannsókna og meðferðar og hefur einnig aðstöðu til vistunar langlegusjúklinga. Sjúkrahús sem hefur á að skipa sérfræðingum í handlæknisfræði, lyflæknisfræði eða heimilislækningum.
4. Hjúkrunarheimili. Vistheimili fyrir sjúklinga sem búið er að sjúkdómsgreina, en þarfnast langvarandi vistunar og meðferðar sem hægt er að veita utan almennra og sérhæfðra sjúkrahúsa.
5. Endurhæfingarstofnanir. Stofnanir fyrir sjúklinga sem búið er að sjúkdómsgreina, en þarfnast endurhæfingar í lengri eða skemmri tíma.
6. Sjúkrasambýli. Stofnanir sem taka til vistunar sjúklinga með langvarandi sjúkdóma.
7. Vinnu- og dvalarheimili. Stofnanir sem taka til dvalar og starfs geðsjúklinga og áfengis- og fíkniefnasjúklinga.
8. Sjúkraheimili. Dvalarstaður sjúklinga sem eru til rannsóknar eða meðferðar á heilbrigðisstofnun og geta eigi dvalist í heimahúsum.

21. gr.

Síðasti málsliður 24. gr. 2. tl. falli niður.

22. gr.

30. gr. 2. tl. orðist svo:

30.2. Öðrum sjúkrahúsum skal stjórnað af fimm manna stjórnum sem ráðherra skipar. Starfsmannaráð sjúkrahúsa tilnefna einn mann, hlutaðeigandi sveitarstjórn eða stjórnir þrjá og ráðherra einn sem skal búsettur á starfssvæði sjúkrahússins og skal hann vera formaður. Þegar um einkasjúkrahús er að ræða eða sjálfseignarstofnun kýs starfsmannaráð einn fulltrúa, eigendur kjósa þrjá og ráðherra tilnefnir einn. Stjórnir einkasjúkrahúsa skipta með sér verkum. Kjörtímabil stjórna sjúkrahúsa skal vera hið sama og sveitarstjórna.

23. gr.

Við 30. gr. bætis nýr tl. er verði 6. tl. og orðist svo:

30.6. Stjórnir sjúkrahúsa ráða starfslið sjúkrahúsanna og fer um laun þeirra samkvæmt kjarasamningum við opinbera starfsmenn.

24. gr.

34. gr. 2. tl. orðist svo:

34.2. Sveitarfélögum er skylt að taka þátt í framkvæmdum í samræmi við ákvörðun Alþingis um fjárveitingar á hverjum tíma.

25. gr.

35. gr. falli niður.

26. gr.

39. gr. orðist svo:

39.1. Ferðalög starfsfólks, sem um ræðir í lögum þessum, skulu vera því að kostnaðarlausu séu þau starfsins vegna í samræmi við reglur um greiðslu kostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins eins og þær eru á hverjum tíma.

39.2. Um bifreiðanotkun starfsmanna heilbrigðisþjónustunnar gilda reglur um bifreiðamál ríkisins eins og þær eru á hverjum tíma, eftir því sem við getur átt.

27. gr.

40. gr. orðist svo:

40.1. Rísi ágreiningur um valdsvið sérmenntaðs starfsliðs á heilbrigðisstofnunum sker stjórn úr. Ræður þar einfaldur meiri hluti atkvæða. Stjórn skal úrskurða um mál innan tveggja vikna frá því henni berst málið. Heimilt er að áfrýja úrskurði stjórnar til ráðherra. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmdina.

28. gr.

41. gr. orðist svo:

41.1. Hlutverk læknishéraðasjóðs samkvæmt lögum nr. 82/1970 skal vera að bæta heilbrigðisþjónustu í strjálbýli með þeim ráðum sem tiltæk eru hverju sinni. Ráðherra veitir lán og styrki úr sjóðnum að fengnum tillögum landlæknis og héraðslækna.

41.2. Árlega skal leggja sjóðnum til fé á fjárlögum.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990. Þegar lögin hafa hlotið staðfestingu skal fella þau inn í meginmál laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Heilsuverndarstarf í Reykjavík samkvæmt lögum nr. 44/1955, sbr. lög nr. 28/1957, skal haldast óbreytt frá því sem er við gildistöku laganna þar til heilsugæslustöðvar hafa verið skipulagðar til þess að annast það, en þó ekki lengur en til ársloka 1990.
2. Ráðherra skipar frá 1. janúar 1990 sérstaka þriggja manna stjórn Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík. Formaður skal skipaður án tilnefningar, einn skal skipaður skv. tillögu Reykjavíkurborgar og einn samkvæmt tillögu tryggingaráðs. Hlutverk stjórnar er að annast í umboði ráðuneytisins rekstur Heilsuverndarstöðvarinnar og í samráði við héraðslækni að gera tillögur um framtíðarhlutverk stöðvarinnar í tengslum við heilsugæslustarf í Reykjavík, en skipulag þess efnis skal liggja fyrir eigi síðar en 1. október 1990 þannig að það geti komið til framkvæmdar frá 1. janúar 1991 er lög um heilsuverndarstarf nr. 44/1955, sbr. lög nr. 28/1957, falla úr gildi, sbr. 1. tl.
3. Stjórn heilsugæslustöðva í Reykjavík og stjórnir sjúkrahúsa sveitarfélaga, þ.m.t. sjúkrahúsa í starfstengslum við heilsugæslustöðvar, skulu kosnar eftir næstu reglulegar sveitarstjórnarkosningar en fram að þeim tíma skulu þær vera óbreyttar. Tilflutningur starfsmanna heilsugæslustöðva í Reykjavík, heilsugæslustöðva í starfstengslum við sjúkrahús og sjúkrahúsa sveitarfélaga fer fram þegar nýjar stjórnir hafa tekið við og skal lokið fyrir árslok 1990. Um réttindi starfsmanna heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa, sem starfa á vegum sveitarfélaganna sem flytjast yfir til ríkisins samkvæmt lögum þessum, fer samkvæmt lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
4. Ráðherra setur fyrir árslok 1990 reglugerð skv. 27. gr. laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 87 31. maí 1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, öðlast gildi, frá og með nk. áramótum, veigamiklar breytingar á rekstri heilbrigðisþjónustunnar í landinu samkvæmt lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum. Samkvæmt III. kafla laga nr. 87/1989 tekur ríkissjóður að sér rekstur heilsugæslunnar og mun samkvæmt því standa undir öllum kostnaði við rekstur heilsugæslustöðva. Samkvæmt núgildandi lögum greiðir ríkissjóður aðeins laun lækna, hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra og sjúkraþjálfara, en sveitarfélögin greiða annan launakostnað, svo og allan annan rekstrarkostnað. Þrátt fyrir það að rekstur heilsugæslunnar sé frá og með nk. áramótum falinn ríkissjóði tókst ekki að breyta heilbrigðisþjónustulögunum á þann hátt sem æskilegt hefði verið og kom reyndar fram í umræðum á Alþingi á sl. vori, þegar fjallað var um frumvarp til laga um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, að unnið yrði að frekari breytingum sem lagðar yrðu fram á haustþingi. Einu breytingarnar, sem náðu fram að ganga á lögum um heilbrigðisþjónustu varðandi heilsugæsluna og afskipti ríkisins af henni, voru að ráðherra er ætlað að skipa stjórnir sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðva, þar af formann án tilnefningar. Ekki var tekin afstaða til stjórna heilsugæslustöðva í Reykjavík sem eðli máls samkvæmt hlýtur að vera með öðrum hætti en annars staðar í landinu þar sem um er að ræða yfir tug heilsugæslustöðva og ekki var tekin afstaða til stjórna heilsugæslustöðva sem eru í starfstengslum við sjúkrahús, en með stjórn þeirra fara sjúkrahússtjórnir en í þeim á ríkið enga fulltrúa.

Það hefur lengi verið skoðun ráðuneytisins að nauðsynlegt sé að fjárhagsleg og rekstrarleg ábyrgð fari saman innan heilbrigðiskerfisins en því hefur ekki verið til að dreifa til þessa. Með þeim breytingum, sem gerðar voru á verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, er fyllsta ástæða til að kippa þessum málum á klakk í eitt skipti fyrir öll, þar sem heilsugæslan verður algjörlega verkefni ríkisins. Samkvæmt ofanrituðu þarf að breyta heilbrigðisþjónustulögum þannig að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið skipi stjórnir ekki aðeins sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðva heldur og heilsugæslustöðva í starfstengslum við sjúkrahús og stjórn heilsugæslustöðva í Reykjavík. Um þetta virðist enginn ágreiningur eftir því sem ráðuneytið veit best.

Þrátt fyrir þær breytingar, sem gerðar hafa verið á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og að framan er greint frá varðandi heilsugæsluna, öðlast ríkið aðeins aðild að stjórnum sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðva en ekki annarra. Þess vegna hefur verið ákveðið að frá og með nk. áramótum færist aðeins yfir til ríkisins það starfsfólk sem starfar á sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðvum en ekki það starfsfólk sem starfar á heilsugæslustöðvum í Reykjavík og heilsugæslustöðvum í starfstengslum við sjúkrahús. Er unnið að yfirfærslu starfsfólks sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðva, en ákveðið hefur verið að bíða með tilfærslu starfsfólks heilsugæslustöðva í Reykjavík og starfsfólks heilsugæslustöðva í starfstengslum við sjúkrahús. Ráðuneytið telur að ganga verði þannig frá málum áður en það verður gert að ekki fari milli mála hvert stjórnarfyrirkomulag þar eigi að vera og að það skuli gert í samræmi við það sem þegar hefur verið ákveðið á þeim stöðvum sem starfa sjálfstætt.

Auk þeirra breytinga, sem verða á lögum um heilbrigðisþjónustu varðandi rekstur heilsugæslustöðvanna, verða við næstu áramót breytingar á rekstri sjúkrahúsa á vegum sveitarfélaganna, sjálfseignarstofnana og einstaklinga, sbr. nánar IV. kafla laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Samkvæmt því verða sjúkrasamlög lögð niður frá og með nk. áramótum og verða sjúkratryggingar eftir það eingöngu reknar á vegum sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins. Á þann hátt taka sjúkratryggingar, sem reknar eru á vegum ríkisins, algjörlega yfir greiðsluhluta sveitarfélaganna í rekstri þessara sjúkrahúsa þannig að í stað 85% kemur ríkið til með að standa undir öllum kostnaði. Stjórnir

sjúkrahúsa sveitarfélaganna eru þannig skipaðar í dag að eigendur, sveitarfélögin, eiga þrjá fulltrúa og starfsmenn tvo. Stjórnir einkasjúkrahúsa og sjálfseignarstofnana eru þannig skipaðar, að eigendur eiga þrjá fulltrúa, starfsmenn einn og hlutaðeigandi sveitarfélög einn. Með því að koma þessum rekstri algjörlega yfir á ríkið liggur ljóst fyrir að ríkið verður að fá aðild að stjórnum þessara stofnana með einum eða öðrum hætti á sama hátt og gildir um heilsugæsluna þannig að fari saman rekstrarleg og fjárhagsleg ábyrgð. Það er því skoðun ráðuneytisins að stjórnir sjúkrahúsa sveitarfélaga, sem frá og með nk. áramótum verða reknar eingöngu á kostnað ríkisins, eigi að vera með sama sniði og stjórnir heilsugæslustöðva þannig að ráðherra skipi stjórnirnar, þar af formann án tilnefningar. Viðkomandi sveitarfélög mundu áfram halda meiri hluta í stjórnunum og starfsmenn halda einum fulltrúa. Hvað snertir stjórnir sjálfseignarstofnana og einkasjúkrahúsa er ráðuneytið þeirrar skoðunar að fulltrúi ríkisvaldsins eigi að koma í stað fulltrúa hlutaðeigandi sveitarfélaga sem frá og með nk. áramótum hafa ekkert með reksturinn að gera og bera engar fjárhagslegar skuldbindingar gagnvart rekstrinum fremur en gagnvart rekstri annarrar heilbrigðisþjónustu í landinu eins og hún er skilgreind í lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

Auk ofanritaðs kallar ný verkaskipting ríkis og sveitarfélaga á nokkrar áherslubreytingar og leiðréttingar á lögum um heilbrigðisþjónustu og má sem dæmi nefna að taka verður skýra afstöðu til starfsemi héraðslækna, ekki síst í stærstu læknishéruðunum eins og í Reykjavík, Norðurlandi eystra og Reykjanesi. Gera verður heilbrigðismálaráð héraðanna starfsamari. Taka verður afstöðu til starfsrækslu heilsugæslustöðva í Reykjavík, en lögin hafa ekki að fullu öðlast gildi þar hvað snertir framgang heilsugæslu þótt 15 ár séu liðin frá gildistöku þeirra. Lagt er til að ráðherra skipi héraðshjúkrunarfræðinga í Reykjavík, Norðurlandshéraði eystra og í Reykjaneshéraði á sama hátt og héraðslækna. Enn fremur að ráðherra sé heimilt að skipa einn af heilsugæsluhjúkrunarfræðingum í viðkomandi læknishéraði sem héraðshjúkrunarfræðing til fjögurra ára. Lagt er til að hlutverk héraðshjúkrunarfræðinga verði að fylgjast með hjúkrun og að samræma og skipuleggja hjúkrunarstarf í héraðinu í samvinnu við héraðslækni. Í lögum um heilbrigðisþjónustu er gerður greinarmunur annars vegar á lækningum og hins vegar á hjúkrun og þar með gert ráð fyrir ábyrgð lækna á lækningum, sbr. nánar læknalög, nr. 53/1988, og hjúkrunarfræðinga á hjúkrun, sbr. nánar hjúkrunarlög, nr. 8/1974. Frá því lög voru fyrst sett um heilbrigðisþjónustu árið 1973 hefur hjúkrun og starfsemi hjúkrunarfræðinga farið ört vaxandi á heilsugæslustöðvum og eru hjúkrunarfræðingar í starfi við heilsugæsluna töluvert fleiri en læknar í dag. Er því fyllsta ástæða til að tekið verði með sama hætti á hjúkrunarþættinum í héruðum landsins og á lækningum og er því lagt til að þar sem héraðslæknar starfa í fullu starfi sem embættislæknar skuli jafnframt starfa héraðshjúkrunarfræðingar og að heimilt skuli að skipa starfandi heilsugæsluhjúkrunarfræðinga annars staðar sem héraðshjúkrunarfræðinga en tíminn verður að leiða í ljós hvernig það heimildarákvæði verður notað. Skipulagning hjúkrunar úti í héraði og yfirstjórn á þeim málum í sjálfu héraðinu er ekki síst mikilvæg þegar litið er til þess að ætlunin er að færa út úr ráðuneytinu allar ráðningar hjúkrunarfræðinga. Enn fremur liggur ljóst fyrir samkvæmt þeirri stefnu sem mótuð hefur verið að svokölluð öldrunarhjúkrun á eftir að aukast ef ætlunin er að gera öldruðu fólki kleift að búa sem lengst á eigin heimilum. Hvoru tveggja krefst skipulagningar og eftirlits í læknishéraðinu sjálfu.

Auk ofanritaðs þarf að lagfæra nokkur atriði laganna með hliðsjón af fenginni reynslu frá því lögunum var síðast breytt við heildarendurskoðun þeirra árið 1983.

Þrátt fyrir það, að verið sé að færa fjárhagslegan rekstur allrar heilbrigðisþjónustunnar, jafnt heilsugæslu sem og sjúkraþjónustu, yfir til ríkisins og að fullu á kostnað ríkisins, telur ráðuneytið ástæðulaust að efla miðstýringu þjónustunnar. Ráðuneytið er þeirrar skoðunar að þessum málum verði best sinnt af hlutaðeigandi aðilum sem eru stjórnir viðkomandi stofnana og vill með breytingum á heilbrigðisþjónustulögunum treysta afskiptarétt þeirra sem falið er

að annast reksturinn út í héraði, m.a. með því að stjórnirnar taki yfir allar mannaráðningar og annist fjárreiður, bókhald og reikningsskil í samræmi við gildandi reglur. Með þessu yrðu færð úr ráðuneytinu ákveðin störf sem þar hafa verið unnin allt frá því ráðuneytið tók til starfa sem sjálfstætt ráðuneyti árið 1970 og hlutverk ráðuneytisins yrði í ríkari mæli fólgið í leiðbeiningum, ýmiss konar ráðgjöf og fræðslu, eftirliti með rekstrinum og að úrskurða um framkvæmdina. Frumvarp það, sem hér liggur frammi um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, er því fyrst og fremst lagt fram til þess að auðvelda og samræma alla stjórnun á sviði heilbrigðisþjónustunnar, með það að markmiði að sú þjónustuskylda, sem lögð er á ríkið í lögunum, gangi fyrir sig á sem snurðulausastan hátt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt gildandi lögum ber landlækni að skipuleggja skýrslugerð lækna og heilbrigðisstofnana og innheimta þær í samvinnu við deildir ráðuneytisins. Ráðuneytið telur eðlilegt að í stað þess að landlæknir annist útgáfu heilbrigðisskýrslna í samvinnu við deildir ráðuneytisins verði ráðuneytinu og landlækni falið að annast útgáfuna þannig að ráðuneytinu verði sem yfirstjórnanda heilbrigðismála í landinu falin ábyrgð á útgáfunni ekki síður en landlækni og að skýrslugerðin taki til heilbrigðisstarfsfólks en ekki aðeins lækna.

Um 2. gr.

Samkvæmt lögunum er landlækni skylt að sinna kvörtunum eða kærum er varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustunnar. Enn fremur er heimilt að vísa ágreiningsmálum til sérstakrar nefndar sem starfar samkvæmt lögunum. Samkvæmt lögunum hvílir engin skylda á þessum aðilum að gera ráðherra grein fyrir þeim málum sem borist hafa og telur ráðuneytið eðlilegt að þeim beri sú skylda, en hún hefur reyndar verið lögð á „ágreiningsnefndina“ með starfsreglum nr. 150/1985. Telur ráðuneytið eðlilegt að lögfesta þessi atriði, enda í fyllsta máta eðlilegt að þessum aðilum, er heyra undir ráðuneytið, beri að gera því grein fyrir þessum málum.

Um 3. gr.

Samkvæmt gildandi fyrirkomulagi er læknishéruðunum í megindráttum skipt niður með sama hætti og kjördæmum landsins. Í lögunum er að finna ákvæði um það að ráðherra skipi einn af starfandi heilsugæslulæknum héraðsins sem héraðslækni til fjögurra ára í senn og að í Reykjavík skuli borgarlæknir sinna þessum störfum. Borgarlæknir í Reykjavík og héraðslæknirinn í Norðurlandshéraði eystra hafa nokkra sérstöðu í þessum málum. Þannig hafa málin þróast að borgarlæknir sinnir næsta eingöngu embættislækningum og langstærsti hluti í starfi héraðslæknis Norðurlandshéraðs eystra eru héraðslæknisstörf. Borgarlæknir starfar á vegum Reykjavíkurborgar, fyrst og fremst, og á kostnað Reykjavíkurborgar. Gildir þetta jafnt um þau mál sem hann vinnur á vegum Reykjavíkurborgar og sem héraðslæknir því að laun borgarlæknis sem héraðslæknis eru óveruleg samkvæmt samningum eða sem nemur 20 yfirvinnustundum á mánuði. Ráðuneytið telur að eðlilegt sé að skipaðir verði sérstakir héraðslæknar fyrir Reykjavík og Norðurlandshérað eystra vegna umfangs starfans og að þannig verði héraðslæknirinn í Reykjavík ríkisstarfsmaður með sama hætti og aðrir héraðslæknar. Gæti komið tvennt til, annaðhvort yrði borgarlæknisembættið í Reykjavík lagt niður eða því skipað með öðrum hætti og þá eingöngu á vegum Reykjavíkurborgar og án nokkurrar stoðar í lögum um heilbrigðisþjónustu. Ráðuneytið telur brýnt að þetta nái fram að ganga ekki síst þar sem fyrirsjáanlegt er að allt eftirlit á vegum ríkisins með heilbrigðisþjónustunni mun aukast frá og með nk. áramótum þar sem m.a. er ætlunin að flytja mörg af þeim verkefnum sem þegar eru unnin í ráðuneytinu yfir í sjálf héruðin eins og áður segir í athugasemdum við

lagafrumvarp þetta. Utan Reykjavíkur, Norðurlandshéraðs eystra og Reykjaness telur ráðuneytið ekki ástæðu til breytinga.

Gerðar eru þær kröfur til héraðslæknis í Reykjavík í Norðurlandshéraði eystra og á Reykjanesi að þeir uppfylli sömu kröfur og gerðar eru til landlæknis, að hann sé sérmenntaður embættislæknir eða hafi jafngilda menntun til starfsins. Þetta er eðlileg krafa ekki síst þar sem embættislækningar eru viðurkenndar sem sérgrein samkvæmt læknalögum, sbr. nú lög nr. 53/1988 og reglugerð nr. 311/1986, um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa.

Lagt er til að við 6. gr. laganna komi nýr töluliður er verði 3. tl. og fjalli um skipun héraðshjúkrunarfræðinga í Reykjavík, Norðurlandshéraði eystra og í Reykjaneshéraði. Enn fremur að ráðherra sé heimilt að skipa einn af starfandi heilsugæsluhjúkrunarfræðingum í læknishéraðinu sem héraðshjúkrunarfræðing til fjögurra ára. Varðandi frekari skýringar á þessu nýmæli vísast til athugasemda við lagafrumvarp þetta hér á undan.

Um 4. gr.

Lagðar eru til þær breytingar á skipan heilbrigðismálaráða að fulltrúar heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa í ráðinu skuli vera formenn stjórna þessara stofnana. Þetta er gert vegna þess að heilbrigðismálaráðin hafa verið misjafnlega starfssöm og skilvirk. Með því að koma þessari ábyrgð á formennina og gera að embættisskyldu þeirra að sitja í heilbrigðismálaráðum telur ráðuneytið að heilbrigðismálaráðin geti betur unnið þau verkefni sem þeim eru falin samkvæmt lögunum. Enn fremur skulu héraðshjúkrunarfræðingar eiga sæti í ráðinu og formenn skulu skipaðir úr hópi ráðsmanna í stað þess að binda formennsku við héraðslækni.

Til greina hefði komið að fella niður ákvæðin um heilbrigðismálaráð og taka upp aðra skipan. Ráðuneytið er hins vegar þeirrar skoðunar að heilbrigðismálaráðin hafi verulega þýðingu nái þau að vinna að þeim verkefnum sem þeim eru falin og að ekki sé fullreynt enn. Ráðuneytið telur enn fremur að með því að fela formönnum stjórna viðkomandi stofnana setu í heilbrigðismálaráðum séu líkur á að verkefninu verði betur sinnt.

Um 5. gr.

Sú breyting, sem hér er lögð til, tengist 3. gr. frumvarpsins varðandi skipun sérstakra héraðslækna í Reykjavík og Norðurlandi eystra. Með því að skipa þar sérstaka embættislækna, sem í reynd önnuðust eingöngu embættislækningar, telur ráðuneytið nauðsynlegt að sú skylda hvíli á ráðuneytinu að setja þeim sérstök erindisbréf, enda ljóst að verkefni þeirra verða ekki alveg hin sömu og annarra héraðslækna. Eigi að síður hvílir sama skylda á ráðuneytinu að setja öðrum héraðslæknum erindisbréf og verið hefur.

Hlutverk héraðshjúkrunarfræðinga er skýrt í 2. tl. 5. gr. og vísast til þess sem fram kemur í athugasemdum hér á undan.

Um 6. gr.

Með breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er eðlilegt að viðkomandi stofnunum verði falið að standa undir launa- og ferðakostnaði vegna starfa manna í heilbrigðismálaráðum í stað sveitarfélaganna. Enn fremur er lagt til að ekki fari milli mála hvaða kostnað ríkissjóði beri að greiða vegna starfa hérðslækna og héraðshjúkrunarfræðinga og hann taki m.a. til greiðslu vegna starfsliðs.

Lagt er til að 3. tl. 9. gr. gildandi laga verði felldur niður en þar er ráðherra gert að setja reglugerð, að fengnu áliti landlæknis og viðkomandi heilbrigðismálaráðs, um starfsaðstöðu héraðslækna og starfsliðs. Ráðuneytið telur þetta ákvæði óþarft og þess eðlis að ekki þurfi til annað en stjórnvaldsákvörðun og fjárveitingar hverju sinni.

Um 7. gr.

Lagt er til að felld verði niður 10. gr. gildandi laga þar sem kveðið er á um að um laun heilsugæslulækna, sem jafnframt eru héraðslæknar, fari samkvæmt launasamningi fjármálaráðuneytis og Læknafélags Íslands á hverjum tíma. Það er skoðun ráðuneytisins að ákvæði sem þetta eigi alls ekki heima í lögum um heilbrigðisþjónustu þar sem um kjaramál fari samkvæmt lögum um kjaramál. Heilbrigðisþjónustulöggjöf er ætlað að fjalla um þjónustuna og skyldur hins opinbera, starfslið, hæfni þess o.s.frv., en ekki um launamál.

Um 8. gr.

Hér er eingöngu um orðalagsbreytingu að ræða sem ekki þarfnast skýringar.

Um 9. gr.

Þar sem lagt er til að 17. gr. laganna verði felld niður og lögð er til breyting á 22. gr. laganna varðandi ráðningu starfsfólks er nauðsynlegt að breyta 13. gr. laganna þannig að ekki fari milli mála að hjúkrunarfræðingar eigi ásamt læknum að starfa við heilsugæslustöðvar auk annars starfsliðs. Að öðru leyti er ekki um efnisbreytingar að ræða.

Um 10. gr.

Eins og fram kemur í athugasemdum við lagafrumvarp þetta hér að framan hefur ekki enn tekist að koma á heilsugæslu samkvæmt gildandi lögum í Reykjavík nema að nokkru leyti, þrátt fyrir það að lögin hafi verið í gildi í 15 ár. Helgast þetta af því að áhersla hefur verið lögð á uppbyggingu heilsugæslunnar úti á landi og að nokkur ágreiningur hefur verið um hvort kerfi heilsugæslu eigi við í Reykjavík með sama hætti og úti á landi. Með því að ríkið tekur yfir starfrækslu heilsugæslustöðva að öllu leyti frá og með nk. áramótum telur ráðuneytið nauðsynlegt að kveðið verði á um starfrækslu heilsugæslustöðva í Reykjavíkurlæknishéraði í lögunum svo að ekki fari milli mála hvernig þeim málum skuli háttað. Það liggur ljóst fyrir að eldra kerfi heimilislækninga og heilsuverndar í Reykjavík hefur staðið í vegi fyrir nýju skipulagi heilsugæslu samkvæmt lögunum ekki síst hverfaskiptingu heilsugæslunnar. Á vegum Reykjavíkurborgar hefur verið unnið að þessu máli og fór sú vinna aðallega fram á árunum 1979–1983 en á þeim árum samþykkti borgarstjórn í þrígang samhljóða að óska eftir breytingum við ríkið en ekki gat orðið af þeim, m.a. vegna ýmissa árekstra sem upp komu við þá starfsemi, sem þegar var fyrir hendi. Hafa því í reynd verið rekin fjögur kerfi í Reykjavík sem eru kerfi heilsugæslu samkvæmt gildandi lögum á nokkrum stöðum, heimilislækningar samkvæmt samningum við Tryggingastofnun ríkisins, Heilsugæslan Álftamýri og síðan hefur Heilsuverndarstöðin í Reykjavík annast ákveðna þætti heilsuverndar í samræmi við lög nr. 44/1955, með breytingu nr. 28/1957, sbr. nánar ákvæði til bráðabirgða. Hverfaskipting sú, sem lögð er til í 10. gr., er í samræmi við þær tillögur sem þegar hafa verið samþykktar á vegum borgarinnar, en ekki hafa komist til framkvæmdar enn þá. Það er skoðun ráðuneytisins að eigi kerfi heilsugæslu að komast á í Reykjavík samkvæmt gildandi lögum beri að taka ákvörðun um það í sjálfum lögunum og telur ráðuneytið það skyldu ríkisins að gera svo þar sem heilsugæsla verður frá og með nk. áramótum algjörlega rekin á vegum ríkisins.

Rétt er að vekja athygli á því að í lögunum er gert ráð fyrir því að Heilsugæslustöðin á Seltjarnarnesi nái yfir hluta Reykjavíkurlæknishéraðs og er það í samræmi við samkomulag milli Seltjarnarneskaupstaðar og Reykjavíkurborgar sem gert var fyrir nokkrum árum þegar Heilsugæslustöðin á Seltjarnarnesi tók til starfa og er með þessu verið að lögfesta þá skipan.

Um 11. gr.

Á yfirstandandi ári var samþykkt ein staða heilsugæslulæknis á Austfjörðum án þess að afstaða væri tekin til þess hvar læknirinn skyldi sitja. Hefur staðan verið nýtt á Austfjörðum

það sem af er árinu. Ráðuneytið telur hins vegar nauðsynlegt að kveðið verði upp úr um það hvar viðkomandi staða skuli setin og leggur til með hliðsjón af skipan mála á Austurlandi að stöðinni á Fáskrúðsfirði verði breytt úr H1 í H2 stöð þannig að þar starfi tveir læknar í stað eins. Ráðuneytið telur þetta eðlilegri lausn en að fjölga læknum á öðrum stöðum eða að gera eina H stöð að H1 stöð. Auk þess muni seta tveggja lækna á Fáskrúðsfirði auðvelda mönnun heilsugæslunnar á Austurlandi.

Um 12. gr.

Lagt er til að Hveragerði verði H1 stöð í stað H2, enda starfar þar einn læknir eftir að Þorlákshöfn var gerð að H1 stöð og önnur læknisstaðan flutt frá Hveragerði til Þorlákshafnar. Ráðuneytið telur ástæðulaust að gera ráð fyrir H2 stöð í Hveragerði, m.a. vegna þess að komin er H1 stöð í Þorlákshöfn sem ekki var þegar upphafleg ákvörðun var tekin árið 1973 og stutt er til Selfoss þar sem rekin er öflug heilsugæsla og sjúkrahús.

Um 13. gr.

Lagt er til að Grindavík verði H2 stöð í stað H1 en mannfjöldi og atvinnulíf í Grindavík krefjast þess að þar starfi tveir læknar, enda hefur verið gert ráð fyrir því í þeim áætlunum sem byrjað er að vinna eftir í Grindavík.

Um 14. gr.

Vísað er til athugasemda um 10. gr.

Um 15. gr.

Lagt er til að felld verði niður 17. gr. laganna, en þar er fjallað um að hjúkrunarfræðingar, ljósmæður og sjúkraþjálfarar starfi við heilsugæslustöðvar og skuli skipaðir af ráðherra að fenginni umsögn stjórnar viðkomandi heilsugæslustöðvar og taka laun úr ríkissjóði, enn fremur að heimilt sé að ráða hjúkrunarforstjóra á þeim heilsugæslustöðvum þar sem starfsemin er svo umfangsmikil að ráðherra telji þess þörf og að ráðherra setji hjúkrunarforstjórum erindisbréf. Í þessu tilviki er rétt að benda á athugasemdir með 13. gr. og þær breytingar sem lagðar eru til á 22. gr., en samkvæmt þeim verður stjórnum heilsugæslustöðva falið að ráða allt starfslið stöðvanna, en samkvæmt gildandi lögum eru læknar, hjúkrunarfræðingar, ljósmæður og sjúkraþjálfarar skipaðir af ráðherra, en annað starfsfólk ráðið af viðkomandi sveitarfélögum sem fara með reksturinn fram að næstu áramótum. Með hliðsjón af þessum breytingum er nauðsynlegt að fella niður 17. gr. laganna og jafnframt að gera ráð fyrir því að það séu stjórnir hlutaðeigandi heilsugæslustöðva sem ákveða hvort starfsemin sé svo umfangsmikil að ráða þurfi hjúkrunarforstjóra og setja þeim erindisbréf.

Um 16. gr.

20. gr. 1. tl. hefur þegar verið breytt, sbr. 5. gr. laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, þar sem rekstrarkostnaður heilsugæslustöðva er settur yfir á ríkissjóð. Í tilefni þessa og þar sem sjúkrasamlögin verða lögð niður frá og með nk. áramótum er nauðsynlegt að breyta 20. gr. 2. tl. því að hér eftir verður ekki um að ræða neinar endurgreiðslur sjúkrasamlaga fyrir rannsóknir og meðferð veitta á heilsugæslustöðvum eins og verið hefur. Í þess stað telur ráðuneytið eðlilegt að ráðherra verði falið að setja gjaldskrá fyrir veitta þjónustu heilsugæslustöðva og að hún skuli vera í samræmi við hliðstæðar gjaldskrár samkvæmt lögum um almannatryggingar. Þótt erfitt hafi reynst að koma á slíkri samræmingu til þessa hlýtur það að verða auðveldara eftir að ríkinu verður einu falinn rekstur og ábyrgð á heilsugæslunni. Alla vega liggur ljóst fyrir, að gjöld fyrir veita þjónustu heilsugæslustöðva verða að vera með sama hætti alls staðar í landinu en ekki eins og nú er með mismunandi hætti.

Um 17. gr.

Eins og fram kemur í athugasemdum við lagafrumvarp þetta hér að framan er ekki gert ráð fyrir því í gildandi lögum að ríkið hafi áhrif á stjórn heilsugæslustöðva í Reykjavík. Er því lögð til sama skipan og gildir um stjórnir annarra sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðva, þ.e. að ráðherra skipi stjórnina, þar af formann án tilnefningar, og að hann skuli hafa búsetu í Reykjavík. Til greina hefði komið að skipa fleiri stjórnir heilsugæslustöðva í Reykjavík en eina eða allt frá 2 upp í 13, en heilsugæslustöðvarnar verða samtals 13, sbr. nánar 10. gr. frumvarpsins. Með hliðsjón af því, að stjórn heilsugæslustöðva í Reykjavík hefur verið í höndum einnar nefndar, heilbrigðismálaráðs Reykjavíkur, telur ráðuneytið eðlilegt að ein og sama stjórn annist stjórn allra stöðva í héraðinu. Reykjavíkurborg skal tilnefna þrjá fulltrúa og starfsmenn heilsugæslustöðva einn. Setja verður reglugerð um kjör fulltrúa starfsmanna þar sem um er að ræða fulltrúa 13 stöðva. Telur ráðuneytið eðlilegt að slík reglugerð verði sett strax og lögin hafa verið samþykkt og öðlist gildi sem næst gildistöku laganna sjálfra. Gert er ráð fyrir framkvæmdastjóra heilsugæslustöðva í Reykjavík eins og verið hefur, enda um umfangsmikið starf að ræða.

Um 18. gr.

Eins og komið hefur fram áður hefur ráðuneytið hug á að færa ráðningu starfsliðs heilsugæslustöðvanna út í heilsugæsluumdæmin og er því lagt til að stjórnir heilsugæslustöðva ráði allt starfslið stöðvanna og skiptir ekki máli hvort um er að ræða lækna, hjúkrunarfræðinga, ljósmæður, tannlækna og sjúkraþjálfara eða annað starfslið. Jafnframt er gert ráð fyrir því að um laun þessa fólks fari samkvæmt kjarasamningum við opinbera starfsmenn. Í 22. gr. gildandi laga er skipað fyrir um með hvaða hætti læknar og tannlæknar skuli taka laun, þ.e. annars vegar föst laun fyrir gegningarskyldu, vaktþjónustu, heilsuverndarstarf o.s.frv. og hins vegar laun samkvæmt samningi stéttarfélags lækna og tannlækna við Tryggingastofnun ríkisins fyrir almenn læknisstörf o.s.frv. Ráðuneytið telur slík ákvæði ekki eiga heima í lögum um heilbrigðisþjónustu, en minnir á að þegar lögin voru upphaflega sett árið 1973 lagði Læknafélag Íslands áherslu á að þessi ákvæði væru í lögunum, en hefur síðan breytt um skoðun. Með því að fella þetta ákvæði niður yrði hægt að semja við heilsugæslulækna á annan hátt en gert er í dag og þar með koma frekar til móts við þá lækna sem setjast að í strjálbýlinu og hafa ekki eins miklar tekjur samkvæmt samningi stéttarfélags lækna við Tryggingastofnun ríkisins vegna þess að þeir eru í fámennum héruðum. Samningar um laun og kjör eru frjálsir og eiga því ákvæði þar að lútandi ekki heima í heilbrigðisþjónustulögum.

Um 19. gr.

Hér er aðeins um orðalagsbreytingu að ræða sem ekki þarfnast skýringa.

Um 20. gr.

Í 24. gr. laga um heilbrigðisþjónustu er sjúkrahúsum skipt í ákveðna flokka og þau skilgreind eftir tegund og þjónustu. Að fenginni reynslu telur ráðuneytið æskilegt að gera nokkrar breytingar á skiptingu sjúkrahúsa eftir flokkum. Þannig er lagt til að deildasjúkrahús þurfi ekki að veita meðferð í geðsjúkdómafræði, sem gerð er krafa um í dag eigi þau að kallast deildasjúkrahús, og jafnframt að nægjanlegt sé að þau njóti þjónustu stoðdeilda til þess að rækja starf sitt, svo sem röntgendeilda, rannsóknadeilda o.s.frv., í stað þess að hafa aðgang að stoðdeildum sem skilið hefur verið svo að stoðdeildirnar þurfi að vera í sjúkrahúsinu sjálfu.

Enn fremur eru lagðar til þær breytingar að endurhæfingarheimili verði flokkuð á annan hátt og þau hér eftir kölluð endurhæfingarstofnanir. Samkvæmt því getur verið um að ræða sjálfstæð hjúkrunarheimili og sjálfstæðar endurhæfingarstofnanir, en ekki eins og samkvæmt gildandi lögum hjúkrunar- og endurhæfingarheimili í sömu stofnunum.

Lagt er til að með hjúkrunarheimili sé átt við vistheimili fyrir sjúklinga sem búið er að sjúkdómsgreina en þarfnast langvarandi vistunar og meðferðar sem hægt er að veita utan almennra og sérhæfðra sjúkrahúsa í stað meðferðar eingöngu þannig að vistunin verði líka liður í sarfsemi hjúkrunarheimila sé um að ræða langvarandi vistun.

Hvað snertir endurhæfingarstofnanir er lagt til að um sé að ræða stofnanir fyrir sjúklinga sem búið er að sjúkdómsgreina, en þarfnast endurhæfingar í lengri eða skemmri tíma. Hér er um nýmæli að ræða og tengist þetta ekki síst þeirri verkaskiptingu sem komið var á með lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, en samkvæmt þeim lögum ber heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu að annast læknisfræðilega endurhæfingu fatlaðra en ekki aðra endurhæfingu.

Enn fremur er lagt til að tekin verði undir flokkun sjúkrahúsa orðið sjúkrasambýli og að það skuli vera stofnanir sem taki til vistunar sjúklinga með langvarandi sjúkdóma. Í vissum tilvikum kann að koma til vistunar sjúklinga með langvarandi sjúkdóma án þess að um sé að ræða hjúkrun eða lækningu í þeim skilningi. Má í þessu tilviki nefna ýmiss konar starfsemi sem er í tengslum við sjúkrahúsin í landinu og rekin er á vegum einstaklinga til þess að létta af sjúkrahúsunum.

Lagt er til að vinnu- og dvalarheimilum verði ekki falið að taka til vistunar fatlaða til dvalar eða starfs þar sem samkvæmt lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, er ætlast til þess að sú þjónusta sé í höndum félagsmálaráðuneytis. Er því eðlilegt að fella úr lögum um heilbrigðisþjónustu þau atriði er lúta að vistun fatlaðra þar sem þau heyra ekki undir heilbrigðisyfirvöld, nema hvað snertir læknisfræðilega endurhæfingu eins og áður segir.

Lögð er til sú breyting á hugtakinu sjúkraheimili að það sé dvalarstaður sjúklinga sem eru til rannsóknar eða meðferðar á heilbrigðisstofnunum og geta ekki dvalist í heimahúsum. Samkvæmt gildandi lögum er eingöngu átt við þá sjúklinga sem eru til meðferðar á öðru sjúkrahúsi. Hefur þetta valdið margvíslegum erfiðleikum hjá fólki sem hefur verið til rannsóknar og hefur þurft á dvalarstað að halda án þess að geta dvalist í heimahúsum og hefur því ekki átt í nein sérhæfð hús að venda.

Um 21. gr.

Lagt er til að síðasti málsliður í 2. tl. 24. gr. falli niður en samkvæmt honum skal kveða á um í reglugerð að í hverju læknishéraði skuli vera a.m.k. eitt deildasjúkrahús. Ráðuneytið telur það ástæðulaust.

Um 22. gr.

Eins og fram hefur komið hér áður í athugasemdum við lagafrumvarp þetta á ríkið enga fulltrúa í stjórnum sjúkrahúsa sveitarfélaganna og í stjórnum einkasjúkrahúsa og sjálfseignarstofnana. Hefur þetta reynst bagalegt og hefur ráðuneytið ítrekað reynt að fá þessu breytt, m.a. við heildarendurskoðun heilbrigðisþjónustulaga sem fram fór á árunum 1982 og 1983 og við gerð laga um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem öðlast gildi frá nk. áramótum, en án árangurs. Eins og margoft hefur verið bent á hlýtur að vera nauðsynlegt að saman fari fjárhagsleg og rekstrarleg ábyrgð í heilbrigðisþjónustunni og er því lagt til að ráðherra skipi stjórnir sjúkrahúsa, annarra en einkaaðila og sjálfseignarstofnana, og að formaður skuli skipaður án tilnefningar og skuli hafa búsetu á starfssvæði sjúkrahússins. Viðkomandi sveitarstjórn eða stjórnir tilnefni þrjá menn og starfsmenn einn. Ekki þarf að fara mörgum orðum um þennan þátt, svo sjálfsagður sem hann virðist. Víst er að eigi ríkið að geta fylgst með rekstrinum sem því hlýtur að bera að gera þar sem því er gert að standa algjörlega undir kostnaði við hann frá nk. áramótum er nauðsynlegt að það hafi með stjórnina að gera og eigi mann í stjórnunum. Varðandi einkasjúkrahús, þ.m.t. sjálfseignarstofnanir, er lagt til að í stað fulltrúa sveitarfélaganna komi fulltrúi ríkisins en frá og með nk. áramótum hafa sveitarfélögin ekkert með reksturinn að gera en ríkið mun standa undir kostnaði við hann að öllu leyti. Að

öðru leyti vísast til þess sem fram kemur í athugasemdum við lagafrumvarp þetta hér að framan.

Hvað snertir breytingu á 2. tl. 30. gr. skal áréttað að eigi ríkisvaldið að hafa með að gera stjórn heilsugæslunnar í landinu, þar með talda stjórn þeirrar heilsugæslu sem fer fram á heilsugæslustöðvum í starfstengslum við sjúkrahús, er nauðsynlegt að ríkið fái fulltrúa í stjórnum þessara sjúkrahúsa því að þær fara jafnframt með stjórn heilsugæslustöðva. Annars yrði stjórn heilsugæslustöðva með mismunandi hætti eftir því hvort þær eru annars vegar starfandi sem sjálfstæðar stofnanir og í Reykjavík eða hins vegar í starfstengslum við sjúkrahús. Slíkt ósamræmi gengur vitaskuld ekki.

Um 23. gr.

Lagt er til að við 30. gr. verði bætt nýjum tölulið er verði 6. tl. þar sem skýrt komi fram að það sé hlutverk stjórna sjúkrahúsa að ráða starfslið sjúkrahúsanna og að þessir starfsmenn verði ríkisstarfsmenn, enda kostnaður við reksturinn að öllu leyti greiddur úr ríkissjóði. Í dag eru engin ákvæði um það hverjum beri að ráða starfsfólk sjúkrahúsa og hefur það verið þannig að annaðhvort hafa stjórnirnar sjálfar annast ráðningar eða hlutaðeigandi sveitarfélög.

Um 24. gr.

Með vísan til þess að sveitarfélögin annast ekki rekstur heilbrigðisstofnana frá og með nk. áramótum er nauðsynlegt að afnema þau ákvæði er skylda þau til að annast rekstur þeirra. Enn fremur þarf að afnema þau ákvæði er veita ráðherra heimild til að ákveða að ríki og sveitarfélag eða sveitarfélög reki heilbrigðisstofnun í sameiningu, þyki slíkt henta, og að ráðherra geti gert samkomulag við aðra aðila um framkvæmdir eða rekstur heilbrigðisstofnana innan ramma áætlana, sbr. 33. gr.

25. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 26. gr.

Hér er um orðalagsbreytingar að ræða því að ekki er mögulegt að skírskota til sérstaks númers á reglum sem eru sífelldum breytingum háðar.

Um 27. gr.

Lagt er til að núgildandi 40. gr. falli niður þar sem ráðuneytinu er heimilað, að fenginni umsögn læknadeildar Háskóla Íslands og landlæknis, að veita læknastúdentum ríkisstyrki til náms gegn skuldbindingu um læknisþjónustu í strjálbýli að loknu námi. Þetta ákvæði þjónar engum tilgangi og ef slíkt ákvæði ætti að vera í lögum þyrfti það að ná yfir fleiri starfsstéttir en lækna. Þessum ákvæðum hefur aldrei verið beitt.

Í stað áðurgreindra ákvæða er lagt til að inn komi ný 40. gr. sem kveði á um hvernig farið skulið með ágreining er rís upp um valdsvið sérmenntaðs starfsfólks á heilbrigðisstofnunum, en hann hefur verið vaxandi vandamál á undanförnum árum, ekki síst milli lækna annars vegar og hjúkrunarfræðinga hins vegar. Samkvæmt lögum er gerður greinarmunur á lækningum annars vegar og hjúkrun hins vegar. Er því nauðsynlegt að ábyrgum aðila verði falið að leysa úr ágreiningi þannig að starfsemin geti haldið áfram á snurðulausan hátt og mál fái úrlausn. Gert er ráð fyrir því að það verði hlutverk stjórna hlutaðeigandi stofnana að skera úr um ágreining og að vísa megi ágreiningi til ráðherra. Það er skoðun ráðuneytisins að nauðsynlegt sé að fylgja þessu ákvæði eftir með reglugerð og er gert ráð fyrir því að sett verði reglugerð um nánari framkvæmd ákvæðisins og samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða skal setningu hennar flýtt.

Um 28. gr.

Í 41. gr. laganna er kveðið á um starfsemi læknishéraðasjóðs samkvæmt lögum nr. 82 1970. Ekki eru lagðar til breytingar á hlutverki sjóðsins aðrar en orðalagsbreytingar. Hins vegar er lagt til að felld verði niður ákvæði er fjalla um bifreiðalánasjóð, en hann starfar skv. 14. gr. laga nr. 43/1965. Einnig er lagt til að felld verði niður ákvæðin um fjárframlög til sjóðsins, en þau eru embættislaun héraðslækna og lækna við heilsugæslustöðvar sem ekki koma til greiðslu vegna þess að læknar hafa ekki fengist til starfanna. Auk þess skal árlega leggja sjóðnum fé á fjárlögum. Í reynd hefur þessum launum verið ráðstafað þannig að ráðuneytið hefur heimilað ráðningu viðbótarlækna við HI stöðvar og þar með hafa tveir læknar starfað saman í tvo til þrjá mánuði á ári. Hefur það, að mati ráðuneytisins, leyst úr brýnum vanda.

Um 29. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

1. Sem stendur er Heilsuverndarstöðin í Reykjavík rekin samkvæmt lögum nr. 44/1955. Það liggur ljóst fyrir að nokkurn tíma mun taka að breyta rekstri stöðvarinnar og að koma á þeirri skipan sem æskilegt er. Taka þarf afstöðu til þess hvaða heilsugæsluþjónusta eigi að fara fram í Heilsuverndarstöðinni í Reykjavík, t.d. hvort Heilsuverndarstöðin skuli starfa sem heilsugæslustöð fyrir ákveðið svæði að hluta til og/eða hvort þar eigi að koma upp ákveðinni þjónustu fyrir heilsugæsluna í Reykjavík, svo sem mæðravernd, ungbarna- og smábarnavernd, berklavörnum, ónæmisvörnum, kynsjúkdómavörnum o.s.frv. Þetta skipulag tekur nokkurn tíma og er því lagt til að lögin um heilsuverndarstarf nr. 44/1955, sbr. breytingu nr. 28/1957, haldist óbreytt í Reykjavík út næsta ár. Mun ráðuneytið á næsta ári vinna að endurskoðun á þeirri starfsemi er undir lögin falla, en það er eingöngu starfsemi á vegum Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík.
2. Stjórn Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjvík er samkvæmt samþykkt nr. 286/1970, um heilbrigðismálaráð Reykjavíkur, í höndum þess ráðs. Samkvæmt 1. tl. í ákvæðum til bráðabirgða er ætlunin að rekstur Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík verði óbreyttur frá 1. janúar 1990 og út árið meðan unnið er að því að skipuleggja starfsemina í tengslum við framkvæmd heilsugæslukerfis í Reykjavík. Fjárhagslegur rekstur fellur hins vegar alveg á ríkið frá og með næstu áramótum og er því eðlilegt að til bráðabirgða starfi sérstök stjórn Heilsuverndarstöðvarinnar, er í umboði ráðuneytisins annist stjórn hennar og í samvinnu við héraðslækni geri tillögu um framtíðarhlutverk stöðvarinnar í tengslum við framkvæmd heilsugæslu í Reykjavík. Mundi stjórnin starfa næsta ár en frá og með 1. janúar 1991 yrði starfsemin í samræmi við lög þessi og undir stjórn heilsugæslu í Reykjavík, sbr. 17. gr. þessa frumvarps.
3. Þar sem sveitarstjórnakosningar fara fram á vori komanda liggur ljóst fyrir að skipa þarf nýjar stjórnir heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa frá og með miðju næsta ári. Ráðuneytið telur því eðlilegt að þær stjórnir, sem ekki verða skipaðar fyrir áramót og nú sitja, starfi áfram til þess tíma. Ráðuneytið telur enn fremur rétt að tilflutningur starfsmanna þessara sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, sem eru sjúkrahús sveitarfélaga og heilsugæslustöðva í starfstengslum við sjúkrahús, fari ekki fram fyrr en nýjar stjórnir hafa tekið við sem yrði um mitt næsta ár og að honum skuli lokið fyrir árslok 1990 þannig að frá og með fjárlagaári 1991 verði öll þessi mál með sama hætti. Til þess að taka af allan vafa um réttindi starfsmanna heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa, sem starfa á vegum sveitarfélaganna og flytjast yfir til ríkisins samkvæmt lögunum, telur ráðuneytið eðlilegt að fram komi að um

réttindi þeirra fari samkvæmt lögum nr. 38/1955, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og gildi það m.a. um biðlaunarétt, rétt til starfa o.s.frv.

4. Nauðsynlegt er að reglugerð um framkvæmd ágreiningsmála skv. 40. gr. frumvarpsins verði sett sem allra fyrst og vísast um það til þess sem segir í athugasemd við 40. gr.

Ed. 179. Frumvarp til laga [164. mál]

um breytingu á lögum nr. 80 15. ágúst 1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Hlutafélaginu er enn fremur ætlað, á eigin vegum, með þátttöku í öðrum félögum eða með stofnun dótturfyrirtækja, að tryggja vöxt fyrirtækisins með arðvænlegum fjárfestingum í skyldum greinum og öðrum greinum atvinnurekstrar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í iðnaðarráðuneytinu og er það flutt til að heimila Kísiliðjunni hf. að taka þátt í öðrum atvinnurekstri en framleiðslu kísilgúrs. Frumvarpið byggir á hugmyndum sem ræddar hafa verið í stjórn Kísiliðjunnar hf. og við aðalhluthafa og þeir hafa fallist á.

Hlutafé í Kísiliðjunni hf. skiptist þannig um síðastliðin áramót:

— Íslenska ríkið	59,8%
— Manville Corporation	39,8%
— .Sveitar- og bæjarfélög á Norðausturlandi	0,4%

Í júní sl. tókst samkomulag um að Manville Corporation keypti 8,9% af hlutafé ríkisins í Kísiliðjunni hf. og er hlutafjáreign nú þannig:

— Íslenska ríkið	50,9%
— Manville Corporation	48,7%
— Sveitar- og bæjarfélög á Norðausturlandi	0,4%

Í upphaflegum lagaheimildum til stofnunar Kísiliðjunnar hf. er tekið fram að verksmiðjan skuli reist og rekin „til þess að vinna markaðshæfan kísilgúr úr botnleðju Mývatns“. Í samræmi við þetta var tilgangur hlutafélagsins svo skilgreindur í 3. gr. í aðalsamningi milli ríkisstjórnar Íslands og Johns-Manville Corporation (nú Manville Corporation):

„Kísiliðjan skal hafa þann tilgang einan, að
a. vinna jarðlögin í Mývatni samkvæmt námuleyfinu,
b. byggja, eiga og starfrækja verksmiðjuna,
c. framleiða íslensk síunarefni í verksmiðjunni og
d. selja íslensk síunarefni eins og mælt er fyrir um í samningi þessum, sölusamningnum og söluleyfinu.“

Af þessum ákvæðum er ljóst að Kísiliðjunni hf. var eingöngu ætlað að starfa við kísilgúrframleiðslu. Ekki er fært að auka þennan þátt í starfsemi félagsins m.a. vegna framleiðsluaukningar á kísilgúr í heiminum og þar af leiðandi aukinnar samkeppni á kísilgúrmörkuðum. Því er nauðsynlegt að hyggja að öðrum atvinnurekstri sem Kísiliðjan hf. gæti átt aðild að.

Afkoma Kísiliðjunnar hf. hefur á tímabilinu 1983–1988 verið með það miklum ágætum að félaginu hefur tekist að greiða niður allar langtímaskuldir og eignarfjárhlutfall orðið yfir 90%. Nokkur stórverkefni standa fyrir dyrum í verksmiðjunni bæði hvað varðar viðhald og nýjungar, en fljótlega gæti skapast nokkuð svigrúm til fjárfestinga í annarri arðbærri starfsemi.

Samkvæmt efnahagsreikningi 31. desember 1988 var veltufjárhlutfall félagsins 6,94. Á sama tíma námu langtímaskuldir félagsins 560 þús. kr. og heildarskuldir voru samtals 5,6% af heildarfjármagni. Helstu niðurstöðutölur efnahags- og rekstrarreikninga Kísiliðjunnar hf. fyrir árin 1985–1988 eru:

	1985 (þús.kr.)	1986 (þús.kr.)	1987 (þús.kr.)	1988 (þús.kr.)
Rekstrartekjur	359.888	376.283	365.441	461.319
Rekstrargjöld	(330.547)	(344.084)	(347.811)	(448.617)
Fjármagnsgjöld	(5.798)	(11.752)	(5.392)	(3.833)
Hagnaður	23.543	20.447	12.238	8.869
Eignir	281.580	366.041	441.504	533.850
Skuldir	(30.341)	(22.749)	(24.245)	(29.897)
Eigið fé	251.239	343.292	417.259	503.953

Eðlilegt er að rýmka verksvið Kísiliðjunnar og að félaginu verði gefinn kostur á að nýta þá krafta, sem í því býr, á fleiri sviðum en í upphafi var ætlað. Einnig ber að hafa í huga þann styrk sem samstarfið við Manville Corporation veitir Kísiliðjunni hf. og þá miklu tækni-, markaðs- og stjórnunarlegu þekkingu sem þar er að finna. Með rýmkun á verksviði félagsins gæti Kísiliðjan hf. orðið virkari þátttakandi í atvinnurekstri í landinu, bæði nýiðnaði og þeim rekstri sem fyrir er. Meðal nýiðnaðarverkefna sem Kísiliðjan hf. gæti átt aðild að eru t.d. frekari vinnsla kísilgúrs, annarra ónýttra íslenskra jarðefna og ýmis þróunarverkefni þar að lútandi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er gerð tillaga um að Kísiliðjunni hf. verði veitt almenn heimild til þátttöku í arðvænlegum atvinnurekstri. Aðalsamningur ríkisstjórnar Íslands og Manville Corporation gerir ráð fyrir að breyta megi samningnum „hvenær sem er, eftir því, sem við á, með skriflegum samningi, sem réttilega er undirritaður og afhentur bæði af ríkisstjórninni og Manville Corporation, að áskildu samþykki Alþingis“. Gengið var frá samkomulagi við Manville Corporation um þessa breytingu á aðalfundi félagsins í júní 1989, með fyrirvara um samþykki Alþingis í því formi sem hér er lagt til.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Ed. 180. Breytingartillögur [51. mál]

við frv. til l. um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 5. gr. Í stað „5 ára“ í 4. mgr. komi: fjögurra ára.
2. Við 9. gr. Í stað orðanna „efni upplýsinganna“ í fyrri málslið fyrri málsgreinar komi: því sem þar er skráð.
3. Við 12. gr. Í stað orðanna „efni upplýsinga innan fjögurra vikna“ í síðari málslið fyrri málsgreinar komi: því sem um hann er skráð sem fyrst og eigi síðar en innan tveggja vikna.
4. Við 13. gr. Síðari málsgrein falli brott.
5. Við 16. gr. Í stað „fimm ára“ í 1. málsl. síðari málsgrein komi: fjögurra ára.
6. Við 18. gr. 1. mgr. orðist svo:

   Nú telur aðili að upplýsingar um hann séu skráðar skv. 15. gr. og er starfsleyfishafa þá skylt að skýra aðila sem fyrst, og eigi síðar en innan tveggja vikna frá því krafa kom fram um slíkt, frá því sem þar er skráð og því mati sem starfsleyfishafinn hefur látið frá sér fara á síðustu sex mánuðum varðandi hagi beiðanda.
7. Við 19. gr. Í stað „10.000,00“ í fyrri málsl. 3. mgr. komi: 20.000.
8. Við 24. gr.
   a. Í stað tveggja fyrstu málsliða fyrri málsgreinar komi:

      Þeir sem í atvinnuskyni annast markaðs- og skoðanakannanir um atriði, sem falla undir ákvæði laga þessara, skulu hafa til þess starfsleyfi, sem tölvunefnd veitir. Starfsleyfishafi skal, a.m.k. sjö sólarhringum áður en könnun er framkvæmd, senda tölvunefnd lýsingu á fyrirhugaðri könnun ásamt spurningalista.

      Öðrum en starfsleyfishöfum skv. 1. mgr. er óheimilt að annast kannanir þær, sem um ræðir í 1. mgr., án heimildar tölvunefndar.

      Þeim sem annast markaðs- og skoðanakannanir skv. 1. og 2. mgr. ber við framkvæmd könnunar að gæta eftirtalinna atriða:
   b. Í stað orðanna „er heimilt að setja“ í síðari málsgrein komi: setur.
9. Við 30. gr. Síðari málsgrein orðist svo:

   Tölvunefnd er að höfðu samráði við dómsmálaráðherra heimilt að ráða nefndinni nauðsynlegt starfslið.
10. Við 38. gr.

    Á eftir tölunni „21“ í fyrri málslið fyrri málsgreinar komi: 24.

Ed. 181. Nefndarálit [51. mál]

um frv. til l. um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Til viðræðna komu Þorgeir Örlygsson prófessor og Tryggvi Gunnarsson lögfræðingur, höfundar frumvarpsins, ásamt Stefáni Ólafssyni dósent, forstöðumanni Félagsvísindastofnunar. Einnig óskaði nefndin eftir skriflegri umsögn stjórnar Félagsvísindastofnunar um frumvarpið. Í viðræðum við þessa aðila kom fram að til bóta yrði að gera nokkrar breytingar á frumvarpinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögum í 10 liðum sem lagðar eru fram á sérstöku þingskjali. Miða þessar breytingartillögur að því að tryggja betur rétt hins skráða, sbr. 1.–7. brtt., kveða á um starfsleyfisskyldu í atvinnuskyni, sbr. 8. brtt., og

loks að tryggja nefndinni nauðsynlegan starfskraft. Verður hér á eftir gerð nánari grein fyrir breytingartillögum nefndarinnar.

Um 1. brtt.: Í frumvarpinu er lagt til í 4. mgr. 5. gr. að eigi sé heimilt án sérstakrar lagaheimildar að skýra frá upplýsingum um atvik sem eru eldri en fimm ára nema undantekningarákvæði greinarinnar eigi við. Nefndin taldi rétt að stytta þennan frest og leggur til að hann verði fjögur ár.

Um 2. brtt.: Hér er lagt til að gerð verði breyting á orðalagi 1. mgr. 9. gr. Miðar breytingin að því að taka af öll tvímæli um það að skráður aðili eigi rétt til þess að fá vitneskju um allt það sem um hann hefur verið skráð í viðkomandi skrá og þá í því formi sem þar er.

Um 3. brtt.: Í fyrsta lagi leggur nefndin til að orðalagi 1. mgr. 12. gr. verði breytt með sama hætti og orðalagi 1. mgr. 9. gr. og í sama tilgangi. Til að treysta rétt hins skráða enn frekar þykir rétt að taka fram að orðið skuli við slíkri beiðni sem fyrst og eigi síðar en innan tveggja vikna, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir fjögurra vikna fresti.

Um 4. brtt.: Nefndin leggur til að 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins verði felld brott þar sem hún telur ekki eðlilegt að skráður aðili þurfi að greiða fyrir aðgang að upplýsingum um sjálfan sig og önnur úrræði séu tæk til þess að mæta ósanngjörnum kröfum skráðs aðila um aðgang að upplýsingum, sbr. ákvæði 1. mgr. 13. gr. frumvarpsins.

Um 5. brtt.: Til samræmis við 1. brtt. nefndarinnar leggur hún til að sama breyting verði gerð á 2. mgr. 16. gr., þ.e. að miða aldur upplýsinga, sem heimilt er að skrá og miðla, við fjögur ár í stað fimm.

Um 6. brtt.: Nefndin leggur til að frestur skv. 1. mgr. 18. gr. verði tvær vikur í stað fjögurra og er þar um að ræða sömu breytingu og nefndin lagði til varðandi 1. mgr. 12. gr.

Um 7. brtt.: Í 3. mgr. 19. gr. frumvarpsins er við það miðað að ekki megi veita upplýsingar um skuldir manna sem eru lægri en 10.000 kr. Vegna þess hve afdrifaríkt það getur verið fyrir menn að lenda á vanskilaskrám af þessu tagi telur nefndin eðlilegt að hækka viðmiðunarfjárhæðina í 20.000 kr.

Um 8. brtt.: Nefndin leitaði eftir umsögn Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands um frumvarpið. Í umsögn stofnunarinnar kom m.a. fram að hún telur eðlilegt að binda heimildina til þess að annast slíkar kannanir við starfsleyfi. Að höfðu samráði við höfunda frumvarpsins leggur nefndin til að breyting verði gerð á 24. gr. frumvarpsins í þá veru, enda mála sannast að ein viðamesta söfnun persónuupplýsinga hér á landi er framkvæmd með slíkum markaðs- og skoðanakönnunum. Það verður eigi að síður hlutverk tölvunefndar áfram að gæta þess að starfsleyfishafi og aðrir þeir, sem slíkar kannanir annast, fullnægi ætíð skilyrðum laganna. Í þeim tilvikum, þegar slíkar kannanir eru gerðar af starfsleyfishöfum, er við það miðað að þeir sendi tölvunefnd gögn um væntanlega könnun áður en könnun hefst þannig að nefndin geti fyrir fram gengið úr skugga um að fullnægt sé skilyrðum laganna, þar með töldum skilyrðum þeim sem upp eru talin í a–e-liðum 1. mgr. 24. gr.

Ekki þykir fært að binda heimildina til þess að annast markaðs- og skoðanakannanir við stafsleyfi nema þegar um þá aðila er að ræða sem framkvæma slíkar kannanir í atvinnuskyni fyrir aðra, sbr. ákvæði 1. mgr. brtt. Aðrir þeir, sem hyggjast gera slíkar kannanir, þurfa ekki starfsleyfi heldur nægir að þeir sæki um heimild til tölvunefndar í hverju einstöku tilviki. Tekur ákvæði 2. mgr. brtt. til þeirra tilvika.

Um 9. brtt.: Í 2. mgr. 30. gr. frumvarpsins er kveðið á um það að starfsmaður dómsmálaráðuneytisins skuli vera ritari tölvunefndar, svo sem verið hefur frá upphafi. Nefndin telur ekki rétt að binda það í lögum að starfsmaður ráðuneytisins skuli vera ritari nefndarinnar og telur það eðlilegri skipan mála að tölvunefnd sé heimilt að höfðu samráði við dómsmálaráðherra að ráða nefndinni nauðsynlegt starfslið. Nefndin leggur hins vegar á það áherslu að áfram verði leitast við að nýta skrifstofuaðstöðu sem þegar er fyrir hendi með sama hætti og gert hefur verið. Verkefni tölvunefndar kunna að vera misjafnlega umfangsmikil frá

einum tíma til annars og miðar þessi breytingartillaga að því að tryggja nefndinni jafnan þann starfskraft sem nauðsynlegur er til þess að sinna starfsskyldum hennar eftir því sem fjárveitingar leyfa.

Um 10. brtt.: Til samræmis við 8. brtt. er nauðsynlegt að bæta 24. gr. við upptalninguna í 1. mgr. 38. gr.

Alþingi, 20. nóv. 1989.

Jón Helgason, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Jóhann Einvarðsson.
Ey. Kon. Jónsson.	Salome Þorkelsdóttir.	Skúli Alexandersson.
	Danfríður Skarphéðinsdóttir.	

Nd. 182. Frumvarp til laga [165. mál]

um breyting á lögum nr. 91 frá 1. júní 1989, um tekjustofna sveitarfélaga.

Flm.: Guðmundur Oddsson, Níels Árni Lund, Geir Gunnarsson.

1. gr.

Á eftir fyrri málsgrein 2. gr. laganna komi ný málsgrein svohljóðandi:

Þegar svo háttar að eitt sveitarfélag rekur þjónustustarfsemi í almenningsþágu, sbr. 1. mgr., í öðru sveitarfélagi má hið síðarnefnda leggja gjald á starfsemi hins fyrrnefnda í hlutfalli við tekjur þjónustufyrirtækisins frá íbúum hins síðarnefnda. Gjald þetta leggst á hreinan rekstrarafgang þjónustufyrirtækisins þegar allur rekstrarkostnaður er greiddur og má aldrei nema meira en áður tilgreindu hlutfalli af því afgjaldi sem frá þjónustufyrirtækinu fellur til þess sveitarfélags sem rekur það.

2. gr.

Á eftir fyrri málsgrein 41. gr. laganna komi ný málsgrein svohljóðandi:

Nú hefur sveitarstjórn ákveðið að nota heimild 2. mgr. 2. gr. laga þessara um álagningu gjalds á þjónustustarfsemi í almenningsþágu í sveitarfélaginu sem rekin er af öðru sveitarfélagi og skal hún þá tilkynna félagsmálaráðherra þá ákvörðun sína og láta honum í té allar upplýsingar um álagningu gjaldsins. Félagsmálaráðherra staðfestir gjaldtökuna og setur nánari reglur um útreikning, gjalddaga og innheimtu gjaldsins og tilkynnir það þeim sveitarstjórnum sem í hlut eiga.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

Greinargerð.

Nokkur dæmi eru um það að veitustofnanir (vatnsveitur, hitaveitur og rafmagnsveitur) eins sveitarfélags selji þjónustu sína til nágrannasveitarfélaga. Þegar svo háttar til og það sveitarfélag, sem á dreifiveituna, reiknar sér (sveitarsjóði) til tekna ríflegt afgjald af veitunni, rís sú spurning hvort ekki sé eðlilegt að slíku afgjaldi sé skipt milli viðkomandi sveitarfélaga í hlutfalli við notkun í hverju sveitarfélagi þar sem teknanna er aflað. Það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps að eðlilegt sé að hafa þann hátt á.

Þegar rekstur þjónustufyrirtækja eins og Hitaveitu- og Rafmagnsveitu Reykjavíkur er með þeim hætti árum saman að þjónustufyrirtækið getur eftir greiðslu alls rekstrarkostnaðar og eðlilegs framlags til uppbyggingar greitt Reykjavíkurborg stórar fjárhæðir af rekstrarafgangi, þá má jafna þessari starfsemi við skattlagningu Reykjavíkurborgar á nágrannasveitarfélögin.

Rafmagns- og Hitaveita Reykjavíkur hafa greitt afgjald til borgarsjóðs Reykjavíkur um árabil. Í fyrstu var greitt ½% af hreinni eign eins og hún var bókfærð í reikningum næstliðins árs, en 1984 var prósentan hækkuð upp í 1%. Hér er um verulegar fjárhæðir að ræða sem runnið hafa í borgarsjóð Reykjavíkur. Til fróðleiks má geta þess að á síðustu fimm árum hafa Kópavogsbúar greitt afgjald í borgarsjóð Reykjavíkur um 128 millj. kr. á verðlagi í nóvember á þessu ári. Þannig var afgjaldið af Rafmagnsveitunni rúmlega 83,3 millj. kr. á síðustu fimm árum en af Hitaveitunni nam afgjaldið á þessum tíma 44,7 millj. kr. Á sama hátt er auðvelt að reikna að Hafnfirðingar hafi á þessum tíma greitt um 42,7 millj. kr., aðeins af Hitaveitunni í borgarsjóð, og Garðbæingar um 20 millj. kr. af Hitaveitu. Þannig fær borgarsjóður Reykjavíkur rúmlega 340 millj. kr. í beinar tekjur af þessum tveimur veitum á árinu 1989. Hér er því um verulega fjármuni að tefla sem fullkomlega er eðlilegt að önnur sveitarfélög fái að njóta í hlutfalli við notkunina í sveitarfélaginu.

Fylgiskjal.

AFGJALD BORGARSJÓÐS REYKJAVÍKUR

RAFMAGNSVEITA REYKJAVÍKUR

Allar tölur á verðlagi hvers árs

Ár	HEILDARAFGJALD	ÞAR AF HLUTI KÓPAVOGSBÚA	
1977	548.170	66.877	
1978	921.720	112.450	
1979	1.214.180	148.130	
1980	1.522.290	185.719	
1981	2.301.000	280.722	
1982	4.052.000	494.344	Framreiknað
1983	5.701.000	695.522	til núvirðis
1984	23.398.000	2.854.556	
1985	37.599.000	4.587.078	10.486.419
1986	51.462.000	6.278.364	11.556.825
1987	67.539.000	8.239.758	12.893.474
1988	157.740.000	19.244.280	24.059.817
1989	187.500.000	22.875.000	24.315.945
			83.312.479

HITAVEITA REYKJAVÍKUR

ÁR	HEILDARAFGJALD	ÞAR AF HLUTI KÓPAVOGSBÚA	
1979	890.660	79.447	
1980	1.288.980	114.977	
1981	1.929.750	172.134	
1982	2.882.051	257.079	Framreiknaðs
1983	6.620.230	590.525	til núvirðis
1984	11.701.020	1.043.731	
1985	19.232.004	1.715.495	3.921.755
1986	30.800.374	2.747.393	5.057.232
1987	52.038.245	4.641.811	7.263.450
1988	126.980.000	11.326.616	14.160.899
1989	156.290.000	13.941.068	14.257.910
			44.661.247

Þessar tölur eru teknar upp úr ársskýrslum viðkomandi stofnana. Hlutur Kópavogsbúa í rafmagnskaupum er reiknaður eftir notendahlutfalli sbr. ársskýrslu RR 1987.
Kópavogsbúar kaupa 8.92% af orku Hitaveitu Reykjavíkur.

SAMTALS UPPREIKNAÐ 127.973.726 krónur.

HITAVEITA REYKJAVÍKUR

ÁR	HEILDARAFGJALD Á verðlagi hvers árs	ÞAR AF HLUTUR HAFNFIRÐINGA Framreiknað til núvirðis
1985	19.232.004	3.750.160
1986	30.800.374	4.834.181
1987	52.038.245	6.946.819
1988	126.980.000	13.539.243
1989	156.290.000	13.638.162
		42.708.565

Hafnfirðingar kaupa 8,53% af orku Hitaveitu Reykjavíkur.

SAMTALS UPPREIKNAÐ 42.708.565 krónur.

Sþ. 183. Tillaga til þingsályktunar [166. mál]

um skólamáltíðir.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Alexander Stefánsson, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fram lagafrumvarp er tryggi að komið verði á máltíðum í hádegi í öllum grunnskólum landsins haustið 1990.

Greinargerð.

Vegna breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu hefur skipan máltíða í vaxandi mæli riðlast á heimilum á síðustu árum. Síaukinn fjöldi mæðra vinnur utan heimilis. Fjöldi barna á grunnskólaaldri gengur sjálfala mikinn hluta dagsins.

Mörg börn fá í hendur fjármuni í stað fæðu og fæðuval og neysluvenjur mótast um of af framboði söluskála í grennd við skóla. Oft er þar aðallega á boðstólum sælgæti, sætabrauð og gosdrykkir. Fæðan verður því vítamínsnauð og sykurneysla úr hófi, margfalt hærri en þekkist meðal grannþjóða okkar. Miklar tannskemmdir íslenskra barna eiga m.a. rætur að rekja til rangs mataræðis.

Of algengt er að börn borði ekki áður en þau fara í skóla á morgnana, og fá síðan ekki viðunandi máltíð í hádeginu. Fyrir börn og unglinga á vaxtarskeiði er ein máltíð á dag engan veginn nægjanleg. Talið er að börn þurfi auk morgunverðar tvær aðalmáltíðir á dag. Rétt fæðuval er sérstaklega mikilvægt fyrstu 15 árin en næringin hefur áhrif bæði á andlegan og líkamlegan þroska.

Skólinn er vinnustaður barnanna. Foreldrar fá í auknum mæli hádegisverð á vinnustað en börnin eru ekki alltaf tilleiðanleg til að taka með sér nesti í skólann. Helst eru það yngstu börnin, sem varla eru nema hálfan daginn í skóla, ýmist fyrir eða eftir hádegi, er hafa með sér smánesti, en skólarnir hafa þá gjarnan á boðstólum til sölu ýmiss konar drykkjarvörur og jógúrt. Spurning er hvort þessir nemendur fái góðan hádegisverð þegar heim kemur.

Tvísetning eykur enn meir á óreglu á matmálstíma á heimilum barnanna, en Ísland hefur nokkra sérstöðu hvað þetta snertir.

Tilraunir hafa verið gerðar með sölu á matarpökkum frá Mjólkursamsölunni, en þá vantaði m.a. starfsmenn í skólana til þess að annast þessa þjónustu. Sumum þótti þetta einnig dýr og leiðigjörn fæða.

Í Kópavogi hefur vel miðað að koma á skólamáltíðum.

Kannanir í Bandaríkjunum hafa leitt í ljós að færni og námsgeta barna sé að hluta háð því fæði sem þau neyta. Nauðsynlegt er því að skólinn stuðli að hollum lífsvenjum með áherslu á heilbrigðu líferni og góðri næringu.

Skólinn á að ganga á undan og virða þau manneldismarkmið sem Íslendingar hafa sett sér. Koma þarf upp skólaeldhúsum í flestum ef ekki öllum grunnskólum. Máltíðir þurfa að miðast við góða, holla og næringarríka fæðu. Víðast geta börnin borðað í skólastofunum.

Til greina kemur að miða við að hið opinbera greiði rekstrarkostnað vegna matmálstímanna sem og starfsmannahald og 25% hráefniskostnaðar.

Þingsályktunartillaga þessi gerir ráð fyrir að skólamáltíðum í hádegi verði komið á í grunnskólum haustið 1990. Framhaldsskólar þurfa síðan að fylgja í kjölfarið.

Fylgiskjal I.

Máltíðir í grunnskólum í Kópavogi.

Útdráttur úr erindi Heiðrúnar Sverrisdóttur, formanns skólanefndar Kópavogs, 3. nóv. 1989, hjá Manneldisfélagi Íslands.

Eftir bæjarstjórnarkosningarnar 1982 ákváðu þeir flokkar sem mynduðu meiri hluta bæjarstjórnar í Kópavogi að vinna að samfelldum skóladegi og að boðið yrði upp á máltíðir í skólum.

Árið 1981–1982 hafði verið gerð tilraun með skólamáltíðir í einum grunnskólanum. Það var svo í janúar 1983 sem ákveðið var að gera tilraun með skólamáltíðir í tveimur skólum. Strax haustið 1983 fóru hinir skólarnir eitthvað af stað með þessa þjónustu, en aðstaðan var mjög misjöfn. Lagt hefur verið kapp á að lagfæra húsnæði til að auðvelda þetta í framkvæmd, og er það orðið vel viðunandi í dag.

Framkvæmd er þannig að í sumum skólum eru matmæður. Þá er brauð smurt á staðnum og er auðvelt að breyta til eftir óskum nemenda. Bæjarfélagið greiðir starfsmönnum laun og 25% af hrásefniskostnaði. Í tveimur skólum vinna nemendur við að afgreiða matinn.

Sú skólanefnd sem nú situr hefur reynt með öllum ráðum að ýta undir að vel væri staðið að þessum málum og vandað væri til þess matar sem boðið er upp á. En það sem er á boðstólum í dag er súpur, jógúrt, kakó, samlokur og ávextir, svo eru seldir kaldir drykkir. Til að freista þess að hafa áhrif á hvaða drykkir væru seldir í skólum gerði skólanefndin eftirfarandi samþykkt samhljóða árið 1986:

„Skólanefndin álítur að skólar bæjarins eigi að hafa frumkvæði að bættum venjum barna með því að hafa aðeins til sölu ósykraða og lítið sykraða mjólkurdrykki og hreina ávaxtasafa. Enn fremur álítur nefndin að sætabrauð skuli ekki selt á vegum skólanna en áhersla lögð í staðinn á sölu brauða með áleggi og sölu ávaxta.“

Sumir skólamenn litu mjög jákvætt á þetta og sögðu þetta stuðning við það sem reynt væri að gera í skólum, öðrum fannst þetta óþarfa afskiptasemi og væri til ills eins að skólanefndin væri að skipta sér af því hvað blessuð börnin drykkju!

Í dag finnst öllum sjálfsagt að skólinn gangi á undan í þessum efnum og ekkert er kvartað yfir því þó gervisafinn sjáist þar ekki.

Rétt er að ræða um í þessu sambandi hvernig staðið er að heimilisfræðslunni í skólunum.

Skólanefndin ákvað 1986 að komið yrði upp í öllum skólum kennslueldhúsum og stefna sett á einn skóla á ári. Þetta hefur gengið eftir hjá okkur og 1990 verða þá allir skólanna með þokkalega aðstöðu til kennslunnar.

Manneldis- og neyslustefna.

Um miðjan mars síðastliðinn lagði heilbrigðisráðherra, Guðmundur Bjarnason, fram tillögu til þingsályktunar um manneldis- og neyslustefnu. Við stefnumörkun þessa eru manneldismarkmið fyrir Íslendinga lögð til grundvallar. Til að ná þeim markmiðum er bent á ýmsar aðgerðir sem ríkisstjórnin skuli beita sér fyrir á árunum 1990–2000. Af þessum aðgerðum má nefna t.d. að fella skal innlenda matvælaframleiðslu að settum manneldismarkmiðum. Á sama hátt á að beita tollum og sköttum. Efla á rannsóknir á sviði næringar og heilsu og eftirlit með matvælum. Auka á alla fræðslu á þessu sviði bæði innan skóla og utan. Nemendum í grunn- og framhaldsskólum á að gefast kostur á að borða í skólanum. Og síðast en ekki síst á að framkvæma mikla neyslukönnun hér á landi, en niðurstöður könnunarinnar verða síðan lagðar til grundvallar aðgerðum í manneldismálum.

Undirbúningur að neyslukönnuninni hefur þegar farið af stað og hefur dr. Laufey Steingrímsdóttir næringarfræðingur verið ráðin til að annast og bera ábyrgð á könnuninni.

Í tengslum við þingsályktunartillöguna hefur verið tekið saman viðamikið rit með ritgerðum 28 höfunda þar sem gerð er grein fyrir heilsufari íslensku þjóðarinnar almennt og markmiðum í heilbrigðismálum og rætt um áhrif mataræðis á heilsu fólks almennt og aðaldánarorsakir þjóðarinnar. Þá er í ritinu glöggt yfirlit um framleiðslu og neyslu og helstu áhrifavalda á því sviði. Rit þetta hefur fengið nafnið: „Manneldi og neysla“ og verður til sölu í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu á meðan birgðir endast. Auk þess verður það selt á aðalfundinum og kostar 700 kr.

Þess er að óska að þingsályktunartillaga þessi fái góðar undirtektir á Alþingi og verði samþykkt hið bráðasta.

Það þarf varla að minna félagsmenn á að þetta er í annað sinn í sögu félagsins sem umræðuefni á ráðstefnum félagsins hafa fengið áframhaldandi umfjöllun og komist á opinbera pappíra. Árið 1980 stóð Manneldisfélagið fyrir ráðstefnu undir heitinu „Manneldismarkmið“. Á árinu 1986 kynnti svo þáverandi heilbrigðisráðherra, Ragnhildur Helgadóttir, Manneldismarkmið fyrir Íslendinga. Haustið 1987 stóð félagið svo fyrir ráðstefnu undir heitinu: „Manneldisstefna á Íslandi“. Þetta færir okkur heim sanninn um það að þó að félagið láti lítið yfir sér þá hefur það sannanlega áhrif á stjórnun manneldismála hér á landi.

Fylgiskjal II.

Mataræði og tannheilsa.

Útdráttur úr erindi Magnúsar Gestssonar tannlæknis í heilbrigðisráðuneytinu, 3. nóv. 1989, hjá Manneldisfélagi Íslands.

Í Íslendingum skemmast fleiri tennur en í flestum öðrum þjóðum. Tannskemmdarstuðull 12 ára barna var árið 1986 mun hærri en á Norðurlöndunum og er svo enn. Það sést fljótt á

tönnum ef fæðuval, matarvenjur og tannhirða eru ekki í lagi. Breyttir þjóðfélagshættir, m.a. aukin sókn kvenna út á vinnumarkaðinn hafa leitt til þess að víða hérlendis hefur vönduðum heimilismáltíðum fækkað, sérstaklega á morgnana og í hádeginu. Aðrar þjóðir bregðast við sama vanda með skólamáltíðum en við með því að fjölga sjoppum enda sýna rannsóknir að Íslendingar fá 20% af orkuþörf sinni með neyslu sykurs, þegar æskilegt er talið að aðeins 10% komi úr sykri. Hluti sjoppufæðis, aðallega sykurs, í næringunni er því oft stór, ekki síst hjá börnum og unglingum, enda selt víða. Sjoppur eru ótrúlega margar hérlendis og auk þess er algengt að svonefnt sjoppufæði sé til sölu á ólíklegustu stöðum eins og t.d. bensínstöðvum, myndbandaleigum og sjúkrahúsum.

Í lauslegri athugun sem var gerð á fjölda sjoppa kom í ljós að ein sjoppa er á hverja 300–400 íbúa. Sums staðar er ein á hverja 100–200 íbúa. Í Reykjavík er ein sjoppa á hverja 170–180 íbúa. Til samanburðar má geta þess að í Helsingfors er ein sjoppa á hverja 1200 íbúa.

Víða á landinu virðist sjoppan vera miðstöð félagslífsins hjá yngri kynslóðinni. Við verðum að koma á skólamáltíðum og sjá um að börn og unglingar eigi kost á heppilegri næringu í félagsheimilum og íþróttahúsum í stað núverandi sjoppufæðis. Víðast hvar er t.d. erfitt að fá vatn að drekka í þessum stöðum, en sætir drykkir eru alls staðar til sölu.

Varla er opnaður svo nýr skóli að ekki sé sett upp sjoppa í næsta nágrenni, jafnvel í bráðabirgðahúsnæði á skólalóðinni ef ekki er annað hús til staðar fyrir. Sama er að segja um sundstaði og íþróttahús.

Sykur-, sælgætis- og gosdrykkjaneysla er mikil hérlendis og á hún stóran þátt í tannskemmdum Íslendinga. Íslendingar hafa í gegnum árin lagt megináherslu á viðgerðarþjónustu í heilbrigðismálum. Við notum stærsta hluta af kostnaði við tannlækningaþjónustu í viðgerðir. Danir nota t.d. um 40% af kostnaði við tannlækningaþjónustuna í viðgerðir og um 60% til forvarna. Það tekst vonandi að snúa þessu við eftir að ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja aukna áherslu á forvarnir undir forustu Guðmundar Bjarnasonar heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra.

Fylgiskjal III.

Heilbrigðisráðuneytið 1989:

MANNELDIS- OG NEYSLUSTEFNA

Hvers vegna manneldisstefna?

Reynslan hefur sýnt að ríkulegt framboð matvöru er ekki trygging fyrir æskilegri samsetningu fæðunnar. Þetta hefur komið glöggt í ljós meðal þjóða Vesturlanda, þar sem ýmiss konar sjúkdómar er tengjast fæðuvali aukast stöðugt þrátt fyrir ríkulegt framboð matvæla. Því er talin ástæða fyrir stjórnvöld að fylgjast með neyslunni og beina henni, ef ástæða er til, í heppilegri farveg með fræðslu og kynningu og beitingu stjórnvaldsaðgerða sem til þess eru fallnar.

Ekki er ætlunin að framfylgja neyslustefnunni með boðum og bönnum heldur jákvæðri fræðslu og upplýsingum fyrir almenning og góðri samvinnu við þá sem matvæli framleiða og einnig þá sem flytja matvæli til landsins.

Fyrirhugaðar aðgerðir.

Heilbrigðisráðuneytið stefnir að eftirfarandi aðgerðum til að bæta fæðuval og neysluvenjur Íslendinga:

a. Að innlend matvælaframleiðsla falli að settum manneldismarkmiðum. Sérstaka áherslu skal leggja á að draga úr sykur- og fituinnihaldi matvara og viðhalda jákvæðum þáttum íslenskrar matarheðar. Við innflutning matvara skal gætt sömu meginmarkmiða um sykur- og fituinnihald.
b. Að tekið sé mið af settum manneldismarkmiðum við ákvörðun tolla og skatta og hvers konar annarra opinberra aðgerða, sem hafa áhrif á verðlag matvæla, svo sem við ákvörðun niðurgreiðslna.
c. Að auka fræðslu í matreiðslu og almennt um manneldis- og neyslumál í grunnskólum og framhaldsskólum landsins.
d. Að efla nám í matvælaiðn, efla heimilisfræðikennslu og nám fyrir starfsmenn og stjórnendur mötuneyta, veitinga- og skyndibitastaða.
e. Að nemendur í grunn- og framhaldsskólum eigi kost á að borða í skólunum.
f. Að auka almenna fræðslu og kynningu um tengsl mataræðis og heilsu og hvers konar önnur næringarfræðileg efni.
g. Að áhersla sé lögð á almenna fræðslu um tengsl heilsufars og líkamlegrar hreyfingar.
h. Að haft sé strangt eftirlit með matvælum með tilliti til smithættu, aukefna og aðskotaefna sem hættuleg geta verið heilsu manna.
i. Að heilbrigðisráðherra láti gera heildarúttekt árið 1990 á fæðuvenjum þjóðarinnar. Þar komi fram m.a. hlutdeild einstakra matvara í daglegri fæðu fólks og magn einstakra næringarefna. Skýrsla um niðurstöður könnunarinnar skal lögð fyrir Alþingi þegar þær liggja fyrir. Niðurstöður neyslukönnunarinnar skulu lagðar til grundvallar aðgerðum í manneldismálum liðum a–h. Á árunum 1990–2000 skal gera smærri neysluathuganir í því skyni að fylgjast með þróun neyslunnar. Skulu niðurstöður slíkra athugana lagðar fyrir Alþingi. Í fyrsta sinn eigi síðar en árið 1996.
j. Að metin verði hlutdeild innlendrar matvælaframleiðslu í fæðu þjóðarinnar á grundvelli neyslukönnunarinnar. Niðurstöður þeirrar könnunar skulu lagðar til grundvallar við gerð áætlunar um æskilega og nauðsynlega hlutdeild innlendrar framleiðslu í heildarnæringarþörf þjóðarinnar. Sé þar tekið tillit til almennra hagkvæmnisjónarmiða og nýtingar innlendra auðlinda. Einnig sé tekið tillit til mataröryggis þjóðarinnar, ef aðflutningar teppast eða nauðsynleg öflun matvæla erlendis frá er hindruð með öðrum hætti.
k. Að efldar verði rannsóknir á sviði næringar og heilsu svo og innlendar matvælarannsóknir.
l. Að endurskoðuð sé stefnumótun í manneldis- og neyslumálum með hliðsjón af nýrri þekkingu á hverjum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á áratug.

Manneldismarkmiðin.

Við mótun manneldisstefnunnar eru manneldismarkmið Manneldisráðs Íslands lögð til grundvallar.

Einstakar greinar markmiðanna eru eftirfarandi:

1. Orkuefni.

Heildarneysla orkuefna sé miðuð við að viðhalda eðlilegri líkamsþyngd.

Á síðari tímum hefur orðið sú breyting á lifnaðarháttum þorra manna að mikil líkamleg áreynsla við vinnu er úr sögunni. Því þarf að draga úr orkumagni fæðisins í samræmi við það. Samt sem áður þarf að fást í daglegu fæði jafnmikið af steinefnum og flestum vítamínum eins

og áður, ásamt fæðutrefjum sem kyrrsetumenn mega síst án vera. Því er ráðlegt að skerða hlut orkuauðugra og bætiefnasnauðra fæðutegunda, svo sem sætra og feitra matvæla.

Kostir þess að orkuefni fæðunnar gefi einungis næga orku til viðhalds störfum líffæranna og orkukræfra athafna eru einkum að með því er komið í veg fyrir ofeldi og spornað við þeim kvillum sem því fylgja.

2. Kolvetni.

Hæfilegt er að úr kolvetnum fáist 50–60% af orkunni, einkum úr kornmat, grænmeti og ávöxtum, þar af ekki yfir 10% úr sykri.

Samkvæmt könnun Manneldisráðs 1979–1980 gaf sykur um 19% að meðaltali af heildarorku fæðisins. Draga þarf stórlega úr sykurneyslu en auka að miklum mun hlut sterkju sem fæst úr kornmat, baunum, kartöflum og í minna mæli úr öðrum garðávöxtum.

Kostir þess að auka hlut sterkjuauðugra fæðutegunda eru einkum að þeim fylgja mikilvæg bætiefni og fæðutrefjar. Kím og híðishlutar korntegundanna geyma megnið af vítamínum, steinefnum og trefjaefnum sem þar er að finna og auk þess fituefni af bestu gerð. Því þarf að leggja áherslu á að velja korntegundir sem ekki hafa verið sviptar þessum bætiefnum, svo sem haframjöl, rúgmjöl og heilhveiti.

Kostir þess að skerða sykurneyslu eru einkum að með því dregur úr hættu á tannskemmdum, einnig fá þá fjölþættari fæðutegundir stærri hlutdeild í heildarneyslunni.

3. Fita.

Fituneysla fari ekki yfir 35% af heildarorkunni og fitan verði mýkri.

Til þess að ná þessu marki má draga úr neyslu kjötfitu, mjólkurfitu og harðrar jurtafeiti en nota þess í stað mjúka fitu. Gott er að auka neyslu á fiski, fiskolíum og annarri mjúkri fitu. Mælt er með að skerða fituneyslu að mun. Samkvæmt könnun Manneldisráðs 1979–1980 gaf fita að meðaltali 41% af orkumagni fæðisins, en æskilegt hlutfall er innan við 35%. Því markmiði skal ná með því að draga úr notkun feitra kjöt- og mjólkurafurða, spara feitt viðbit og takmarka fitunotkun við daglega matreiðslu. Jafnframt er ráðlagt að auka fiskolíur í fæði og nota jurtaolíur í matreiðslu, fitu sem storknar ekki í kæliskáp, en takmarka hlut harðrar fitu svo sem kostur er. Kostir þess að minnka heildarmagn fitu í fæði eru einkum að með því er mögulegt að auka hlut fæðutegunda sem auðugri eru af bætiefnum en gefa minni orku, færri kaloríur. Fæðið verður með því fullkomnara og leiðir síður til ofeldis.

Kostir þess að nota mjúka fitu en sniðganga harða felast í mismunandi eiginleikum fitutegunda. Mjúk fita, rík af fjölómettuðum fitusýrum lækkar fremur kólesteról í blóði en í harðri fitu eru fitusýrur sem hafa gagnstæð áhrif, auka kólesteról í blóði og þar með hættu á hjarta- og æðasjúkdómum.

4. Hvíta (protein).

Hæfilegt er að hvíta veiti að minnsta kosti 10% orkunnar.

Nægileg og fullkomin hvíta fæst úr innlendum fæðutegundum: fiski, kjöti, mjólkurmat og eggjum. Í neyslukönnun Manneldisráðs 1979–1980 fengust að meðaltali 16% af orku fæðisins úr hvítu. Þess ber að gæta að í fæðutegundum auðugum af hvítu eru mörg önnur efni, líkamanum nauðsynleg, svo sem járn í kjöti, kalk í mjólkurmat og hollar fitusýrur í fiski. Því má ekki ganga of langt í að takmarka neyslu þessara fæðutegunda.

5. Matarsalt.

Talið er að mikil saltneysla geti átt þátt í að auka háþrýsting.

Of hár blóðþrýstingur er einn af áhættuþáttum hjarta- og æðasjúkdóma. Því er mælt með að takmarka saltneyslu með því að sneiða hjá saltmeti og takmarka salt í matreiðslu og við borðhald að því marki að dagsneysla sé undir 8 grömmum.

6. D-vítamín.

Samkvæmt neyslukönnun Manneldisráðs 1979–1980 var að meðaltali of lítið af D-vítamíni í daglegu fæði landsmanna, miðað við ráðlagða dagskammta. Ráðlagt er að bæta úr því með lýsisneyslu. Í einni teskeið (5 ml) af þorskalýsi fæst dagskammtur af D-vítamíni og að auki fjölómettuð fita.

D-vítamín er nauðsynlegt til þess að kalkið í fæðunni skili sér inn í efnaskipti líkamans (frásogist) og nýtist við myndun og viðhald beinvefs, þar á meðal tanna. Fleiri efnaferlar eru háðir D-vítamíni og kalkbúskap líkamans. Af ufsalýsi þarf aðeins hálfa teskeið til þess að fá dagskammt af D-vítamíni, en sé það notað skerðast fiskolíurnar að sama skapi. Í lýsispillum er D-vítamín en lítið af fiskolíum.

Þess ber að gæta að óhófsneysla A- og D-vítamína getur verið skaðleg, t.d. ef margra vítamínauðugra meðala er neytt samtímis að staðaldri.

7. Fæðuval.

Stefnt skal að sem fjölbreyttustu fæðuvali úr eftirfarandi fæðuflokkum í þeim hlutföllum orkuefna sem að framan greinir:

— Kornmat.
— Mjólkurmat.
— Grænmeti og ávöxtum.
— Kjöti, fiski og eggjum.

Engin ein fæðutegund hversu holl sem hún er talin inniheldur í hæfilegum hlutföllum öll þau næringarefni sem nauðsynleg eru. Því getur einhæft fæði aukið líkur á að einhver næringarefni skorti.

Með fjölþættu vali fæðutegunda er unnt að gera fæðisáætlanir sem uppfylla kröfur um alhliða næringu.

Ed. 184. Frumvarp til laga [74. mál]

um breyting á lánsfjárlögum fyrir árið 1989, nr. 12/1989.

(Eftir 2. umr. í Ed., 21. nóv.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 1. gr. laganna:

a. Í stað „5.135.000“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: 6.035.000.
b. Í stað „5.300.000“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: 11.300.000.
c. Við bætist ný málsgrein svohjóðandi:

Fjármálaráðherra er heimilt að endurlána Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina allt að 900.000 þús. kr. af þeirri fjárhæð sem um getur í 1. málsl. 1. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Í stað „900.000“ í 7. gr. laganna komi: 1.350.000.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 185. Frumvarp til laga [53. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 21. nóv.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Allison, Allan, leiðbeinandi í Vestmannaeyjum, f. 16. apríl 1951 í Englandi.
2. Annisius, Jane Matheson, hjúkrunarfræðingur á Húsavík, f. 5. maí 1953 í Skotlandi.
3. Annisius, Marta Melek, barn á Húsavík, f. 22. desember 1984 í Tyrklandi.
4. Annisius, Ómar Mehmet, barn á Húsavík, f. 22. desember 1984 í Tyrklandi.
5. Banine, Abdesselam, trésmiður í Kópavogi, f. 9. janúar 1939 í Marokkó.
6. Beraquit, Annie Belmonte, ljósmyndari í Reykjavík, f. 2. júlí 1961 á Filippseyjum.
7. Bogatynska, Stanislawa Janina Holcer, hagfræðingur í Reykjavík, f. 7. janúar 1919 í Póllandi. Fær réttinn 10. mars 1990.
8. Borghildur Gunnlaugsdóttir, verkakona í Keflavík, f. 4. febrúar 1951 í Njarðvík.
9. Crivello, Antonie Théodore, framkvæmdastjóri á Egilsstöðum, f. 26. mars 1949 í Frakklandi.
10. Daglas, Samir Fathi Ahmad, verslunarmaður í Hafnarfirði, f. 28. maí 1964 í Palestínu.
11. Daníel Vincent Antonsson, nemandi á Egilsstöðum, f. 17. október 1975 á Íslandi.
12. Darling, Robert Albert, tónlistarkennari í Hveragerði, f. 5. febrúar 1955 í Englandi.
13. Halvorson, Leif David, nemandi í Mosfellsbæ, f. 27. ágúst 1969 í V-Þýskalandi.
14. Hansen, Lars, dýralæknir í Rangárvallasýslu, f. 23. apríl 1958 á Íslandi.
15. Harrison, Robert Leslie, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 22. júní 1939 í Englandi.
16. Haugen, Anni Guðný, félagsráðgjafi í Reykjavík, f. 14. september 1950 í Noregi.
17. Holbrook, William Peter, tannlæknir í Reykjavík, f. 17. febrúar 1949 í Englandi.
18. Holm, Unnur Agnes, verkakona á Suðureyri, f. 26. maí 1966 í Reykjavík.
19. Hurlen, Hildur Tordis, húsmóðir í N-Þingeyjarsýslu, f. 18. apríl 1943 í Noregi.
20. Ingham, Julie Ann, skólastjóri í Reykjavík, f. 5. september 1959 í Englandi.
21. Jacobsen, Davíð, barn í Hafnarfirði, f. 15. ágúst 1988 á Indlandi.
22. Letelier, Roxanna Angélica Morales, gangastúlka á Akureyri, f. 25. júní 1947 í Chile.
23. Martino, Anthony, nemandi í Reykjavík, f. 26. október 1966 í Keflavík.
24. Martino, Dwight Alexander, nemandi í Reykjavík, f. 12. október 1971 í Keflavík.
25. Nielsen, Snjólaug Elísabet, afgreiðslumaður í Reykjavík, f. 23. júní 1966 í Kópavogi.
26. Peterson, Connie Marie, barn á Neskaupstað, f. 27. desember 1985 í Bandaríkjunum.
27. Peterson, Peter Kjartan, barn á Neskaupstað, f. 13. maí 1987 í Reykjavík.
28. Sigurður William Brynjarsson, nemandi á Patreksfirði, f. 20. ágúst 1975 í Keflavík.
29. Sigurður Kristófer Óskarsson, barn í Reykjavík, f. 5. október 1988 á Indlandi.
30. Steinunn Ruth Guðmundsdóttir, barn á Selfossi, f. 14. desember 1987 á Indlandi.
31. Sörensen, Ruth Bredahl, matráðskona á Akureyri, f. 4. febrúar 1941 í Danmörku.
32. Thompson, Richard Erik, sjómaður á Þingeyri, f. 21. júlí 1968 í Bandaríkjunum.
33. Yonkova, Asia Ilianova, nemandi í Reykjavík, f. 30. ágúst 1965 í Búlgaríu. Fær réttinn 7. febrúar 1990.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá

er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 186. Frumvarp til laga [51. mál]

um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

(Eftir 2. umr. í Ed., 21. nóv.)

I. KAFLI

Gildissvið laganna.

1. gr.

Lög þessi taka til hvers konar kerfisbundinnar skráningar og annarrar meðferðar á persónuupplýsingum. Lögin eiga við hvort heldur sem skráning er vélræn eða handunnin. Lögin taka til skráningar af hálfu atvinnurekenda, fyrirtækja, félaga, stofnana og til skráningar á vegum opinberra aðila.

Með kerfisbundinni skráningu upplýsinga er átt við söfnun og skráningu ákveðinna og afmarkaðra upplýsinga í skipulagsbundna heild.

Með persónuupplýsingum er átt við upplýsingar sem varða einkamálefni, fjárhagsmálefni eða önnur málefni einstaklinga, stofnana, fyrirtækja eða annarra lögpersóna sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.

Ákvæði laganna eiga við um upplýsingar um einkamálefni er varða tiltekinn aðila, þótt hann sé ekki nafngreindur, ef hann er sérgreindur með nafnnúmeri, kennitölu eða öðru skráningarauðkenni sem unnt er að persónugreina með eða án greiningarlykils.

2. gr.

Skráning samkvæmt lögum nr. 30/1956 og skráning í þágu ættfræðirannsókna og æviskrárrita fellur utan marka laga þessara.

II. KAFLI

Almennar reglur um heimild til skráningar.

3. gr.

Kerfisbundin skráning persónuupplýsinga, er 1. gr. tekur til, er því aðeins heimil að skráningin sé eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila og taki einungis til þeirra er tengjast starfi hans eða verksviði, svo sem viðskiptamanna, starfsmanna eða félagsmanna.

4. gr.

Óheimilt er að skrá eftirtaldar upplýsingar er varða einkamálefni einstaklinga:

a. upplýsingar um litarhátt, kynþátt, stjórnmálaskoðanir og trúarbrögð,
b. upplýsingar um það hvort maður hafi verið grunaður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað,
c. upplýsingar um kynlíf manna og heilsuhagi, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun,
d. upplýsingar um veruleg félagsleg vandamál,
e. upplýsingar um svipuð einkalífsatriði og greinir í a–d.

Skráning upplýsinga þeirra, er greinir í 1. mgr., er heimil standi til þess sérstök heimild samkvæmt öðrum lögum. Þá er skráning upplýsinga skv. 1. mgr. og heimil ef hinn skráði hefur sjálfur látið upplýsingar í té eða upplýsinga er aflað með samþykki hans. Það er skilyrði slíkrar skráningar að upplýsinga sé aflað við þær aðstæður að hinum skráða geti eigi dulist að ætlunin er að skrá viðkomandi upplýsingar.

Þótt skilyrðum 2. mgr. sé eigi fullnægt getur tölvunefnd heimilað skráningu upplýsinga þeirra er greinir í 1. mgr. ef ótvírætt er að skráningaraðila sé brýn nauðsyn vegna starfsemi sinnar að skrá upplýsingarnar. Tölvunefnd bindur heimild til slíkrar skráningar þeim skilyrðum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni.

III. KAFLI

Um aðgang að skráðum upplýsingum.

5. gr.

Án sérstakrar heimildar í öðrum lögum er eigi heimilt að skýra frá upplýsingum þeim sem nefndar eru í 1. mgr. 4. gr. nema með samþykki hins skráða eða einhvers er heimild hefur til að skuldbinda hann.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar getur tölvunefnd þó heimilað að skýra megi frá upplýsingum þeim er greinir í 1. mgr. 4. gr. ef sýnt er fram á að brýnir almannahagsmunir eða hagsmunir einstaklinga, þar með taldir hagsmunir hins skráða, krefjist þess. Skal þá ótvírætt að þörfin á að fá upplýsingarnar vegi þyngra en tillitið til þess að þeim sé haldið leyndum.

Öðrum upplýsingum, sem falla undir ákvæði laga þessara en þeim sem nefndar eru í 1. mgr. 4. gr., er því aðeins heimilt að skýra frá án samþykkis hins skráða að slík upplýsingamiðlun sé eðlilegur þáttur í venjubundinni starfsemi skráningaraðilans.

Án sérstakrar lagaheimildar er eigi heimilt að skýra frá upplýsingum um atvik sem eldri eru en fjögurra ára nema sýnt sé fram á að aðgangur að upplýsingunum geti haft úrslitaþýðingu við mat á tilteknu atriði sem upplýsingarnar tengjast.

Heimilt er að skýra frá upplýsingum ef eigi er unnt að rekja þær til ákveðinna einstaklinga eða lögpersóna.

Samtenging skráa.

6. gr.

Eigi er heimilt að tengja saman skrár er falla undir ákvæði laga þessara nema um sé að ræða skrár sama skráningaraðila. Með sama aðila er hér átt við sama einstakling, fyrirtæki, félag eða stofnun hins opinbera. Með samtengingu skráa er jafnt átt við vélræna sem handunna færslu upplýsinga milli skráa.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að tengja við skrá upplýsingar um nafn, nafnnúmer, kennitölu, fyrirtækjanúmer, heimilisfang, aðsetur og póstnúmer enda þótt slíkar upplýsingar séu sóttar í skrár annars aðila.

Tölvunefnd getur veitt undanþágu frá samtengingarbanni 1. mgr. ef fullnægt er skilyrðum þeim, sem fram koma í 2.–4. mgr. 5. gr., um heimild tölvunefndar til að veita aðgang að skráðum upplýsingum. Skal þá ótvírætt að þeir hagsmunir, sem ætlunin er að vernda með samtengingunni, vegi þyngra en tillitið til hagsmuna hinna skráðu. Tölvunefnd getur bundið heimild til samtengingar nánari skilyrðum, þar með talið skilyrðum um það hvernig upplýsingarnar verði notaðar og að skýra beri hinum skráða frá því að samtenging kunni að fara fram.

7. gr.

Heimilt er að veita lækni eða tannlækni, er hefur mann til læknismeðferðar, upplýsingar úr sjúkraál sjúkrahúss eða öðrum sjúklingaskrám varðandi hinn skráða. Þá er og heimilt, þegar læknir á í hlut, að veita upplýsingar um aðra menn, einkum vandamenn hins skráða, þegar slíkt er talið skipta máli vegna læknismeðferðar á hinum skráða manni.

8. gr.

Nú sýnir tiltekinn aðili fram á að honum sé þörf á ákveðnum skráðum upplýsingum, er falla undir ákvæði laga þessara, vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja og getur tölvunefnd þá heimilað að þeim er slíka hagsmuni hefur verði látnar upplýsingarnar í té, enda sé þá ótvírætt að þörfin á því að fá upplýsingarnar vegi þyngra en tillitið til þess að upplýsingunum verði haldið leyndum. Þetta á þó ekki við um upplýsingar sem þagnarskylda ríkir um samkvæmt sérstökum lagaákvæðum.

IV. KAFLI

Um rétt skráðra aðila.

9. gr.

Telji aðili að persónuupplýsingar um hann séu færðar í tiltekna skrá getur hann óskað þess við skrárhaldara að honum sé skýrt frá því sem þar er skráð. Er skylt að verða við þeim tilmælum án ástæðulausrar tafar.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef hagsmunir hins skráða af því að fá vitneskju um efni upplýsinga þykja eiga að víkja að nokkru eða öllu fyrir ótvíræðum almannahagsmunum eða einkahagsmunum, þar með töldum hagsmunum hins skráða sjálfs. Ef svo er háttað um nokkurn hluta upplýsinga, en eigi aðra, skal beiðanda veitt vitneskja um þá hluta sem eigi þykir varhugavert að skýra frá.

10. gr.

Um skyldu læknis til þess að afhenda sjúkraskrá, alla eða að hluta, sjúklingi eða forráðamanni hans, fer eftir ákvæðum læknalaga nr. 53 frá 19. maí 1988.

11. gr.

Ákvæði 9. gr. taka ekki til skrár eða skráningar sem einvörðungu er stofnað til í þágu tölfræðilegra útdrátta. Tölvunefnd getur einnig ákveðið að aðrar skrár séu undanþegnar ákvæðum þessum ef ætla má að ákvæði 2. mgr. 9. gr. muni hafa í för með sér að tilmælum um upplýsingar úr slíkum skrám verði almennt hafnað.

12. gr.

Upplýsingar skv. 9. gr. skulu veittar skriflega ef þess er óskað. Skrárhaldari skal verða við tilmælum skráðs aðila og skýra honum frá því sem um hann er skráð sem fyrst og eigi síðar en innan tveggja vikna frá því að krafa um slíkt kom fram, en skýra ella hinum skráða skriflega frá ástæðum þess að tilmælum hans hefur eigi verið sinnt.

Ef skrárhaldari hafnar kröfum aðila um að skýra frá efni skráðra upplýsinga, sbr. ákvæði 1. og 2. mgr. 9. gr., er skrárhaldara skylt að vekja athygli hins skráða á rétti hans til þess að bera ágreininginn undir úrlausn tölvunefndar, sbr. ákvæði 13. gr.

13. gr.

Heimilt er að bera ágreining um rétt til aðgangs að upplýsingum samkvæmt þessum kafla laganna undir tölvunefnd sem úrskurðar um ágreininginn.

14. gr.

Nú telur skráður aðili að upplýsingar um hann í skrám, er lög þessi taka til, séu rangar eða villandi. Getur hann þá krafist þess að sá er ábyrgur er fyrir skráningu færi þær í rétt horf, afmái þær eða bæti við þær, eftir því sem við á hverju sinni. Hið sama gildir ef aðili telur að á skrá séu upplýsingar sem eigi er heimilt að skrásetja eða upplýsingar sem eigi hafa lengur þýðingu.

Nú neitar sá sem ábyrgur er fyrir skrá að fallast á kröfu um leiðréttingu skv. 1. mgr. eða hefur eigi svarað slíkri kröfu innan fjögurra vikna frá því að hún sannanlega kom fram og getur hinn skráði þá óskað þess við tölvunefnd að nefndin kveði á um það hvort og að hvaða marki taka beri til greina kröfu hans um að leiðrétta upplýsingarnar eða afmá þær. Fallist tölvunefnd á kröfu manns um að afmá eða leiðrétta upplýsingar leggur hún fyrir skrárhaldara að afmá upplýsingarnar eða leiðrétta þær.

Í neitun skrárhaldara skv. 2. mgr. um leiðréttingu eða afmáun rangra eða villandi upplýsinga skal hinum skráða gerð grein fyrir því að ágreining í þeim efnum geti hann borið undir tölvunefnd.

Þegar um upplýsingar um fjárhagsmálefni og lánstraust skv. V. kafla er að ræða skal skrárhaldari senda án tafar öllum þeim, er fengið hafa slíkar upplýsingar frá honum síðustu sex mánuði, svo og hinum skráða, skriflega leiðréttingu. Hinn skráði skal og fá í hendur greinargerð frá skrárhaldara um hverjir hafi móttekið rangar upplýsingar og hverjum leiðréttingar hafi verið sendar. Tölvunefnd getur, þegar um aðrar upplýsingar er að ræða, lagt fyrir skrárhaldara að senda öllum þeim skriflega tilkynningu um leiðréttinguna er á síðustu sex mánuðum, áður en krafa um leiðréttingu kom fram, fengu rangar upplýsingar úr skrá. Skrárhaldari skal þá jafnframt upplýsa hinn skráða um það hverjir fengið hafa tilkynningu um slíka leiðréttingu.

Þegar sérstaklega stendur á getur tölvunefnd ákveðið að skylda skrárhaldara skv. 4. mgr. til þess að senda skriflega leiðréttingu er taki til lengri tíma en síðustu sex mánaða áður en krafa um leiðréttingu kom fram.

V. KAFLI

Skráning upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust.

15. gr.

Söfnun og skráning upplýsinga, sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga og lögpersóna, í því skyni að miðla öðrum upplýsingum um það efni, er óheimil án starfsleyfis er tölvunefnd veitir. Þeim einum má veita starfsleyfi sem að mati tölvunefndar er líklegur til að geta uppfyllt skyldur skrárhaldara samkvæmt lögum þessum.

16. gr.

Starfsleyfishafa skv. 15. gr. er einungis heimilt að skrá upplýsingar sem eðli sínu samkvæmt geta haft þýðingu við mat á fjárhag og lánstrausti hins skráða. Aldrei er heimilt að taka í slíka skrá upplýsingar þær sem nefndar eru í 1. mgr. 4. gr. laganna.

Upplýsingar um fjárhagsmálefni og lánstraust, sem eldri eru en fjögurra ára, er óheimilt að skrá eða miðla nema ótvírætt sé að viðkomandi upplýsingar hafi verulega þýðingu við mat á fjárhag eða lánstrausti hins skráða. Áður en slíkar upplýsingar eru skráðar eða þeim miðlað skal það tilkynnt viðkomandi aðila og honum gefinn kostur á að gera athugasemdir innan tiltekins frests frá móttöku tilkynningar. Skal sá frestur að lágmarki vera ein vika frá móttöku tilkynningar. Beri aðili fram andmæli er skráning eða miðlun upplýsinga aðeins heimil að fengnu samþykki tölvunefndar.

17. gr.

Eigi er heimilt að færa í skrá samkvæmt kafla þessum aðrar upplýsingar en nafn manns eða fyrirtækis, heimilisfang, kennitölu, nafnnúmer, fyrirtækjanúmer, stöðu og atvinnu eða aðrar upplýsingar sem hægt er að fá úr opinberum skrám án þess að skýra hinum skráða frá því.

Ef önnur atriði en þau sem greind eru í 1. mgr. eru tekin á skrá ber starfsleyfishafa að skýra skráðum aðila, sem í fyrsta skipti er tekinn á skrá, frá því innan fjögurra vikna frá skráningu og greina honum frá heimild hans til þess að fá skýrslu um efni skráningar, sbr. 18. gr.

18. gr.

Nú telur aðili að upplýsingar um hann séu skráðar skv. 15. gr. og er starfsleyfishafa þá skylt að skýra aðila sem fyrst, og eigi síðar en innan tveggja vikna frá því krafa kom fram um slíkt, frá því sem þar er skráð og því mati sem starfsleyfishafinn hefur látið frá sér fara á síðustu sex mánuðum varðandi hagi beiðanda.

Ef starfsleyfishafi skv. 15. gr. hefur í vörslum sínum frekari upplýsingar um hinn skráða en þær sem beiðni skv. 1. mgr. lýtur að er honum skylt að gera beiðanda grein fyrir þeim og jafnframt fyrir rétti hins skráða aðila til þess að fá að kynna sér efni skrár af eigin raun.

Hinn skráði aðili getur gert kröfu til þess að fá skrifleg svör skv. 1. mgr. frá skrárhaldara, en skráður aðili á eigi kröfu til þess að honum sé skýrt frá hvaðan upplýsingar eru fengnar.

19. gr.

Upplýsingar um fjárhag og atriði, er varða mat á lánstrausti, má aðeins láta öðrum í té skriflega, sbr. þó 1. og 2. mgr. 18. gr. Þegar fastir viðskiptavinir eiga í hlut er þó heimilt að veita almennar upplýsingar munnlega eða á annan svipaðan hátt, en nafn og heimilisfang fyrirspyrjanda skal þá skráð og gögn um það varðveitt í a.m.k. sex mánuði.

Upplýsingarit um fjárhagsmálefni og lánstraust mega aðeins geyma almennar upplýsingar og þau má aðeins senda til áskrifenda. Áður en starfsleyfishafi birtir nafn tiltekins aðila í slíku upplýsingariti skal starfsleyfishafi að eigin frumkvæði tilkynna viðkomandi aðila skriflega um það að upplýsingar um hann muni birtast í næstu útgáfu ritsins.

Upplýsingar um skuldastöðu manna má því aðeins veita öðrum að um sé að ræða almennt aðgengilegar upplýsingar eða gjaldfallna skuld eða skuldir sama aðila við tiltekinn kröfuhafa sem eru a.m.k. 20.000,00 kr. eða hærri og skuldari hefur með aðfararhæfri sátt fallist á að greiða eða verið dæmdur til greiðslu hennar eða önnur réttargerð hafin til fullnustu hennar. Dómsmálaráðherra getur að fenginni umsögn tölvunefndar breytt með reglugerð framangreindri fjárhæð.

Upplýsingar um skuldastöðu aðila má ekki veita með þeim hætti að þær geti verið grundvöllur mats á fjárhagslegri stöðu annars en þess er upplýsingarnar varðar.

20. gr.

Um leiðréttingu eða afmáun rangra og villandi upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust gilda ákvæði 14. gr.

VI. KAFLI

Nafnalistar og nafnáritanir. Markaðs- og skoðanakannanir.

21. gr.

Sala eða önnur afhending úr skrám á nöfnum og heimilisföngum tiltekinna hópa einstaklinga, stofnana, fyrirtækja eða félaga er óheimil án starfsleyfis sem tölvunefnd veitir. Þá er og óheimilt án slíks starfsleyfis að annast um fyrir aðra áritanir nafna og heimilisfanga, svo sem með límmiðaáritun, eða aðra útsendingu tilkynninga til þeirra sem greinir í fyrri málslið þessarar málsgreinar.

Starfsleyfishafi skv. 1. mgr. má aðeins hafa á skrám sínum eftirtaldar upplýsingar:

1. nafn, heimilisfang, kennitölu, nafnnúmer, fyrirtækjanúmer og starf,
2. upplýsingar sem almennur aðgangur er að í opinberum skrám, svo sem fyrirtækjaskrám.

Dómsmálaráðherra getur, að fenginni umsögn tölvunefndar, í reglugerð reist frekari skorður við því hvað greina megi í skrám þessum.

Ef skrá skv. 21. gr. er notuð til áritunar og útsendingar bréfa, tilkynninga, dreifirita eða þess háttar er skylt að fram komi á áberandi stað á útsendu efni að því sé dreift eftir skrá í

vörslu viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar. Enn fremur að þeir sem kynnu að óska eftir því að losna undan slíkum sendingum framvegis geti skrifað eða hringt til þessa aðila og fengið nöfn sín afmáð af útsendingarskrá.

Skylt er skrárhaldara að verða tafarlaust við beiðnum um að nöfn einstaklinga eða fyrirtækja séu máð af útsendingarskrá, sbr. 1. mgr. Ef beiðni um að má nafn af útsendingarskrá berst sendanda ofangreinds pósts er honum skylt að koma slíkri kröfu á framfæri við skrárhaldara.

Tölvunefnd getur sett reglur um merkingar skv. 1. mgr.

23. gr.

Nú fær skrárhaldari skv. 21. gr. í hendur félagaskrár eða skrár yfir fasta viðskiptamenn eða svipaðar skrár og er honum þá óheimilt án samþykkis þess sem afhent hefur gögnin að láta þau af hendi við aðra eða skýra öðrum frá upplýsingum sem í skránum eða gögnunum felast.

24. gr.

Þeir sem í atvinnuskyni annast markaðs- og skoðanakannanir um atriði, sem falla undir ákvæði laga þessara, skulu hafa til þess starfsleyfi, sem tölvunefnd veitir. Starfsleyfishafi skal, a.m.k. sjö sólarhringum áður en könnun er framkvæmd, senda tölvunefnd lýsingu á fyrirhugaðri könnun ásamt spurningalista.

Öðrum en starfsleyfishöfum skv. 1. mgr. er óheimilt að annast kannanir þær, sem um ræðir í 1. mgr., án heimildar tölvunefndar.

Þeim sem annast markaðs- og skoðanakannanir skv. 1. og 2. mgr. ber við framkvæmd könnunar að gæta eftirtalinna atriða:

a. Gera skal þeim sem spurður er grein fyrir því að honum sé hvorki skylt að svara einstökum spurningum né spurningalistanum í heild.
b. Ef svör eru ekki eyðilögð að könnun lokinni skulu þau geymd þannig frágengin að ekki megi rekja þau til ákveðinna aðila.
c. Aldrei skal spyrja annarra spurninga en þeirra sem hafa greinilegan tilgang með hliðsjón af viðfangsefni því sem verið er að kanna.
d. Óheimilt er að nota upplýsingar þær, sem skráðar hafa verið, til annars en þess sem var tilgangur könnunar.
e. Óheimilt er að veita öðrum aðgang að upplýsingum þeim sem skráðar hafa verið.

Tölvunefnd setur frekari skilyrði um framkvæmd slíkra kannana, meðferð og varðveislu gagna ef hún telur það nauðsynlegt.

VII. KAFLI

Um tölvuþjónustu.

25. gr.

Þeim sem annast tölvuþjónustu fyrir aðra er óheimilt án starfsleyfis, sem tölvunefnd veitir, að varðveita eða vinna úr eftirtöldum upplýsingum um einkamálefni:

a. upplýsingum sem falla undir ákvæði 1. mgr. 4. gr.,
b. upplýsingum sem falla undir ákvæði V. kafla,
c. upplýsingum sem falla undir ákvæði 3. mgr. 6. gr.

Með tölvuþjónustu er átt við sérhvern starfsþátt í sjálfvirkri gagnavinnslu með tölvutækni.

Starfsleyfishafa skv. 1. mgr. er, án samþykkis frá skráreiganda, óheimilt að nota upplýsingar þær, sem hann hefur veitt viðtöku, til annars en að framkvæma þá þjónustu sem samningur hans og skráreiganda varðar eða afhenda öðrum upplýsingarnar til vinnslu eða

geymslu. Þegar sérstaklega stendur á, svo sem vegna skyndilegrar bilunar í tölvubúnaði, er aðila þó heimilt að láta framkvæma tölvuvinnslu hjá öðrum enda þótt síðargreindi aðilinn hafi ekki starfsleyfi til slíkrar vinnslu. Gögnin og vinnslan skulu þó eftir sem áður vera á ábyrgð þess sem upphaflega tók að sér verkið að því er varðar ákvæði laga þessara.

Starfsleyfishafa er skylt að beita viðeigandi ráðstöfunum til þess að koma í veg fyrir að upplýsingar verði misnotaðar eða þær komist í hendur óviðkomandi. Dómsmálaráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um vörslu og meðferð tölvugagna hjá þeim sem annast tölvuþjónustu fyrir aðra.

26. gr.

Starfsmenn í þjónustu starfsleyfishafa skv. 25. gr. eru þagnarskyldir um atriði sem þeir komast að við störf sín og skulu þeir undirrita þagnarheit áður en þeir taka til starfa.

Nú vinnur tölvuþjónustufyrirtæki, sem ekki er rekið af opinberum aðila, að verkefnum fyrir slíkan aðila og eru starfsmenn þess þá þagnarskyldir um þau atriði, sem þeir komast að við framkvæmd verkefnisins, með sama hætti og þeir opinberu starfsmenn sem unnið hafa að því. Brot starfsmanns varðar, þegar svo stendur á, refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga.

VIII. KAFLI

Söfnun upplýsinga hér á landi til úrvinnslu erlendis.

27. gr.

Kerfisbundin söfnun og skráning persónuupplýsinga hér á landi til geymslu eða úrvinnslu erlendis er óheimil. Tölvunefnd getur þó heimilað hana ef sérstaklega stendur á.

Skrá eða frumgögn, sem geyma upplýsingar þær sem greinir í 1. mgr. 4. gr., má eigi láta af hendi til geymslu eða úrvinnslu erlendis nema samþykki tölvunefndar komi til.

Leyfi skv. 1. og 2. mgr. má því aðeins veita að tölvunefnd telji að afhending skráa eða gagna skerði ekki til muna þá vernd sem lög þessi búa skráðum mönnum eða lögpersónum.

Dómsmálaráðherra getur, að fenginni umsögn tölvunefndar, ákveðið í reglugerð að ákvæði 1. og 2. mgr. eigi ekki við um tilteknar skrár eða upplýsingasvið eða gagnvart tilteknum löndum ef slíkt er nauðsynlegt til efnda á þjóðréttarskuldbindingum eða tillit til alþjóðlegrar samvinnu á þessu sviði mælir með því.

IX. KAFLI

Skráning upplýsinga og varðveisla þeirra.

28. gr.

Beita skal virkum ráðstöfunum er komi í veg fyrir að upplýsingar séu misnotaðar eða komist til óviðkomandi manna.

Afmá skal skráðar upplýsingar sem vegna aldurs eða af öðrum ástæðum hafa glatað gildi sínu miðað við það hlutverk sem skrá er ætlað að gegna. Skrár, sem sífellt eru í notkun, skulu geyma upplýsingar sem á hverjum tíma eru réttar, en úreltar upplýsingar skal afmá.

Tölvunefnd getur leyft að afrit eða útskriftir úr skrám verði varðveittar í Þjóðskjalasafni eða öðrum skjalasöfnum með nánari ákveðnum skilmálum.

29. gr.

Nú geyma tilteknar skrár upplýsingar sem líklegt þykir að muni hafa notagildi fyrir erlend ríki og skal þá koma við öryggisráðstöfunum sem gera kleift að eyðileggja skrár án tafar ef styrjöld brýst út eða uggvænt þykir að til styrjaldarátaka komi.

X. KAFLI

Um eftirlit með lögum þessum.

30. gr.

Til þess að hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim skal dómsmálaráðherra skipa fimm manna nefnd sem kölluð er tölvunefnd í lögum þessum. Nefndina skal skipa til fjögurra ára í senn. Formaður nefndarinnar, varaformaður og einn nefndarmaður að auki skulu vera lögfræðingar. Formaður og varaformaður skulu fullnægja skilyrðum til að vera dómari. Einn nefndarmanna skal vera sérfróður um tölvu- og skráningarmálefni. Hann skal tilnefndur af Skýrslutæknifélagi Íslands. Varamenn skal skipa með sama hætti til fjögurra ára í senn og skulu þeir fullnægja sömu skilyrðum og aðalmenn.

Tölvunefnd er að höfðu samráði við dómsmálaráðherra heimilt að ráða nefndinni nauðsynlegt starfslið.

31. gr.

Tölvunefnd hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara. Nefndin hefur að eigin frumkvæði, eða eftir ábendingum frá skráðum aðilum, eftirlit með því að til skráningar sé stofnað og skrár notaðar með þeim hætti sem fyrir er mælt í lögum þessum. Tölvunefnd veitir, eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum, starfsleyfi, heimildir eða samþykki til einstakra athafna. Þá úrskurðar nefndin í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma.

Úrlausnir tölvunefndar samkvæmt lögum þessum verða eigi bornar undir aðrar stjórnvaldsstofnanir.

32. gr.

Tölvunefnd getur krafið skrárhaldara og þá er á hans vegum starfa allra þeirra upplýsinga sem nefndinni eru nauðsynlegar til þess að rækja hlutverk sitt, þar með taldar upplýsingar til ákvörðunar um það hvort tiltekin starfsemi falli undir ákvæði laganna.

Tölvunefnd og starfslið hennar hefur vegna eftirlitsstarfa sinna án dómsúrskurðar aðgang að húsnæði þar sem skráning fer fram eða þar sem skráningargögn eru varðveitt eða þau eru til vinnslu.

33. gr.

Tölvunefnd getur lagt fyrir aðila að hætta skráningu eða láta ekki öðrum í té upplýsingar úr skrám sínum eða gögnum, enda gangi skráning eða upplýsingagjöf í berhögg við ákvæði laga þessara að mati tölvunefndar. Þá getur tölvunefnd og, að sömu skilyrðum fullnægðum, mælt svo fyrir að upplýsingar í skrám verði afmáðar eða skrár í heild sinni eyðilagðar.

Tölvunefnd getur lagt fyrir skráningaraðila að afmá skráningu um einstök atriði eða leiðrétta hana, enda sé um atriði að ræða sem annaðhvort er óheimilt að taka á skrá eða tölvunefnd telur röng eða villandi.

Tölvunefnd getur lagt fyrir skráningaraðila að afmá eða leiðrétta upplýsingar sem skráðar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara ef skráning þeirra gengur í berhögg við ákvæði laga þessara eða upplýsingarnar eru rangar eða villandi.

Tölvunefnd getur, ef sérstaklega stendur á, lagt fyrir skráningaraðila að afmá upplýsingar sem vegna aldurs eða af öðrum ástæðum hafa glatað gildi sínu.

Tölvunefnd getur bannað skráningaraðila að viðhafa tiltekna aðferð við söfnun og skráningu upplýsinga og miðlun þeirra, enda telji nefndin að sú aðferð, sem viðhöfð er, hafi í för með sér verulega hættu á að skráning eða upplýsingamiðlun verði röng eða villandi. Sömu heimild hefur tölvunefnd ef hún telur hættu á að teknar verði á skrá eða miðlað verði úr skrám upplýsingum sem óheimilt er að skrá eða miðla.

Tölvunefnd getur lagt fyrir skráningaraðila að koma við sérstökum úrræðum til tryggingar því að eigi verði tekin á skrá atriði sem óheimilt er að skrá eða miðlað verði upplýsingum um slík atriði. Hinu sama gegnir um atriði sem eru röng eða villandi. Með sama hætti getur tölvunefnd lagt fyrir skráningaraðila að koma við ráðstöfunum til tryggingar því að skráðar upplýsingar verði ekki misnotaðar eða komist til vitundar óviðkomandi aðila.

Ef aðili sinnir eigi fyrirmælum tölvunefndar skv. 1.–6. mgr. þessarar greinar getur tölvunefnd afturkallað starfsleyfi, samþykki eða heimild sem hún hefur veitt samkvæmt ákvæðum laga þessara þar til úr hefur verið bætt að hennar mati með fullnægjandi hætti.

34. gr.

Dómsmálaráðherra getur í reglugerð kveðið á um samstarf tölvunefndar við erlendar eftirlitsstofnanir um geymslu eða úrvinnslu hér á landi á gögnum er safnað hefur verið erlendis, þar á meðal um sérstaka tilkynningarskyldu á slíku.

35. gr.

Tölvunefnd getur sett reglur um form og efni tilkynninga og umsókna samkvæmt lögum þessum.

Nú er tölvunefnd ætlað að veita starfsleyfi samkvæmt lögum þessum eða samþykki til einstakra aðgerða og er henni þá heimilt að binda starfsleyfið eða samþykkið skilyrðum eða tímabinda það.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið gjald er greiða skal fyrir veitingu starfsleyfa og einstakra heimilda.

36. gr.

Tölvunefnd skal árlega birta skýrslu um starfsemi sína. Í skýrslunni skal birta yfirlit yfir þau starfsleyfi, samþykki og heimildir sem nefndin hefur veitt, reglur sem hún hefur sett og úrskurði sem hún hefur kveðið upp. Í ársskýrslunni skal og greina frá þeirri starfsemi nefndarinnar annarri sem ætla má að almenningur láti sig varða eða hafi hagsmuni af að vita.

XI. KAFLI

Um refsingar og önnur viðurlög.

37. gr.

Brot á eftirtöldum ákvæðum laga þessara varða fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum:

a. brot á 3.–6. gr.,
b. brot á 9. og 12. gr.,
c. brot á 2. og 4. mgr. 14. gr.,
d. brot á 15.–20. gr.,
e. brot á 21.–24. gr.,
f. brot á 26., 27. og 1. mgr. 32. gr.

Sömu refsingu varðar að vanrækja að fara að fyrirmælum tölvunefndar skv. 33. gr.

Sömu refsingu varðar enn fremur að virða ekki skilyrði sem sett eru fyrir starfsleyfi, heimild eða samþykki samkvæmt lögum þessum eða stjórnvaldsreglum settum samkvæmt þeim, svo og að sinna ekki boði eða banni sem sett hefur verið samkvæmt lögunum eða stjórnvaldsreglum settum samkvæmt þeim.

Dæma má lögaðila jafnt sem einstaklinga til greiðslu sekta vegna brota á lögum þessum. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans.

Hafi starfsmaður lögaðilans framið brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda skv. 38. gr., enda sé brot drýgt til hagsbóta fyrir lögðaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda séu brot tengd starfi hans hjá lögðaðilanum.

38. gr.

Starfsleyfishafa skv. 15., 21., 24. og 25. gr. má auk refsingar skv. 37. gr. með dómi svipta starfsleyfi ef sök er mikil. Að öðru leyti eiga hér við ákvæði 1. og 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Gera má upptæk með dómi tæki sem stórfelld brot á lögum þessum hafa verið framin með, svo og hagnað af broti, sbr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

39. gr.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

XII. KAFLI

Lagaframkvæmd og gildistaka.

40. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

Sþ. 187. Svar [123. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Hreggviðs Jónssonar um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Með fyrirspurninni er óskað upplýsinga um hvernig álagning sérstaks skatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði 1989 skiptist á milli kjördæma. Einnig er óskað upplýsinga um fjölda aðila sem álagningin nær til í hverju kjördæmi um sig.

Til svars fyrirspurninni hafa verið teknar saman eftirfarandi upplýsingar:

	Skattur	*Fjöldi*
Reykjavík	349.065.300 kr.	1.232
Reykjaneskjördæmi	60.410.770 kr.	437
Vesturlandskjördæmi	6.672.030 kr.	92
Vestfjarðakjördæmi	5.246.030 kr.	85
Norðurlandskjördæmi vestra	5.567.280 kr.	68
Norðurlandskjördæmi eystra	19.604.560 kr.	150
Austurlandskjördæmi	4.567.680 kr.	48
Suðurlandskjördæmi	13.023.810 kr.	112
	464.157.460 kr.	2.224

Sþ. **188. Svar** [17. mál]

ráðherra Hagstofunnar við fyrirspurn Hreggviðs Jónssonar um eignarskatt á Norðurlöndum.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Er eignarskattur af íbúðarhúsnæði í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð mismunandi eftir eignaformi, þ.e. einkaeign, félagaeign eða opinberri eign?*
2. *Hversu hár er eignarskattur í hverju þessara landa fyrir sig og með hvaða hætti er hann reiknaður?*
3. *Hvernig er eignarskattsstofn íbúðarhúsnæðis ákvarðaður af hinu opinbera í þessum löndum? Eru til opinberar skrár um allt íbúðarhúsnæði í þessum löndum?*

Hagstofa Íslands hefur ekki þau gögn sem nauðsynleg eru til að svara fyrirspurninni. Fyrirspurnin var því send fjármálaráðuneytinu og er eftirfarandi svar fengið frá því:

1. Eignarskattur í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð er mismunandi eftir því hvort um er að ræða eignir einstaklinga annars vegar eða lögaðila hins vegar. Eignir ríkis, sveitarfélaga, opinberra stofnana og annarra opinberra aðila eru almennt undanþegnar eignarskatti með nokkrum undantekningum, einkum þegar opinberir aðilar hafa með höndum atvinnurekstur svipaðs eðlis og einstaklingar og lögaðilar. Eignarskattur af íbúðarhúsnæði reiknast eftir sömu reglum og eignarskattur af öðrum eignum nema annað sé sérstaklega tekið fram.
2. Í öllum fyrrgreindum löndum miðast eignarskattsstofn almennt við skattskylda nettóeign gjaldanda í lok almanaksárs. Eignarskattur hjóna reiknast í öllum löndunum almennt af samanlögðum eignarskattsstofni hjónanna. Skatthlutföll og útreikningur eignarskatts er að öðru leyti með eftirfarandi hætti:

a. *Danmörk:*

Eignarskattur af eignum einstaklinga reiknast á þann hátt að af fyrstu 1.329.900 d.kr. greiðist enginn eignarskattur en af eignarskattstofni umfram það greiðist 2,2% eignarskattur. Enginn eignarskattur er lagður á eignir lögaðila.

b. *Finnland:*

Eignarskattur af eignum einstaklinga reiknast á þann hátt að af fyrstu 1.000.000 f.mk. greiðist 500 f.mk., en af eignarskattsstofni umfram 1.000.000 f.mk. greiðist 0,9% eignarskattur. Frá eignarskattsstofni af íbúðarhúsnæði til eigin nota er veittur frádráttur og nemur hann 40% af fyrstu 125.000 f.mk. af verðmæti þess. Frá eignarskattsstofni hjóna er veittur frádráttur að fjárhæð 50.000 f.mk. auk 10.000 f.mk. fyrir hvert barn undir 16 ára aldri á framfæri þeirra. Eignir barna eru skattlagðar með eignum foreldra eða þess foreldris sem hefur forsjá þeirra. Eignarskattur af eignum lögaðila er 1,0% af eignarskattsstofni. Heimilt er að lækka eignarskatt lögaðila ef eignarskattsstofn nemur eigi hærri fjárhæð en 50.000 f.mk. Lögaðilar eru undanþegnir eignarskatti ef eigendur þeirra greiða eignarskatt af hlutdeild sinni í þeim.

c. *Noregur:*

Eignarskattur er lagður á eignir einstaklinga í fjórum þrepum. Gerður er munur á því hvort einstaklingur er með aðra á framfæri sínu eða ekki og reiknast eignarskattur á eftirfarandi hátt í norskum krónum:

	Einstaklingur með aðra á framfæri	*Einstaklingur með engan á framfæri*	
af fyrstu	110.000	115.000	greiðist 0,2%
af næstu	240.000	235.000	greiðist 0,6%
af næstu	355.000	355.000	greiðist 0,9%
af því sem umfram er			greiðist 1,3%

Persónufrádráttur frá eignarskattsstofni einstaklings með aðra á framfæri er 150.000 n.kr. en einstaklings með engan á framfæri 120.000 n.kr. Frádráttur vegna sparnaðar í formi hlutabréfakaupa, skuldabréfakaupa og innleggs á sparifjárreikninga er 60.000 n.kr. frá eignarskattsstofni einstaklings með aðra á framfæri en 30.000 n.kr. frá eignarskattsstofni einstaklings með engan á framfæri. Eignarskattur af eignum lögaðila er 0,3% af eignarskattsstofni.

d. *Svíþjóð:*

Eignarskattur er lagður á eignir einstaklinga í fjórum þrepum og reiknast á eftirfarandi hátt í sænskum krónum:

af eignarskattsstofni	0 til	400.000	greiðist 0,0%
af eignarskattsstofni	400.000 til	600.000	greiðist 1,5%
af eignarskattsstofni	600.000 til	800.000	greiðist 2,0%
af eignarskattsstofni	800.000 til	1.800.000	greiðist 2,5%
af eignarskattsstofni	1.800.000 og hærra		greiðist 3,0%

Eignir barna eru skattlagðar með eignum foreldra nema skattskyldar tekjur barns nemi 100 s.kr. eða meira. Enginn eignarskattur er lagður á eignir lögaðila. Tímabundinn eignarskattur er þó lagður á eignir líftryggingafélaga og lífeyrissjóða og nemur hann 7,0% af eignarskattsstofni umfram 10.000.000 s.kr. miðað við árslok 1986.

3. Eignarskattur af íbúðarhúsnæði í áðurgreindum löndum miðast almennt við opinbert fasteignamat. Samkvæmt upplýsingum Húsnæðisstofnunar ríkisins munu vera til opinberar skrár um allt íbúðarhúsnæði í löndunum fjórum en í misjafnlega aðgengilegu formi.

Þessar upplýsingar eiga einungis við um einstaklinga og lögaðila með heimilisfesti í því landi sem eignarskattur er álagður og miðast við 1. júní 1989.

Ed. 189. Frumvarp til laga [167. mál]

um Námsgagnastofnum.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

1. gr.

Hlutverk Námsgagnastofnunar er að sjá grunnskólum fyrir sem bestum og fullkomnustum náms- og kennslugögnum. Uppeldis- og kennslufræðileg markmið Námsgagnastofnunar eru í samræmi við lög um grunnskóla og aðalnámsskrá.

Heimilt er að fela Námsgagnastofnun að annast verkefni, hliðstæð þeim sem tilgreind eru í lögum þessum, fyrir framhaldsskóla.

Stofnunin skal hafa samstarf við þá aðila sem vinna að stefnumörkun, rannsóknum og þróunarverkefnum í skólastarfi og menntun kennara.

Námsgagnastofnun heyrir undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Menntamálaráðherra skipar til þriggja ára í senn níu manna námsgagnastjórn og jafnmarga til vara:

a. fjóra fulltrúa tilnefnda af Bandalagi kennarafélaga og skulu tveir þeirra starfa á grunnskólastigi,
b. einn fulltrúa tilnefndan af Kennaraháskóla Íslands,
c. einn fulltrúa tilnefndan af Háskóla Íslands,
d. einn fulltrúa tilnefndan af foreldrafélagi,
e. einn fulltrúa tilnefndan af fræðslustjórum,
f. einn fulltrúa tilnefndan af menntamálaráðherra.

Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna og ákveður laun stjórnarinnar.

3. gr.

Námsgagnastofnun gerir fjárhags- og framkvæmdaáætlanir til allt að fimm ára. Námsgagnastjórn staðfestir áætlanir og fylgist með framkvæmd þeirra. Námsgagnastjórn ber ábyrgð á starfsemi og fjárreiðum stofnunarinnar og ræður starfslið hennar að fengnum tillögum forstjóra, sbr. þó 4. gr. laga þessara.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn að fengnum tillögum námsgagnastjórnar. Hann á sæti á fundum stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétt og sér um framkvæmd á ákvörðunum hennar. Forstjóri annast daglega stjórn og fjárreiður stofnunarinnar.

5. gr.

Starfsemi Námsgagnastofnunar skiptist í deildir í samræmi við verkefni hennar, sbr. ákvæði í reglugerð.

Verkefni stofnunarinnar eru í megindráttum þessi:

Stofnunin annast gerð útgáfu, framleiðslu og dreifingu á náms- og kennslugögnum miðað við íslenskar þarfir og aðstæður. Hún kaupir og framleiðir fræðslumyndir eða er aðili að gerð þeirra.

Stofnunin annast kynningar- og fræðslustarfsemi fyrir skóla um námsgögn og kennslutæki.

Hún kaupir, selur og dreifir náms- og kennslugögnum frá öðrum aðilum.

Stofnunin hefur með höndum þróun námsgagna, kannanir og rannsóknir á gerð þeirra og notkun.

Námsgagnastofnun er heimilt að hafa þau náms- og kennslugögn, sem hún framleiðir, til sölu á frjálsum markaði.

6. gr.

Nemendur í skyldunámi skulu fá ókeypis námsgögn til eignar eða afnota samkvæmt ákvörðun námsgagnastjórnar.

Námsgagnastofnun sér um að námsgögn berist skólum á tilskyldum tíma samkvæmt gildandi úthlutunarreglum sem námsgagnastjórn setur.

Afgreiðsla og uppgjör miðast við fjölda nemenda í hverjum aldursflokki samkvæmt opinberum skýrslum.

7. gr.

Kostnaður við starfsemi Námsgagnastofnunar greiðist úr ríkissjóði og af eigin tekjum stofnunarinnar sem eingöngu má verja í þágu þeirra verkefna sem þessi lög mæla fyrir um.

8. gr.

Námsgögn sem stofnunin framleiðir eða útvegar grunnskólum skulu vera sem vönduðust að innihaldi og útliti og uppfylla almenn skilyrði grunnskólalaga og aðalnámsskrár. Vafamálum geta aðilar, sem hlut eiga að máli, skotið til úrskurðar menntamálaráðuneytisins. Ráðuneytið setur nánari reglur um meðferð slíkra mála.

9. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um lög þessi og framkvæmd þeirra.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 45/1979, um Námsgagnastofnun.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er að stofni til samhljóða gildandi lögum um Námsgagnastofnun, nr. 45 1979. Það miðar fyrst og fremst að því að laga löggjöf um stofnunina að þeirri þróun sem orðið hefur í námsefnisútgáfu og námsgagnagerð á síðustu tíu árum. Verði frumvarpið að lögum er rennt styrkari stoðum undir starfsemi Námsgagnastofnunar sem auðveldar henni að gegna því hlutverki að sjá grunnskólum fyrir sem bestum náms- og kennslugögnum.

Í janúar sl. skipaði menntamálaráðherra nefnd til að fjalla um Námsgagnastofnun. Í nefndinni áttu sæti: Ásgeir Guðmundsson námsgagnastjóri og Sylvía Guðmundsdóttir sérkennslufulltrúi, tilnefnd af Námsgagnastofnun, Birna Sigurjónsdóttir yfirkennari og Gunnlaugur Ástgeirsson kennari, tilnefnd af Bandalagi kennarafélaga, Maríanna Jónasdóttir viðskiptafræðingur, tilnefnd af fjármálaráðherra, Hrólfur Kjartansson deildarstjóri og Gerður G. Óskarsdóttir, ráðunautur menntamálaráðherra, bæði frá menntamálaráðuneytinu, og var Gerður G. Óskarsdóttir formaður nefndarinnar.

Nefndinni var m.a. falið að meta starfsemi stofnunarinnar, yfirfara lög um Námsgagnastofnun, nr. 45/1979, og reglugerð og gera tillögur um breytingar á þeim á grundvelli matsins.

Frumvarpið er ein þeirra tillagna sem nefndin setti fram í ítarlegri skýrslu í júní síðastliðnum.

Meginbreytingarnar frá gildandi lögum um Námsgagnastofnun sem frumvarpið felur í sér eru þessar:

- Níu manna námsgagnastjórn í stað sjö manna. Fulltrúi tilnefndur af Háskóla Íslands og fulltrúi foreldrafélags bætast við.
- Forstjóri skipaður til fimm ára í senn.
- Deildaskipting og skipulag starfseminnar ákveðið í reglugerð.
- Auknar skyldur stofnunarinnar í þróun námsgagna með könnunum og rannsóknum á gerð þeirra og notkun.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í fyrstu málsgrein er vísað til grunnskólalaganna í heild þar sem uppeldis- og kennslufræðileg markmið sem varða Námsgagnastofnun koma víðar fram en 2. gr. grunnskólalaganna. Þá er vísað til aðalnámsskrár grunnskóla sem m.a. felur í sér viðmiðanir um námsefni, viðfangsefni nemenda og námsgögn.

Felld er niður heimild um að Námsgagnastofnun annist alhliða þjónustu fyrir skóla- og almenningsbókasöfn.

Á undanförnum árum hafa verið starfandi tvær þjónustumiðstöðvar fyrir bókasöfn annars vegar Skólasafnamiðstöð Reykjavíkur, sem starfar á vegum Skólaskrifstofu Reykjavíkur og hins vegar Þjónustumiðstöð bókasafna sem er sjálfseignarstofnun sem starfar á vegum Bókavarðafélags Íslands og Félag bókasafnsfræðinga. Skólasafnamiðstöð í Reykjavík þjónar eingöngu skólasöfnum í skólum borgarinnar og nokkuð er um að skólar leiti til Þjónustumiðstöðvar bókasafna.

Gert er ráð fyrir að fræðsluskrifstofur aðstoði skólasöfn við skráningu og öflun gagna. Kemur þetta m.a. fram í frumvarpi til laga um grunnskóla og í tillögum nefndar um kennslugagnamiðstöðvar við fræðsluskrifstofur sem nýlega skilaði niðurstöðum sínum.

Mikilvægt er að fram fari athugun á því hvort ekki væri hagkvæmt að koma skráningu bóka á einn stað á landinu. Því er ekki talin ástæða að byggja upp og veita umrædda þjónustu í Námsgagnastofnun þar sem hún tengist ekki beinlínis starfsemi stofnunarinnar.

Efnisatriði í 2. gr. gildandi laga eru felld inn í 3. mgr. 1. gr. og 3. mgr. 5. gr.

Um 2. gr.

Meginbreytingar á skipan stjórnar eru tvær. Það er fjölgað í stjórninni um tvo fulltrúa og skipunartími er styttur um eitt ár.

Í stað þess að hin ýmsu félög skólamanna tilnefni í stjórn er gert ráð fyrir að Bandalag kennarafélaga sem er samstarfsvettvangur kennarasamtakanna tilnefni fjóra fulltrúa í stjórnina.

Þá er bætt við tveimur fulltrúum í stjórnina annars vegar frá Háskóla Íslands og hins vegar frá foreldrafélagi.

Kennaranám fer víðar fram en í Kennaraháskóla Íslands og m.a. er kennaranám við Háskóla Íslands orðið fjölbreyttara en áður var og umfjöllun um námsefni orðin þar fastur liður. Með breytingum á námi í uppeldisfræði, t.d. með tilkomu náms til meistaragráðu má búast við að meiri áhersla verði lögð á umfjöllun um námsefni en nú er gert. Með hliðsjón af þessu og 2. mgr. 1. gr. er lagt til að Háskóli Íslands eigi einn fulltrúa í stjórn. Ekki er óeðlilegt að kennaramenntunarnefnd Háskóla Íslands tilnefni þann fulltrúa.

Talið er mikilvægt að foreldrar eigi fulltrúa í námsgagnastjórn.

Heildarsamtök foreldrafélaga eru ekki til hér á landi en algengt er að foreldrafélög séu starfandi við einstaka skóla. Í Reykjavík hafa foreldrafélög bundist samtökum - SAMFOK - samtök foreldra- og kennarafélaga í Reykjavík. Ekki er eðlilegt að samtök foreldra í einu fræðsluumdæmi tilnefni fulltrúa í stjórnina. Á meðan landssamtök foreldrafélaga eru ekki til er gert ráð fyrir að valið verði foreldrafélag sem tilnefni fulltrúa í stjórn og verði það í hendi ráðherra fyrst um sinn til hvaða félags verði leitað.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að stofnunin geri áætlanir til allt að fimm ára er síðan verði staðfestar af námsgagnastjórn. Í 8. gr. gildandi laga er gert ráð fyrir að stjórnin geri framkvæmdaáætlanir. Í

frumvarpinu er reiknað með að þær áætlanir séu unnar af starfsmönnum stofnunarinnar en stjórnin staðfesti þær.

Með breytingunni er í raun verið að staðfesta starfsvenjur í stofnuninni sem gefist hafa vel.

Um 4. gr.

Við ráðningar yfirmanna að opinberum stofnunum hefur víða verið tekin upp sú stefna að ráða þá til ákveðins árafjölda. Lög margra stofnana hafa verið endurskoðuð og í flestum tilvikum hefur reglum um ráðningartíma yfirmanna verið breytt. Hér er farin sú leið sem algeng er. Þá er embættisheiti yfirmanns breytt með tilliti til þess að í Námsgagnastofnun er unnið að fjölmörgum öðrum verkefnum, og nafnið auk þess óþjált í notkun.

Um 5. gr.

Ekki þykir ástæða til að tilgreina nákvæmlega í lögum um skipan stofnunarinnar í deildir eða að tilgreina nákvæmlega hvaða verkefni eru í hverri deild. Í greininni eru tilgreind öll meginverkefni stofnunarinnar og tekið tillit til starfseminnar hin síðari ár. Hér er gert ráð fyrir að stofnunin geti keypt, selt og dreift gögnum frá öðrum framleiðendum. Í greininni er gert ráð fyrir að stofnunin annist þróun námsgagna, kannanir og rannsóknir á gerð og notkun þeirra og er hér um nýmæli að ræða. Mikilvægt er að þessi verkefni haldist í hendur við meginverkefni stofnunarinnar.

Gert er ráð fyrir að nákvæmari útfærsla á starfseminni, deildaskipting og verksvið deilda, verði sett í reglugerð.

Um 6. gr.

Breytingar eru gerðar með hliðsjón af starfsvenjum og reynslu síðustu ára. Öll meginatriði greinarinnar eru óbreytt frá gildandi lögum.

Um 7. gr.

Óbreytt ákvæði 1. mgr. 8. gr. gildandi laga.

Um 8. gr.

Í 8. gr. eru ítrekaðar viðmiðanir sem er að finna í grunnskólalögum og aðalnámsskrá og stofnuninni er skylt að hafa að leiðarljósi sbr. 1. gr. Gert er ráð fyrir að ágreinings- og álitamálum sem upp kunna að koma verði skotið til menntamálaráðuneytisins.

Fellt er út heimildarákvæði í 9. gr. gildandi laga til handa skólum um notkun á námsgögnum og um veitingu viðurkenninga ráðuneytisins á námsefni frá öðrum útgefendum. Eðlilegra er að ákvæði um þessi atriði standi í grunnskólalögum.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

10. gr. gildandi laga er felld brott. Varðveisla gamalla skólagagna er þýðingarmikið verkefni sem tryggja verður einhvern ákveðinn farveg til frambúðar, t.d. í samvinnu Þjóðminjasafns og byggðasafna.

Í Námsgagnastofnun hefur ekki verið unnið að varðveislu gamalla skólagagna enda engin sérstök fjárveiting veitt til þess verkefnis. Þá er húsnæði til slíks safns ekki fyrir hendi í stofnuninni.

Stofnunin hefur varðveitt flestar útgáfur sínar frá upphafi og afgreitt til Landsbókasafnsins samkvæmt reglum þar um.

Sþ. 190. Tillaga til þingsályktunar [168. mál]

um forkönnun Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins á alþjóðlegum varaflugvelli á Íslandi.

Flm.: Geir H. Haarde, Halldór Blöndal, Ingi Björn Albertsson, Guðmundur H. Garðarsson, Pálmi Jónsson, Hreggviður Jónsson, Kristinn Pétursson, Eggert Haukdal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að heimila Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins án tafar að hefja forkönnun á mögulegri staðsetningu og gerð alþjóðlegs varaflugvallar á Íslandi.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt í þinglok á síðasta vori en hlaut eigi afgreiðslu og er því endurflutt nú lítt breytt. Málefni þetta kom þó oftar en einu sinni til umræðu á síðasta þingi og var á ný til umræðu í sameinuðu þingi hinn 9. nóv. sl. í tilefni af fyrirspurn frá Guðmundi H. Garðarssyni, 14. þm. Reykv.

Fyrir ári bar fyrsti flutningsmaður tillögunnar fram fyrirspurn um málið til utanríkisráðherra og óskaði skriflegs svars. Því var útbýtt á Alþingi 8. des. í fyrra. Í svari ráðherra sagði m.a.: „Þetta mál er nú til vandlegrar athugunar í utanríkisráðuneytinu og liggur næst fyrir að taka þarf ákvörðun um hvort heimiluð verði forkönnun í samvinnu við Atlantshafsbandalagið með svipuðum hætti og dönsk stjórnvöld hafa heimilað að því er Grænland varðar. Sú ákvörðun verður tekin þegar niðurstöður þessara athugana liggja fyrir."

Tæpu ári síðar svarar utanríkisráðherra sambærilegri fyrirspurn Guðmundar H. Garðarssonar munnlega þannig: „Forræði þessa máls er í höndum utanríkisráðherra eins og upplýst hefur verið og um það segi ég það eitt á þessu stigi málsins að ég mun taka mínar ákvarðanir að athuguðu máli, könnun á öllum staðreyndum og málsatvikum, þegar ég tel það tímabært."

Ekkert kom hins vegar fram í máli ráðherra um það hvernig þeirri „athugun" hefði miðað sem hann sagði í fyrra að væri þá hafin. Verður að teljast mjög undarlegt að athugun á þessu máli skuli hafa farið fram í svo langan tíma án þess að fyrir liggi nokkur niðurstaða.

Hinn 10. febr. á þessu ári barst utanríkisráðherra bréf frá Manfred Wörner, framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins, varðandi þetta mannvirki og birti ráðherra bréfið opinberlega. Í því kemur m.a. fram að „flugvöllur sá sem tillaga liggur fyrir um muni á engan hátt gegna hernaðarhlutverki á friðartímum. Flugvöllurinn yrði mannaður og starfræktur af óbreyttum borgurum og ekki talinn herflugvöllur nema á stríðstímum."

Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn., tók málið upp utan dagskrár á Alþingi 20. febr. sl. og spurði utanríkisráðherra m.a. að því hvort hann hygðist veita umbeðna heimild til forkönnunar og þá hvenær. Í ítarlegri ræðu ráðherra um málið kom fram eftirfarandi svar við þessari spurningu: „Svarið við því er að ég mun kynna málið rækilega í ríkisstjórn og utan hennar. Að því loknu mun ég taka um það ákvörðun, en það liggur ekki á að taka þessa ákvörðun því við höfum til þess allgóðan tíma. En ef ég að lokinni mjög rækilegri umræðu um málið hef ekki sannfærst um hið gagnstæða hyggst ég heimila að könnunin fari fram."

Utanríkisráðherra las einnig í ræðu sinni við þetta tækifæri minnisblað um málið sem hann lagði fram á ríkisstjórnarfundi skömmu áður. Í niðurlagi þessa minnisblaðs segir svo: „Augljóst er að niðurstöður ítarlegrar úttektar á mögulegri staðsetningu fullkomins alþjóðlegs flugvallar eru íslenskum stjórnvöldum mikils virði án tillits til þess hvort bygging slíks flugvallar yrði leyfð. Því þarf *ríkisstjórnin* að taka leyfisveitingu til slíkrar könnunar til málefnalegrar umfjöllunar og *ákvörðunar*."

Í minnisblaðinu, sem lagt var fyrir ríkisstjórnina í febrúar, segir ráðherrann sem sé að ríkisstjórnin þurfi að taka leyfisveitingu til forkönnunar til ákvörðunar. Þetta orðalag vekur óneitanlega upp spurningar þótt ráðherrann hafi hins vegar síðar í ræðu sinni hinn 20. febr. svarað spurningu Matthíasar Á. Mathiesens um það hvar ákvörðunarvald í þessu máli liggi með þessum hætti: „Ég tel ekki aðeins að mér sé heimilt að taka afstöðu til óska bandalagsins um að framkvæma forkönnun á hugsanlegum möguleikum á staðsetningu varaflugvallar hér á landi um leið og sama könnun fer fram á öðrum stöðum, þ.e. Grænlandi eða Færeyjum hugsanlega. Mér er skylt að taka afstöðu til þessa máls og tilkynna Atlantshafsbandalaginu svar mitt. Ég mun að sjálfsögðu kynna málið áfram og ræða það málefnalega og rækilega innan ríkisstjórnarinnar við samstarfsaðila svo sem eðlileg vinnubrögð bjóða í stjórnarsamstarfi. En forræði málsins er í mínum höndum að því er þetta varðar, á því tel ég engan vafa leika.“

Þessi sami skilningur varðandi forræði málsins var síðan áréttaður í umræðunum 9. nóv. sl. eins og fram kemur hér að framan. Ástæðulaust er að draga þann skilning í efa. En vegna þess dráttar, sem orðið hefur á því að utanríkisráðherra taki ákvörðun sína er, að dómi flutningsmanna, eðlilegast að Alþingi taki sjálft ákvörðun í málinu svo sem þingsályktunartillaga þessi gerir ráð fyrir.

Í umræðunum 9. nóvember upplýsti utanríkisráðherra að forkönnun á hugsanlegum varaflugvelli á Grænlandi væri lokið og hefðu niðurstöður legið fyrir í ágústmánuði síðastliðnum. Sú forkönnun á Grænlandi virðist hafa tekið skemmri tíma en utanríkisráðherra hefur tekið sér til athugunar á því einu hvort heimila beri slíka könnun hér á landi.

Bersýnilegt er að engar efnisforsendur eru fyrir slíkri frestun á ákvörðun í þessu máli heldur er hún eingöngu til komin vegna pólitískra aðstæðna í núverandi ríkisstjórn. Einn stjórnarflokkanna, Alþýðubandalagið, virðist hafa fengið neitunarvald í málinu, en það hefur sem kunnugt er lýst algerri andstöðu við forkönnun jafnt sem framkvæmdir á þessu sviði, svo sem ítrekað var á nýafstöðnum landsfundi Alþýðubandalagsins.

Margt bendir til þess að á Alþingi sé mikill meiri hluti fyrir því að heimila margumrædda forkönnun eins og hugur utanríkisráðherra virðist þrátt fyrir allt stefna til. Flutningsmenn telja eðlilegt að á það verði látið reyna í atkvæðagreiðslu í sameinuðu þingi. Frekari dráttur á þessari einföldu ákvörðun er algerlega ástæðulaus. Eðlilegt er því að Alþingi taki af skarið og feli utanríkisráðherra að heimila forkönnunina enda er margyfirlýst, m.a. af honum, að slík könnun felur ekki í sér neinar skuldbindingar af hálfu íslenskra stjórnvalda varðandi framhald málsins.

Sþ. 191. Tillaga til þingsályktunar [169. mál]

um mötuneyti og heimavistir fyrir framhaldsskólanemendur.

Flm.: Danfríður Skarphéðinsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Sigríður Lillý Baldursdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera sérstakt átak til að leysa mötuneytis- og húsnæðisvanda framhaldsskólanema sem stunda nám fjarri sinni heimabyggð. Á grunni fyrirliggjandi upplýsinga verði gerð áætlun um uppbyggingu mötuneyta og heimavista og mörkuð fjárveiting til þess að hefja framkvæmdir þegar á árinu 1990.

Greinargerð.

Með stofnun nýrra framhaldsskóla um allt land á sl. 20 árum hefur aðstaða fólks til þess að stunda nám á framhaldsskólastigi gjörbreyst til batnaðar.

Í hinum nýju skólum í öllum landshlutum gefst fólki kostur á að stunda nám á helstu námsbrautum framhaldsskólastigsins. Í svari menntamálaráðherra við fyrirspurn Kvennalistans um nám á framhaldsskólastigi á 110. löggjafarþingi (122. mál, þskj. 203) kemur fram að mikill munur er á fjölda og úrvali námsbrauta í hinum ýmsu skólum. Þannig voru 105 mismunandi námsbrautir framhaldsskólastigsins í Reykjavíkurumdæmi skólaárið 1985–1986. Í umdæmi Norðurlands eystra voru námsbrautir næstflestar, 70 talsins, en í Vestfjarðaumdæmi gátu nemendur aðeins valið sér nám á 15 námsbrautum.

Á höfuðborgarsvæðinu eru allmargir sérskólar þar sem hægt er að stunda nám sem ekki er grundvöllur fyrir á fámennari stöðum. Má sem dæmi nefna listaskóla af ýmsu tagi og iðnnám eins og t.d. hárgreiðslu og bifreiðasmíði. Þrátt fyrir fjölgun skóla og námsbrauta úti á landsbyggðinni er því augljóst að stór hópur skólafólks úr dreifbýli, bæjum og þorpum landsins þarf á ári hverju að stunda nám utan sinnar heimabyggðar. Þessi ungmenni verða flest að yfirgefa fjölskyldur sínar og heimabyggð stærstan hluta ársins frá 16 ára aldri.

Við flesta skólana utan höfuðborgarsvæðisins hefur verið komið á fót heimavistum fyrir nemendur. Fæstar þeirra anna þó eftirspurn nemenda eftir húsnæði og mötuneytisaðstaða er víða mjög bágborin. Skortur á húsnæði og annarri aðstöðu fyrir nemendur stendur því skólastarfinu beinlínis fyrir þrifum.

Þau fjölmörgu ungmenni sem verða að yfirgefa fjölskyldur sínar og heimahaga vegna námsdvalar eiga fárra kosta völ. Sumir eru svo lánssamir að geta dvalið hjá ættingjum, en flestir verða að leigja sér húsnæði á almennum leigumarkaði með þeim afarkjörum sem víðast hvar tíðkast. Hlutskipti þeirra er stöðugt öryggisleysi, himinhá húsaleiga og jafnvel húsnæði sem fullorðnir mundu vart sætta sig við. Auk þess getur mörgum unglingnum reynst erfitt að leigja „einn úti í bæ“ og mikil hætta er á félagslegri einangrun. Algengt er einnig að fæði þessara nemenda sé alls ófullnægjandi. Þess vegna fer því fjarri að hægt sé að tala um jafnrétti til náms.

Skólaárið 1985–1986 voru framhaldsskólanemendur með lögheimili utan Reykjavíkur en við nám þar alls 3110. Þar af voru nemendur úr Reykjanesumdæmi 1702 og má ætla að stór hópur þeirra hafi getað sótt skóla í Reykjavík frá heimili sínu. Eftir sem áður má ætla að um 1500 utanbæjarnemar hafi þurft á húsnæði að halda á höfuðborgarsvæðinu.

Höfuðborgarsvæðið hefur algera sérstöðu hvað varðar skort á húsnæði og annarri aðstöðu fyrir utanbæjarnemendur. Þar eru einungis 20 heimavistarrými fyrir nemendur Sjómannaskólans. Því leggja flutningsmenn tillögu þessarar ríka áherslu á að þegar verði hafist handa við að bæta aðbúnað utanbæjarnemenda á höfuðborgarsvæðinu, en benda jafnframt á þann skort á heimavistarrými sem er í öðrum landshlutum.

Við umfjöllun um frumvarp til laga um framhaldsskóla á 110. löggjafarþinginu lögðu þingkonur Kvennalistans fram fjölmargar breytingartillögur, þar á meðal um stofnun mötuneyta við alla framhaldsskóla.

Hollir lifnaðarhættir eru ein af undirstöðum daglegrar vellíðunar, góðrar heilsu og þar með árangurs í starfi. Vinnudagur framhaldsskólanema er æðilangur og margir sækja skóla um langan veg. Flutningsmenn telja það ekki síður mikilvægt fyrir nemendur en annað vinnandi fólk að geta neytt matar á vinnustað. Samkvæmt framansögðu er ástandið í mötuneytis- og húsnæðismálum framhaldsskólanema utan heimabyggðar með öllu óviðunandi og þjóðfélaginu til lítils sóma. Flutningsmenn telja það réttlætismál að úr því verði bætt eins og tillagan felur í sér og vilja minna á að samkvæmt nýsettum lögum um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er verkefni sem þetta á ábyrgð ríkisvaldsins.

Sþ. 192. Svar [48. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Guðmundar G. Þórarinssonar um framleiðslu og sölu laxaseiða frá Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Hvaðan og af hvaða stofni eru hrogn sem Laxeldisstöðin í Kollafirði hefur notað til klaks? Svar óskast ár fyrir ár frá 1961 til dagsins í dag.*
2. *Hver hefur framleiðsla seiða verið ár fyrir ár frá 1961 til dagsins í dag?*
3. *Hvernig hefur seiðunum verið ráðstafað:*
   a. *til hafbeitar í Kollafirði,*
   b. *til fiskeldisstöðva, hvaða stöðva og hve mikið til hverrar,*
   c. *til sleppinga í ár, í hvaða ár og hve mikið í hverja?*

   Svar óskast ár fyrir ár frá 1961 til dagsins í dag.

Sem svar við fyrirspurninni er hér birt ritið *Frá starfsemi Laxeldisstöðvar ríkisins í Kollafirði. Uppruni laxastofnsins í stöðinni, seiðasölur, hafbeit og seiðaframleiðsla*, eftir Þór Guðjónsson (Rit Veiðimálastofnunar, 1989:22).

Inngangur.

Ríkisstjórnin samþykkti 1961 að reisa skyldi tilraunastöð fyrir klak og eldi laxfiska. Næstu tvo áratugina þar á undan höfðu verið gerðar nokkrar tilraunir með laxfiskaeldi, fyrst af tveimur bændum norður í Kelduhverfi á árunum 1941 til 1946, í Borgarfirði 1944 og í Árnessýslu 1946. Vorið 1950 lagði höfundur fram áætlun um stóra klak- og eldisstöð við Elliðaárnar sem ætlað var að yrði í sameign Rafmagnsveitu Reykjavíkur, ríkisins og Stangaveiðifélags Reykjavíkur. Land fékkst þó ekki undir stöðina við árnar og komst hún því ekki í framkvæmd. Fiskeldi var hafið að Laxalóni við Reykjavík 1951 með aðaláherslu á regnbogasilung og við Elliðaárnar 1952 með laxeldi í lítilli stöð sem Rafmagnsveita Reykjavíkur kom upp. Tveir eða þrír aðilar aðrir hófu eldi laxfiska á sjötta áratugnum. Mest var þetta í smáum stíl. Ráðist var jafnan í þessar tilraunir með litlum undirbúningi. Þegar hér var komið sögu var lítil þekking og reynsla á laxfiskaeldi í landinu. Var því ljóst að mikil þörf var á því að hefja tilraunastarfsemi á því sviði og þróa upp slíkt eldi við íslenskar aðstæður.

Tilgangurinn með að koma upp tilraunaeldisstöð af umræddu tagi var aðallega tvíþættur. Annars vegar var að ala seiði laxfiska til að nota til fiskræktar, þ.e. til að sleppa í ár og vötn til að auka veiði, og til matfiskeldis og hins vegar til að gera tilraunir og rannsóknir á klaki og eldi laxfiska, m.a. með að sleppa gönguseiðum í sjó og kanna endurheimtu þeirra sem kynþroska laxa úr sjó, þ.e. hafbeit.

Tilraunastöð í fiskeldi var valinn staður í Kollafirði á Kjalarnesi, Kjósarsýslu. Var jörðin keypt sumarið 1961 í þeim tilgangi. Hefur hún ýmsa kosti til að bera fyrir slíka starfsemi svo sem lindarvatn, árvatn, jarðhita og aðstöðu við botn Kollafjarðar fyrir nauðsynlegan útbúnað til að sleppa laxaseiðum í sjó og heimta lax af hafi (hafbeit). Auk þess er jörðin í nánd við aðalumferðarmiðstöðvar landsins.

Hafist var handa við að reisa tilraunastöðina í septemberbyrjun 1961 fyrir lánsfé. Unnið var í fyrstu við vatnsveitur og að koma upp klakútbúnaði í gamalli heyhlöðu. Hófst laxaklak þar um haustið. Næstu ár voru smíðaðir eldiskassar, grafnar út útitjarnir, þær stærstu klæddar með sniddu, gerðir að- og frárennslisskurðir, fjárhúsi breytt í eldishús með tólf steinsteyptum þróm og gengið frá tjörnum við sjávarkambinn í Kollafirði með sleppi- og móttökubúnaði fyrir lax. Allt var þetta gert á ódýrasta hátt miðað við að starfsemin færi fram að miklu leyti undir beru lofti eins og slíkt fiskeldi í nágrannalöndunum var oftast rekið um þær mundir.

Á fyrstu árunum í rekstri stöðvarinnar var um að ræða algjöra tilraunastarfsemi. Starfsmenn þurftu að kynnast notagildi útbúnaðarins og prófa sig áfram þar til hagkvæmustu not fengjust. Þetta tók að sjálfsögðu tíma. Ör starfsmannaskipti voru ekki til að flýta fyrir þróuninni. Á fyrstu tíu árum starfsemi stöðvarinnar voru fimm stöðvarstjórar. Tveir þeirra dóu í starfi á þessu tímabili. Veðurfarið í Kollafirði reyndist mjög erfitt fyrir fiskeldi undir beru lofti. Vatnsrennsli var ofanjarðar. Af því leiddi tíðar hitasveiflur, óhreinindi í vatni í úrkomu og krapamyndanir í snjókomu og skafrenningi sem ollu rennslistruflunum. Mikið starf fór í að lagfæra galla sem fram komu við rekstur stöðvarinnar. Var það gert eftir því sem þörf var á og fé fékkst til. Fljótlega kom í ljós að flytja þurfti mikinn hluta eldisins undir þak, auka nýtingu jarðhitans við upphitun á eldisvatni og leiða vatn í pípum að stöðinni í stað þess að það rynni ofan jarðar. Þessu var kippt í liðinn á fyrstu tíu árum í starfsemi stöðvarinnar og reyndar mörgu fleiru sem þörf var á að lagfæra. Þurfti m.a. að vinna upp tækni við upphitun á lindarvatni fyrir eldisfisk með heitu borholuvatni sem var nýtt hér á landi. Um beina blöndun við lindarvatn var ekki að ræða vegna brennisteinsinnihalds í borholuvatninu.

Síðla árs 1984 varð vart við nýrnaveiki í laxaseiðum sem seld höfðu verið frá Kollafjarðarstöðinni til annarrar eldisstöðvar. Voru seiðasölur frá Kollafjarðarstöðinni bannaðar 1985 og 1986 var seiðum ekki sleppt í hafbeit. Á árum 1986 og 1987 var eldisbúnaði í stöðinni breytt, eldisrými aukið og fleira var fært til betri vegar eftir kröfum tímans. Þá var einnig byggt 400 fermetra eldishús til kynbótatilrauna á hafbeitarlaxi.

Uppruni laxastofnsins.

Á árunum 1961–1965 var aflað laxahrogna til stöðvarinnar víðs vegar að af landinu. Á þessum árum var erfitt að fá keypt laxahrogn. Fáein klakhús voru þá starfandi. Þau fengu hrogn úr laxi úr ám í nágrenni við klakhúsin. Hrognaöflunin til þeirra gat verið stopul. Helst var á vísan að róa með útvegun laxahrogna hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur sem rak klakhús við Elliðaárnar. Í nokkrum tilvikum voru bændur fengnir til að draga á fyrir lax í heimaám sínum til hrognaöflunar. Voru þeim lögð til veiðarfæri og laxakistur til að geyma laxinn í þar til hann var tilbúinn til kreistingar. Ánum var síðan bætt upp hrogntakan með því að sleppa í þær sumaröldum seiðum eða gönguseiðum.

Á áðurnefndum árum fengust alls 5,3 milljónir laxahrogna til stöðvarinnar. Úr nágrenni Reykjavíkur kom rúmlega helmingur hrognanna, þ.e. 51,9% úr Elliðaánum, 2,2% úr Leirvogsá og 2,0% úr laxi sem gengið hafði í Kollafjarðarstöðina 1964 og 1965. 12,8% voru upprunnin úr tveimur ám á Vesturlandi, 21,0% úr fjórum ám á Norðurlandi og 9,7% úr ám í Árnessýslu, sjá töflu 1. Á árinu 1969 var tæplega helmingur hrogna í stöðinni fenginn að eða tæp 300.000. Hrognin voru úr Sæmundará, Laxá í Aðaldal og úr ám í Árnessýslu. Tvisvar síðar fengust smáslattar af laxahrognum, í annað skiptið úr Laxá í Aðaldal og í hinu tilvikinu úr Fossá í Árnessýslu. Að öðru leyti voru notuð hrogn til klaks úr laxi sem gekk inn í Kollafjarðarstöðina. Laxastofninn í stöðinni er þannig blanda af mörgum laxastofnum úr ám víðs vegar að af landinu. Erfitt mun að áætla framlag laxastofna úr einstökum ám til Kollafjarðarstofnsins, þar sem dauði í hrognum og seiðum á fyrstu árunum var mjög mismikill. Auk þess má ætla að náttúran hafi valið úr upprunalegu stofnunum það sem hæfast hefur reynst til að lifa af við lífsskilyrðin í hinu nýja umhverfi.

Seiðasölur.

Á árunum eftir síðari heimsstyrjöld var álitið að mikil framför væri að því að nota seiði til fiskræktar sem hefðu verið alin lengri eða skemmri tíma áður en þeim var sleppt í stað kviðpokaseiða eins og gert var þá hér á landi. Besta árangurs væri að vænta af því að sleppa gönguseiðum. Þegar Kollafjarðarstöðin tók til starfa var kviðpokaseiðum og að hluta til sumaröldum seiðum sleppt í árnar. Sumaralin seiði höfðu oftast verið í eldi í þrjá til fjóra

mánuði eða frá því í maí eða júní og fram í ágúst eða september, en þá var þeim sleppt í árnar. Gátu slík seiði verið 4–5 sm að lengd og álíka stór og ársgömul seiði sem alist höfðu upp í ánum. Eftir 1970 var farið að ylja upp klakvatn á laxahrognum í stöðinni. Var það mikil framför fyrir fiskræktina. Styttist klaktíminn um nálægt þrjá mánuði og var því kleift að hefja eldi fyrr sem því svaraði. Laxaseiðin náðu 4–5 sm lengd í júní og var þeim þá sleppt í árnar í stað þess að sleppa í ágúst eða september, en við það ávannst það að seiðin fengu sumarið í ánni og styttist vera þeirra þar þannig um eitt ár.

Á fyrstu starfsárum stöðvarinnar voru mikil afföll á seiðum meðan starfsmenn voru að reyna sig áfram með útbúnað stöðvarinnar og kynnast áhrifum veðurfarsins á reksturinn. Með vaxandi reynslu dró úr afföllum einkum eftir að eldi minni seiðanna var að fullu flutt undir þak 1967 og jöfn og stöðug not fengust sama ár af heitu vatni úr borholu til að ylja eldisvatnið. Mikil framför var 1965 við tilkomu erlends þurrfóðurs. Fyrstu árin tók það tvö eða þrjú ár að ná seiðum upp í göngustærð. Síðar varð algengara að það tæki eitt eða tvö ár og enn síðar að mestur hluti næðist upp í göngustærð á einu ári.

Seiðum úr stöðinni hefur verið ráðstafað ýmist til fiskræktar í ám landsins, til fiskeldisstöðva eða í hafbeit, sjá skrár yfir seiðasölur á árunum 1964–1986. Áhersla hefur alla tíð verið lögð á að vera til taks til að þjóna fiskrækt og fiskeldi innan lands eftir því sem við hefur verið komið á hverjum tíma. Hefur það náð til urriða og bleikju auk laxins. Laxaseiði voru seld ýmist í formi kviðpokaseiða (pokaseiða), smáseiða, sumaralinna seiða, seiða af millistærðum (oftast 7–10 sm að lengd) og gönguseiða. Eftirspurnin eftir seiðum á ólíkum þroskastigum var breytileg frá ári til árs. Sala á kviðpokaseiðum var aðallega 1974, 1975 og 1978 og seinni árin á smáseiðum sem voru í eldi í 1–3 vikur. Af seiðum 10 sm eða minni var mest selt af sumaröldum seiðum sem eru jafnan 4–5 sm að lengd, eins og áður var greint frá. Sala á gönguseiðum var mikilvægur þáttur í seiðasölu stöðvarinnar flest árin frá 1967–1984.

Reynt var að áætla seiðasölur fyrir fram, en það reyndist stundum erfitt því að verulegur hluti pantana barst oftast skömmu áður en afgreiðsla átti að fara fram. Pantanir til innlendra aðila voru látnar ganga fyrir pöntunum erlendis frá. Í nokkrum tilvikum voru þó hrogn og seiði seld til útlanda. Sala sumaralinna seiða var frá 11.600 árið 1982 upp í 148.920 árið 1981, en oftast var árleg sala milli 40.000 og 80.000 eða í tíu skipti og í sex skipti fór hún yfir 100.000. Gönguseiðasalan sveiflaðist úr 24.120 árið 1969 upp í 128.220 árið 1973. Oftast var salan milli 40.000 og 90.000. Þegar sala á sumaröldum seiðum var mikil gat hún orðið til þess að framleiðsla gönguseiða árið eftir varð minni en áætlað var. Sala gönguseiða gat haft áhrif á seiðafjöldann sem sleppt var í hafbeit í Kollafirði því að gönguseiðum sem ekki seldust var sleppt í hafbeit.

Með árunum fjölgaði fiskeldisstöðvum. Seldu þær í vaxandi mæli seiði til fiskræktar. Áætlað var að t.d. árið 1974 hafi um helmingur gönguseiða sem sleppt var í íslenskar ár verið úr Kollafjarðarstöðinni. Á næstu árum minnkaði hlutfall stöðvarinnar í heildarseiðasölunni. Samkvæmt úttekt á seiðasölu á landinu 1979 var sleppt 2,8 milljónum kviðpokaseiða af laxi, þar af 955.000 í Lárvatn á Snæfellsnesi. Það ár var sleppt 480.000 sumaröldum laxaseiðum og 212.000 gönguseiðum. Kollafjarðarstöðin seldi á því ári 71.000 sumaralin seiði og millistærð af seiðum og rúmlega 63.000 gönguseiði til fiskræktar, og 40.000 gönguseiðum var sleppt í hafbeit í Kollafirði.

Ef meta á árangur af seiðasleppingum í ár landsins verður m.a. að hafa í huga að það er mikið vandaverk að sleppa seiðum, ef góður árangur á að nást. Það þarf að velja réttan tíma til að sleppa, þekkja ákjósanlegustu staðina í ánum fyrir seiði af mismunandi stærðum, dreifa seiðum hæfilega miðað við stærð þeirra og þroska og sjá um að vel fari um seiðin í flutningi á sleppistaði. Vitað er að oft á tíðum hefur ýmislegt verið ábótavant við seiðasleppingar þrátt fyrir veittar leiðbeiningar þar um, bæði munnlegar og skriflegar. Kaupendur hafa séð um að sleppa seiðum í árnar eða aðrir sem þeir hafa fengið fyrir sig til þeirra hluta, en sjaldnast hafa þær verið framkvæmdar af fagmönum.

Hafbeit í Kollafirði.

Árið 1963 var fyrstu gönguseiðunum, 300 að tölu, sleppt í Kollafirði til sjógöngu. Árið eftir var sleppt 1.000 gönguseiðum og næstu fjögur ár frá 11.300 til 16.000 hverju sinni. Vorið 1969 komst tala slepptra seiða upp í 125.700 og í 95.000 árið 1970. Á árunum 1971 til 1984 voru gönguseiðasleppingar oftast frá 40.000 og upp í 70.000. Á árunum 1985 til 1989 jukust þær verulega að undanskildu árinu 1986, en þá var engu sleppt svo sem fyrr segir, eða frá 180.000 árið 1985 upp í 300.000 árið 1989, sjá töflu 2.

Endurheimtur frá einstökum sleppingum voru mjög mismiklar allt frá 0,5% árið 1971 til 14% árið 1973. Telja verður að endurheimtuprósentur í töflu 2 séu of lágar. Vitað var hve mörgum seiðum var sleppt á hverju ári til sjógöngu innan tjarna stöðvarinnar, en seiðin gengu ekki öll út úr tjörnum í sjó. Ekki var vitað hve mörg seiði voru eftir hverju sinni, enda var ekki komið tölu á þau.

Á fyrstu árunum var hluti seiðanna alinn upp í göngustærð við rafljós þegar ekki var bjart. Uxu þau hraðar við slíkar aðstæður. Niðurstöður af merkingum og tilraunum í stöðinni sýndu að seiði sem höfðu verið alin upp við rafljós allan veturinn áður en þeim var sleppt skiluðu sér mjög illa úr sjó sem kynþroska laxar. Í ljós kom að þau aðlöguðu sig ekki veru í sjó nema í mjög litlum mæli. Vorið 1969 var 125.700 gönguseiðum sleppt í stöðinni eins og áður sagði. Um 88.000 þeirra voru eins árs seiði af göngustærð sem höfðu verið alin við rafljós allan veturinn fyrir sleppingu. Sé gert ráð fyrir að sama hlutfall hafi skilað sér af ómerktum seiðum og af merktum eins árs gönguseiðum frá sama ári eða 0,12%, þá hefðu um 100 laxar komið út úr 88.000 seiðasleppingunni. Af hinum hlutanum eða af 37.700 gönguseiðum ættu þannig að hafa skilað sér tæplega 4.100 laxar úr sjó eða 10,9%. Vorið 1970 var sleppt 95.000 gönguseiðum. Endurheimta á laxi úr sjó árið 1971 var sú lélegasta sem fengist hefur í stöðinni hvað hundraðshluta snertir. Skýringar á lítilli endurheimtu það ár er frekast að leita til þess hve stór hluti seiðanna, sem sleppt var árið 1970, var eins árs seiði sem alin voru við rafljós veturinn fyrir sleppingu.

Seiðaframleiðsla.

Laxaseiðasalan í Kollafirði hefur aðallega verið með tvennum hætti, annars vegar seiði 10 sm eða minni og þá mestmegnis sumaralin seiði, 4–5 sm að lengd, og hins vegar gönguseiði, 10–15 sm að lengd. Þau eru jafnan 10–40 g að þyngd. Minni seiðin hafa verið notuð til fiskræktar í ám og til framhaldseldis í eldisstöðvum og gönguseiðin til fiskræktar, í hafbeit og í matfiskeldi nú síðari ár. Í töflu 3 er seiðum skipt eftir stærðarflokkum. Að vísu er skiptingin ekki nákvæm öll árin, þar sem seiði af mismunandi stærðum, 10 sm eða minni, eru sum árin talin með sumaröldum seiðum. Á árunum 1964 til 1984 var meðal árleg sala á sumaröldum seiðum 71.967. Á árunum 1967 til 1984 voru seld að meðaltali 67.443 gönguseiði og í Kollafirði sleppt að meðaltali 39.559 gönguseiðum á tímabilinu 1963–1984. Þegar teknar eru með gönguseiðasleppingar til ársins 1989 er árlega meðaltalið 68.627. Meðalársframleiðsla stöðvarinnar á gönguseiðum á árunum 1963 til 1984 var 94.276, en þegar talin er með framleiðslan til ársins 1989 er hún 115.318 gönguseiði.

Lokaorð.

Við samantekt þessa er stuðst við skýrslur stöðvarinnar, greinar um hana og um tilraunir sem framkvæmdar hafa verið í stöðinni, svo og við reynslu höfundur. Skrá yfir rit varðandi umrætt efni er að finna í ritinu *Hafbeit, ráðstefna í Reykjavík*, seinna bindi, 1988, bls. 326–329. Skal vísað til rita í nefndri skrá um frekari upplýsingar um starfsemi Kollafjarðarstöðvarinnar.

Tafla 1

HROGNAÖFLUN 1961 - 1965

Í ÞÚSUNDUM

Ár	1961	1962	1963	1964	1965	1961-1965	%
Elliðaár	628,3	174,8	543,8	711,4	718,9	2,777,2	51,9
Leirvogsá	17,9	53,3	46,9			118,1	2,2
Kollafjörður				12,2	97,5	109,7	2,1
Laxá í Leir.			51,1	48,3	67,5	166,9	3,1
Laxá í Dölum		219,0	66,3	54,6	179,7	519,6	9,7
Miðfjarðará		249,6	137,6	116,6	16,8	502,6	9,7
Víðidalsá			162,0	156,9	77,1	396,0	7,4
Laxá í Aðald.		110,1	98,0			208,1	3,9
Stóra Laxá	122,9			96,3	101,3	229,5	4,3
Litla Laxá				100,5	51,8	153,3	2,9
Hvítá,Iða				44,0		44,0	0,8
Fossá-Dalsá					9,8	9,8	0,2
Höskuldsl.	33,4			36,0		69,4	1,3
Sog	25,0					25,0	0,5
	827,5	806,8	1105,7	1376,8	1320,4	5346,2	100,0

LAXASEIÐASÖLUR 1964

Ár		Sumaralin seiði	
Hafnará		2000	
Grafarós		4000	
Stóra-Langadalsá		10000	
Skrauma		2000	
Laxá á Skógarströnd		3000	
Laxá í Dölum		5300	
Vatnsdalsá		10000	
Selá í Isafj.sýslu		3000	
Miðfjarðarár		5000	
Blanda-Svartá		7000	
Fnjóská		4000	
Norðfjarðará		3000	
Eystri-Rangá		1000	
		59,300	
Fiskeldisstöðvar			
Keldur		15000	
Elliðaárstöðin		12000	
Hafbeitarstöðvar			
Kaldbaksvík		6000	
Hafbeit í Kollafirði (gönguseiði)			1000
	Alls	92300	1000

LAXASEIÐASÖLUR 1965

Ár		Sumaralin seiði	
Vífilsstaðavatn		6000	
Leirvogsá		11200	
Laxá í Leirársveit		9560	
Grafarós		3000	
Laxá í Dölum		4200	
Vattardalsá		1000	
Vatnsdalsá		12000	
Sandá í Dýrafirði		2500	
Langá í Dýrafirði		1000	
Laugardalsá		1500	
Hvannadalsá		3000	
Miðfjarðará		10000	
Þverá í Miðfj.á		400	
Víðidalsá		13000	
Blanda-Svartá		8000	
Hörgá		3000	
Fnjóská		3000	
Norðfjarðará		3000	
Jökulsá í Lóni		500	
Vatnsfall í Öræfum		1000	
Ármannskvísl, V-Skaft.,		1500	
Hafbeit í Kollafirði (gönguseiði)			12250
	Alls	98360	12250

LAXASEIÐASÖLUR 1966

Ár	Sumaralin seiði	
Brynjudalsá	1500	
Laxá í Leirársveit	3000	
Flókadalsá	1000	
Miðá	3000	
Laxá í Dölum	14400	
Vattardalsá	1000	
Laugardalsá	1500	
Selá í Ísafj.sýslu	3000	
Staðará	1000	
Miðfjarðará	10000	
Víðidalsá	10000	
Fnjóská	10000	
Selá í Vopnafirði	2000	
Hafbeit í Kollafirði (gönguseiði)		11500
Alls	61400	11500

LAXASEIÐASÖLUR 1967

Ár	Sumaralin seiði	Gönguseiði
Úlfarsá		650
Dælisá í Kjós.		800
Laxa í Leirársveit		2000
Haffjarðará (Kaldá)		200
Bakká Grishólsá	1300	
Dunká	3000	
Skrauma	2000	
Miðá		1000
Laxá hjá Ásgarði		500
Búðardalsá		250
Sandá í Dýrafirði		500
Víðidalsá	1300	
Blanda Svartá	10400	
Miðfjarðará		2500
Víðidalsá		2570
Hofsá		800
Hörgá		3250
Laxá í Aðaldal		4100
Klapparós, Axarfirði		410
Vesturá í Vopnaf.		1000
Norðfjarðará		1200
Breiðdalsá		1000
Affall Þjórsá		100
Hvítá hjá Iðu		1300
Stóra-Laxá		1000
Litla-Laxá		500
Brúará (Andalækur)		550
Höskuldslækur		600
Sog		1000
Færeyjar		500
	18000	28280

Ár	Sumaralin seiði	Gönguseiði
	18000	28280
Fiskeldisstöðvar		
Keldur	20000	
Eldisst. Sauðárkr.	4000	
Hafbeitarstöðvar		
Lárós	5200	
Hafbeit í Kollafirði		11300
Seiðasölur alls	47200	39580

LAXASEIÐASÖLUR 1968

Ár	Sumaralin seiði	Gönguseiði
Elliðaár		18000
Laxá í Kjós		1000
Laxá í Leirársveit		1000
Draghálsá		200
Norðurá		2250
Gljúfurá		1000
Langá	5000	
Sleggjubeinsá, Snæf.		1900
Hörðudalsá		1000
Laxá hjá Ásgarði		500
Kjallaksstaðaá	1200	
Búðardalsá		200
Hvolsá-Staðarhólsá		600
Skálmardalsá		900
Vattardalsá	500	
Vatnsdalsá		400
N. Botnsá		800
Ósá í Bolungarvík		950
Tjarnir, Ísaf. V/Flugvöll		200
Langadalsá		1500
Staðará	2000	
Miðfjarðarár		2000
Sæmundará		1100
Hörgsá		5000
Klapparós, Axarfirði		480
Hölkná		500
Hafralónsá		1000
Vesturá í Vopnafirði		1000
Hofsá í Vopnafirði		1000
Norðfjarðará		1000
Breiðdalsá		2000
Geithellnaá		200
Skógá		1000
Affall		300
Færeyjar	2000	
Alls	10700	48980

Ár	Sumaralin seiði	Gönguseiði
	10700	48980
Fiskeldisstöðvar		
Keldur	30000	
Hafbeitarstöðvar		
Kaldbaksvík		790
Seiðasölur alls	40700	49770
Hafbeit í Kollafirði		16000
		65770

LAXASEIÐASÖLUR 1969

Ár	Sumaralin seiði	Gönguseiði
Botnsá		250
Grímsá		500
Gljúfurá		1000
Hítará		10000
Sleggjubeinsá, Snæf.		3000
Bakkaá-Grishólsá	1500	
Svelgsá	2500	
Hörðudalsá		1000
Laxá hjá Ásgarði		500
Hvolsá-Staðarhólsá		900
Skálmardalsá		400
Vatnsdalsá		1500
Staðará og Vatnsdalsá		600
Ólafsfjarðará		500
Hörgá		2000
Hafralónsá		1000
Hofsá í Vopnafirði		1000
	4000	24150
Fiskeldisstöðvar		
Eldisst. Teigi	46000	
Eldi Jóh. Kristj. Ak.	5800	
Eldisst. á Sauðárkr.	10000	
Seiðasölur alls	65800	24150
Hafbeit í Kollafirði		125700
		149850

LAXASEIÐASÖLUR 1970

Ár	Sumaralin seiði	Gönguseiði
Grímsá		500
Hítará		30000
Bakkaá Grísholsá	1200	
Haukadalsá		1000
Laxá hjá Ásgarði		500
Þorskafjarðará	5000	
Múlaá		500
Skálmardalsá		600
Vatnsdalsá		1000
Hagavaðall (Móra)	1000	
Suðurfossaá		600
Staðará og Vatnsdalsá		1000
Sæmundará		500
Hörgá		1000
Fnjóská		1000
Hofsá í Vopnafirði		500
Hofsá í Álftafirði		500
Smyrlakjargará		200
Eystri- Rangá		5000
Ytri-Rangá		5000
	7200	49400
Fiskeldisstöðvar		
Keldur	50000	
Eldisst. á Sauðárkr.	5000 *	
Hafbeitarstöðvar		
Grjóteyri, Bf.		500
Seiðasölur alls	62200	49900
Hafbeit í Kollafirði		95000
		144900

*Stór seiði

LAXASEIÐASÖLUR 1971

Ár	Sumaralin seiði	Gönguseiði
Ártúnsá		1000
Laxá í Kjós.		10000
Brynjudalsá	1500	
Botnsá		400
Leirá		500
Andakílsá		3500
Flókadalsá		1300
Hítará		10000
Vatnsholtsá	10000	
Bakkaá-Gríshólsá	4000	
Kársstaðaá	1000	
Kverná		300
Svelgsá	2000	
Valshamarsá		400
Dunká		800
Hörðudalsá		1500
Haukadalsá		1000
Glerá		1000
Hvammsá		500
Búðardalsá		500
Múlaá		2000
Fjarðarhornsá		2000
Skálmardalsá		1400
Suðurfossaá, Rauðarsandi		600
Ár í Tálknafirði		700
Ár í Önundarfirði		1000
Staðará- Vatnsdalsá		1000
Laugarbólsá, Ísafj.djúpi		2000
Víðidalsá	100	
Bakkaá	910	
Fossá á Skaga	4000	
Sæmundará	2000	
Hörgsá		2000

Ár	Sumaralin seiði	Gönguseiði
Eyjafjarðará		2000
Fnjóská		4000
Skjálf.fljót (Rangá)		1000
Deildará		1000
Ormarsá		1000
Hölkná		1000
Hafralónsá		1000
Hofsá í Vopnafirði		1500
Selfljót		2000
Hellisfjarðará, Norf.,		1000
Hofsá í Álftafirði		1000
Laxá í Hornaf.		200
Rímhúsaáll		2000
Varmá í Ölfusi	1200	
	26710	64100
Fiskeldisstöðvar		
Keldur	50000	
Eldisstöðin Sauðárkr.		7000
Hafbeitarstöðvar		
Eldisstöðin Grjóteyri		1000
Botnsá í Súgandafirði		1000
Sveinhúsavatn		200
Seiðasölur alls	76710	73300
Hafbeit í Kollafirði		17500
		90800

LAXASEIÐASÖLUR 1972

Ár	Sumaralin seiði	Gönguseiði	Þar af 2 ára
Ártúnsá		1000	250
Laxá í Kjós		9000	2000
Botnsá		500	
Leirá		1000	
Andakílsá		2000	1000
Álftá á Mýrum	5000	1000	
Hítará	20000	5000	5000
Vatnsholtsá		2000	1000
Hólmkelsá		2000	
Kársstaðaá	1000		
Dunká		800	
Efri Haukadalsá		1000	
Glerá		1000	
Hvammsá		500	
Miðjanesá		100	100
Múlaá		2000	
Fjarðahornsá		2000	
Skálmardalsá		600	200
Vattardalsá		1560	60
Suðurfossá		800	
Norðurbotnsá		600	
Staðará - Vatnadalsá		1000	250
Skálavíkurá		500	
Laugabólsá		1500	350
Dalsá		1000	
Ósá		850	250
Víðidalsá		1950	750
Hrófá		1000	1000
Tjarnará		1000	
Fossá í Skefilstaðahr.	4000		
Laxá í Skefilst.hr.		2000	
Sæmundará		500	250
Hörgá		2500	800
Fnjóská		6000	1500

LAXASEIÐASÖLUR 1972

Ár	Sumaralin seiði	Gönguseiði	Þar af 2 ára
Skjálfandafljót	24000	1000	1000
Deildará		1000	
Ormarsá		1260	400
Hölkná		1800	
Hafralónsá		2100	
(Veiðival)		1000	
Selá		3000	
Hofsá		800	250
Selfljót		4000	
Hofsá í Álftafirði		1000	250
Laxá í Hornafirði		200	
Rimhúsaáll		8000	4000
Vatnasv. Baugsst.		1000	
	54000	80420	20670
Fiskeldisstöðvar			
Tungulax	30000		
Eldisst. Sauðárk.	15000		
Hafbeitarstöðvar			
Botnsá	3270	1000	
Seiðasölur alls	102270	81420	
Hafbeit í Kollafirði		14000	
		95420	

LAXASEIÐASÖLUR 1973

Ár	Sumaralin seiði	Gönguseiði	
		1 árs	2 ára
Ártúnsá		1000	
Laxá í Kjós		2500	3000
Botnsá		400	
Laxá í Leirársveit		1400	
Andakílsá			2000
Hítará			5000
Vatnsholtsá			2000
Hólmkelsá		3000	
Bakkaá	2000		
St. Langadalsá		1500	
Karsstaðaá	1000		
Dunká		800	
Fáskrúð		2000	1000
Haukadalsá efri		1000	
Glerá		1000	
Laxá og Bæjará		6000	
Múlaá		1000	
Skálmardalsá		1500	
Vattardalsá		1200	
Fjarðarhornsá		2000	
Suðurfossá		600	
Staðará Vatnadalsá		1000	
Botnsá í Súgandaf.	2000		400
Steinhúsavatn		150	
Laugabólsá		1200	
Reykjafjarðará		600	
Víðidalsá		2500	
Hrófá			1000
Miðfjarðará			2500
Vatnsdalsá			2500
Laxá í Skefilsst.hr.			1000
Flókadalsá			1500
Ólafsfjarðará		600	

LAXASEIÐASÖLUR 1973

Ár	Sumaralin seiði	Gönguseiði	
		1 árs	2 ára
Fnjóská		6000	
Hölkná		2500	
Hafralónsá		2500	
Selá í Vopnafirði		3500	
Hofsá		1000	
Selfljót		4000	
Hofsá í Álftaf.		1000	
Rímhúsaáll		4000	4000
Rangárnar	10000	2800	3570
Kálfá	10000		
Þjórsá	2000		1000
Baugsstaðaós			1000
Noregur		20000	
	27000	80250	31470
		111720	
Fiskeldisstöðvar			
Eldisst. Sauðárkr.		16500	
Seiðasölur alls	27000	128220	
Hafbeit í Kollafirði		23300	
		151520	

LAXASEIÐASÖLUR 1974

Ár	Pokaseiði	Sumaralin seiði	Gönguseiði	
			1 árs	2 ára
Úlfarsá				1000
Ártúnsá				500
Laxá í Kjós			2000	2000
Botnsá				400
Andakílsá				2000
Langá og Urriðaá	40000			
Hítará	50000			3000
Vatnsholtsá	100000		6300	2000
Glerá			1000	
Leirá			1400	
Grímsá og Tunguá				1000
Hólmavatn			500	100
Bakkaá og Grishólsá				1000
Kársst. Álftaf.		1000	1000	
Efri Haukad.á			1000	
Krossá				1250
Kleifará, Gilsf.		1000	100	
Geiradalsá			1000	
Múlaá			600	
Skálmardalsá			700	400
Vattardalsá				750
"				300
Fjarðarhornsá			1700	300
Suðurfossá				1300
Staðar- og Vatnadalsá				500
Langadalsá			2000	
Hvannadalsá		4000		
Reykjafjarðará				1000
Víðidalsá			2000	
Hrútafjarðará			500	
Miðfjarðará				3000
Vatnsdalsá		6000		1200
Laxá í Skefilsst.hr.				1000
Fossá í Skef.st.hr.	3000			
Sæmundará	3000			

LAXASEIÐASÖLUR 1974

Ár	Pokaseiði	Sumaralin seiði	Gönguseiði	
			1 árs	2 ára
Deildará			1500	
Hölkná		2000	2000	
Hafralónsá			2000	
Hofsá, Vopnafirði			1000	
Rimhúsaáll	100000		1000	
Rangárnar			10000	
Þjórsá	10000			750
Fossá í Þjórsárdal	600000			
Sædýras. Hafnaf.			300	
	913000	13000	39600	24750
Fiskeldisstöðvar				
Eldisst. Sauðárkr.			18000	
Tungulax	100000	50000		
Hafbeitarstöðvar				
Botnsá Súgandafj.		1000		
Sveinhúsavatn			200	500
Seiðasölur alls	1013000	65000	57200	25250
			83050	
Hafbeit í Kollafirði			82600	
			165650	

LAXASEIÐASÖLUR 1975

Ár	Pokaseiði	Sumaralin seiði	Gönguseiði	
			1 árs	2 ára
Laxá í Kjós			3000	500
Botnsá				300
Leirá			500	500
Andakílsá			1500	
Langá		25000		
Hítará			3000	
Vatnsholtsá			200	
Hólmkelsá			4000	
Bakkaá-Grímhólsá		3000	500	
Kársstaðir, Álftaf.		1000		
Valshamarsá (uggaklippt)			1500	
Gunnarsstaðaá				200
Glerá		4500		
Glerá		1000		
Krossá			1800	
Fagradalsá		2000		
Geirdalsá			1000	
Skálmardalsá		5000		
Vattardalsá		2000		
Suðurfossá		1000		
Staðará-Vatnadalsá			1000	
Langadalsá			4000	
Reykjafjarðará			500	
Víðidalsá	5000		1300	
Staðará		5000		
Krossá		3000		
Prestbakkaá			500	
Hrútafjarðará og Síká		1300	2000	500
Vatnsdalsá		15000		
Fossá í Skefilsst.hr.	3000		150	
Laxá í Skefilsst.hr.		1000		
Húseyjarkvísl			4000	
Flókadalsá		5000	1500	

LAXASEIÐASÖLUR 1975

Ár	Pokaseiði	Sumaralin seiði	Gönguseiði	
			1 árs	2 ára
Deildará			1500	
Hölkná		2500	1500	
Hafralónsá			2500	
Grímúlfsá		5000		
Ár á Norðurl. Veiðival		8000		
Hofsá í Vopnafirði			1000	
Dyrhólaós		1000		200
Rangárnar		7000	1000	
Þjórsá			744	
Baugsstaðaós			1500	
Sædýrasafnið		500		
Ármenn v/Kálfár	60000			
	68000	98000	41694	2200
Fiskeldisstöðvar				
Tungulax h.f.	60000		4000	
Eldisst. Sauðárkr.			6000	
Hafbeitarstöðvar				
Botnía Súgandafj.		1600	500	
Sveinhúsavatn		5000	500	
Reykjafjörður			2000	
Seiðasölur alla	128000	105400	54694	2200
			56894	
Hafbeit í Kollaf.			26400	
			83294	

LAXASEIÐASÖLUR 1976

Ár	Sumaralin	Gönguseiði	
		1 árs	2 ára
Úlfarsá		1000	
Ártúnsá		1000	
Laxá í Kjós.		2500	1500
Leirá		1000	
Andakílsá		1500	
Laxá Miklaholtshr.		1000	
Hítará		3000	
Hólmkelsá		2500	
Holtsá		1000	
Bakkaá-Gríshólsá		1000	
Valshamarsá	3000		
Skrauma		1500	
Efri-Haukadalsá		1000	
Krossá, Skarðsströnd		2500	
Geirdalsá		1500	
Múlaá		500	
Skálmardalsá	4000		
Fjarðarhornsá	4000		
Suðurfossaá	1000		
Staðará-Vatnadalsá		1000	
Langadalsá í Ísafj.dj.		4000	
Víðidalsá		1200	
Prestbakkaá		450	
Hrútafjarðará og Síká	5000	2500	
Tjarnará		800	
Vatnsdalsá	12000		
Hofsá, Skagaströnd		500	500
Fossá	3000 (smás.)	150	
Sæmundará		1300	
Húseyjarkvísl		3000	
Hofsá, Skagaf.		2000	
Hafralónsá		2500	
Hölkná		1500	
Hofsá, Vopnaf.		1000	

LAXASEIÐASÖLUR 1976

Ár	Sumaralin	Gönguseiði 1 árs	Gönguseiði 2 ára
Fossá		250	
Hvalsýki + Nýiós		1000	
Þverárvatn og Fossálar		1830	
Geirlandsá		2300	
Baugstaðaós		1000	
Markarfljót		500	
Rímhúsaáll	1500		
	33500	51280	2000
Fiskeldisstöðvar			
Tungulax h.f.	10370	1517	
Hafbeitarstöðvar			
Botnía, Súgandaf.		2000	500
Sveinhúsavatn	5000	700 (10 cm)	
Seiðasölur alls	48870	55497	2500
		57997	
Hafbeit í Kollafirði		47000	
		104997	

LAXASEIÐASÖLUR 1977

Ár	Sumaralin	Gönguseiði	
Úlfarsá		2100	
Leirvogsá		500	
"		1500	(10 cm)
Ártúnsá		1000	
Laxá í Kjós.		4500	
Leirá í Melasveit		1000	
Andakílsá		3000	
Grímsá og Tunguá		3500	
Flókadalsá		1000	
Reykjadalsá		1500	
Norðlingafljót	5000		
Gljúfurá	10000	2400	
"		3000	(10 cm)
Urriðaá		1000	
Langá		4800	
Álftá		4000	
Hítará		3000	
Núpá	1000	500	
Laxá í Miklah.hr.		1000	
Stóra-Fura, Staðarsveit		500	
Holtsá		1000	
Hólmkelsá		2000	
Valshamarsá		100	
Bakkaá-Grishólsá		3000	
Skrauma		1000	(merkt)
Dunká	2035	300	
Hörðudalsá		3500	
Miðá		3000	
Haukadalsá, efri		1000	
Fáskrúð	1000	500	
Glerá	1500		
Laxá í Hvammssveit		500	
Hvammsá		500	
Kjarlaksstaðaá (Flekkud.á)	5500	3000	
Krossá, Skarðsströnd		2500	
Fagradalsá	2000		

LAXASEIÐASÖLUR 1977

Ár	Sumaralin	Gönguseiði
Hvolsá-Staðarhólsá		2500
" "		1500 (10 cm)
Fjarðarhornsá	4000	
Geirdalsá		1000
Skálmardalsá	2000	
Vattardalsá		600
Suðurfossa	1000	
Mikladalsá	2500	
Syðradalsvatn, Bolungavík	10000	
Langadalsá, N-Ísafj.s.		4000
Hvannadalsá		3000
Selá í Steingrímsfirði		2500
Staðará í "		1500
Víðidalsá (RR)	6000	
Krossá	3500	
Bakkaá		375
Hrútafjarðará og Síká	5000	2500
Vatnsdalsá	12000	
Hofsá, Skagaf.		1000
Fossá í Skagaf.	3000	300
Flókadalsá i Skagaf.	10000	2000
Hölkná		1500 (10 cm)
Hafralónsá		2500
Hofsá í Skagaströnd		1000
Selfljót-Gilsá		1000
Nýiós, V-Skaft.	5500	
Fossálar, V-Skaft.		1000
Geirlandsá, V-Skaft.		2000
Keldunúpur		300
Rimhúsaáll	1500	
Bauluskurður í Holtum	50	
Baugsstaðaós, Árn.		1000
	97075	92375

LAXASEIÐASÖLUR 1977

	Sumaralin	Gönguseiði
	97085	92375
Fiskeldisstöðvar		
Eldisstöðin á Sauðárkr.		7000 (10 cm)
Hafbeitarstöðvar		
Botnía, Súgandafj.		2000
Sveinhúsavatn	2500	
Eiðisvatn á Langanesi	5000	
Seiðasölur alls	104585	101375
Hafbeit í Kollafirði		30000
		131375

LAXASEIÐASÖLUR 1978

Ár	Sumaralin	Gönguseiði
Ölfarsá		1850
Ártúnsá		1000
Laxá í Kjós		3000
Leirá		1000
Draghálsá	500	
Andakílsá	1600 (8 cm)	1600
Norðlingafljót	4000	
Gljúfurá	10000	
Álftá		4000
Hítará	3000	3000
Kaldá		500
Núpá		500
Laxá í Miklaholtshreppi		1000
Stóra-Fura, Staðasveit		500
Hólmkelsá	2000	7250
Holtsá		1000
Bakkaá og Grísholsá		3000
Á í botni Álftafjarðar	1000	
Setbergsá	15000 (smás.)	
Valshamarsá		100
Gunnarstaðaá		500
Dúnká	2000	300
Skrauma		1000
Hörðudalsá		3500
Miðá		3000
Efri-Haukadalsá		1000
Fáskrúð	5000	500
"	2000 (MS)	
Glerá	1500	
Hvammsá		500
Kjarlaksstaðaá	5500	2000
Krossá		2500
Búðardalsá	3000	500

LAXASEIÐASÖLUR 1978

Ár	Sumaralin	Gönguseiði
Fagradalsá	2000	
Hvolsá og Staðarhólsá		2800
Geirdalsá		400
Múlaá	1500	
"	5000 (smás.)	
Fjarðarhornsá	3000	
Skálmardalsá	1000	1000
Vattardalsá		400
Fossá á Rauðasandi	600	
Mikladalsá		1000
Sellátraá, Dýrafirði		500
Syðradalsvatn, Bolungarvík	6000	1000
Laugardalsá		2000
Sveinhúsavatn	1500	50
Ísafjarðará		1000
Langadalsá		2000
Hvannadalsá	4000	
Staðará í Steingrímsfirði		1000
Hrófá	5000	
Krossá í Bitru	3500	
Prestbakkaá	1300	
Laxá í Hrútafirði	1700	
Hrútafjarðará og Síká	3000	1500
Tjarnará	100	
Gljúfurá		1000
Vatnsdalsá	12000	
Fossá í Skefilsstaðahreppi	3000 (smás.)	
Húseyjarkvísl		2500
Flókadalsá í Fljótum	5000	
Hölkná		2000
Hafralónsá		2500
Grímúlfsá	1200	
Hofsá í Vopnafirði		1000
Selfljót-Gilsá		1000
Fögruhlíðará	2000	500
Hvalsíki og Nýiós	5000	

LAXASEIÐASÖLUR 1978

Ár	Sumaralin	Gönguseiði
Fossálar		1000
Geirlandsá		1000
Rímhúsaáll	1500	
Þjórsá	100000 (smás.)	
Kálfá	54000 " "	
Kálfá	25000 " "	
H. Magnússon	100	
	304100	71750
Fiskeldisstöðvar		
Húsatóftir, Grindavík	30000 (1 árs)	
Hafbeitarstöðvar		
Naustin v/Eiðisvatn	60000 (smás.)	
Djúplax h.f., Reykjaf.	5000	
Seiðasölur alls	399100	71750
Hafbeit í Kollafirði		41800
		113550

Seld 262000 máseiði
" 105500 sumaralin seiði
" 31600 ársgömul (10 cm)
399100

LAXASEIÐASÖLUR 1979

Ár	Sumaralin	Gönguseiði
Úlfarsá		1100
Bleikdalsá		1000
Laxá í Kjós	3000	3000
Bryngjudalsá	500 (8-9 cm)	
Laxá í Leirársveit		2000
Leirá	1000 (8-9 cm)	
Gljúfurá í Borgarfirði	7000	
Hítará		3000
Kaldá		200
Núpá		500
Kverná		1000
Grishólsá og Bakkaá		3000
Valshamarsá		100
Dunká	2000	800
Skrauma		1000
Miðá	2500 (8-9 cm)	500
Haukadalsá		2000
Fáskrúð	10000	
Kjallaksstaðaá	5500	2000
Krossá		3000
Fagradalsá	700 (8-9 cm)	
Hvolsá- Staðarhólsá		2000
Geiradalsá	500 (8-9 cm)	1150
Fjarðarhornsá		1000
Vattardalsá		600
Suðurfossaá	500	
Mikladalsá		500
Eldi Tálknafirði	500 (8-9 cm)	
Ósá og vatnið. Bolungarvík	6000	1000
Laugardalsá	3000	
"	1775 (8 cm)	
Mjóifjörður		1000
Ísafjarðará		1000
Langadalsá		2000
Hvannadalsá	3000	
Selá í Strandasýslu		1800
Staðará		1000

LAXASEIÐASÖLUR 1979

Ár	Sumaralin		Gönguseiði
Víðidalsá			1500
Krossá	3500		
Bakkaá í Bæjarhr.	450	(8-10 cm)	
Laxá "	580	(8-10 cm)	
Hrútafjarðará (FR)	10000		75
Tjarnará			500
Fossá í Skefisstaðahr.(FR)	1000		
" " "	3000	(smás.)	
Húseyjarkvísl			2500
Deildará í Skagafirði			1000
Hafralónsá			2500
Grímúlfsá	1200		
Hölkná			2000
Selfljót			2500
Fossálar			1260
Geirlandsá			1000
Rimhúsaáll	2000		
Tækur í Rangárvallas.	50	(8-9 cm)	
	69255		52085
Hafbeitarstöðvar			
Botnía	1000	(8-9 cm)	
Djúplax, Reykjafirði			500
Hafbeitartilraunir			10557
Seiðasölur alls	70225		63142
Hafbeit í Kollafirði			40000
			103142

Seld smáseiði	3000
" sumaralin	57700
" 8-10 cm seiði	9555
	70255

LAXASEIÐASÖLUR 1980

Ár	Sumarseiði	Gönguseiði
Úlfarsá		1100
Ártúnsá		1000
Leirá	1000 (9 cm)	
Andakílsá		2000
Gljúfurá		1000
Álftá		1000
Hítará		1000
Kverná		200
Gríshólsá og Bakkaá		3000
Valshamarsá		100
Dunká	2000 (smás.)	800
"	451 (8 cm)	
Skrauma		1000
Miðá		2000
Haukadalsá, efri		2000
Hvolsá-Staðarhólsá		2000
Geirdalsá		500
FM Patró		200
Suðurfossaá		600
MÓ Vesturbotni		200
AS Patró		200
Ögurvíkurá		300
Laugardalsá	2000 (9 cm)	500
Langadalsá		2000
Selá í Steingrímsfirði		1700
Staðará í "		800
Víðidalsá "		1500
Selá í Hrútafirði		200
Bakkaá "	471 (8 cm)	
Hrútafjarðará	1000	200
Fossá í Skagafirði	650	
Húseyjarkvísl		1000
Grafará í Skagaf.		1000
Unadalsá "		500
Hafralónsá í N-Þing		2500
Grímúlfsá "	1000 (9 cm)	

LAXASEIÐASÖLUR 1980

Ár	Sumarseiði	Gönguseiði
Hölkná		2000
Fögruhlíðará N-Múlas.		1000
Fossálar í V-Skaft.		1120
Geirlandsá "		1200
Baugsstaðaós, Árness.		1000
Sædýrasafnið	1000	
"	1200 (6-10 cm)	
	19722	38420
Fiskeldisstöðvar		
Ósabotnastöðin	4000 (1 árs)	
Húsatóftir, Grindavík	7000 "	
Fossá í Skafaf. (FR)	5000	5052
Kvíaeldi, Vestmannaeyjum		500
Hafbeitarstöðvar		
Lárós		8000
Botnía Súgandaf.	1000 (9 cm)	7076
Naustin, Eiðisvatn	5000 (smás.)	3000
Berufjarðará (FR)		5063
Svansvíkurvötn	500 (8 cm)	500
Seiðasölur alls	42272	108011
Hafbeit í Kollafirði		40400
		148411

Seld smáseiði	7000
" sumaralin	16650
" 7-10 cm	18622
	42272

LAXASEIÐASÖLUR 1981

Ár	Sumarseiði	Gönguseiði
Úlfarsá		1100
Brynjudalsá	3000	
Botnsá	1500	
Leirá	3000	
Álftá		1000
Hítará	40000	
Hamraós	850	
Hólmkelsá	8000	
Dunká		771
Hörðudalsá		3000
Haukadalsá		4000
Fáskrúð	2100	2000
Fagradalsá	2000	
Lækur hjá Fagradal	100	
Hvolsá-Staðarhólsá		700
Geiradalsá		1600
Vattardalsá (FM)		400
Botnía (Sv.G)	2000	
Laugardalsá	3000 (8 cm)	
Ögurvíkurá		500
Djúplax h.f.	3000	1000
Langadalsá		2000
Lágadalsá		300
Unadalsá i Djúpi	2300	100
Miðdalsá i Strandas.		500
Krossá í Bitru	3500	
Bakkaá í Hrútafirði	1800	
Hrútafjarðará	10000	
Tjarnará á Vatnsesi	270	
Fossá í Skagafirði	4000	
"	3000 (smás.)	
Deildará í N-Þing		1000
Fögruhlíðará, N-Múlas.		1000

LAXASEIÐASÖLUR 1981

Ár	Sumarseiði	Gönguseiði
Geirlandsá í V-Skaft.	1500	1600
Þjórsá-Landsvirkjun	50000	
Ölfusá-Hvítársv. (VÁ)		3326
	144920	25897

Hafbeitarstöðvar		
Lárós (FR)		6370
Botnía, Súgandafj.		6000
Fossá í Skagaf. (FR)		3000
Berufjörður (FR)		5000
Eiðisvatn (Naustin)	10000	
Seiðasölur alls	154920	46267
Hafbeit í Kollafirði		40000
		86267

Seld smáseiði	3000
" sumarseiði	148920
" 8-10 cm	3000
	154920

Lifandi laxar seldir til klaks

Pólarlax	100	hrygnur og	30	hængar
Fiskeldi h.f.	50	" "	15	"

LAXASEIÐASÖLUR 1982

Ár	Sumarseiði	Gönguseiði
Brynjudalsá		2000
Laxá í Leirársveit		2000
Núpá	2500	500
Fagradaæsá	1000 (7-8 cm)	
Hvolsá-Staðarhólsá		750
Ögurvíkurá		500
Unadalsá	1000	
Miðdalsá, Strandasýsla		500
Fossá í Skagafirði	3000 (smás.)	
Geirlandsá		1500
Þjórsá	2000 (7-8 cm)	
Ölfusá-Hvítá		4000
Flóamenn	100	1000
	9600	12700
Hafbeitarstöðvar		
Vogar		20000
Lárós		8000
Botn í Súgandafirði	2000	7000
Djúplax, Reykjarf.		6000
Fossá í Skagaf.		5000
Seiðasölur alls	11600	58700
Hafbeit í Kollafirði		64000
		122700

LAXASEIÐASÖLUR 1983

Ár	Sumarseiði	Gönguseiði
Úlfarsá		1100
Bleikdalsá		2100
Leirá	1500	
Hítará	18000	
Núpsá	2000	500
Hólmkelsá	8000	
Haukadalsá	6000	
Fagradalsá		3000
Skoravíkurá	4200	
Þorskafjarðará		1000
Ögurvíkurá	100	500
Ísafjarðará	2000	
Miðdalsá		1000
Hallá		1000
Unadalsá	1000	
Vopnafjarðarárnar		3000
Geirlandsá		1400
Rangárnar	15000	
Baugsstaðaá		1000
Ölfusá-Hvítá		2400
	55800	18000
Hafbeitarstöðvar		
Lárós		6000
Botnsá, Súgandafirði		5000
Djúplax		4000
Fossá á Skaga	4000	1000
Fljótalax	43000	
Vogalax		21000
Seiðasölur alls	104800	55000
Hafbeit í Kollafirði		64000
		119000

LAXASEIÐASÖLUR 1984

Ár	Sumarseiði	Gönguseiði
Úlfarsá		1100
Leirá	1500	
Langá		2000 M *
Hítará	20000	
Núpsá	2000	500
Haukadalsá efri	10000	
Hólmkelsá	4000	
Skoravíkurá, Dalasýslu	2000	
Guðm.,Drangsnesi	1000	1000 (10 cm)
Fossá	3000	
Vopnafjörður		5000 M
Eldvatn (V.F.)		800
Landsvirkjun	25000	
Baugstaðaá (V.F.Flóam.)		1500
Veiðifélag Árnesinga		3000
	68500	14500
Hafbeitarstöðvar		
Lárós		19850
Botnsá, Súgandafirði		3500
" "		2500 M
Icelax		10000
Reykjafjörður		2500 M
Íslax, Nauteyri		2500 M
Ásgr. Pálsson, Stokkseyri		2500
Vogar		21000
Seiðasölur alls	68500	76750
Hafbeit í Kollafirði		66000
		142750

*M - Örmerkt

Tafla 2

GÖNGUSEIÐASLEPPINGAR OG ENDURHEIMTUR
AF LAXI Í LAXELDISSTÖÐ RÍKISINS
Í KOLLAFIRÐI

Ár	Sleppt	Ár	Endurheimt	%
1963	300	1964	4	1,3
1964	1000	1965	57	5,7
1965	12250	1966	704	5,7
1966	11500	1967	610	5,3
1967	11300	1968	203	1,8
1968	16000	1969	263	1,6
1969	125700	1970	4187	3,3
1970	95000	1971	516	0,5
1971	17500	1972	681	3,9
1972	14000	1973	1956	14,0
1973	23300	1974	3065	13,2
1974	82600	1975	6920	8,4
1975	26400	1976	2094	7,9
1976	47000	1977	1574	3,3
1977	30000	1978	1000	3,3
1978	41800	1979	1500	3,6
1979	40000	1980	2580	6,5
1980	40400	1981	3140	7,8
1981	40000	1982	2400	6,0
1982	64000	1983	5300	8,3
1983	64000	1984	2100	3,3
1984	66000	1985	4200	6,4
1985	180000	1986	14000	7,8
1986	0	1987	1649*	0,9
1987	220000	1988	21200**	9,6
1988	214000	1989		
1989	300000			

* Eingöngu tveggja ára laxar úr sjó.

Tafla 3

SEIÐASÖLUR OG HAFBEITARSLEPPINGAR
Í KOLLAFIRÐI 1964 - 1989

Ár	Pokaseiði	Sumaralin seiði	7-10 cm seiði	Gönguseiði		
				Seld	Sleppt	Samtals
1963					300	300
1964		92300			1000	1000
1965		98360			12500	12500
1966		61400			11500	11500
1967		47200		28280	11300	39580
1968		40700		49770	16000	65770
1969		65800		24150	125700	149850
1970		62200		49900	95000	144900
1971		76710		73300	17500	90800
1972		102270		81420	14000	95420
1973		27000		128220	23300	151520
1974	1013000	65000		83050	82600	165650
1975	128000	105400		56894	26400	83294
1976		48870		57997	47000	104997
1977		104585		101375	30000	131375
1978	262000	105500	31600	71750	41800	113550
1979	3000	57700	9555	63142	40000	103142
1980	7000	16650	18622	108011	40400	148411
1981	3000	148920	3000	46267	40000	86267
1982		11600		58700	64000	122700
1983		104800		55000	64000	119000
1984		68500		76750	66000	142750
					870300	2084276
1985					180000	180000
1986					0	0
1987					220000	220000
1988					214000	214000
1989					300000	300000
	1416000	1511465	62777	1213976	1784300	2998276

Sþ. 193. Fyrirspurn [170. mál]

til fjármálaráðherra um endurgreiðslu söluskatts af tryggingaiðgjöldum.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Með hvaða hætti verður ofgreiddur söluskattur af tryggingaiðgjöldum endurgreiddur samkvæmt yfirlýsingu fjármálaráðherra á þingi 13. nóvember síðastliðinn? Fá tryggingatakar endurgreiðsluna með vöxtum og verðbótum eða verður fylgt endurgreiðslureglum 121. gr. tekjuskattslaga?

Sþ. 194. Fyrirspurn [171. mál]

til félagsmálaráðherra um skráningu íbúðarhúsnæðis á Norðurlöndum.

Frá Hreggviði Jónssyni.

1. Með hvaða hætti er íbúðarhúsnæði skráð í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð?
2. Hvaða upplýsingar koma fram í þessum skrám í hverju landi fyrir sig, ef þær eru til?
3. Ef fram kemur verðmæti þessara eigna í skránum, hvernig eru þau þá fundin og hve oft eru eignirnar endurmetnar í hverju landi fyrir sig?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 195. Fyrirspurn [172. mál]

til sjávarútvegsráðherra um lánveitingar Fiskveiðasjóðs til nýsmíða fiskiskipa erlendis.

Frá Guðmundi Ágústssyni.

1. Til kaupa á hve mörgum fiskiskipum og bátum hefur Fiskveiðasjóður lánað, og hvaða upphæð í hverju tilfelli, vegna nýsmíða erlendis á árunum 1987, 1988 og það sem af er árinu 1989?
2. Hve oft hefur Fiskveiðasjóður orðið að veita viðbótarlán eða hafna slíkum lánsbeiðnum vegna verðhækkana á smíðatíma þessara skipa og báta?
3. Hve háar voru þær viðbætur sem veittar voru eða hafnað var í krónutölu og að hundraðshluta miðað við upphaflegt samningsverð í hverju tilfelli?
4. Hve oft hefur Fiskveiðasjóður lánað eða hafnað láni vegna lagfæringa eða frekari úrbóta á nýsmíðuðum fiskiskipum erlendis frá á fyrrgreindu tímabili eftir að þau komu til landsins?
5. Hvað voru það háar fjárhæðir í krónutölu í hverju einstöku tilfelli sem sótt var um hjá Fiskveiðasjóði til þessara lagfæringa eða úrbóta á fyrrgreindu tímabili?

Skriflegt svar óskast.

Ed. 196. Frumvarp til sóttvarnalaga. [173. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

I. KAFLI

Skilgreiningar.

1. gr.

Sóttvarnir nefnast þær ráðstafanir, almennar og opinberar, sem lög þessi kveða á um til að koma í veg fyrir að smitsjúkdómar berist til Íslands, breiðist út meðal landsmanna eða berist frá Íslandi til annarra landa.

Almennar sóttvarnaráðstafanir eru þær ráðstafanir sem lög þessi kveða á um að ávallt skuli beita vegna smitsjúkdóma.

Opinberar sóttvarnaráðstafanir eru þær ráðstafanir sem lög þessi kveða á um að beita skuli:

a. þegar hætta er á að farsóttir berist til eða frá Íslandi,
b. þegar hætta er á útbreiðslu farsótta innan lands,
c. þegar smitaður einstaklingur skapar hættu á útbreiðslu smits með framferði sínu.

2. gr.

Með smitsjúkdómum í lögum þessum er átt við sjúkdóma eða smitun sem örverur, eiturefni (toxín) eða sníkjudýr valda.

3. gr.

Smitsjúkdómar skv. lögum þessum skiptast í tvennt, *farsóttir* og *næmar sóttir*.

Með *farsótt* er átt við *skráningarskyldan* smitsjúkdóm sem ógnað getur almannaheill.

Með *næmri sótt* er átt við *tilkynningarskyldan* smitsjúkdóm.

Heilbrigðisráðherra ákveður með reglugerð hverjir smitsjúkdóma teljast farsóttir og hverjir næmar sóttir. Í fylgiskjali með lögum þessum eru taldir upp þeir smitsjúkdómar sem við gildistöku laganna teljast til farsótta og næmra sótta.

II. KAFLI

Yfirstjórn sóttvarna.

4. gr.

Embætti landlæknis ber ábyrgð á framkvæmd sóttvarna undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra.

Til embættis landlæknis skal ráða lækni, sóttvarnalækni, til að sinna sóttvörnum. Læknir þessi skal hafa þekkingu á smitsjúkdómum og faraldsfræði þeirra. Sóttvarnalæknir skal í starfi sínu hafa samvinnu við héraðslækna, heilsugæslulækna, sjúkrahús og rannsóknastofur auk heilbrigðisnefnda, eftir því sem við á.

Héraðslæknar eru ábyrgir fyrir sóttvörnum, hver í sínu héraði, undir stjórn sóttvarnalæknis.

Héraðslæknar og sóttvarnalæknir skulu hafa samstarf um framkvæmd nauðsynlegra sóttvarna og njóta aðstoðar lögregluyfirvalda ef með þarf.

5. gr.

Verksvið sóttvarnalæknis er aðallega eftirfarandi:

1. Að skipuleggja og samræma sóttvarnir um land allt, m.a. með útgáfu ábendinga um viðbrögð við farsóttum.

2. Að fylgjast með útbreiðslu smitsjúkdóma innan lands sem utan og koma upplýsingum um þau efni með reglubundnum hætti eða eftir þörfum til lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna.
3. Að vera læknum og öðrum, sem við sóttvarnir fást, til ráðgjafar.
4. Að hafa umsjón með forvörnum gegn smitsjúkdómum, m.a. upplýsingum og fræðslu til almennings um þessi efni.

6. gr.

Ráðherra skal skipa sjö manna ráð, sóttvarnaráð, til fjögurra ára í senn.

Ráðið skal vera heilbrigðisyfirvöldum til ráðgjafar um aðgerðir til varnar útbreiðslu smitsjúkdóma.

Í sóttvarnaráði sitja sjö menn skipaðir af heilbrigðisráðherra. Þar skal vera starfandi embættislæknir, sérfræðingur á sviði smitsjúkdómalækninga, sérfræðingur í örverufræði, starfandi heilsugæslulæknir og maður sérfróður í heilbrigðisfræði. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi ráðsmanna.

Sóttvarnaráð skal hafa aðsetur hjá embætti landlæknis og skal sóttvarnalæknir vera ritari þess.

III. KAFLI

Almennar sóttvarnaráðstafanir.

1. Skyldur einstaklinga.

7. gr.

Það er almenn skylda að gjalda sem mesta varúð við smitsjúkdómum og gera sér allt far um að sýkja hvorki sjálfan sig né aðra, að svo miklu leyti sem framkvæmanlegt er.

Hver sá, sem hefur ástæðu til að halda að hann hafi smitast af sjúkdómi, sem lög þessi gilda um, er skyldur að leita læknis. Leiði læknisrannsókn í ljós að um smitsjúkdóm sé að ræða er viðkomandi skyldur að fylgja fyrirmælum læknisins um meðferð og ráðstafanir til að fyrirbyggja smitun.

8. gr.

Einstaklingur, sem reynist hafa smitsjúkdóm skv. lögum þessum, skal láta lækni þeim sem staðfestir greiningu í té alla vitneskju sína um það af hverjum hann gæti hafa smitast, svo og hverja hann kann að hafa smitað.

2. Skyldur lækna og annars heilbrigðisstarfsliðs.

9. gr.

Allir læknar skulu í starfi sínu hafa vakandi auga með smitsjúkdómum og útbreiðslu þeirra.

Ef læknir kemst að því í starfi sínu að einstaklingur hefur smitast af sjúkdómi sem er skráningarskyldur og ekki hirt um að leita læknis skal hann þegar í stað tilkynna það, sbr. 11. gr.

10. gr.

Nú leitar til læknis einstaklingur sem grunar að hann hafi smitast af sjúkdómi sem lög þessi gilda um og skal læknir þá tafarlaust láta gera nauðsynlegar rannsóknir til greiningar. Geti læknir ekki sjálfur sinnt þessum rannsóknum ber honum að vísa sjúklingi annað til greiningar og meðferðar.

Staðfesti rannsóknir smitun skal læknirinn útskýra fyrir sjúklingi hvað að honum gangi. Jafnframt skal hann útskýra vandlega fyrir sjúklingi hvernig sjúkdómur smitist og hverrar varúðar beri að gæta.

Ef ástæða er til skal læknir kanna vandlega hvernig sjúklingur hefur smitast, svo og hvort hann kunni að hafa smitað aðra. Læknir skal sjá um að hinir grunuðu séu rannsakaðir og teknir til meðferðar ef þörf krefur.

11. gr.

Læknir, sem kemst að því í starfi sínu að einstaklingur hefur smitast af sjúkdómi sem skv. lögum þessum er skráningarskyldur eða hefur rökstuddan grun um að svo sé, skal þegar í stað tilkynna það viðkomandi héraðslækni og sóttvarnalækni.

Sama skylda hvílir á forstöðumönnum rannsóknastofa, sjúkradeilda og annarra heilbrigðisstofnana.

Heilbrigðisráðherra setur, að fengnum tillögum landlæknis, reglugerð um fyrirkomulag tilkynninga skv. 1. og 2. mgr. Við það skal miða að eigi séu í tilkynningu skráðar meiri upplýsingar en nauðsynlegar eru taldar til að fylgjast megi með útbreiðslu smitsjúkdóma og unnt sé að byggja á þeim ákvörðun um frekari aðgerðir, ef þörf krefur.

Skylt er að aðstoða sóttvarnalækni m.a. með því að veita nauðsynlegar upplýsingar vegna sóttvarna.

12. gr.

Hafi læknir, sem hefur til meðferðar sjúkling sem haldinn er smitsjúkdómi, rökstuddan grun eða vitneskju um að sjúklingurinn fylgi ekki fyrirmælum sem honum voru sett um umgengni og meðferð, skal hann tilkynna það þegar í stað til sóttvarnalæknis. Í tilkynningunni skal eingöngu gefa þær upplýsingar sem reglugerð skv. 11. gr. mælir fyrir um.

Komist aðrir starfsmenn heilbrigðisþjónustu, starfsmenn félagsmálastofnunar eða lögreglu að hátterni sem 1. mgr. fjallar um skulu þeir þegar í stað tilkynna það lækni sjúklingsins eða héraðslækni.

3. Skyldur heilbrigðisnefnda.

13. gr.

Heilbrigðisfulltrúar og formenn heilbrigðisnefnda skv. lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81 3. ágúst 1988, skulu tilkynna sóttvarnalækni jafnskjótt og þeir hafa orðið varir við hugsanlega smithættu. Sóttvarnalæknir skal gefa heilbrigðisnefndum nauðsynlegar upplýsingar og ráð og hafa yfirumsjón með að til viðeigandi ráðstafana sé gripið.

Heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúar skulu aðstoða við sóttvarnir og bera ábyrgð á að gripið sé til viðeigandi ráðstafana ef hætta er á að dýr, matvæli, vatn, skolplagnir, loftræsting eða annað í umhverfinu dreifi eða geti dreift smitnæmum sjúkdómum.

Ef til ágreinings kemur um ráðstafanir milli heilbrigðisnefndar og sóttvarnalæknis sker heilbrigðisráðherra úr.

IV. KAFLI

Opinberar sóttvarnaráðstafanir.

1. Sóttvarnaráðstafanir vegna hættu á farsóttum innan lands.

14. gr.

Ef tilkynningar til sóttvarnalæknis um smitsjúkdóma benda til að farsótt sé yfirvofandi skal hann þegar í stað gera heilbrigðisráðherra viðvart.

Ráðherra ákveður hvort grípa skuli til opinberra sóttvarnaráðstafana, svo sem ónæmisaðgerða, einangrunar smitaðra, sótthreinsunar, afkvíunar byggðarlaga eða landsins alls, lokunar skóla eða samkomubanns.

Nánari ákvæði um opinberar sóttvarnaráðstafnir skal setja með reglugerð.

2. Sóttvarnaráðstafanir vegna hættu á farsóttum til eða frá Íslandi.

15. gr.

Um sóttvarnaráðstafanir, sem grípa má til vegna hættu á farsóttum frá útlöndum eða frá Íslandi til útlanda, skal setja reglugerð í samræmi við efni þeirra alþjóðasamninga Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem Ísland er aðili að.

3. Aðgerðir gagnvart einstaklingum til að hefta útbreiðslu smits.

16. gr.

Nú telur sóttvarnalæknir, er honum berst tilkynning um smitsjúkdóm, að grípa þurfi til frekari ráðstafana en læknir hefur þegar gert til þess að fyrirbyggja eða hefta útbreiðslu smitunar. Skal hann þá, í samráði við héraðslækni, sjá til þess að til slíkra aðgerða sé gripið.

17. gr.

Fái sóttvarnalæknir tilkynningu um að sjúklingur grunaður um smitsjúkdóm vilji ekki gangast undir læknisrannsókn eða að sjúklingur smitaður af smitsjúkdómi fylgi ekki reglum, sem honum hafa verið settar, getur hann og ef þurfa þykir með aðstoð lögregluyfirvalda gripið til nauðsynlegra aðgerða til varnar smiti.

Með nauðsynlegum aðgerðum er átt við læknisrannsókn, einangrun sjúklings á sjúkrahúsi eða með öðrum hætti, svo og aðrar ráðstafanir gerðar án samþykkis sjúklings. Áður en gripið er til slíkra aðgerða skal ætíð reyna að leysa mál með öðrum hætti.

Ákvörðun sóttvarnalæknis um aðgerðir af þessu tagi má áfrýja til ráðherra. Slík áfrýjun frestar ekki framkvæmd.

18. gr.

Ef maður haldinn smitsjúkdómi fellst ekki á að fylgja reglum um meðferð og umgengni við aðra eða rökstuddur grunur er um að hann hafi ekki fylgt slíkum reglum getur sóttvarnalæknir ákveðið að hann skuli lagður inn á sjúkrahús í einangrun eða að hann skuli einangraður með öðrum hætti. Um þessa dvöl skulu gilda ákvæði lögræðislaga, nr. 68 30. maí 1984, sbr. 3. mgr. 13. gr.

Þurfi einangrun að vara lengur en 15 daga skal gera kröfu fyrir dómi um sjálfræðissviptingu, sbr. 19. gr. lögræðislaga.

19. gr.

Sá sem er einangraður skal eftir því sem við verður komið njóta sömu réttinda og bera sömu skyldur og sem venjuleg sjúkrahúsvistun væri.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

20. gr.

Setja skal á stofn göngudeild smitsjúkdóma og skal hún vera í Reykjavík.

Á sjúkrahúsi, sem heilbrigðisráðherra ákveður, skal vera aðstaða til einangrunar þeirra sem eru til rannsóknar eða meðferðar vegna smitsjúkdóma eða gruns um smitsjúkdóm.

Heilbrigðisráðherra getur falið ákveðnum rannsóknastofum að ábyrgjast greiningu örvera eða sníkjudýra úr sýnum frá sjúklingum með smitsjúkdóma og fylgjast með ónæmisástandi einstaklinga gegn þýðingarmiklum smitnæmum sjúkdómum.

21. gr.

Kostnaður vegna þeirra sem haldnir eru smitsjúkdómum greiðist á sama hátt og annar sjúkra- og lækniskostnaður.

22. gr.

Auk þeirra reglugerða, sem lög þessi tilgreina sérstaklega, hefur heilbrigðis- og tryggingaráðherra heimild til að setja í reglugerð nánari ákvæði vegna framkvæmdar laga þessara, m.a. reglugerð um forvarnir smitsjúkdóma.

Sama máli gegnir ef til sérstakra ráðstafana þarf að grípa vegna sóttvarna við náttúruhamfarir.

23. gr.

Um refsingar vegna brota á lögum þessum skal fara skv. ákvæðum almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og læknalaga nr. 58/1988.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1991. Þá falla úr gildi eftirfarandi lög:

1. Lög um útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum, nr. 2 4. febrúar 1898.
2. Lög um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala, nr. 3 4. febrúar 1898, sbr. breyting á þeim lögum nr. 57 30. júlí 1909.
3. Berklavarnalög nr. 66 30. desember 1939.
4. Lög um ráðstafanir til varnar gegn fýlasótt nr. 70 7. maí 1940.
5. Lög um eyðing á rottum, nr. 27 12. febrúar 1945.
6. Lög um hundahald og varnir gegn sullaveiki, nr. 7 3. febrúar 1953.
7. Sóttvarnarlög nr. 34 12. apríl 1954.
8. Farsóttalög nr. 10 19. mars 1958.
9. Lög um varnir gegn kynsjúkdómum, nr. 16 28. apríl 1978, sbr. breyting á þeim lögum nr. 7 7. apríl 1986.

Fylgiskjal.

Smitsjúkdómum er skipt í tvo flokka, annars vegar farsóttir sem eru skráningarskyldar, hins vegar næmar sóttir sem eru tilkynningarskyldar. Smitsjúkdómum í hvorum flokki er raðað eftir meginsmitleiðum. *Skáletraða* smitsjúkdóma skal tilkynna skv. alþjóðaheilbrigðisreglum.

I. Farsóttir:

I.1 Þarmasmit:

Lömunarveiki (Poliomyelitis)
Smitandi lifrarbólga A (Hepatitis A)
Önnur smitandi lifrarbólga (Hepatitis nonA, nonB)
Kólera
Salmonellusýkingar (þ.m.t. taugaveiki og taugaveikibróðir)
Blóðkreppusótt (Shigellosis)

I.2 Öndunarfærasmit:

Barnaveiki (Difteria)
Meningókokkasjúkdómur
Hemóphilus influenzae sjúkdómur
Berklar
Svarti dauði (pestis)

I.3 Blóðborið smit:
Smitandi lifrarbóga B (Hepatitis B)
Önnur smitandi lifrarbólga (Hepatitis nonA, nonB)
HIV (Human Immunodeficiency Virus)

I.4 Samræðissmit:
Klamýdía
Lekandi
Sárasótt
Smitandi lifrarbólga (Hepatitis B)
HIV (Human Immunodeficiency Virus)

I.5 Skordýraborið smit:
Svarti dauði (pestis)
Gulusótt (Yellow Fever, febris flava)

I.6 Aðrir smitsjúkdómar:
Hundaæði (rabies)
Bótúlismi
Miltisbrandur (anthrax)

II. Næmar sóttir:

II.1 Þarmasmit:
Kampýlóbaktersýkingar
Yersiniosis
Listeriosis
Toxoplasmasýking
Sullaveiki
Tríkínósis
Coxackie og ECHO veirusýkingar

II.2 Öndunarfærasmit:
Inflúenza
Psittacosis
Legionellosis
Rauðir hundar
Meðfæddir rauðir hundar
Mislingar
Hettusótt

II.3 Blóðborið smit:
Cýtómegalóveirusmit

II.4 Samræðissmit:
Ureaplasma
Condyloma genitalis
Þvagrásarbólga af öðrum orsökum
Linsæri (ulcus molle)
Lymphogranuloma venereum
Granuloma inguinale

II.5 Skordýraborið smit:
Malaría
Rykkjasótt (febris recurrens)
Dílasótt (typhus exanthematicus)
Blæðandi hitasóttir (haemorrhagic fevers, dengue)

II.6 Aðrir smitsjúkdómar:
Heilahimnubólga af völdum veira
Heilabólga af völdum veira
Stífkrampi
Óvenjulegar berklasýkingar

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 17. október 1988 skipaði heilbrigðisráðherra nefnd sem falið var það hlutverk að endurskoða farsóttalögin frá 1958, sóttvarnalögin frá 1954 og ýmis sérlög um varnir gegn tilteknum smitsjúkdómum, svo sem berklavarnalögin frá 1939, lög um varnir gegn kynsjúkdómum frá 1978, með síðari breytingu, og lög um varnir gegn holdsveiki sem sett voru í kringum síðustu aldamót.

Í nefndina voru skipuð: Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, formaður, Guðjón Magnússon aðstoðarlandlæknir, Haraldur Briem, sérfræðingur í smitsjúkdómum, Skúli Johnsen borgarlæknir og Dögg Pálsdóttir, lögfræðingur í heilbrigðisráðuneytinu, og var hún jafnframt ritari nefndarinnar.

Þróun íslenskrar löggjafar á sviði sóttvarna hófst ekki að ráði fyrr en á síðari hluta síðustu aldar. Árið 1875 gengu í gildi lög um „mótvarnir gegn því að bólusótt og hin austurlenska kólerusótt og aðrar næmar sóttir flytjist til Íslands". Á tæpri öld þróuðust þessi lög í löggjöf um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands og síðan í núgildandi sóttvarnalög sem eru frá árinu 1954.

Liðlega tuttugu árum síðar, eða árið 1896, gengu í gildi fyrstu lögin um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma. Þessi lög hafa síðan þróast í núgildandi farsóttalög frá 1958.

Um aldamótin var ástand í málum holdsveikra og berklaveikra hér á landi mjög bágborið og aðgerðir aðkallandi. Árið 1898 gengu í gildi tvenn lög er snertu holdsveika annars vegar lög um aðgreiningu þeirra frá öðrum mönnum og flutning á spítala og hins vegar lög um stofnun holdsveikraspítala á Íslandi. Þó úrelt séu og óþörf eru þessi lög enn í gildi.

Fyrstu lögin um varnir gegn berklaveiki gengu í gildi nokkrum árum síðar, eða árið 1904. Núgildandi berklavarnalög eru frá árinu 1939.

Í starfi sínu hefur nefndin kynnt sér gildandi lagaákvæði um varnir gegn smitsjúkdómum. Nefndin hefur tekið saman yfirlit um þróun íslenskrar löggjafar á þessu sviði, sbr. fylgiskjal I. Þá hefur nefndin kynnt sér erlenda þróun sem hefur verið nokkuð hröð undanfarin ár. Í fylgiskjali II er að finna samantekt um stöðu löggjafar á sviði sóttvarna á Norðurlöndunum.

Nefndin ákvað að við endurskoðunina yrði, sem svo oft áður, fylgt fordæmi grannþjóða á Norðurlöndum, en þar hefur farið fram endurskoðun á lögum um sóttvarnir, sbr. fylgiskjal II. Nefndin gerir tillögu að rammalöggjöf um sóttvarnir. Í frumvarpi því, sem nefndin samdi og hér er lagt fram, var haft að leiðarljósi að færa sóttvarnir til nútímahorfs á grunni nær aldar reynslu af löggjöf um þessi efni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Skilgreiningar.

Um 1. gr.

Hér er að finna almenna skilgreiningu á því hvað sóttvarnir eru. Skilgreiningin er í fullu samræmi við sambærileg ákvæði í gildandi sóttvarnalögum, farsóttalögum og ýmsum sérlögum um varnir gegn einstökum smitsjúkdómum.

Jafnframt skilgreinir ákvæðið nánar þær tvenns konar sóttvarnaráðstafanir sem grípa skal til. Annars vegar eru hinar almennu sóttvarnaráðstafanir, en það eru ráðstafanir sem ávallt skal beita gegn smitsjúkdómum sem lögin taka til. Hins vegar eru hinar opinberu sóttvarnaráðstafanir sem grípa getur þurft til í þremur tilvikum:

- Í fyrsta lagi þegar hætta er á að farsóttir berist til eða frá landinu.
- Í öðru lagi þegar hætta er á útbreiðslu farsóttar innan lands.
- Í þriðja lagi þegar smitaður einstaklingur skapar með framferði sínu hættu á útbreiðslu smits.

Um 2. gr.

Rétt þykir að skilgreina í lögunum við hvað er átt þegar talað er um smitsjúkdóma. Með smitsjúkdómum er átt við sjúkdóma sem orsakast af örverum (bakteríum, sveppum, veirum eða öðrum frumstæðum lífverum) og sníkjudýrum (einfrumungum, ormum, lúsum og flóm) sem geta fjölgað sér, lifað á eða í hýsli og valdið sjúkdómi og borist manna á milli eða frá dýrum til manna. Margar örverur geta framleitt eiturefni (toxín) sem valdið geta sjúkdómum í mönnum, t.d. með mengun matvæla, jafnvel þótt örverurnar sem slíkar nái ekki að sýkja menn. Slíkar eitranir eru alla jafna taldar til smitsjúkdóma og því tilgreindar hér í skilgreiningu frumvarpsins á smitsjúkdómum.

Um 3. gr.

Í frumvarpinu er smitsjúkdómum skipt í tvennt, farsóttir og næmar sóttir.

Farsótt er skilgreind sem skráningarskyldur smitsjúkdómur sem ógnað getur almannaheill. Auk hinna almennu sóttvarnaráðstafana sem ætíð skal grípa til heimilar frumvarpið einnig svokallaðar opinberar sóttvarnaráðstafanir vegna yfirvofandi farsótta.

Næm sótt er skilgreind sem tilkynningarskyldur smitsjúkdómur. Vegna þeirra skal ætíð viðhafa hinar almennu sóttvarnaráðstafanir. Þegar sérstaklega stendur á gæti þurft að grípa til sérstakra sóttvarnaráðstafana vegna næmra sótta.

Hér er því skilið á milli tvenns konar smitsjúkdóma annars vegar farsótta, sem eru skráningarskyldar, hins vegar næmra sótta sem einungis eru tilkynningarskyldar. Munurinn felst í þeim upplýsingum sem gefnar eru upp um sjúkdómana. Skráningarskyldir sjúkdómar eru þeir smitsjúkdómar þar sem afla þarf einstaklingsbundinna upplýsinga, m.a. til að rekja smit. Tilkynningarskyldir eru hins vegar þeir smitsjúkdómar þar sem upplýsingasöfnun er fyrst og fremst vegna faraldsfræðilegra rannsókna.

Smitsjúkdómar, sem við gildistöku laganna teljast farsóttir (og þar með skráningarskyldir) og hins vegar næmar sóttir (og þar með tilkynningarskyldar) er að finna í sérstöku fylgiskjali með lögunum.

Gert er ráð fyrir að heilbrigðisráðherra geti með reglugerð breytt flokkun smitsjúkdóma, þ.e. fjölgað eða fækkað sjúkdómum í hvorum flokki.

II. KAFLI

Yfirstjórn sóttvarna.

Um 4. gr.

Í samræmi við áratuga hefð gerir frumvarpið ráð fyrir að ábyrgð á framkvæmd sóttvarna sé hjá embætti landlæknis undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra.

Samkvæmt gildandi sóttvarnalögum eru héraðslæknar sóttvarnalæknar. Í ljósi gerbreyttra samgangna þykir óþarfi að hafa fleiri en einn sóttvarnalækni til að sinna sóttvörnum í landinu öllu. Eðlilegt er að slíkur læknir hafi aðsetur hjá embætti landlæknis.

Læknir þessi skal hafa þekkingu á smitsjúkdómum og faraldsfræði þeirra. Í starfi sínu skal hann hafa samvinnu við héraðslækna, heilsugæslulækna, sjúkrahús og rannsóknastofur auk heilbrigðisnefnda, eftir því sem við á.

Til að tryggja nægileg tengsl sóttvarnalæknis út í læknishéruðin þykir einnig rétt að héraðslæknar beri áfram ábyrgð á sóttvörnum undir stjórn sóttvarnalæknis. Samvinna sóttvarnalæknis og héraðslækna um sóttvarnir er mjög mikilvæg þar sem héraðslæknar búa yfir staðarþekkingu sem nauðsynleg er þegar taka þarf ákvörðun um aðgerðir.

Ekki tekst alltaf samvinna milli sjúklings og læknis um nauðsynlegar aðgerðir vegna sóttvarna. Í lögum um smitsjúkdóma hefur frá upphafi verið að finna ákvæði þess efnis að heilbrigðisyfirvöld skuli njóta liðsinnis lögregluyfirvalda sé þess þörf. Hér er einnig slíkt heimildarákvæði.

Um 5. gr.

Hér er verksvið sóttvarnalæknis skilgreint nánar. Hann skal sjá um að skipuleggja og samræma sóttvarnir um land allt, fylgjast með útbreiðslu smitsjúkdóma og koma upplýsingum þar að lútandi áleiðis til lækna og annarra, sem á slíkum upplýsingum þurfa að halda. Þá skal hann vera læknum og öðrum sem við sóttvarnir fást til ráðgjafar og hafa umsjón með forvarnastarfi á þessu sviði.

Um 6. gr.

Rétt þykir að setja á laggirnar sjö manna ráð, sóttvarnaráð, til að vera heilbrigðisyfirvöldum til ráðgjafar um aðgerðir til varnar útbreiðslu smitsjúkdóma.

Árið 1986 skipaði heilbrigðisráðherra samstarfs- og ráðgjafarnefnd, farsóttanefnd, sem fékk það hlutverk að fylgjast með farsóttum og gera tillögur um aðgerðir til að hindra útbreiðslu þeirra. Þessi nefnd leggst niður ef ákvæði frumvarpsins um sérstakt sóttvarnaráð ná fram að ganga.

Gert er ráð fyrir að sóttvarnaráð verði skipað sjö mönnum, starfandi embættislækni, sérfræðingi á sviði smitsjúkdómalækninga, sérfræðingi í örverufræði, starfandi heilsugæslulækni og manni sérfróðum í heilbrigðisfræði. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi ráðsmanna.

Ráðið skal hafa aðsetur hjá embætti landlæknis og sóttvarnalæknir vera ritari þess.

III. KAFLI

Almennar sóttvarnaráðstafanir.

1. Skyldur einstaklinga.

Um 7. gr.

Orðalag greinarinnar er í samræmi við ákvæði í gildandi löggjöf um þessi efni.

Um 8. gr.

Orðalag greinarinnar er í samræmi við ákvæði í gildandi löggjöf um þessi efni.

2. Skyldur lækna og annars heilbrigðisstarfsliðs.

Um 9. gr.

Ákvæðið er í samræmi við fyrirmæli í gildandi lögum. Gert er ráð fyrir að læknir, sem kemst að því í starfi sínu að smitaður einstaklingur hirðir ekki um að leita læknis, skuli tilkynna það héraðslækni og sóttvarnalækni, með þeim hætti sem 11. gr. mælir fyrir um.

Um 10. gr.

Ákvæðið er í samræmi við fyrirmæli í gildandi lögum.

Um 11. gr.

Smitsjúkdóma, bæði skráningarskylda og tilkynningarskylda, skal tilkynna á þar til gerðum eyðublöðum til sóttvarnalæknis og héraðslæknis. Þessi skylda hvílir jafnt á læknum sem og forstöðumönnum rannsóknastofa, sjúkradeilda og annarra heilbrigðisstofnana.

Skráning og tilkynning smitsjúkdóma með reglubundnum og kerfisbundnum hætti þjónar þeim tilgangi að afla upplýsinga um atburðarás þeirra á hverjum tíma þannig að unnt sé að skipuleggja og grípa til varna gegn þeim og til þess að hægt sé að fylgjast með árangri ónæmisaðgerða og annarra forvarna gegn smitsjúkdómum. Upplýsingaöflun hefur einnig þýðingu við að fylgjast með langtímabreytingum á nýgengi og algengi smitsjúkdóma.

Öflun upplýsinga um útbreiðslu smitsjúkdóma getur farið fram með tvennum hætti. Annars vegar með skráningu, þ.e. persónuauðkennum hins smitaða ásamt upplýsingum um smitleiðir. Hins vegar með tilkynningum, þ.e. talningu á fjölda smitaðra án persónuauðkenna.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að það velti á eðli smitsjúkdómsins hvorri aðferðinni er beitt.

Skráningarskyldar eru farsóttir, þ.e. þeir smitsjúkdómar sem ógnað geta almannaheill. Í þessum tilvikum hefur vitneskjan um smitaðan einstakling þýðingu við að uppræta smit og því nauðsynlegt að skrá ýmis persónuauðkenni. Í þennan flokk falla einnig alvarlegir smitsjúkdómar, sem ekki munu ná mikilli útbreiðslu en eru þess eðlis að útbreiðslu þeirra er ekki hægt að hindra með öðrum hætti en að þekkja til smitaðra einstaklinga.

Tilkynningarskyldar eru næmar sóttir, þ.e. smitsjúkdómar sem eru þess eðlis að af faraldsfræðilegum ástæðum er mikilvægt að þekkja fjölda sjúkdómstilfella. Þetta getur skipt máli, t.d. til þess að meta árangur ónæmisaðgerða. Hér eru einnig sjúkdómar sem ekki eru landlægir á Íslandi en gætu borist til landsins og náð útbreiðslu hér.

Um fyrirkomulag tilkynninga vegna skráningarskyldra og tilkynningarskyldra sjúkdóma skal setja reglugerð. Drög að þeirri reglugerð, sem fyrirhugað er að setja, er að finna í fylgiskjali III.

Um 12. gr.

Hér eru ákvæði um skyldu lækna að tilkynna til sóttvarnalæknis ef þeir komast að því í starfi sínu að smitaður einstaklingur fylgi ekki fyrirmælum um hegðun. Sama skylda hvílir á öðrum starfsmönnum heilbrigðisþjónustu, starfsmönnum félagsmálastofnunar og lögreglu en þessir aðilar skulu tilkynna það lækni sjúklings eða héraðslækni sem mundu þá í samræmi við 1. mgr. tilkynna það til sóttvarnalæknis.

Sambærileg ákvæði er að finna í gildandi lagaákvæðum um sóttvarnir.

3. Skyldur heilbrigðisnefnda.

Um 13. gr.

Hér er sóttvarnastarfsemin tengd fastari böndum gildandi skipulagi skv. lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Jafnframt eru ákveðnar skyldur lagðar á herðar heilbrigðisnefnda og heilbrigðisfulltrúa um að grípa til ráðstafana. Rétt þykir að heilbrigðisráðherra skeri úr ef til ágreinings kemur milli heilbrigðisnefndar og sóttvarnalæknis um úrræði.

IV. KAFLI

Opinberar sóttvarnaráðstafanir.

1. Sóttvarnaráðstafanir vegna hættu á farsóttum innan lands.

Um 14. gr.

Hér er mælt fyrir um viðbrögð sóttvarnalæknis ef tilkynningar benda til að farsótt sé í uppsiglingu. Í því tilviki skal hann þegar í stað gera heilbrigðisráðherra viðvart. Ráðherra ákveður hvort grípa skuli til opinberra sóttvarnaráðstafanna. Þær opinberu sóttvarnaráðstafanir sem ráðherra getur gripið til eru hinar sömu og gildandi lög gera ráð fyrir.

2. Sóttvarnaráðstafanir vegna hættu á farsóttum til eða frá Íslandi.

Um 15. gr.

Ísland gerðist aðili að sóttvarnasamningi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar árið 1952. Gildandi sóttvarnareglugerð nr. 229/1971 hefur að geyma ýmis ákvæði í samræmi við þann samning. Rétt þykir að hafa í þessu frumvarpi almennt ákvæði sem heimili að setja reglugerð um sóttvarnaráðstafanir sem grípa má til vegna smithættu og eru í samræmi við þá alþjóðasamninga Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem Ísland er aðili að.

3. Aðgerðir gagnvart einstaklingum til að hefta útbreiðslu smits.

Eins og vikið var að hér að framan er reynsla fyrir því að ekki er alltaf unnt að grípa til sóttvarnaráðstafanna í samvinnu við sjúkling. Það hefur því þótt eðlilegt og nauðsynlegt að í löggjöf um smitsjúkdóma væri að finna ákvæði er heimila ýmsar aðgerðir gagnvart einstaklingum, án samþykkis hans, enda er hér um að ræða að fórna minni hagsmunum fyrir meiri.

Úrræði þau, sem hér er gert ráð fyrir að grípa megi til án samþykkis sjúklings, eru í fullu samræmi við þau úrræði sem gildandi lög um sóttvarnir heimila.

Um 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Hér er lýst þeim tilvikum sem talið er að réttlæti það að grípa til nauðsynlegra aðgerða, án samþykkis einstaklingsins. Sömuleiðis eru og taldar upp þær aðgerðir sem frumvarpið heimilar í tilvikum sem þessum. Á það er hins vegar lögð áhersla að aðgerðir af þessu tagi skulu ætíð vera neyðarúrræði, þ.e. reynt sé til þrautar að ná samvinnu við sjúkling.

Rétt þykir að ákvörðun sóttvarnalæknis um aðgerðir, sem teljast nauðsynlegar af þessum ástæðum, sé hægt að áfrýja til ráðherra, án þess þó að slík áfrýjun fresti framkvæmd.

Um 18. gr.

Hér er fjallað nánar um einangrun smitbera á sjúkrahúsi eða annars staðar. Samkvæmt heimild 3. mgr. 13. gr. lögræðislaga, nr. 68 30. maí 1984, má ekki svipta mann frelsi gegn vilja sínum, nema hann sé haldinn alvarlegum geðsjúkdómi, ofnautn áfengis eða ávana- og fíkniefna. Slík frelsisskerðing má þó ekki standa lengur en tvo sólarhringa, nema til komi samþykki dómsmálaráðuneytisins. Ef frelsisskerðing á að vara lengur en 15 daga skal gera kröfu fyrir dómi um sjálfræðissviptingu, sbr. 19. gr. lögræðislaga.

Nefndin telur eðlilegt að þessum heimildum um frelsisskerðingu megi einnig beita í þeim tilvikum er maður haldinn smitsjúkdómi fellst ekki á að fylgja reglum um meðferð og umgengni eða rökstuddur grunur er um að hann hafi ekki fylgt slíkum reglum. Einangrun yrði ýmist á sjúkrahúsi eða með öðrum hætti. Heilbrigðisráðuneytið hefur ritað dómsmálaráðu-

neytinu og óskað eftir því að lögræðislögunum verði breytt með tilliti til þessa. Eftir sem áður þykir eðlilegt að heimila í sóttvarnalögum frelsisskerðingu af þessum ástæðum og vísa til þess ákvæðis lögræðislaganna sem heimilar hana af öðrum sambærilegum ástæðum.

Um 19. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

Um 20. gr.

Rétt þykir að setja í sóttvarnalög ákvæði þess efnis að setja skuli á stofn göngudeild smitsjúkdóma sem verði í Reykjavík. Kostnaðaraukning vegna slíkrar göngudeildar verður ekki mikil því þangað mundu flytjast stöður berklavarnayfirlæknis og yfirlæknis húð- og kynsjúkdómadeildar Heilsuverndarstöðvarinnar.

Rétt þykir einnig að heilbrigðisráðherra ákveði á hvaða sjúkrahúsum skuli vera aðstaða til einangrunar vegna sóttvarna. Þá þykir og rétt að ráðherra ákveði hvaða rannsóknastofur ábyrgist greiningu sýna úr einstaklingum sem grunaðir eru um smit.

Um 21. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 22. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Í öllum gildandi lögum á þessu sviði eru sérstök refsiákvæði, sem gilda nema þyngri refsing skv. öðrum lögum, liggi við broti. Rétt þykir hins vegar að vísa um refsingu vegna brota á lögum þessum einvörðungu til ákvæða almennra hegningarlaga og læknalaga.

Um 24. gr.

Greinin skýrir sig sjálf. Rétt er þó að benda á að gildistaka frumvarpsins hefur í för með sér allnokkra lagahreinsun. Óhætt þykir að fella úr gildi lög um hundahald og varnir gegn sullaveiki, sem og lög um eyðing á rottum, þar sem í gildandi lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit er að finna ákvæði um hvoru tveggja.

Fylgiskjal I.

YFIRLIT
um þróun íslenskrar löggjafar um smitsjúkdóma.

1.0 Inngangur.

Fyrstu skipulegu aðgerðirnar af hálfu yfirvalda til að hindra útbreiðslu sjúkdóma eiga rætur að rekja til Feneyja og Mílanó á árunum 1370–1374 þegar svarti dauði var að breiðast út um Evrópu. Þá var sýktum einstaklingum meinuð aðganga að borgunum. Lýðveldið í Ragusa (Dubrovnik) á austurströnd Adríahafsins tók upp þessar aðgerðir sem gáfust vel og setti reglur um að allir þeir sem komu til hafnar voru settir í sóttkví. Í fyrstu voru menn látnir dveljast þar í 30 daga – tertiana, en síðar fundu menn að tími þessi var of stuttur. Því var hann lengdur í 40 daga – quarantina. Þaðan er orðið „quarantine“ dregið en það er nú notað um sóttkví.

Aðferð þessi var síðan notuð í Evrópu fram á 19. öld, stundum með góðum árangri. Var harkalegum aðgerðum beitt og eignir smitaðra brenndar. Réttlæting þessara aðgerða var að heilbrigði fjöldans væri æðri eignum og frelsi einstaklinga sem gátu verið smitaðir.

Mikilvægur þáttur í sóttvörnum Evrópuþjóða var faraldfræðilegt eftirlit sem miðaði að því að fylgjast náið með farsóttum í löndunum fyrir botni Miðjarðarhafs. Heilbrigðisráði Konstantínópels var fyrst falið slíkt hlutverk 1839 í samvinnu Evrópuþjóða og Tyrkjaveldis. Fyrstu samræmdu alþjóðlegu aðgerðirnar í læknisfræðilegu forvarnastarfi voru því á sviði smitsjúkdóma.

Enn eru í fullu gildi hér á landi ýmis lög, sum nokkuð gömul, sem fjalla um smitsjúkdóma og varnir gegn þeim. Þó svo að sóttvarnalögin, sem síðast voru endurskoðuð í byrjun sjötta áratugarins, og farsóttalögin, sem síðast voru endurskoðuð undir lok þess sama áratugar, fjalli almennt um sóttvarnir gegn smitsjúkdómum högguðu þau ekki gildi eldri laga um sóttvarnir gegn nokkrum tilteknum smitsjúkdómum.

Þannig eru enn í gildi lög nr. 3 4. febrúar 1898, um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala, sbr. breyting á þeim lögum nr. 57 30. júlí 1909. Sama máli gegnir um lög nr. 2 4. febrúar 1898, um útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum, berklavarnalög, nr. 66 30. desember 1939, lög um ráðstafanir til varnar gegn fýlasótt, nr. 70 7. maí 1940, og lög um hundahald og varnir gegn sullaveiki, nr. 7 3. febrúar 1953. Þá eru og sérstök lög um varnir gegn kynsjúkdómum, nr. 16 28. apríl 1978, sbr. breyting á þeim lögum nr. 7 7. apríl 1986.

Skal nú rakin þróun íslenskrar löggjafar um varnir gegn smitsjúkdómum.

2.0 Varnir gegn næmum sjúkdómum.

Frá upphafi hefur lögum um varnir gegn næmum sjúkdómum verið tvískipt. Annars vegar hafa verið lög um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands, hin fyrstu frá 1875 og nú síðastnefnd sóttvarnarlög frá 1954. Hins vegar hafa verið lög um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, hin fyrstu frá 1896 og nú síðastnefnd farsóttalög frá 1958.

2.1 Lög um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

2.1.1 Lög um mótvarnir gegn því að bólusótt og hin austurlenska kólerusótt og aðrar næmar sóttir flytjist til Íslands 17. desember 1875, með síðari breytingum.

Fyrstu lögin um varnir gegn því að næmar sóttir bærust til Íslands voru sett árið 1875. Fyrir þann tíma og raunar allt fram til ársins 1903 voru í gildi ýmsar tilskipanir og konungsúrskurðir um þetta efni.

Árið 1868 voru sett í lög fyrir hluta konungsríkisins ákvæði um mótvarnir gegn því að hin austurlenska kólerusótt flyttist til landsins sjóleiðis. Þessi lög voru leidd í gildi í Færeyjum árið 1872. Í framhaldi þessa taldi Stjórnarráðið ástæðu til að líkar ráðstafanir yrðu gerðar fyrir Ísland. Var frumvarp þessa efnis lagt fyrir Alþingi árið 1873, en náði ekki fram að ganga, m.a. vegna hins mikla kostnaðar sem þingið taldi það hafa í för með sér. Frumvarpið var lagt fram að nýju árið 1875.

Var talið að sóttvarnarlög þau, sem í gildi voru (tilsk. 8. febrúar 1805), væru eigi nægileg til þess að afstýra yfirvofandi hættu af þeim skaðvænlegu landsfarsóttum, sem í frumvarpinu voru taldar. Frumvarpið var samþykkt með nokkrum breytingum.

Skal nú vikið að ákvæðum þessara laga um mótvarnir gegn því að bólusótt og hin austurlenska kólerusótt og aðrar næmar sóttir flytjist til Íslands.

Gildissvið: Þær ráðstafanir, sem lögin heimiluðu, náðu til skipa sem komu til Íslands frá einhverjum þeim stað, sem skv. auglýsingu ráðgjafans fyrir Ísland væri álitinn sýktur

annaðhvort af bólusótt eða hinni austurlensku kóleru. Jafnframt náðu þær til skipa, sem komu frá öðrum stöðum, ef á þeim væru menn er væru veikir af bólusótt eða kóleru, hefðu verið það á leiðinni eða hefðu innan borðs lík manna sem dánir væru úr þessum sóttum.

Enn fremur lögðu lögin þá kvöð á skip, á ferð til Íslands, þar sem mislingasótt, skarlatssótt eða aðrar næmar sóttir kæmu upp á leiðinni, að þau skyldu fyrst leita hafnar á einhverri sex hafna, sem lögin tilgreindu. Þetta ákvæði kom inn fyrir tilstilli þingsins. Í upphaflega frumvarpinu var gert ráð fyrir að ráðgjafinn fyrir Ísland gæti látið ákvæði laganna ná til fleiri hættulegra landfarsótta en bólusóttar eða austurlenskrar kóleru. Þingmenn vildu frekar hafa þennan háttinn á.

Ef landshöfðinginn yfir Íslandi fengi vitneskju um að einhver höfn í útlöndum væri sýkt af bólusótt eða hinni austurlensku kóleru, áður en auglýsing frá ráðgjafanum hefði birst, hafði hann vald til að birta samsvarandi auglýsingu. Á sama hátt hafði landshöfðinginn heimild til að gefa út auglýsingu um að landfarsótt væri hætt, ef hann hefði áreiðanlega vissu um að téðar landfarsóttir gengju ekki lengur í höfnum þeim sem sagðar höfðu verið sýktar.

Sóttvarnahafnir: Skip, sem ákvæði laganna náðu til, skyldu koma við til rannsókna á einhverri af sex höfnum sem lögin tilgreindu, þ.e. Reykjavík, Vestmannaeyjum, Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri eða Eskifirði.

Áður en skipin sigldu inn á einhverja tilgreindra hafna skyldu þau draga upp í topp á stóru siglunni grænt flagg eða hvítt, ef grænt væri ekki til á skipinu.

Í upphaflega frumvarpinu var gert ráð fyrir að ráðgjafanum fyrir Ísland væri heimilt að leyfa skipum að sigla á aðrar hafnir en einhverra hinna sex sem lögin tilgreindu. Við meðferð málsins var slík heimild talin óþörf meðan læknaskipunin á Íslandi væri ekki komin í betra horf. Jafnframt töldu þingmenn enga nauðsyn bera til þess að veita ráðherranum vald til þess að gera nokkra tilslökun í þessu efni.

Læknisrannsókn: Í rannsókninni fólst að hlutaðeigandi héraðslæknir eða einhver annar löggildur læknir rannsakaði skipið. Leiddi rannsóknin í ljós að á skipinu væru grunsamleg veikindi (menn veikir eða dánir) eða heilbrigðisástand þess væri svo að hætta væri á að sýki flyttist í landið skyldi heilbrigðisstjórnin, áður en nokkrum væri leyft að fara í land, gera þær ráðstafanir, sem með þyrfti, svo sem veita hinum sjúku umönnun, flytja dána úr skipinu og sjá til þess að það yrði hreinsað. Skyldi skipið aðskilið frá öðrum skipun uns þessar ráðstafanir hefðu verið gerðar.

Sóttvarnahús: Lögin mæltu svo fyrir að í hvert skipti og svo lengi sem ráðgjafinn fyrir Ísland eða landshöfðingi fyrir hans hönd teldi nauðsynlegt skyldi í fyrrnefndum kaup- og verslunarstöðum vera til reiðu hæfilegt hús þar sem tekið væri við mönnum sem komnir væru sjóleiðis og veikir af bólusótt eða kóleru. Þar skyldi þeim hjúkrað. Viðkomandi amtmaður skyldi sjá um að húsið yrði útvegað ásamt húsgögnum.

Kostnaður: Fyrir læknisrannsókn þá, sem lögin mæltu fyrir um, skyldi greiða lækninum ákveðna þóknun, eftir stærð skips. Þóknun til læknis, borgun fyrir flutning hans út í skip og í land aftur, kostnað við lækningar á sjúklingum, sem fluttir væru í land, fæði þeirra og hjúkrun og greftrunarkostnað, ef svo stæði á, svo og kostnað vegna hreinsunar skips skyldi skipið greiða og vera jafnframt veð fyrir borgun.

Öll önnur útgjöld vegna framkvæmdar laganna, ekki síst kostnað vegna sóttvarnahúsa skyldi greiða úr landssjóði.

Refsingar: Brytu skip ákvæði laganna skyldi beita sektum, nema þyngri refsing lægi við að lögum. Sektir runnu í landssjóð.

Hinn 21. febrúar 1879 og að nýju 4. apríl sama ár voru sett bráðabirgðalög um bann gegn aðflutningum vegna þess að pestkynjaður sjúkdómu væri uppi. Í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar frá 1874 var á Alþingi árið 1879 lagt fram frumvarp til laga um bann gegn

aðflutningum vegna þess að pestkynjaður sjúkdómur væri uppi og var frumvarpið samhljóða bráðabirgðalögunum, sem fallin voru úr gildi.

Er bráðabirgðalögin voru útgengin þótti Stjórnarráðinu nauðsyn á að því yrði veitt vald til, á líkan hátt og gert hafði verið í Danmörku með lögum frá 15. mars það sama ár, að gera frekari ráðstafanir en bráðabirgðalögin heimiluðu. Á Alþingi árið 1879 var því lagt fram frumvarp til laga um ráðstafanir gegn pestkynjuðum sjúkdómum.

Nefnd sú, sem skipuð var í málið á Alþingi, taldi eðlilegast að slá báðum frumvörpunum saman í frumvarp til laga um viðauka við sóttvarnalögin frá 17. desember 1875. Varð það niðurstaðan og samþykkt voru lög frá 24. október 1879. Skv. þeim lögum var gildissvið laganna frá 1875 víkkað og látið einnig ná til skipa, sem kæmu frá löndum þar sem gengi pestkynjaður sjúkdómur eða einhver önnur hættuleg næm sótt, enda þótt slíkur sjúkdómur gengi ekki í þeirri höfn, sem skipið hefði lagt frá.

Viðaukalögin veittu og ráðgjafanum fyrir Ísland og landshöfðingja heimild til að skipa svo fyrir með auglýsingu að menn sem kæmu til Íslands frá löndum þar sem pestkynjaður sjúkdómur gengi hefðu meðferðis leiðarbréf sem vottaði að hlutaðeigandi hefði eigi verið á stað, sem sýktur væri af pest svo marga daga, sem auglýsingin tók fram, áður en hann fór af stað. Þá var þessum sömu aðilum og veitt vald til að banna eða skilyrða innflutning á varningi, fatnaði, farangri ferðamanna, dýra eða fleira, sem uggvænt þótti að pestnæmt væri.

Með lögum frá 18. desember 1897 voru enn gerðar breytingar á sóttvarnalögunum frá 1875 og sóttvarnahöfnum fjölgað og breytt. Patreksfjörður (Vatnseyri og Geirseyri) í Barðastrandarsýslu og Seyðisfjörður í Norður-Múlasýslu bættust í hóp sóttvarnahafna, sem skip áttu fyrst að koma við á er þau kæmu til Íslands frá stöðum sem álitnir voru sýktir af bólusótt, austurlenskri kólerusótt eða öðrum pestkynjuðum sjúkdómum. Þá var Stykkishólmur felldur niður sem sóttvarnahöfn.

Alþingi samþykkti einnig þingsályktun 1897 þar sem skorað var á stjórnina að leggja fyrir Alþingi árið 1899 áætlun um kostnað við byggingu sóttvarnahúsa í helstu kaupstöðum landsins skv. lögunum frá 17. desember 1875. Sú skýrsla var lögð fram og sýndi að kostnaður við slíkar byggingar var umtalsverður.

Árið 1899 var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um byggingu sóttvarnahúsa í Reykjavík, á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði. Frumvarpið varð ekki útrætt. Við umræðu kom fram að ástand í þessum málum var nokkuð bágborið og þrátt fyrir ákvæði laganna frá 1875 um að sóttvarnahús skyldu vera á þeim stöðum, sem skip skyldu fyrst koma að landi, hafði þeim ákvæðum ekki verið framfylgt.

Við umræðu um þetta frumvarp sagði Valtýr Guðmundsson: „Mér þykir heilbrigðismálin ætla nú að fara að kosta nokkuð mikið."

2.1.2 Lög um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands, nr. 34 6. nóvember 1902.

Eftir að siglingar til Íslands færðust í vöxt og fleiri og fleiri útlend fiskiskip leituðu til landsins og höfðu samskipti við íbúana víðs vegar við sjávarsíðuna komu gallarnir á sóttvarnalögunum frá 1875, með síðari breytingum, betur og betur í ljós.

Stjórnarráðið skrifaði í ársbyrjun 1901 til landshöfðingja um málið og benti á þau aðalatriði þar sem hinum gildandi sóttvarnalögum væri ábótavant og hverjum meginreglum því þætti bera að fylgja í nýjum sóttvarnalögum fyrir landið. Bað Stjórnarráðið landshöfðingja í samráði við landlækni og héraðslækninn í Reykjavík að semja lagafrumvarp um skipun sóttvarna. Frumvarpið skyldi leggja fyrir Alþingi 1901. Guðmundur Björnsson, héraðslæknir í Reykjavík, samdi síðan í samráði við landshöfðingja ítarlegt frumvarp um þetta efni. Í

framhaldi þessa samdi Stjórnarráðið nýtt frumvarp með frumvarp Guðmundar og breytingartillögur landlæknis sem undirstöðu.

Alþingi samþykkti frumvarpið með nokkrum breytingum og gengu lög um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands í gildi 1. júlí 1903. Skv. lögunum skyldi prenta þau á íslensku, dönsku, þýsku, ensku og frönsku í svo stóru upplagi að nægilega mörg eintök yrðu send dönskum verslunarfulltrúum í öðrum löndum og eitt eintak í hvert sóttvarnaskylt skip.

Lögin skiptast í fimm kafla. Í 1. kafla voru orðskýringar og almenn ákvæði og mun það hafa verið nýmæli við lagasetningu hér á landi að lög hefðu að geyma orðskýringar. Í öðrum kafla voru ákvæði um sóttvarnanefndir og sóttvarnahús. Þriðji kaflinn hafði að geyma almenn ákvæði um aðkomuskip og hinn fjórði um skip, sem áttu að hafa uppi sóttvarnaveifu. Loks voru í 5. kafla ákvæði um kostnað, sektir, ógilt lög, stjórnarbréf o.fl. Skal nú vikið nánar að þessum lögum.

Gildissvið: Lögin töldu upp nokkrar sóttir, svokallaðar erlendar sóttir. Þær voru: pest, austurlensk kólera, bólusótt, blóðsótt, útbrotataugaveiki, gul hitasótt, mislingar og skarlatssótt. Ef grunur var á að um borð í skipi, sem kom frá útlöndum, væri einhver þessara erlendu sótta, giltu ákvæði laganna um komu skipsins til landsins.

Þá settu lögin þær takmarkanir að ekkert aðkomuskip og ekkert fiskiskip frá öðru ríki mátti hleypa mönnum eða farangri í land annars staðar en á höfnum. Þá máttu íslensk skip ekki utan hafna, hvorki innan landhelgi né utan taka við farangri úr utanríkisskipum, nema brýna nauðsyn bæri til.

Sóttvarnanefndir og sóttgæslumenn: Í hverjum kaupstað og á hverjum löggiltum verslunarstað, þar sem föst verslun var, skyldi starfa sóttvarnanefnd. Í kaupstöðum sátu í nefndinni bæjarfógeti, héraðslæknir og einn maður er bæjarstjórn kaus úr sínum flokki. Á öðrum stöðum skyldi sýslumaður vera í nefndinni, hefði hann aðsetur þar á staðnum, ella umboðsmaður hans, héraðslæknir og einn maður, er sýslunefnd kaus, búsettur þar.

Bæjarfógeti í kaupstöðum, sýslumaður, búsettur á verslunarstöðum, og umboðsmenn sýslumanns annars staðar voru formenn sóttvarnanefnda og jafnframt sóttgæslumenn.

Sóttvarnanefnd skyldi sjá um að lögunum væri hlýtt og njóta aðstoðar hafnsögumanna, hreppstjóra, bæjar- og sveitarstjórna við skyldustörf sín.

Sóttvarnahús: Í hverjum kaupstað (en þeir voru fjórir á þessum tíma, Reykjavík, Akureyri, Ísafjörður og Seyðisfjörður) skyldi vera sóttvarnahús, er væri jafnan til taks með öllum útbúnaði til að taka við sjúkum mönnum frá aðkomuskipum, ef sóttkvíunar væri þörf. Viðkomandi sóttvarnanefnd hafði umsjón með húsinu, annaðist viðhald á því og útbúnaði og réð þjónustumenn eftir þörfum.

Viðkomandi héraðslæknir annaðist lækningu þeirra sjúklinga, sem hafðir voru í sóttvarnahúsi, nema landshöfðingi eftir tillögum landlæknis skipaði til þess annan lækni.

Sérstakar sóttvarnaráðstafanir:

Auglýsing: Í hvert sinn sem áreiðanleg vitneskja fékkst um að einhver erlend sótt (að undanteknum mislingum og skarlatssótt) hefði gert vart við sig í útlöndum skyldi ráðherra Íslands gefa út auglýsingu um að sjúkdómurinn væri talinn ganga á þessum stað. Er ráðstöfununum skyldi hætt gaf ráðherra út aðra auglýsingu. Ef mislingar, skarlatssótt eða inflúensa gengu einhvers staðar í útlöndum og væru þar mjög útbreidd eða illkynjuð var ráðherra (landshöfðingja) heimilt að gefa út sambærilega auglýsingu um þessar sóttir. Væri eins ástatt um einhverja næma sótt, sem lögin tiltóku ekki, mátti með konungsúrskurði ákveða að ákvæði laganna um varnir gegn erlendum sóttum skyldi beitt.

Sóttvarnaveifa: Ef skip kom frá eða hafði á leið sinni haft viðskipti við stað sem auglýsing hafði verið gefin út um eða ef skip hafði á leiðinni átt samskipti við skip sem á voru eða hefðu verið sjúkir menn eða dauðir og vissa var um eða grunur á að um erlenda sótt væri eða hefði

verið að ræða skyldi skipið er það kæmi í landhelgi Íslands draga gula sóttvarnarveifu upp á framsigluhúni. Ef gul veifa var ekki til þá hvíta. Þessi skip máttu taka höfn hvar sem þau vildu.

Ef á skipi voru eða hefðu verið á brottfararstað þess eða á leiðinni sjúkir menn eða dauðir og ástæða var til að ætla að um erlenda sótt væri eða hefði verið að ræða skyldi skipið sömuleiðis er það kæmi í landhelgi Íslands draga upp gula eða hvíta sóttvarnaveifu. Slíkt skip mátti hins vegar eingöngu leita hafnar í einhverjum kaupstað landsins.

Læknisrannsókn: Pangað til læknisrannsókn hafði farið fram á þessum skipum og þeim sem á því voru skyldi það afkvíað og engum hleypt úr því í land og engum úr landi í skipið nema í embættiserindum.

Ef læknisrannsókn leiddi í ljós engan sjúkan mann eða dauðan af erlendri sótt og skipstjóri léti í té skriflega yfirlýsingu um að enginn hefði sýkst eða dáið af slíkri sótt á skipinu skyldi því veitt heilbrigðisvottorð ef 5–14 dagar, eftir því um hverja sótt var að ræða, voru liðnir frá því að skipið hafði síðast samskipti við sóttmengað byggðarlag eða skip.

Sóttkvíun og sótthreinsun: Væri fresturinn ekki útrunninn skyldi sóttvarnanefnd, ef þörf krefði, sóttkvía skipið þann tíma er upp á vantaði og síðan veita því heilbrigðisvottorð, ef enginn hefði sýkst af erlendri sótt á meðan á sóttkvíun stóð.

Ef í ljós kom að á skipinu hefði á brottfararstað eða á leiðinni verið sjúkir menn eða dauðir og ástæða til að ætla að um erlenda sótt hefði verið að ræða, eða þá að á skipinu væri bannaður farangur og mátti þá banna samgöngur við land þar til skipið hefði verið sótthreinsað og bönnuðum farangri fargað eða hann sótthreinsaður.

Afkvíun: Ef í ljós kom við læknisrannsókn að á skipinu væru sjúkir menn eða dauðir og ástæða til að ætla að um erlenda sótt væri eða hefði verið að ræða skyldi sóttvarnanefnd annast, um leið og hún héldi skipinu afkvíuðu, að sjúkir menn væru fluttir í sóttvarnahús, að lík væru flutt í land og jarðsett, að skipið væri sótthreinsað, að bönnuðum farangri yrði lógað eða hann sótthreinsaður og að allir ósjúkir skipverjar og farþegar væru einangraðir, á skipinu eða í sérstöku húsi á landi þar til liðnir væru 5–14 dagar frá því að skipið var sótthreinsað eða þeir fluttir á land.

Almennar sóttvarnaráðstafanir: Ef skipi var ekki skylt að hafa uppi sóttvarnaveifu skyldi skipstjóri einn manna ganga í land og fara beina leið til sóttgæslumanns og sýna honum sóttgæsluskírteini skipsins og gera grein fyrir heilsufari manna á skipinu. Enginn mátti fara á land né út í skipið fyrr en skipstjóri hefði fengið heilbrigðisvottorð hjá sóttgæslumanni.

Ef skipstjóri hafði ekki sóttgæsluskírteini skyldi sóttgæslumaður engu að síður tafarlaust veita því heilbrigðisvottorð ef skipstjóri lét honum í té skriflega yfirlýsingu um að á skipinu væru ekki og hefðu ekki verið neinir sjúkir menn, sem grunur gæti leikið á um að hefðu næman sjúkdóm eða lík manna sem dánir væru úr slíkum sjúkdómi.

Ef sóttgæsluskírteinið tók fram að næmur sjúkdómur hefði verið á brottfararstaðnum svo og ef sjúkir menn væru eða hefðu verið á leiðinni eða lík og grunur léki á að um næman sjúkdóm væri eða hefði verið að ræða þá mátti ekki veita heilbrigðisvottorð fyrr en héraðslæknir hefði rannsakað skipið og sagt fyrir um hverrar varúðar skyldi gæta til þess að næmur sjúkdómur bærist ekki í land og breiddist út. Sama gilti ef skriflegt vottorð skipstjóra þótti tortryggilegt.

Kostnaður: Greiða skyldi lækni ákveðna þóknun, eftir stærð skips, fyrir læknisrannsókn. Þá átti læknir kröfu á ókeypis flutningi og dagpeningum. Skyldi sá kostnaður greiðast af skipi. Ef um var að ræða fiskiskip frá öðru ríki skyldi það greiða allan þann kostnað, sem ella félli á landssjóð.

Sóttvarnahús skyldi reisa, útbúa og halda við á kostnað landssjóðs. Þá skyldu landssjóður greiða allan legukostnað sjúklinga í þessum húsum, útfararkostnað framliðinna og allan annað kostnað, sem af lögunum leiddi.

Landssjóður skyldi ekki greiða skaðabætur vegna skemmda eða tjóns á skipi eða farangri sem leiða kynni af sóttvarnaráðstöfunum.

Refsingar: Vegna brota á lögunum skyldi beita sektum nema þyngri hegning lægi við að lögum. Ef brotin voru ákvæði laganna um sérstakar sóttvarnaráðstafanir varðaði brotið fangelsi eða sektum ef miklar málsbætur væru.

2.1.3 Lög um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands, nr. 65 19. júní 1933, sbr. breyting á þeim lögum.

Með lögum þessum var fyrst og fremst verið að endurskoða lögin frá 1902 og gera á þeim breytingar, sem leiddu í raun af sjálfu sér vegna breyttra tíma. Jafnframt fólust í lögunum breytingar sem nauðsynlegt var að gera vegna breytinga sem önnur lög höfðu gert á lögunum frá 1902 án þess að þau hefðu verið færð til samræmis. Skipti þar mestu lög frá 1925 er sóttvarnahús í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík, voru lögð niður. Reynslan hafði sýnt að sóttvarnahúsin í Reykjavík og á Akureyri voru í reynd einkum notkuð til innlendra sóttvarna og í sóttvarnahúsin á Ísafirði og Seyðisfirði mun aldrei hafa komið sjúklingur. Þá voru og gerðar nokkrar breytingar, sem miðuðu að því að gera ákvæði laga um varnir gegn því að næmir sjúkdómar bærust til Íslands skýrari og þar með aðgengilegri.

Lögin gengu í gildi 1. júlí 1934 og skyldi prenta þau á íslensku, dönsku, þýsku, ensku og frönsku í svo stóru upplagi að nægilega mörg eintök yrðu send íslenskum ræðismönnum í öðrum löndum og eitt eintak fengið hverju sóttvarnaskyldu skipi.

Gildissvið: Í lögunum frá 1933 var næmum sjúkdómum skipt í þrjá flokka eftir þeim ráðstöfunum sem grípa þurfti til.

1. Í fyrsta flokki voru svonefndar erlendar sóttir, þ.e. pest (öðru nafni svarti dauði), kólera, bólusótt, dílasótt (öðru nafni útbrotataugaveiki), blóðkreppusótt (þ.e. illkynjuð blóðsótt) og gul hitasótt. Felldar voru niður tvær sóttir af þessum lista frá lögunum frá 1902, þ.e. mislingar og skarlatssótt. Ástæðan var sú að eðlilegt þótti að telja skarlatssótt innlenda sótt, því það væri hún fyrir löngu orðin. Þá var og talið nægilegt að láta almenn fyrirmæli um ýmsar tilsvarandi sóttir gilda um mislinga. Um erlendar sóttir giltu ætíð fyllstu fyrirmæli um varnir.
2. Í öðrum flokki var inflúensa, sem með ráðherraauglýsingu og án konungsúrskurðar mátti taka í tölu erlendra sótta ef hún væri sérstaklega útbreidd eða illkynjuð. Ella var inflúensa í þriðja flokki.
3. Í þriðja flokki voru allar aðrar næmar sóttir, sem hin almennu ákvæði laganna giltu um. Með konungsúrskurði, eða til bráðabirgða án hans ef aðgerðir voru aðkallandi, mátti þó taka hverja þá sótt, sem hér flokkaðist í flokk erlendra sótta enda væri sérstök hætta á ferðum.

Með þessari skiptingu voru sóttvarnalög okkar, eftir sem áður, mjög ströng og strangari en í nágrannalöndunum. Þannig giltu í Danmörku á þessum tíma eingöngu ákvæði um erlendar sóttir gagnvart pest og kóleru.

Sóttvarnanefndir og sóttgæslumenn: Ákvæði eldri laga um sóttvarnanefndir og sóttgæslumenn voru nánast óbreytt.

Í störfum sínum skyldu sóttvarnanefndir og héraðslæknar leita sem nánastra leiðbeininga landlæknis. Um allar meiri háttar ráðstafanir skyldi fyrir fram leita samþykkis ráðherra, ekki síst ef um var að ræða ráðstafanir gagnvart skipum sem fólu í sér afkvíun eða sóttkvíun, sótthreinsun eða flutning til Reykjavíkur. Væri slíkum ráðstöfunum beitt án samþykkist skyldi tilkynna þær tafarlaust. Að öðru leyti skyldi ráðherra setja nánari reglur um störf sóttvarnanefnda.

Sóttvarnahús: Breytt var ákvæðum eldri laga um sóttvarnahús í hverjum kaupstað, enda höfðu lög frá 1925 fellt niður sóttvarnahús annars staðar en í Reykjavík. Sóttvarnahús fyrir

landið allt skyldi starfrækt í Reykjavík. Skyldi það jafnan til taks með öllum útbúnaði til þess að taka við sjúkum mönnum frá aðkomuskipum, ef nauðsynlegt reyndist að sóttkvía þá. Umsjón hússins var í höndum sóttvarnanefndar Reykjavíkur og skyldi héraðslæknirinn í Reykjavík annast lækningu sjúklinga þeirra sem þar dveldust, nema ráðherra ákvæði annað.

Sérstakar sóttvarnaráðstafanir: Ákvæði nýju laganna um sérstakar sóttvarnaráðstafanir voru að mestu leyti samhljóða lögunum frá 1902.

Almennar ákvæði um varnir gegn næmum sjúkdómum: Í eldri lögum voru reglurnar þær að skipstjóri einn manna gekk í land til að fá heilbrigðisvottorð. Þessu var breytt með lögunum frá 1933 í þá veru að aðkomuskip urðu að bíða þess að sóttgæslumaður (í kaupstöðum fyrir hans hönd tollgæslumaður eða lögregluþjónn) kæmi út að skipinu eða út í skipið. Að öðru leyti voru reglur um sóttgæsluvottorð og heilbrigðisvottorð svipaðar.

Kæmi í ljós að erlend sótt væri í skipinu skyldi grípa til þeirra aðgerða sem lögin mæltu fyrir um. Ef um annan næman sjúkdóm var að ræða, sem opinberum vörnum skyldi beitt við skv. lögum um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, eða ef héraðslæknir teldi ástæðu til að beita slíkum vörnum, skyldi fara með skipið skv. ákvæðum þeirra laga og ekki veita því heilbrigðisvottorð fyrr en þær ráðstafanir hefður verið gerðar þannig að öruggt þætti að sjúkdómurinn bærist ekki í land eða breiddist út.

Loftför: Eftir því sem við átti skyldu ákvæði laganna um skip á sama hátt ná til hvers konar loftfara.

Kostnaður: Með lögunum var stofnaður sérstakur sjóður, Sóttvarnasjóður, sem í skyldu renna greiðslur fyrir venjulegt sóttvarnaeftirlit skv. lögunum. Í sjóðinn skyldu sömuleiðis renna sektir vegna brota gegn ákvæðum laganna eða fyrirskipanna sem gefnar væru út skv. þeim. Sóttvarnasjóður skyldi vera í vörslu fjármálaráðherra og skyldi sóttvarnahús ríkisins í Reykjavík útbúið, haldið við og endurnýjað á kostnað sjóðsins. Þá skyldi sjóðurinn og standa undir legukostnaði sjúklinga í húsinu eða annars staðar þar sem þeir kynnu að verða einangraðir skv. lögunum. Þangað til nægilegt fé hefði safnast í Sóttvarnasjóð skyldi ráðherra heimilt að greiða úr ríkissjóði allan kostnað, sem leiddi af lögunum.

Refsingar: Óbreytt voru ákvæði eldri laga um refsingar að öðru leyti en því að fjárhæðir voru hækkaðar og að sektir skyldu renna í Sóttvarnasjóð.

Með lögum nr. 26 27. júní 1941, um breytingar á lögum nr. 65/1933, um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands, voru gerðar tvær viðbætur við lögin frá 1933.

Annars vegar var lögð sú skylda á fulltrúa utanríkismálaráðuneytisins erlendis að fylgjast sem best með sóttarfari hver í sínu umdæmi og vera við því búnir að gefa skipstjórum, er vildu sigla til Íslands, leiðbeiningar þar að lútandi. Jafnframt skyldu þeir tilkynna utanríkisráðuneytinu tafarlaust ef upp kæmu eða yfirvofandi mátti telja að upp kæmu í umdæmi þeirra erlendar sóttir.

Hins vegar var í lögin bætt heimild til að setja reglur um umbúnað líka, sem flutt væru inn í landið.

2.1.4 Sóttvarnarlög nr. 34 12. apríl 1954.

Á 4. vorþingi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar vorið 1951 var samþykktur alþjóðlegur sóttvarnasamningur. Fyrir þá aðila Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, sem ekki höfðu tilkynnt fyrirvara innan tiltekins frests, gekk samningurinn í gildi 1. október 1952 og var Ísland í hópi þeirra aðila.

Talið var að ákvæði laganna frá 1933 um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands ættu ekki að vera því til fyrirstöðu að við gætum í öllum atriðum er máli skipti fullnægt ákvæðum hins alþjóðlega sóttvarnasamnings. Þó gengu ákvæði íslensku laganna yfirleitt allmiklu lengra en heimilt var skv. hinum nýja samningi.

Í framhaldi þessa þótti sjálfsagt að endurskoða lögin um varnir gegn því að næmar sóttir berist til Íslands, en hagkvæmt þótti að flýta endurskoðuninni ekki meira en svo að unnt væri að hafa nokkurn stuðning af því sem í þessu efni gerðist annars staðar á Norðurlöndum. Frumvarp það til sóttvarnalaga, sem lagt var fram á Alþingi árið 1953, var mjög sniðið eftir nýjum dönskum sóttvarnalögum frá fyrri hluta árs 1953 en þó samræmt íslenskum staðháttum og aðstæðum.

Frumvarpið var samþykkt óbreytt og varð að lögum nr. 34 12. apríl 1954. Lögin öðluðust gildi þegar í stað og gilda þau enn. Þau skyldi birta á íslensku og ensku.

Með gildistöku sóttvarnarlaganna frá 1954 lauk u.þ.b. hálfrar aldar þróun sérstakra sóttvarnahúsa hér á landi. Til fróðleiks þykir rétt að minnast á helstu atriði þeirrar sögu.

Eins og getið var um að framan var svo um mælt í lögunum frá 1902 að sérstök sóttvarnahús skyldi reka á kostnað landssjóðs í öllum kaupstöðum landsins, þ.e. í Reykjavík, á Akureyri, á Ísafirði og Seyðisfirði.

Það hét svo að þessum húsum væri komið upp, en naumast kom fyrir að til þeirra þyrfti að grípa í sambandi við sóttvarnir gagnvart útlöndum. Hitt var ekki ótítt að sóttvarnahúsin, einkum í Reykjavík, væru tekin traustataki í þágu innlendra sóttvarna. Í sóttvarnahúsin á Ísafirði og Seyðisfirði mun aldrei hafa komið sjúklingur né grunaður smitberi til einangrunar, enda mun á báðum stöðum með öllu hafa farist fyrir að sjá húsunum fyrir innanstokksmunum til að gegna fyrirhuguðu hlutverki sínu.

Með lögum nr. 34 27. júní 1925 voru sóttvarnahúsin á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði lögð niður og skyldi sóttvarnahúsið í Reykjavík nægja öllu landinu. Sóttvarnarlögin frá 1954 lögðu einnig það hús niður.

Skal nú vikið að helstu breytingum, frá eldri lögum, sem hin nýju lög fólu í sér.

Breyting á heiti laganna: Hin nýju lög voru nefnd hinu almenna heiti sóttvarnalög þó svo að þau ættu aðeins að taka til millilandasóttvarna, þ.e. ráðstafana til varnar gegn því að inn í landið eða út úr því bærust þær sóttir, sem lögin á hverjum tíma tækju til.

Gildissvið: Í lögunum eru ekki nefndar þær sóttir, sem þeim er ætlað að taka til, heldur skyldi það ákveðið með reglugerð. Var það gert með tilliti til þess að ekki þótti fyrir fram sjálfsagt að þau tæku til allra þeirra sótta, sem sóttvarnasamningurinn fjallaði um og ekkert væri því til fyrirstöðu að láta þau taka til annarra næmra sótta.

Sóttvarnanefndir: Gerð var sú breyting á skipun sóttvarnanefndar að í henni skyldu eiga sæti í Reykjavík tollstjóri, borgarlæknir og lögreglustjóri, í kaupstöðum öðrum en Reykjavík bæjarfógeti, héraðslæknir og bæjarstjóri og á öðrum hafnarstöðum lögreglustjóri (hreppstjóri), héraðslæknir og hreppsnefndaroddviti. Fellt var niður að bæjarstjórnir og sýslunefndir kysu einn fulltrúa í nefndina þar sem það fyrirkomulag þótti ekki hafa gefist nægilega vel. Formennskan er í höndum tollstjóra í Reykjavík, bæjarfógeta í öðrum kaupstöðum og á hafnarstöðum öðrum lögreglustjóra (hreppstjóra). Formaður, með ráði og aðstoð héraðslæknis (í Reykjavík borgarlæknis), annast framkvæmdir sóttvarnanefndar. Jafnframt er embættis- og starfsmönnum tollgæslu, lögreglu, hafnargæslu, flugsamgangna og hafnsögumönnum jafnan skylt að aðstoða sóttvarnanefndir við framkvæmd sóttvarnaráðstafana skv. ákvæðum laganna.

Sóttvarnalæknar: Héraðslæknar, í Reykjavík borgarlæknir, skulu vera sóttvarnalæknar hver í sínu héraði. Heimilt er að fela öðrum löggiltum lækni að annast aðkallandi sóttvarnalæknisstörf í forföllum reglulegs sóttvarnalæknis og þegar sérstaklega stendur á er ráðherra heimilt að skipa sérstaka sóttvarnalækna.

Sóttvarnahús: Reynslan frá 1902 og raunar allar götur frá 1875, er fyrstu lagafyrirmæli um sóttvarnahús gengu í gildi, þótti hafa sýnt að slík skipan væri úrelt.

Hentugt þótti því að taka upp þá skipan að skylda bæjar- og sveitarstjórnir til að gera ráðstafanir til þess, í samráði við sóttvarnanefndir, að við verði komið, allra helst á sjúkrahúsi,

tryggilegri einangrun og nauðsynlegri aðhlynningu aðkomufólks til landsins, sem einangra þurfi skv. ákvæðum laganna. Bæri svo við að einangra þurfi vegna sóttvarnaráðstafana gegn útlöndum meiri fjölda manna í senn en svo að rúmist á nokkru sjúkrahúsi yrði í þeim tilvikum að láta nægja skyndiráðstafanir, t.d. að gera skólahús að bráðabirgðasóttvarnahúsi.

Rottur og rottueyðing: Í lögum eru nokkur ákvæði um rottueyðingu og var það nýmæli í sóttvarnalögum. Skulu sóttvarnanefndir gera sér far um með því að leita samkomulags við hlutaðeigandi yfirvöld og á annan hátt stuðla að því að rottugangi á hafnar- og flughafnarsvæðum verði haldið í skefjum. Jafnframt er ráðherra heimilt að skipa svo fyrir að rottueyðing fari fram í skipum með ákveðnu, reglulegu millibili og á hverjum hafnarstöðum rottueyðing í skipum fari fram. Sóttvarnanefndir láta í té ókeypis vottorð um að skip hafi verið rannsakað vegna rottugangs og rottueyðingar hafi ekki talist þörf – rottuvottorð – eða rottueyðing hafi farið fram – rottueyðingarvottorð.

Sóttvarnaráðstafanir við för úr landi: Sóttvarnanefnd skal gera allar ráðstafanir, sem með góðu móti eru framkvæmanlegar til að koma í veg fyrir að maður, sem er sýktur eða grunaður, fari úr landi og að sóttnæmi næmra sótta eða dýr, sem kunn eru að því að vera eða geta verið smitberar slíkra sótta, berist eða sleppi út í skip eða flugför á leið til útlanda. Ef nauðsyn krefur getur ráðherra af þessum ástæðum heimilað að skipa svo fyrir að menn, sem ferðast úr landi undirgangist læknisrannsókn fyrir brottför sína.

Sóttvarnaráðstafanir við komu til landsins: Skip eða flugfar, sem hingað kemur, má ekki nema í neyðartilfelli hafa samskipti við land eða landsmenn fyrr en sóttvarnanefnd, eða sá, sem hún hefur veitt umboð til þess, hefur veitt skipinu eða flugfarinu leyfi til frjálsra samskipta. Tollgæslan annast tilkynningu frjálsra samskipta og áður en slík tilkynning hefur verið gefin má enginn án leyfis sóttvarnanefndar ganga á land úr skipi eða flugfari, né nokkur úr landi fara út í skipið eða stíga upp í flugfarið.

Við komu skips eða flugfars skal skipstjóri eða flugfarsstjóri skýra sóttvarnanefnd eða fulltrúa hennar frá heilbrigðisástandi í farinu á leiðinni og við komu að landi. Teljist skipið eða flugfarið ósýkt af næmri sótt skal sem skjótast leyfa því frjáls samskipti.

Ef skip eða flugfar telst sýkt eða grunað um að vera sýkt af næmri sótt má ekki veita skipinu eða flugfarinu leyfi til frjálsra samskipta fyrr en það hefur verið rannsakað af sóttvarnalækni og síðan látið sæta sóttvarnaráðstöfunum af hendi sóttvarnanefndar skv. ákvæðum laganna.

Undanþágu frá þessu má veita skipum og flugförum, er annast reglubundnar ferðir milli landa.

Sóttvarnaráðstafanir gagnvart einstaklingum: Sóttvarnaráðstafanir gagnvart einstaklingum eru tvenns konar. Annars vegar einangrun og hins vegar sóttvarnaeftirlit. Einnig má bjóða viðkomandi að undirgangast viðeigandi ónæmisaðgerð.

Sóttvarnanefnd getur ákveðið að maður, sem kemur til landsins og nefndin telur sýktan, skuli sæta einangrun.

Sóttvarnanefnd getur og hlutast til um að grunaður maður, sem kemur frá sýktu sóttvarnasvæði, sé tekinn undir sóttvarnaeftirlit. Viðkomandi er háður eftirlitinu uns liðinn er meðgöngutími sóttarinnar, sem um er að ræða. Einangrun má ekki koma í stað sóttvarnaeftirlits nema svo standi á að sóttvarnanefnd hafi ríka ástæðu til að ætla að um sérstaka sótthættu sé að ræða.

Þegar nauðsynlegt telst að hindra að næm sótt berist til landsins og breiðist hér út er ráðherra heimilt að mæla svo fyrir að mönnum, sem til landsins koma bjóðist að undirgangast viðeigandi ónæmisaðgerð. Sé því hafnað má láta það varða sóttvarnaeftirliti eða einangrun.

Sóttvarnaráðstafanir gegn farmi, farangri og pósti: Farm skips eða flugfars má því aðeins láta sæta sóttvarnaaðgerðum að sóttvarnanefnd hafi gilda ástæðu til að ætla að hann sé mengaður sóttnæmi næmrar sóttar eða líklegur til að valda útbreiðslu slíkrar sóttar.

Farangur má ekki sæta öðrum sóttvarnaaðgerðum en sótthreinsun og skordýraeyðingu og því aðeins að sá, er hann hefur meðferðis sé sýktur eða grunaður eða farmurinn mengaður sóttnæmi næmrar sóttar eða í honum séu skordýr sem eru eða geta verið smitberar slíkrar sóttar.

Póst, blöð, bækur og annað prentað mál má ekki láta sæta sóttvarnaaðgerðum. Þó getur ráðherra mælt fyrir um sérstakar sóttvarnaaðgerðir gegn póstbögglum ef rík ástæða er til að ætla að innihald þeirra sé mengað sóttnæmi næmrar sóttar eða það sé líklegt til að valda útbreiðslu slíkrar sóttar.

Kostnaður við sóttvarnaráðstafanir: Ríkissjóður ber kostnað af sóttvarnaráðstöfunum skv. ákvæðum laganna með þessum undantekningum helstum:

- erlend skip er stunda fiskveiðar eða aðrar veiðar hér við land greiða allan kostnað af sóttvarnaráðstöfunum gegn þeim;
- skip eða flugfar greiða kostnað af rannsókn á rottugangi og rottueyðingu;

Sóttvarnasjóður: Hlutverki Sóttvarnasjóðs var breytt og skal hann nú hafa það hlutverk að standa straum af kostnaði af rannsóknum varðandi farsóttir og sóttvarnamál. Varsla sjóðsins er falin landlækni undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra og eru allar greiðslur úr sjóðnum háðar samþykki ráðherrans.

2.1.5 Reglugerðir, settar með stoð í sóttvarnarlögunum frá 1954.

Reglugerð um flutning líka nr. 115 30. júní 1971: Í reglugerðinni eru settar reglur um umbúnað líka vegna flutnings inn í landið og úr landi. Sömuleiðis er þar að finna reglur um flutning líka milli prestakalla.

Reglugerð um sóttvarnir nr. 229 15. nóvember 1971: Í reglugerðinni eru taldar upp þær sóttvarnasóttir, þ.e. þær sóttir er sóttvarnaráðstöfunum skuli ávallt beita gegn. Þessar sóttir eru:

- bólusótt (variola, variola minor),
- kólera (cholera asiatica, cholera El Tor),
- svarti dauði (pestis).

Í reglugerðinni eru síðan nánari ákvæði um hver teldist meðgöngutími hverrar sóttar og nánari fyrirmæli um viðbrögð ef til landsins kæmu menn, sem fyrir skemmri tíma en næmi fullum meðgöngutíma sóttar hefðu komið við á eða haft samskipti við sóttarsýkt svæði. Þar er og að finna gjaldskrá vegna ýmissa sóttvarnaráðstafana.

Reglugerðinni hefur verið breytt tvisvar. Með reglugerð nr. 116 16. maí 1972 var aldur kúabólusetningarvottorða færður úr fjórum árum í þrjú. Með reglugerð nr. 290 26. september 1974 var breytt ákvæðum um sóttvarnaráðstafanir vegna kóleru.

2.2 Lög um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

2.2.1 Lög um varnir útbreiðslu næmra sjúkdóma, nr. 2 31. janúar 1896, sbr. breyting á þeim lögum.

Fyrstu lögin um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma voru sett árið 1896 og gengu í gildi 1. júlí það ár. Með þeim féll úr gildi tilskipun frá 17. apríl 1782 um ráðstafanir gegn næmum sjúkdómum meðal alþýðu, sem þótti orðin úrelt þar sem margt væri orðið breytt síðan hún var gefin út auk þess sem hún var talin hafa þann ágalla að allar sóttvarnafyrirskipanir skv. henni urðu að koma frá landlækni.

Skal nú vikið nánar að ákvæðum þessara laga.

Gildissvið: Lögin náðu til varna innan lands gegn útbreiðslu kóleru, gulrar hitasóttar, útbrotataugaveiki, bólusóttar, mislingasóttar, skarlatssóttar og pestar og var skylt að grípa til sóttvarnaráðstafana gegn þessum sjúkdómum. Teldi landlæknir nauðsynlegt gat landshöfð-

ingi fyrirskipað að vörnum skv. lögunum skyldi beita gegn öðrum næmum sjúkdómum, svo sem inflúensu, barnaveiki, kíghósta, taugaveiki og blóðsótt þegar þessir sjúkdómar væru skæðir eða gengu víða eða aðrar sérstakar ástæður væru fyrir hendi.

Tilkynningarskylda: Ef upp kom á heimili sjúkdómur, sem gæti verið einn af þeim sjúkdómum, sem lögin giltu um eða annar sjúkdómur, sem yfirvöld skv. auglýsingu höfðu sett varnir við skyldi húsráðandi þegar í stað tilkynna lækni sínum frá því. Heimilt var þó húsráðanda að tilkynna sjúkdóminn hreppstjóra, hreppsnefndarmanni, sýslumanni eða bæjarfógeta, sem skyldu jafnskjótt láta lækni vita.

Sóttvarnaráðstafanir: Ef upp kom einhver sá sjúkdómur sem lögin giltu um skyldi hlutaðeigandi læknir þegar í stað beita hinum almennu sóttvarnareglum, en þær voru:

- Afkvíun heimilis, þar sem sjúklingurinn dvaldi og ef mikið lá við afkvíun kaupstaðar, kauptúns, þorps eða hluta þeirra eða annarra stórra svæða.
- Sóttnæmishreinsun bústaða, húsa og herbergja þar sem verið hefði einhver með sjúkdóm sem lögin giltu um.
- Sóttnæmishreinsun einstaklings og muna slíks einstaklings, sem hefur næman sjúkdóm eða álitið er að gangi með hann. Heimilt var einnig að banna mönnum að neyta fæðu, sérstaklega mjólkur, er staðið hefði hjá sjúklingi.
- Bann við skólagöngu þeirra barna sem búsett eru á heimili þar sem næmur sjúkdómur gerir vart við sig. Þetta gilti einnig ef barnaveiki gerði vart við sig á heimili þó svo að yfirvöld hefðu ekki sett varnir við sjúkdóminum. Ef barnaveiki eða annar næmur sjúkdómur gerði vart við sig á heimili kennara skyldi hann hætta kennslu þangað til hann fengi læknisvottorð um að ekki þyrfti að óttast að hann breiddi sjúkdóminn út.
- Lokun skóla, bann við mannfundum, opinberum samkomum, messum og líkfylgdum í sveitum og bæjum þar sem sjúkdómurinn gengur.

Þegar læknir tók upp sóttvarnir skyldi hann skýra landshöfðingja frá ráðstöfununum svo fljótt sem verða mátti. Í samráði við landlækni skyldi landshöfðingi síðan ákveða hvaða vörnum skyldi beitt gegn útbreiðslu sjúkdómsins og tilkynnti það hlutaðeigandi lækni svo fljótt sem verða mátti. Læknirinn gerði síðan þær ráðstafanir almenningi kunnar á hinn hagkvæmasta og tryggilegasta hátt á því svæði sem þurfa þótti. Þegar almennum sóttvörnum væri lokið skyldi það einnig gert almenningi kunnugt.

Kostnaður: Útgjöld vegna laganna skyldi greiða af almannafé að öðru leyti en því að færi sjúklingur í meðferð í sóttvarnahús skv. lögunum frá 1875 skyldi sá kostnaður greiðast eftir þeim lögum.

Refsingar: Brot gegn lögunum vörðuðu fangelsi eða sektum nema þyngri refsing væri ákveðin í almennum lögum.

Hinn 13. september 1901 gengu í gildi viðaukalög við lögin frá 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma. Ef einhver þeirra sjúkdóma sem yfirvöldum var skylt að verja almenning fyrir var svo vægur að hann yrði ekki talinn hættulegur lífi og heilsu og hefði náð svo mikilli útbreiðslu að lítil líkindi væru til að hann yrði heftur þá skyldi landshöfðingja heimilt að láta hætta sóttvörnum, enda samþykkti landlæknir. Var talið af kostnaðarástæðum nauðsynlegt að hafa slíka heimild í lögunum og við umræðu kom fram að fyrst og fremst var gert ráð fyrir að þessi undantekning yrði notuð vegna mislinga og skarlatssóttarfaraldra.

2.2.2 Lög um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, nr. 24 16. nóvember 1907.

Sóttvarnalögin frá 1896 voru talin hafa reynst vel í framkvæmd að öðru leyti en því að sótthreinsunarkostnaður hefði orðið afarmikill. Landsstjórnin reyndi að stemma stigu við því að kostnaður við sótthreinsanir færi upp úr öllu valdi og því haldið fram að heimamenn ættu ekki heimting á borgun fyrir vinnu sína við sótthreinsun á heimilinu. Sú skoðun átti ekki

nægilega stoð í sóttvarnalögunum og fór svo að uppgjafaprestur einn höfðaði mál gegn landssjóði út af sótthreinsunarkostnaði á heimili hans, sem landstjórnin neitaði að greiða nema að nokkru leyti. Fyrir gestarétti Reykjavíkur var kveðinn upp dómur 16. febrúar 1905 og þar tekið fram að heimamenn séu ekki skyldir til að starfa að fyrirskipaðri sótthreinsun á heimilinu nema gegn borgun.

Stjórnarráðið taldi að þessi skýring gestaréttarins yrði naumast hrakin og var dómnum því ekki áfrýjað heldur ákveðið að taka af skarið og breyta lögunum þannig að heimamenn yrðu beint skyldaðir til að láta í té vinnu, eldivið og sápu og annað, sem venjulegt var að þyrfti til þrifnaðarráðstafna á heimili.

Með frumvarpinu, sem lagt var fram 1907, voru og nokkrar fleiri smávægilegar breytingar gerðar á lögunum frá 1896, allar í samráði við Guðmund Björnsson landlækni. Þannig var húsráðanda nú skylt að tilkynna einungis lækni um sjúkdóma á heimilinu. Þá var og læknum gert að ráða sótthreinsunarmann, karl eða konu, einn eða fleiri í hvern hrepp héraðs síns.

Breytingarnar voru síðan, skv. ákvæðum frumvarpsins felldar inn í meginmál laganna frá 1896 og lögin birt þannig breytt.

Með lögum nr. 24 31. maí 1927 var samþykktur viðauki við lögin um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma frá 1907. Viðaukinn var þess efnis að ef maður væri smitberi eða grunaður um að vera smitberi einhvers þess sjúkdóms, sem lögin frá 1907 kröfðust sóttvarnaráðstafana við þá væri heilbrigðisstjórninni heimilt, þegar henni þætti ástæða til að fara með viðkomandi eins og hann væri haldinn sjúkdómnum. Þetta þótti nauðsynleg breyting í ljósi framþróunar í læknisfræði. Í ljós hafði komið að menn gætu gengið með sýklana sem orsökuðu þessa sjúkdóma án þess að vera sjálfir sjúkir. Þannig gætu þeir smitað menn hópum saman, eins og reyndar reynslan hefði sýnt með taugaveiki á ýmsum stöðum. Þar sem menn, sem grunaðir væru um að vera sýkilberar, væru oft ófúsir til að láta rannsaka sig þyrfti lagaheimild til þess að taka þá á sjúkrahús og rannsaka og síðan gera ráðstafanir til að verja alþýðu manna fyrir smitun, reyndust þeir sýkilberar.

2.2.3 Lög um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, nr. 66 19. júní 1933, sbr. breyting á þeim lögum.

Með þessum lögum var fyrst og fremst verið að endurskoða lögin frá 1907, gera þau skýrari en áður og um leið fyllri og færa til samræmis við yfirstandandi tíma. Við endurskoðunina var hvarvetna miðað við reynslu undanfarinna ára viðvíkjandi framkvæmd löggjafarinnar.

Gildissvið: Lögin kröfðust sérstakra sóttvarnaráðstafana við sömu sjúkdómum og lögin frá 1907 nema hvað mislingar og skarlatssótt voru felldar niður úr upptalningunni. Þessum sóttum var hins vegar bætt við í upptalninguna um sjúkdóma sem ákvæðum laganna mátti beita við. Í þá upptalningu var einnig bætt hettusótt, heilasótt og mænusótt.

Almennar sóttvarnir: Skv. lögunum var það almenn skylda að gæta sem mestrar varúðar við hvers konar næmum sjúkdómum og gera sér allt far um að sýkja hvorki sjálfa sig né aðra að svo miklu leyti sem framkvæmanlegt er og þýðingu hefur. Læknum og þeim, sem með lækningar fara, svo og öðrum heilbrigðisstarfsmönnum var sérstaklega skylt, hverjum í sínum verkahring, að vekja athygli á sýkingarhættum og gefa ráð og leiðbeiningar þar að lútandi. Hlutaðeigandi var jafnan skylt að hlýða fyrirmælum læknis um nauðsynlegar, viðurkenndar og venjulegar ráðstafanir til varnar gegn sóttnæmisútbreiðslu frá sjúklingi, er hann hefði til meðferðar.

Opinberar sóttvarnir: Í hvert sinn sem einhver þeirra sjúkdóma, sem krafðist opinberra sóttvarna, kom upp skyldi hlutaðeigandi héraðslæknir þegar í stað beita opinberum sóttvörn-

um en tilkynna það landlækni jafnskjótt. Teldi héraðslæknir nauðsynlegt að beita opinberum sóttvörnum að meira eða minna leyti gegn öðrum næmum sjúkdómum skyldi hann bera málið undir landlækni og bíða fyrirmæla ráðherra.

Opinberar sóttvarnir voru:

- Flutningur sjúklings eða smitbera á sjúkrahús eða eitthvert annað hús, er til þess er hentugt og hægt er að fá.
- Takmörkun samgangna milli heimilis sjúklings eða smitbera og annarra heimila.
- Lokun skóla og samkomur bannaðar.
- Lokun verslana, gistihúsa og veitingastaða.
- Afkvíun byggðarlaga. Var þetta nýmæli.
- Sótthreinsun.

Opinberar sóttvarnir voru í höndum héraðslækna, undir umsjón landlæknis og ráðherra. Skyldir voru sýslumenn, bæjarfógetar (í Reykjavík lögreglustjóri), hreppstjórar svo og sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir, ef til væru, að veita héraðslæknum hjálp við framkvæmd hinna opinberu sóttvarna.

Taugaveikismitberar og aðrir smitberar: Í lögunum voru sérstök ákvæði um réttindi grunaðra taugaveikismitbera og aðra grunaða smitbera. Þeir áttu kröfu á að vera rannsakaðir til hlítar og fá úr því skorið, ef unnt væri, hvort grunur væri á rökum byggður. Jafnframt áttu þessir einstaklingar kröfu á að fá læknishjálp sem til þess þurfti og ef hægt var til að losna við smitburðinn. Jafnframt var heimilt, ef um viðvarandi taugaveikismitburð væri að ræða eða grun um þess háttar smitburð, sem ekki tækist að hnekkja að verja mætti til styrktar slíkum smitbera nokkurri fjárhæð úr ríkissjóði um lengri eða skemmri tíma gegn því að honum yrði ráðstafað á þann hátt að sýkingarhætta stafaði ekki af honum.

Með lögum nr. 28 27. júní 1941, um breytinu á lögum um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma frá 1933, var sett inn heimild til ráðherra um að setja reglur um meðferð og umbúnað líka sem flutt væru á milli staða hér á landi eða út úr landinu.

2.2.4 Farsóttalög nr. 10 19. mars 1958.

Með farsóttalögunum frá 1958,sem enn eru í gildi, voru lögin frá 1933 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma endurskoðuð. Það sem fyrst og fremst kallaði eftir slíkri endurskoðun var nauðsyn þess að samræma annars vegar farsóttalög og hins vegar sóttvarnalög, sem endurskoðuð höfðu verið 1954.

Samræming við sóttvarnalögin fólst fyrst og fremst í því að til opinberra sóttvarna skv. ákvæðum farsóttareglugerðar skal nú grípa til gegn útbreiðslu þeirra sóttvarnasótta sem 1. gr. sóttvarnareglugerðar nr. 112 27. ágúst 1954 taldi upp, þ.e.:

- bólusótt (variola)
- dílasótt (typhus exanthematicus);
- kóleru (cholera asiatica);
- rykkjasótt (febris recurrens);
- svarta dauða (pestis).

Verði breytingar á sóttvarnareglugerð um hverjar sóttir teldust sóttvarnasóttir tekur sú breyting einnig til ákvæða þessara laga. Með tilkomu nýrrar sóttvarnareglugerðar 1971 var sóttvarnasóttum fækkað allnokkuð, sbr. hér að framan.

Aðrar breytingar, sem felast í farsóttalögunum frá 1958, eru þær að endurskoðuð var skipan sótthreinsana þannig að fellt var niður skilyrði eldri laga um sérstakan sótthreinsunarmann í hverju sveitarfélagi enda þótti það löngu úrelt. Þá voru og ákvæði um greiðslu kostnaðar af farsóttavörnum skýrð þar sem eldri ákvæði höfðu þótt óskýr og tvíræð og jafnvel leitt til málaferla.

2.2.5 Reglugerðir settar með stoð í farsóttalögum.

Almennar reglur um opinberar sóttvarnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma nr. 132 31. desember 1934: Í framhaldi af gildistöku laga nr. 66/1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, voru settar farsóttareglur. Reglur þessar hafa að geyma nákvæm fyrirmæli um opinberar sóttvarnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma. Reglur þessar eru enn í gildi.

3.0 Löggjöf um sóttvarnir gegn einstökum sjúkdómum.

3.1 Holdsveiki.

Skömmu fyrir síðustu aldamót er Alþingi hafði til umfjöllunar lagafrumvörp er snertu holdsveika og meðferð þeirra virtust litlar upplýsingar liggja fyrir um fjölda holdsveikra á Íslandi. Rannsóknarferðir dr. med. Ehlers 1894–1895 höfðu leitt í ljós 158 holdsveika. Það var hins vegar næsta algengt að menn hefðu byrjunarstig veikinnar án þess að hafa hugmynd um hvað að þeim gekk eða jafnvel án þess að vita af því að þeir væru veikir. Enn fremur fundust ætíð þeir sem reyndu að leyna því að þeir væru holdsveikir. Var því talið að ætla mætti að holdsveikir væru í raun talsvert fleiri. Í framhaldi þessa var héraðslæknum að tilhlutan stjórnarinnar falin talning holdsveikra.

Eins og nánar verður vikið að hér á eftir voru lögð fram á Alþingi 1895 tvö frumvörp vegna holdsveikinnar. Annað var fellt og hinu breytt svo verulega að Stjórnarráðið taldi það gagnslaust. Hið fellda frumvarp gerði ráð fyrir að byggður yrði holdsveikraspítali. Á fjárlögum 1896 og 1897 voru fjárveitingar til undirbúnings holdsveikraspítala. Stjórnarráðinu var því gefið færi á að láta framkvæma ítarlegri rannsóknir í þessu efni og undirbúa málið betur en hægt hafði verið er frumvörpin voru lögð fram 1895.

Sumarið 1896 fól Stjórnarráðið því Guðmundi Björnssyni, héraðslækni í Reykjavík, að fara til Noregs og kynna sér útbúnað holdsveikisspítala þar í landi og stjórn þeirra. Jafnframt því að skila Stjórnarráðinu skýrslu um þá ferð gerði hann tillögur til framkvæmda gegn holdsveikinni á Íslandi.

Í skýrslunni er holdsveikinni lýst svo:

„Holdsveikin (lepra) er lángvarandi næmur sjúkdómur og er gerill (Bacillus leprae), er norskur læknir, Armauer Hansen, tók fyrstur eptir 1869 orsök hans. Einsog berklasýki og fransós, er algengastir eru af langvarandi næmum sjúkdómum, er holdsveikin sóttnæm; á því getur eigi lengur leikið minnsti vafi. Alt bendir á, að sóttnæmi holdsveikinnar sje hin einasta orsök til útbreiðslu hennar. Aldrei hefur þess fundizt dæmi, að barn hafi fæðzt holdsveikt, og engin sönnun er fengin fyrir því, að sjálf veikin eða tilhneiging til hennar gangi að erfðum. ... Holdsveiki er ekki eins bráðnæm og flestir aðrir næmir sjúkdómar; þessvegna er hún eigi eins útbreidd og eigi eins almenn; kemur mest fram sem farsótt á einstökum heimilum eða hjeröðum, því er það og, að opt sýkjast fleiri í sömu ætt. Af þessu kom það, að menn fyrrum álitu sýkina arfgenga. Af sömu ástæðum er það og, að menn til skamms tíma töldu berklasýkina arfgenga ... Holdsveikin kemur fram, einsog mönnum er kunnugt, í tvenns konar myndum, þrimlaveikin og hin sljetta mynd hennar (limafallssýki); hin fyrnefnda tegund er hjerumbil helmingi algengari en hin. Stundum kemur sýkin fram í báðum myndum í einu. Holdsveikin er einhver hinn hræðilegasti sjúkdómur; hún afskræmir menn mjög og er kvalafull. Þeir sem eigi hafa sjeð holdsveika, geta hugsað sjer sjúkling, er hefur þrimlaveikina; andlitið er alveg torkennilegt, tóm sár og hnútar; opt eru þeir blindir og handleggir og fætur tilfinningarlausir; eða þá limafallssjúkan mann; vöðvarnir eyðast, tilfinningin hverfur, fingur og tær detta af, sjúklingarnir eru blindir, en með döpur opin augu, munnvöðvarnir eru orðnir afllausir og munnurinn er opinn og munnvatnið rennur út úr honum í sífellu. Enginn sjúkdómur er hryllilegri en holdsveiki. Hún leiðir sjúklingana hægt og hægt, án þess að við því verði spornað, í dauðans greipar; þrimlaveikin stendur yfir um 9 ár, hin sljetta tegund

hjerumbil helmingi lengur. Margir holdsveikissjúklingar lifa allt að 20 árum, án þess að geta nokkra björg sjer veitt." (Úr Skýrslu til Stjórnarráðs Íslands um holdsveiki í Noregi og tillögur til framkvæmda gegn holdsveikinni á Íslandi eftir Guðmund Björnsson, héraðslækni í Reykjavík, Alþingistíðindi 1897, bls. 143–169).

3.1.1 Lög um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala, nr. 3 4. febrúar 1898, sbr. breyting á þeim lögum, nr. 57 30. júlí 1909.

Eins og áður er getið voru árið 1895 lögð fyrir Alþingi tvö frumvörp vegna holdsveikra. Annars vegar var frumvarp um stofnun holdsveikispítala, sem ekki náði fram að ganga. Hins vegar var frumvarp um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala. Það frumvarp var samþykkt með verulegum breytingum, þ.e. úr því felld öll ákvæði er gerðu ráð fyrir að til væri holdsveikispítali. Stjórnarráðið taldi ákvæði frumvarpsins svo þýðingarlítil með þessum breytingum að ekki væri rétt að láta það, eins ófullkomið og það var, verða að lögum. Er síðar kom skriður á spítalamálið, að ósk þingsins, fór stjórnin fram á það við konung að framangreint frumvarp yrði ekki staðfest heldur lagt fram nýtt frumvarp um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala.

Árið 1897 var því að nýju lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala. Frumvarpið var að mestu leyti samhljóða frumvarpinu frá 1895. Frumvarpið náði fram að ganga og skyldi öðlast gildi þremur mánuðum eftir að það hefði verið auglýst í *Stjórnartíðindum* að spítali fyrir holdsveika væri tilbúinn til afnota eða yrði það innan skamms tíma.

Lög þessi teljast enn í fullu gildi. Skal nú vikið að helstu ákvæðum þeirra.

Skráning: Héraðslæknar og aukalæknar skyldu hver í sínu héraði skrá alla holdsveika í héraðinu í þar til gerða bók. Einu sinni á ári skyldi senda útdrátt úr bókinni til landlæknis.

Tilkynningar: Húsráðanda bar að tilkynna hreppstjóra eða lögreglustjóra frá því ef holdsveikur maður andaðist eða færi vistferlum. Hreppstjóri eða lögreglustjóri tilkynnti síðan lækni þar um innan hálfs mánaðar. Lækni þess umdæmis er sjúklingurinn fór úr bar að tilkynna flutninginn til læknis í héraðinu sem sjúklingurinn flutti í.

Eftirlit: Læknar skyldu hafa glöggar gætur á lifnaðarháttum allra holdsveikra manna í héraði sínu og skýra fyrir sjúklingum og samvistarmönnum þeirra hvers ætti að gæta til að sjúkdómurinn bærist ekki í aðra og sjá um að ekki sé út af brugðið. Hreppstjórar og heilbrigðisnefndir skyldu liðsinna læknum við þessi störf eftir því sem þeim væri unnt.

Skyldur holdsveikra:

- Þeir máttu ekki sofa hjá öðrum í rúmi, nema hjón væru og hlutaðeigandi læknir skipaði ekki öðruvísi. Rúmfatnað þeirra og íverufatnað skyldi þvo út af fyrir sig. Umbúðir af sárum þeirra skyldi brenna eða sjóða í a.m.k. hálftíma í vatni.
- Þeir skyldu hafa sér hrákadalla og máttu ekki hrækja á gólf í húsum manna.
- Þeir skyldu hafa sér matarílát og borðbúnað, sem enginn annar notaði. Matarílát og borðbúnað þeirra skyldi þvo sérstaklega.
- Þeir máttu ekki stunda börn, ekki þjóna öðrum en holdsveikum og ekki vinna að matreiðslu fyrir aðra en sjálfa sig.
- Þeir máttu ekki að nauðsynjalausu fara á aðra bæi eða taka móti gestum.

Teldi læknir að frekari varúðar væri þörf og mætti við koma skyldu holdsveikir hlýða þeim.

Sótthreinsun: Aðrir menn máttu hvorki nota íbúðarhús eða herbergi, sængurfatnað, íveruföt eða annað, sem holdsveikur maður hafði notað fyrr en hreinsað hafði verið á þann hátt er læknir skipaði fyrir um. Eftir að læknir fékk tilkynningu um andlát holdsveiks manns eða að hann hefði farið vistferlum skyldi hann þegar í stað annast að íveruhús eða herbergi

hins holdsveika, föt, sængurfatnaður og aðrir þeir munir, er eftir hann fundust væru tafarlaust hreinsaðir eftir þörfum.

Flutningur á holdsveikispítala: Holdsveika menn, er nutu sveitarstyrks, skyldi setja á holdsveikraspítala ef héraðslæknir taldi nauðsyn á því. Amtmaður gat í einstökum tilfellum, eftir tillögum viðkomandi sveitar- eða bæjarstjórnar og læknis, lagt fyrir að aðrir holdsveikir menn yrðu fluttir á holdsveikraspítala. Þetta mátti þó aðeins ef hinn holdsveiki hafði eigi fylgt sem vera bar fyrirmælum um hegðun eða að læknir áliti að sjúkdómurinn væri svo hættulegur og svo miklar líkur til að hann myndi breiðast út að nauðsyn bæri til að flytja sjúklinginn á holdsveikispítala.

Í því tilfelli að flytja þyrfti holdsveika á spítala skyldi þess gæta að skilja hjón ekki að nauðug. Nauðugur aðskilnaður hjóna af þessum sökum var því aðeins lögmætur að hann væri staðfestur af amtmanni.

Ef þörf krafði annaðist lögreglustjóri eða hreppstjóri flutning holdsveikisjúklinga á spítala.

Kostnaður: Allan kostnað við veru holdsveikra á holdsveikraspítala skyldi greiða úr landssjóði svo og flutning þeirra er eigi nutu sveitarstyrks. Flutning hinna, er sveitarstyrks nutu, skyldi viðkomandi sveitar- eða bæjarsjóður greiða. Kostnað vegna sótthreinsana skyldi landssjóður greiða.

Refsingar: Brot á lögunum varða sektum.

Með lögum nr. 57 30. júlí 1909 var gerð breyting á lögunum frá 1898 um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala. Annars vegar breyttu þau reglum um flutning holdsveikra á holdsveikispítala. Hins vegar breyttu þau reglum um skiptingu kostnaðar.

Skv. breytingalögunum skyldi flytja alla holdsveika menn, sem líkþráir væru (með lepra tuberosa eða lepra mixta) á holdsveikraspítalann svo fljótt sem rúm leyfði. Holdsveika menn, sem limafallssjúkir voru (með lepra anæsthetica), skyldi og setja á holdsveikraspítalann ef héraðslæknir taldi nauðsyn á vegna sára eða annars lasleika. Allan kostnað við veru holdsveikra í holdsveikraspítalanum skyldi greiða úr landssjóði, svo og flutning þeirra á spítalann.

3.1.2 Lög um útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum, nr. 2 4. febrúar 1898.

Árið 1848 var eftir miklar rannsóknir og ráðagerðir ákveðið að leggja skyldi niður hina afar gömlu spítala á Íslandi er sérstaklega voru fyrir holdsveika menn og að eignir þeirra, er voru allmiklar, og tekjur spítalanna skyldi smám saman safna í sjóð og ávaxta í þeim tilgangi síðar meir að geta bætt læknaskipunina í landinu. Eftir að umbótunum var komið á, á kostnað landssjóðs, var ákveðið að eignir þessar skyldu renna saman við aðrar eignir og tekjur landssjóðs.

Árið 1895 var, eins og rakið var að framan, lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um að byggja skuli spítala handa holdsveikum mönnum. Gerði frumvarpið ráð fyrir að byggja skyldi á kostnað landssjóðs spítala handa holdsveikum mönnum er rúmi allt að 60 sjúklinga.

Alþingi taldi að holdsveikisástandið væri mjög óskyggilegt og fyllsta þörf á að gera eitthvað til hagsbóta í því efni. Hins vegar taldi þingið að ýmislegt væri ógert af því sem gera þyrfti til undirbúnings því að stofna holdsveikraspítala, ekki síst að tölur um fjölda holdsveikra hér á landi væru mjög ófullkomnar. Miðað við að holdsveikir gætu jafnvel verið um 200 væri vafasamt að spítali fyrir 60 væri nægilega stór. Þingið taldi því nauðsynlegt að undirbúa málið frekar og samþykkti þingsályktun um að flýta skyldi talningu holdsveikra, að útvegaðir yrðu og lagðir fyrir næsta þing uppdrættir af holdsveikraspítala ásamt áætlun um

kostnað við byggingu og rekstur hans og að læknir yrði sendur til Noregs til að kynna sér holdsveiki og spítala þar.

Áður en afráðið var hvernig best mætti ráða fram úr byggingu holdsveikraspítala var Stjórnarráðinu skýrt frá því að deild Oddfellow-reglunnar í Kaupmannahöfn, sem þegar um nokkurn tíma hafði safnað fé til holdsveikraspítala á Íslandi meðal meðlimanna sjálfra, ætlaði nú að halda samskotunum áfram, einnig meðal manna utan reglunnar. Var fyrirætlun hennar að koma spítalanum upp að öllu leyti fyrir samskotin og þóttu góðar vonir um að það mundi takast. Í ljósi þess var árið 1897 endurflutt á Alþingi frumvarp um útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum og voru þau samþykkt.

Lögin, sem enn eru í gildi, heimiluðu landstjórninni að verja ákveðinni fjárhæð til útbúnaðar holdsveikraspítalans er hann væri tilbúinn og afhentur henni. Við spítalann skyldi skipa sérstakan lækni, sem hefði kr. 2.700 í árslaun. Auk læknisstarfa við spítalann og yfirumsjónar á honum skyldi læknirinn, án sérstakrar þóknunarskyldu, gegna kennslu í einni eða fleiri vísindagreinum við læknaskólann. Ákvæði um kennsluskyldu og fjárhæð launa þessa læknis voru felld úr lögunum með lögum nr. 71 28. nóvember 1919, um laun embættismanna.

Spítalinn skyldi veita móttöku sjúklingum, sem þangað væru sendir skv. gildandi lagaákvæðum. Væri rúm fyrir fleiri var spítalanum heimilt að taka við öðrum holdsveikum mönnum, er sjálfir óskuðu eftir að fara þangað.

Árleg útgjöld til spítalans skyldi veita á fjárlögum.

Lögin gerðu ráð fyrir sérstakri stjórn holdsveikraspítalans sem í áttu sæti amtmaðurinn yfir suður- og vesturamtinu og landlæknir. Ef deild Oddfellow-reglunnar í Danmörku yrði stofnsett á Íslandi skyldi stjórn hennar hafa rétt á að skipa stjórn spítalans einum manni úr flokki reglunnar.

Reglugerð handa holdsveikraspítalanum í Laugarnesi var sett 10. september árið 1898 (nr. 81). Þann sama dag voru ýmis önnur stjórnvaldsákvæði sett um holdsveikraspítalann, nr. 82/1898 voru heimilisboðorð handa holdsveikraspítalanum í Laugarnesi og nr. 83–87/1898 voru erindisbréf fyrir ýmsa starfsmenn spítalans.

3.2 Berklar.

Árið 1902 skoraði Alþingi á stjórnina að gera ýmsar ráðstafanir gegn útbreiðslu berklaveikinnar á Íslandi.

Í framhaldi af því sá Stjórnarráðið um að samin var lýsing á berlaveikinni og á varúðarreglum gegn henni og útbýtt ókeypis meðal almennings. Þá voru og prentaðar helstu varúðarreglur gegn sjúkdómnum til þess að hengja upp á opinberum stöðum þar sem fjölmennt var.

Stjórnarráðið sá sér hins vegar ekki fært að verða við þeirri ósk þingsályktananna að héraðslæknum yrði skipað að grennslast eftir útbreiðslu berklaveikinnar í héruðum sínum og senda landlækni skýrslu fyrir 1. júní 1903 um hve margir berklaveikir væru í hverju héraði og á hve háu stigi veikin væri.

Í samráði við landlækni gerði Stjórnarráðið því ekki frekari ráðstafanir í bili en að biðja landshöfðingja að semja með ráði landlæknis uppkast til laga um varnir gegn berklaveiki. Frá landshöfðingja kom lagauppkast sem landlæknir og Guðmundur Björnsson héraðslæknir sömdu í sameiningu og landshöfðingi tjáði sig samþykkan. Í lagafrumvarp um varnir gegn berklaveiki voru sett ákvæði, sem miðuðu að því smátt og smátt að útvega skýrslur um útbreiðslu veikinnar.

Með frumvarpinu fylgdu bæði athugasemdir og ýmsar skýrslur og athuganir viðvíkjandi útbreiðslu berklaveikinnar og vörnum gegn henni, allt samið af Guðmundi Björnssyni héraðslækni. Þar segir m.a.:

„Meðal flestra siðaðra þjóða veldur berklaveikin nú á dögum meiri manndauða en nokkur annar sjúkdómur. Hún ein verður fleirum að bana en allir aðrir næmir sjúkdómar samantaldir ... Um útbreiðslu berklaveikinnar hér á landi eru ekki til neinar nákvæmar skýrslur. Um miðbik nítjándu aldarinnar virðist veikin hafa verið mjög sjaldgæf og er enda líklegast, að fremur lítið hafi borið á henni fram yfir 1880, en alt bendir á, að hún eftir þann tíma hafi farið að færast í vöxt og sé nú óðum að útbreiðast um land alt.... Fyrir löngu hefir sú skoðun komið í ljós, að berklaveiki sé næmur sjúkdómur. ... Kenningin um sóttnæmi berklaveikinnar átti þó erfitt uppdráttar þangað til 1881. Á því ári fann þýzkur læknir (Robert Koch) berklagerilinn (Tuberkelbacillen), en það er örlítill sveppur (jurt), sem ekki sézt með berum augum. Kom það nú brátt í ljós, að þessi litla lifandi vera er hin eiginlega orsök berklaveikinnar. Öll berklaveiki kemur af því, að berklagerlar setjast að í líkamanum og sérhver sú meinsemd er berklaveiki, sem af berklagerlum kemur. Ef einhver verður berklaveikur, þá er það af því, að berklagerlar hafa komizt inn í líkama hans og aukið þar kyn sitt.... Berklagerlarnir komast út úr líkömum þeirra, sem berklaveikir eru, í ýmissri útferð úr líkamanum, einkum útferð úr þeim hluta líkamans, sem veikur er. ... Berklaveikin er langalmennust í lungum manna (lungnatæring); í hrákum úr berklaveikum lungum er oftast mesti urmull af lifandi berklagerlum, og flestar manneskjur hafa vanizt því frá barnæsku, að hrækja hvar sem stendur, á gólf, eða upp um veggi, eða þá í tuskur eða vasaklúta, þeir sem „fínir" vilja vera, og svo þorna allir þessir hrákar á gólfi og veggjum, í tuskum og klútum, og gólfin eru sópuð og klútunum veifað, og aragrúi af gerlum þyrlast upp í loftið, sem fólk andar að sér; þegar á alt þetta er litið, þá er sízt að furða, þó veikin sé algeng og það beri oft við, að hún berist milli vandamanna eða heimilisfólks, svo að margir af sömu ætt eða margir á sama heimili verða fyrir henni.

Aðalatriðið í vörnum gegn útbreiðslu berklaveikinnar verður þá þetta, að koma í veg fyrir, að berklagerlarnir komist úr þeim, sem veikina hafa, í aðrar manneskjur. Nú er lungnatæring langalmennasta og þýðingarmesta tegund berklaveikinnar; berklagerlarnir eru ekki í loftinu, sem tæringarsjúklingurinn andar frá sér, ekki í svita hans, ekki í saur eða þvagi, ef lungun ein eru veik, heldur eingöngu í uppganginum úr lungunum, í hrákanum. Þess vegna ríður mest af öllu á því, að koma allri alþýðu manna í skilning um þá hættu, sem stafar af hrákum brjóstveikra manna, og kenna að fara svo með hráka, og auðvitað líka aðra útferð úr berklameinum, að engir gerlar geti komist í loftið eða á annan hátt orðið að meini. Þar næst þarf að gera mönnum ljóst, að þó að alls þrifnaðar sé gætt með hráka eða aðra útferð úr líkamanum, þá getur það oft viljað til, að eitthvað af sóttkveikjunni (berklagerlunum) komist út í herbergin, sem sjúklingur býr í; þannig eru stundum berklagerlar í smáyrjum, sem hrjóta fram úr brjóstveikum mönnum, þá er þeir hósta; þess vega er líka nauðsynlegt að koma á sem mestum og beztum þrifnaði að því, er snertir föt og húsakynni. Margir eru berklaveikir án þess að vita af því, og fæstum veitist auðvelt að leggja niður gamlan ósið og taka upp nýjan sið; þess vegna er nauðsynlegt að heimta af öllum manneskjum sömu varúð að því, er hráka snertir og sama þrifnað.... Ef allrar varúðar væri gætt með hráka og heimilisþrifnaður bættur, þá mundi berklaveikin að öllum líkindum stórum fara þverrandi." (Úr Erindi til landlæknisins yfir Íslandi um varnir gegn útbreiðslu berklaveikinnar, eftir Guðmund Björnsson, héraðslækni, Alþingistíðindi C-1903, bls. 510 – 521).

3.2.1 Lög nr. 31 23. október 1903, um varnir gegn berklaveiki.

Þann 1. júlí 1904 gengu í gildi fyrstu íslensku lögin um varnir gegn berklaveiki. Skal nú vikið nánar að ákvæðum þeirra laga.

Gildissvið: Lögin náðu til allra sjúkdóma af berklaveikisuppruna, ef samfara væri uppgangur og útferð, sem ætla mátti að sýkingarhætta stæði af fyrir aðra. Lögin heimiluðu landshöfðingja, í samráði við landlækni, að setja reglur um hrákaílát og gólfræstingu í

vinnustofum, búðum, gistihúsum, samkomuhúsum, farþegaskipum og opinberum byggingum og skyldu heilbrigðisnefndir fylgjast með að reglunum væri framfylgt.

Skyldur lækna: Héraðslæknar skyldu halda bók yfir alla berklaveika sjúklinga er leituðu læknishjálpar í héruðum þeirra og senda landlækni um hver áramót útdrátt úr bókinni. Ef berklaveikur sjúklingur leitaði til annars læknis en héraðslæknis skyldi sá læknir senda héraðslækninum skýrslu þar um.

Læknar skyldu gefa berklaveikum sjúklingum leiðbeiningar um og brýna fyrir þeim hverrar varúðar þyrfti að gæta til þess að veikin bærist ekki í aðra.

Skyldur húsráðenda: Ef berklaveikur maður dó eða skipti um heimili skyldi húsráðandi tilkynna það héraðslækni eða sótthreinsunarmanni, skipuðum af héraðslækni og skyldi hann annast að sótthreinsað yrði tafarlaust á heimilinu eftir því sem þurfa þætti. Væri of umsvifamikið að sótthreinsa lausa muni gat héraðslæknir látið brenna þá gegn skaðabótum til eiganda.

Kostnaður: Kostnaður vegna framkvæmdar laganna skyldi greiðast úr landssjóði.

Refsingar: Brot gegn lögunum vörðuðu sektum.

3.2.2 Lög nr. 43 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki, sbr. breytingar á þeim lögum.

Árið 1919 samþykkti Alþingi þingsályktun, sem í fólst áskorun á stjórnina að skipa þrjá lækna í milliþinganefnd til þess að rannsaka á hvern hátt best mætti verjast berklaveikinni hér á landi. Nefndin átti síðan að leggja rökstuddar tillögur sínar fyrir næsta þing og þá sérstaklega tillögur um þær breytingar á berklavarnalöggjöfinni, sem hún taldi nauðsynlegar. Haustið 1919 var þessi nefnd skipuð og áttu í henni sæti Guðmundur Magnússon, prófessor við læknadeild Háskóla Íslands, og var hann jafnframt formaður, Sigurður Magnússon heilsuhælislæknir og Magnús Pétursson héraðslæknir. Nefndin samdi frumvarp til nýrra laga um varnir gegn berklaveiki og var það lagt fyrir Alþingi árið 1921.

Berklavarnalögin frá 1903 voru að mestu tekin upp í frumvarpið, en miklu var viðaukið. Var höfð til hliðsjónar nýjasta berklavarnalöggjöf Norðurlanda og einnig nýtt frumvarp, sem berklayfirlæknirinn norski hafði samið, og til stóð að leggja fyrir norska Stórþingið veturinn 1920–1921.

Það voru þrjú höfuðatriði sem frumvarpið byggði aðallega á:

1. Að berklaveikin væri smitandi sjúkdómur og þó einkum að hún væri barnasjúkdómur. Var talið að börnum væri langhættast við smitun og að langflestir smituðust á barnsaldri. Því lagði frumvarpið áherslu á að vernda börnin.
2. Að á héraðslækna væru lagðar skyldur og þeim ætluð ýmis störf vegna berklavarna. Var meira að segja haft á orði í greinargerð að til svo mikils væri ætlast af héraðslæknum að á þeim ylti hvort lögin næðu tilgangi sínum eða ekki.
3. Að berklaveikin væri að miklu leyti tekin til meðferðar á opinberan kostnað.

Skal nú vikið nánar að einstökum ákvæðum laganna frá 1921 um berklaveiki, en þau gengu í gildi þegar í stað.

Gildissvið: Gildissvið laganna var óbreytt frá eldri lögum að öðru leyti en því að nú náðu þau einnig til berklaveiki, sem ekki væri smitandi, nema annað væri tekið fram.

Skyldur héraðslækna og annarra lækna: Voru að mestu hinar sömu, en ákvæðin gerð ítarlegri. Þó var það nýmæli, að greiða skyldi lækni, sem ekki var embættislæknir, fyrir hverja tilkynningu til héraðslæknis um meðferð berklaveiks sjúklings. Var þetta gert til að ýta undir að læknar skiluðu lögskipuðum skýrslum, því á því hafði verið nokkur misbrestur.

Til viðbótar var einnig lögð sú skylda á héraðslækna að þeir fylgdust með að sjúklingar færu eftir fyrirskipuðum reglum.

Sérstök vernd barna: Eins og áður sagði var með lögunum einkum lögð áhersla á að vernda börnin. Eftirfarandi ákvæði voru sett því til tryggingar:

- Enginn, sem hefði smitandi berkla mátti fást við barnakennslu, kennslu í heimavistarskóla eða kennslu í öðrum skólum fyrir nemendur yngri en 14 ára. Sama gilti um kennara, sem fékkst við einkakennslu. Fengi kennari smitandi berkla skyldi hann tafarlaust hætta kennslu. Um ljósmæður voru og settar sambærilegar reglur.
- Barnakennarar, sem voru opinberir starfsmenn en urðu að láta af kennslu vegna sjúkleika, skyldu fá biðlaun í tvö ár og ⅔ hluta þeirra launa er þeir nutu þegar þeir létu af kennslunni. Ef kennari, við aðra skóla en barnaskóla, þurfti vegna berkla að láta af kennslu giltu sömu reglur um biðlaun. Um biðlaun til ljósmæðra giltu og sömu reglur.
- Engan nemanda mátti taka í skóla nema viðkomandi gæti sýnt læknisvottorð um að hann hefði ekki smitandi berkla. Ef barn sýktist af smitandi berklum á námstíma skyldi tafarlaust taka það úr skóla.
- Ef maður á heimili, þar sem börn voru, sýktist af smitandi berklum skyldi tafarlaust flytja hann í burtu nema héraðslæknir teldi börnin í engri smitunarhættu. Ef þeir, sem í hlut áttu vildu ekki hlýða fyrirskipunum héraðslæknis um flutning gat hann kvatt sýslumann, bæjarfógeta, hreppstjóra, sveitarstjórn eða heilbrigðisnefnd sér til aðstoðar við að flytja annaðhvort manninn eða börnin af heimilinu. Þetta skyldi þó ekki gert nema héraðslæknir teldi mikla hættu á að börnin yrðu ella fyrir smitun og leggja skyldi ráðstöfunina undir úrskurð heilbrigðisstjórnar varðandi varanleika þeirra.
- Ekki mátti ráða starfsfólk við barnaspítala eða barnahæli nema læknisvottorð sýndi að það hefði ekki smitandi berkla.
- Ekki mátti selja mjólk frá heimilum þar sem sjúklingur með smitandi berkla fékkst við kúahirðingu eða mjaltir eða færi með mjólkurílát. Sömuleiðis mátti enginn sjúklingur með smitandi berkla vinna við útsölu mjólkur eða brauðs eða starfa á rjóma- eða mjólkurbúum. Þá mátti banna þessum sjúklingum að starfa við brauðgerð, matreiðslu, matsölu á opinberum stöðum eða annars staðar eftir því sem hagar og héraðslæknir taldi ástæðu til.

Kostnaður: Í lögunum voru allítarleg ákvæði um skiptingu kostnaðar vegna dvalar berklasjúklinga á heilsuhælum, sjúkrahúsum eða sumarhælum barna. Skiptist sá kostnaður milli ríkissjóðs annars vegar og bæjar-, sýslu- eða læknahéraðssjóðs hins vegar.

Ferðakostnað héraðslæknis vegna framkvæmdar laganna skyldi ríkissjóður endurgreiða sýslusjóði að helmingi. Kostnað vegna sótthreinsana skyldi ríkissjóður greiða.

Refsingar: Brot gegn lögunum vörðuðu sektum.

Með lögum nr. 42 31. maí 1927 voru gerðar breytingar á lögunum frá 1921 um varnir gegn berklaveiki. Vörðuðu þær greiðslu vegna dvalar berklaveikisjúklings á heilsuhælum, sjúkrahúsum eða sumarhælum barna.

Með lögum nr. 35 14. júní 1929 var enn gerð breyting á lögunum frá 1921. Enn snerist breytingin um kostnað vegna dvalar berklaveikra á heilsuhælum og sjúkrahúsum, sem orðinn var verulegur. Gerðu lögin ráð fyrir að sjúklingar, sem væru að einhverju leyti vinnufærir, skyldu skyldir til að taka þátt í störfum á stofnuninni, sem þeir að dómi læknis væru færir um að inna hendi.

Breytingalögin frá 1929 ásamt breytingalögunum frá 1927 voru síðan felld inn í texta laganna um varnir gegn berklaveiki frá 1921 og lögin gefin út að nýju þannig breytt og urðu lög nr. 60 14. júní 1929, um varnir gegn berklaveiki.

3.2.3 Berklavarnalögin nr. 66 30. desember 1939.

Árið 1939 þótti tímabært að endurskoða berklavarnarlögin frá 1921, með síðari breytingum, enda höfðu á þessum 18 árum orðið æðimiklar breytingar á þekkingu manna á

útbreiðsluháttum berklaveikinnar og skilningi manna á því hvernig skynsamlegast væri að hátta berklaveikistarfseminni þannig að hún væri líklegust til að bera sem skjótastan og öruggastan árangur.

Lögin frá 1921 þóttu miða um of við þá kenningu, sem vitað var að stóðst ekki lengur, að berklasmitun ætti sér nær eingöngu stað á barnsaldri.

Talið var að berklavarnastarfsemi ætti að beinast að því að halda uppi með berklaprófum og fjöldaskoðunum skipulagsbundinni leit að berklasjúklingum og berklasmitberum, sem reynslan hefði sýnt að annars gætu leynst jafnvel áratugum saman eins og heilbrigðir væru, en smitað út frá sér víðs vegar. Hinar víðtækustu og um leið áhrifamestu berklavarnir væru vafalaust sem best lífsafkoma alls almennings, örugg atvinnuskilyrði, góð húsakynni, hollt mataræði, heilbrigðir lífshættir, bindindissemi og herðing æskulýðsins við útiveru og útistörf í ljósi og lofti og skynsamlegar íþróttaiðkanir, einkum fyrir þá, sem innistörf stunduðu.

Þrátt fyrir hin þröngu ákvæði berklavarnalaganna frá 1921 hafði berklavarnastarfsemin verið mjög færð út hin seinni ár fram að 1939, ekki síst eftir að sérstakur yfirlæknir var ráðinn til að annast framkvæmd þessarar starfsemi fyrri hluta árs 1935. Því voru berklavarnalögin tekin til endurskoðunar til að samræma þá löggjöf þeirri tilhögun starfseminnar sem tekin hefði verið upp og til þess að hún gæti orðið sem öruggastur grundvöllur undir áframhaldandi sókn eftir hinum sömu leiðum. Frumvarpið var samið af berklavarnayfirlækni, Sigurði Sigurðssyni, síðar landlækni, í samráði við Vilmund Jónsson landlækni sem var flutningsmaður frumvarpsins.

Frumvarpið var samþykkt og varð að lögum nr. 66 30. desember 1939, um berklavarnir. Lögin gengu í gildi 1. janúar 1940 og gilda enn. Skal nú vikið að helstu ákvæðum þeirra.

Gildissvið: Gildissvið laganna var hið sama og áður, þ.e. þau ná til allra tegunda berklaveiki nema annað væri tekið fram. Lögin skilgreina síðan berklaveiki nánar sem berklaveiki í mönnum, virka og óvirka án tillits til þess hvar í líkamanum og hvort um er að ræða smitandi berklaveiki eða ekki. Lögin skilgreina og gera mun á virkri berklaveiki, óvirkri berklaveiki og smitandi berklaveiki.

Tilgangur laganna: Lögin skilgreina sérstaklega tilgang sinn og er hann fjórþættur:

1. Að gera ráðstafanir til varnar því að heilbrigt fólk sýkist af berklaveiki, bæði með einangrun smitandi berkasjúklinga og öðrum beinum sóttvarnaráðstöfunum, svo og til eflingar hverju því, er miðar til að auka viðnámsþrótt almennings gegn veikinni.
2. Að halda uppi um land allt skipulagsbundinni leit að berklasýktu fólki.
3. Að veita berklaveiku fólki sem skjótasta og öruggasta læknishjálp.
4. Að hafa eftirlit með því og styðja að fólk, sem verið hefur berklaveikt en náð bata búi við þau kjör að sem minnst hætta sé á að það veikist á ný.

Yfirstjórn berklavarna: Yfirstjórn berklavarnastarfseminnar er í höndum heilbrigðisráðherra enda nýtur hann ráða landlæknis. Framkvæmdastjórnin skal falin berklayfirlækni landsins.

Framkvæmd berklavarna: Ákvæðin um framkvæmd berklavarna voru að miklu leyti sambærileg ákvæðum laganna frá 1921, nema ítarlegri. Jafnframt eru í lögunum ríkari heimildir til að skylda einstaklinga eða heil heimili til að gangast undir berklarannsókn. Sömuleiðis er það nýmæli í lögunum að heimilt er að úrskurða smitandi berklasjúklinga á sjúkrahús eða heilsuhæli.

Tilkynningar: Telji læknir sjúkling berklaveikan skal hann senda héraðslækni tafarlaust og eigi síðar en innan viku tilkynningu um sjúklinginn enda megi ætla að sjúlingurinn sé hvorki skráður né talinn berklaveikur í berklabók héraðsins. Starfi heilsuverndarstöð í héraði skal senda tilkynningu þangað og stöðin sendir hana síðan áfram til héraðslæknis.

Lækni við sjúkrahús eða aðrar stofnanir, sem berklaveikur sjúklingur útskrifast frá eða deyr í, ber tafarlaust að tilkynna það héraðslækni héraðsins (heilsuverndarstöð). Sama skylda

hvílir á lækni er stundað hefur berklasjúkling utan sjúkrahúss eða annarrar stofnunar ef sjúklingurinn flyst burt í annað hérað eða deyr og eins þó að aðaldánarorsök sé önnur en berklaveiki.

Skráning: Héraðslæknar skulu skrá alla berklaveika sem vitað er um í héraði þeirra í sérstaka bók (berklabók). Heilsuverndarstöðvar þar sem þær starfa annast skráninguna undir eftirliti héraðslæknis.

Aðrar skyldur lækna: Hafi læknir ástæðu til að ætla að sjúklingur sé haldinn berklaveiki skal hann svo fljótt sem auðið er gera ráðstafanir til þess að fá úr því skorið hvort um berklaveiki er að ræða og tilkynna það þá í samræmi við reglur laganna þar um.

Læknir skal gefa berklaveikum sjúklingum er þeir rannsaka leiðbeiningar um hverrar varúðar þurfi að gæta til þess að veikin berist ekki á aðra.

Héraðslæknir (heilsuverndarstöð) skal hafa vakandi auga á að allar rannsóknir sem nauðsynlegt er að framkvæma í umhverfi berklaveiks manns til þess að hindra útbreiðslu sjúkdómsins verði framkvæmdar og að öllum réttum fyrirmælum þar að lútandi sé hlýtt. Skal beita fulltingi lögreglustjóra til þess að framkvæma rannsóknir á slíkum heimilum eða öðrum stöðum þar sem grunsamlegt þykir að um smitandi berklaveiki sé að ræða. Lögreglustjóri má fella úrskurð um að rannsókn fari fram á einstökum mönnum og heimilum sem skorast hafa undan að ganga undir slíka rannsókn.

Úrskurður um sjúkrahúsdvöl: Fari hinn berklaveiki eða aðstandendur hans ekki eftir reglum sem læknir hefur sett er hverjum þeim sem um það er kunnugt skylt að tilkynna það héraðslækni sem ef þörf er leitar fulltingis lögreglustjóra. Lögreglustjóri getur að fenginni umsögn berklayfirlæknis úrskurðað hinn berklaveika á sjúkrahús. Óhlýðnist sjúklingur úrskurðinum getur lögreglustjóri annast flutning sjúklings þangað á hans kostnað.

Takmarkanir á störfum berklaveikra manna: Þessar takmarkanir eru í aðalatriðum ekki frábrugðnar ákvæðum laganna frá 1921 en ítarlegri. Þó var í ákvæðum um skóla tekið tillit til að fullorðnu fólki, ósmituðu berklaveiki væri ekki síður hætt við sýkingu en börnum. Til að tryggja að berklaveikum börnum og unglingum sé kleift að njóta kennslu er heimilt að reka kennslustarfsemi fyrir skólaskyld börn á heilsuhælum og nokkrum stærstu sjúkrahúsunum. Þá var ákvæðið um ljósmæður í eldri lögum einnig látið ná til hjúkrunarkvenna.

Einangrun: Lögin fyrirskipa að í sjúkrahúsum, geðveikra- og fávitahælum, elliheimilum, fangelsum, hegningarhúsum og öðrum tilsvarandi stofnunum beri að einangra alla þá sem þar kunna að dvelja með smitandi berklaveiki.

Takmarkanir á mannaráðningum: Skv. lögunum má ekki ráða til starfa að berklasjúkrahúsum, berklahælum, berklavarnastöðum eða öðrum slíkum stofnunum hjúkrunarnema, hjúkrunarkonur eða annað starfsfólk sem ætla má að náin samskipti þurfi að hafa við sjúklinga nema það sanni við berklapróf hjá héraðslækni (heilsuverndarstöð) að það sé þegar berklasmitað. Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð að fólki sem enn er ósmitað af berklaveiki og ætla má að vegna starfsins sé í sérstakri sýkingarhættu gefist kostur á bólusetningu gegn berklaveiki.

3.3 Kynsjúkdómar.

3.3.1 Lög nr. 16 20. júní 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum, sbr. breyting á þeim lögum.

Að tilhlutan Læknafélags Íslands var samið frumvarp til laga um varnir gegn kynsjúkdómum og lagt fyrir Alþingi árið 1923.

Fram undir síðustu aldamót voru Íslendingar að mestu lausir við kynsjúkdóma. Eftir það fluttust þeir inn í landið og voru um 1920 orðnir landlægir en ekki mjög útbreiddir. Aðallega voru það stærri kauptún sem urðu gróðrarstía fyrir þessa kvilla, þó þeir hefðu einnig borist

langt upp til sveita. Var fyrir séð að yrði ekkert að gert yrði útbreiðslan hér á landi svipuð og erlendis og yrði þá erfitt um aðgerðir auk þess sem þær yrðu verulega kostnaðarsamar.

Frumvarp Læknafélagsins var að mestu sniðið eftir lögum Svía frá 1918, sem þóttu á þeim tíma með bestu lögum í þessum efnum og virtust ætla að gefast vel.

Frumvarpið var samþykkt og varð að lögum það sama ár. Skal nú vikið að helstu ákvæðum laganna.

Gildissvið: Lögin náðu til sóttvarna vegna kynsjúkdóma sem þrír sjúkdómar, syfilis, lekandi og linsæri, voru nefndir einu nafni.

Skráning: Allir læknar skyldu skrásetja sérstaklega sjúklinga með syfilis á þann hátt er heilbrigðisstjórnin fyrirskipaði. Skráningu skyldi haga svo að sjúklinga mætti þekkja í sundur en jafnframt með vissu fyrir að nöfn þekktust ekki. Heilbrigðisstjórn gat og krafist þess að sjúklingar með aðra kynsjúkdóma væru skráðir á sama hátt svo og þeir sem væru alvarlega grunaðir um að hafa smitað aðra með kynsjúkdómi þótt ekki hefðu fundist óræk merki um að þeir væru sjúkir.

Skylda einstaklinga: Hver sá sem sýktist af kynsjúkdómi eða hefði grun um að svo væri skyldi leita sér læknishjálpar þegar í stað. Skylt var honum að fylgja fyrirmælum læknis um meðferð sjúkdómsins og varúð við því að hann smitaði aðra. Sjúkingur gat leitað til hvaða læknis sem hann vildi.

Skyldur lækna: Læknir skyldi taka skýrt fram við sjúkling hvað að þeim gengi. Sömuleiðis skyldi hann skýra vandlega fyrir þeim hversu sjúkdómurinn smiti, hverrar varúðar bæri að gæta og að hegningu varðaði skv. hegningarlögum ef út af yrði brugðið.

Yrði læknir þess vís að sjúklingur, sem hann hefði í meðferð, færi ekki eftir reglum um lækningu eða varúðarreglum og skyldi hann þá tafarlaust senda honum skriflega áminningu og benda honum á hverju varðaði. Kæmi allt fyrir ekki og sjúklingur fengist ekki til að leita annars læknis skyldi læknirinn innan viku tilkynna lögreglustjóra. Lögreglustjóri sá um að sjúklingur yrði fluttur á sjúkrahús eða leitaði sér læknishjálpar meðan smitunarhætta stafaði af honum.

Læknir skyldi vandlega grennslast eftir af hverjum og hvernig sjúklingur í meðferð hefði smitast og var sjúklingi skylt að láta lækni í té alla vitneskju sína um það efni.

Kostnaður: Í hverju læknishéraði skyldi vera a.m.k. einn læknir sem veitti sjúklingum ókeypis læknisaðstoð og ættu þeir kröfu til hennar skv. lögum. Þeir, sem ekki höfðu efni á að greiða læknishjálpina, skyldu fá hana ókeypis en krefjast skyldi af þeim vottorðs um það að viðlögðum drengskap. Ókeypis læknisaðstoð skyldi veitt af héraðslækni í öllum læknishéruðum þar sem ekki starfaði sérfræðingur í greininni.

Refsingar: Brot á lögunum vörðuðu sektum. Sömuleiðis var hægt að sekta embættismenn sem ekki sinntu skyldum sínum skv. lögunum.

Með lögum nr. 35 23. júní 1932 voru gerðar nokkrar breytingar á lögunum frá 1923 um varnir gegn kynsjúkdómum. Breytingarnar miðuðu að því að breyta í nokkru kostnaðarskiptingu skv. lögunum og leggja aukinn kostnað á ríkissjóð. Breytingalögin voru síðan felld inn í texta laganna frá 1923 og lögin þannig breytt birt að nýju og urðu lög nr. 91 23. júní 1932.

3.3.2 Lög um varnir gegn kynsjúkdómum, nr. 16 28. apríl 1978, með síðari breytingu.

Eins og áður segir voru lögin um varnir gegn kynsjúkdómum að stofni til frá árinu 1923. Á þeim tíma var fyrst og fremst við það miðað að hefta útbreiðslu kynsjúkdóma, enda lítið hægt að gera til að lækna þá. Eftir að mögulegt varð að lækna kynsjúkdóma á tiltölulega auðveldan hátt urðu ýmis ákvæði laganna um kynsjúkdómavarnir úrelt og áttu ekki lengur við. Kynsjúkdómar héldu þó áfram að vera heilbrigðisvandamál, hér sem annars staðar í

nágrannalöndunum. Árið 1977 var lagt fram á Alþingi frumvarp til nýrra laga um varnir gegn kynsjúkdómum. Við samningu þess frumvarps var fyrst og fremst lögð áhersla á skráningu kynsjúkdóma, á lagaheimildir til þess að leita að sýktum einstaklingum og veita þeim meðferð og á fræðslu um kynsjúkdóma, einkum fyrir ungmenni. Frumvarpið var samþykkt og varð að lögum nr. 16 28. apríl 1978 og gilda enn.

Gildissvið: Í lögunum var fjölgað frá því sem áður var þeim sjúkdómum sem töldust til kynsjúkdóma. Auk sárasóttar, lekanda og linsæris eru nú lymphogranuloma venereum, granuloma inguinale og þvagrásarbólga af öðrum orsökum kynsjúkdómar sem lögin taka til. Lögin gilda þó eingöngu meðan þessir sjúkdómar eru smitandi.

Skráning: Læknar skulu skrá sérstaklega alla sjúklinga með kynsjúkdóma. Skráningu skal haga þannig að sjúklingur er auðkenndur með upphafsstöfum og fæðingarnúmeri á þar til gert eyðublað. Sérhver starfandi læknir annast skráninguna eftir því sem þurfa þykir og sendir héraðslæknum og í Reykjavík borgarlækni. Þessum reglum var breytt árið 1986, sbr. hér á eftir.

Skyldur einstaklinga: Hver sem sýkist af kynsjúkdómi eða hefur grun um að svo sé skal leita sér læknishjálpar þegar í stað. Viðkomandi skal fara í einu og öllu eftir fyrirmælum þeim, sem læknir gefur honum um meðferð sjúkdómsins og varúð gegn smitun annarra. Jafnframt skal viðkomandi láta lækni í té alla vitneskju sína um það af hverjum hann hefur smitast og hverja hann kann að hafa smitað.

Skyldur lækna: Læknir, sem greint hefur kynsjúkdóm, skal grennslast vandlega eftir því af hverjum sjúklingur hefur smitast svo og hverja hann kann að hafa smitað. Læknir skal gera gangskör að því að hinir grunuðu séu rannsakaðir og teknir til meðferðar ef þörf krefur. Læknir getur leitað aðstoðar lögregluyfirvalda ef þörf krefur.

Kostnaður: Sjúklingar, sem haldnir eru kynsjúkdómum eða grunur leikur á að haldnir séu slíkum sjúkdómum, skulu njóta ókeypis læknishjálpar á heilsugæslustöðvum. Komi kynsjúkdómur upp á stað þar sem enginn læknir er eða þar sem erfitt er að ná í fullkomna læknisþjónustu er landlækni heimilt að senda þangað lækni til að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir og veita læknishjálp. Kostnaður vegna slíkra ráðstafana greiðist úr ríkissjóði.

Refsingar: Brot gegn lögunum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við skv. almennum hegningarlögum.

Upp úr 1980 gerði vart við sig nýr og skæður sjúkdómur, alnæmi eða AIDS. Þar sem ein megin smitleið þessa sjúkdóms minnir helst á kynsjúkdóma var haustið 1985 lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögunum um varnir gegn kynsjúkdómum frá 1978. Breytingin fól í sér að bæta alnæmi í hóp þeirra kynsjúkdóma, sem lögin tækju til og einnig að taka sérstaklega fram að klamydía teldist til þvagrásarbólgu af öðrum orsökum.

Við þinglega meðferð frumvarpsins kom í ljós verulegur skoðanamunur á því hvernig bregðast skyldi við þessum nýja sjúkdómi, alnæmi. Skiptust menn í tvo hópa, annars vegar þeir sem voru sammála þeirri aðferð sem frumvarpið lagði til, þ.e. að flokka alnæmi með kynsjúkdómum og þar með skrá sjúklinga með sama hætti og lögin um varnir gegn kynsjúkdómum gera ráð fyrir. Aðrir töldu óeðlilegt að flokka sjúkdóminn sem kynsjúkdóm því þeir sem af sjúkdómnum smituðust væru allflestir einkennalausir og til boða stæði engin lækning sem kæmi í veg fyrir að þeir smituðu aðra.

Lyktir málsins urðu þær að smit af völdum HIV (Human Immunodeficiency Virus, áður nefnd HTLV3 eða LAV) veiru, en svo hefur veiran, sem veldur alnæmi verið nefnd, var talið til kynsjúkdóma ásamt klamydíusýkingu. Jafnframt var ákvæðum laganna frá 1978 um skráningu kynsjúkdóma breytt allverulega til að tryggja fyllsta trúnað.

Um skráningu kynsjúkdóma gilda nú þær reglur að henni skal hagað þannig að fyllsta trúnaðar sé gætt varðandi persónu hins smitaða. Tilkynningar skulu sendar landlækni og þar

geta eingöngu fæðingarárs, fæðingarmánuðar og kyns hins smitaða. Gögn um auðkenni einstaklings skulu eingöngu í vörslu læknisins. Sýni, send til rannsóknar vegna hugsanlegs kynsjúkdómasmits, skulu merkt upphafsstöfum læknisins, sem sýnið sendir og raðnúmeri sem hann gefur viðkomandi einstaklingi.

4.0 Lögggjöf um sóttvarnir gegn smitsjúkdómum sem berast með dýrum.

4.1 Fýlasótt.

Vorið 1940 var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um ráðstafanir til varnar gegn fýlasótt. Ástæða þess að frumvarp um þetta var lagt fram og náði fram að ganga var að á árunum 1933–1937 varð vart sérkennilegs og illkynjaðs lungnabólgufaraldur í Færeyjum. Faraldurinn kom upp á sama tíma á ári hverju (september) og nánari athugun leiddi í ljós að nær eingöngu veiktist fólk sem stundaði fýlsungatekju og þó einkum konur er reyttu fýlsungann.

Er þessar fréttir bárust frá Færeyjum þótti sýnt að hér á landi væri sama sýkingarhætta fyrir hendi eða yfirvofandi. Landlæknir setti sig í samband við héraðslæknana í Vestmannaeyjum og Vík í Mýrdal þar sem fýlaveiði var stunduð að nokkru ráði og óskaði eftir því að þeir athuguðu hvort verið gæti að veiki þessi hefði þegar stungið sér þar niður svo og að þeir hefðu vakandi auga á hvað gerast kynni á næsta fýlsungaveiðitíma.

Báðum héraðslæknum kom saman um að ekkert benti til að veikinnar hefði orðið vart á árununum þar á undan en haustið 1939 tóku sex sjúklingar í Vestmannaeyjum mjög á sama tíma sérkennilega lungnabólgu og höfðu allir reytt fýlsunga 8–12 dögum áður. Þótti þetta grunsamlegt og við blóðvatnsrannsókn erlendis sannaðist að um psittacosis hefði verið að ræða.

Þótti þetta tilefni til að setja heimildarlög þau sem frumvarpið gerði tillögu um og var það samþykkt.

Hinn 7. maí 1940 gengu í gildi lög um ráðstafanir til varnar gegn fýlasótt. Skv. þessum lögum er ráðherra heimilt að fyrirskipa hvers konar nauðsynlegar ráðstafanir til varnar gegn því að menn sýkist af fýlasótt og þar á meðal að banna að meira eða minna leyti fýlatekju, hvort sem er á einstökum stöðum eða á landinu í heild. Lög þessi eru enn í gildi.

Hinn 30. maí 1940 var birt auglýsing nr. 106 um bann gegn fýlsungatekju og hagnýtingu fýlsunga. Auglýsing var numin úr gildi árið 1956.

4.2 Eyðing á rottum.

Það hefur lengi verið vitað að rottur geta verið sóttberar.

Árið 1944 var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um eyðing á rottum og músum. Var frumvarpið í aðalatriðum byggt á tillögum heilbrigðisfulltrúans í Reykjavík og samið að tilhlutans bæjarráðs Reykjavíkur sem mælti með samþykkt þess.

Frumvarpið náði fram að ganga með þeirri breytingu þó að það beindist eingöngu að rottum. Lögin nr. 27 gengu í gildi 12. febrúar 1945.

Hér var um að ræða nýmæli í löggjöf hér á landi en á Norðurlöndum höfðu verið sambærileg ákvæði í löggjöf frá aldamótum.

Skv. lögunum skal eyðing á rottum fara fram tvisvar á ári, haust og vor, í öllum sveitarfélögum á landinu þar sem þeirra verður vart. Rottunum skal eyða með eitri eða á annan hátt er heilbrigðisstjórn ákveður. Ef bæjar- eða sveitarstjórn vanrækir að láta framkvæma eyðingu á rottum þrátt fyrir skipun heilbrigðisstjórnar er heilbrigðisstjórn heimilt að láta framkvæma eyðinguna á kostnað bæjar- eða sveitarfélagsins eingöngu. Ella tekur ríkissjóður þátt í kostnaði að þriðjungi.

4.3 Sullaveiki.

Tengsl sullaveiki og hunda hafa lengi verið þekkt. Þegar á síðustu öld voru í lög hér á landi sett ákvæði sem miðuðu að því að reyna að hefta útbreiðslu sullaveiki eftir því sem hægt væri.

Skal nú vikið nánar að þessum lagaákvæðum.

4.3.1 Tilskipun um hundahald á Íslandi 1869.

Árið 1869 gekk í gildi Tilskipun um hundahald á Íslandi. Skv. henni skyldi sérhver húsbóndi skýra frá á ári hverju hversu margir hundar væru á heimilinu. Ef fjöldi hunda á heimili var umfram ákveðna tölu sem lögreglustjóri eða hreppstjóri taldi að þyrfti til að hirða nautpening, hesta eða sauðfé og til að verja tún og engjar skyldi eigandi greiða ákveðið gjald.

Sérhver sem lét slátra skepnu er sullir fundust í skyldi grafa þegar í stað hið sullmengaða slátur svo djúpt í jörð niður að hundar gætu ekki náð því eða brenna.

4.3.2 Lög um hundaskatt og o.fl., nr. 18/1890.

Tilskipunin frá 1869 var numin úr gildi með lögum nr. 18/1890 um hundaskatt og fleira. Þar var breytt reglum um greiðslur vegna hunda og skyldi nú greiða af hverjum heimilishundi, eldri en fjögurra mánaða, ákveðið gjald. Byggi heimilisráðandi á meiru en einu hundraði úr jörðu utan kaupstaða var gjaldið fimmfalt lægra en hjá hinum.

Eftir sem áður giltu reglur um tryggilega förgun sullmengaðs sláturs.

4.3.3 Lög nr. 8/1924, um heimild fyrir bæjarstjórnir og hreppsnefndir til að takmarka eða banna hundahald í kaupstöðum og kauptúnum.

Árið 1924 voru samþykkt lög (nr. 8) um heimild fyrir bæjarstjórnir og hreppsnefndir til að takmarka eða banna hundahald í kaupstöðum og kauptúnum. Í greinargerð með því frumvarpi sagði:

„Í kaupstöðum landsins, og einkum þó í Reykjavík, er, eins og kunnugt er, allmikill fjöldi hunda, sem teljast mega alóþarfir nálega allir. – Af hundum þessum stafar alvarleg sýkingarhætta að áliti ýmsra lækna. Sullaveiki mun ekki vera svo fátíð hjer á landi, en hún stafar eingöngu af hundum. Nú er ekki hægt að komast af án hunda til sveita, en í kaupstöðum er hundahald ýmist alóþarft eða að mestu leyti. – Auk þessarar hættu er hundasægur sá, sem nú er t.d. í Reykjavík, til ógagns á margvíslegan hátt. Börn og jafnvel fullorðnir geta oft og einatt varla komist ferða sinna fyrir þeim hræðslulaust, ónæði er að þeim á nóttum og ómenningarbragur á því, að sjá gjammandi hunda á eftir flestum farartækjum, sem um göturnar fara. Auk þess er það ekki smáræði af mat, sem fer til þess að ala alla þessa hunda, og væri sá matur annarsstaðar betur kominn. – Þótt þeir sjeu til, sem þætti fyrir að mega ekki eiga hund, þá verður ekki í það horft, þegar ríkari ástæður mæla móti.“

4.3.4 Lög um hundahald og varnir gegn sullaveiki, nr. 7 3. febrúar 1953, með síðari breytingu.

Árið 1952 var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um hundahald og varnir gegn sullaveiki. Í greinargerð var tekið fram að gildandi lög um hundaskatt frá árinu 1890 væru orðin úrelt. Frá því að þau voru sett hefðu miklar breytingar orðið á hundahaldi Íslendinga, hundum hefði fækkað og sullaveiki orðin næsta sjaldgjæf. Frumvarpið náði fram að ganga og varð að lögum nr. 7 3. febrúar 1953, sem gengu í gildi þegar í stað.

Skv. þeim er bæjarstjórnum og hreppsnefndum heimilt að ákveða með samþykkt sem heilbrigðisráðuneytið staðfestir að takmarka eða banna hundahald í sveitarfélaginu. Sérhver skattgreiðandi skal á skattaframtali gera grein fyrir hundum þeim sem hann eða aðrir á hans framfæri eigi um áramót. Greiða skal árlegan skatt af hundum og er skattur bænda tífalt lægri en annarra.

Óbreytt voru eldri ákvæði um varnir vegna sulls.

Fylgiskjal II.

YFIRLIT

um löggjöf Norðurlandanna um smitsjúkdóma.

Síðasta áratug hafa ýmis nágrannalönd okkar, einkum Norðurlöndin, endurskoðað löggjöf sína um smitsjúkdóma. Þar hefur verið farin sama leið og hér er farin í frumvarpi því til sóttvarnarlaga, sem nú hefur komið fram. Rétt þykir því að lýsa í stuttu máli löggjöf annarra Norðurlandaþjóða á sviði sóttvarna.

DANMÖRK

Hinn 1. janúar 1980 gengu í gildi í Danmörku ný lög um varnir gegn smitsjúkdómum. Lögin leystu af hólmi eldri löggjöf um varnir gegn smitsjúkdómum, þ.e. lög frá 1915, með síðari breytingum, um varnir gegn útbreiðslu smitsjúkdóma, lög frá 1918, um aðgerðir til að hefta útbreiðslu berkla, og lög frá 1953, um sóttkví vegna smitsjúkdóma.

Lögin skiptast í sjö kafla og skal nú nánar vikið að efni þeirra.

Lögin ná til smitsjúkdóma þeirra sem fylgiskjöl laganna telja upp. Sjúkdómarnir skiptast í farsóttir (alment farlige sygdomme) og næmar sóttir (övrige smitsomme sygdomme). Fylgiskjölum með upptalningu sjúkdómanna getur ráðherra breytt. Lögin ná ekki til kynsjúkdóma.

Í hverju amti (amtskommune) skal starfa sóttvarnanefnd. Að jafnaði skulu sitja í nefndinni lögreglustjóri, embættislæknir, dýralæknir, svæðistollstjóri og þrír sveitarstjórnarmenn. Í lögunum eru sérákvæði um skipun nefndarinnar í nokkrum tilgreindum sveitarfélögum. Kjörtímabil nefndanna er hið sama og sveitarstjórna. Tollyfirvöld, lögregla, hafnarstjórn, flugmálastjórn, hafnsögumenn og héraðsdýralæknar skulu vera nefndinni til aðstoðar eftir því sem þörf krefur.

Sóttvarnanefndir hafa skv. lögunum ýmis ráð til að hindra útbreiðslu farsótta. Þær geta :

- fyrirskipað læknisrannsókn og að viðkomandi leggist inn á sjúkrahús til athugunar, ef þörf krefur,
- fyrirskipað einangrun sjúklings og ef nauðsyn krefur innlögn á sjúkrahús,
- með aðstoð lögreglu komið sjúklingi undir læknishendur eða lagt viðkomandi inn á sjúkrahús,
- fyrirskipað afkvíun svæða, bannað samkomuhald og ýmist bannað starfsemi matvælafyrirtækis ef starfsemin gæti valdið frekari útbreiðslu eða bannað aðgang sjúklings að fyrirtækinu,
- fyrirskipað rannsóknir til að greina smitsjúkdóm, komast að uppruna hans og útbreiðslu,
- fyrirskipað sótthreinsun,
- fyrirskipað krufningu ef grunur leikur á að dánarorsök hafi verið smitsjúkdómur.

Innanríkisráðherra (nú heilbrigðisráðherra) getur gripið til eftirfarandi ráðstafana:

- fyrirskipað nauðungarmeðferð ef ljóst er að útbreiðslu smitsjúkdóms er ekki unnt að hindra með einangrun,
- fyrirskipað bólusetningar á ákveðnu svæði eða ákveðins hóps fólks.

Ráðherra getur og ákveðið að þær ráðstafanir, sem lögin gera ráð fyrir að gripið sé til vegna farsótta, skuli einnig eiga við um næmar sóttir þegar þær eru sérstaklega illskeyttar, með mikla útbreiðslu eða heilbrigðisaðstæður þannig að útbreiðsla er líkleg.

Aðgerðum þessum má einnig beita gagnvart hverjum þeim sem koma til Danmerkur.

Við komu skips eða flugvélar til Danmerkur skal stjórnandi farsins tilkynna sóttvarnanefnd eða fulltrúa hennar um heilbrigðisástand um borð. Setja skal nánari reglur um hvaða upplýsingar skuli gefa við þetta tækifæri og með hvaða hætti. Sömuleiðis mega farþegar á

skipum eða flugförum ekki hafa samskipti við fólk í landi fyrr en sóttvarnarnefnd eða fulltrúi hennar hefur gefið heimild til. Frá þessum reglum má þó víkja ef um er að ræða áætlunarferðir.

Ráðherra setur reglur um sóttvarnaráðstafanir gagnvart vörum, farangri og pósti. Jafnframt setur ráðherra reglur um eyðingu rotta.

Að beiðni skal sóttvarnanefnd gefa út nauðsynleg sóttvarnavottorð.

Til farsótta teljast:	**Til næmra sótta teljast:**
Bólusótt	Kólera
Útbrotataugaveiki	Taugaveiki
Rykkjasótt	Taugaveikibróðir
Svarti dauði	Salmonellusýkingar
Holdsveiki	Blóðkreppusótt
Marburg-veiki	Lömunarveiki
Lassa-hitasótt	Heilahimnubólga af völdum meningokokka
Ebola-veiki	Blóðsýklun af völdum meningókokka
Barnaveiki	Berklar
	Smitandi lifrarbólga

Ýmsar reglugerðir hafa verið settar með stoð í dönsku lögunum frá 1979. Sóttvarnareglugerð er nr. 502/1979. Einnig hafa verið settar stjórnvaldsreglur vegna smitsjúkdóma í skólum og dagvistarstofnunum fyrir börn og unglinga (nr. 100/1983 og frá 21. mars 1983). Sömuleiðis hafa verið settar stjórnvaldsreglur um berklaskoðun (nr. 104/1983) og um tilkynningar lækna vegna smitsjúkdóma (nr. 105/1983).

FINNLAND

Hinn 1. janúar 1987 gengu í gildi í Finnlandi ný lög um smitsjúkdóma. Lögin felldu úr gildi lög frá 1951 um ónæmisaðgerðir, lög frá 1952 um kynsjúkdóma, lög frá 1960 um berklavarnir, lög frá 1967 um skipulag berklavarna, lög frá 1958 um skyldu stúdenta við æðri skóla að gangast undir læknisrannsóknir og lög frá 1909 um varnir gegn kóleru.

Lögin skiptast í átta kafla og skal nú nánar vikið að efni þeirra.

Lögin skipta smitsjúkdómum í þrjá hópa, þá sem ógna almannaheill, þá sem eru tilkynningarskyldir og aðra smitsjúkdóma. Til smitsjúkdóma sem ógna almannaheill teljast þeir sjúkdómar sem eru mjög smitandi, hættulegir og eru þess eðlis að útbreiðslu þeirra er unnt að tefja með aðgerðum sem beint er að einstaklingum sem þegar eru sýktir eða grunaðir um sýkingu.

Stjórn sóttvarna er í höndum embættis landlæknis undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra. Héraðsstjórnir (länsstyrelsen) eru hver í sínu héraði ábyrgar fyrir skipulagningu, stjórnun og eftirliti sóttvarna.

Lögin mæla fyrir um ýmsar aðgerðir til sóttvarna, m.a.:

- boð um bólusetningar og læknisskoðanir,
- skyldu til bólusetninga, ef ástæða þykir til,
- skyldu til að gangast undir læknisrannsókn, ef ástæða þykir til.

Ef staðfest er eða líklegt þykir að smitsjúkdómur sem ógnar getur almannaheill sé á ferð skulu heilbrigðisyfirvöld grípa til viðeigandi ráðstafana. Í þessum tilfellum geta heilbrigðisnefndir, hver á sínu svæði:

- gefið út leiðbeiningar sem íbúar verða að fylgja,
- fyrirskipað einangrun húsnæðis, lokun skóla og dagvistarstofnana og jafnvel bannað samkomuhöld eða takmarkað slíkt,
- fyrirskipað sótthreinsun.

Einangra má sýktan einstakling ef augljós hætta er á útbreiðslu smits og ef útbreiðslu er ekki unnt að hefta með öðrum hætti. Heilbrigðisnefnd tekur ákvörðun um einangrun og skal hún ekki vara lengur en tvo mánuði. Sé knýjandi að ákveða einangrun tafarlaust getur heilsugæslulæknir tekið slíka ákvörðun en bera þarf ákvörðunina undir heilbrigðisnefnd til staðfestingar. Þurfi lengri einangrun en tvo mánuði þarf atbeina dómstóla.

Einstaklingi, sem smitast hefur af smitsjúkdómi, sem lögin ná til, er skylt, aðspurðum, að gefa upplýsingar um uppruna smits.

Læknar og tannlæknar sem hafa grun um eða vitneskju um smitsjúkdóm skulu tilkynna það til viðkomandi yfirlæknis eða heilsugæslulæknis. Yfirlæknirinn tilkynnir áfram til héraðsstjórnar og embættis landlæknis. Nánari fyrirmæli um tilkynningar skal setja með reglugerð.

Ef nauðsyn krefur getur heilbrigðisnefnd leitað aðstoðar lögreglu vegna framkvæmdar laganna.

Sóttvarnareglugerð, sett með stoð í hinum nýju finnsku lögum um varnir gegn smitsjúkdómum, er nr. 786/1986. Í reglugerðinni eru taldir upp þeir sjúkdómar sem annars vegar teljast ógna almannaheill og hins vegar þeir sem eru tilkynningarskyldir.

Smitsjúkdómar sem ógna almannaheill:	**Tilkynningarskyldir smitsjúkdómar:**
Barnaveiki	Klamydíusýking
Gulusótt	Lekandi
Blæðandi hitasótt aðrar en blæðandi nýrnabólga	HIV-sýking
Kólera	
Blóðsýklun og heilahimnubólga orsökuð af meningókokkum	
Miltisbrandur	
Svarti dauði	
Lömunarveiki	
Blóðkreppusótt	
Sárasótt	
Berklar	
Taugaveiki, taugaveikibróðir og aðrar salmonellósur	
Smitandi lifrarbólga A	

NOREGUR

Gildandi lög um smitsjúkdóma eru í endurskoðun í Noregi og í undirbúningi eru breytingar á löggjöf sem horfa í sömu átt og breytingar þær sem þegar hafa verið gerðar annars staðar á Norðurlöndum og hér er gerð tillaga um.

SVÍÞJÓÐ

Hinn 1. júlí 1989 gengu í gildi í Svíþjóð ný sóttvarnalög.

Sóttvarnir í hverju héraði eru í höndum héraðsstjórna (landstingskommun). Í hverju héraði skal vera sóttvarnalæknir og er verksvið hans nánar skilgreint í lögunum. Heilbrigðisnefndir og læknar skulu gefa upplýsingar til sóttvarnalæknis héraðsins.

Lögin skipta smitsjúkdómum í tvo hópa, annars vegar farsóttir og hins vegar næma sjúkdóma. Lögin gilda um alla smitsjúkdóma en flest ákvæði laganna gilda fyrst og fremst um farsóttirnar.

Gruni einstakling að hann sé smitaður af alvarlegum sjúkdómi skal hann:

- leita læknis til rannsóknar,
- fylgja leiðbeiningum læknis um meðferð,
- gefa lækni upplýsingar um hvaðan smitið barst og hvort viðkomandi hafi hugsanlega borið það áfram.

Læknismeðferð og lyf eru sjúklingi að kostnaðarlausu. Þurfi sjúklingur að dvelja á sjúkrahúsi eða vera heima uns smithætta er liðin hjá á hann rétt á bótum vegna vinnulaunataps.

Farsóttir og nokkra af næmu sóttunum verður að tilkynna til þar til bærra yfirvalda. Flokkun smitsjúkdóma er að finna í fylgiskjali með lögunum. Skv. fylgiskjalinu eru þessir sjúkdómar tilkynningarskyldir:

Farsóttir:
Barnaveiki
Dílasótt
Gulusótt
Smitandi lifrarbóga B
Önnur smitandi lifrarbólga
Heilahimnubólga
Lömunarveiki
Berklar
Blæðandi hitasóttir aðrar en blæðandi nýrnabólga
Smitandi lifrarbólga A
Kólera
Miltisbrandur
Taugaveikibróðir
Svarti dauði
Hundaæði
Salmonellusýkingar
Blóðkreppusótt
Taugaveiki
Lekandi
HIV-sýking
Klamydíusýking
Sárasótt

Aðrir tilkynningarskyldir smitsjúkdómar:
Amöbusýkingar
Blæðandi nýrnabólga
Sýkingar af völdum óvenjulegra berklabaktería
Malaría
Stífkrampi
Trikinosis
Tularеia
Linsæri
Bótúlismi
Kampýlóbaktersýkingar
Giardia lamblia
Hermannaveiki
Listeriosis
Fýlasótt (Psittakosis)
Toxoplasmasýking

Við rannsóknir vegna kynsjúkdóma er gætt fyllsta trúnaðar þannig að hvorki nafn sjúklings né smitbera kemur fram á tilkynningu læknis.

Beita má nauðungarrannsókn en nauðungarmeðferð er óheimil. Einangrun án samþykkis hins sýkta má þó beita í sérstökum tilvikum og um takmarkaðan tíma.

Fylgiskjal III.

Drög að REGLUGERÐ
um skýrslugerð vegna smitsjúkdóma.

1. gr.

Læknum er skylt að skrá á þar til gerð eyðublöð, sem embætti landlæknis lætur gera og leggur til, upplýsingar um smitsjúkdóma skv. lögum um sóttvarnir nr. .....

Sama gildir um forstöðumenn rannsóknastofa, sjúkradeilda og annarra heilbrigðisstofnana, sbr. 11. gr. áðurnefndra laga.

2. gr.

Smitsjúkdómar eru ýmist skráningarskyldir og kallast þá farsóttir eða tilkynningarskyldir og kallast þá næmar sóttir.

Gera skal skýrslu um hvert einstakt tilfelli farsótta en um næmar sóttir skal gera skýrslu um fjölda tilfella.

Skráningarskyldir smitsjúkdómar.

3. gr.

Um skráningarskyldan smitsjúkdóm skal skrá eftirfarandi upplýsingar á þar til gerð eyðublöð:

1. Heiti sjúkdóms og greiningarnúmer samkvæmt alþjóðlegu sjúkdóma- og dánarmeinaskránni, 9. útgáfu.
2. Hvenær, hvernig og hvar sjúkdómsgreining var staðfest.
3. Persónuauðkenni og kyn hins sýkta.
4. Í hvaða læknishéraði hinn sýkti býr (dvalarstaður).
5. Hver tilkynnir, nafn, staða og vinnustaður.
6. Undirskrift og dagsetning tilkynningar.

4. gr.

Tilkynningu um skráningarskyldan smitsjúkdóm skal án tafar senda sóttvarnalækni. Afrit tilkynningar skal samtímis senda héraðslækni þess héraðs, þar sem hinn sýkti dvelst.

Tilkynningaskyldir smitsjúkdómar.

5. gr.

Tilkynnningarskylda smitsjúkdóma skal skrá á þar til gert mánaðaryfirlit, sem miðast við almanaksmánuð.

Á eyðublaðið skal skrá fjölda þeirra einstaklinga, sem greinst hafa í viðkomandi mánuði með tilkynningaskylda smitsjúkdóma. Á eyðublaði skal koma fram mánuður, nafn þess sem tilkynnir, vinnustaður, undirskrift og dagsetning.

6. gr.

Tilkynningar um fjölda tilkynningarskyldra smitsjúkdóma skal senda sóttvarnalækni fyrir 10. dag næsta mánaðar eftir skráningarmánuði. Afrit skal sent héraðslækni heimahéraðs þess sem tilkynninguna sendir.

7. gr.

Fyllstu þagmælsku skal gætt um allar upplýsingar er varða smitsjúkdóma.

Ýtrustu varúðar skal gæta við meðferð, vörslu og sendingu upplýsinga um skráningarskylda smitsjúkdóma til að koma í veg fyrir að upplýsingarnar berist óviðkomandi aðilum.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 11. gr. sóttvarnalaga nr. ....., öðlast gildi 1. janúar 1991.

Ed. 197. Frumvarp til laga [174. mál]

um breyting á lögum um Byggðastofnun, nr. 64 1. júlí 1985.

Flm.: Halldór Blöndal.

1. gr.

Við 19. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo:

Öll skjöl viðvíkjandi lánum, sem stofnunin veitir eða tekur, eru undanþegin stimpilgjöldum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lögum samkvæmt eru ekki innheimt stimpilgjöld af skjölum viðvíkjandi lánum sem Fiskveiðasjóður eða Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina taka eða veita.

Skjöl viðvíkjandi útgáfu hlutdeildarskírteina og skuldaskjöl vegna lána, sem hlutabréfasjóður Byggðastofnunar veitir eða tekur, eru undanþegin lántöku- og stimpilgjöldum. Samkvæmt 1. mgr. 21. gr. laga nr. 36/1978, um stimpilgjöld, er gjald af stimplun bréfanna 2% af fjárhæð þeirra. Engin rök eru fyrir þvílíkri gjaldtöku af lánum úr Byggðasjóði.

Sþ. 198. Fyrirspurn [175. mál]

til fjármálaráðherra um endurgreiðslu á sérstöku gjaldi af erlendum lántökum.

Frá Halldóri Blöndal.

1. Hversu hljóðar samþykkt ríkisstjórnar um að ekki skuli greitt sérstakt gjald af erlendum lántökum vegna viðhalds og endurbóta á fiskiskipum, unnum hér á landi, sbr. ummæli viðskiptaráðherra í efri deild 10. maí 1989?
2. Hvaða dag var samþykkt ríkisstjórnarinnar gerð?
3. Hversu hefur framkvæmd samþykktarinnar verið háttað og hvernig hefur hún verið kynnt?
4. Hefur komið til endurgreiðslu samkvæmt samþykktinni?

Sþ. 199. Fyrirspurn [176. mál]

til fjármálaráðherra um áætlaðan risnu- og ferðakostnað ráðuneyta og ríkisfyrirtækja árið 1990.

Frá Inga Birni Albertssyni.

1. Hver er áætlaður risnukostnaður ráðuneyta annars vegar og ríkisfyrirtækja hins vegar á árinu 1990?
2. Hver er áætlaður ferðakostnaður ráðuneyta annars vegar og fyrirtækja í ríkiseign hins vegar á árinu 1990? Hvernig skiptist áætlunin milli ferðakostnaðar innan lands og kostnaðar við utanlandsferðir? Hvað er gert ráð fyrir mörgum utanlandsferðum?

Skriflegt svar óskast.

Ed. 200. Frumvarp til laga [177. mál]

um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

Flm.: Salome Þorkelsdóttir.

1. gr.

Við 19. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo:
5.16. Slysaforvarnir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa áherslur í heilbrigðisþjónustu verið að breytast sem m.a. má rekja til breyttra aðstæðna í samfélaginu og nýrra og bættra meðferðarmöguleika. Heilbrigði Íslendinga hefur gjörbreyst og er nú talið með því besta sem gerist meðal þjóða. Aðaláherslan er nú lögð á heilsuvernd og forvarnastarf.

Í tillögu til þingsályktunar um íslenska heilbrigðisáætlun sem lögð hefur verið fram í sameinuðu þingi segir m.a.:

„Heilbrigðismarkmiðið er sett fram til að stuðla að og bæta heilbrigði einstaklingsins. Þessu höfuðmarkmiði má skipta í þrjá þætti:

— **Að bæta árum við lífið.** Þetta þýðir að ótímabærum dauðsföllum fækki og lífslíkur aukist.
— **Að bæta heilbrigði við lífið.** Þetta þýðir að fólkið í framtíðinni eigi fleiri ár heilbrigði og starfsemi, fólk fái færri sjúkdóma og verði sjaldnar fyrir slysum en áður.
— **Að bæta lífi við árin.** Þetta þýðir að heilbrigði aukist og að fleira fólki en nú finnist það vera hraust og stjórni starfsdegi sínum þannig að því finnist lífið ríkt af reynslu og breytilegum verkefnum.

Heilbrigði er hluti af vellíðan einstaklingsins. Menning og fjárhagur getur haft mikil áhrif á heilsufar einstaklinganna. Sjúkdómar eru hluti af lífi hvers manns og fötlun er hluti af lífi margra en hinir sjúku og fötluðu geta einnig notið ánægju lífsins.

Heilbrigði er að hluta til ákvörðunaratriði einstaklings og fjölskyldna og fullkomin heilbrigðisþjónusta næst aðeins með því móti að þjóðfélagsþegnarnir nýti hana og geri til hennar kröfur.

Í heilbrigðisþjónustunni á fólkið ekki að líta á sig eingöngu sem neytendur. Hugmyndin er að maðurinn verði þátttakandi og honum sé ljóst hvað hann getur gert fyrir sjálfan sig og hvað heilbrigðisþjónustan getur gert fyrir hann.

Heilbrigðisþjónustan getur veitt mikla hjálp en án samvinnu við einstaklinginn er hún lítils virði og einstaklingurinn verður að gera sér ljóst að hann er samverkamaður og ekki aðeins neytandi.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur sett fram markmið um heilbrigði allra árið 2000. Þau þrjú markmið, sem eru hornsteinar í þessu sambandi, eru:

— Að stuðla að heilbrigðu líferni.
— Að draga úr hættum sem valda heilsutjóni.
— Að reka heilbrigðiskerfi sem þjónar fólkinu.

Til þess að ná þessum markmiðum þarf, auk heilbrigðisstjórnar, samspil margra þátta, svo sem löggjafar, fjármála, stjórnunar, menntamála, upplýsinga og rannsókna, og árangurinn þarf að meta.“

Það er ljóst að slys og afleiðingar þeirra eru einn alvarlegasti þáttur í heilbrigðisvandamálum okkar Íslendinga. Árlega verður fjöldi fólks fyrir miklum andlegum og líkamlegum þjáningum af völdum slysa, auk þess er kostnaður þjóðfélagsins mikill vegna þeirra. Með markvissu forvarnastarfi er unnt að koma í veg fyrir slys og þar með fækka þeim.

Til þess að ná árangri telur flutningsmaður þessa frumvarps nauðsynlegt að höfða til hvers einstaklings í því umhverfi sem hann lifir og hrærist í. Það gerist best með því að unnið sé markvisst að slysavörnum í hverju byggðalagi fyrir sig.

Heilsugæsluumdæmin eru mikilvægur vettvangur til að vinna að slíku forvarnastarfi heima í héraði í samvinnu við aðra þá aðila sem vinna að slysavörnum.

Til þess að taka af öll tvímæli um að slysaforvarnir heyri undir verksvið heilsugæslustöðva er þetta frumvarp flutt.

Nd. 201. Frumvarp til laga [178. mál]

um veiðieftirlitsgjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

1. gr.

Sjávarútvegsráðherra skal með reglugerð ákveða sérstakt gjald – veiðieftirlitsgjald – fyrir veiðileyfi sem veitt eru á grundvelli ákvæða laga nr. 3/1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990, eða annarra laga er kveða á um veiðar í íslensku fiskveiðilögsögunni.

Gjald þetta rennur til reksturs veiðieftirlits sjávarútvegsráðuneytisins og skal fjárhæð þess miðast við að það standi undir rekstri eftirlitsins.

2. gr.

Fyrir önnur veiðileyfi en þau er um getur í 3. gr. skal gjaldið miðast við áætlað verðmæti þess afla sem leyfið heimilar veiðar á. Fyrir skip, sem velja sóknarmark við botnfiskveiðar, skal gjaldið miðast við aflamarkskost skipsins. Skal ráðherra áætla hlutfallsleg verðmæti einstakra tegunda sjávardýra í þessu sambandi fyrir upphaf vertíðar eða veiðitímabils. Aldrei skal gjald samkvæmt þessari málsgrein vera hærra en 0,5% af áætluðu verðmæti afla sem viðkomandi veiðileyfi heimilar veiðar á.

3. gr.

Fyrir botnfiskveiðileyfi báta undir 10 brl. og leyfi til veiða, sem ekki eru bundnar tilteknu aflamarki, skal greiða fast gjald og getur ráðherra ákveðið það með hliðsjón af mögulegu aflaverðmæti og eðli veiðanna.

4. gr.

Útgerð skips skal endurgjaldslaust sjá veiðieftirlitsmönnum sjávarútvegsráðuneytisins fyrir fæði og aðstöðu um borð meðan þeir stunda eftirlitsstörf.

Sé talin sérstök þörf á eftirliti um borð í fiskiskipi vegna þess að aflinn er unninn um borð eða vegna eðlis veiðanna, t.d. við tilraunaveiðar, getur sjávarútvegsráðuneytið krafið útgerð skips um endurgreiðslu kostnaðar vegna eftirlitsmanns um borð í skipinu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Verkefni veiðieftirlitsins hafa stóraukist á undanförnum árum með tilkomu aukinna takmarkana á veiðiheimildum fiskiskipa. Kemur hér m.a. til að við hefur bæst eftirlit með 800 til 1200 smábátum. Þessi aukning hefur leitt til þess að hafa þarf eftirlit með 1400 til 1800 skipum í stað 600 áður. Einnig eru landanir smábáta tíðari en stórra skipa sem veldur aukinni eftirlitsþörf á löndunarstað. Nauðsynlegt hefur reynst að stórauka eftirlit um borð í fiskiskipum, einkum togurum, vegna mikils smáfisks í afla. Þá hefur skipum, sem fullvinna afla um borð, fjölgað mikið. Í frumvarpi því til fjárlaga, sem nú liggur fyrir þinginu, er gert ráð fyrir að rekstur veiðieftirlitsins verði borinn uppi af eftirlitsgjaldi sem greitt verði af þeim aðilum sem fá aðgang að fiskveiðilögsögunni. Færð hafa verið fram þau rök að eðlilegt sé að þeir aðilar, sem leyfi fá til að nýta sameiginlega fiskstofna þjóðarinnar, standi undir kostnaði við nauðsynlegt eftirlit með að reglur og lög, sem sett eru til verndar auðlindinni, séu virt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 79/1975, um aukatekjur ríkissjóðs, ákveður fjármálaráðherra gjöld fyrir veiðileyfi með sama hætti og önnur leyfisgjöld. Gjöld þessi renna í ríkissjóð og námu u.þ.b. 6,3 milljónum króna á árinu 1988. Með þessari grein er lagt til að það verði sjávarútvegsráðherra er ákveði þessi gjöld og að þau renni ekki ósérgreind í ríkissjóð heldur verði sérstaklega ætluð til að standa undir rekstri veiðieftirlits sjávarútvegsráðuneytisins. Skal ráðherra miða ákvörðun um fjárhæð gjaldsins við að hún standi að fullu undir kostnaði við veiðieftirlitið. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1990 er gert ráð fyrir að 57 milljónir króna þurfi til þessa viðfangsefnis. Samkvæmt þessu þurfa heildartekjur af veiðileyfisgjöldum rúmlega að nífaldast frá því sem var á sl. ári.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að stærstur hluti veiðieftirlitsgjaldanna verði miðaður við það aflamagn sem hverju skipi er heimilað að veiða að teknu tilliti til mismunandi aflaverðmætis tegunda. Í framkvæmd yrðu veiðiheimildir af einstökum tegundum færðar til svonefndra þorskígilda og gjaldið miðað við þau. Miðað við úthlutuð þorskígildi á árinu 1988 og áætlanir í fjárlagafrumvarpi næsta árs um rekstrarkostnað veiðieftirlits lætur nærri að gjaldið nemi 11–12 aurum á hvert þorskígildiskíló. Gjald vegna skipa er velja sóknarmark við botnfiskveiðar skal samkvæmt grein þessari miðast við það aflamark er skipið átti kost á, enda er ekki kveðið á um hámarksafla allra tegunda í sóknarmarkinu. Loks er í greininni lagt til að hámark veiðieftirlitsgjalds verði lögbundið.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að fast gjald verði ákveðið fyrir leyfi til botnfiskveiða smábáta sem og fyrir þau veiðileyfi þar sem ekki er kveðið á um leyfilegan hámarksafla, t.d. leyfi til grásleppuveiða og ýmissa tilraunaveiða. Fast gjald yrði einnig ákveðið vegna leyfa til veiða með sérstök veiðarfæri eins og dragnót. Lagt er til að ráðherra verði m.a. gert að taka mið af líklegu meðalaflaverðmæti við ákvörðun þessara gjalda en ekki þykir ástæða til að binda þessi gjöld sérstöku hámarki frekar en gildir um leyfisgjöld samkvæmt lögum nr. 79/1975 almennt.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að tekin verði af tvímæli um að útgerðum beri að sjá veiðieftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir sinna skyldustörfum um borð. Þetta er í samræmi við viðteknar venjur.

Þegar afli er unninn um borð í veiðiskipi, t.d. frystiskipi, er almennt séð meiri þörf á eftirliti en í öðrum fiskiskipum. Verður að telja eðlilegt að útgerðir þessara skipa standi sérstaklega undir þessum aukna tilkostnaði. Sama getur átt við í öðrum tilvikum eins og t.d. þegar heimilaðar eru undanþágur frá almennum reglum til veiða í tilraunaskyni. Sá tilkostnaður, sem hér um ræðir, er fyrst og fremst laun og ferðakostnaður veiðieftirlitsmanna en um fæði og aðstöðu fer skv. 1. mgr. Gjald samkvæmt þessari málsgrein kemur til viðbótar almennu gjaldi skv. 2. gr.

Um 5. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Ed. 202. Frumvarp til laga [179. mál]

um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

1. gr.

Sjávarútvegsráðherra veitir leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar fyrir sjávarafla. Við veitingu leyfa skal ráðherra m.a. meta hvort skilyrði frjálsrar verðmyndunar á uppboðsmarkaði séu fyrir hendi með hliðsjón af líklegu fiskframboði, fjölda fiskvinnslustöðva á markaðssvæði og starfsemi annarra uppboðsmarkaða.

Leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar skal veitt til eins árs í senn. Ráðherra er heimilt að svipta aðila leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar fullnægi hann ekki skilyrðum settum í lögum þessum eða reglum um starfsemi markaðarins, sbr. 4. gr.

2. gr.

Leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar má einungis veita aðilum sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

a. Hafi íslenskan ríkisborgararétt og haft fasta búsetu á Íslandi sl. tvö ár.
b. Séu fjárráða.
c. Hafi forræði á búi sínu.

Enn fremur má veita hlutafélögum leyfi til reksturs, enda sé allt hlutafé í eign íslenskra ríkisborgara, sbr. 11. gr. laga nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

3. gr.

Lög nr. 53 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða, og reglur settar með stoð í þeim lögum, gilda um húsnæði og búnað uppboðsmarkaðar og meðferð afla eftir því sem við getur átt.

4. gr.

Áður en rekstur uppboðsmarkaðar hefst skal leyfishafi leita samþykkis ráðherra á reglum um starfsemi markaðarins. Aðeins er heimilt að breyta reglum um starfsemi uppboðsmarkaðar með samþykki ráðherra.

5. gr.

Þeim aðilum, sem leyfi hafa til reksturs uppboðsmarkaðar, er skylt að láta liggja frammi yfirlit yfir selt aflamagn hvers dags, kaupendur þess og verð. Skulu þeir daglega senda Fiskifélagi Íslands afrit af þessu yfirliti.

Þá er skylt að senda opinberum aðilum, sem þess óska, skýrslu um seljendur afla, aflamagn, kaupendur og verð.

6. gr.

Leyfishafar skulu standa skil á uppboðsandvirði hins selda afla til seljenda og sjá um skil á greiðslum samkvæmt ákvæðum II. kafla laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Leyfishafi skal krefjast greiðslutrygginga af kaupanda sé ekki um staðgreiðslu að ræða.

Við skiptingu greiðslna samkvæmt þessari grein skal miða við uppboðsandvirði að frádregnum beinum kostnaði af uppboðinu.

7. gr.

Um sjávarafla, sem seldur er á uppboðsmarkaði, gilda ekki ákvæði um lágmarksverð samkvæmt lögum nr. 43/1985, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

8. gr.

Leyfishafi skal hafa í þjónustu sinni a.m.k. einn starfsmann sem sér um framkvæmd uppboðs og skal hann hafa löggildingu til starfans.

Sjávarútvegsráðherra veitir löggildingu.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í marsmánuði 1987 voru samþykkt á Alþingi lög um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla. Var hér um tilraun að ræða í því skyni að fá úr því skorið hvort unnt væri að starfrækja á Íslandi fiskmarkaði þar sem verðlagning væri frjáls. Var gildistími laganna ákveðinn til loka árs 1989 og myndi Alþingi taka þau til endurskoðunar þegar reynsla væri fengin af þessu nýja fyrirkomulagi við verðlagningu sjávarafla.

Á undanförnum árum hefur grundvöllur hins fasta verðkerfis fyrir sjávarafla verið að breytast. Bættar samgöngur á landi hafa í auknum mæli gert flutning á afla milli byggðarlaga mögulegan. Þróun í flutningatækni og geymslu sjávarafla hafa einnig auðveldað seljendum aðgang að mörkuðum, bæði innan lands og erlendis. Þá hefur bætt upplýsingatækni aukið möguleika á miðlun upplýsinga milli seljenda og kaupanda. Þessi atriði, er lúta að breyttum ytri skilyrðum í viðskiptum með sjávarafla ásamt breytingum á lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins á árinu 1985 og afnámi sjóðakerfisins vorið 1986, gáfu aukna möguleika á að gera tilraun með uppboðsmarkað fyrir sjávarafla.

Með stofnun uppboðsmarkaða var þess vænst að starfsemi þeirra leiddi til aukinnar sérhæfingar og nýjunga í framleiðslu jafnframt því sem það mundi stuðla að auknum gæðum hráefnis. Fullvíst má telja að forsendur fyrir að ná árangri varðandi þessi atriði hafi verið skapaðar með stofnun markaðanna, enda þótt ekki liggi fyrir úttekt á því í hve miklum mæli raunin hafi orðið sú.

Frá því lögin voru samþykkt hafa alls fimm markaðir tekið til starfa. Þrír þeirra voru stofnaðir á suðvesturhorni landsins og eru þeir allir starfandi nú, en markaðir, sem komið var á fót á Akureyri og í Vestmannaeyjum, hættu fljótlega starfsemi.

Ýmsir höfðu áhyggjur af að of margir uppboðsmarkaðir yrðu stofnaðir áður en nægjanleg reynsla fengist af starfsemi þeirra og að stofnun þeirra gæti haft óheppileg áhrif á uppbyggingu og skipulag fiskvinnslunnar. Víst er að fiskverkendum hefur fjölgað á þeim tíma sem fiskmarkaðarnir hafa verið starfandi, en erfitt er að meta hvort það er beinlínis afleiðing af tilkomu markaðanna.

Hér að neðan eru upplýsingar, sem sýna hvernig botnfiskafli og verðmæti hans skiptist á árinu 1988, en það ár var fyrsta heila starfsár fiskmarkaðanna.

Löndun 1988	Botnfiskur Magn (tonn)	%	Brúttóverðmæti Millj. kr.	%
Innan lands (utan markaða)	440.777	63,2	11.394	48,0
Fiskmarkaðir	56.800	8,1	1.668	7,0
Selt óunnið erlendis	113.461	16,3	6.352	26,7
Sjófryst	83.985	12,0	4.267	18,0
Annað	2.542	0,4	74	0,3

(Heimild: Útvegur 1988.)

Rúm 8% af heildarbotnfiskafla ársins 1988 fór því um innlenda fiskmarkaði og nam heildarvelta þeirra tæplega 1,7 milljörðum króna. Verðmyndun á mörkuðum hefur ráðist talsvert af því hversu ójafnt framboðið hefur verið.

Sjávarútvegsráðuneytið hefur við undirbúning að samningu frumvarpsins átt viðræður við ýmsa aðila er tengjast veiðum, vinnslu og starfsemi fiskmarkaða. Voru þeir flestir á einu máli um að tilkoma uppboðsmarkaða fyrir sjávarafla hefði gefið góða raun og að sú tilraun, sem hófst í mars árið 1987, hafi sannað gildi sitt.

Í frumvarpi þessu felast aðeins óverulegar breytingar sem einkum tengjast því að gert er ráð fyrir því að lögin verði ótímabundin.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í gildandi lögum segir: „Leyfi til reksturs skal bundið við ákveðin landsvæði, m.a. með hliðsjón af samgöngum, fjarlægðum milli verstöðva og fjölda fiskvinnslufyrirtækja." Leyfi til reksturs uppboðsmarkaða hafa ekki verið bundin við ákveðin svæði í þeirri merkingu að aðeins megi flytja á þann markað afla sem veiddur er af skipum frá ákveðnum svæðum. Í leyfum hefur aðeins verið tilgreint hvar markaðarnir skuli staðsettir og eru ekki neinar takmarkanir á löndun afla hjá þeim markaði. Við ákvörðun um veitingu leyfis til reksturs uppboðsmarkaðar þarf að vega og meta ýmis atriði sem erfitt er að tilgreina nákvæmlega í lagatexta og er því lagt til að orðalagi verði breytt þannig að ráðherra meti fyrst og fremst hvort grundvöllur sé fyrir frjálsri verðmyndun miðað við aðstæður á viðkomandi svæði. Atriði eins og fjarlægðir milli verstöðva og markaða og samgöngur hljóta eftir sem áður að vega þungt þegar ákvörðun er tekin um hvort veita eigi leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar á ákveðnu svæði.

Í 2. mgr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar séu veitt til eins árs í senn eins og í gildandi lögum. Með þessu móti gefst tækifæri til að endurskoða og meta árlega þróunina í starfsemi einstakra markaða sem er nauðsynlegt, t.d. ef taka á afstöðu til nýrra umsókna um leyfi til reksturs markaða. Hins vegar er í frumvarpinu lagt til að fellt verði niður ákvæði þess efnis að leyfishafa skuli skylt að reka uppboðsmarkað allt leyfistímabilið, enda vandséð hvernig leyfishafi verði knúinn til þess ef aðstæður til reksturs eru ekki fyrir hendi.

Í 2. mgr. frumvarpsins er tekið fram að heimilt sé að svipta aðila leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar fullnægi hann eða markaðarnir ekki lengur ákvæðum laganna eða starfsreglum markaðarins staðfestum af ráðherra.

Um 2.–8. gr.

Samhljóða 2.–8. gr. gildandi laga.

Um 9. gr.

Hér er lagt til að lögin verði ótímabundin og vísast í þessu sambandi til almennrar greinargerðar.

Ed. 203. Frumvarp til laga [180. mál]

um viðauka við lög nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

1. gr.

Við Fiskveiðasjóð Íslands skal starfa sérstök þróunardeild er hefur það hlutverk að veita lán til rannsókna og þróunarverkefna á öllum sviðum sjávarútvegs. Deildinni er og heimilt að veita styrki í sama tilgangi enda verði henni séð fyrir sérstökum tekjum í því skyni.

2. gr.

Lán úr þróunardeild skulu veitt gegn þeim tryggingum sem stjórn Fiskveiðasjóðs metur fullnægjandi og er hún í þeim efnum óbundin af ákvæðum 11. og 12. gr. laga nr. 44/1976.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur reglur um lán- og styrkveitingar úr deildinni.

4. gr.

Deildin tekur yfir eignir og skuldir Fiskimálasjóðs. Skal yfirtakan miðast við stöðu eigna og skulda þann 31. desember 1989.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 89 5. júní 1947, um Fiskimálasjóð, sbr. 5. gr. laga nr. 27 17. maí 1976, lög nr. 10 11. mars 1971 og lög nr. 104 29. des. 1980.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við endurskoðun á sjóðakerfi sjávarútvegsins, sem lauk vorið 1986, voru gerðar róttækar breytingar á sjóðum sjávarútvegsins. Með lögum nr. 24/1986 var sett á fót greiðslumiðlunarkerfi og afnumin lög um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Við afnám útflutningsgjaldsins féll niður aðaltekjustofn Fiskimálasjóðs. Í greinargerð með lögum nr. 24 1986 var ráð fyrir því gert að Fiskimálasjóður mundi sameinast Fiskveiðasjóði Íslands. Með frumvarpi þessu er skrefið stigið til fulls og lagt til að lög nr. 89/1947, um Fiskimálasjóð, sbr. 5. gr. laga nr. 27/1976, verði afnumin. Þess í stað verði stofnuð við Fiskveiðasjóð Íslands sérstök þróunardeild er taki við eignum og skuldum sjóðsins. Deildin veiti lán eða styrki til rannsókna og þeirra nýjunga sem orðið gætu til að efla markaðsstöðu íslensks sjávarútvegs. Styrkveitingar eru þó háðar því að deildin fái sérstakar tekjur til að standa undir þeim.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um heiti deildarinnar og hlutverk. Hlutverk deildarinnar er einkum að veita þeim aðilum, sem vinna að nýjungum og framförum í sjávarútvegi, lán til þróunar- og

rannsóknarverkefna. Er hér gert ráð fyrir að deildin verði hluti af Fiskveiðasjóði Íslands og lúti sömu yfirstjórn. Um deildina gildi einnig að öðru leyti lög nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir að aðrar reglur gildi um tryggingar á lánum úr deildinni en almennt gilda um lán úr Fiskveiðasjóði. Fiskveiðasjóður er stofnlánasjóður og veitir skv. 11. og 12. gr. lán til fiskiskipa tryggð með 1. veðrétti í skipum eða gegn veði sem er innan 60% af matsverði annarra eigna. Er því lagt til að stjórn sjóðsins meti tryggingar fyrir lánum hverju sinni úr deildinni eða marki sér reglur í þessum efnum.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Samkvæmt efnahagsreikningi 31. des. 1988 námu eignir Fiskimálasjóðs um 49 m.kr. Á móti stóðu skuldir að fjárhæð um 35 m.kr. Höfuðstóll Fiskimálasjóðs um sl. áramót var því um 14 m.kr. Hér er gert ráð fyrir að Fiskveiðasjóður yfirtaki eignir og skuldir Fiskimálasjóðs 31. des. nk. og við það miðað að endanlegt uppgjör fari fram sem fyrst eftir þann tíma.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 204. Tillaga til þingsályktunar [181. mál]

um eflingu löggæslu.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson, Friðjón Þórðarson, Matthías Á. Mathiesen, Matthías Bjarnason, Pálmi Jónsson, Halldór Blöndal, Egill Jónsson, Þorsteinn Pálsson, Salome Þorkelsdóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að grípa nú þegar til ráðstafana er fela í sér eflingu löggæslu í landinu.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á síðasta þingi, en fékkst ekki afgreidd. Löggæslumál eru því enn sem fyrr í ófullnægjandi ástandi. Þingsályktunartillagan er því enn á ný lögð fram í þeirri von að Alþingi taki afstöðu með því að löggæslan í landinu verði efld. Hér er um brýnt hagsmunamál að ræða sem snertir sérhvern mann og dylst engum að mikilvægi traustrar löggæslu fer stöðugt vaxandi. Í þeim efnum ber að leggja enn meiri áherslu á forvarnastarf á sviði löggæslumála, m.a. með tilliti til breyttra samskipta þjóða. Aukið samskiptafrelsi á alþjóðavísu hefur leitt til þess að milljónir manna eru stöðugt á ferli milli landa. Krefst það mikils og stöðugs eftirlits því lítið þarf út af að bera til þess að af hljótist mikið slys. Í slíku verndarstarfi gegnir löggæslan mikilvægu hlutverki. Á það við um Ísland sem önnur lönd þar sem fullkomið ferðafrelsi ríkir.

Á síðustu árum hafa orðið miklar þjóðfélagsbreytingar á Íslandi sem gera aðrar og meiri kröfur til ýmiss konar þjónustu í þágu borgaranna. Meðal þess er krafan um aukna löggæslu á ýmsum sviðum, svo sem vegna umferðarmála, forvarnastarfs gagnvart aukinni útbreiðslu fíkniefna og vegna alhliða þjónustu í þágu fólksins.

Heilbrigð og öflug löggæsla er einn af hornsteinum lýðræðislegra stjórnarhátta. Þess vegna er mikilvægt að ætíð sé svo vel búið að löggæslunni að hún geti mætt þeim kröfum sem til hennar eru gerðar. Þörfin fyrir aukna vernd borgaranna eykst stöðugt. Í þeim efnum gegnir löggæslan veigamiklu hlutverki. Enn sem fyrr er frumskylda löggæslunnar fólgin í því að veita fólki nauðsynlega vernd og öryggi gagnvart misindis- og afbrotamönnum. Framkvæmd laga og réttar byggist á öruggri og vel upp byggðri löggæslu. Án þess væri dómsvaldið óvirkt og allt réttarfar í hættu. Þá hefur hlutdeild löggæslunnar í útfærslu umferðarmála aukist ár frá ári. Sá þáttur hefur vaxið mikið að umfangi og er stöðugt tímafrekari í starfsemi löggæslumanna.

Á síðustu árum hafa önnur atriði komið til skjalanna sem gera eflingu löggæslu enn brýnni. Illu heilli hafa Íslendingar ekki farið varhluta af þeirri alvarlegu þróun sem fylgir mikilli útbreiðslu og neyslu fíkniefna. Vel skipulagðir glæpahringir teygja anga sína um allan heim, þar á meðal til Íslands. Þessir aðilar hafa mikinn fjölda misindismanna á sínum snærum sem dreifa hættulegum fíkniefnum og selja þau. Ágengni þeirra og ófyrirleitni teflir árlega lífi tuga eða hundraða unglinga á Íslandi í mikla hættu. Þessum aðilum verður nútímalöggæsla að mæta með öllum ráðum.

Starfssvið löggæslunnar á Íslandi er orðið gífurlega yfirgripsmikið og krefst mikillar árvekni af hálfu þeirra sem þar bera ábyrgð. Þrátt fyrir það hefur ekki verið búið að löggæslunni sem skyldi og alls ekki í samræmi við þær kröfur sem til hennar eru gerðar. Látið er fljóta að feigðarósi í þessum efnum og er ekki seinna vænna að löggæslumálin verði tekin fastari tökum í fullu samræmi við nútímakröfur og aðsteðjandi hættur. Það verður ekki gert nema til komi öflugur stuðningur af hálfu ríkis og sveitarfélaga, en eðli málsins samkvæmt heyra þessi mál undir samfélagið í heild. Hér er því ekki verið að gera tillögu um eflingu ríkisvalds sem slíks, heldur þann þátt er lýtur að nauðsynlegri vernd borgaranna.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið og upplýsinga um ófullnægjandi aðbúnað íslensku löggæslunnar er þessi þingsályktunartillaga flutt. Aðgerðarleysi af hálfu Alþingis og ríkisstjórnar til eflingar löggæslu stofnar öryggi borgaranna í mikla hættu og getur veikt framkvæmd laga og réttar í landinu. Við ákveðnar aðstæður gæti lýðræðislegu stjórnarfari staðið ógn af því ef löggæslan getur ekki veitt borgurunum nægilega vernd og tryggt öryggi þeirra gagnvart afbrotamönnum eða ofbeldisöflum. Að standa gegn eflingu löggæslu jafngildir því að vilja vísvitandi grafa undan lýðræðislegu réttarfari og þingræðislegum stjórnarháttum.

Að lokum skal þess getið að á vegum Lögreglufélags Reykjavíkur var árið 1988 gefin út bráðabirgðaskýrsla um stöðu og þróun löggæslumála í Reykjavík. Skýrslan var birt sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þeirri um eflingu löggæslu sem fyrr er getið og flutt var á 111. löggjafarþingi 1988. Vísast til skýrslunnar um nánari upplýsingar um ástand þessara mála.

Sþ. 205. Fyrirspurn [182. mál]

til dómsmálaráðherra um málsókn á hendur Magnúsi Thoroddsen.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

1. Hvað veldur því að mál Magnúsar Thoroddsens hefur ekki verið rannsakað að hætti opinberra mála eins og boðið er í 8. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og full tilefni virðast hafa verið til ef marka má kvartanir lögmanns Magnúsar, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl.?
2. Hvað veldur því að aðeins er höfðað mál á hendur Magnúsi Thoroddsen vegna áfengiskaupa hans sem einum af handhöfum forsetavalds vegna fjarveru forseta en ekkert gert í áfengiskaupum annarra sem virðast þó sambærileg að verulegu leyti?

Ed. 206. Frumvarp til laga [183. mál]

um breytingu á áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum.

Flm.: Jón Helgason, Guðmundur H. Garðarsson, Skúli Alexandersson, Karvel Pálmason.

1. gr.

Við 9. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 38/1989, bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Afhending eða veitingar áfengis á vegum ríkisins eða ríkisstofnana eru óheimilar hérlendis.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1990.

Greinargerð.

Með þessu frumvarpi um breytingu á áfengislögum er kveðið á um það að óheimilt verði að afhenda eða veita ókeypis áfengi *á vegum* ríkisins eða ríkisstofnana. Þrátt fyrir það bannar frumvarpið ekki áfengisneyslu í opinberum veislum eða móttökum því að menn geta keypt áfengi ef veislan eða móttakan fer fram á veitingahúsi eða í sölum þar sem leyft er að selja áfengi.

Það þarf ekki að rökstyðja þá staðreynd að aukin áfengisneysla veldur sívaxandi tjóni svo augljósar eru þær hörmulegu staðreyndir sem blasa við í þjóðfélaginu. Það á ekki hvað síst við um það mikla heilbrigðisvandamál sem af henni hlýst. Það var af þeim sökum sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin samþykkti áskorun til aðildarþjóðanna að setja sér það markmið að draga úr áfengisneyslu um 25% á næsta áratug, fram til ársins 2000. Íslendingar hafa fallist á að verða við þessari áskorun, en þrátt fyrir það hefur ekki verið mörkuð nein áfengismálastefna til þess að ná þessu markmiði. Þvert á móti hefur það síðan gerst að Alþingi samþykkti að heimila á ný sölu á sterku öli, en sú samþykkt gekk í berhögg við allar tillögur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Hvarvetna hefur reynslan orðið sú að aukin fjölbreytni í framboði áfengra drykkja hefur aukið neysluna. Sú hefur raunin líka orðið á hér með mikilli aukningu heildaráfengisneyslunnar og þeim afleiðingum sem strax komu í ljós þ.e. vaxandi ölvunarakstur og aukið álag á meðferðarstofnunum fyrir áfengissjúklinga. Þrátt fyrir mikla uppbyggingu á slíkum meðferðarstofnunum síðasta áratuginn anna þessar stofnanir ekki því hlutverki að taka á móti öllum sem þurfa þess með og auðvitað anna þær því alls ekki með þeim samdrætti sem nú er talinn óhjákvæmilegur í rekstri sjúkrastofnana. Einnig má benda á að vandinn verður að sjálfsögðu ekki leystur með meðferðarstofnunum enda þótt þær séu nauðsynlegar þegar skaðinn er orðinn.

En auk þeirra afleiðinga áfengisneyslunnar, sem öllum hafa verið kunnar, hefur nú verið sannað að áfengisneysla þungaðra kvenna, jafnvel í litlum mæli, geti haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir andlegan og líkamlegan þroska ófæddra barna. Fyrirskipað hefur verið í Bandaríkjunum að setja viðvörun á áfengisumbúðir um þessa geigvænlegu vá. Óhætt er að fullyrða að það yrði talið glæpsamlegt athæfi að byrla fólki slíkt ef um annað væri að ræða en áfengi. Því virðist það algjör fjarstæða að ríkisvaldið standi að slíku.

Áfengisneysla er ekki aðeins heilbrigðisvandamál heldur einnig félagslegt vandamál og hún brýtur niður fjölmargar fjölskyldur. Er það hvorki bundið við einstakar stéttir né starfshópa því að flestir virðast geta fallið fyrir áfenginu.

Ákvörðun Alþingis um að ríkið hætti vínveitingum væri skref í þá átt að móta áfengismálastefnu sem yrði til að minnka áfengisneyslu og draga úr því hversu mjög áfengi er otað að fólki í þjóðfélagi okkar.

Alþingismenn geta ekki lengur horft tómlátir og aðgerðarlausir á hvernig áfengisneyslan fer með líf, heilsu og hamingju mikils hluta þjóðarinnar. Það skref, sem hér er lagt til að stigið verði, kostar engin útgjöld heldur þvert á móti stuðlar að því að spara ómældar upphæðir fyrir einstaklingana og þjóðarbúið og vernda heill og hamingju einstaklinganna.

Nd. 207. Frumvarp til laga [184. mál]

um breytingu á lögum nr. 64/1985, um Byggðastofnun.

Flm.: Málmfríður Sigurðardóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Kristín Einarsdóttir, Sigríður Lillý Baldursdóttir.

1. gr.

Við II. kafla laganna bætist ný grein, er verði 13. gr., og orðist þannig:

Við Byggðastofnun starfar deild sem hefur það hlutverk að vinna að uppbyggingu atvinnu fyrir konur. Til starfsemi deildarinnar skulu renna a.m.k. 20% af árlegum framlögum ríkisins til Byggðastofnunar og skal þeim varið til reksturs deildarinnar, ráðgjafar, lána, styrkja og annarrar fyrirgreiðslu vegna atvinnustarfsemi kvenna.

Nánari ákvæði um starfsemi deildarinnar setur ráðherra með reglugerð.

2.gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

Greinargerð.

Atvinnulíf landsmanna utan höfuðborgarsvæðisins er víðast hvar einhæft. Sums staðar stendur byggðarlagið og fellur með einni atvinnugrein eða jafnvel einu fyrirtæki. Þessi fábreytni í atvinnulífinu hefur orðið enn afdrifaríkari með breyttum þjóðfélagsháttum, ekki síst með aukinni þátttöku kvenna í störfum utan heimilis. Er löngu orðið tímabært að taka mið af þeirri staðreynd.

Stjórnvöld á Norðurlöndum hafa áttað sig á því hversu nauðsynlegt það er að hlusta á hugmyndir kvenna og taka tillit til þeirra þegar rætt er um búsetuþróun. Þar eins og hér bitnar aukið atvinnuleysi og skortur á fjölbreytilegum störfum fyrst og fremst á konum á landsbyggðinni. Þær eiga oft ekki annarra kosta völ en að flytja til þéttbýlisstaða í leit að atvinnu. Hefur því víða verið lögð sérstök áhersla á uppbyggingu atvinnu með tilliti til hugmynda og aðstæðna kvenna.

Árið 1986 var atvinnuþátttaka kvenna hér á landi 90,1%. Þátttaka giftra kvenna í atvinnu utan heimilis hafði aukist úr um 20% árið 1960 í 84% árið 1986. Nú fer atvinnuleysi hins vegar vaxandi og kemur harðar niður á konum en körlum. Skráð atvinnuleysi er meira meðal kvenna en karla, en þar að auki er vitað mál að dulið eða óskráð atvinnuleysi er meira meðal kvenna en karla, einkum í dreifbýli. Vert er að benda á að 40% lögbýla í landinu bera aðeins eitt ársverk eða minna. Allt ber því að sama brunni. Það vantar ný störf fyrir konur.

Ætla mætti að einhverjir ráðamenn hafi komið auga á fyrrnefndar staðreyndir, sbr. eftirfarandi setningu í málefnasamningi núverandi ríkisstjórnar: „Sérstakt átak verður gert til að auka fjölbreytni í atvinnu kvenna á landsbyggðinni.“ Efndir á því fyrirheiti eru hins vegar engar enn.

Í 3. gr. laga um Byggðastofnun segir:

„Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.

Í samræmi við hlutverk stofnunarinnar veitir hún lán eða annan fjárhagslegan stuðning í því skyni m.a. að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að óæskileg byggðaröskun eigi sér stað eða lífvænlegar byggðir fari í eyði.“

Það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps að sköpun starfa fyrir konur í dreifbýli sé einmitt til þess fallin að „koma í veg fyrir að óæskileg byggðaröskun eigi sér stað eða lífvænlegar byggðir fari í eyði“.

Stofnun sérstakrar deildar við Byggðastofnun, sem eingöngu fjalli um málefni kvenna, er ein leiðin til að fást við þann vanda sem leiðir af núverandi fábreytni og skorti á störfum fyrir konur.

Eðlilegt er að konur hafi frumkvæði í þessum efnum, en hvatning, ráðgjöf og bætt skilyrði eru nauðsynleg. Konur skortir sjálfstraust á þessum vettvangi. Þær hafa lítið sótt í atvinnuþróunarsjóði. Eignarleysi kvenna hindrar þær í að stofna til skulda.

Fyrsta verkefni kvennadeildar Byggðastofnunar yrði að efla frumkvæði hjá konum, t.d. með fræðslufundum, hugmyndasamkeppni, almennri fræðslu, ráðgjöf og handleiðslu og námskeiðum fyrir konur sem vilja stofna fyrirtæki. Þannig má minnka það forskot sem karlar hafa í þessum efnum. Tryggja þarf skilning á sérstöðu kvenna. Þess vegna er nauðsynlegt að við deildina starfi eingöngu konur sem hafa reynslu af kvennaráðgjöf og jafnréttismálum.

Fræðsla fyrir konur þarf að miðast við reynslu þeirra og þá staðreynd að konum henta betur vinnu- og kennsluaðferðir sem byggjast á hópvinnu og óformlegum samskiptum og efla frumkvæði og áræði. Það er ekki nóg að breyta *hann* í *hún*. Á óþekktu sviði eiga konur sérstaklega erfitt með að meta hvað þær geta og hvað ekki og hverjar eru þeirra veiku og sterku hliðar.

Kvennadeild Byggðastofnunar er hreint byggðaverkefni. Þess vegna telja flutningsmenn mikilvægt að hún hafi aðsetur utan höfuðborgarsvæðisins og benda á Akureyri sem kjörinn stað í því efni. Rökin fyrir því eru þau að þar hefur á undanförnum árum verið unnið að samnorræna verkefninu „Bryt“ eða „Brjótum múrana“ sem er þróunarverkefni á sviði jafnréttismála. Þá er á Akureyri útibú frá Byggðastofnun, hið eina á landinu. Á sama stað er svo aðsetur Iðnþróunarfélags Eyjafjarðar sem unnið hefur markvisst að atvinnuþróun á Eyjafjarðarsvæðinu.

Flutningsmenn leggja því til að sett verði ákvæði í reglugerð um að kvennadeildin starfi við útibú Byggðastofnunar á Akureyri. Enn fremur verði í reglugerð ákvæði um að við deildina starfi eingöngu konur með reynslu af jafnréttisstarfi og kvennaráðgjöf sem hafi með höndum rekstur deildarinnar, meti umsóknir um aðstoð, veiti ráðgjöf og handleiðslu og annist námskeið fyrir konur. Einnig komi fram í reglugerð ákveðin stefna þar sem t.d. þær hugmyndir fái forgang sem stuðla að nýjungum í atvinnurekstri byggðarlagsins eða byggjast á hráefni eða annarri auðlind byggðarlagsins.

Átak til eflingar atvinnu fyrir konur í dreifbýli getur vissulega fallið undir almenna starfsemi Byggðastofnunar. Reynslan hefur þó sýnt að hætt er við að önnur verkefni fái sjálfkrafa forgang. Þess vegna þarf að marka kvennadeild sérstakan sess með lögum, deild sem vegna sérstöðu sinnar ætti auðveldara með að tileinka sér og tryggja ný vinnubrögð sem eru aðgengileg konum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að við Byggðastofnun starfi sérstök deild sem hafi það hlutverk að vinna að uppbyggingu atvinnu fyrir konur og að hún fái til umráða a.m.k. 20% af árlegum framlögum ríkisins til Byggðastofnunar. Nánari ákvæði um starfsemi deildarinnar verði sett með reglugerð, sbr. greinargerð.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 208. Frumvarp til laga [185. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Friðrik Sophusson, Ásgeir Hannes Eiríksson,
Ingi Björn Albertsson, Sigríður Lillý Baldursdóttir.

1. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Barn, sem er innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, telst ekki sjálfstæður skattaðili sé það á framfæri foreldra sinna (þar með taldir kjörforeldrar, stjúpforeldrar, fósturforeldrar). Þó skal heimilt að telja sérstaklega fram fyrir barn innan 16 ára aldurs, sbr. 65. gr. og 82. gr. Þær tekjur barns, sem um ræðir í 1. tölul. A-liðar 7. gr., skulu ávallt skattlagðar sérstaklega.

2. gr.

Á eftir 2. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. bætist nýr málsliður er orðast svo:

Heimilt er að telja fram arð barns sérstaklega, sbr. 3. mgr. 65. gr.

3. gr.

Við 65. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Heimilt er að telja fram tekjur barns skv. 1. og 2. mgr. sérstaklega og skattleggja þær hjá því í samræmi við ákvæði 2. mgr. 67. gr.

Tekjur barns, sem hefur misst báða foreldra sína og hefur eigi verið ættleitt samkvæmt ættleiðingarlögum, er heimilt að telja sérstaklega fram og skattleggja hjá því í samræmi við 2. mgr. 67. gr. Með tekjum barns í þessari málsgrein er átt við tekjur skv. 1. og 2. mgr. og tekjur sannanlega tengdar barninu er forráðandi kann að fá í sínu nafni.

4. gr.

2. mgr. 67. gr. laganna orðast svo:

Tekjuskattur af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 65. gr., skal vera sami og í 1. tölul. 1. mgr. af tekjum umfram 250.000 kr.

5. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 82. gr. laganna:

a. Aftan við greinina bætist nýr málsliður er orðast svo: Fari samanlagður eignarskattsstofn barna yfir 250.000 kr. hjá forráðendum er heimilt að telja fram eignir þeirra sérstaklega og skattleggja þær hjá þeim skv. 83. gr.
b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

   Allar eignir barns, sbr. 4. mgr. 65. gr., er heimilt að telja sérstaklega fram og skattleggja hjá því skv. 83. gr.

6. gr.

122. gr. laganna orðast svo:

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir sem um ræðir í 2. og 4. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr., 2. mgr. 30. gr., 41. gr., 67. gr., 68. gr., 69. gr., 78. gr., 82. gr. og 83. gr. í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1990.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 1989.

Greinargerð.

Við álagningu opinberra gjalda ársins 1989 komu greinilega í ljós þær stórauknu skattálögur er núverandi ríkisstjórn beitti sér fyrir á síðastliðnu þingi. Álögur þessar bitna oft mjög hart á þeim er síst skyldi.

Með samþykkt núgildandi skattalaga hefur löggjafinn trúlega ekki ætlað að láta þau bitna eins illilega og þau gera nú á þeim sem hafa börn á framfæri sínu innan 16 ára aldurs er erft hafa eignir eftir látið foreldri eða foreldra eða aðra vandamenn.

Eignatekjur og aðrar tekjur barna en launatekjur eru nú skattlagðar að fullu hjá foreldri eða hjá þeim er nýtur barnabóta vegna barnsins en hann getur verið því með öllu óskyldur, t.d. uppeldisforeldri.

Eignir, að frádregnum skuldum, eru skattlagðar hjá forráðanda barns og bætast við skattstofn hans og geta valdið því að hann lendi í efstu skattþrepum vegna eigna sem hann á ekki.

Í þeim breytingum, sem hér er lagt til að verði gerðar, felst lækkun skatta á forráðanda barns sem hefur misst annað foreldri sitt eða bæði. Lagt er til að heimilt sé að skattlagning færist af forráðanda yfir á barnið sjálft, enda sé það báðum aðilum til hagsbóta.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi fjallar í raun um skattskylduna, er að mestu samhljóða 6. gr. laganna, en við hana er bætt heimildarákvæði um sérsköttun barns, hvort heldur er launatekjur eða aðrar tekjur.

Um 2. gr.

Árétting um að arð barns megi telja fram sérstaklega, sbr. 65. gr.

Um 3. gr.

Hér er forráðanda heimilað að telja fram sérstaklega allar tekjur barns, launatekjur sem og aðrar tekjur. 4. mgr. greinarinnar gerir ráð fyrir að forráðandi barns, sem hefur misst báða foreldra, geti talið fram allar tekjur barns hjá því, einnig þær tekjur er hann fær í sínu nafni sem sannanlega eru tengdar barninu, t.d. frá lífeyrissjóði.

Um 4. gr.

Með þessari grein er felldur niður gildandi 4% tekjuskattur. Þess í stað eru barni veitt ákveðin skattleysismörk. Þegar þeim tekjum er náð greiðist fullur skattur eins og hjá þeim sem orðnir eru 16 ára og eldri. Með takmörkuðum skattleysismörkum er hér reynt að koma í veg fyrir að þeir sem það geta færi tekjur á börn sín.

Um 5. gr.

Hér er forráðanda barns heimilað að telja sérstaklega fram eignir barns hjá því nái þær ákveðnum viðmiðunarmörkum. Sett viðmiðunarmörk eru til að koma í veg fyrir að lágar upphæðir séu settar á sérstakt framtal barns. 2. mgr. gerir ráð fyrir því að forráðandi barns, sem hefur misst báða foreldra sína, geti talið fram allar eignir þess hjá því.

Um 6. gr.

Hér er bætt inn 67. gr. og 82. gr., þannig að upphæðir í 4. gr. og 5. gr. frumvarps þessa taki hækkunum samkvæmt skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Drög um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.
Í fylgiskjalinu eru skáletraðar þær breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem verða ef þetta frumvarp verður að lögum.

6. gr.
(Skattskylda hjóna og barna.)

Barn, sem er innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, *telst ekki* sjálfstæður skattaðili sé það á framfæri foreldra sinna (þar með taldir kjörforeldrar, sjúpforeldrar, fósturforeldrar). *Þó skal heimilt að telja sérstaklega fram fyrir barn innan 16 ára aldurs, sbr. 65. gr. og 82. gr.* Þó skulu þær tekjur barns sem um ræðir í 1. tl. A-liðar 7. gr. ávallt skattlagðar sérstaklega.

30. gr.
(Frádráttur manna frá tekjum utan atvinnurekstrar.)

Frá tekjum manna skv. II. kafla laga þessara, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, má draga:

A

1. Útgjöld að hámarki móttekin fjárhæð ökutækjastyrkja, dagpeninga eða hliðstæðra endurgreiðslna á kostnaði sem sannað er að séu ferða- og dvalarkostnaður vegna atvinnurekanda og eru í samræmi við matsreglur ríkisskattstjóra.
2. Launatekjur sem greiddar eru embættismönnum, fulltrúum og öðrum starfsmönnum sem starfa hjá alþjóðastofnunum eða ríkjasamtökum enda sé kveðið á um skattfrelsið í samningum sem Ísland er aðili að.
3. Tekjur skv. 4. tölul. A-liðar 7. gr. sem skattfrjálsar eru samkvæmt sérlögum eða ákvörðun fjármálaráðherra, sbr. ákvæði 120. gr.

B

1. Vaxtatekjur, afföll og gengishagnað skv. 8. gr. enda séu tekjur þessar ekki tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.
2. Fenginn arð, sbr. 9. gr., að hámarki 10% af nafnverði hvers einstaks hlutabréfs eða hlutar, þó að hámarki 90.000 kr. hjá einstaklingi og 180.000 kr. hjá hjónum. Til arðs í þessu sambandi teljast þó ekki fengin jöfnunarhlutabréf umfram þau mörk sem greinir í 1. mgr. 9. gr. Arður barns innan 16 ára aldurs sem er á framfæri foreldra sinna (þ.m.t. kjörforeldra, stjúpforeldra, fósturforeldra) telst með arði foreldris, sbr. 1. mgr. 65. gr., og gilda framangreindar hámarksfjárhæðir um samanlagðan arð foreldris og barns. *Heimilt er að telja fram arð barns sérstaklega, sbr. 3. mgr. 65. gr.*
3. Fé það sem fært hefur verið félagsmanni í félagi skv. 2. tl. 1. mgr. 2. gr. til séreignar í stofnsjóði hans á árinu, að hámarki 7% af viðskiptum hans utan atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi.
4. Fé það sem varið er til aukningar á fjárfestingu í atvinnurekstri á árinu samkvæmt lögum um frádrátt frá tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en 72.000 kr. hjá einstaklingi og 144.000 kr. hjá hjónum.

Hafi maður beinan kostnað við öflun annarra tekna en tekna skv. 1. tl. A-liðar 1. mgr. 7. gr., án þess að hún verði talin falla undir atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skulu ákvæði 1. mgr. 1. tl. 31. gr. samt sem áður gilda um slíkan kostnað eftir því sem við á, þó ekki ákvæðin um vexti af skuldum, afföll, gengistöp og fyrningu eigna. Kostnaður þessi leyfist eingöngu til frádráttar sams konar tekjum og hann gekk til öflunar á, og má frádráttur hvers árs aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur þeim tekjum sem hann leyfist til frádráttar. Útleiga manns á íbúðarhúsnæði telst ekki til atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi í þessu sambandi nema því aðeins að heildarfyrningargrunnur slíks húsnæðis í eigu hans í árslok nemi 15.400.000 kr. eða meira ef um einstakling er að ræða, en 30.800.000 kr. er hjón, sbr. 63. gr. eiga í hlut.

65. gr.

(Tekjuskattstofn hjóna og barna.)

Tekjur barns, sem er innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sbr. 6. gr., skulu teljast með tekjum þess foreldris sem hærri hefur hreinar tekjur skv. 1. tl. 1. mgr. 63. gr. ef foreldrar þess eru skattlagðir sem hjón en ella með tekjum þess foreldris eða manna sem nýtur barnabóta vegna barnsins, sbr. 69. gr. A.

Þær tekjur barns, sem um ræðir í 1. tölul. A-liðar 7. gr. að frádregnum frádrætti skv. 1. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr., skulu þó skattlagðar sérstaklega hjá því í samræmi við ákvæði 2. mgr. 67. gr.

Heimilt er að telja fram tekjur barns skv. 1. og 2. mgr. sérstaklega og skattleggja þær hjá því í samræmi við ákvæði 2. mgr. 67. gr.

Tekjur barns, sem hefur misst báða foreldra sína og hefur eigi verið ættleitt, samkvæmt ættleiðingarlögum, er heimilt að telja sérstaklega fram og skattleggja hjá því í samræmi við 2. mgr. 67. gr. Með tekjum barns í þessari málsgrein er átt við tekjur skv. 1. og 2. mgr. og tekjur sannanlega tengdar barninu er forráðandi kann að fá í sínu nafni.

67. gr.

(Skattstigi manna.)

Tekjuskattur þeirra manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga þessara og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tölul. 62. gr. sem hér segir:

1. Af tekjuskattsstofni reiknast 28,5%.
2. Frá reiknaðri fjárhæð skv. 1. tölul. dregst persónuafsláttur skv. A-liðar 68. gr.
3. Frá reiknaðri fjárhæð skv. 1. tölul. dregst auk persónuafsláttar skv. 2. tölul. Sjómannaafsláttur skv. B-lið 68. gr.

Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

Tekjuskattur af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 65. gr., skal vera sami og í 1. tölul. 1. mgr. af tekjum umfram 250.000 kr.

82. gr.

Eignir barns, sem er innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sbr. 6. gr., teljast með eignum foreldra eða hjá þeim manni sem nýtur barnabóta vegna barnsins, sbr. 69. gr. A. Gilda ákvæði 78. gr. einnig um þar greindar eignir barns. *Fari samanlagður eignarskattsstofn barna yfir 250.000 kr. hjá forráðendum er heimilt að telja fram eignir þeirra sérstaklega og skattleggja þær hjá þeim skv. 83. gr.*

Allar eignir barns, sbr. 4. mgr. 65. gr., er heimilt að telja sérstaklega fram og skattleggja hjá því skv. 83. gr.

122. gr.

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir sem um ræðir í 2. og 4. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr., 2. mgr. 30. gr., 41. gr., 67. gr., 68. gr., 69. gr., 78. gr., 82. gr. og 83. gr. í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1990.

Nd. 209. Frumvarp til laga [186. mál]

um breytingu á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Flm.: Friðrik Sophusson, Ásgeir Hannes Eiríksson,
Ingi Björn Albertsson, Sigríður Lillý Baldursdóttir.

1. gr.

2. mgr. 25. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 38/1987, orðast svo:

Útsvar af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 65. gr. laga nr. 75/1981, skal eigi vera hærra en 7,5%, sbr. 1. mgr., af útsvarsstofni af tekjum umfram 250.000 kr., hækkuðum í samræmi við skattvísitölu skv. 122. gr. laga nr. 75/1981.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu útsvars árið 1989.

Greinargerð.

Frumvarp þetta á samleið með frumvarpi á þskj. 208 um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Um rökstuðning vísast til greinargerðar þess frumvarps.

Fylgiskjal.

Drög að breytingum á lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Í fylgiskjalinu eru skáletraðar þær breytingar á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, sem verða ef þetta frumvarp verður að lögum.

25. gr.

Útsvar skal vera ákveðinn hundraðshluti af tekjum hvers almanaksárs, en má þó eigi vera hærra en 7,5% af útsvarsstofni og skal sami hundraðshluti lagður á tekjur allra manna í hverju sveitarfélagi.

Útsvar af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 65. gr. laga nr. 75/1981, skal eigi vera hærra en 7,5%, sbr. 1. mgr., af útsvarsstofni af tekjum umfram 250.000 kr., hækkuðum í samræmi við skattvísitölu skv. 122. gr. laga nr. 75/1981.

Nd. 210. Nefndarálit [53. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru í meðförum efri deildar. Auk þess leggur nefndin til að samþykktar verði breytingartillögur sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Friðjón Þórðarson og Sighvatur Björgvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. nóv. 1989.

Jón Kristjánsson, form., frsm. | Ólafur G. Einarsson, fundaskr. | Guðni Ágústsson.

Ingi Björn Albertsson. | Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Nd. 211. Breytingartillögur [53. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr.

a. Á eftir 21. tölul. bætist nýr töluliður svohljóðandi:
Jansen, Grete, bókari í Reykjavík, f. 9. janúar 1945 í Reykjavík.

b. Á eftir 24. tölul. bætist nýr töluliður svohljóðandi:
Millington, Hope Henry, dagskrárklippari í Reykjavík, f. 15. febrúar 1957 í Bandaríkjunum.

c. Á eftir 27. tölul. bætist nýr töluliður svohljóðandi:
Sigtryggur Levi Kristófersson, nemi í Bandaríkjunum, f. 16. september 1962 í Reykjavík.

d. Á eftir 32. tölul. bætast tveir nýir töluliðir svohljóðandi:
Wessman, Flemming Gauti, nemi í Noregi, f. 11. febrúar 1972 í Reykjavík.
Wessman, Ægir Ib Elof, flugmaður í Sameinuðu furstadæmunum, f. 12. september 1963 í Reykjavík.

Sþ. 212. Fyrirspurn [187. mál]

til menntamálaráðherra um ályktun Alþingis um íþróttir, æskulýðs- og tómstundastarfsemi.

Frá Jóhanni Einvarðssyni.

Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis frá 11. maí 1988 um íþróttir, æskulýðs- og tómstundastarfsemi?

Sþ. 213. Fyrirspurn [188. mál]

til landbúnaðarráðherra um netaveiði göngusilungs í sjó.

Frá Jóni Sæmundi Sigurjónssyni.

1. Var ætlunin með setningu reglna um netaveiði göngusilungs í sjó hinn 2. ágúst sl., að koma í veg fyrir slíkan veiðiskap?
2. Má búast við að nýjar reglur verði settar og þá í samráði við eigendur og ábúendur sjávarjarða?

Sþ. 214. Fyrirspurn [189. mál]

til landbúnaðarráðherra um niðurskurð á riðufé.

Frá Jóni Sæmundi Sigurjónssyni.

1. Er lagaheimild til niðurskurðar á fjárbústofni bónda ótvíræð þegar einstaka bæir á sama stað sleppa við niðurskurð?
2. Nú er Sauðanes við Siglufjörð afskekktur bær, sem blandar vart bústofni við aðra bæi, þótt Fljótin séu næsta sveit. Er ástæða til að skera bústofn á slíkum bæ þegar riða hefur ekki fundist þar í meira en hálfan áratug?

Sþ. 215. Fyrirspurn [190. mál]

til fjármálaráðherra um uppgjör á skuldum ríkissjóðs við sveitarfélög.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur.

Hvers vegna er í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1990 ekki gert ráð fyrir fjármagni til uppgjörs á skuldum ríkissjóðs við sveitarfélögin eins og lög nr. 87/1989 kveða á um?

Ed. 216. Frumvarp til laga [191. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

Flm.: Salome Þorkelsdóttir.

1. gr.

Við 1. tölul. 6. mgr. 6. gr. laganna (verkefni sveitarfélaga) bætist nýr liður svohljóðandi: varnir gegn slysum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1990.

Greinargerð.

Slys og afleiðingar þeirra eru orðin eitt stærsta heilbrigðisvandamál Íslendinga. Árlega verður fjöldi fólks fyrir miklum andlegum og líkamlegum þjáningum af völdum slysa; auk þess er kostnaður þjóðfélagsins mikill vegna þeirra. Með markvissu forvarnastarfi er unnt að koma í veg fyrir slys og þar með fækka þeim.

Flutningsmaður þessa frumvarps telur að til þess að ná árangri sé nauðsynlegt að höfða til hvers einstaklings í því umhverfi sem hann lifir og hrærist í.

Sveitarfélögin eru þær stjórnsýslueiningar sem best þekkja þarfir þegnanna á hverjum stað. Því er lagt til með þessu frumvarpi að lögfesta það sem eitt af verkefnum sveitarfélaganna, sbr. 6. gr. sveitarstjórnarlaga, að vinna að slysavörnum.

Að sjálfsögðu er það á valdi hverrar sveitarstjórnar hvort og hvernig unnið verður að slysavörnum, enda aðstæður mismunandi, t.d. í þéttbýli og dreifbýli, svo að dæmi séu tekin. En telja verður meiri líkur á skipulegu forvarnastarfi ef sveitarstjórn hefur yfirstjórn á slíkum málum heima í héraði t.d. með því að sameina krafta þeirra sem að þessum málum vinna beint eða óbeint. Má í því sambandi nefna fulltrúa heilsugæslustöðva, lögreglu (umferðarslys), skipulagsyfirvalda, skóla, foreldra, íþróttasamtaka, félagasamtaka og klúbba sem hafa slysavarnir á stefnuskrá sinni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

6. gr. laganna fjallar um sameiginleg velferðarmál íbúanna sem þau skulu vinna að eftir því sem fært þykir á hverjum tíma. Í upptalningu meðal verkefna sveitarfélaga, 1. lið, er bætt *varnir gegn slysum*.

Sþ. 217. Tillaga til þingsályktunar [192. mál]

um heimild til handa forsetum Alþingis að ganga til samninga um kaup á Hótel Borg.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Jón Helgason, Árni Gunnarsson.

Alþingi ályktar að heimila forsetum Alþingis að ganga til samninga um kaup á Hótel Borg eða öðru húsnæði í næsta nágrenni við Alþingishúsið, ef hagkvæmara þykir, og láta gera nauðsynlegar lagfæringu á húseigninni ef af kaupunum verður.

Við ákvörðun um kaup og umfang endurbóta á húsnæði skal hafa samráð við fjárveitinganefnd.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en hlaut þá ekki fullnaðarafgreiðslu. Henni var eftir fyrri umræðu vísað til fjárveitinganefndar. Tillagan var afgreidd í nefndinni 6. maí sl. og mælti meiri hl. hennar með samþykkt tillögunnar með breyttu orðalagi. Tillagan er nú endurflutt með þeim breytingum sem meiri hl. fjárveitinganefndar lagði til, sbr. brtt. á þskj. 1080 og nál. á þskj. 1079 á síðasta þingi.

Eftir viðræður forseta Alþingis við borgarstjóra nýlega er ljóst að borgaryfirvöld hafa hvorki í hyggju að kaupa Hótel Borg né stuðla fjárhagslega að rekstri þess sem hótels.

Flutningsmenn telja eðlilegt að tillaga þessi hljóti afgreiðslu nú á haustþingi áður en fjárlög næsta árs verða samþykkt.

Sþ. 218. Fyrirspurn [193. mál]

til iðnaðarráðherra um álver við Eyjafjörð.

Frá Halldóri Blöndal.

Hefur verið unnið að því að nýtt álver rísi við Eyjafjörð?

Ed. 219. Frumvarp til laga [194. mál]

um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán sem loðdýrabændur taka í stað lausaskulda sem myndast hafa vegna loðdýrabúskapar þeirra á árunum 1986–1989, samtals allt að 280 m.kr.

Lánin skulu veitt til fimmtán ára, verðtryggð með lánskjaravísitölu og 5% vöxtum. Endurgreiðslutími lánanna skal vera tólf ár.

Sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs skal því aðeins veitt að með henni reynist unnt að koma rekstri viðkomandi bús í viðunandi horf eða forsendur séu fyrir hendi fyrir lántakanda að greiða af skuldum sínum með öðrum hætti. Hún má ná til allt að 60% af þeim lausaskuldum hvers bónda sem uppfylla skilyrði 1. mgr., enda breyti viðkomandi lánardrottnar því sem eftir stendur í lán til a.m.k. átta ára gegn þeim tryggingum sem þeir meta gildar.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins skal hafa á hendi umsjón með framangreindum skuldbreytingum.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um lánsupphæðir til hvers loðdýrabónda, svo og önnur þau skilyrði fyrir lánveitingum er þurfa þykir, svo sem veðskilmála.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði um tryggingar fyrir lánum o.fl. í lögum nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, er Stofnlánadeild heimilt að fella niður allt að 40% höfuðstóls veðskulda fóðurstöðva og einstakra loðdýrabænda, enda skapi það samhliða öðrum ráðstöfunum viðkomandi aðila viðunandi rekstrarstöðu og hagsmunum Stofnlánadeildar landbúnaðarins verði talið betur borgið með þeim hætti.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið með hliðsjón af skýrslu vinnuhóps sem landbúnaðarráðherra skipaði 6. sept. 1989 samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar 1. ágúst 1989 til þess að gera úttekt á stöðu loðdýraræktarinnar og þeim rekstrarvanda sem búgreinin hefur búið við um nokkurt skeið. Einnig er lögð til grundvallar samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 28. nóv. 1989 sem kveður á um greiðslu jöfnunargjalds á fóður, þátttöku Framleiðnisjóðs í fjárhagslegri endurskipulagningu og skuldbreytingum og möguleika Jarðeigna ríkisins og Jarðasjóðs til aðstoðar við endurskipulagningu loðdýraræktar (sjá fylgiskjal). Frumvarp þetta miðar því að aðgerðum í þágu loðdýrarræktarinnar sem auðvelda eiga einstökum loðdýrabændum að taka ákvörðun um framtíð búrekstrar síns.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir heimild fyrir ríkissjóð til þess að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð allt að 60% af lánum sem bankar og aðrar lánastofnanir veita loðdýrabændum í stað lausaskulda sem þeir hafa stofnað til á árunum 1986–1989. Skilyrði fyrir slíkri sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs eru:

1. Að skuldirnar séu sannanlega til komnar vegna loðdýrabúskapar viðkomandi bónda.

2. Að með skuldbreytingunni sé rekstri viðkomandi bús komið í viðunandi horf eða forsendur séu til þess af öðrum ástæðum fyrir viðkomandi lántakanda að greiða upp lánin.
3. Að samhliða ábyrgð ríkissjóðs á allt að 60% af ábyrgðarhæfum skuldum láni viðkomandi lánastofnanir afganginn gegn þeim tryggingum sem þær meta gildar.
   Hámark ábyrgðar ríkissjóðs er ákveðið 280 m.kr.

Lánstími skal vera fimmtán ár á ríkistryggða hlutanum en átta ár á hinum. Jafnframt er gert ráð fyrir að slík lán verði afborganalaus fyrstu þrjú árin. Þessi leið er valin með hliðsjón af áætlaðri greiðslugetu loðdýrabúa á komandi árum.

Gert er ráð fyrir að Framleiðnisjóður landbúnaðarins hafi á hendi umsjón með skuldbreytingunum að öðru leyti en því að Ríkisábyrgðasjóður áriti skuldabréf fyrir hönd ríkissjóðs.

Þá er í 5. mgr. gert ráð fyrir að ráðherra setji með reglugerð nánari ákvæði um viðmiðunarupphæðir lána og skilyrði fyrir lánveitingu, svo sem veðskilmála.

Um 2. gr.

Nauðsynlegt þykir í þessu sérstaka tilfelli að skapa Stofnlánadeild landbúnaðarins svigrúm til þess að fella niður hluta veðskulda fóðurstöðva og einstakra loðdýrabænda m.a. til þess að taka þátt í nauðasamningum án undangenginna uppboða á sama hátt og aðrir lánardrottnar. Miðar greinin að því að veita stjórn Stofnlánadeildar ótvíræðar heimildir að þessu leyti svo að deildin geti tekið þátt í endurskipulagningu búrekstrar og rekstrar fóðurstöðva þegar hagsmunum Stofnlánadeildar getur talist betur borgið með þeim hætti.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Á fundi 28. nóv. 1989 ákvað ríkisstjórn Íslands:

1. Að fela Byggðastofnun að greiða jöfnunargjald á loðdýrafóður á árinu 1990 og fái hún til þess fyrst um sinn 25 m.kr. framlag. Haldi það mörg loðdýrabú áfram rekstri að útgjöld verði meiri en 25 m.kr. skal tekið á því sérstaklega og Byggðastofnun útvegað viðbótarfjármagn. Loðdýrabændur verða að sækja um að fá greitt jöfnunargjald og skal Byggðastofnun í samráði við landbúnaðarráðuneytið leggja mat á umsóknir og ákveða hverjir fái slíkar greiðslur. Verði við það mat tekið mið af aðstæðum á hverju fóðurstöðvarsvæði auk rekstrarmöguleika viðkomandi bús.
2. Að leggja til að Framleiðnisjóður taki þátt í fjárhagslegri endurskipulagningu og skuldbreytingum hjá þeim sem stundað hafa loðdýrarækt og verji til þess því sem óráðstafað er af þeim 60 m.kr. sem ákveðnar voru til þeirra hluta í febrúar sl. og allt að 20 m.kr. til viðbótar, ef þörf krefur.
3. Jarðeignum ríkisins verði gert kleift að aðstoða loðdýrabændur með yfirtöku eigna ábúenda á ríkisjörðum þar sem slíkt getur komið í veg fyrir að búseta leggist af á viðkomandi jörðum.
   Einnig verði Jarðasjóði gert mögulegt að kaupa jarðir í sambærilegum tilvikum.
   Áætluð útgjöld af þessum sökum vegna yfirtöku lána verði metin sérstaklega og tekið tillit til þeirra við afgreiðslu fjárlaga.
4. Að heimila landbúnaðarráðherra að leggja fram meðfylgjandi frumvarp til laga um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar.

Sþ. 220. Tillaga til þingsályktunar [195. mál]

um könnun á kostnaði við kaup og rekstur dvergkafbáts.

Flm.: Hreggviður Jónsson, Ingi Björn Albertsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna kostnað við kaup og rekstur dvergkafbáts.

Greinargerð.

Sumarið 1988 var fenginn hingað til lands dvergkafbátur til rannsókna við Kolbeinsey. Árangur þessa leiðangurs bendir til að vísindalegur og fjárhagslegur ávinningur yrði af rekstri dvergkafbáts. Það hefur víða færst í vöxt að slíkir bátar séu notaðir til rannsókna neðan sjávar og með góðum árangri. Þjóð, sem byggir afkomu sína að stórum hluta á öflun sjávarfangs, hlýtur að leggja vaxandi áherslu á rannsóknir til að auka sem mest afrakstur þess á komandi árum. Sú bylting, sem rannsóknir með dvergkafbát hefðu í för með sér, er augljós, en nú þegar hafa verið gerðar merkar rannsóknir neðan sjávar á hafsvæðum víða um heim sem ekki hefði verið unnt að framkvæma með öðrum hætti. Það má ekki gleyma hversu mikilvægt er að fylgjast með mengun og huga að mengunarhættu neðan sjávar en aðeins með varðveislu lífríkis sjávar er hægt að tryggja eðlilegan viðgang náttúrunnar í hafinu umhverfis landið. Einnig er ljóst að ný og óþekkt fyrirbæri í hafinu geta leitt til framfara og nýsköpunar í atvinnulífi þjóðarinnar. Og enn á ný má minna á leiðangurinn til Kolbeinseyjar þar sem áður óþekktar lífverur fundust sem ef til vill geta orðið grundvöllur nýs iðnaðar hér á landi.

Sþ. 221. Tillaga til þingsályktunar [196. mál]

um stofnlánasjóð smáfyrirtækja.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að undirbúa frumvarp til laga um lánasjóð fyrir fólk sem vill ráðast í atvinnurekstur. Hverjum þeim sem uppfyllir almenn skilyrði um atvinnurekstur hér á landi standi þannig til boða einu sinni á fimmtán ára fresti að fá stofnlán í nýjan rekstur gegn tryggu veði. Frumvarpið verði lagt fram við þingbyrjun haustið 1990.

Greinargerð.

Einn stærsti vandinn í rekstri smáfyrirtækja er hversu lítið eigið fé eigendur leggja yfirleitt fram við stofnun þeirra. Möguleikar á lánum til lengri tíma eru fáir í almennum rekstri sem ekki fellur undir stofnlán í helstu atvinnugreinunum. Þannig treysta stofnendur oft á stutt bankalán og önnur skammtímalán sem reynast oft dýrari en reksturinn getur staðið undir.

Þess vegna er hér lagt til að stofnaður verði lánasjóður fyrir fólk sem vill ráðast í sjálfstæðan atvinnurekstur með því að stofna smærri fyrirtæki. Sjóðurinn standi opinn öllum Íslendingum sem uppfylla almenn skilyrði til að stunda atvinnurekstur í landinu. Hver Íslendingur á rétt á að fá lánað úr sjóðnum einu sinni á hverjum fimmtán árum eftir að hann nær 21 árs aldri. Við endurlán sé umsækjandi skuldlaus við sjóðinn.

Lánsfjárhæð verði sú sama fyrir alla á hverjum tíma og ekki undir tveimur milljónum króna á núvirði til fimmtán ára. Skilyrði yrði að lánin rynnu óskipt í beinan atvinnurekstur og umsækjendur tryggi þau með veði í fasteign sem stjórn sjóðsins tekur gilda. Hjón gætu því fengið fjórar milljónir króna lánaðar í stofnfé og fimm félagar fengið tíu milljóna króna

höfuðstól til að leggja í félag. Þannig mundi smárekstur styrkjast mjög í landinu og öryggi aukast að sama skapi.

Eðlilegast væri að sjóðurinn yrði í vörslu banka, en ekki í sérstakri stofnun með tilheyrandi yfirbyggingu. Leita þarf að ódýru fjármagni til þess að setja í sjóðinn bæði hér á landi og erlendis. Verði Íslendingum heimilt að taka peninga að láni beint frá öðrum löndum breytist hlutverk sjóðsstjórnar þannig að hún mundi hafa meðalgöngu um slík lán.

Fordæmi fyrir svona sjóði er helst að finna í nokkrum atvinnugreinum og hjá lífeyrissjóðum stéttarfélaga, enn fremur hjá húsnæðisstjórn og Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Ed. 222. Frumvarp til laga [197. mál]

um Úreldingarsjóð fiskiskipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

1. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist Úreldingarsjóður fiskiskipa. Hlutverk Úreldingarsjóðs er að stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð með því að laga stærð og afkastagetu fiskiskipastólsins að afrakstursgetu nytjastofna sjávar. Í þessu skyni skal sjóðurinn kaupa fiskiskip sem kunna að vera til sölu á hverjum tíma og selja þau úr landi eða eyða þeim. Þá er sjóðnum heimilt að veita styrki til úreldingar skipa, enda sé tryggt að í stað hinna úreltu skipa komi ekki ný skip í fiskiskipaflotann eða að afkastageta flotans aukist með öðrum hætti.

2. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar fimm menn í stjórn Úreldingarsjóðs til fjögurra ára í senn. Skal einn skipaður eftir tilnefningu Landssambands íslenskra útvegsmanna, einn eftir sameiginlegri tilnefningu Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, einn eftir tilnefningu Fiskveiðasjóðs Íslands, einn eftir tilnefningu Byggðastofnunar, en einn án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður sjóðsstjórnar.

Nýti einhver tilnefningaraðila ekki rétt sinn til tilnefningar stjórnarmanns eða náist ekki samkomulag um sameiginlega tilnefningu skipar ráðherra stjórnarmann í hans stað. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og getur í 1. mgr.

3. gr.

Stofnfé Úreldingarsjóðs skal vera:

1. Þær eftirstöðvar eigna hins eldra Úreldingarsjóðs sem varðveittar eru í skuldabréfum skv. d-lið 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.
2. Eignir Aldurslagasjóðs fiskiskipa, sbr. II. kafla laga nr. 37/1978, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.
3. Söluandvirði eigna eða stofnana ríkisins sem lagt kann að verða til sjóðsins með sérstökum lögum.

4. gr.

Eigendur fiskiskipa 10 brl. og stærri skulu árlega greiða gjald til Úreldingarsjóðs. Skal gjaldið nema 1.200 kr. af hverri brúttórúmlest en þó skal gjaldið aldrei vera hærra en 370.000 kr. fyrir hvert skip. Gjalddagi úreldingarsjóðsgjalds er 1. jan. ár hvert og greiðist gjaldið án tillits til þess hvort skipi er haldið til veiða eða ekki. Liggi brúttórúmlestamæling skips ekki fyrir skal miða gjaldið við brúttótonn.

Gjald skv. 1. mgr. skal innheimt gegnum greiðslumiðlunarkerfi sjávarútvegsins og skal hluti þess fjár sem greiðist inn á vátryggingarreikning skips skv. 2. tölul. 7. gr. laga nr. 24/1986 ganga til greiðslu gjaldsins. Skal Landssamband íslenskra útvegsmanna mánaðarlega skila þessum hluta til Úreldingarsjóðs uns fullnaðarskil vegna viðkomandi almanaksárs hafa verið gerð.

Sé gjald ekki greitt fyrir lok álagningarárs skal greiða í Úreldingarsjóð dráttarvexti af því sem gjaldfallið er samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, sbr. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, með síðari breytingum. Lögveð er í skipum fyrir úreldingarsjóðsgjaldi.

Úreldingarsjóðsgjald skv. 1. mgr. er grunngjald. Ráðherra er heimilt að hækka gjald þetta allt að því að það hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 42/1987. Grunntaxti gjaldsins er miðaður við byggingarvísitölu í október 1989, þ.e. 153,7 stig.

5. gr.

Stjórn Úreldingarsjóðs er heimilt árlega að taka lán vegna skipakaupa að fjárhæð allt að 80% af áætluðu samanlögðu kaupverði skipa á árinu eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu lána þessara.

Noti stjórn Úreldingarsjóðs heimild 1. mgr. að fullu, eða hluta, til yfirtöku áhvílandi lána á fiskiskipi við kaup ber ríkissjóður sjálfsskuldarábyrgð á endurgreiðslu eftirstöðva þeirra eftir að veði hefur verið fargað eða það selt úr landi. Fiskveiðasjóði Íslands er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 11. gr. laga nr. 44/1976, að tryggja lán með ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt þessari málsgrein í stað 1. veðréttar í skipi.

6. gr.

Við kaup á skipum til úreldingar skal stjórn sjóðsins miða við að fiskiskipastóllinn þróist þannig að fiskstofnarnir séu nýttir með sem hagkvæmustum hætti, m.a. með tilliti til aldursdreifingar afla og aflameðferðar um borð.

Aflaheimildir þeirra skipa, sem sjóðurinn kaupir, falla ekki niður þótt þeim skipum, sem þær höfðu, sé fargað. Flytjast þær til sjóðsins er ráðstafar þeim samkvæmt ákvæðum laga þessara að teknu tilliti til ákvæða laga um stjórn fiskveiða á hverjum tíma, sbr. nú lög nr. 3/1988. Kaupi Úreldingarsjóður skip sem stundar botnfiskveiðar með sóknarmarki er ráðherra heimilt á kaupári að breyta veiðiheimildum þess yfir í aflamark það er viðkomandi skip átti kost á í ársbyrjun.

Aldrei skal Úreldingarsjóður þó fá ráðstöfunarrétt umfram 3% af heildaraflaheimildum af botnfiski eða 3% af heildaraflaheimildum af einstökum tegundum sérveiða. Hafi hlutdeild sjóðsins náð framangreindu hámarki skulu aflaheimildir þeirra skipa, sem úrelt eru, bætast hlutfallslega við aflaheimildir þeirra fiskiskipa sem viðkomandi veiðar stunda frá upphafi næsta árs eða næstu vertíðar. Hafi botnfiskheimildir sjóðsins náð fyrrgreindu hámarki skulu botnfiskveiðiheimildir úreltra báta þó eingöngu dreifast hlutfallslega á bátaflotann og heimildir úreltra togara með sama hætti eingöngu á togaraflotann. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að lækka hámark þeirra aflaheimilda sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar samkvæmt þessari málsgrein.

Styrkir vegna úreldingar skipa, sbr. lokamálslið 1. gr., mega aldrei nema meira en 1/10 hluta húftryggingarverðs skips. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um úreldingarstyrki samkvæmt þessari málsgrein.

7. gr.

Úreldingarsjóður skal við upphaf hvers almanaksárs eða veiðitímabils gefa þeim skipum, er tilteknar veiðar stunda, kost á að fá framseldar til sín gegn endurgjaldi heimildir til þeirra

veiða sem sjóðurinn hefur forræði á, í hlutfalli við veiðiheimildir hvers skips. Skal endurgjaldið miðað við almennt gangverð á sams konar aflaheimildum að mati sjóðsstjórnar. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið lágmark þeirra aflaheimilda sem forkaupsréttur samkvæmt þessari málsgrein nær til.

Þær veiðiheimildir, sem forkaupsréttur er ekki nýttur á skv. 1. mgr., skal sjóðsstjórn framselja hæstbjóðanda samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur í reglugerð. Sama gildir um framsal aflaheimilda á því almanaksári eða veiðitímabili sem fiskiskip er keypt.

Stjórn sjóðsins getur við kaup á fiskiskipi samið svo um að seljandi njóti forkaupsréttar á aflaheimildum í tiltekinn tíma eftir kaupin gegn endurgjaldi er miðist við almennt gangverð á sams konar aflaheimildum að mati sjóðsstjórnar. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki meðan svo er ástatt.

8. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands annast reikningshald og rekstur Úreldingarsjóðs eftir nánara samkomulagi við sjóðsstjórn.

Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga Úreldingarsjóðs.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Úreldingarsjóðs og greiðir þær ef eignir og tekjur sjóðsins hrökkva ekki til.

9. gr.

Úreldingarsjóður fiskiskipa skal undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum hverju nafni sem nefnast. Öll skjöl viðvíkjandi lánum, sem sjóðurinn veitir eða tekur, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

10. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um Úreldingarsjóð fiskiskipa með reglugerð.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi II. kafli laga nr. 37 11. maí 1978, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Gjald skv. 4 gr. skal lagt á í fyrsta skipti fyrir árið 1990.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er efnislega samhljóða frumvarpi til laga um Úreldingarsjóð fiskiskipa sem flutt var á síðasta þingi en var ekki útrætt.

Misræmi milli afrakstursgetu fiskstofnanna og afkastagetu fiskiskipaflotans hefur verið meginvandamál sjávarútvegs á Íslandi undanfarin ár. Þetta misræmi hefur dregið úr hagkvæmni veiðanna og m.a. valdið því að nauðsynlegt hefur reynst að setja víðtækar reglur um stjórn fiskveiða og takmarkanir á veiðiheimildir einstakra skipa.

Þetta leiddi til þess að algjört bann var á sínum tíma lagt við innflutningi á fiskiskipum. Með lögum nr. 97/1985, um stjórn fiskveiða 1986–1987, og með reglugerð nr. 98/1986 um breytingu á reglugerð fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka var mörkuð stefna varðandi endurnýjun fiskiskipaflotans. Í lögunum var kveðið á um að ný og nýkeypt skip kæmu því aðeins til greina við veitingu veiðileyfa að þau kæmu í stað sambærilegra skipa er hyrfu úr rekstri. Í reglugerðinni var sett sú meginregla að lán hvort sem var vegna nýsmíði, innflutnings eða endurbóta á fiskiskipum yrðu við það miðuð að afkastageta fiskiskipaflotans færi ekki vaxandi. Þrátt fyrir þessi ákvæði hafa breyttir útgerðarhættir og tækniframfarir við hönnun og smíði skipa leitt til þess að þau skip, sem lánað hefur verið til vegna nýsmíði eða endurbóta, hafa í mörgum tilfellum aukið afkastagetu fiskiskipaflotans.

Með því að úthluta framseljanlegum veiðiheimildum í stað þess að takmarka sóknina með almennum reglum hefur tekist að auka hagkvæmni við veiðarnar. Sá árangur, sem náðst hefur á þessu sviði, er mikill en gæti þó verið mun meiri. Þessu veldur fyrst og fremst hve lagaákvæði um stjórn fiskveiða hafa verið sett til skamms tíma í einu. Á árunum 1984 og 1985 giltu um þetta efni ákvæði til eins árs í senn. Í árslok 1985 voru sett lagaákvæði um stjórn fiskveiða til tveggja ára og í ársbyrjun 1988 öðluðust gildi lög um stjórn fiskveiða næstu þrjú árin. Vegna óvissu um framtíðina hafa útvegsmenn ekki getað skipulagt reksturinn og nýtt sér kosti kvótakerfisins sem skyldi. Þar á meðal hefur kveðið sáralítið að viðleitni til að sameina aflaheimildir skipa þannig að takmarkaður afli sé sóttur með minni tilkostnaði. Þvert á móti hafa menn keppst um að endurnýja allar fleytur með eins stórum og afkastamiklum skipum og reglur framast leyfa. Það var fyrst á árinu 1988 þegar menn sáu fyrir hvaða reglur mundu gilda næstu þrjú árin að kveður að sameiningu veiðiheimilda skipa til að nýta betur sóknargetu þeirra. Það er hins vegar fullljóst að hvati til slíkrar sameiningar veiðiheimilda og fækkunar fiskiskipa í flotanum þverr því skemmri tími sem eftir lifir af gildistíma laganna um stjórn fiskveiða. Sjávarútvegsráðuneytið hefur jafnan hvatt til að lög um stjórn fiskveiða hefðu sem lengstan gildistíma, en þær tillögur hafa jafnan mætt harðri andstöðu á Alþingi og hjá sumum hagsmunaaðilum í sjávarútvegi.

Umframafkastagetu fiskiskipaflotans hefur á undanförnum árum verið beint að áður vannýttum tegundum og vegur þar þyngst aukin veiði á úthafsrækju og grálúðu. Er nú svo komið að fiskifræðingar óttast að of nærri þeim sé gengið og verulega hefur því þurft að takmarka sóknina í báða þessa stofna. Sú staðreynd, að flotinn er of stór, verður enn augljósari þegar verulegur niðurskurður þessara nýju veiðiheimilda verður samfara lækkun á heildarkvóta af þorski og karfa. Athuganir sérfræðinga hafa bent til að hægt væri að ná sama aflamagni með 70–80% af þeim fiskiskipaflota sem til er í landinu. Sóknardagar þeirra togara, sem sóknarmark velja, eru einungis 245 á árinu 1989. Þeir þurfa með öðrum orðum að liggja bundnir við bryggju í 120 daga á árinu. Það getur engum dulist að betri nýting á fjárfestingu í fiskiskipum er nauðsynleg og því ber að stefna að því að endurnýja ekki gömul og úrelt fiskiskip, en nota aflaheimildir þeirra þess í stað til að bæta rekstrargrundvöll flotans. Mikilvægt er að við sameiningu veiðiheimilda verði þess gætt að tekið sé tillit til hagkvæmustu samsetningar fiskiskipaflotans þegar til lengri tíma er litið. Á það bæði við hvað varðar hagkvæmustu nýtingu fiskstofna og rekstrarhagkvæmni í útgerð.

Í ársbyrjun 1985 skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd til að endurskoða sjóði sjávarútvegsins. Nefnd þessi vann mikið starf og skilaði fyrri hluta álits síns í aprílmánuði 1986. Lagði nefndin til að hið flókna sjóðakerfi sjávarútvegsins skyldi afnumið, en þess í stað tekið upp einfalt greiðslumiðlunarkerfi. Lagði nefndin m.a. til að Úreldingarsjóður fiskiskipa skyldi lagður niður. Nefndin ráðgerði þó að á síðara stigi skyldi sjóðurinn endurvakinn samhliða endurskoðun á lagaákvæðum um Aldurslagasjóð fiskiskipa, enda lagði hún til að megnið af eignum Úreldingarsjóðs skyldi varðveitt „... á bankareikningum og í skuldabréfum með bestu kjörum, þar til sett hafa verið ný lög um starfsemi hans og ákvæði um Aldurslagasjóð fiskiskipa í II. kafla, lög nr. 37/1978, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, hafa verið endurskoðuð". Féllst Alþingi á þessa tillögu og var hún lögfest með lögum nr. 2571986. Með frumvarpi þessu er lagt til að þráðurinn verði tekinn upp aftur með svipuðum hætti og sjóðanefndin ráðgerði. Stofnaður verði að nýju Úreldingarsjóður fiskiskipa er taki við fjármunum hins eldra Úreldingarsjóðs og Aldurslagasjóðs. Sjóðnum verði fenginn tekjustofn sem er hliðstæður þeim tekjustofni sem Aldurslagasjóður hefur nú. Hlutverk sjóðsins verði að auka hagkvæmni í útgerð með því að laga afkastagetu fiskiskipastólsins að afrakstursgetu fiskstofnanna. Sjóðnum er ætlað að kaupa fiskiskip sem kunna að vera til sölu og eyða þeim eða selja úr landi. Ljóst er að með því stofnfé og þeim tekjustofnum, sem frumvarp þetta ráðgerir, mun sjóðurinn þess ekki megnugur að hafa mjög veruleg áhrif á stærð fiskiskipaflot-

ans í einni svipan. Með því að heimila sjóðnum að yfirtaka áhvílandi lán á þeim skipum, sem hann kaupir eða taka að öðrum kosti lán fyrir 80% af kaupverðinu, er þó unnt að auka möguleika hans til skipakaupa á fyrstu starfsárunum. Þá getur sjóðurinn einnig rækt hlutverk sitt með því að veita styrki til úreldingar fiskiskipa, en slíkir styrkir eru að sjálfsögðu algerlega háðir því að skip sé úrelt án þess að nýtt skip komi í flotann í þess stað. Frumvarpið ráðgerir að Úreldingarsjóður ráðstafi gegn endurgjaldi veiðiheimildum þeirra skipa er hann kaupir og standi með þeim hætti undir greiðslu afborgana og vaxta af áhvílandi lánum og á síðara stigi undir fjáröflun til frekari skipakaupa. Er rétt að vekja á því sérstaka athygli að með frumvarpinu er ekki lagt til að sjóðnum verði í upphafi úthlutað neinum aflaheimildum. Einu aflaheimildirnar, sem sjóðurinn mun hafa ráðstöfunarrétt á, eru þær heimildir sem fylgja skipum sem sjóðurinn kaupir til úreldingar. Þá eru í frumvarpinu sett þau mörk að sjóðurinn megi aldrei hafa til umráða meira en 3% af botnfiskveiðiheimildum eða 3% af heildarveiðiheimildum einstakra sérveiða. Er ráðherra heimilað að lækka þetta hámark með reglugerð, enda eðlilegt að umsvif sjóðsins minnki ef honum tekst það markmið sitt að stuðla að hagkvæmri stærð fiskiskipaflotans.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um heiti sjóðsins, hlutverk hans og hvernig því skuli sinnt. Lagt er til að sjóðurinn hljóti sama nafn og sá sjóður sem niður var lagður með lögum nr. 24/1986. Hlutverk sjóðsins er að draga úr stærð fiskiskipaflotans og auka þar með hagkvæmni í útgerð þannig að dregið sé úr þörf á að halda skipum frá veiðum með opinberum boðum og bönnum. Þessu hlutverki skal sjóðurinn sinna með því að kaupa skip og selja þau úr landi eða eyða þeim. Sjóðurinn verður að leita eftir skipakaupum á hinum almenna markaði og nýtur engra forréttinda eða forkaupsréttar í þessum efnum. Það hlýtur því að ráðast af framboði á hverjum tíma hvernig kaupin ganga. Enda þótt tilgangur sjóðsins sé að fækka skipum í flotanum verður lokamálsliður 1. gr. ekki skilinn svo að hann leggi skilyrðislausa skyldu á sjóðsstjórn að farga öllum þeim skipum sem sjóðurinn kaupir. Sjóðnum væri þannig heimilt að skipta á skipi er hann hefði keypt og farga í þess stað öðru eldra og úreltara skipi, enda væri það sambærilegt að stærð og afkastagetu. Markmiði sínu getur sjóðurinn einnig náð með því að veita styrki til úreldingar skipa, enda sé tryggt að úreldingin leiði ekki til þess að ný skip bætist í flotann eða að endurnýjunarréttur verði nýttur með öðrum hætti.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að fimm menn verði í stjórn Úreldingarsjóðs. Formaður stjórnarinnar verði skipaður af ráðherra án tilnefningar, tveir stjórnarmenn verði skipaðir samkvæmt tilnefningu samtaka helstu hagsmunaaðila í fiskveiðum og tveir samkvæmt tilnefningu þeirra lánastofnana sem nátengdastar eru sjávarútveginum, þ.e. Byggðastofnunar og Fiskveiðasjóðs. Er lagt til að skipunartími stjórnar verði fjögur ár.

Um 3. gr.

Eftirstöðvar eigna hins eldra Úreldingarsjóðs skyldu skv. d-lið ákvæðis til bráðabirgða III í lögum nr. 24/1986 varðveittar „. . . á bankareikningum og í skuldabréfum með bestu kjörum þar til sett hafa verið ný lög um starfsemi hans og ákvæði um Aldurslagasjóð fiskiskipa í II. kafla laga nr. 37/1978, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, hafa verið endurskoðuð". Þessar eignir hafa verið varðveittar í samræmi við þessi lagafyrirmæli. Nemur höfuðstóll þeirra að viðbættum verðbótum og vöxtum til 31. des. sl. rúmlega 80 millj. kr. Er í 1. tölul. kveðið á um að þessar eignir renni sem stofnfé til hins nýja sjóðs.

Í 2. tölul. er lagt til að eignir Aldurslagasjóðs fiskiskipa renni einnig til Úreldingarsjóðs, en með 12. gr. frumvarpsins er lagt til að Aldurslagasjóður fiskiskipa verði lagður niður og ákvæðin um hann í II. kafla laga nr. 37/1978 afnumin. Eignir þessa sjóðs nema nú nálægt 310 millj. kr. Eru þær að mestu myndaðar með álagningu hins sérstaka skatts til Aldurslagasjóðs skv. 10., sbr. 14. gr. laga nr. 37/1978. Sýnist stjórnskipulega ekkert því til fyrirstöðu að verja eftirstöðvum eigna Aldurslagasjóðs með þessum hætti. Í því sambandi má og benda á að tilgangur hins nýja sjóðs er um margt eðlislíkur tilgangi Aldurslagasjóðs.

Þá er kveðið á um að til stofnfjár sjóðsins teljist andvirði eigna og stofnana ríkisins sem seldar kunni að verða með því fororði.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að sérstakt gjald til Úreldingarsjóðs verði lagt á fiskiskipaflotann. Er gjald þetta hliðstætt gjaldi sem nú rennur til Aldurslagasjóðs og lagt er á sama gjaldstofn. Lagt er til að gjaldið verði árlega 1.200 kr. á hverja brúttórúmlest, en þó aldrei hærra en 370.000 kr. fyrir hvert skip. Gjaldið hefði skilað Úreldingarsjóði um það bil 90 millj. kr. á þessu ári, en til samanburðar er rétt að benda á að gjald til Aldurslagasjóðs er á þessu ári nálægt 60 millj. kr.

Á árinu 1987 var reglum um mælingar skipa breytt nokkuð. Tekin var upp ný mælieining, brúttótonn, í stað brúttórúmlesta. Tiltölulega fá skip hafa enn verið mæld í samræmi við hinar nýju reglur. Stefnir Siglingamálastofnun að því að ljúka endurmælingum á fiskiskipaflotanum fyrir 1. jan. 1994. Brúttórúmlestamæling mun a.m.k. til þess tíma verða til fyrir nær öll skip í fiskiskipaflotanum. Til öryggis er þó kveðið á um það í lokamálslið 1. mgr. að liggi brúttórúmlestamæling ekki fyrir skuli þess í stað miðað við brúttótonn.

Með 2. gr. er lagt til að úreldingarsjóðsgjaldið verði innheimt með tilstyrk greiðslumiðlunarkerfis sjávarútvegsins, sbr. lög nr. 24/1986. Verði gjaldið tekið af þeim 6% af hráefnisverði sem skv. 2. tölul. 7. gr. greiðist inn á vátryggingarreikning hvers skips hjá LÍÚ, en þetta er sá háttur sem nú er hafður á með gjald til Aldurslagasjóðs. Mundi LÍÚ síðan skila mánaðarlega greiðslum til sjóðsins með svipuðum hætti og nú er gert varðandi Aldurslagasjóðsgjaldið, sbr. lög nr. 17/1976.

Í 3. mgr. er kveðið á um að dráttarvextir af vangreiddu gjaldi skuli ekki reiknaðir fyrr en eftir lok álagningarársins. Það skiptir því ekki máli gagnvart dráttarvaxtatöku hvernig aflaverðmæti og þar með greiðslur gegnum greiðslumiðlunarkerfið dreifast innan álagningarársins.

Í lokamálsgrein greinarinnar eru ákvæði er heimila ráðherra að ákveða hækkun gjalds í hlutfalli við almennar verðhækkanir þannig að það haldist óbreytt að raungildi. Eru hliðstæð ákvæði víðar í lögum þar sem gjaldstofn miðast við aðra mælikvarða en fjárhæðir (magngjöld).

Um 5. gr.

Með þessari grein er lagt til að Úreldingarsjóði verði heimiluð árleg lántaka er nemur 80% af samanlögðu áætluðu kaupverði skipa á árinu og fjármálaráðherra verði heimilað fyrir hönd ríkissjóðs að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á þeim lánum. Með því að fjármagna skipakaupin að ⅕ hlutum með lánsfé er sjóðnum að sjálfsögðu gert kleift að nýta stofnfé sitt til kaupa á fleiri skipum á fyrstu starfsárum sínum. Áhrifum af starfsemi sjóðsins á stærð fiskiskipaflotans er þar með flýtt. Sjóðurinn ætti samkvæmt þessu að geta verið nokkuð virkur á skipamarkaði fyrstu tvö til þrjú starfsárin. Þar á eftir kemur að líkindum tímabil þar sem sjóðurinn þarf að verja verulegum hlutum tekna sinna til greiðslu afborgana og vaxta af lánum. Í 2. mgr. eru ákvæði er lúta að yfirtöku lána er kunna að hvíla á skipi við kaup. Gæti í mörgum tilvikum verið hagfellt fyrir sjóðinn að yfirtaka slík lán.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. eru gefnar almennar leiðbeiningar um hvert sjóðurinn skuli stefna með kaupum sínum á fiskiskipum. Eru sett fram tvö markmið sem stefna beri að. Annars vegar að skipakaupum sé hagað þannig að líklegt sé að afli dreifist á þá árganga nytjastofnanna sem hámarksafrakstur gefa. Samkvæmt þessu ætti sjóðurinn ekki síður að stefna að því að kaupa togara en báta til úreldingar. Hins vegar ber að stefna að bættri aflameðferð og því ætti sjóðurinn fremur að beina kaupum sínum að skipum sem ekki fullnægja nýjustu kröfum um meðferð afla. Að sjálfsögðu verða sjónarmið sem þessi ekki tæmandi talin og aldrei verða þau annað en leiðbeinandi fyrir sjóðsstjórn. Ástand á skipamarkaði hlýtur alltaf að ráða mestu um hvaða skip verða keypt til úreldingar.

Í 2 mgr. eru ákvæði er lúta að aflaheimildum sem fylgja skipum er sjóðurinn kaupir. Er lagt til að þær flytjist til sjóðsins og hann ráðstafi þeim gegn endurgjaldi. Verður endurgjald fyrir þessar heimildir annar aðaltekjustofn sjóðsins. Um veiðiheimildir þessar og framsal þeirra mundu að öðru leyti gilda almennar reglur laga um stjórn fiskveiða á hverjum tíma. Þó er lagt til að ráðherra verði í þessum tilvikum heimilað að breyta sóknarmarki yfir í aflamark á kaupári til að gera eigendum sóknar- og aflamarksskipa ekki mishátt undir höfði gagnvart möguleikum á að selja sjóðnum skip sín.

Úreldingarsjóði er einungis ætlað það takmarkaða hlutverk að stuðla að fækkun fiskiskipa. Honum er ekki ætlað að kaupa til sín aflaheimildir umfram það sem nauðsynlegt er í því skyni. Í 3. mgr. eru því sett efri mörk á þær aflaheimildir sem sjóðurinn getur eignast. Verði skipakaup sjóðsins til þess að honum áskotnist yfir 3% af heildaraflaheimildum skal bæta því sem umfram er hlutfallslega við veiðiheimildir alls flotans frá upphafi næstu vertíðar. Þetta hefur því sömu áhrif á veiðiheimildir flotans og að um væri að ræða aukningu á heimiluðum heildarafla af viðkomandi tegund. Í lokamálslið greinarinnar er ráðherra heimilað að lækka 3%-hámarkið. Slíkt getur orðið nauðsynlegt þegar betra samræmi hefur náðst milli stærðar flota og fiskstofna en nú er. Er þá einfalt að draga úr starfsemi sjóðsins með lækkun þessa hámarks.

Sjóðurinn getur einnig rækt hlutverk sitt með því að veita styrki til úreldingar fiskiskipa. Slíkir styrkir verða að sjálfsögðu algerlega háðir því að skipi sé fargað án þess að nýtt skip komi í flotann í þess stað og án þess að endurnýjunarréttur þess sé nýttur með öðrum hætti, t.d. til stækkunar annarrar nýsmíðar. Þessum styrkjum er ætlað að vera hvati til að útvegsmenn sameini veiðiheimildir skipa, sem úrelt eru, veiðiheimildum annarra skipa sem fyrir eru í flotanum. Styrkir þessir mundu einungis nema litlu broti af markaðsverði viðkomandi skips og er 1/10 hluti af húftryggingarmati sett sem algert hámark. Ráðherra er ætlað að kveða nánar á um úreldingarstyrki þessa með reglugerð. Hann gæti m.a. sett ákvæði er lytu að því að úreldingarstyrkir greiddust því aðeins að veiðiheimildir flyttust yfir til skipa er sambærilegar veiðar stunda.

Um 7. gr.

Í þessari grein er kveðið á um með hvaða hætti sjóðurinn skal ráðstafa þeim aflaheimildum er honum hafa áskotnast við skipakaup. Er meginreglan sú að útgerðum þeirra skipa, sem tilteknar veiðar stunda, skal gefinn forkaupsréttur á veiðiheimildum sjóðsins í hlutfalli við veiðiheimildir skipsins. Ljóst er að með þessari aðferð kemur tiltölulega lítið magn í hlut hvers og eins. Er ráðherra heimilað að ákveða með reglugerð að setja lágmark á þá viðbótarkvóta sem bjóða ber forkaupsrétt á. Forkaupsréttinn geta útgerðir nýtt sér á fyrir fram ákveðnu verði. Er sjóðsstjórn falið að ákveða það verð jafnhátt gangverði sams konar aflaheimilda.

Þær aflaheimildir, sem forkaupsréttur er ekki nýttur á, skal selja hæstbjóðanda skv. 2. mgr. greinarinnar. Líklegt er að þetta verði tiltölulega lítill hluti þeirra heimilda er sjóðurinn ræður yfir. Er lagt til að ráðherra verði með reglugerð falið að setja nánari reglur um hvernig að þessum viðskiptum skuli staðið.

Í 3. mgr. er sjóðnum heimilað að semja um að seljendur skips haldi forkaupsrétti að aflaheimildum þess tiltekinn tíma eftir kaupin. Með þessu ætti það að verða fýsilegra fyrir ýmsa aðila að selja sjóðnum skip ef jafnhliða er hægt að tryggja að aflaheimildir haldist í þeirra höndum á meðan þeir aðlaga aðra þætti rekstrar síns að breyttum aðstæðum.

Um 8. gr.

1. og 2. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Í 3. mgr. er kveðið á um óbeina ábyrgð ríkisins á skuldbindingum sjóðsins. Er þetta ákvæði í samræmi við það sem almennt gildir um sjálfstæðar stofnanir í eigu ríkisins. Í þessu sambandi er rétt að vekja sérstaklega athygli á því að í 5. gr. frumvarpsins eru ákvæði um ríkari ábyrgð ríkissjóðs á tilteknum skuldbindingum Úreldingarsjóðs.

Um 9. gr.

Grein þessi, sem á sér hliðstæður í lögum fjölmargra opinberra sjóða og stofnana, þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir að á árinu 1990 falli niður álagning gjalds til Aldurslagasjóðs samkvæmt ákvæðum laga nr. 37/1978. Þess í stað er gert ráð fyrir að gjald skv. 4. gr. frumvarpsins verði lagt á á því ári. Að öðru leyti þarfnast grein þessi ekki skýringa.

Nd. 223. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum, nr. 29/1986.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum og fengið til viðtals Hrafn Bragason, formann réttarfarsnefndar, Gest Jónsson, formann Lögmannafélags Íslands, Birgi Kjartansson, formann Verndar, Davíð Þór Björgvinsson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, Ólaf Walter Stefánsson, skrifstofustjóra í dómsmálaráðuneytinu, og Þorstein A. Jónsson, deildarstjóra í dómsmálaráðuneytinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og efri deild afgreiddi það á þskj. 161. Þrír nefndarmanna undirrita álitið með fyrirvara.

Sighvatur Björgvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 29. nóv. 1989.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Ólafur G. Einarsson, fundaskr., með fyrirvara.	Guðni Ágústsson.
Friðjón Þórðarson, með fyrirvara.	Ingi Björn Albertsson, með fyrirvara.	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Sþ. **224. Svar** [79. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Hreggviðs Jónssonar um eignarskatta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig skiptust álagðir eignarskattar 1989 milli einstakra kjördæma?*
2. *Hvernig skiptist álagning þeirra í hverju kjördæmi fyrir sig milli:*
   A. fyrirtækja,
   B. einstaklinga:
      a. hjóna,
      b. einhleypinga?

Einnig var beðið um upplýsingar um fjölda í hverjum hópi fyrir sig.

Til svars ofangreindri fyrirspurn liggja fyrir eftirfarandi upplýsingar:

1. Eignarskattar.	Kr.
Reykjavík	1.426.299.389
Reykjaneskjördæmi	626.029.600
Vesturlandskjördæmi	83.648.549
Vestfjarðakjördæmi	42.272.066
Norðurlandskjördæmi vestra	49.596.016
Norðurlandskjördæmi eystra	139.243.430
Austurlandskjördæmi	42.416.040
Suðurlandskjördæmi	123.380.316
Samtals	2.532.885.406

2. Eignarskattar.

Reykjavíkurkjördæmi:	*Fjárhæð*	*Fjöldi*
A. Lögaðilar	498.825.193	2.482
B. Menn	927.474.196	23.711
a. Hjón	610.750.894	15.982
b. Einhleypingar	316.723.302	7.729
Reykjaneskjördæmi:		
A. Lögaðilar	154.568.798	738
B. Menn	471.460.802	14.637
a. Hjón	367.437.368	12.188
b. Einhleypingar	104.023.434	2.449
Vesturlandskjördæmi:		
A. Lögaðilar	30.312.451	260
B. Menn	53.336.098	2.052
a. Hjón	38.991.648	1.540
b. Einhleypingar	14.344.450	512
Vestfjarðakjördæmi:		
A. Lögaðilar	23.539.774	292
B. Menn	18.732.292	1.062
a. Hjón	13.253.908	796
b. Einhleypingar	5.478.384	266

	Fjárhæð	*Fjöldi*
Norðurlandskjördæmi vestra:		
A. Lögaðilar	16.848.843	170
B. Menn	32.747.173	1.484
a. Hjón	22.300.874	1.128
b. Einhleypingar	10.446.299	356
Norðurlandskjördæmi eystra:		
A. Lögaðilar	72.327.981	466
B. Menn	66.915.449	3.812
a. Hjón	45.915.570	2.944
b. Einhleypingar	20.999.879	868
Austurlandskjördæmi:		
A. Lögaðilar	18.392.324	217
B. Menn	24.023.719	1.396
a. Hjón	14.507.638	962
b. Einhleypingar	9.516.078	434
Suðurlandskjördæmi:		
A. Lögaðilar	43.377.104	346
B. Menn	78.003.212	3.159
a. Hjón	54.834.320	2.422
b. Einhleypingar	23.168.892	737

Sþ. 225. Svar [133. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Hreggviðs Jónssonar um þungaskatt af dísilbifreiðum.

Fyrirspurnin var svohljóðandi:

Hvernig skiptist innheimta þungaskatts af dísilbifreiðum:

a. samkvæmt ökumæli,

b. fast árgjald,

milli einstakra kjördæma?

Til svars ofangreindri fyrirspurn liggja fyrir eftirfarandi upplýsingar:

	Þungaskattur skv. ökumælum Kr.	*Þungaskattur fast árgjald* Kr.
Vesturland	59.051.603	8.732.628
Vestfirðir	28.676.275	5.409.313
Norðurland vestra	43.602.187	8.858.924
Norðurland eystra	81.266.137	13.073.662
Austfirðir	47.843.238	10.461.051
Suðurland	100.428.644	17.447.270
Vestmannaeyjar	3.910.432	588.797
Reykjanes	105.019.008	44.283.924
Reykjavík	191.939.633	78.270.517
Samtals	661.737.157	187.126.086

Sþ. 226. Svar [134. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Hreggviðs Jónssonar um sérstakan eignarskatt:

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig skiptist álagður sérstakur eignarskattur 1989 samkvæmt ákvæðum laga nr. 49 1986, um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, milli einstakra kjördæma?*
2. *Hvernig skiptist álagning þeirra í hverju kjördæmi fyrir sig milli:*
   A. fyrirtækja,
   B. einstaklinga:
      a. hjóna,
      b. einhleypinga?

   Einnig er beðið um upplýsingar um fjölda í hverjum hópi fyrir sig.
3. *Hve há upphæð var innheimt í allt árin 1986, 1987, 1988 og 1989 og hve stór hluti hennar rann til byggingar Þjóðarbókhlöðunnar?*

Til svars fyrirspurninni hafa verið teknar saman eftirfarandi upplýsingar:

1. Sérstakur eignarskattur.	Kr.
Reykjavík	161.120.860
Reykjaneskjördæmi	64.244.606
Vesturlandskjördæmi	9.694.466
Vestfjarðakjördæmi	5.852.810
Norðurlandskjördæmi vestra	5.565.387
Norðurlandskjördæmi eystra	18.458.737
Austurlandskjördæmi	5.049.971
Suðurlandskjördæmi	14.485.458
Samtals	284.472.295

2. Sérstakur eignarskattur.

Reykjavíkurkjördæmi:	*Fjárhæð*	*Fjöldi*
A. Lögaðilar	103.921.932	2.465
B. Menn	57.198.928	8.237
a. Hjón	39.939.954	5.952
b. Einhleypingar	17.258.974	2.285
Reykjaneskjördæmi:		
A. Lögaðilar	32.086.641	734
B. Menn	32.157.965	5.072
a. Hjón	25.478.679	4.235
b. Einhleypingar	6.679.286	837
Vesturlandskjördæmi:		
A. Lögaðilar	6.315.107	260
B. Menn	3.379.359	514
a. Hjón	2.517.552	349
b. Einhleypingar	861.807	165

Vestfjarðakjördæmi:	*Fjárhæð*	*Fjöldi*
A. Lögaðilar	4.904.118	290
B. Menn	948.692	213
a. Hjón	636.255	133
b. Einhleypingar	312.437	80
Norðurlandskjördæmi vestra:		
A. Lögaðilar	3.510.174	167
B. Menn	2.055.213	428
a. Hjón	1.395.318	309
b. Einhleypingar	659.895	119
Norðurlandskjördæmi eystra:		
A. Lögaðilar	15.068.327	465
B. Menn	3.390.410	736
a. Hjón	2.337.500	540
b. Einhleypingar	1.052.910	196
Austurlandskjördæmi:		
A. Lögaðilar	3.831.749	217
B. Menn	1.218.222	262
a. Hjón	681.703	156
b. Einhleypingar	536.519	106
Suðurlandskjördæmi:		
A. Lögaðilar	9.453.552	343
B. Menn	5.031.906	1.012
a. Hjón	3.550.345	762
b. Einhleypingar	1.481.561	250

3. Innheimta 1986–1989.

	Innheimta[1])	*Ráðstafað til Þjóðarbókhlöðu*
	Kr.	Kr.
Árið 1987	125.773.309	74.014.086
Árið 1988	154.783.083	49.999.285
Árið 1989	164.578.347[2])	82.440.347[3])
Samtals	445.134.739	206.453.718

Til athugunar:

1) Eignarskattsauki var lagður á eignarskattsstofn gjaldárin 1985 og 1986. Hann rann í ríkissjóð og átti að ráðstafa honum til húsnæðismála.
   Sérstakur eignarskattur var lagður á gjaldárin 1987, 1988 og 1989 er átti að renna til byggingar Þjóðarbókhlöðu.
2) Innheimta 1. jan. til 31. okt.
3) Framlag 1. jan. til 31. okt.

Sþ. 227. Svar [135. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Hreggviðs Jónssonar um innflutningsgjald af bensíni.

Spurt er hvernig innheimta innflutningsgjalds af bensíni 1988 hafi skipst milli kjördæma.
Til svars fyrirspurninni liggja fyrir eftirfarandi upplýsingar:

Skattumdæmi	*Innheimta 1988*
	Kr.
Vesturland	0
Vestfirðir	2.140
Norðurland vestra	–4.911
Norðurland eystra	29.770
Austfirðir	309.232
Suðurland	60.874
Vestmannaeyjar	0
Reykjanes	0
Reykjavík (tollstjóri)	2.081.758.675
Samtals	2.082.155.780

Sþ. 228. Svar [136. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Hreggviðs Jónssonar um bifreiðagjald.

Spurt er hvernig álagning bifreiðagjalds 1989 skiptist milli einstakra kjördæma.
Til svars fyrirspurninni liggja fyrir eftirfarandi upplýsingar:

	Kr.
Reykjavík	307.807.963
Reykjanes	192.813.447
Vesturland	47.384.179
Vestfirðir	28.950.552
Norðurland vestra	35.280.519
Norðurland eystra	78.914.260
Austfirðir	46.376.655
Vestmannaeyjar	10.840.327
Suðurland	57.397.578
Samtals	805.765.480

Sþ. 229. Fyrirspurn [198. mál]

til fjármálaráðherra um lækkun eignarskatta.

Frá Geir H. Haarde.

Hyggst fjármálaráðherra beita sér fyrir einhverri lækkun eignarskatta sem komi til framkvæmda á árinu 1990?

Ed. 230. Nefndarálit [52. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60 29. maí 1972.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Bárust umsagnir frá biskupi Íslands og Dómarafélagi Íslands. Höfðu þessir aðilar ekkert við frumvarpið að athuga. Mælir nefndin með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. nóv. 1989.

Jón Helgason, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Jóhann Einvarðsson.
Danfríður Skarphéðinsdóttir.	Skúli Alexandersson.	Ey. Kon. Jónsson.
	Salome Þorkelsdóttir.	

Sþ. 231. Tillaga til þingsályktunar [199. mál]

um vantraust á ríkisstjórnina, þingrof og nýjar kosningar.

Flm.: Þorsteinn Pálsson, Kristín Einarsdóttir, Ingi Björn Albertsson.

Alþingi ályktar að lýsa vantrausti á ríkisstjórnina.

Alþingi lýsir þeim vilja sínum að þing verði rofið og efnt til almennra þingkosninga svo fljótt sem unnt er.

Sþ. 232. Tillaga til þingsályktunar [200. mál]

um að tvískipta starfi ráðuneytisstjóra.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að breyta skipulagi ráðuneyta svo að framvegis verði tveir ráðuneytisstjórar í hverju ráðuneyti. Annar starfi á faglegum grunni en hinn stjórni fjármálum sem undir ráðuneytið og stofnanir þess og fyrirtæki heyra. Þessi skipulagsbreyting falli inn í þær breytingar á Stjórnarráði Íslands sem nú er unnið að.

Greinargerð.

Næstum öll fjárlög íslenska ríkisins fara um ráðuneyti Stjórnarráðsins og stofnanir þess og fyrirtæki. Mikil og vaxandi umsvif kalla á sífellt meira fjármagn og krefjast um leið aukins aðhalds og eftirlits. Þrátt fyrir það eru yfirmenn í æðstu stjórn ráðuneytanna ekki sérhæfðir á sviði fjármála. Mikilvægi fjármálanna er því vanmetið hjá hinu opinbera.

Ýtrustu sparsemi er þörf í starfi ráðuneyta því að með aukinni hagsýni má fjölga þeim verkefnum sem hægt er að standa straum af. Sérstaklega er mikilvægt að verja vel peningum úr ríkissjóði þegar harðnar á dalnum eins og núna og hvarvetna er samdráttur í þjóðfélaginu. Við það minnka tekjur hins opinbera og sértekjur stofnana og fyrirtækja ríkisins en kröfur og beiðnir um fjárveitingar úr ríkissjóði aukast.

Því er nauðsynlegt að í hverju ráðuneyti starfi yfirmenn sem stjórna þeim fjármálum sem undir ráðuneytin heyra. Eðli málsins samkvæmt er rétt að staða þeirra heyri beint undir ráðherra og þess vegna þarf að breyta skipulagi ráðuneytanna. Framvegis verði ráðuneytisstjórarnir tveir í hverju ráðuneyti og annar gegni faglegum störfum en hinn sé ráðuneytisstjóri fjármála.

Þessi tvískipting í stjórnun er afar algeng í rekstri fyrirtækja og félaga og það færist stöðugt í vöxt að ráðnir séu fjármálalegir framkvæmdastjórar við hlið þeirra faglegu. Sem dæmi má nefna sjúkrahús, sjávarútvegsfyrirtæki, sveitarfélög og margs konar annan rekstur. Nýlega var t.d. ráðinn vanur fjármálastjóri til Alþingis og er starf hans þegar farið að bera ávöxt. Því er ekki seinna vænna að ráðuneytin feti í fótspor þingsins; breyting af þessu tagi borgar sig fljótt.

Ráðuneytisstjórar fjármála mundu starfa náið með fjármálaráðuneytinu, Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Ríkisendurskoðun og fjárveitinganefnd Alþingis. Þannig væri skotið nýjum stoðum undir fjármálastjórn íslenska ríkisins. Í framhaldi af því er síðan auðvelt að gerbreyta allri fjármálastefnu ríkisins þannig að framvegis fái hvert ráðuneyti eina heildarfjárhæð sem það skiptir sjálft á milli þeirra fjárlagaliða sem undir það heyra. Með því vex fjárhagsleg ábyrgð innan ráðuneytanna og hvert ráðuneyti fyrir sig ákveður forgang verkefna eftir því sem lög leyfa.

Þetta fyrirkomulag má svo þróa smám saman fyrir landshlutana þannig að þeir fái á sama hátt aukið sjálfræði með sín verkefni. Þar með er dregið stórlega úr miðstjórn og ábyrgð eykst heima í héraði að sama skapi.

Sþ. 233. Tillaga til þingsályktunar [201. mál]

um samningaviðræður við Evrópubandalagið um viðauka við bókun 6 frá 1972.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson, Kristín Einarsdóttir,
Ragnhildur Helgadóttir.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra og utanríkisráðherra að undirbúa nú þegar í samráði við utanríkismálanefnd beinar samningaviðræður við Evrópubandalagið um viðauka við bókun 6 frá 1972.

Greinargerð.

Fríverslunarsamningur Íslands og Evrópubandalagsins var undirritaður 22. júlí 1972 og tók gildi 1. apríl 1973, nema bókun nr. 6 um sjávarafurðir sem ekki öðlaðist gildi fyrr en 1. júlí 1976, að afloknum fiskveiðideilum. Bókun 6 var Íslendingum mjög mikilvæg frá upphafi og er enn þýðingarmikil. En við stækkun Evrópubandalagsins, einkum eftir inngöngu Spánverja, Portúgala og Grikkja, fer hins vegar mestallur saltfiskútflutningur Íslendinga til EB-ríkja en saltfiskur fellur ekki undir bókun 6 og nýtur því ekki tollfrelsis innan bandalagsins nema að hluta. Heildartollgreiðslur til bandalagsríkjanna eru nú hærri hlutfallslega en þær voru áður en bandalagið stækkaði og fleiri ríki fengu aðild að því.

Í samskiptum okkar við Evrópubandalagið hlýtur að teljast eðlilegt að meginútflutningsvara okkar, fiskur og fiskafurðir, njóti svipaðra viðskiptakjara á mörkuðum bandalagsins og það nýtur við innflutning iðnaðarvara til Íslands. Í þessu sambandi þarf að athuga hvort Íslendingar geti fellt niður tolla á vörur frá Evrópubandalaginu í enn ríkara mæli en orðið er með það að markmiði að tollfrjáls viðskipti verði milli Íslands og bandalagsins.

Flutningsmenn telja enga ástæðu til að ætla annað en að ráðamenn Evrópubandalagsins muni vera fúsir til að taka tillit til breyttra aðstæðna og því sjálfgefið að hefja beri viðræður við þá um málið nú þegar.

Sþ. 234. Svar [98. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Geirs H. Haarde um vexti á ríkisvíxlum.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. Hverjir hafa verið
   a. nafnvextir,
   b. raunvextir miðað við framfærsluvísitölu og
   c. raunvextir miðað við lánskjaravísitölu á 45, 90 og 120 daga ríkisvíxlum á þessu ári?
2. Hvert mat fjármálaráðuneytisins og Seðlabanka Íslands sé á áhrifum ríkisvíxlavaxta á almennt vaxtastig í landinu.

Meðfylgjandi er tafla sem svar við 1. lið, a–c. Einnig fylgir línurit til frekari skýringar. Þá fylgja og svör fjármálaráðuneytisins og Seðlabanka Íslands um seinni lið fyrirspurnarinnar.

Svar fjármálaráðuneytisins.
(28. nóv. 1989.)

Fjármálaráðuneytið hefur fylgt þeirri stefnu að breyta vöxtum á ríkisvíxlum samhliða breytingum á vöxtum víxilútlána bankanna. Þó hafa vextir ríkisvíxla ekki alltaf verið hækkaðir samhliða hækkun almennra víxilvaxta. Þannig hækkuðu vextir bankavíxla mun meira sl. vor og fyrri hluta sumars eins og glöggt kemur fram á meðfylgjandi línuriti. Vextir á ríkisvíxlum hafa því aldrei verið leiðandi í vaxtahækkunum eða fyrirstaða fyrir vaxtalækkunum hjá bönkunum.

Eftir sem áður er réttmætt að spyrja þeirrar spurningar hvort vextir hefðu orðið lægri ef ríkisvíxlar hefðu ekki verið boðnir fram. Ef ekkert framboð á ríkisvíxlum stafar af því að ríkið hefur ekki þörf fyrir lánsfé verður almennt vaxtastig lægra en ella. Þetta eru augljós sannindi sem eiga rætur að rekja til þess sambands sem er á milli almenns vaxtastigs og lánsfjáreftirspurnar ríkissjóðs og kemur ríkisvíxlum sem slíkum og vöxtum þeirra ekkert við. Ef ríkissjóður hefði hins vegar haft óbreytta lánsfjáreftirspurn, en yfirdregið í Seðlabanka í stað þess að selja ríkisvíxla, ráðast áhrifin á vexti af stjórn peningamála. Eðlilegt verður að teljast að Seðlabankinn mæti slíkum yfirdrætti með peningalegum aðgerðum á öðrum sviðum, svo sem með hækkun bindiskyldu bankanna og er þá óljóst hvort almennt vaxtastig verður hærra, lægra eða svipað og orðið hefði ef ríkissjóður hefði selt ríkisvíxla beint til bankanna. Ræðst það m.a. af fyrirkomulagi vaxtagreiðslna af bindiskyldu og möguleikum bankanna til að velta rekstrarkostnaði sínum yfir á lántakendur. Ekki er því hægt að fullyrða að tilraun ríkissjóðs til þess að fjármagna lánsfjárþörf sína á innlendum lánsfjármarkaði, en utan Seðlabankans, hafi marktæk áhrif til hækkunar vaxta. Ríkissjóður gæti að vísu tímabundið lækkað vexti með því að taka erlend lán í stórum stíl. Þetta er hins vegar ekki æskileg leið til að stuðla að vaxtalækkun og stenst ekki til lengdar. Ríkissjóður stuðlar því best að varanlegri lækkun vaxta með því að draga úr lánsfjáreftirspurn sinni.

Svar við lið 1. a), b) og c): 20-NOV-1989

Vextir ríkisvíxla 1989, meðaltöl, afkastavextir og raunvextir.
(Samanburður við meðalvexti almennra víxla í bönkum og sparisjóðum
sýndur í aftasta dálki)

Forvextir ríkisvíxla í % á ári:		Meðaltöl: 1989	Forv. á ári	Afkastavextir á ári Ríkisvíxlar 45d	90d	120d	Alm. víxl. 45d
		ársfj.					
1/1 '89	10,5%	I.	14,4%	15,7%	15,8%	15,9%	18,4%
2/2 '89	13,5%	II.	24,4%	28,2%	28,7%	29,0%	33,4%
1/3 '89	18,0%	III.	25,8%	30,0%	30,6%	31,0%	34,0%
21/3 '89	22,0%						
14/4 '89	24,5%	jan-okt	21,8%	24,7%	25,1%	25,4%	28,7%
20/6 '89	27,0%						
23/8 '89	25,0%	júní	25,4%	29,5%	30,0%	30,4%	37,5%
1/9 '89	24,0%	júlí	27,0%	31,6%	32,3%	32,7%	39,6%
1/11 '89	26,0%	ágúst	26,5%	30,9%	31,5%	31,9%	33,3%
		sept.	24,0%	27,6%	28,1%	28,4%	29,3%
		okt.	24,0%	27,6%	28,1%	28,4%	31,4%

Vísitala framfærslukostnaðar:			Breyting Framfvís á ári	Útreiknaðir meðalraunvextir á ári Ríkisvíxlar 45d	90d	120d	Alm. víxl.
1/1 '89	112,6	1989					
1/2 '89	114,2	ársfj.					
1/3 '89	117,3	I.	28,6%	-10,0%	-9,9%	-9,8%	-7,9%
1/4 '89	119,9	II.	25,1%	2,5%	2,9%	3,2%	6,6%
1/5 '89	122,3	III.	23,6%	5,2%	5,7%	6,0%	8,4%
1/6 '89	125,9						
1/7 '89	126,8	jan-okt	25,7%	-0,8%	-0,5%	-0,3%	2,3%
1/8 '89	128,5						
1/9 '89	131,1	júní	8,9%	18,9%	19,4%	19,7%	26,3%
1/10 '89	133,7	júlí	17,3%	12,2%	12,7%	13,1%	19,0%
1/11 '89	135,7	ágúst	27,2%	2,9%	3,4%	3,7%	4,8%
		sept.	26,6%	0,8%	1,2%	1,5%	2,2%
		okt.	19,5%	6,8%	7,2%	7,5%	9,9%

Lánskjaravísitala:			Breyting Lánskjv á ári	Útreiknaðir meðalraunvextir á ári Ríkisvíxlar 45d	90d	120d	Alm. víxl.
1/1 '89	2279	1989					
1/2 '89	2317	ársfj.					
1/3 '89	2346	I.	21,8%	-5,0%	-4,9%	-4,8%	-2,8%
1/4 '89	2394	II.	26,7%	1,2%	1,6%	1,8%	5,3%
1/5 '89	2433	III.	16,7%	11,4%	11,9%	12,2%	14,8%
1/6 '89	2475						
1/7 '89	2540	jan-okt	21,7%	2,5%	2,9%	3,1%	5,8%
1/8 '89	2557						
1/9 '89	2584	júní	36,5%	-5,1%	-4,7%	-4,4%	0,8%
1/10 '89	2640	júlí	8,3%	21,5%	22,1%	22,5%	28,9%
1/11 '89	2693	ágúst	13,4%	15,4%	15,9%	16,3%	17,5%
		sept.	29,3%	-1,4%	-1,0%	-0,7%	0,0%
		okt.	26,9%	0,5%	0,9%	1,2%	3,5%

Ath:
Útreiknaðir meðaltalsvextir ríkisvíxla gefa e.t.v. ekki rétta mynd af þeim vöxtum sem kaupendur víxlana fá. Hér eru sýnd tvö dæmi til útskýringar:

Dæmi I:

Víxill keyptur í ársbyrjun 1989 og endurnýjaður á 60 daga fresti hefur í lok október 1989 borið sem svarar til um 17,6% afkastavöxtum á ári. Þetta þýðir um -6,5% raunvexti á ári miðað við þróun framfærsluvísitölu, samanborið við -0,5 (90d) og -0,8% (45d) meðaltalsraunvexti á ári í töflunni.

Dæmi II:

Víxill keyptur 1/7 '89 í 90 daga hefur borið 32,3% afkastavexti á ári. Þetta þýðir um 7,0% raunvexti á ári miðað við þróun framfærsluvísitölu, samanborið við 5,7% meðaltalsraunvexti í töflu.



Svar Seðlabanka Íslands.
(15. nóv. 1989.)

Fyrirspurn um ríkisvíxla.

Tilefni þessa bréfs er bréf yðar dags. 8. nóv. sl. um fyrirspurn Geirs H. Haarde til fjármálaráðherra um vexti á ríkisvíxlum.

Meðfylgjandi töluyfirlit, sem unnið var í samvinnu við yður, veitir svör við 1. spurningu.

Í 2. spurningu er m.a. spurt um mat Seðlabankans á áhrifum vaxta ríkisvíxla á hið almenna vaxtastig í landinu og skal í því sambandi eftirfarandi tekið fram.

Vextir ríkisvíxla hafa jafnan verið lægri en vextir bankavíxla og hefur þeim verið breytt í kjölfar almennra vaxtabreytinga. Ríkisvíxlavextir voru þó óbreyttir í meira en tvo mánuði frá miðjum apríl er bankavextir fóru hækkandi. Jókst því munurinn þarna á milli en minnkaði aftur er bankavextir lækkuðu á ný. Þetta má sjá á meðfylgjandi línuriti. Þar kemur og glöggt fram að vextir ríkisvíxla hafa fylgt öðrum vöxtum fremur en verið leiðandi.

Vissulega gætu vextir ríkisvíxla haft áhrif á almennt vaxtastig bæði vegna samanburðar og þess að ætla má að fjármagn leiti þangað sem arðsemi er mest og áhættan lægst. Með ákvörðun um vexti af ríkisvíxlum, t.d. með því að hafa þá mun hærri en aðra vexti, gæti ríkissjóður trúlega haft áhrif á almennt vaxtastig, en svo hefur ekki verið í reynd á þessu ári.

Við þær aðstæður, sem nú eru að halli myndast á rekstri ríkissjóðs jafnframt því sem kapp er lagt á að halda aftur af erlendum lántökum, má búast við að vaxtastig haldist hærra en ella.

Seðlabanki Íslands,
peningamáladeild.
Eiríkur Guðnason. *Sveinn Sigurðsson.*

Nd. 235. Frumvarp til laga [202. mál]

um breytingu á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, með síðari breytingum.

Flm.: Geir H. Haarde, Pálmi Jónsson.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Reikningsár ríkisins er almanaksárið og skal jafnan miða lokun reikninga við áramót. Endurskoðaðan ríkisreikning skal leggja fyrir Alþingi og afgreiða svo skjótt sem verða má á næsta ári eftir reikningsárið. Eigi má þó samþykkja ríkisreikning fyrr en lokið er afgreiðslu fjáraukalaga fyrir viðkomandi ár.

2. gr.

Við lögin bætist ný grein er verði 76. gr. og breytist röð annarra greina í samræmi við það. Greinin orðist svo:

Frumvarp til endanlegra fjáraukalaga skal leggja fram og afgreiða á vorþingi eftir fjárlagaárið.

3. gr.

Fyrirsögn laganna orðist svo: Lög um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings, fjárlaga og fjáraukalaga.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda um afgreiðslu fjáraukalaga og ríkisreiknings fyrir árið 1989.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi en hlaut þá eigi afgreiðslu. Það er nú endurflutt lítillega breytt. Í frumvarpinu felast tvær efnisbreytingar frá gildandi lögum. Í fyrsta lagi er kveðið á um að skylt sé að leggja endurskoðaðan ríkisreikning fyrir Alþingi og afgreiða hann svo skjótt sem verða megi að fjárlagaárinu liðnu. Í öðru lagi er ákvæði um að skylt sé að flytja og afgreiða þegar á vorþingi eftir fjárlagaárið endanlegt fjáraukalagafrumvarp fyrir liðið fjárlagaár og gera þar með upp fjárlög ríkisins fyrir það ár. Þá er tekið fram að óheimilt sé að afgreiða ríkisreikning fyrr en fjáraukalög viðkomandi árs hafa verið afgreidd.

Í gildandi lögum er ekki að finna slík tímamörk. Raunar er hvergi vikið að fjáraukalögum í gildandi löggjöf um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Aðeins er því við ákvæði 42. gr. og 44. gr. stjórnarskrárinnar að styðjast um meðferð þeirra þótt þau séu að réttu lagi óhjákvæmilegt millistig frá fjárlögum til hins endanlega ríkisreiknings.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að tilvísun til fjáraukalaga komi í fyrirsögn laganna svo sem eðlilegt verður að telja.

Frá því frumvarpið var flutt á sl. vori hafa þau tíðindi orðið að fjármálaráðherra hefur í fyrsta sinn um áratugaskeið lagt fram fjáraukalagafrumvarp fyrir yfirstandandi fjárlagaár. Er það í samræmi við þá stefnu sem mörkuð er með frumvarpinu um að koma betri reglu en verið hefur á formlegar hliðar þessara mála og flýta framlagningu frumvarps til fjáraukalaga og afgreiðslu þeirra. Hefur sú stefna verið margítrekuð af ýmsum aðilum innan þings og utan á liðnum árum, m.a. af yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings fyrir 1987 og 1988, en fyrri flutningsmaður er í hópi þeirra.

Hins vegar er ljóst, þótt hið formlega framtak núverandi fjármálaráðherra í þessu efni sé lofsvert, að áfram verður þörf á fjáraukalögum eftir að fjárlagaárinu er lokið til að gera endanlega upp reikningana. Í frumvarpi þessu felst að framvegis verði skylt að gera það á vorþingi eftir fjárlagaárið en engin slík tímamörk eru í gildandi lögum. Verður að telja eðlilegt að slík mörk séu sett, sem og tímamörk þau sem kveðið er á um í 1. gr., enda er því ekkert tæknilega til fyrirstöðu.

Á umliðnum árum hefur mikill misbrestur orðið á því að frumvörp til laga um fjáraukalög og ríkisreikning væru lögð fyrir Alþingi innan hæfilegs tímafrests frá lokum fjárlagaárs. Hefur það skiljanlega mjög dregið úr gagnsemi hvors tveggja og minnkað möguleika Alþingis til eftirlits með framkvæmdarvaldinu og þeim útgjöldum sem Alþingi hefur sem fjárveitingavald ákveðið.

Þótt nokkuð hafi miðað formlegum umbótum á ýmsu því er snertir verklag og vinnubrögð við meðferð fjárlaga, ríkisreiknings og fjáraukalaga, sem og endurskoðun og eftirliti með útgjöldum, er ljóst að enn er langt frá því að þessi mál séu komin í viðunandi horf að formi til. Samþykkt þessa frumvarps mundi færa þau atriði, sem hér er fjallað um, nær eðlilegu lagi en nú er. Hins vegar er ljóst, eins og yfirskoðunarmenn ríkisreiknings fyrir 1988 benda á í skýrslu sinni til Alþingis, að full þörf er á því að endurskoða í heild sinni lög um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga enda verða þau brátt aldarfjórðungsgömul.

Sþ. 236. Fyrirspurn [203. mál]

til fjármálaráðherra um eignarskatta.

Frá Hreggviði Jónssyni.

1. Hvernig skiptust milli einstakra kjördæma álagðir eignarskattar 1989 á þá aðila sem lagður var á sérstakur eignarskattur?
2. Hvernig skiptist álagning þeirra í hverju kjördæmi fyrir sig milli:
   A. fyrirtækja,
   B. einstaklinga:
      a. hjóna,
      b. einhleypinga?

   Einnig er beðið um upplýsingar um fjölda í hverjum hópi fyrir sig.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 237. Fyrirspurn [204. mál]

til forsætisráðherra um athugun á atvinnulífi í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu.

Frá Guðna Ágústssyni.

1. Hvað líður athugun á atvinnulífi í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu sem forsætisráðherra fól Byggðastofnun að gera?
2. Mun ríkisstjórnin styðja framkvæmdir til styrktar atvinnulífi á þessu svæði í framhaldi af fyrrnefndri úttekt og skýrslugerð?

Sþ. 238. Fyrirspurn [205. mál]

til menntamálaráðherra um útbreiðslu svæðisútvarps á Austurlandi.

Frá Jóni Kristjánssyni.

Hver er útbreiðsla svæðisútvarps Austurlands og hvenær má vænta að útsendingar þess nái til Austurlandskjördæmis alls?

Sþ. 239. Fyrirspurn [206. mál]

til samgönguráðherra um skilyrði fyrir notkun farsíma í Austurlandskjördæmi.

Frá Jóni Kristjánssyni.

1. Hvaða landssvæði eru það á Austurlandi þar sem skilyrði fyrir notkun farsíma eru ekki fyrir hendi?
2. Hvaða áætlanir eru uppi um bætt skilyrði á þeim svæðum sem farsími nær ekki til nú?

Sþ. 240. Fyrirspurn [207. mál]

til fjármálaráðherra um endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts.

Frá Guðmundi G. Þórarinssyni.

Hver er endurgreiðsla ríkissjóðs á uppsöfnuðum söluskatti til eftirfarandi atvinnugreina: fiskvinnslu, iðnaðar, loðdýraræktar og fiskeldis árin 1986, 1987, 1988 og 1989?

Óskað er eftir að í svari komi fram bæði fjárhæð hvers árs og hversu stór hluti fjárhæðin er af uppsöfnuðum söluskatti greinarinnar í heild hvert ár.

Skriflegt svar óskast.

Ed. 241. Frumvarp til laga [208. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 2. gr.:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo:
Skattskyldan nær til allra vara og verðmæta, nýrra og notaðra.

b. 1. málsl. 3. mgr. orðist svo:
Eftirtalin vinna og þjónusta er undanþegin virðisaukaskatti:

c. 3. tölul. 3. mgr. orðist svo:
Rekstur skóla og menntastofnana, svo og ökukennsla.

d. 4. tölul. 3. mgr. orðist svo:
Starfsemi safna, svo sem bókasafna, listasafna og náttúrugripasafna, og hliðstæð menningarstarfsemi. Sama gildir um aðgangseyri að tónleikum, leiksýningum og leikhúsum, enda tengist samkomur þessar ekki á neinn hátt öðru samkomuhaldi eða veitingastarfsemi.
e. 5. tölul. 3. mgr. orðist svo:
Íþróttastarfsemi, svo og aðgangseyrir að sundstöðum, skíðalyftum, íþróttamótum, íþróttasýningum og heilsuræktarstofum.
f. 15. tölul. 3. mgr. falli niður.
g. 6. mgr. orðist svo:
Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari skilyrði fyrir undanþágum samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 4. gr.:
a. 2. tölul. orðist svo:
Listamenn, að því er varðar sölu þeirra á eigin listaverkum, enda falli listaverkin undir tollskrárnúmer 9701.1000–9703.0000, svo og uppboðshaldarar, að því er varðar sölu þessara verka á listmunauppboðum, sbr. lög nr. 36/1987.
b. Við greinina bætist nýr töluliður er verði 4. tölul., svohljóðandi:
Skólamötuneyti.

3. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Nú hefur aðili, sem að mati skattstjóra bar að tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi skv. 1. mgr., eigi sinnt umræddri tilkynningarskyldu og skal þá skattstjóri úrskurða hann sem skattskyldan aðila samkvæmt ákvæðum 3. gr. og tilkynna aðilanum þar um.

4. gr.

Við 8. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Ríkisskattstjóri skal gefa út reglur um mat til verðs samkvæmt þessari grein.

5. gr.

Í stað „81,97%“ í 1. mgr. 10. gr. komi: 80,32%.

6. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 12. gr.:
a. 9. tölul. 1. mgr. orðist svo:
Sala tímarita, dagblaða og sambærilegra landsmála- og héraðsfréttablaða, svo og afnotagjöld útvarpsstöðva.
b. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður er verði 10. tölul., svohljóðandi:
Sala bóka á íslenskri tungu jafnt frumsaminna sem þýddra.
c. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður er verði 11. tölul., svohljóðandi:
Sala á heitu vatni, rafmagni og olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis.
d. 3. málsl. 2. mgr. falli niður.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 13. gr.:
a. Í stað „81,97%“ í 3. og 5. mgr. komi: 80,32%.
b. 2. málsl. 3. mgr. falli niður.

8. gr.

14. gr. orðist svo:

Virðisaukaskattur skal vera 24,5% og rennur hann í ríkissjóð.

9. gr.

Í stað „18,03%“ í 1. mgr. 20. gr. komi: 19,68%.

10. gr.

Síðari málsliður 3. mgr. 26. gr. orðist svo:

Kröfu um vangoldin opinber gjöld og skatta til ríkissjóðs ásamt verðbótum, álagi og dráttarvöxtum skal skuldajafna á móti endurgreiðslu.

11. gr.

Í stað „1%“ í 2. mgr. 27. gr. komi: 2%. Í stað „10%“ í sama ákvæði komi: 20%.

12. gr.

29. gr. orðist svo:

Þeir sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun skattstjóra á virðisaukaskatti geta kært skattinn til hans innan þrjátíu daga frá því er skatturinn var ákveðinn. Innsend fullnægjandi virðisaukaskattsskýrsla skal tekin sem kæra þegar um er að ræða áætlanir skv. 25. gr. Kærum vegna áætlana skv. 27. gr. skal fylgja skriflegur rökstuðningur. Skattstjóri skal kveða upp rökstuddan úrskurð um kæruna og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi innan þrjátíu daga frá lokum kærufrests.

Úrskurði skattstjóra má skjóta til ríkisskattanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Kærufrestur til ríkisskattanefndar skal vera þrjátíu dagar frá póstlagningu úrskurðar skattstjóra.

Ríkisskattstjóri hefur heimild til að skjóta úrskurðum skattstjóra til ríkisskattanefndar án tillits til kærufrests.

Ríkisskattanefnd skal hafa lagt efnisúrskurð á allar kærur þremur mánuðum eftir að þær bárust nefndinni. Úrskurðir ríkisskattanefndar skulu vera ítarlega rökstuddir og í forsendum þeirra skal koma skýrt fram á hvaða kæruatriðum og skattheimildum skattstofn og álagning er byggð.

Ákvæði 100. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu að öðru leyti gilda um kærur til ríkisskattanefndar eftir því sem við getur átt.

Ágreining um skattskyldu og skatthæð má bera undir dómstóla, enda hafi áður verið um hann úrskurðað af ríkisskattanefnd. Það skal þó gert innan sex mánaða frá því að ríkisskattanefnd úrskurðar í málinu.

Áfrýjun eða deila um skattskyldu frestar ekki gjalddaga skattsins né leysir undan neinum þeim viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu hans, en verði skattur lækkaður eftir úrskurði eða dómi skal endurgreiða það sem lækkuninni nemur.

13. gr.

Á eftir 41. gr. komi nýr kafli, XIII. kafli, Um endurgreiðslu virðisaukaskatts, með tveimur nýjum greinum sem verða 42. og 43. gr. og breytist greinatala laganna og kaflanúmer til samræmis, svohljóðandi:

XIII. KAFLI

Um endurgreiðslu virðisaukaskatts.

a. (42. gr.)

Endurgreiða skal hluta virðisaukaskatts af neyslumjólk, dilkakjöti, neyslufiski og fersku innlendu grænmeti þannig að skattgreiðslur samtals af þessari matvöru, að teknu tilliti til endurgreiðslunnar, verði sem næst 14% í stað 24,5%. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð nánar hvaða matvara fellur undir þessa málsgrein, svo og um framkvæmd endurgreiðslunnar.

Heimilt er að endurgreiða byggjendum íbúðarhúsnæðis virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt vegna vinnu manna á byggingarstað. Jafnframt er heimilt að endurgreiða eigendum íbúðarhúsnæðis virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt vegna vinnu manna við endurbætur þess, enda sé heildarkostnaður við endurbæturnar á einu almanaksári a.m.k. 7% af fasteignamati húseignarinnar í ársbyrjun. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari skilyrði fyrir endurgreiðslum þessum og ákveðið framkvæmd þeirra. Á sama hátt getur hann ákveðið að endurgreiða skuli ákveðið hundraðshlutfall virðisaukaskatts af verksmiðjuframleiddum íbúðarhúsum.

Fjármálaráðherra getur ákveðið með reglugerð að endurgreiða sveitarfélögum virðisaukaskatt sem þau hafa greitt vegna kaupa á skattskyldri vöru eða þjónustu af atvinnufyrirtækjum.

b. (43. gr.)

Fjármálaráðherra getur kveðið svo á með reglugerð að endurgreiða megi virðisaukaskatt af vörum sem erlendir ferðamenn kaupa hérlendis og hafa með sér er þeir hverfa úr landi, enda séu uppfyllt þau skilyrði sem hann telur nauðsynleg.

Fjármálaráðherra getur ákveðið með reglugerð að hvaða marki skuli endurgreiða sendimönnum erlendra ríkja virðisaukaskatt af kaupum á vörum og þjónustu hér á landi.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja með reglugerð reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts sem erlend fyrirtæki hafa greitt hérlendis vegna kaupa, aðvinnslu, geymslu eða flutnings á vörum sem flytja á úr landi.

14. gr.

Orðin „á vörum sem ætlaðar eru til endursölu“ í 46. gr., er verður 48. gr., falli niður.

15. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 47. gr. laganna, er verður 49. gr., komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að virðisaukaskattur af aðgangseyri að dansleikjum og öðrum skemmtanaskattsskyldum samkomum skuli innheimtur meðan á samkomunni stendur eða með skemmtanaskatti. Hann getur enn fremur ákveðið með reglugerð að sveitarfélög greiði virðisaukaskatt við framvísun virðisaukaskattsskýrslu einu sinni á ári, enda sé árleg virðisaukaskattsskyld velta þeirra af framleiðslu vöru og veittri þjónustu til eigin nota minni en 400.000 kr.

16. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I orðist svo:

Fari afhending skattskyldrar vöru og þjónustu fram 1. janúar 1990 eða síðar skal hún teljast til virðisaukaskattsskyldrar veltu samkvæmt lögum þessum. Þetta gildir án tillits til þess

hvort samningur um sölu skattskyldrar vöru og þjónustu hefur verið gerður fyrir 1. janúar 1990 eða greiðsla farið fram að hluta eða fullu.

Hafi samningur, sbr. 1. mgr. þessa ákvæðis, verið gerður skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna sem svarar virðisaukaskatti samkvæmt lögum þessum sé um að ræða sölu á vöru og þjónustu sem ekki var skattskyld samkvæmt söluskattslögum, nema sannað sé að virðisaukaskattur hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess. Hafi slík vara eða þjónusta verið skattskyld samkvæmt söluskattslögum skal seljandi endurgreiða kaupanda mismun á söluskatti og virðisaukaskatti, nema sannað sé að kaupverð samkvæmt samningnum hafi verið miðað við virðisaukaskatt samkvæmt lögum þessum.

Um greiðslu virðisaukaskatts af innflutningi skattskyldrar vöru og þjónustu fer eftir þeim reglum sem gilda þegar tollmeðferð fer fram.

Heimilt er að endurgreiða virðisaukaskattsskyldum aðilum, sem hafa húsbyggingar eða aðra mannvirkjagerð með höndum í atvinnuskyni, söluskatt sem hvílir á birgðum þeirra af óseldu byggingarefni 31. desember 1989. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um þessar endurgreiðslur, þar á meðal hvaða gögn þurfi að liggja til grundvallar endurgreiðslubeiðni.

Ákvæði 1. og 2. tölul. 5. mgr. 13. gr. laga þessara skulu gilda eftir því sem við á um frádrátt frá skattskyldri veltu vegna viðskipta sem skattskyld voru samkvæmt söluskattslögum og ekki var unnt að leiðrétta með síðustu söluskattsskilum ársins 1989.

Hafi verið gerður fjármögnunarsamningur fyrir 1. janúar 1990 þar sem kveðið er á um eignarrétt leigusala án kaupskyldu leigutaka í lok leigutíma skulu leigugreiðslur samkvæmt slíkum samningum vera undanþegnar virðisaukaskatti.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessa ákvæðis.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990. Ákvæði b-liðar 6. gr. öðlast þó gildi 16. nóvember 1990.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um næstu áramót koma til framkvæmda lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum. Umrædd lög áttu að koma til framkvæmda 1. júlí sl. en skattheimtu samkvæmt lögunum var frestað til næstu áramóta með lögum nr. 110/1988, um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Í nefndarálitum fjárhags- og viðskiptanefnda beggja deilda Alþingis varðandi frumvarp til laga um virðisaukaskatt kom fram að nauðsynlegt væri, þar sem löggjöf um virðisaukaskatt væri viðamikil og flókin, að vanda vel til allrar framkvæmdar þegar í upphafi. Augljóst væri að við undirbúning framkvæmdarinnar kæmi fram ýmislegt sem gerði það nauðsynlegt að breyta lögunum í einstökum atriðum og hafi af þeim sökum verið ákveðið að sérstök nefnd fulltrúa stjórnarflokkanna og embættismanna fylgdist með öllum undirbúningi og tæki til umfjöllunar þau áhorfsmál sem upp kynnu að koma. Síðan lögin voru samþykkt hafa starfað tvær nefndir skipaðar fulltrúum þingflokkanna. Fyrri nefndin starfaði undir forustu Kjartans Jóhannssonar og hætti störfum í september 1988. Síðari nefndin hefur starfað undir forustu fjármálaráðherra.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir verðlagsáhrifum þessa frumvarps og hvaða áhrif það muni hafa á tekjur ríkissjóðs. Að lokum fylgja athugasemdir við einstakar greinar.

Tekjur af virðisaukaskatti.

Í fjárlagafrumvarpinu var áætlað að innheimtar tekjur af virðisaukaskatti yrðu 40,5 milljarðar króna á næsta ári. Þar var gengið út frá því að skatthlutfallið yrði 26%. Nú hefur verið ákveðið að miða við 24,5% skatthlutfall, þ.e. 1,5% lægra en í forsendum fjárlagafrumvarps. Með þeim breytingum, sem í frumvarpi þessu felast, er áætlað að innheimtar tekjur af

sölu- og virðisaukaskatti verði 38,6 milljarðar króna á næsta ári, eða 1.900 m.kr. lægri en áður var reiknað með.

Áhrif þeirra breytinga, sem felast í þessu frumvarpi, á tekjur ríkissjóðs eru þrenns konar:

Í fyrsta lagi eru teknar upp sérstakar endurgreiðslur á virðisaukaskatti af matvælum. Áætlaður kostnaður nemur tæplega 1.000 m.kr. miðað við heilt ár. Á næsta ári er hins vegar áætlað að um 900 m.kr. geti komið til greiðslu.

Í öðru lagi er undanþágum frá skatti fjölgað. Þar vega innlendar bækur þyngst. Samanlagt kostar fjölgun undanþága ríkissjóð um hálfan milljarð króna á heilu ári. Áhrifin á næsta ári eru mun minni þar sem gildistaka undanþágna vegna bókanna er það seint á árinu að það hefur ekki teljandi áhrif á skatttekjur ársins 1990.

Í þriðja lagi er skatthlutfallið hækkað úr 22% samkvæmt gildandi lögum í 24,5%. Þetta er minni hækkun en gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu, en þar var miðað við 26% skatthlutfall. Með þessu lækkar meðalskatthlutfall í virðisaukaskatti samanborið við söluskatt úr 24,3% í 23,8% þegar tillit hefur verið tekið til endurgreiðslna vegna matvæla.

Að teknu tilliti til þeirra breytinga, sem felast í fyrirliggjandi frumvarpi, er skattstofn virðisaukaskattsins orðinn rúmlega 5 milljörðum króna minni en söluskattsstofninn. Sama skatthlutfall og í söluskatti mundi því skila minni tekjum en söluskatturinn gerir í dag. Til viðbótar kemur síðan fyrrnefnd lækkun á meðalskatthlutfalli úr 24,3% í söluskatti í 23,8% fyrir virðisaukaskatt.

Að öllu samanlögðu er því niðurstaðan sú að virðisaukaskatturinn muni skila 2 milljörðum króna minni tekjum í ríkissjóð en söluskatturinn gerir í dag, eða um 37,8 milljörðum króna miðað við heilt ár.

Skattstofn söluskatts og virðisaukaskatts samkvæmt frumvarpi.

	Í milljörðum króna					
	Núgildandi söluskattur		Virðisauka-skattur		Breyting, %	
	Stofn	Tekjur	Stofn	Tekjur	Stofn	Tekjur
Heildarskattstofn	**163,9**	**39,8**	**158,7**	**37,8**	**-3,2**	**-5,0**
a) Einkaneysla	**119,9**	**30,0**	**119,2**	**28,2**	**-0,6**	**-6,0**
- Matvæli	34,2	8,5	34,2	7,4	0,0	12,9
- Önnur útgjöld	85,7	21,5	85,0	20,8	-0,8	-3,3
b) Fjárfesting, samneysla, aðföng o.fl	**44,0**	**9,8**	**39,5**	**9,6**	**-10,2**	**-2,0**
- Íbúðarbyggingar*	5,9	1,5	6,3	1,5	6,8	0,0
- Annað	38,1	8,3	33,2	8,1	-12,9	-2,4

* Vinna á byggingarstað er hér ekki meðtalin sem breikkun á stofni, en virðisaukaskattur af þeim þætti verður að fullu endurgreiddur.

Það er rétt að hafa nokkurn fyrirvara á öllum áætlunum um áhrif virðisaukaskatts þar sem hér er á ferðinni ein umfangsmesta skattkerfisbreyting sem hér hefur orðið. Það skapar óhjákvæmilega talsverða óvissu á öllum sviðum áætlanagerðar. Þetta á bæði við um heildaráhrifin á tekjur ríkissjóðs og ekki síður innheimtuþróunina innan ársins, en inn í hana blandast mismunandi uppgjörstímabil, áhrif endurgreiðslna o.fl.

Áhrif virðisaukaskatts á verðlag.

Upptaka virðisaukaskatts hér á landi um næstu áramót hefur margvísleg áhrif á almennt verðlag í landinu. Samkvæmt áætlunum fjármálaráðuneytisins mun gildistaka virðisaukaskattsins ein og sér leiða til ½–1% lækkunar á vísitölu framfærslukostnaðar. Þessi lækkun ætti

að mestu leyti að skila sér í janúarmánuði á næsta ári, en eitthvað gæti flust yfir á febrúarmánuð. Samkvæmt fyrirliggjandi verðlagsspám mundi framfærsluvísitalan þá hækka um 1–1½% í janúar í stað 2%.

Verðlækkunin stafar bæði af beinni verðlækkun ýmissa matvæla, svo sem nýmjólkur og dilkakjöts um allt að 8½%, en einnig vegur 20% lækkun bílatrygginga þungt. Þá á lægra skatthlutfall en í söluskatti einnig að skila sér í verðlækkun. Matvælaliðurinn í heild er talinn geta orðið 2% lægri en ella. Nánar tiltekið eru áhrifin eftirfarandi:

Í fyrsta lagi til lækkunar eru áhrif lægra skatthlutfalls í virðisaukaskatti en söluskatti. Á móti vega áhrif þess að í einstaka tilvikum hækkar skatthlutfallið úr 12% og jafnvel 0 upp í 24,5%.

Í öðru lagi til lækkunar eru áhrif þess að vörur eða þjónusta, sem í dag bera fullan söluskatt, verða undanþegnar virðisaukaskatti, sbr. tryggingariðgjöld.

Í þriðja lagi til lækkunar eru áhrif sérstakra endurgreiðslna á virðisaukaskatti af ýmsum nauðsynjavörum samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar, svo sem nýmjólk, dilkakjöti, fersku innlendu grænmeti og fiski.

Í fjórða lagi til lækkunar eru óbein áhrif þess að uppsöfnun skattsins í framleiðslukostnaði — og þar með í vöruverði — verður úr sögunni.

Þegar fram í sækir má gera ráð fyrir að óbeinu áhrifin af auknu hagræði vegna upptöku virðisaukaskattsins fari að skila sér í lægra vöruverði. Þessi áhrif eru vandmetin, en lausleg ágiskun liggur á bilinu 1–1½% til lækkunar á vísitölunni í heild.

Áhrifin á vísitölu byggingarkostnaðar eru óhagstæðari fyrst í stað þar sem breikkun á skattstofni mun að öllum líkindum valda um 1% hækkun. Í þessu sambandi er rétt að benda á að í þessum áætlunum hefur verið reiknað með sérstakri endurgreiðslu á álögðum virðisaukaskatti á vinnu manna við íbúðarbyggingar. Með þessari endurgreiðslu verður áhrifum skattsins á vinnuþáttinn að fullu mætt sem annars hefðu leitt til 9% hækkunar á byggingarvísitölu.

Líkt og í framfærsluvísitölu má gera ráð fyrir talsverðum óbeinum áhrifum til lækkunar sem rekja má til þess að uppsöfnunaráhrif söluskattsins hverfa. Lauslega áætlað gætu þessi áhrif verið 1–1½%, eða svipað og í framfærsluvísitölu.

Að öllu samanlögðu má því meta áhrif virðisaukaskattsins á verðlag þannig að hann stuðli að þó nokkurri lækkun á vísitölu framfærslukostnaðar þegar allt er talið en lítils háttar hækkun á byggingarvísitölu. Samkvæmt þessu yrðu áhrifin á lánskjaravísitölu óveruleg í fyrstu, en síðan til lækkunar þegar til lengri tíma er litið.

Á hinn bóginn er rétt að vekja athygli á því að verðlagsáhrifin koma væntanlega til með að ráðast af rekstrar- og samkeppnisstöðu einstakra atvinnugreina. Í sumum tilvikum gætu þau skilað sér að fullu út í verðlagið hvort sem er til lækkunar eða hækkunar. Í öðrum tilvikum koma þau fram í bættri rekstrarstöðu fyrirtækjanna. Jafnframt er ljóst að við þær verðlagsaðstæður, sem hér ríkja, er ekki hægt að reikna með beinum lækkunum á verðvísitölum heldur munu verðlækkunaráhrifin koma fram í minni hækkun verðlags en ella hefði orðið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 3. mgr. 2. gr. virðisaukaskattslaga er talin upp sú starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskatti, þ.e. haldið utan skattskyldusviðs. Sá sem hefur með höndum undanþegna starfsemi innheimtir ekki skatt af þjónustu sinni. Á móti fær hann ekki frádreginn þann virðisaukaskatt sem hann greiðir við kaup á aðföngum til starfseminnar.

Hér er lagt til að þessar undanþágur verði rýmkaðar. Eftirtalin starfsemi, sem er skattskyld samkvæmt gildandi lögum, verður undanþegin nái frumvarpið fram að ganga:

— Ökukennsla.
— Aðgangseyrir að tónleikum, leiksýningum og leikhúsum, enda tengist samkomur þessar ekki á neinn hátt öðru samkomuhaldi eða veitingastarfsemi.
— Íþróttastarfsemi og aðgangseyrir að heilsuræktarstofum. Samkvæmt gildandi lögum er aðgangseyrir að sundstöðum, skíðalyftum, íþróttamótum og íþróttasýningum þegar undanþeginn. Rýmkun undanþágunnar hefur m.a. þá þýðingu að ýmiss konar æfingagjöld, sem íþróttafélög innheimta nú af félagsmönnum, verða ekki skattskyld.

Í 15. tölul. 3. mgr. gildandi laga er sala tímarita undanþegin virðisaukaskatti. Sala dagblaða og landsmálablaða er hins vegar m.a. undanþegin skattskyldri veltu í 12. gr. laganna. Auk þeirrar mismununar, sem þetta veldur, er tæknilega erfitt að undanþiggja vörusölu virðisaukaskatti á þennan hátt. Því er lagt til að undanþága þessi verði felld úr 2. gr. en tekin upp í 12. gr. Sjá nánar athugasemdir við 6. gr. frumvarpsins.

Í 6. mgr. 3. gr. laganna segir nú að fjármálaráðherra sé heimilt að setja í reglugerð nánari skilyrði fyrir undanþágum skv. 2. gr. og ákveða nánar hvað undir þær falli. Í g-lið þessarar greinar er lagt til að þessi heimild verði þrengd þannig að ráðherra sé aðeins heimilt að setja almenn skilyrði fyrir undanþágum samkvæmt greininni, en ekki ákveða hvort einstök starfsemi falli undir undanþáguákvæði. Litið er svo á að slík túlkun og skýring skattalaga sé í höndum skattstjóra, ríkisskattanefndar og dómstóla.

Um 2. gr.

Með þeirri breytingu, sem lögð er til í a-lið, eru tekin af öll tvímæli um það að sala listaverka á listmunauppboðum beri ekki virðisaukaskatt. Þessi sala er nú undanþegin söluskatti samkvæmt lögum nr. 36/1987, um listmunauppboð, en sú undanþága tekur að sjálfsögðu ekki sjálfkrafa til virðisaukaskatts. Eðlilegast þykir að undanþágu af þessu tagi sé að finna í virðisaukaskattslögunum sjálfum.

Þá er lagt til í b-lið að skólamötuneyti verði undanþegin skattskyldu. Er það í samræmi við ákvæði í gildandi söluskattslögum.

Um 3. gr.

Samkvæmt 5. gr. laga um virðisaukaskatt ber skattskyldum aðilum að tilkynna um starfsemi sína til skattstjóra. Hér er lagt til að í lögin verði tekið ákvæði um hvernig skuli með fara ef aðili sinnir ekki tilkynningarskyldu sinni. Ákvæðið er sambærilegt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Um 4. gr.

Samkvæmt 8. gr. laganna skal reikna virðisaukaskatt miðað við almennt gangverð, t.d. þegar eigandi tekur vöru út úr fyrirtæki sínu til eigin nota eða til nota við undanþegna starfsemi fyrirtækisins. Vera kann að slíkt almennt gangverð liggi ekki fyrir og er því lagt til að ríkisskattstjóri skuli gefa út reglur um viðmiðunarverð í þessu sambandi. Er hér um að ræða sambærilega heimild til handa ríkisskattstjóra og nú er að finna í 116. gr. tekjuskattslaga.

Um 5. gr.

Hér er um að ræða breytingu sem leiðir af hækkun skatthlutfalls virðisaukaskatts úr 22% í 24,5%.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. 12. gr. virðisaukaskattslaga er að finna undanþágur frá þeirri almennu reglu laganna að öll afhending vöru og verðmæta, vinnu og þjónustu teljist til skattskyldrar veltu aðila. Undanþága samkvæmt þessari grein hefur það í för með sér að útskattur leggst ekki á endurgjald fyrir tiltekna vöru, vinnu eða þjónustu. Hins vegar fæst innskattur (virðisauka-

skattur af aðföngum) eftir sem áður dreginn frá eða endurgreiddur eftir almennum reglum laganna.

Eftirtaldar breytingar eru lagðar til hvað þetta ákvæði varðar:

— Í a-lið er lagt til að sala tímarita verði undanþegin skattskyldri veltu á sama hátt og sala dagblaða, landsmála- og héraðsfréttablaða og afnotagjöld útvarpsstöðva.
— Þá er í b-lið lagt til að sala bóka á íslenskri tungu, jafnt frumsaminna sem þýddra, verði undanþegin skattskyldri veltu. Gert er ráð fyrir að þetta ákvæði laganna taki gildi 16. nóv. 1990, þ.e. þegar síðasta uppgjörstímabil þess árs hefst. Í þessu sambandi skal tekið fram að nauðsynlegt er að setja sérstakar reglur um bókhald og uppgjör þeirra aðila sem hafa með höndum sölu á skattskyldri vöru eða þjónustu samhliða bóksölu.
— Í c-lið er lagt til að sala á heitu vatni, rafmagni og olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis verði undanþegin skattskyldri veltu. Til greina kom að endurgreiða húseigendum virðisaukaskatt af þessari orku, en með hliðsjón af því að hér er um tiltölulega afmarkað svið að ræða og fáa seljendur, sem í hlut eiga, þykir undanþáguaðferðin eðlilegri í þessu tilviki.

Í 2. málsl. 3. mgr. er nú að finna heimildarákvæði um að endurgreiða megi virðisaukaskatt til erlendra ferðamanna. Lagt er til að það ákvæði verði fært í nýjan kafla laganna (sjá athugasemdir við 13. gr.).

Um 7. gr.

Í a-lið er um að ræða breytingu sem leiðir af hækkun skatthlutfallsins.

Þegar greiðsla fer fram að fullu eða öllu áður en afhending á sér stað telst innborguð fjárhæð til skattskyldrar veltu. Þó er sú undantekning í gildandi lögum að heimilt er að halda utan skattskyldrar veltu innborgunum þegar umsaminn afhendingartími er innan þriggja mánaða frá fyrstu innborgun eða umsamdar innborganir nema samtals lægri fjárhæð en 100.000 kr. Í b-lið felst sú efnisbreyting að þessi frávik verði felld úr lögunum þannig að allar innborganir teljist til skattskyldrar veltu. Mun það einfalda verulega bókhald fyrirtækja ef ein og sama reglan gildir um allar innborganir að þessu leyti.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að skatthlutfallið verði 24,5% í stað 22% áður. Að öðru leyti vísast til þess sem rakið er í almennum athugasemdum hér að framan.

Um 9. gr.

Hér er um að ræða breytingu sem leiðir af hækkun skatthlutfalls virðisaukaskatts úr 22% í 24,5%.

Um 10. gr.

Með þessari breytingu er kveðið skýrt á um það að skuldajafna skuli öllum vangreiddum opinberum gjöldum sem renna í ríkissjóð á móti endurgreiðslu virðisaukaskatts. Skuldajöfnun næði þannig t.d. til vangreiddrar staðgreiðslu og launaskatts, en samkvæmt gildandi lögum nær hún aðeins til vangreidds virðisaukaskatts ásamt álagi og dráttarvöxtum.

Um 11. gr.

Samkvæmt þessari grein er lagt til að álag vegna vangreiðslu á virðisaukaskatti geti hæst orðið 20% í stað 10% samkvæmt núgildandi lögum. Með þessari breytingu yrði álag vegna vangreiðslu á virðisaukaskatti hið sama og í söluskatti, þó þannig að í söluskatti reiknast álagið 4% á dag í fimm daga, en samkvæmt frumvarpi þessu mundi það reiknast 2% á dag í tíu daga. Þessi breyting er m.a. talin nauðsynleg vegna þess að ákvæði um forgang skulda á virðisaukaskatti við skipti á þrotabúum og skuldafrágöngubúum var fellt niður með lögum nr. 78/1989.

Um 12. gr.

Með þessari breytingu er lagt til að reglum um kærur til skattstjóra og ríkisskattanefndar verði breytt til samræmis við þær reglur sem gilda um tekjuskatt og eignarskatt. Meðal annars er kærufrestur lengdur úr 15 dögum í 30 daga og kveðið á um það að úrskurðir ríkisskattanefndar skuli vera rökstuddir.

Um önnur atriði en hér er sérstaklega kveðið á um fer eftir ákvæðum 100. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Á þetta m.a. við um kröfugerð ríkisskattstjóra, gagnaöflun málsaðila og önnur ákvæði um málsmeðferð.

Um 13. gr.

Hér er lagt til að inn í lögin komi nýr kafli um endurgreiðslur vegna virðisaukaskatts. Er þar safnað saman á einn stað öllum endurgreiðsluákvæðum laganna.

Lagt er til að endurgreiðsluákvæði, sem nú er að finna í 2. mgr. 12. gr. og 1. og 2. mgr. 47. gr. laganna, verði öll í nýrri 43. gr.

Þá er lagt til að lögfest verði þrjú ný ákvæði um skyldu eða heimildir til endurgreiðslu virðisaukaskatts:

— Í fyrsta lagi að endurgreiða skuli hluta þeirrar fjárhæðar sem að óbreyttu hefði innheimst í ríkissjóð sem virðisaukaskattur af tiltekinni innlendri matvöru. Endurgreiðslan kæmi til frádráttar söluverði matvörunnar; á heildsölustigi hvað mjólk og dilkakjöt varðar, en að mestu á smásölustigi þegar fiskur og innlent grænmeti á í hlut. Endurgreiðslan skal vera nægileg til að smásöluverð þessarar matvöru verði sambærilegt því að hún bæri 14% skatt á smásölustigi í stað 24,5%.
— Í öðru lagi að heimilt verði að endurgreiða þann virðisaukaskatt sem byggjendur og eigendur íbúðarhúsnæðis greiða vegna vinnu manna á byggingarstað við byggingu íbúðarhúsnæðis eða endurbætur á því. Það telst endurbót í þessu sambandi þegar heildarkostnaður við framkvæmdir á einu almanaksári nemur að minnsta kosti 7% af fasteignamati húseignarinnar eins og það er í byrjun þess árs sem um ræðir. Er hér um að ræða sambærilega skilgreiningu á endurbótum og var í tekjuskattslögum áður en þeim var breytt með lögum nr. 49/1987. Gert er ráð fyrir því að endurgreiðslur þessar verði byggðar á reikningi. Endurgreitt verði ársfjórðungslega til þeirra sem byggja íbúðarhúsnæði hvort sem um er að ræða lögaðila eða einstaklinga. Ráðherra getur með reglugerð á grundvelli ákvæðisins ákveðið að endurgreiðslurnar taki til verksmiðjuframleidds íbúðarhúsnæðis, þannig að endurgreiddur verði virðisaukaskattur vegna þeirrar verksmiðjuvinnu er unnin hefði verið á byggingarstað við smíði húss á hefðbundinn hátt.
— Í þriðja lagi er lagt til að heimilt verði að endurgreiða sveitarfélögum virðisaukaskatt sem þau greiða vegna kaupa á skattskyldri vöru eða þjónustu af atvinnufyrirtækjum. Lög um virðisaukaskatt gera ráð fyrir því að skattlagning samkvæmt þeim raski ekki samkeppnisstöðu þeirra fyrirtækja sem eiga viðskipti við sveitarfélög og aðra óskráða aðila er geta sjálfir veitt sér þjónustu. Því er annað tveggja nauðsynlegt: að skattleggja eigin not óskráðra aðila eða endurgreiða þeim þann skatt sem þeir greiða við kaup þjónustunnar af öðrum. Gert er ráð fyrir að báðar þessar leiðir verði farnar eftir atvikum. Lagaheimild til skattlagningar í þessum tilvikum er að finna í 2. mgr. 3. gr. gildandi laga, en lagt er til að heimild til endurgreiðslu verði tekin inn í nýja 42. gr.

Um 14. gr.

Í breytingunni felst að fyrirtæki, sem selur tollfrjálsri verslun, t.d. fríhöfninni í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, skal leggja virðisaukaskatt á söluna eftir almennum reglum. Sá skattur kemur sem innskattur hjá tollfrjálsu versluninni. Hún leggur hins vegar ekki útskatt á sölu sína og fær því endurgreiddan skatt vegna innkaupanna. Breyting þessi hefur ekki áhrif á skatttekjur ríkissjóðs. Hún einfaldar hins vegar bókhald þeirra fyrirtækja sem selja tollfrjálsum verslunum og auðveldar skatteftirlit með þeim.

Um 15. gr.

Greininni er breytt á þann veg að heimildarákvæði um endurgreiðslur virðisaukaskatts til sendimanna erlendra ríkja og erlendra fyrirtækja eru flutt í nýjan kafla, sbr. athugasemdir við 13. gr. Þá er lagt til að felld verði niður heimild fjármálaráðherra til að „... undanþiggja tiltekna aðila skattskyldu ... enda teljist slíkt nauðsynlegt til að samræmis gæti varðandi skattskyldu samkvæmt lögum þessum". Heimildir af þessu tagi eru umdeildar þar sem þær þykja fela í sér nokkuð vafasamt framsal löggjafans á skattlagningarvaldi.

Tilgangur ákvæðisins í fyrri málslið 2. mgr. er að auðvelda skattheimtu af dansleikjum og öðrum skemmtanaskattsskyldum samkomum sem ekki eru haldnar í tengslum við fastan rekstur samkomuhúss. Sambærilegt ákvæði er í söluskattslögum. Ákvæðinu í síðari málslið málsgreinarinnar er ætlað að auðvelda minni sveitarfélögum uppgjör þess skatts sem þeim verður gert að greiða af framleiddri vöru og veittri þjónustu til eigin nota, sbr. 2. mgr. 3. gr. gildandi laga.

Um 16. gr.

Þær breytingar, sem hér eru lagðar til á ákvæði til bráðabirgða I, eru af tvennum toga.

Í fyrsta lagi er kveðið skýrar að orði um ýmis atriði en nú er gert. Á þetta m.a. við um þá breytingu sem lögð er til á 4. mgr. ákvæðisins.

Í öðru lagi hefur komið í ljós að gera þarf sérstakar bráðabirgðaráðstafanir vegna breytingarinnar frá söluskatti í virðisaukaskatt á fleiri sviðum en gert var ráð fyrir við setningu laganna. Eru ákvæði um þessi atriði tekin upp í 5. og 6. mgr. ákvæðisins, sbr. 7. mgr.

Breytingin í 5. mgr. felst í því að seljandi vöru eða þjónustu getur við uppgjör á virðisaukaskattsskyldri veltu dregið frá skattverð endursendra vara og töp á útistandandi viðskiptaskuldum vegna sölu með söluskatti fyrir 1. jan. 1990 og krafna sem stofnast hafa fyrir þann tíma. Skilyrði er að sjálfsögðu að um söluskattsskylda sölu hafi verið að ræða. Um skilyrði fyrir frádrætti, þar á meðal hvenær telja skuli kröfu tapaða, gilda almennar reglur laganna. Tekið skal fram að frádráttarhlutfallið yrði 80% í þessum tilvikum, þ.e. það hlutfall af greiðslu sem nemur söluandvirði hins selda án söluskatts ef reiknað er með því að söluskattur sé innifalinn í greiðslunni.

Ástæða ákvæðisins í 6. mgr. er að komið getur til óeðlilegrar tvísköttunar í sumum tilvikum ef leigugreiðslur af fjármögnunarleigusamningum, sem gerðir hafa verið fyrir 1. janúar 1990, verða virðisaukaskattsskyldar. Frádráttarheimild virðisaukaskatts veldur því hins vegar að þetta vandamál mun ekki verða til staðar vegna samninga sem gerðir verða eftir að virðisaukaskattslögin koma til framkvæmda. Leigugreiðslur vegna samninga þessara eru undanþegnar söluskatti samkvæmt sérstökum reglum. Lagt er til að leigugreiðslur vegna samninga, sem í gildi verða í árslok 1989, verði undanþegnar virðisaukaskatti. Gert er ráð fyrir því að fjármálaráðherra setji nánari reglur um framkvæmd undanþágunnar, m.a. um að eignaleigufyrirtæki leggi fram sérstaka skrá hjá ríkisskattstjóra um þá samninga sem hér um ræðir.

Nd. 242. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur meiri hl. til að það verði samþykkt óbreytt. Þórarinn V. Þórarinsson, framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands, kom til viðræðna við nefndina um frumvarpið.

Alþingi, 5. des. 1989.

Páll Pétursson, form., frsm. Ragnar Arnalds. Guðmundur G. Þórarinsson.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Nd. 243. Breytingartillaga [53. mál]

við brtt. á þskj. 211 [Veiting ríkisborgararéttar].

Frá Jóni Kristjánssyni.

Á undan a-lið bætist nýr stafliður er orðist svo:
Á eftir 7. tölul. 1. gr. komi nýr töluliður svohljóðandi:
Bogdanski, Withold Aleksander, fulltrúi í Reykjavík, f. 3. október 1957 í Póllandi.

Nd. 244. Frumvarp til laga [53. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 5. des.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Allison, Allan, leiðbeinandi í Vestmannaeyjum, f. 16. apríl 1951 í Englandi.
2. Annisius, Jane Matheson, hjúkrunarfræðingur á Húsavík, f. 5. maí 1953 í Skotlandi.
3. Annisius, Marta Melek, barn á Húsavík, f. 22. desember 1984 í Tyrklandi.
4. Annisius, Ómar Mehmet, barn á Húsavík, f. 22. desember 1984 í Tyrklandi.
5. Banine, Abdesselam, trésmiður í Kópavogi, f. 9. janúar 1939 í Marokkó.
6. Beraquit, Annie Belmonte, ljósmyndari í Reykjavík, f. 2. júlí 1961 á Filippseyjum.
7. Bogatynska, Stanislawa Janina Holcer, hagfræðingur í Reykjavík, f. 7. janúar 1919 í Póllandi. Fær réttinn 10. mars 1990.
8. Bogdanski, Withold Aleksander, fulltrúi í Reykjavík, f. 3. október 1957 í Póllandi.
9. Borghildur Gunnlaugsdóttir, verkakona í Keflavík, f. 4. febrúar 1951 í Njarðvík.
10. Crivello, Antonie Théodore, framkvæmdastjóri á Egilsstöðum, f. 26. mars 1949 í Frakklandi.
11. Daglas, Samir Fathi Ahmad, verslunarmaður í Hafnarfirði, f. 28. maí 1964 í Palestínu.
12. Daníel Vincent Antonsson, nemandi á Egilsstöðum, f. 17. október 1975 á Íslandi.
13. Darling, Robert Albert, tónlistarkennari í Hveragerði, f. 5. febrúar 1955 í Englandi.

14. Halvorson, Leif David, nemandi í Mosfellsbæ, f. 27. ágúst 1969 í V-Þýskalandi.
15. Hansen, Lars, dýralæknir í Rangárvallasýslu, f. 23. apríl 1958 á Íslandi.
16. Harrison, Robert Leslie, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 22. júní 1939 í Englandi.
17. Haugen, Anni Guðný, félagsráðgjafi í Reykjavík, f. 14. september 1950 í Noregi.
18. Holbrook, William Peter, tannlæknir í Reykjavík, f. 17. febrúar 1949 í Englandi.
19. Holm, Unnur Agnes, verkakona á Suðureyri, f. 26. maí 1966 í Reykjavík.
20. Hurlen, Hildur Tordis, húsmóðir í N-Þingeyjarsýslu, f. 18. apríl 1943 í Noregi.
21. Ingham, Julie Ann, skólastjóri í Reykjavík, f. 5. september 1959 í Englandi.
22. Jacobsen, Davíð, barn í Hafnarfirði, f. 15. ágúst 1988 á Indlandi.
23. Jansen, Grete, bókari í Reykjavík, f. 9. janúar 1945 í Reykjavík.
24. Letelier, Roxanna Angélica Morales, gangastúlka á Akureyri, f. 25. júní 1947 í Chile.
25. Martino, Anthony, nemandi í Reykjavík, f. 26. október 1966 í Keflavík.
26. Martino, Dwight Alexander, nemandi í Reykjavík, f. 12. október 1971 í Keflavík.
27. Millington, Hope Henry, dagskrárklippari í Reykjavík, f. 15. febrúar 1957 í Bandaríkjunum.
28. Nielsen, Snjólaug Elísabet, afgreiðslumaður í Reykjavík, f. 23. júní 1966 í Kópavogi.
29. Peterson, Connie Marie, barn á Neskaupstað, f. 27. desember 1985 í Bandaríkjunum.
30. Peterson, Peter Kjartan, barn á Neskaupstað, f. 13. maí 1987 í Reykjavík.
31. Sigtryggur Levi Kristófersson, nemi í Bandaríkjunum, f. 16. september 1962 í Reykjavík.
32. Sigurður William Brynjarsson, nemandi á Patreksfirði, f. 20. ágúst 1975 í Keflavík.
33. Sigurður Kristófer Óskarsson, barn í Reykjavík, f. 5. október 1988 á Indlandi.
34. Steinunn Ruth Guðmundsdóttir, barn á Selfossi, f. 14. desember 1987 á Indlandi.
35. Sörensen, Ruth Bredahl, matráðskona á Akureyri, f. 4. febrúar 1941 í Danmörku.
36. Thompson, Richard Erik, sjómaður á Þingeyri, f. 21. júlí 1968 í Bandaríkjunum.
37. Wessman, Flemming Gauti, nemi í Noregi, f. 11. febrúar 1972 í Reykjavík.
38. Wessman, Ægir Ib Elof, flugmaður í Sameinuðu furstadæmunum, f. 12. september 1963 í Reykjavík.
39. Yonkova, Asia Ilianova, nemandi í Reykjavík, f. 30. ágúst 1965 í Búlgaríu. Fær réttinn 7. febrúar 1990.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 245. Frumvarp til laga [209. mál]

um breyting á lögum um lausafjárkaup, nr. 39/1922.

Flm.: Jón Sæmundur Sigurjónsson, Geir H. Haarde, Ásgeir Hannes Eiríksson, Guðrún Helgadóttir, Ingi Björn Albertsson, Jón Kristjánsson, Þórhildur Þorleifsdóttir.

1. gr.

Við 54. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Kröfur vegna galla í steinsteypu, sem keypt var tilbúin frá framleiðanda, fyrnast á tíu árum frá afhendingu vörunnar, nema seljandi hafi skuldbundið sig til að ábyrgjast vöruna lengri tíma eða haft svik í frammi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að frumkvæði Húseigendafélags Reykjavíkur. Það felur sér að fyrningarfrestur krafna, sem rísa kunna vegna galla í steinsteypu, lengist úr einu ári í tíu ár frá afhendingu. Tilgangur frumvarpsins er sá að auka vernd húsbyggjenda og annarra kaupenda steinsteypu gagnvart göllum er leynast kunna í steypunni og auka ábyrgð framleiðenda, verktaka og eftirlitsaðila að sama skapi.

Á síðari árum hefur æ fleirum orðið ljóst að ákvæði 54. gr. laga um lausafjárkaup, nr. 39/1922, er kveður á um eins árs fyrningarfrest krafna vegna galla á seldum hlut eða vöru sem meginreglu, er óeðlilegt og fresturinn of skammur hvað varðar galla á vissum vörutegundum, t.d. byggingarefni, þar sem vitað er að gallar, sem voru á vörunni er kaup fóru fram, geta hæglega dulist kaupanda þótt hann hafi beitt eðlilegri árvekni við kaupin og mjög langur tími liðið þar til þeir koma fram. Er þetta því bagalegra þar sem hér er oft um afar mikil verðmæti að ræða og gallinn getur hæglega valdið kaupanda illbærilegu tjóni ef honum reynist ókleift að rétta hlut sinn gagnvart seljanda. Einkum hefur tilbúin steinsteypa til mannvirkjagerðar komið til umræðu og athugunar í þessu sambandi, ekki síst í tilefni af kunnum málaferlum fyrir nokkrum árum þar sem mjög reyndi á ákvörðun fyrningarfrests vegna alvarlegra galla á keyptri steinsteypu til íbúðarhússbyggingar. Varð niðurstaðan sú í dómi Hæstaréttar frá 27. júní 1983 (Hrd. 1983, bls. 1469) að krafa húsbyggjandans (kaupanda steypunnar) var talin fyrnd samkvæmt ákvæði 54. gr. laga nr. 39/1922 um ársfrest til kröfugerðar frá því að kaup tókust, en mörg ár liðu hins vegar þar til húsbyggjandinn varð gallans var sem hafði í för með sér stórtjón fyrir hann. Vakti þessi niðurstaða m.a. mikla umræðu í fjölmiðlum og kom fram í máli margra að niðurstaða í þessa átt gæti verið óréttlát gagnvart neytendum enda þótt ekki yrði vefengt að Hæstiréttur hefði einungis farið eftir gildandi lögum. Var tillögum til úrbóta jafnframt hreyft á Alþingi án þess þó að þar fengist nein niðurstaða um réttarbætur. Er þessu frumvarpi því ætlað að leysa tiltekinn vanda á umræddu sviði ef að lögum verður.

Þegar hugað er að breytingum á 54. gr. laga nr. 39/1922 í fyrrnefnda átt er ljóst að örðugt getur verið að ákvarða þær vörutegundir sem til álita kemur að setja um sérstakt ákvæði þar sem fyrningarfrestur sé lengdur til muna frá því sem algengast er í lausafjárkaupum. Hefur orðið að ráði að miða hér einungis við tilbúna steinsteypu, sökum þess að þar birtist vandamálið í skýrustu ljósi og ætla má að gallar á því sviði hafi verið og séu allalgengir (sbr. m.a. „alkalískemmdir" svokallaðar). Er þá miðað við það í 1. gr. frumvarpsins að um þessa sérstöku vörutegund gildi tíu ára fyrningarfrestur sem reyndar er hinn almenni fyrningarfrestur samkvæmt lögum nr. 14/1905 (nema annað sé sérstaklega tekið fram í þeim lögum).

Jafnframt þykir eðlilegt að hafa sama fyrirvara og nú er í 54. gr. um sérstaka ábyrgð seljanda til lengri tíma en tíu ára og um svik seljanda, en um svik gildir þá að öðru leyti ákvæðið í 7. gr. laga nr. 14/1905. Rétt þykir hér einnig, til þess að taka af öll tvímæli, að miða upphaf fyrningarfrestsins við afhendingu vörunnar svo sem gert er í 54. gr. laga nr. 39/1922, en reglur laga nr. 14/1905 um það efni eru hins vegar ekki nægilega ljósar. Verður almennt að ætla að ákvæði um tíu ára fyrningarfrest á umræddri vöru muni hvort tveggja í senn verða framleiðendum (seljendum) sérstök hvatning til vöruvöndunar og nákvæms gæðaeftirlits og leiða til fullnægjandi réttarbóta fyrir neytendur í flestum tilvikum, þótt hins vegar séu dæmi þess, svo sem í fyrrnefndu dómsmáli, að sá frestur sé ekki nægilega langur sökum þess hve gallar í steinsteypu geta verið lengi að koma fram. Á hitt ber þó að líta að seljendur þessarar vöru sem annarrar hafa augljósa hagsmuni af því að reglur um fyrningarfrest séu glöggar og einnig að fresturinn verði ekki ákveðinn mjög langur, t.d. langt umfram tíu ár, því að það mundi skerða réttaröryggi þeirra um of.

Meðal annarra Norðurlandaþjóða stendur nú yfir endurskoðun hinna almennu laga um lausafjárkaup og hafa sumar þjóðirnar nýlega lögtekið endurskoðaða lagabálka um það efni. Hefur þetta endurskoðunarstarf farið fram í norrænni samvinnu sem íslensk stjórnvöld hafa haft tækifæri til að fylgjast með þótt ekki hafi þar verið um beina þátttöku að ræða. Hefur verið leitast við að hafa sem mest samræmi milli texta hinna nýju norrænu laga á þessu sviði, en ljóst er þó að um algert samræmi verður þar ekki að ræða. Ætla verður að á næstu árum muni íslensk stjórnvöld hlutast til um endurskoðun núgildandi laga um lausafjárkaup. Má þá telja víst að í flestum efnum verði tekið mið af meginreglum hinna endurskoðuðu kaupalaga grannþjóða okkar, en jafnan verður þó að taka nægilegt tillit til íslenskra séraðstæðna þar sem það á við. Ákvæði það um viðbót við núverandi 54. gr. kaupalaga, sem hér er borið fram í frumvarpsformi, mun tvímælalaust eiga fullan rétt á sér í endurskoðuðum lögum um lausafjárkaup, en ástæðulaust er að bíða þeirrar endurskoðunar hvað þetta ákvæði varðar sökum þess að um brýna réttarbót er að ræða sem verndar hag neytenda á mikilvægu viðskiptasviði.

Flutningsmenn gera sér ljóst að ævinlega er vandasamt að kveða í löggjöf á um ábyrgð einstakra aðila að almennum viðskiptum. Verslun með steinsteypu er mjög mikilvægt svið viðskipta hér á landi þar sem iðulega eru ríkir hagsmunir í húfi enda ekki óalgengt að húsbyggjendur leggi aleigu sína að veði þegar ráðist er í húsbyggingu. Því er brýnt að hugað sé að vernd þeirra sem neytenda, en þó þannig að gætt sé eðlilegs jafnvægis milli hagsmuna kaupenda og seljenda. Sala og meðferð steinsteypu er nú mun þróaðri tæknilega en áður var. Ljóst er og að ending steypu er ekki einvörðungu háð gæðum framleiðslunnar sem nú er venjulega dælt í steypumót úr flutningstæki, heldur einnig meðferð hennar á byggingarstaðnum. Því þarf að vega og meta hvernig ábyrgð á hugsanlegum göllum skuli skipt milli framleiðenda og annarra er að verkinu koma sem og eftirlits- og úttektaraðila.

Flutningsmenn telja eðlilegt að í þingnefnd verði farið nánar í saumana á þessum atriðum og kallað eftir áliti tæknimanna á þessu sviði.

Þess má að lokum geta að tvö þingmál nátengd þessu málefni voru flutt á Alþingi fyrir nokkrum árum. Annars vegar frumvarp á 107. löggjafarþingi (329. mál, flm. Sighvatur Björgvinsson o.fl.) og hins vegar tillaga til þingsályktunar á 106. löggjafarþingi (325. mál, flm. Birgir Ísl. Gunnarsson o.fl.).

Nd. 246. Lög [125. mál]

um breyting á lögum um sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum, nr. 29/1986.

(Afgreidd frá Nd. 6. des.)

Samhljóða þskj. 161.

Nd. 247. Frumvarp til laga [210. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 30. gr.:

a. Í stað „90.000“ og „180.000“ í 1. málsl. 2. tölul. B-liðar 1. mgr. komi: 108.000 og 216.000.
b. Í stað „72.000“ og „144.000“ í 2. málsl. 4. tölul. B-liðar 1. mgr. komi: 100.000 og 200.000.
c. Í stað „15.400.000“ og „30.800.000“ í 3. málsl. 2. mgr. komi: 18.200.000 og 36.400.000.

2. gr.

Í stað „82.600“ í 41. gr. komi: 100.000.

3. gr.

1. tölul. 1. mgr. 67. gr. orðist svo:
Af tekjuskattsstofni reiknast 32,8%.

4. gr.

Í stað „214.104“ í 1. mgr. A-liðar 68. gr. komi: 250.200.

5. gr.

Í stað „492“ í 1. mgr. B-liðar 68. gr. komi: 575.

6. gr.

Í stað „21.568“, „32.353“ og „64.705“ í A-lið 69. gr. komi: 25.204, 37.807 og 75.614.

7. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á B-lið 69. gr.:

a. Í stað „51.224“ í 2. mgr. komi: 59.860.
b. Í stað „825.000“ og „550.000“ í 3. mgr. komi: 920.000 og 613.000.
c. Í stað „2.850.000“ og „4.275.000“ í 4. mgr. komi: 3.280.000 og 4.920.000.

8. gr.

Í stað 2. og 3. mgr. C-liðar 69. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 79/1989, komi þrjár nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Vaxtabætur skal ákvarða þannig að frá vaxtagjöldum, eins og þau eru skilgreind í 3. mgr., skal draga fjárhæð er svarar til 6% af tekjuskattsstofni eins og hann er skilgreindur í 62. gr. Sé um hjón eða sambýlisfólk, sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr., að ræða skal framangreint hlutfall reiknast af samanlögðum tekjuskattsstofni þeirra beggja. Þannig ákvarðaðar vaxtabætur einstaklings skerðast hlutfallslega fari eignir hans skv. 73. gr., að frádregnum skuldum skv. 76. gr., fram úr 2.500.000 kr. uns þær falla niður við tvöfalt hærri mörk. Vaxtabætur hjóna eða sambýlisfólks skerðast með sama hætti fari samanlagðar eignir þeirra skv. 73. gr., að frádregnum skuldum skv. 76. gr., fram úr 4.150.000 kr. uns þær falla niður við tvöfalt hærri mörk. Jákvæður mismunur telst vera vaxtabætur. Vaxtabætur geta þó aldrei orðið hærri en 107.000 kr. fyrir hvern mann, 140.000 kr. fyrir einstætt foreldri og 174.000 kr. fyrir hjón eða sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. Vaxtabætur greiðast út eigi síðar en 1. sept. ár hvert að lokinni álagningu opinberra gjalda og miðast við vaxtagjöld viðkomandi tekjuárs og eignir í lok þess sama árs. Vaxtabætur, sem eru lægri en 500 kr. á mann, falla niður.

Vaxtabætur skv. 2. mgr. miðast við fjárhæð vaxtagjalda hjá hverjum framteljanda. Vaxtagjöld samkvæmt þessari málsgrein geta aldrei verið hærri en 400.000 kr. hjá einstaklingi, 525.000 kr. hjá einstæðu foreldri, en 650.000 kr. hjá hjónum eða sambýlisfólki. Til vaxtagjalda í þessu sambandi teljast:

1. Vaxtagjöld, afföll og gengistöp skv. 1., 2. og 4. tölul. 51. gr. að því marki sem þau eru umfram vaxtatekjur skv. 3.–5. tölul. 1. mgr. 8. gr., enda séu gjöld þessi vegna fasteignaveðlána til a.m.k. tveggja ára eða lána við lánastofnanir með sjálfskuldarábyrgð til a.m.k. tveggja ára, enda séu lánin sannanlega notuð til öflunar á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Til vaxtagjalda sem verðbætur og gengistöp teljast í þessu sambandi aðeins gjaldfallnar verðbætur og gengistöp á afborganir og vexti. Með eigin notum er átt við að húsnæðið sé nýtt til íbúðar af eiganda þess sjálfum.
2. Vaxtagjöld umfram vaxtatekjur skv. 3.–5. tölul. 1. mgr. 8. gr. vegna annarra lána en um ræðir í 1. tölul., enda er einungis heimilt að telja þau með á næstu fjórum árum talið frá og með kaupári ef um er að ræða kaup á íbúð til eigin nota, sbr. 1. tölul. Sé um nýbyggingu að ræða er heimilt að telja þau með á næstu sjö árum talið frá og með því ári þegar bygging hefst, eða til og með því ári sem húsnæðið er tekið til íbúðar ef það er síðar.

Hvorki teljast til vaxtagjalda hjá seljanda áfallnar uppsafnaðar verðbætur af lánum sem kaupandi yfirtekur við sölu íbúðar né heldur uppsafnaðar áfallnar verðbætur á lán skuldara sem hann greiðir á lánstíma umfram ákvæði viðkomandi skuldabréfs.

Ef annað hjóna, sem rétt eiga á vaxtabótum, fellur frá skal ákvarða eftirlifandi maka, sem situr í óskiptu búi, vaxtabætur eins og um hjón væri að ræða næstu fimm ár eftir lát maka.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 78. gr.:

a. Í stað „900.000“ og „1.800.000“ komi: 1.080.000 og 2.160.000.
b. Við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Auk heimildar í 1. mgr. er mönnum heimilt að draga frá eignum sínum, sbr. 73. gr., markaðsverðbréf sem gefin eru út af ríkissjóði, ríkisvíxla, happdrættisskuldabréf ríkissjóðs, húsbréf gefin út af Byggingarsjóði ríkisins svo og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða, sbr. lög nr. 20/1989, þar sem verðbréfasjóðurinn er eingöngu myndaður af framangreindum skuldaviðurkenningum, enda séu eignir þessar ekki tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

10. gr.

83. gr. laganna orðist svo:

Eignarskattur manna reiknast þannig: Af fyrstu 2.875.000 kr. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur. Af eignarskattsstofni yfir 2.875.000 kr. greiðist 1,2%. Af eignarskattsstofni yfir 8.050.000 kr. greiðist að auki 0,75%, þó þannig að hjá þeim sem hafa tekjuskattsstofn undir 1.680.000 kr. skal lækka reiknaðan eignarskatt samkvæmt þessum málslið, hlutfallslega þannig að hann falli að fullu niður ef tekjuskattsstofn er undir 840.000 kr.

11. gr.

89. gr. laganna orðist svo:

Ríkisskattanefnd skal vera óháður úrskurðaraðili í ágreiningsmálum um ákvörðun skattstofna og skatta samkvæmt lögum þessum eins og nánar er kveðið á um í þeim. Hefur nefndin aðsetur í Reykjavík.

Ríkisskattanefnd ákveður sektir við brotum á lögum þessum skv. 107. og 108. gr.

Ríkisskattanefnd skal úrskurða kærur um gjöld sem skattstjórar leggja á samkvæmt ákvæðum annarra laga og ákveða sektir skv. 31. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, 41.

gr. laga um virðisaukaskatt og 26. gr. laga um söluskatt. Ríkisskattstjóri skal koma fram gagnvart ríkisskattanefnd fyrir hönd gjaldkrefjenda, en við ákvörðun sekta kemur skattrannsóknarstjóri fram af hálfu hins opinbera. Ákvæði 100. gr. gilda um alla málsmeðferð fyrir ríkisskattanefnd eftir því sem við á.

Fjármálaráðherra skipar fimm menn í ríkisskattanefnd. Allir nefndarmenn skulu hafa nefndarstörfin að aðalstarfi og fer um heimild þeirra til að gegna öðrum störfum eftir 2. mgr. 34. gr. laga nr. 38/1954. Fjármálaráðherra skipar einn þessara manna formann nefndarinnar og annan varaformann. Báðir skulu þeir fullnægja skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti. Aðrir nefndarmenn skulu fullnægja skilyrðum sem sett eru í 86. gr. um embættisgengi skattstjóra. Um skipunartíma fer eftir almennum reglum um skipun opinberra starfsmanna, sbr. 4. gr. laga nr. 38/1954.

Í hverju máli skulu þrír nefndarmenn úrskurða eftir nánari ákvörðun formanns nefndarinnar. Ætíð skal annaðhvort formaður eða varaformaður taka þátt í úrlausn hvers máls. Eigi má nefndarmaður taka þátt í meðferð máls ef honum bæri að víkja sæti í því sem dómari samkvæmt lögum um meðferð einkamála í héraði.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 100. gr. laganna:

a. 1. mgr. 100. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er skattaðila að skjóta úrskurði skattstjóra skv. 99. gr. til ríkisskattanefndar. Kærufrestur skattaðila til ríkisskattanefndar skal vera 30 dagar frá póstlagningu úrskurðar skattstjóra.

b. 3. mgr. 100. gr. orðist svo:

Kærur skulu vera skriflegar og studdar nauðsynlegum gögnum. Ef ríkisskattanefnd telur gögn ófullnægjandi, mál ekki nægilega upplýst eða kæru vanreifaða skal hún tilkynna málsaðilum um slíkt áður en hún kveður upp úrskurð í málinu og veita málsaðilum færi á að koma að viðbótargögnum, greinargerð og skýringum innan þess tíma sem nefndin ákveður.

c. 7. mgr. 100. gr. falli niður.

d. 8. mgr. 100. gr. verði 7. mgr. 100. gr.

e. 9. mgr. 100 gr., er verði 8. mgr. 100. gr., hljóði svo:

Ríkisskattanefnd skal hafa lagt efnisúrskurð á allar kærur þremur mánuðum eftir að þær bárust nefndinni. Úrskurðir nefndarinnar skulu ítarlega rökstuddir og í forsendum þeirra skal koma skýrt fram á hvaða kæruatriðum og skattheimildum skattstofn og álagning er byggð.

f. 10. mgr. verði 9. mgr. og 11. mgr. verði 10. mgr.

g. 12. mgr. 100. gr. falli niður.

13. gr.

1. og 2. mgr. 121. gr. laganna orðist svo:

Fjárhæðir, sem um ræðir í 68. gr., A-lið 69. gr., 2. mgr. B-liðar 69. gr. og hámarksfjárhæð vaxtabóta skv. 6. málsl. 2. mgr. C-liðar 69. gr., skulu 1. júlí á staðgreiðsluári taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. des. næstan á undan staðgreiðsluári og lánskjaravísitölu sem er í gildi 1. júní á staðgreiðsluári.

Fjárhæðir þær, sem um ræðir í 1. mgr., skulu breytast í fyrsta sinn 1. júlí 1990 í samræmi við mismun sem verður á lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. des. 1989, þ.e. 2,722 stig, og þeirrar sem í gildi verður 1. júní 1990.

14. gr.

Í stað „1990“ í 122. gr. komi: 1991.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. jan. 1990 og gilda við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 1990 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1991. Jafnframt falla úr gildi frá og með sama tíma lög nr. 7/1974, um skattalega meðferð verðbréfa o.fl., sem ríkissjóður selur innan lands og 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 79/1983, um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs.

Þó skulu ákvæði 1. gr., 2. gr., 7. gr., 8. gr., 9. gr., 10. gr. og 13. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts og ákvörðun bóta á árinu 1990 vegna tekna á árinu 1989 og eigna í lok þess árs.

Ákvæði 11. og 12. gr. taka gildi 1. júní 1990 og skal þá nýskipuð ríkisskattanefnd samkvæmt lögum þessum taka við öllum óloknum málum fráfarandi nefndar.

Ákvæði til bráðabirgða I.

Húsnæðisbætur, sbr. ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 79/1989, skulu vera 53.400 kr. miðað við lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. des. 1989, þ.e. 2,722 stig.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir margvíslegum breytingum á gildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Þessar breytingar þarf að skoða í samhengi við ýmsa aðra þætti skattkerfisins sem nú eru í endurskoðun.

Þar ber hæst gildistöku virðisaukaskattsins nú um áramótin, en sú breyting er einhver umfangsmesta skattkerfisbreyting sem hér hefur verið framkvæmd. Næsta verkefni er skattlagning fjármagnstekna sem verið hefur í undirbúningi og verður frumvarp um það mál lagt fram á Alþingi eftir áramótin. Þriðja stóra verkefnið er endurskoðun á skattlagningu fyrirtækja sem unnið verður að á næsta ári.

Þannig tengjast fyrirhugaðar breytingar á tekjusköttum einstaklinga gildistöku virðisaukaskattsins á þann hátt að ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja til að virðisaukaskattur skuli vera 24,5%, 0,5% lægri en söluskattur. Þessi ákvörðun veldur því að tekjur af virðisaukaskatti verða 1.900 m.kr. lægri en reiknað var með í forsendum fjárlagafrumvarpsins, en þar var miðað við 26% skatthlutfall. Á móti vega breytingar á tekjuskatti, annars vegar hækkun á tekjuskattshlutfallinu úr 30,8% í 32,8%, hins vegar kemur sérstök hækkun á barnabótum og persónuafslætti.

Þessar breytingar má skoða í enn víðara samhengi sem viðleitni til þess að draga úr skattlagningu á almennum neysluvörum heimilanna. Samsetning skatta hér á landi er talsvert frábrugðin því sem gengur og gerist víða erlendis. Hér á landi bera óbeinu skattarnir fjóra fimmtu hluta tekjuöflunarinnar en beinir skattar innan við fimmtung. Annars staðar er skiptingin mun jafnari milli beinna og óbeinna skatta, raunar víða nálægt því að vera helmingaskipti.

Það hefur margsinnis verið á það bent, m.a. af sérfræðingum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Efnahags- og framfarastofnuninni í París (OECD), að það væri óheppilegt frá sjónarhóli almennrar hagstjórnar að leggja svona mikið upp úr skattlagningu á neysluvörur. Skynsamlegra væri að færa tekjuöflunina meira yfir á beinu skattana. Slíkt mundi stuðla að meiri stöðugleika í efnahagslífinu.

Af öðrum breytingum, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, má nefna lækkun eignarskatta um 20% að raungildi frá því sem nú er, endurskoðun á gildandi lögum um vaxtabætur vegna íbúðakaupa, sem einkum miða að því að rýmka rétt þeirra einstaklinga, sem hafa lágar tekjur, á kostnað hinna tekjuhærri. Þá eru heimildarákvæði um frádrátt vegna fjárfestinga í

atvinnurekstri rýmkuð, m.a. til þess að stuðla að aukinni eiginfjármyndun fyrirtækja með sölu hlutabréfa. Jafnframt er gert ráð fyrir að skoða þennan þátt enn frekar í tengslum við almenna endurskoðun á skattlagningu fyrirtækja. Enn fremur eru breytingar varðandi skattfrelsi húsbréfa o.fl. Loks eru breytingar á skipun og starfsháttum ríkisskattanefndar.

Tekjuskattar einstaklinga. Í fjárlagafrumvarpi var gengið út frá þeirri meginforsendu að heildarskattbyrði ríkissjóðstekna yrði svipuð og áætlað er fyrir þetta ár. Þetta sjónarmið var einnig lagt til grundvallar hvað snertir álagningu tekjuskatta á einstaklinga.

Með ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að leggja til að virðisaukaskattur skuli vera 24,5%, eða 0,5% lægri en söluskattur hafa þessar forsendur breyst. Þessi ákvörðun þýðir sem fyrr segir að tekjur af virðisaukaskatti verða 1.900 m.kr. minni en reiknað var með í forsendum fjárlagafrumvarpsins. Á móti vega breytingar á tekjuskatti, annars vegar hækkun á tekjuskattshlutfallinu úr 30,8% í 32,8%, hins vegar kemur sérstök hækkun á barnabótum og persónuafslætti.

Þessi hækkun á tekjuskattshlutfallinu gæti ein sér skilað um 2.800 m.kr. brúttó á næsta ári ef persónuafsláttur og barnabætur hækka ekki sérstaklega. Með þessu væri í reynd verið að lækka skattleysismörkin um tæplega 2.600 kr. á mánuði og þyngja skattbyrðina um næstum því 2% af heildartekjum frá því sem nú er.

Til þess að koma í veg fyrir þessa aukningu á skattbyrði er gert ráð fyrir að verja um það bil helmingi tekjuaukans, þ.e. um 1.400 m.kr, til þess að hækka persónuafslátt og barnabætur. Þannig er miðað við að persónuafsláttur og barnabætur hækki um tæplega 7½% um áramótin í stað 3½% eins og gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi. Þar með hækka skattleysismörkin um rúmlega 1.000 kr. á mánuði, úr 51.455 í 52.466 kr.

Þessar breytingar hafa það í för með sér að skattbyrði tekjulágra barnafjölskyldna *lækkar* að meðaltali milli áranna 1989 og 1990 þrátt fyrir hækkun skatthlutfallsins. Raunar kemur þetta yfirleitt þannig út að endurgreiðsla ríkisins til tekjulágra barnafjölskyldna hækkar í krónutölu þar sem þessir aðilar greiða almennt ekki tekjuskatt. Hjá hjónum munar þetta upp undir 1% af tekjum, en hjá einstæðum foreldrum allt upp í 2% og rúmlega það. Þetta kemur fram á fylgiskjölum II og III.

Heildaráhrifin af þessari tilfærslu frá neysluskattstofnum yfir í tekjuskatta eru þau að framfærslukostnaður heimilanna verður allt að 1% lægri en annars hefði orðið eftir áramótin. Matvæli lækka enn meira, eða um 2% í heild, en einstök matvæli allt að 8–9%. Skattbyrði tekjuskatta eykst, þegar á heildina er litið, um 0,9% að meðaltali. Þessi hækkun kemur mest við fólk með tiltölulega háar tekjur. Aftur á móti leiðir þessi breyting á tekjusköttum beinlínis til léttari skattbyrði hjá barnafjölskyldum með lágar tekjur miðað við það sem annars hefði orðið.

Hér á eftir eru sýnd nokkur dæmi um áhrif þessara breytinga á skattgreiðslur nokkurra framteljenda nú um áramótin. Á fylgiskjölum með þessu frumvarpi eru ítarlegri upplýsingar þar sem hvort tveggja er sýnt, breytingin milli janúar og desember annars vegar og meðalbreyting milli ára hins vegar.

I. Einstaklingar	65 þús. króna mánaðarlaun		150 þús. króna mánaðarlaun	
	Desember 1989	Janúar 1990	Desember 1989	Janúar 1990
Tekjuskattur ríkisins, brúttó	20.020	21.320	46.200	49.200
Persónuafsláttur	-19.419	-20.850	-19.419	-20.850
Tekjuskattur til ríkis, nettó	601	470	26.781	28.350
Útsvar sveitarfélaga	4.511	4.511	10.410	10.410
Tekjuskattur og útsvar	**5.112**	**4.981**	**37.191**	**38.760**
Skattbyrði sem % af tekjum	**7,8**	**7,6**	**24,8**	**25,8**
– Tekjuskattur ríkisins	0,9	0,7	17,9	18,9
– Útsvar sveitarfélaga	6,9	6,9	6,9	6,9

II. Einstætt foreldri	65 þús. króna mánaðarlaun		150 þús. króna mánaðarlaun	
	Desember 1989	Janúar 1990	Desember 1989	Janúar 1990
Tekjuskattur ríkisins, brúttó	20.020	21.320	46.200	49.200
Persónuafsláttur	-19.419	-20.850	-19.419	-20.850
Barnabætur*	-21.273	-22.841	-13.694	-14.704
Tekjuskattur til ríkis, nettó	-20.672	-22.371	13.087	13.646
Útsvar sveitarfélaga	4.511	4.511	10.410	10.410
Tekjuskattur og útsvar	**-16.161**	**-17.860**	**23.497**	**24.056**
Skattbyrði sem % af tekjum	**-24,9**	**-27,5**	**15,6**	**16,0**
– Tekjuskattur ríkisins	-31,8	-34,4	8,7	9,1
– Útsvar sveitarfélaga	6,9	6,9	6,9	6,9

* Tvö börn, annað yngra en sjö ára.

III. Hjón*	130 þús. króna mánaðarlaun		300 þús. króna mánaðarlaun	
	Desember 1989	Janúar 1990	Desember 1989	Janúar 1990
Tekjuskattur ríkisins, brúttó	40.040	42.640	92.400	98.400
Persónuafsláttur	-38.838	-41.700	-38.838	-41.700
Barnabætur**	-9.686	-10.400	-6.847	-7.352
Tekjuskattur til ríkis, nettó	-8.484	-9.460	46.715	49.348
Útsvar sveitarfélaga	9.022	9.022	20.820	20.820
Tekjuskattur og útsvar	**538**	**-438**	**67.535**	**70.168**
Skattbyrði sem % af tekjum	**0,4**	**-0,4**	**22,5**	**23,3**
– Tekjuskattur ríkisins	-6,5	-7,3	15,6	16,4
– Útsvar sveitarfélaga	6,9	6,9	6,9	6,9

* Jöfn tekjuskipting.
** Tvö börn, annað yngra en sjö ára.

Eins og sést af þessum dæmum breytist skattbyrði fólks með meðaltekjur lítið sem ekkert milli þessara tveggja mánaða. Hins vegar þyngist skattbyrði hátekjufólks nokkuð. Sama gildir um breytingar á meðalskattbyrði milli ára.

Eignarskattar einstaklinga. Í fjárlagafrumvarpinu var gert ráð fyrir að í tengslum við upptöku skatts á fjármagnstekjur mundu eignarskattar lækka á næsta ári. Þótt skattlagning fjármagnstekna komi ekki til framkvæmda á næsta ári hefur ríkisstjórnin ákveðið að halda fast við fyrri ákvörðun og lækka eignarskatta á næsta ári.

Breytingin er tvíþætt. *Annars vegar* lækkar hærra þrepið í eignarskatti um helming, úr 1,5% eins og það er nú niður í 0,75%. Í þessu felst að skattur á skuldlausa eign yfir 8.050.000 krónur lækkar úr 2,7% í 1,95%. Sérstakur eignarskattsauki til byggingar Þjóðarbókhlöðu breytist ekki frá því sem nú er. *Hins vegar* er ákveðið að tekjutengja hærra þrepið í eignarskatti. Þannig er gert ráð fyrir að einstaklingur með minna en 70.000 krónur í skattskyldar tekjur á mánuði miðað við núgildandi verðlag fari ekki í hærra þrepið, jafnvel þótt hann eigi skuldlausa eign yfir viðmiðunarmörkunum. Fari tekjurnar yfir 140.000 kr. á mánuði greiði hann hins vegar fullan skatt og hlutfallslega á bilinu 70.000 til 140.000 kr.

Sem dæmi um áhrif þessarar lækkunar má nefna að eignarskattur einstaklings sem á skuldlausa eign sem nemur 14 m.kr. — en það er meðaleign þeirra einstaklinga, sem lentu í hærra þrepinu í ár — og hefur minna en 70.000 kr. tekjur á mánuði, lækkar um 7.400 kr. á mánuði, eða um 36% að raungildi. Hafi þessi sami einstaklingur 100.000 kr. mánaðarlaun lækkar eignarskattsgreiðslan um 5.200 kr. á mánuði, eða um 25% að raungildi. Hafi hann yfir 140.000 kr. tekjur, lækkar eignarskatturinn um 3.700 kr. á mánuði, eða um 18% að raungildi. Breytingar hjá hjónum eru svipaðar. Í fylgiskjölum með þessu frumvarpi eru sýnd nokkur dæmi um áhrif þessara breytinga á skattgreiðslur einstaklinga og hjóna.

Á þessum forsendum er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af eignarskatti einstaklinga lækki um tæplega 300 m.kr. frá því sem þær hefðu orðið að óbreyttum lögum, eða um 20% að raungildi frá þessu ári. Í fylgiskjölum með þessu frumvarpi eru til fróðleiks birtar upplýsingar úr skattframtölum um fjölda þeirra framteljenda sem lentu í hærra þrepi eignarskattsins á þessu ári, meðaltekjur, eignir þeirra o.fl.

Vaxtabætur. Um næstu áramót taka gildi þau ákvæði tekjuskatts- og eignarskattslaganna sem varða vaxtabætur vegna íbúðakaupa, en lög um vaxtabætur voru samþykkt á Alþingi sl. vor. Samhliða því falla úr gildi ákvæðin um vaxtaafslátt og húsnæðisbætur.

Þó er rétt að vekja athygli á því að þeir aðilar, sem fengu á árinu 1988 úrskurð um húsnæðisbætur, halda þeim rétti til ársins 1993. Þeim er hins vegar gefinn kostur á að koma inn í vaxtabótakerfið á næsta ári. Jafnframt er ljóst að þótt vaxtaafsláttarkerfið falli úr gildi um áramótin munu þeir aðilar, sem fengu endurgreiðslu samkvæmt því kerfi, flytjast yfir í vaxtabótakerfið svo framarlega sem þeir uppfylla almenn skilyrði þess um tekju- og eignarmörk.

Í vaxtabótakerfinu felst enn fremur sá ávinningur fyrir húsbyggjendur og íbúðakaupendur að það er ekki takmarkað við tiltekinn árafjölda. Endurgreiðslur samkvæmt vaxtaafsláttar- og húsnæðisbótakerfunum eru hins vegar takmarkaðar við 4–7 ár og falla þá skilyrðislaust niður, óháð því hver vaxtabyrðin er. Þá má nefna að vaxtabætur eru ekki takmarkaðar við þá sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn eins og húsnæðisbætur.

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu einkennum hins nýja vaxtabótakerfis svo og þeim breytingum sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi.

Megineinkenni vaxtabótakerfisins og helstu frávik frá þeim tveimur kerfum, sem nú eru í gangi, eru eftirfarandi:

1. Hugsunin á bak við vaxtabótakerfið er í meginatriðum sú sama og í vaxtaafsláttar- og húsnæðisbótakerfinu, þ.e. að létta undir með húsbyggjendum og íbúðakaupendum með einhvers konar endurgreiðslu í gegnum skattkerfið.
2. Þó er sá grundvallarmunur á þessum kerfum að í *vaxtabótakerfinu* er jafnframt leitast við að koma til móts við almenn jöfnunarsjónarmið með því að fjárhæð vaxtabóta skerðist í

hlutfalli við hækkandi tekjur. Jafnframt fá einstaklingar, sem eiga miklar eignir, skertar vaxtabætur og jafnvel engar.
Þetta þýðir að fjárhæð vaxtabóta er mjög misjöfn allt eftir vaxtabyrði, tekjum og eignum viðkomandi. *Húsnæðisbætur* eru hins vegar ákveðnar sem sama krónutala til allra.

3. Greiðsla vaxtabóta er ekki takmörkuð við tiltekinn árafjölda eins og húsnæðisbótakerfið og vaxtaafsláttarkerfið. Einstaklingar geta því komið til álita um greiðslu vaxtabóta hvenær sem er svo framarlega sem þeir uppfylla önnur skilyrði vaxtabótakerfisins.
4. Greiðsla vaxtabóta er ekki takmörkuð við þá sem eru að kaupa eða byggja í fyrsta sinn eins og húsnæðisbætur.
5. Þá er rétt að vekja á því athygli að aðeins þeir einstaklingar koma til greina við endurgreiðslu vaxtabóta sem sannanlega bera vaxtagjöld vegna íbúðakaupa. Þetta er breyting frá því kerfi sem gilt hefur frá árinu 1988, húsnæðisbótakerfinu, en þar geta einstaklingar fengið húsnæðisbætur jafnvel þótt þeir beri engin vaxtagjöld.

Í stuttu máli þá eru reiknireglurnar fyrir greiðslu vaxtabóta þessar:

a. Grunnstærð til ákvörðunar vaxtabóta eru frádráttarbær vaxtagjöld samkvæmt skattframtali, þ.e. vextir og verðbætur.
b. Óskertar vaxtabætur jafngilda vaxtagjöldum einstaklingsins að frádregnu ákveðnu hlutfalli af tekjum, sem í gildandi lögum er 5%, en hækkar samkvæmt þessu frumvarpi í 6% af tekjuskattsstofni.
c. Vaxtabætur skerðast um ákveðið hlutfall fari skuldlaus eign einstaklings, þ.e. eignir að frádregnum skuldum upp fyrir ákveðin mörk. Meginbreytingin samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi felst í hækkun þessara viðmiðunarmarka, sérstaklega hjá einstaklingum og einstæðum foreldrum.
d. Vaxtabætur geta þó ekki orðið hærri en 107.000 kr. hjá einstaklingum, 140 þús. kr. hjá einstæðum foreldrum og 174.000 kr. hjá hjónum. Þessar fjárhæðir miðast við verðlag í desember 1989 og fylgja breytingum á lánskjaravísitölu einu sinni á ári.
e. Vaxtabætur greiðast út eigi síðar en 1. sept. ár hvert að lokinni álagningu opinberra gjalda og miðast við vaxtagjöld og tekjur ársins á undan og eignir í lok sama ár.

Fyrirhugaðar breytingar samkvæmt þessu frumvarpi eru þrenns konar. Veigamesta breytingin snýr að hækkun á eignarmörkunum. Sem fyrr segir er eignarstaða einstaklings, þ.e. skuldlaus eign hans, einn meginþátturinn í ákvörðun vaxtabóta.

Upplýsingar úr skattframtölum ársins 1989 benda til þess að nokkrar breytingar hafi orðið á eignarstöðu framteljenda frá árinu áður, en gildandi lög um vaxtabætur tóku mið af skattframtölum áranna 1987 og 1988. Þannig er meðaleign fjölskyldna nokkru hærri nú en gert hafði verið ráð fyrir þegar eignarmörk laganna voru sett. Þá virðist líka hafa dregið talsvert úr mun á eignarstöðu einstaklinga og einstæðra foreldra annars vegar og hjóna hins vegar undanfarin tvö ár.

Í ljósi þessara nýju upplýsinga er lagt til að þau eignarmörk, sem áður voru sett, verði hækkuð um 30% að raungildi hjá einstaklingum og einstæðum foreldrum og um 6–7% hjá hjónum. Samkvæmt tillögunni verður munurinn á eignarmörkum einstaklinga/einstæðra foreldra og hjóna þriðjungi minni en í gildandi lögum þar sem hann er tvöfaldur. Þannig er miðað við að vaxtabætur einstaklings verði óskertar sé skuldlaus eign hans undir 2.500.000 kr. í árslok 1989, en 4.150.000 kr. í tilviki hjóna. Þá falla vaxtabæturnar alveg niður þegar skuldlaus eign er orðin tvöföld sú fjárhæð sem að framan greinir. Til samanburðar má nefna að þessi viðmiðunarmörk eru mun hærri en sem nemur meðaltalinu. Þannig er meðaleign, þ.e. skuldlaus eign, einstaklings og einstæðra foreldra tæplega 2 m.kr. samkvæmt skattframtölum og 3,7 m.kr. hjá hjónum, reiknað á sambærilegu verðlagi (sjá töflu).

Það er rétt að vekja sérstaka athygli á einu atriði sem valdið hefur misskilningi í umræðunni um vaxtabætur, en það er sú regla að miða við sömu eignarmörk hjá einstakling-

um og einstæðum foreldrum. Ástæðan fyrir þessu er sú að samkvæmt upplýsingum úr skattframtölum er eignarstaða, þ.e. skuldlaus eign einstæðra foreldra, mjög svipuð og hjá einstaklingum, jafnvel heldur lægri. Þetta kemur fram í meðfylgjandi töflu sem unnin er upp úr skattframtölum ársins 1989.

Skýringin á þessu er vafalaust sú að enda þótt einstæðir foreldrar búi í stærri íbúðum en einstaklingar kemur þetta ekki fram í eignarstöðunni þar sem þeir skulda jafnframt meira. Nettóeignin er því svipuð. Þess vegna er ekki ástæða til að gera greinarmun á milli einstaklinga og einstæðra foreldra í þessu tilliti.

Greiðsla húsnæðisbóta og vaxtaafsláttar á árinu 1989*.

	Ein-staklingar	Einstæðir foreldrar	Hjón
Fjöldi bótaþega	6.467	2.173	13.130
– húsnæðisbætur	3.822	954	4.400
– vaxtaafsláttur	2.645	1.219	8.730
Meðalmánaðarlaun 1989, þús.kr.	95	85	180
Skuldlaus eign 1989, þús.kr.	2.000	1.900	3.700
Vaxtagjöld 1989, þús.kr.**	148	160	285

* Þessar upplýsingar eru unnar úr skattframtölum ársins 1989, sem sýna tekjur, eignir og vaxtagjöld fyrir árið 1988. Hér eru þessar stærðir sýndar á áætluðu meðalverðlagi 1989.

** Hér er um frádráttarbær vaxtagjöld að ræða, þ.e. vexti og verðbætur. Athyglisvert er, að fjórðungur þeirra, sem hafa fengið úrskurðaðar húsnæðisbætur, telur ekki fram vaxtagjöld, enda er ákvörðun þeirra óháð vaxtabyrðinni. Þessi stærð er því líklega of lág.

Á hinn bóginn er vaxtabyrði einstæðra foreldra þyngri en einstaklinga og er það hin hliðin á meiri skuldabyrði. Til þessa er tekið tillit við ákvörðun á hámarksgreiðslu vaxtabóta sem eru 140.000 kr. hjá einstæðum foreldrum samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps, en 107.000 kr. hjá einstaklingum.

Önnur breyting á gildandi lögum um vaxtabætur snýr að skilgreiningu á eignarviðmiðuninni við ákvörðun vaxtabótanna, en það er eignarskattsstofn framteljandans. Þetta þýðir að skattfrjálsar eignir, verðbréf o.fl., skerða ekki rétt til vaxtabóta. Þar eru húsbréf og ríkisskuldabréf meðtalin.

Með þessu frumvarpi er hins vegar stefnt að víðari skilgreiningu á eignarviðmiðuninni við ákvörðun vaxtabóta þannig að hún nái til allra framtalsskyldra eigna að frátöldum skuldum. Með því yrði aðstoðin við íbúðakaupendur gerð markvissari, þ.e. þeir njóti hennar fremur sem helst þurfa á að halda.

Þriðja breytingin gerir ráð fyrir hækkun á hlutfalli tekjuskerðingar úr 5% í 6%. Hér er annars vegar verið að mæta því tekjutapi sem hlýst af hækkun eignarmarkanna, hins vegar er með þessu gengið enn lengra í átt til tekjujöfnunar en felst í gildandi lögum.

Fjórða breytingin felst í því að sett er þak á þau vaxtagjöld sem geta komið til álita við ákvörðun vaxtabóta. Þetta er gert til þess að koma í veg fyrir að tekjuháir einstaklingar með óeðlilega mikil vaxtagjöld hagnist meira á vaxtabótakerfinu en hinir tekjulágu.

Loks er lagt til að það ákvæði eignarskattslaganna, er varðar skattlagningu eftirlifandi maka sem situr í óskiptu búi, gildi einnig við ákvörðun vaxtabóta, en til þess er ekki tekið í gildandi lögum.

Í fylgiskjölum með frumvarpi þessu eru sýnd nokkur dæmi um greiðslu vaxtabóta miðað við forsendur frumvarpsins.

Skattbyrði einstaklinga 1990. Þær breytingar, sem ýmist eru boðaðar í þessu frumvarpi eða tengjast því, eru þríþættar. *Í fyrsta lagi* lægra hlutfall í virðisaukaskatti en söluskatti.

Í öðru lagi veruleg lækkun eignarskatta. *Í þriðja lagi* breytingar á tekjusköttum með hækkun skatthlutfalls og sérstakri hækkun barnabóta og persónuafsláttar.

Lægra hlutfall í virðisaukaskatti leiðir til allt að 1% lækkunar á framfærslukostnaði heimilanna. Matvæli lækka meira eða um 2% að jafnaði, og einstakar tegundir um 8–9%. Lækkun eignarskatta snertir fyrst og fremst fólk með lágar tekjur þar sem það er undanþegið hærra þrepinu. Breytingar á tekjusköttum hafa í för með sér léttari skattbyrði hjá barnafjölskyldum með lágar tekjur, en nokkra þyngingu hjá hátekjufólki.

Skattaleg meðferð hlutabréfa. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heimildir til frádráttar vegna fjárfestinga í atvinnurekstri verði auknar sérstaklega umfram verðlagshækkanir. Þessi breyting er í samræmi við þá stefnumörkun ríkisstjórnarinnar að leita leiða til að örva viðskipti með hlutabréf.

Ríkisstjórnin mun í framhaldi af þessu leggja til við Alþingi að stimpilgjald af útgáfu hlutabréfa verði lækkað og að ákvæðum í lögum um tekjustofna sveitarfélaga verði breytt á þann veg að kostnaður við verðbréfakaup viðskiptavaka myndi ekki stofn við útreikning aðstöðugjalds.

Fyrri breytingin felur í sér að stimpilgjöld af hlutabréfum verði a.m.k. helmingi lægri en af skuldabréfum. Viðskiptavakar með verðbréf munu þurfa að kaupa og selja verðbréf í miklu magni. Það getur hins vegar orðið mikill hemill á þessum viðskiptum ef greiða þarf af þeim aðstöðugjald. Aðstöðugjald af þessum stofni mundi fyrst og fremst renna til stærri og betur stæðari sveitarfélaga á suðvesturhorni landsins.

Ráðgert er að frekari skref verði stigin til að bæta skattalega stöðu hlutabréfaeignar miðað við aðrar fjáreignir í tengslum við fyrirhugaða skattlagningu raunvaxtatekna. Það eitt út af fyrir sig að farið verður að skattleggja raunvaxtatekjur af skuldabréfaeign og innstæðum í bönkum felur í sér stórt skref til jöfnunar á skattalegri stöðu hlutabréfa- og skuldabréfaeignar.

Gert er ráð fyrir því í tillögum nefndar um skattlagningu fjármagnstekna að greiddur arður verði að fullu frádráttarbær hjá fyrirtækjum en skattlagður eins og aðrar tekjur hjá einstaklingum. Þetta felur í sér fulla samræmingu á skattlagningu tekna af hlutafjáreign og af öðrum fjáreignum og að öll tvísköttun tekna af hlutafjáreign verður úr sögunni. Eignarskattlagning hlutabréfa verður á næstunni skoðuð sérstaklega, m.a. með tilliti til skattmats.

Að þessum breytingum yfirgengnum yrði skattaleg staða hlutabréfaeignar mun betri en skattaleg staða annarra fjáreigna. Það er ekki óeðlilegt í ljósi þess að þetta hefur snúið öfugt á undanförnum árum og mikil þörf er á að auka eigið fé í íslenskum atvinnurekstri. Til frambúðar hlýtur hins vegar stefnan að vera sú að skattkerfið sé hlutlaust gagnvart því hvernig einstaklingar og fjölskyldur setja saman eignir sínar.

Eignarskattfrelsi skuldaviðurkenninga ríkissjóðs. Frumvarp þetta felur í sér tvær efnisbreytingar varðandi eignarskattsfrelsi skuldaviðurkenninga ríkissjóðs. Í fyrsta lagi er hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, sem eingöngu eru myndaðir af eignarskattsfrjálsum skuldaviðurkenningum ríkisins, veitt eignarskattsfrelsi. Í öðru lagi er eignarskattfrelsi þessara skuldaviðurkenninga ekki lengur háð því að þær séu umfram skuldir viðkomandi aðila.

Þegar eignarskattsfrelsi spariskírteina ríkissjóðs var ákveðið voru verðbréfasjóðir ekki komnir til sögunnar. Eðlilegt þykir að ekki sé gerður greinarmunur á því með hvaða hætti einstaklingar fjárfesta í spariskírteinum og öðrum ríkispappírum, þ.e. hvort sem það er beint eða í gegnum verðbréfasjóði. Ekki þykir þó fært sakir framkvæmdaörðugleika að veita eignarskattsfrelsi á hlutdeildarskírteinum í hlutfalli við hlutdeild ríkisskuldaviðurkenninga í einstökum sjóðum. Því er eignarskattsfrelsið aðeins bundið við hreina ríkisskuldaviðurkenningasjóði.

Þessi breyting er gerð í samræmi við yfirlýsingar um aðgerðir í ríkisfjármálum í júlí 1989 vegna fyrirsjáanlegs halla ríkissjóðs á þessu ári. Þess er vænst að þessi breyting geti orðið til að örva sölu spariskírteina án þess að þurfa að hækka vexti.

Full ástæða var til að skilyrða eignarskattsfrelsi spariskírteina ríkissjóðs að því mati sem þau væru umfram skuldir á þeim tíma sem spariskírteini nutu forréttinda hvað varðar kjör og verðtryggingu. Nú er verðtrygging hins vegar orðin útbreidd á lengri skuldbindingum og vaxtarófið í landinu er að færast í það eðlilega horf að vextir spariskírteina ríkissjóðs séu lægstu vextir á markaðnum, enda um að ræða öruggustu pappíra sem völ er á. Enginn hvati er því lengur til að taka bankalán í því skyni að kaupa spariskírteini ríkissjóðs. Það hefur einnig valdið nokkrum ruglingi á undanförnum árum að spariskírteini ríkissjóðs eru aðeins eignarskattsfrjáls ef þau eru umfram skuldir. Það er því talin ástæða til að afnema þetta ákvæði nú.

Hér er gert ráð fyrir að húsbréf fái sömu skattalegu meðferð og spariskírteini ríkissjóðs. Þetta er í samræmi við þær ákvarðanir sem teknar voru sl. vor í tengslum við upptöku húsbréfakerfisins. Röksemdirnar fyrir eignarskattfrelsi húsbréfa til samræmis við spariskírteini ríkissjóðs eru einkum tvær. Í fyrsta lagi auðveldar það eldra fólki að losa sig við of stórar íbúðir og veitir því hvatningu til þess með því að gera því kleift að breyta þeim að hluta yfir í eignarskattsfrjálsar eignir. Þetta stuðlar þannig að þeirri innri fjármögnun sem að er stefnt með húsbréfakerfinu, en hún felst í því að íbúðaseljendur lána stærri hluta við sölu og auka sparnað sinn með því að halda að einhverju marki í þau húsbréf sem þeir fá við söluna.

Í öðru lagi stuðlar eignarskattsfrelsi húsbréfa að því að samkeppnisstaða spariskírteina ríkissjóðs skekkist ekki. Eignarskattlagning húsbréfa mundi valda því að þau bæru hærri vexti en spariskírteini. Þar sem lífeyrissjóðir verða hins vegar helstu kaupendur húsbréfa, en þeir greiða ekki eignarskatta, mundi áhugi þeirra á spariskírteinum vera lítill sem enginn svo lengi sem húsbréf eru í boði.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að lög nr. 7/1974 og 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 79/1983, um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs, falli úr gildi, en skattfrelsi ríkispappíra byggði á þeim lögum. Eðlilegra þykir að ákvæði um skattfrelsið sé beint að finna í lögunum um tekjuskatt og eignarskatt. Í þessari breytingu felst því viss lagahreinsun.

Ríkisskattanefnd. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir nokkrum breytingum á skipun og starfsháttum ríkisskattanefndar.

Ástæða þess, að þær breytingar eru lagðar til, er sú að á síðustu árum hefur afgreiðsla skattamála eigi verið nægilega greið. Tafir hafa orðið á uppkvaðningu úrskurða bæði af hálfu skattstjóra og ríkisskattanefndar. Umsagnir ríkisskattstjóra og kærur hafa borist ríkisskattanefnd seint. Til að ráða bót á þessu ástandi þykir nauðsynlegt að gera skipulagsbreytingar á starfsháttum ríkisskattanefndar, svo og skipan hennar. Samhliða því er nauðsynlegt að ríkisskattstjóri geri sérstakt átak til að flýta afgreiðslu umsagna um einstök kærumál til ríkisskattanefndar. Er gert ráð fyrir að ríkisskattstjóri fái heimild til að verkefnaráða starfsmann í eitt ár til að sinna þessu verki svo að unnt verði að koma ástandinu í viðunandi horf.

Þá hefur að frumkvæði fjármálaráðuneytis verið unnið verulegt starf í skipulagsmálum skattstjóra. Fyrir liggur skýrsla nefndar þar að lútandi og hefur fjármálaráðuneytið sett skattstjórum nýtt skipurit og í ráði er að efla starfsmenntun starfsmanna skattkerfisins. Skattstjórum hefur verið fenginn tölvubúnaður sem ætlað er að auðvelda þeim störf sín og fyrirhugað er að ljúka tölvuvæðingu á árinu 1990. Þá var stöðum hjá skattstjórum fjölgað á árinu 1989 um 6,9 og í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1990 er gert ráð fyrir fjölgun um 27 til viðbótar vegna upptöku á staðgreiðslu og virðisaukaskatti. Loks má geta þess að húsnæðismál skattstjóra hafa verið til sérstakrar athugunar um nokkurt skeið og er úrbóta að vænta á næstunni. Hvað ríkisskattanefnd varðar hefur skipan hennar verið óbreytt frá því á árinu 1980, svo og það fyrirkomulag hvernig hún hefur verið skipuð. Í núgildandi lögum eru aðeins tveir menn skipaðir í ríkisskattanefnd sem hafa það starf að aðalstarfi en auk þeirra eru fjórir

menn í ríkisskattanefnd sem gegna því starfi samhliða öðrum störfum. Veigamikil rök þykja mæla gegn þessu fyrirkomulagi og heppilegra sé að nefndin verði eingöngu skipuð mönnum sem hafi þau störf sem aðalstarf. Ætla má að meðferð mála verði greiðari ef nefndarmenn sinni ekki öðrum störfum samhliða nefndarstörfum.

Þá er í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1990 gert ráð fyrir tímabundinni fjölgun á skrifstofu ríkisskattanefndar um tvo starfsmenn.

Þá er þess að vænta að verkefni nefndarinnar muni aukast frá því sem verið hefur með upptöku á virðisaukaskatti. Enn fremur er ríkisskattanefnd ætlað með frumvarpi þessu að ákveða sektir vegna brota á lögum um staðgreiðslu. Sérstök sektarnefnd sinnir nú þessu hlutverki, en ekki þykir vera ástæða til annars en öll refsimeðferð hjá skattyfirvöldum sé hjá sama aðila. Er ljóst að verkefni ríkisskattanefndar muni því enn aukast og endurskoðun á skipan nefndarinnar orðin brýn.

Samhliða frumvarpi þessu mun fjármálaráðherra leggja fram frumvarp til breytinga á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda varðandi refsimeðferð þar sem ríkisskattanefnd tekur við hlutverki sektarnefndar skv. 31. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Ætla má að þær breytingar, sem hér er lagt til að verði lögfestar, muni hraða mjög verulega gangi mála fyrir ríkisskattanefnd.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þar eð ekki er gert ráð fyrir því að skattvísitala verði ákveðin í fjárlögum fyrir árið 1990 er nauðsynlegt að færa upp í samræmi við verðlagsþróun þær fjárhæðir laganna sem breytast eiga í samræmi við skattvísitölu skv. 122. gr. Allar fjárhæðir í þessu frumvarpi eru á verðlagi í desember 1989.

Þá er í b-lið þessarar greinar gerð tillaga um að heimildir til frádráttar vegna fjárfestinga í atvinnurekstri verði auknar sérstaklega umfram verðlagshækkanir. Þessi breyting er í samræmi við þá stefnumörkun ríkisstjórnarinnar að leita leiða til að örva viðskipti með hlutabréf. Hækkunin nemur tæplega 40% frá því sem gildir á þessu ári, eða um 20% að raungildi. Um þetta er nánar fjallað í almennu athugasemdunum hér að framan.

Um 2. gr.

Eins og fram kemur í skýringum við 1. gr. verður ekki ákveðin skattvísitala í fjárlögum fyrir árið 1990. Er því nauðsynlegt að færa upp fjárhæðir laganna, sbr. skýringu við 1. gr.

Um 3. gr.

Samkvæmt þessari grein hækkar tekjuskattshlutfall einstaklinga úr 30,8% á árinu 1989 í 32,8% árið 1990. Um áhrif þessa vísast til þess sem rakið er í almennum athugasemdum.

Um 4. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er stefnt að því að skattbyrði lægri tekna haldist óbreytt þrátt fyrir hærra skatthlutfall. Við það er miðað að skattar einstaklinga með allt að 70.000 kr. mánaðartekjur lækki eða haldist óbreyttir. Samkvæmt þessari grein er persónuafsláttur hækkaður úr 214.104 kr. í 250.200 kr. Miðað er við verðlag í desember 1989.

Um 5. gr.

Samkvæmt þessari grein hækkar sjómannaafsláttur úr 492 kr. í 575 kr. fyrir hvern lögskráðan dag. Er það í samræmi við áætlaða launa- og verðlagsþróun að undanförnu og á næsta ári.

Um 6. og 7. gr.

Samkvæmt þessum greinum hækka barnabætur og barnabótaauki nokkuð umfram áætlaða launa- og verðlagsþróun að undanförnu og á næsta ári. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda og athugasemda við 11. gr.

Um 8. gr.

Í þessari grein eru lagðar til breytingar á vaxtabótum. Tilgangur breytingarinnar er fyrst og fremst sá að gera bæturnar þannig úr garði að þær komi þeim til góða sem á þeim þurfa að halda. Tekjuskerðing er aukin en á móti eru eignarmörk hækkuð bæði hjá hjónum og einstaklingum/einstæðum foreldrum, þó meira í tilviki þeirra síðarnefndu. Um nánari skýringu er vísað til almennra athugasemda um vaxtabætur.

Um 9. gr.

Með þessari grein eru annars vegar hámarksfjárhæðir eignarskattsfrjálsrar hlutabréfaeignar og stofnsjóðsinnstæðna hækkaðar í samræmi við verðlag. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 1. gr.

Hins vegar er gerð sú breyting að mönnum er heimilað að draga frá eignum sínum markaðsbréf sem gefin eru út af ríkissjóði, ríkisvíxla, happdrættisskuldabréf ríkissjóðs, húsbréf gefin út af Byggingarsjóði ríkisins svo og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða þar sem verðbréfasjóðurinn er eingöngu myndaður af framangreindum skuldaviðurkenningum, enda séu eignir þessar ekki tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda um þetta atriði.

Um 10. gr.

Samkvæmt þessari grein eru gerðar tvær meginbreytingar á hærra þrepi eignarskatts. Annars vegar lækkar hærra þrepið í eignarskattinum um þriðjung, úr 1,5%, eins og það er nú, niður í 0,75%. Í þessu felst að skattur á skuldlausa eign yfir 8.050 þús. kr. lækkar úr 2,95%, að meðtöldum eignarskattsauka, í 2,20%. Hins vegar er ákveðið jafnframt að tekjutengja þennan hluta eignarskattsins, þ.e. hærra þrepið. Í almennum athugsemdum með frumvarpinu er gerð ítarleg grein fyrir þessum breytingum og vísast til þess sem þar kemur fram.

Um 11. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að skipuð verði ný ríkisskattanefnd skipuð fimm föstum nefndarmönnum. Þá er lagt til að skipaður verði bæði formaður og varaformaður í nefndina og sitji ætíð annar hvor þeirra í nefndinni þegar hún úrskurðar í deilumálum. Í hverju máli skulu þrír nefndarmenn úrskurða. Með því að nefndarmenn verði fimm ætti að vera tryggt að hún geti starfað óslitið allt árið þrátt fyrir orlof einstakra nefndarmanna.

Þá er með þessu ákvæði gerð sú krafa að bæði formaður og varaformaður ríkisskattanefndar uppfylli skilyrði til skipunar í héraðsdómaraembætti eins og hefur verið varðandi formann núverandi nefndar. Í ákvæðinu er einnig getið helstu verkefna ríkisskattanefndar sem ákveðin eru með öðrum lögum. Tilgangur þess er að hafa heildarlagaákvæði um ríkisskattanefnd og verkefni hennar. Gert er ráð fyrir að ríkisskattanefnd úrskurði framvegis um skattsektir vegna brota á staðgreiðslulögum og samhliða verði sérstök sektarnefnd staðgreiðslu lögð niður.

Loks er lokamálsgrein 100. gr. laganna flutt í 89. gr. og verður þar efnislega 3. mgr. ákvæðisins.

Um 12. gr.

Hér er lagt til það nýmæli að ríkisskattanefnd veiti málsaðila möguleika á að gera frekari grein fyrir kæruefni ef ríkisskattanefnd telur að málið varði frávísun vegna ónógra gagna og upplýsinga af hálfu málsaðila. Með ákvæðinu þannig breyttu er unnt að kveða upp endanlegan úrskurð um kæruefni í stað þess að vísa frá kröfu vegna skorts á upplýsingum eða gögnum. Verður þannig meiri festa í skattframkvæmd og óútkljáðum málum ætti að fækka.

Efnisákvæði 7. mgr. 100. gr. eru nú færð í talsvert breytt horf í 3. mgr. 100. gr. frumvarpsins.

Lagt er til í ákvæðinu að frestur ríkisskattanefndar til að kveða upp úrskurð verði þrír mánuðir í stað sex eins og er í núgildandi lögum. Með því að fastir nefndarmenn verði fimm í stað tveggja áður og fjögurra, sem gegna öðrum störfum samhliða, ættu mál að vinnast skipulegar og greiðar og því óhætt að stytta verulega þann frest sem nefndin hefur til að úrskurða um kærumál.

Loks er í ákvæði þessu lagt til að úrskurðir ríkisskattanefndar skuli vera ítarlega rökstuddir, en nokkuð hefur þótt á skorta að forsendur úrskurða ríkisskattanefndar væru að fullu skýrar.

Um 13. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum felast í frumvarpi þessu umfangsmiklar breytingar á álagningu tekjuskatts einstaklinga, persónuafslætti og barnabótum. Þessar breytingar taka mið af því almenna markmiði með frumvarpinu að skattbyrði þeirra, sem miðlungstekjur hafa og lægri, verði sem næst óbreytt milli áranna 1989 og 1990. Með hliðsjón af þessu, svo og almennri launa- og verðlagsþróun er nauðsynlegt að endurskoða allar fjárhæðir í gildandi lögum. Samkvæmt gildandi lögum breytast fjárhæðir þeirra í tengslum við afgreiðslu fjárlaga og ákvörðun um skattvísitölu.

Um 14. gr.

Þar sem ekki er gert ráð fyrir því að skattvísitala verði ákveðin í fjárlögum fyrir árið 1990 er nauðsynlegt að færa upp í samræmi við verðlagsþróun þær fjárhæðir laganna sem breytast eiga í samræmi við skattvísitölu skv. 122. gr. Allar fjárhæðir í þessu frumvarpi eru á verðlagi í desember 1989.

Um 15. gr.

Í þessari grein, sem fjallar um gildistöku einstakra ákvæða frumvarpsins, er kveðið á um hvaða ákvæði koma til framkvæmda við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 1990, hver við álagningu 1990 og hver við álagningu 1991.

Samkvæmt greininni koma allar breytingar á fjárhæðum persónuafsláttar, sjómannaafsláttar, barnabóta, vaxtabóta og húsnæðisbóta til framkvæmda við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 1990. Hækkun á skattprósentu einstaklinga kemur með sama hætti til framkvæmda í staðgreiðslu á árinu 1990 og gildir við álagningu 1991 vegna tekna ársins 1990.

Öll ákvæði frumvarpsins sem varða álagningu eignarskatts vegna eigna í lok ársins 1990 koma til framkvæmda við álagningu á árinu 1990. Þá koma einnig til framkvæmda breytingar á fjárhæðum er varða barnabótaauka.

Ákvæði, sem gilda frá 1. jan. 1990 og koma til framkvæmda við álagningu 1991, eru m.a. skattprósenta einstaklinga.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Samkvæmt þessu ákvæði hækka húsnæðisbætur í samræmi við áætlaða launa- og verðlagsþróun að undanförnu. Miðað er við verðlag í desember 1989.

Fylgiskjal I.

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ
HAGDEILD

4. desember 1989.

Breyting á tekjuskatti einstaklinga 1990*.
Mánaðartölur.

1989	Greiðsla tekjuskatts að frádr. persónuafslætti				Meðalskattbyrði ársins		
	Desember 1989	Janúar 1990	Breyting á skattbyrði		1989	1990 **	Frávik
	krónur	krónur	krónur	%	%	%	%
50.000	0	0	0	–	–	–	–
60.000	0	0	0	–	0,0	0,2	0,2
70.000	2.100	2.100	0	0	4,2	4,9	0,7
80.000	5.200	5.400	200	0,2	7,5	8,4	0,9
90.000	8.300	8.700	400	0,5	10,1	11,1	1,0
100.000	11.400	11.900	500	0,6	12,2	13,3	1,1
120.000	17.500	18.500	1.000	0,8	15,3	16,5	1,2
150.000	26.800	28.300	1.500	1,0	18,4	19,8	1,4
200.000	42.200	44.700	2.500	1,3	21,5	23,0	1,5
300.000	73.000	77.600	4.600	1,5	24,6	26,3	1,7
400.000	103.800	110.400	6.600	1,6	26,1	27,9	1,8

* Útsvar sveitarfélaga er undanskilið.
** Áætlun um skattbyrði 1990 byggir á forsendum þjóðhagsáætlunar um almenna kostnaðarþróun á næsta ári.

Fylgiskjal II.

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ
HAGDEILD

4. desember 1989.

Breyting á tekjuskatti einstæðra foreldra 1990*.
Mánaðartölur.

Einstætt foreldri með tvö börn, annað yngra en sjö ára.

1989	Greiðsla tekjuskatts að frádregnum persónuafslætti og barnabótum				Meðalskattbyrði ársins		
	Desember 1989	Janúar 1990	Breyting á skattbyrði		1989	1990**	Frávik
	krónur	krónur	krónur	%	%	%	%
50.000	-23.000	-24.700	-1.700	-3,4	-44,1	-46,3	-2,2
60.000	-21.900	-23.600	-1.700	-2,8	-35,0	-36,6	-1,6
70.000	-18.600	-20.300	-1.700	-2,4	-24,2	-25,0	-0,8
80.000	-14.400	-15.900	-1.500	-1,9	-15,8	-16,3	-0,5
90.000	-10.100	-11.500	-1.400	-1,6	-9,4	-9,5	-0,1
100.000	-5.900	-7.000	-1.100	-1,1	-4,2	-4,1	0,1
120.000	2.600	1.900	-700	-0,6	3,6	4,0	0,4
150.000	13.100	13.600	500	0,3	9,6	10,6	1,0
200.000	28.500	30.000	1.500	0,8	14,9	16,1	1,2
300.000	59.300	62.800	3.500	1,2	20,2	21,7	1,5
400.000	90.100	95.600	5.500	1,4	22,9	24,5	1,6

* Útsvar sveitarfélaga er undanskilið. Tölur með neikvæðu formerki (-) þýða að framteljandi fær endurgreiðslu frá ríkinu.

** Áætlun um skattbyrði 1990 byggir á forsendum þjóðhagsáætlunar um almenna kostnaðarþróun á næsta ári.

Fylgiskjal III.

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ
HAGDEILD

4. desember 1989.

Breyting á tekjuskatti hjóna 1990*.
Mánaðartölur.

Hjón með tvö börn, annað yngra en 7 ára.
Jöfn tekjuskipting.

1989	Greiðsla tekjuskatts að frádregnum persónuafslætti og barnabótum				Meðalskattbyrði ársins		
	Desember 1989	Janúar 1990	Breyting á skattbyrði		1989	1990 **	Frávik
	krónur	krónur	krónur	%	%	%	%
70.000	-16.100	-17.300	-1.200	-1,7	-22,1	-23,2	-1,1
80.000	-15.700	-16.900	-1.200	-1,5	-18,9	-19,8	-0,9
90.000	-14.600	-15.800	-1.200	-1,3	-15,5	-16,3	-0,8
100.000	-13.400	-14.600	-1.200	-1,2	-12,8	-13,5	-0,7
120.000	-11.100	-12.300	-1.200	-1,0	-8,7	-9,1	-0,4
150.000	-200	-1.300	-1.100	-0,7	1,2	1,6	0,4
200.000	15.900	16.500	600	0,3	8,9	9,8	0,9
300.000	46.700	49.300	2.600	0,9	16,2	17,5	1,3
400.000	77.500	82.100	4.600	1,2	19,8	21,3	1,5
500.000	108.300	114.900	6.600	1,3	22,0	23,6	1,6

* Útsvar sveitarfélaga er undanskilið. Tölur með neikvæðu formerki (-) þýða að framteljandi fær endurgreiðslu frá ríkinu.

** Áætlun um skattbyrði 1990 byggir á forsendum þjóðhagsáætlunar um almenna kostnaðarþróun á næsta ári.

Fylgiskjal IV.

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ
HAGDEILD

4. desember 1989.

Breyting á eignarskatti einstaklinga 1990.
Nokkur dæmi.

	Skuldlaus eign í árslok 1989 *	Meðal-mán.laun 1989	Eignarskattar, mánaðartölur		
			Fyrir breytingu	Eftir breytingu	Áhrif
	m.kr.	krónur	krónur	krónur	krónur
I. EINSTAKLINGAR					
Einstaklingur A	14	70	20.459	13.021	-7.438
Einstaklingur B	14	100	20.459	15.252	-5.207
Einstaklingur C	14	140	20.459	16.740	-3.719
II. HJÓN **					
Hjón A	28	70/70	40.918	26.042	-14.876
Hjón B	28	40/100	37.384	24.739	-12.645
Hjón C	28	0/140	22.288	12.253	-10.035

* Meðalskattstofn þeirra sem lenda í hærra þrepi eignarskattsins.

** Athygli er vakin á því að munurinn á eignarskattsgreiðslum í tilviki hjóna stafar af mismunandi nýtingu á persónuafslætti upp í greiðslu eignarskatta.

Fylgiskjal V.

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ
HAGDEILD

4. desember 1989.

Dæmi um vaxtabætur – árstölur.

	Skuldlaus eign 1½ m.kr			Skuldlaus eign 3½ m.kr.
	A	B	C	D
	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.
I. EINSTAKLINGUR				
Tekjuskattsstofn 1989	1.000	1.500	1.500	1.000
Vaxtagjöld á árinu 1989	150	150	200	150
Vaxtabætur til greiðslu 1990*	90	60	107	54

	Skuldlaus eign 1½ m.kr			Skuldlaus eign 3½ m.kr.
	A	B	C	D
	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.
II. EINSTÆTT FORELDRI				
Tekjuskattsstofn 1989	1.000	1.500	1.500	1.000
Vaxtagjöld á árinu 1989	175	175	250	175
Vaxtabætur til greiðslu 1990*	115	85	140	69

	Skuldlaus eign 3 m.kr.			Skuldlaus eign 6 m.kr.
	A	B	C	D
	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.
III. HJÓN				
Tekjuskattsstofn 1989	2.000	3.000	3.000	2.000
Vaxtagjöld á árinu 1989	250	250	350	250
Vaxtabætur til greiðslu 1990*	130	70	170	72

* Vaxtabætur reiknaðar á desemberverðlagi 1989.

Fylgiskjal VI.

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ
HAGDEILD

5. desember 1989.

Háþrep í eignarskatti 1989.
Upplýsingar úr skattframtölum.

Um síðustu áramót var tekið upp sérstakt háþrep í eignarskatti einstaklinga auk þess sem almenna þrepið var hækkað úr 0,95% í 1,2%. Háþrepið var þannig skilgreint að á skuldlausa eign umfram 7 m.kr. hjá einstaklingi, 14 m.kr. hjá hjónum, var lagður 1,5% eignarskattur til viðbótar almenna þrepinu, eða samtals 2,7%, samanborið við 0,95% áður. Engin breyting varð á eignarskattsaukanum sem er 0,25%.

Samkvæmt upplýsingum úr nýjustu skattframtölum lentu 5.017 framteljendur í hærra þrepinu. Þetta er mjög nálægt því sem reiknað var með í forsendum fjárlaga 1989, en þar var gert ráð fyrir að 5.100 aðilar lentu í háþrepinu. Þessi tala skiptist þannig að hjón voru 3.426 einstaklingar (3.500 samkvæmt fjárlögum) og 1.591 einhleypur (1.600 samkvæmt fjárlögum).

Tekjuáætlunin var því mjög nærri lagi. Á fjárlögum ársins 1989 var reiknað með að háþrepið mundi skila ríkissjóði nálægt 350 m.kr. Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra nam álagning á þessum hluta eignarskattsins 354 m.kr.

Tæplega 85% þeirra, sem lentu í háþrepinu, búa í Reykjavík og á Reykjanesi, en á því svæði búa 63% framteljenda. Meðaleign þeirra hjóna, sem lenda í háþrepinu, er tæplega 25 m.kr., en í kringum 12 m.kr. hjá einstaklingum. Rétt er að minna á að hér er átt við skuldlausa eign, þ.e. að frátöldum skuldum, eignarskattsfrjálsum eignum, svo sem ríkisskuldabréfum, almennu sparifé o.fl.

Samanlagðar skattskyldar tekjur þessara hjóna eru um 200 þúsund krónur á mánuði auk vaxtatekna, sem eru skattfrjálsar. Sambærilegar tekjur fyrir einstaklingana eru kringum 90 þús. kr. á mánuði.

Á meðfylgjandi töflum eru upplýsingar úr skattframtölum sem sýna tekjudreifingu þeirra framteljenda sem lenda í háþrepinu. Í töflu 1 kemur fram fjöldi þeirra einstaklinga sem lenda í háþrepinu, skipt niður á tekjubil. Sams konar upplýsingar eru um hjónin í töflu 2.

Tekjuhugtökin eru tvenns konar, þ.e. skattskyldar tekjur og heildartekjur, þar með taldar vaxtatekjur og aðrar skattfrjálsar eignatekjur. Heildartekjur eru venjulega notaðar sem viðmiðun í mati á skattbyrði. Það er þó rétt að hafa í huga að þessar upplýsingar byggja alfarið á skattframtölum. Það liggur fyrir að skattfrjálsar tekjur eru ekki taldar fram að fullu. Þar af leiðandi má reikna með að þessar tölur séu vanmetnar fremur en hitt og skattbyrðin þar með ofreiknuð.

Í töflunum er samanburður á meðaltekjum þeirra sem lenda í háþrepi og allra framteljenda. Meginniðurstöður eru þær að tekjur þeirra fyrrnefndu, þ.e. þeirra sem lenda í háþrepinu, eru mun hærri en meðaltekjur. Munurinn á atvinnutekjum er rúmlega 50% í tilviki einstaklinga og um 25% í tilviki hjóna. Svipuðu máli gegnir um heildartekjur, en þar er munurinn raunar enn meiri, enda má reikna með að sá hópur, sem hér um ræðir, hafi einhverjar tekjur af eignum sínum. Rétt er að hafa í huga að í tilviki einstaklinga er munurinn í einhverjum mæli ýktur þar sem námsfólk og ellilífeyrisþegar eru meðtaldir í heildinni.

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ
HAGDEILD

4. desember 1989.

Tafla 1.

Tekjudreifing einstaklinga í háþrepi eignarskatts.
Heimild: Skattframtöl ársins 1989.

Áætlaðar tekjur á mánuði 1989	SKULDLAUS EIGN YFIR 7 M.KR.*			
	Skattskyldar tekjur		Heildartekjur skv. skattframtölum	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Undir 50 þús. kr.	707	45,0	178	11,3
50 – 100 –	407	25,9	504	32,1
100 – 150 –	223	14,2	381	24,3
150 – 200 –	120	7,6	222	14,1
200 – 250 –	64	4,1	109	6,9
250 – 300 –	24	1,5	65	4,1
Yfir 300 þús. kr.	26	1,7	112	7,1
Samtals **	**1.571**	**100,0**	**1.571**	**100,0**
þ.a. eldri en 65 ára	571	36,3	571	36,3
Samtals án tekjulausra	**1.200**	**76,4**	**1.568**	**99,8**
Skuldlaus eign í árslok 1988	12 m.kr.		12 m.kr.	
Meðaltekjur á mánuði 1989 ***	100 þús. kr.		145 þús. kr.	
Til samanburðar:				
Meðaltekjur allra 1989 ***	63 þús. kr.		68 þús. kr.	

* Skattskyld eign, þ.e. eignarskattsstofn í árslok 1988.

** Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra eru þessir aðilar eilítið fleiri, en munurinn skýrist af þeim sem eru handreiknaðir.

*** Tekjur 1988 samkvæmt skattframtölum framreiknaðar til ársins 1989. Tekjulausir eru undanskildir.

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ
HAGDEILD

4. desember 1989.

Tafla 2.

Tekjudreifing hjóna í háþrepi eignarskatts.
Heimild: Skattframtöl ársins 1989.

	SKULDLAUS EIGN YFIR 14 M.KR.*			
Áætlaðar tekjur á mánuði 1989	Skattskyldar tekjur		Heildartekjur skv. skattframtölum	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Undir 50 þús. kr.	129	7,6	7	0,4
50 – 100 –	200	11,8	74	4,4
100 – 150 –	316	18,7	204	12,1
150 – 200 –	287	17,0	236	14,0
200 – 250 –	259	15,3	266	15,7
250 – 300 –	183	10,8	232	13,7
Yfir 300 þús. kr.	316	18,7	671	39,7
Samtals **	**1.690**	**100,0**	**1.690**	**100,0**
þ.a. eldri en 65 ára	293	17,3	293	17,3
Samtals án tekjulausra	**1.630**	**96,4**	**1.689**	**100,0**
Skuldlaus eign í árslok 1988	24 m.kr.		24 m.kr.	
Meðaltekjur á mánuði 1989 ***	211 þús. kr.		333 þús. kr	
Til samanburðar:				
Meðaltekjur allra 1989 ***	168 þús. kr.		183 þús. kr.	

* Skattskyld eign, þ.e. eignarskattsstofn í árslok 1988.
** Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra eru þessir aðilar eilítið fleiri, en munurinn skýrist af þeim sem eru handreiknaðir.
*** Tekjur 1988 samkvæmt skattframtölum framreiknaðar til ársins 1989. Tekjulausir eru undanskildir.

Sþ. 248. Fyrirspurn [211. mál]

til menntamálaráðherra um endurskoðun laga nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur.

Hyggst menntamálaráðherra leggja fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 53 1966, um vernd barna og ungmenna, á yfirstandandi þingi? Ef svo er, hvenær má vænta þess að frumvarpið komi fram?

Nd. 249. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði var fyrst lagður á árið 1979 sem tímabundin tekjuöflun. Hann hefur síðan verið framlengdur árlega. Álagningarhlutfallið var í upphafi 1,4% en frá árinu 1989 var hann 1,1% af fasteignamatsverði verslunar- og skrifstofuhúsnæðis. Á síðasta þingi var hlutfallið hækkað í 2,2%, en í tengslum við kjarasamninga féllst ríkisstjórnin á að lækka skatthlutfallið í 1,5%.

Ljóst er að fyrirtæki í verslun og þjónustu eiga nú við mikla örðugleika að etja, ekki síst á landsbyggðinni þar sem fasteignagjöld munu hækka verulega á næsta ári. Þessi skattur, sem mismunar fyrirtækjum og er þess vegna afar óréttlátur, lendir fyrst og fremst á þeim fyrirtækjum sem verst standa um þessar mundir.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni flytja breytingartillögu á sérstöku þingskjali þess efnis að álagningarhlutfallið verði 1,1% eins og það var 1984–1988. Verði sú breytingartillaga felld leggja þeir til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 6. des. 1989.

Friðrik Sophusson, frsm. Matthías Bjarnason.

Nd. 250. Breytingartillaga [75. mál]

við frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (FrS, MB).

Við 6. gr. Í stað „1,5%“ komi: 1,1%.

Nd. 251. Nefndarálit [90. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið um það umsagnir frá Bandalagi íslenskra sérskólanema, Lánasjóði íslenskra námsmanna, Sambandi íslenskra námsmanna erlendis og stúdentaráði Háskóla Íslands.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingin er við efnisgrein frumvarpsins og miðar að því að gera orðalag greinarinnar skýrara.

Ragnhildur Helgadóttir og Ólafur Þ. Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. des. 1989.

Ragnar Arnalds, form., frsm. Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr., með fyrirvara. Árni Gunnarsson.

Þórhildur Þorleifsdóttir. Guðmundur G. Þórarinsson.

Nd. 252. Breytingartillaga [90. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki.

Frá menntamálanefnd.

Við 1. gr. Efnismálsgreinin orðist svo:

Stjórnin skal skipuð til tveggja ára í senn. Skipunartími fulltrúa menntamálaráðherra og fjármálaráðherra skal þó takmarkaður við embættistíma þeirra ráðherra sem skipuðu þá eða tilnefndu sitji þeir skemur.

Nd. 253. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [75. mál]

í málinu: Frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá Inga Birni Albertssyni og Hreggviði Jónssyni.

Þar sem þessi skattur mismunar verulega atvinnugreinum í landinu og í ljósi erfiðrar rekstrarstöðu fyrirtækja samþykkir deildin að vísa þessu máli frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Sþ. 254. Tillaga til þingsályktunar [212. mál]

um að kanna hvernig önnur smáríki afla sér tekna og haga stjórnkerfi sínu.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að skipa nefnd til að kanna hvernig önnur smáríki sambærileg við Ísland afla sér tekna og kynna sér jafnframt stjórnkerfi þeirra. Nefndin skili áliti fyrir lok þessa þings.

Greinargerð.

Nýjustu tíðindi af loðnuveiðum Íslendinga minna enn einu sinni á hve atvinnulíf landsmanna er einhæft. Þess vegna er aldrei brýnna en nú að finna nýjar tekjuleiðir fyrir þjóðina; hafa ekki öll eggin lengur í sömu körfunni.

Íslendingar eru stórhuga þjóð og hættir því stundum til að leita samanburðar við stórveldi heimsins í stað þess að kynna sér aðstæður hjá öðrum smærri þjóðum og ríkjum eins og Lúxemborg, Andorra, Liechtenstein, Mónakó, San Marínó, Möltu, Kípur og jafnvel Færeyjum, bresku eyjunum á Ermarsundi og ýmsum eyjum í Vestur-Indíum, eða halda lengra út í hinn stóra heim og skoða staði svo sem Hong Kong, Formósu og Singapúr. Ómaksins vert er að skoða allt þetta. Jafnframt er sjálfsagt að kynna sér stjórnkerfi þessara landa og hvort þau komist vel af með einfaldari stjórnsýslu en Íslendingar.

Íslendingar hafa áður slegist í hóp smáþjóða í Evrópu og á íþróttamóti þeirra hlutum við 21 gullverðlaun, 20 silfurpeninga og 9 brons.

Aðrar litlar þjóðir hafa margar lært fyrir löngu að ekki verður allt upp tekið sem stórþjóðirnar hafast að. Því hafa smáþjóðirnar lagað sig að aðstæðum og fært sér smæðina í nyt. Við þurfum því ekki að finna marga nýja tekjustofna fyrir íslensku þjóðina til að geta hafið nýja sókn, ef rétt er á spilum haldið, eða margar nýjar leiðir til að draga úr umfangi stjórnkerfisins með einföldun og sparnaði. Fyrsta skrefið er að litast um og safna gögnum en vinna síðan úr þeim hugmyndum sem við getum hugsanlega notað.

Fram undan eru örlagaríkir samningar við þjóðir Evrópu um sameiginlegan markað. Því er rétt að athuga strax nýjar tekjulindir og hvernig þær falla að hugmyndum manna um Evrópumarkað á meðan svigrúm er til samninga.

Þess vegna er nú lagt til að utanríkisráðherra skipi strax nefnd hæfustu manna til að kynna sér tekjuliði og stjórnsýslu hjá smáþjóðum sem eru sambærilegar við Ísland og vinna úr þeim gögnum nýjar hugmyndir sem geta komið að notum hér á landi.

Vegna þess hve hlutirnir gerast nú hratt á alþjóðlegum vettvangi er nauðsynlegt að nefndin taki til starfa nú þegar og skili áliti næsta vor fyrir lok þessa löggjafarþings.

Sþ. 255. Fyrirspurn [213. mál]

til samgönguráðherra um hlerun farsíma.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

1. Er unnt að koma í veg fyrir hlerun farsíma?
2. Ef svo er, hvað hefur verið gert til að koma í veg fyrir hlerun símanna?

Sþ. 256. Tillaga til þingsályktunar [214. mál]

um byggingu nýs húss fyrir Alþingi Íslendinga.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

Alþingi ályktar að reisa nýtt hús á lóð Alþingis við Vonarstræti þar sem áður stóð hús góðtemplara en nú eru bílastæði þingmanna. Nýja húsið skal í útliti vera nákvæm eftirmynd af gamla þinghúsinu við Austurvöll sem reist var árið 1881 og skulu húsin snúa bökum saman við Alþingisgarðinn.

Greinargerð.

Alþingi Íslendinga býr við nokkuð þröngan húsakost og er sjálfsagt að bæta úr því eftir efnum og ástæðum. Eðlilegt er að byggja myndarlega yfir þingheim en jafnframt ber að forðast allan óþarfa íburð, því þröngt mega sáttir sitja.

Reykjavík er heimaslóð Alþingis. Borgin er því bæði höfuðborg landsins og um leið höfuðborg allra landsmanna. Það er því mál allra landsmanna hvernig borgin okkar þrífst og dafnar, mál alþingismanna.

Gamli miðbærinn er hjarta höfuðborgarinnar. Hann er í túnfætinum á sjálfu bæjarstæði Ingólfs landnámsmanns. Þar eru auk Alþingis til húsa Dómkirkjan og Þjóðleikhúsið, Hæstiréttur og margar aðrar helstu stofnanir ríkisins. Ríkið er því langumsvifamesti húseigandinn í gamla miðbænum í Reykjavík. Alþingi er því bæði rétt og skylt að láta málefni miðbæjarins til sín taka.

Nýtt hús fyrir Alþingi á að byggja á lóðinni við Vonarstræti þar sem hús góðtemplara stóð áður en nú eru bílastæði þingmanna. Bílastæðin má vel færa niður í kjallara hússins. Í þessu húsi rúmast væntanlega öll sú starfsemi Alþingis sem nú er á hrakhólum.

Húsið verði nákvæm eftirmynd af gamla og góða þinghúsinu að utan, byggt og hlaðið á sama hátt með kringlu á bakhlið, nákvæm eftirmynd. Þannig standi húsin tvö og snúi bökum saman sitt hvoru megin við Alþingisgarðinn fallega. Garðurinn fær þarna nýtt hlutverk, að tengja saman hús Alþingis.

Bæjarstæði nýja hússins er heldur ekki af lakara taginu, við sjálfa Reykjavíkurtjörn. En Tjörnin er nú eftirsóttur reitur fyrir byggingar eins og frægt er orðið.

Bygging þessa húss er farsæl lausn á húsnæðismálum Alþingis. Flestir landsmenn geta sætt sig við lausn af þessu tagi. Þjóðfélagið er þó illa í stakk búið til að reisa nýtt hús yfir Alþingi nú og því þarf byggingin ekki að rísa fyrr en þjóðfélagið réttir aftur úr kútnum. Þangað til á Alþingi að leigja húsnæði undir starfsemi sína í miðborg Reykjavíkur.

Á sínum tíma lét Alþingi hanna og teikna risavaxið steinbákn á lóð sinni við Austurvöll. Það hús sker í augu og er slys í skipulagi. Það má ekki rísa.

Alþingi hefur skyldur að rækja í umhverfismálum ekki síður en öðrum þjóðmálum. Þess vegna verða þingmenn að velja þá leið sem veldur minnstri röskun á viðkvæmu umhverfi í miðborg höfuðstaðarins.

Nd. 257. Frumvarp til laga [215. mál]

um breyting á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

1. gr.

1. og 2. mgr. 31. gr. laganna hljóði svo:

Sektir skv. 30. gr. skulu úrskurðaðar af ríkisskattanefnd nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 2. mgr. Skattrannsóknarstjóri sendir ríkisskattanefnd mál til úrskurðar. Við meðferð mála hjá ríkisskattanefnd skal veita sakborningi færi á að halda uppi vörnum. Úrskurðir ríkisskattanefndar eru fullnaðarúrskurðir og fylgir þeim ekki vararefsing.

Rannsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála vegna brota á lögum þessum. Skattrannsóknarstjóri getur vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfsdáðum, svo og eftir ósk sakbornings ef hann vill hlíta því að mál hans verði afgreitt af ríkisskattanefnd skv. 1. mgr.

2. gr.

Í 2. málsl. 4. mgr. 31. gr. laganna komi: ríkisskattanefnd í stað „sektarnefnd".

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1990.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Samkvæmt því frumvarpi er gerð tillaga um nokkra breytingu á skipun og starfsháttum ríkisskattanefndar. Meðal annars er stefnt að því að efla ríkisskattanefnd verulega og hraða mjög gangi mála fyrir ríkisskattanefnd. Af þessum sökum er jafnframt lagt til að verkefni sektarnefndar skv. 31. gr. laga um staðgreiðslu verði flutt til ríkisskattanefndar og jafnframt verði sektarnefnd lögð niður.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Ákvæðið felur í sér að sérstök sektarnefnd vegna staðgreiðslu er lögð niður og verkefni hennar falin ríkisskattanefnd. Jafnframt er gerð sú breyting að skattrannsóknarstjóri kemur fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni með kröfugerð um sektarbeitingu. Er það í samræmi við þann hátt sem ákveðið er í lögum um tekjuskatt og eignarskatt, lögum um söluskatt og lögum um virðisaukaskatt.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að ákvæðið taki gildi þegar ný ríkisskattanefnd hefur störf samkvæmt frumvarpi sem flutt er samhliða þessu um verkefni og skipun ríkisskattanefndar.

Ed. 258. Frumvarp til laga [216. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 19. gr. laganna:

a. Í stað „1989“ í 1. málsl. 1 mgr., sbr. 2. gr. laga nr. 20/1985, komi: 1991.
b. Í stað „1990“ í 2. málsl. 1. mgr., sbr. 2. gr. laga nr. 20/1985, komi: 1992.

2. gr.

Í stað „1989“ í 24. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 20/1985, komi: 1991.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á ákvæði til bráðabirgða:

a. Í stað „1989“ í 2. málsl. 1. mgr., sbr. 4. gr. laga nr. 20/1985, komi: 1991.
b. Í stað „1989“ í 2. mgr., sbr. 4. gr. laga nr. 20/1985, komi: 1991.
c. Í stað „97/1979“ í 2. mgr. komi: 2/1985.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 2/1985, um eftirlaun til aldraðra, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi. Þau lög gilda til ársloka 1989, en í samræmi við fyrirheit ríkisstjórnarinnar við gerð almennra kjarasamninga á liðnu vori er nú gert ráð fyrir framlengingu þeirra um tveggja ára skeið. Á þeim tíma verði þau tekin til endurskoðunar í tengslum við heildarendurskoðun málefna lífeyrissjóðanna.

Í meðfylgjandi frumvarpi er lagt til að tímabundin ákvæði laganna um Lífeyrissjóð bænda um fjármögnun útgjalda skv. II. kafla laganna og verðbætur á lífeyri verði framlengd til ársloka 1991, en samkvæmt núgildandi lögum rennur gildistími þessara ákvæða út í árslok 1989.

Þegar samið var um stofnun hinna svonefndu almennu lífeyrissjóða árið 1969 gaf þáverandi ríkisstjórn fyrirheit um sérstök réttindi aldraðra félaga í stéttarfélögum, þ.e. manna sem fæddir voru árið 1914 eða fyrr, og skulu útgjöld borin af Atvinnuleysistryggingasjóði og ríkissjóði. Voru ráðstafanir þessar lögfestar árið 1970. Sama ár voru sett lög um Lífeyrissjóð bænda, en í II. kafla þeirra laga voru ákvæði um réttindi aldraðra bænda, hliðstæð þeim réttindum sem öldruðum launþegum voru veitt með lögunum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Skyldu útgjöld vegna þessara réttinda aldraðra bænda borin af Stofnlánadeild landbúnaðarins og ríkissjóði.

Árið 1976 var verðtrygging lífeyrisgreiðslna samkvæmt lögunum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögunum stóraukin og útgjöld vegna hinnar auknu verðtryggingar borin af lífeyrissjóðum á samningssviði Alþýðusambands Íslands. Var þá Lífeyrissjóður bænda látinn taka á sig útgjöld vegna hliðstæðrar verðtryggingar lífeyrisgreiðslna skv. II. kafla laga sjóðsins, en vegna aldursskiptingar bænda urðu þessi útgjöld sjóðnum afar þungur baggi. Með lögum nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra, var þeirri skipan komið á að Lífeyrissjóður bænda skyldi eins og aðrir lífeyrissjóðir leggja ákveðinn hundraðshluta iðgjaldatekna sinna til þessa

eftirlaunakerfis sem nú var ekki lengur takmarkað við félaga í stéttarfélögum, en á hinn bóginn skyldi útgjöldum til hinnar sérstöku uppbótar á lífeyri skv. II. kafla laga sjóðsins af honum létt og þau greidd með framlagi skv. 25. gr. laga nr. 97/1979 (nú lög nr. 2/1985).

Samkvæmt reikningum Lífeyrissjóðs bænda fyrir árið 1988 námu eftirlaunagreiðslur skv. II. kafla það ár 141 millj. kr. og skiptust útgjöldin sem hér segir:

Framlag ríkissjóðs	59 millj. kr.
Framlag Stofnlándeildar landbúnaðarins	35 millj. kr.
Framlag skv. lögum nr. 2/1985	47 millj. kr.

Á næstu árum dregur mjög úr ellilífeyrisgreiðslum skv. II. kafla, en mun hægar dregur úr útgjöldum til makalífeyris.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í grein þessari er kveðið á um að Stofnlánadeild landbúnaðarins og ríkissjóður skuli leggja fram fé til eftirlaunagreiðslna skv. II. kafla, með óbreyttum hætti til ársloka 1991, sbr. almennar athugasemdir hér að framan.

Um 2. gr.

Í grein þessari felst að skipting framlaga milli 19. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda og 25. gr. laga um eftirlaun til aldraðra verður með sama hætti og undanfarin ár og sama gildir um þátttöku lífeyrissjóðsins í útgjöldum þegar lífeyrisþegi skv. II. kafla á jafnframt rétt skv. I. kafla.

Um 3. gr.

Í fyrri málsgrein þessarar greinar er kveðið svo á að lífeyrisfjárhæðir skuli til ársloka 1991 breytast með sama hætti og undanfarin ár. Í síðari málsgreininni felst tveggja ára framlenging á núgildandi ákvæðum um framlög til hinnar sérstöku uppbótar á greiðslur skv. II. kafla, sbr. almennar athugasemdir hér að framan.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 259. Fyrirspurn [217. mál]

til fjármálaráðherra um niðurstöður milliþinganefndar um húsnæðislánakerfið.

Frá Kristínu Einarsdóttur og Danfríði Skarphéðinsdóttur.

Hverjar voru niðurstöður milliþinganefndar um húsnæðislánakerfið hvað varðar tekju- og eignarviðmiðun við ákvörðun vaxtabóta?

Óskað er eftir að birt verði sérálit einstakra nefndarmanna ef einhver eru.

Greinargerð.

Í fyrirspurnatíma í sameinuðu þingi 7. des. sl. var lögð eftirfarandi fyrirspurn fyrir fjármálaráðherra:

„Hvers vegna var ekki farið að fyrirmælum meiri hluta fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar um að vísa frumvarpi um vaxtabætur til milliþinganefndar um húsbréfamál með

þeim sérstöku tilmælum að taka „til umfjöllunar ákvæði um tekju- og eignarviðmiðun við ákvörðun vaxtabóta“, sbr. nefndarálit á þskj. 1033 á 111. löggjafarþingi?“

Fjármálaráðherra svaraði því til að ákvæði í nefndaráliti fjárhags- og viðskiptanefndar hefði verið fullnægt og málið tekið fyrir í milliþinganefndinni. Þar sem það var ekki gert á þeim fundum sem fulltrúi Kvennalistans var boðaður á er þessi fyrirspurn komin fram.

Skriflegt svar óskast.

Nd. 260. Frumvarp til laga [218. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, ásamt síðari breytingum, sbr. 16. gr. laga nr. 87/1989.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

1. gr.

Við c-lið 39. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðist svo: Ráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis að fengnum tillögum tryggingaráðs.

2. gr.

1. málsl. 4. mgr. 39. gr. laganna orðist svo:

Tryggingaráð setur reglur um greiðslu styrkja samkvæmt stafliðum a og b.

3. gr.

44. gr. laganna orðist svo:

Fyrir tannlæknaþjónustu greiða sjúkratryggingar í samræmi við samninga sem Tryggingastofnun ríkisins hefur gert eða samkvæmt gjaldskrá sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur séu samningar ekki fyrir hendi sem hér segir, enda sé reikningi framvísað á því reikningsformi sem Tryggingastofnun ríkisins ákveður:

1. Fyrir börn 5 ára eða yngri 75% kostnaðar við hvers konar þjónustu.
2. Fyrir börn og unglinga 6–15 ára 100% kostnaður við tannlækningar, aðrar en gullfyllingar, krónu- og brúargerð og tannréttingar. Heimilt er að greiða allt að 50% kostnaðar við gullfyllingar, krónu- og brúargerð og við tannréttingar samkvæmt reglum sem ráðherra setur að höfðu samráði við tryggingaráð. Í reglunum skal m.a. kveðið á um flokkun þessara tannlækninga og þátttöku sjúkratrygginga í þeim eftir eðli aðgerða. Þjónustan samkvæmt þessum tölulið skal veitt hjá skólatannlæknum og á heilsugæslustöðvum, nema annað sé talið hagkvæmt og um annað samið. Því aðeins kemur til greiðslna samkvæmt þessari grein þegar í hlut eiga gullfyllingar, krónu- og brúargerð og tannréttingar að fyrir liggi sérstök umsókn þar sem m.a. komi fram flokkur tannréttingar þar sem það á við og samþykki sjúkratrygginga.
3. Fyrir 16 ára unglinga 50% kostnaðar. Greiðslur fyrir gullfyllingar, krónur, brýr og tannréttingar skulu vera í samræmi við reglur 2. tölul.
4. Fyrir unglinga, þótt eldri séu en 16 ára, er heimilt að greiða allt að 50% kostnaðar við tannréttingar í samræmi við reglur sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs, sbr. 2. tölul., enda hafi meðferð hafist áður en þeir urðu 16 ára. Heimilt er að greiða 50% kostnaðar við aðgerðir 17 og 18 ára unglinga eftir sömu reglum hafi þörfin komið upp fyrr og eftirlitsaðila samkvæmt síðustu málsgrein þá verið gerð grein fyrir því eigi síðar en unglingurinn verður 17 ára að rétt sé að fresta aðgerðinni.

5. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta tekjutryggingar 75% kostnaðar, en fyrir aðra elli- og örorkulífeyrisþega 50% kostnaðar, þó ekki fyrir gullfyllingar, krónur eða brýr. Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þessa bótaþega eftir reglum sem tryggingaráð setur, í allt að 100%.

Tryggingaráð ræður tannlækni sem hefur eftirlit með framkvæmd ákvæða laga þessara er lúta að tannlækningum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1990.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hafi tannrétting að lokinni skoðun sannanlega hafist fyrir 1. nóv. 1989 skal henni lokið samkvæmt eldri ákvæðum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi dags. 22. ágúst sl. skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Guðmundur Bjarnason, nefnd sem falið er það hlutverk að semja frumvarp til laga um skipulagða tannlæknaþjónustu. Í nefndinni eiga sæti:

Ingimar Sigurðsson skrifstofustjóri, sem jafnframt er formaður, dr. med. Guðjón Magnússon aðstoðarlandlæknir og Magnús R. Gíslason, yfirtannlæknir í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Samkvæmt skipunarbréfinu er nefndinni falið að gera tillögur um frumvarp til laga um skipulagða tannlæknaþjónustu og hefur annað tveggja komið til greina að leggja til sérstaka löggjöf eða að leggja til breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 59/1983, þannig að lögin taki til tannlæknaþjónustu á sama hátt og annarrar heilbrigðisþjónustu og að litið verði á tannheilbrigðisþjónustu eins og hverja aðra heilbrigðisþjónustu. Hér er um að ræða verkefni sem viðbúið er að geti tekið nokkurn tíma og ætlar nefndin að í fyrsta lagi verði hægt að leggja frumvarp fram í þessu skyni fyrir næsta Alþingi. Hefur nefndin þegar hafið gagnaöflun og mun vinna verkið í samvinnu við samtök tannlækna sem og aðra aðila er málið varðar, svo sem Tryggingastofnun ríkisins og tannlæknadeild Háskóla Íslands.

Fljótlega eftir að nefndin tók til starfa barst henni erindi ráðherra þar sem hún var beðin að gera tillögur um það með hvaða hætti mætti ná fram sparnaði í útgjöldum ríkisins vegna tannlæknakostnaðar. Hefur nefndin fram til þessa aðallega unnið að lausn þessa verkefnis og hefur haft að leiðarljósi að ekki verði minnkuð sú þjónusta sem þegar er fyrir hendi í tengslum við tannlæknaþjónustu við börn og unglinga. Nefndin er hins vegar þeirrar skoðunar eins og mál hafa þróast að hægt sé að ná fram sparnaði með því að breyta 44. gr. almannatryggingalaga þegar um er að ræða gullfyllingar, krónu- og brúargerð og tannréttingar þannig að ákvæði laganna um þessa þætti virki ekki nánast sjálfvirkt heldur því eingöngu að tekin hafi verið afstaða til aðgerðanna áður eins og á sér stað varðandi c-lið 39. gr. þegar um er að ræða meðfædda galla, svo sem klofinn góm eða meiri háttar tannvöntun. Að öðru leyti vísast til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins hér á eftir þar sem gerð er grein fyrir tillögum nefndarinnar, en reiknað er með að þær taki gildi frá og með nk. áramótum. Nefndin mun fylgjast með framkvæmd þessara breytinga og taka tillit til fenginnar reynslu við gerð tillagna um skipulega tannlæknaþjónustu nái breytingarnar fram að ganga.

Frumvarp það, sem hér liggur frammi, er að mestu leyti byggt á tillögum nefndarinnar. Reglum um flokkun tannréttinga hefur þó verið breytt frá tillögum nefndarinnar þannig að þær fjalla eingöngu um þær tannréttingar sem sjúkratryggingar taka þátt í, ýmist að öllu leyti eða að hluta til, í stað þess að fjalla um flokkunina eina án tillits til greiðsluþátttöku sjúkratrygginga. Telur ráðuneytið rétt að það komi skýrt fram með hvaða hætti það telur að

sjúkratryggingar eigi að greiða fyrir tannréttingar þannig að ekki fari milli mála hvernig greiðslum skuli háttað eftir nk. áramót. Í þessu tilviki skal á það bent að tryggingaráð hefur lýst sig meðmælt setningu reglna á þessu sviði og að það verði verkefni ráðherra að setja slíkar reglur að fengnum tillögum tryggingaráðs.

Ráðuneytið vill vekja athygli á því að nefndin kappkostaði að hafa sem besta samvinnu við Tannlæknafélag Íslands og Tryggingastofnun ríkisins varðandi sparnað í tannlæknakostnaði hins opinbera. Enn fremur sendi nefndin Tannlæknafélagi Íslands, Tryggingastofnun ríkisins, tryggingatannlækni, Tannréttingafélagi Íslands og tannlæknadeild Háskóla Íslands drög að reglum um flokkun tannréttinga til umsagnar, en reglurnar eru sniðnar eftir norskum reglum um flokkun tannréttinga. Nefndin fékk heimild til þess að bjóða til landsins Arnljot Gaare, sérfræðingi í tannréttingum, sem var formaður nefndar á vegum norska ríkisins sem m.a. fjallaði um tannréttingar. Átti hann fundi með nefndinni og ræddi málin auk þess við Tannréttingafélag Íslands og Tryggingastofnun ríkisins. Umsagnir um drögin bárust frá tryggingaráði, tryggingatannlækni, Tannlæknafélagi Íslands og Tannréttingafélagi Íslands og fylgja þær hér með sem sérstök skjöl.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er ekki lögð til efnisleg breyting heldur eingöngu breyting til samræmingar við 2. gr. frumvarpsins þannig að settar skuli reglur um framkvæmd c-liðar 39. gr. laga um almannatryggingar að fengnum tillögum tryggingaráðs. Drög þau að reglum, sem fylgja með frumvarpi þessu, taka mið af því að um sé að ræða reglur bæði skv. c-lið 39. gr. og skv. 44. gr. laganna.

Um 2. gr.

Með hliðsjón af breytingum skv. 1. gr. verður að breyta ákvæðum 1. málsl. 4. mgr. 39. gr. því að samkvæmt þeim málslið ber tryggingaráði að setja reglur skv. c-lið 39. gr. Samkvæmt 1. gr., eins og hún er orðuð í frumvarpi þessu, er hins vegar ætlast til þess að ráðherra setji reglurnar að fengnum tillögum tryggingaráðs.

Um 3. gr.

1. tölul. 2. mgr. 44. gr. er óbreyttur.

Lagðar eru til breytingar á 2. tölul. 2. mgr. 44. gr. varðandi sérhæfða þjónustu við börn og unglinga á aldrinum 6–18 ára þannig að ekki verði um skyldugreiðslur eða sjálfvirkar greiðslur að ræða heldur heimildargreiðslur og að settar verði reglur um framkvæmdina þar sem kveðið verði á um flokkun tannlækninga, þar á meðal tannréttinga, og greiðsluþátttöku eftir eðli þeirra. Þykir eðlilegt að þátttaka hins opinbera sé mest í þeim tilvikum þar sem um er að ræða aðgerðir í lækningarskyni og allt niður í enga sé um að ræða tannréttingar sem ekki eru gerðar í læknisfræðilegu skyni. Nú nýtur tæpur helmingur barna og unglinga tannréttingarþjónustu hér á landi og má reikna með að kostnaður hins opinbera vegna þessarar þjónustu nemi ekki undir 125 millj. kr. á yfirstandandi ári. Miðað við framkvæmd tannréttinga í Noregi, þar sem heilbrigðisástand er hvað líkast því sem hér gerist, er talið að þriðjungur barna og unglinga þarfnist slíkrar þjónustu. Reikna má með um 60 millj. kr. sparnaði vegna þessa eina þáttar, þegar lögin eru að fullu komin til framkvæmda.

Með frumvarpi þessu fylgja tillögur að reglum um flokkun tannréttinga með hliðsjón af greiðslum hins opinbera skv. c-lið 39. gr. og 44. gr. Nefndin leggur enn fremur til að því aðeins komi til greiðslna samkvæmt þessari grein sé um að ræða gullfyllingar, krónu- og brúargerð og tannréttingar að fyrir liggi sérstök umsókn hlutaðeigandi og samþykki sjúkratrygginga. Á því að fara fram mat á nauðsyn aðgerðar áður en til greiðslu kemur. Í þessu tilviki er rétt að benda á að önnur sérfræðiþjónusta fyrir þann aldurshóp sem um ræðir í lögunum, svo sem vegna

skurðaðgerða, yrði að fullu greidd, sbr. c-lið 39. gr., þannig að með þessum breytingum er ekki verið að taka á annarri sérfræðiþjónustu en gullfyllingum, krónu- og brúargerð og tannréttingum. Rétt er enn fremur að vekja athygli á því að samkvæmt fylgiskjali I með frumvarpi þessu, þar sem flokkaðar eru tannréttingar og gerð grein fyrir þátttöku sjúkratrygginga, er einungis tekið á tannréttingaþættinum skv. c-lið 39. gr., en ekki öðrum þáttum, þannig að sömu reglur gilda áfram um aðra þjónustu skv. c-lið 39. gr.

Breytingar á 3. og 4. tölul. 2. mgr. 44. gr. eru til samræmis við breytingar á 2. tölul. sömu málsgreinar og vísast til ofangreindra skýringa.

5. tölul. 2. mgr. 44. gr. er óbreyttur.

Til þess að ofangreindar breytingar nái tilætluðum árangri er að mati nefndarinnar nauðsynlegt að efla eftirlit með framkvæmd þeirra þátta almannatrygginga sem snerta tannlækningar. Í því skyni er lagt til að tryggingaráð ráði sérstakan tannlækni. Nú starfar við stofnunina tannlæknir, tryggingatannlæknir. Starfar hann án nokkurra lagafyrirmæla á vegum tryggingayfirlæknis og ber ábyrgð gagnvart honum. Þessu telur nefndin að þurfi að breyta þannig að ábyrgðin sé gagnvart yfirstjórn stofnunarinnar, tryggingaráði.

Þegar á heildina er litið er hér um að ræða sparnað sem nemur um 60 millj. kr. á ári beinlínis vegna 44. gr. þegar lögin eru að fullu komin til framkvæmda. Auk þess hlytu að sparast verulegar fjárhæðir vegna ferðakostnaðar en hann er áætlaður á yfirstandandi ári um 40 millj. kr. vegna tannréttinga einna. Dragist tannréttingakostnaður hins opinbera saman um helming næðist þar um 20 millj. kr. sparnaður. Er þá kominn um 80 millj. kr. sparnaður en rætt hefur verið um 100 millj. kr. sparnað. Því sem á vantar þyrfti að ná eftir öðrum leiðum og skal á það bent að umsamið álag á sérfræðiþjónustu, 32%, er hátt og er t.d. í ósamræmi við hliðstæðar reglur í Noregi. Náist samningar um að lækka það mætti spara töluverðar upphæðir til viðbótar. Einnig kemur til greina, náist ekki samningar um lækkun álags, að kveða á um það í sjálfum lögunum að aðeins skuli greitt fyrir meðaltalskostnað er tæki mið af tannlækningum hjá almennum tannlæknum. Í þessu tilviki er rétt að benda á að almennir tannlæknar hafa heimild til þess að sinna öllum tannlækningum, jafnt tannréttingum sem öðrum, og í þeim tilvikum, sem þeir sinna tannréttingum og öðrum sérhæfðum verkefnum, taka þeir gjald sem er álaginu lægra en sérfræðingar. Tilhneigingin hefur hins vegar verið sú að sífellt stærri hluti verkefna færist yfir til sérfræðinga og skiptir ekki máli hvort verkið er unnið af sérfræðingum sjálfum eða aðstoðarfólki. Þetta leiðir til aukinna útgjalda sjúkratrygginga. Á árunum 1983–1986 héldust útgjöld ríkisins vegna tannlækninga í jafnvægi og voru um 400 millj. kr. á ári miðað við peningaverðgildi í október á þessu ári. Eftir samninga við tannlækna 1987 hækkaði sambærilegur kostnaður upp í 515 millj. kr. og í 565 millj. kr. 1988 og stefnir í 700 millj. kr. á yfirstandandi ári. Þessar hækkanir virðast fyrst og fremst til komnar vegna aukinna tannréttinga sem hið opinbera greiðir, enda virkar greiðslukerfið nánast sjálfvirkt. Við þetta bætist hlutur sveitarfélaga sem var árið 1988 samtals 257 millj. kr. og hlutur einstaklinganna sem var 182 millj. kr. fyrir þá hópa sem njóta endurgreiðslu.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Nauðsynlegt er að kveða á um það hverjir skuli eiga rétt á þjónustu samkvæmt eldri reglum um tannréttingar. Er lagt til að miðað verði við að aðgerð hafi hafist fyrir 1. nóv. sl. og er þá átt við raunverulega aðgerð en ekki skoðun. Þannig mundi ekki nægja að hlutaðeigandi aðili hefði komið til skoðunar fyrir 1. nóv. Einhvers staðar verður að draga mörkin og eigi að nást fram sparnaður þegar á næsta ári er nauðsynlegt að kveða á um skýr skil. Ástæðan fyrir því að miðað er við 1. nóv. sl. er sú að þá var þegar mikil umræða um málið og að því látið liggja af hálfu ríkisins að breytinga væri að vænta.

Fylgiskjal I.

Reglur um flokkun tannréttinga og þátttöku sjúkratrygginga skv. c.-lið 39. gr. og 44. gr. laga um almannatryggingar.

1. flokkur. Full þátttaka sjúkratrygginga, sbr. c-lið 39. gr.

1. Klofin vör og gómur.
2. Skekkja sem veldur andlitslýtum.
3. Skekkja sem þarfnast einnig skurðaðgerðar. Skekkjan er svo mikil að hún flokkast í 2. flokk án þess að ráðlagt sé að leita hefðbundinna tannréttinga.

2. flokkur. Helmingsþátttaka sjúkratrygginga, sbr. 44. gr.

1. Lárétt yfirbit sem er 9 mm og meira.
2. Undirbit allra fjögurra framtannanna með eða án þvingunar.
3. Djúpt bit þar sem tvær tennur eða fleiri bíta í slímhúðina.
4. Krossbit eða saxbit öðrum megin hjá þremur eða fleiri tannpörum sem orsakar þvingun og/eða ósamræmi í andliti.
5. Saxbit báðum megin hjá tveimur eða fleiri tönnum í hvorri hlið.
6. Opið bit þar sem einungis bitfletir aftari jaxla snertast.
7. Eina eða fleiri framtönn vantar.
8. Meðfædd vöntun tveggja eða fleiri jaxla sömu megin (endajaxlar ekki meðtaldir).
9. Innilokaðar fram- og augntennur sem þarfnast tilfærslu.

3. flokkur. 30% þátttaka sjúkratrygginga, sbr. 44. gr.

1. Lárétt yfirbit sem er 6–9 mm.
2. Djúpt bit þar sem tennur snertast ekki eða bitið lendir á þeim fjórðungi tunguflatar efri góms tanna sem næstur er tannholdinu.
3. Tennur sem eru fyrir innan eða utan tannbogann.
4. Opið bit þriggja eða fleiri tannpara.
5. Meðfædd vöntun á jaxli.
6. Mikil þrengsli hjá framtönnum (miðast við mm og stöðu einstakra tanna).
7. Bil á milli miðframtanna 3 mm eða meira. Of mikið rými fyrir framtennur (miðast við mm).
8. Frávik í biti með mikilli skerðingu á starfsemi og notagildi.

Fyrir aðrar tannréttingar en að ofan er greint frá greiðist ekkert úr sjúkratryggingum.

Fylgiskjal II.

Reykjavík, 3. nóv. 1989.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið
Ingimar Sigurðsson deildarlögfræðingur
Laugavegi 116
150 Reykjavík

Ráðuneytið leitaði til Tannlækningafélags Íslands 5. okt. sl. Erindið var að biðja um tillögur félagsins um lækkun tannlækningakostnaðar.

TFÍ hafa enn ekki borist upplýsingar frá ráðuneytinu um hvernig kostnaðurinn skiptist á einstaka gjaldliði eða á milli einstakra tannlækna. Þegar upplýsingar berast mun stjórn TFÍ vinna að ítarlegri tillögum um sparnað.

Árið 1988 var kostnaður hins opinbera við endurgreiðslu tannlækninga 713 milljónir króna. Ætla má að kostnaðurinn nálgist 1 milljarð króna á árinu 1989. Er unnt að lækka þennan kostnað um 10% eða um 100 milljónir króna:

Athuga mætti eftirfarandi:

1. Aukið aðhald.

Mikilvækt er að sjúklingar tannlækna viti ávallt glöggt hvað tannlæknisþjónusta þeirra kostar. Sú vitneskja veitir tannlæknum eðlilegt aðhald og dregur verulega úr þeirri hættu að kerfið sé misnotað, eins og víða hefur viljað brenna við þegar þriðji aðili greiðir þjónustu.

Rétt er að höfuðreglan sé sú að sjúklingar beri jafnan sjálfir eitthvert hlutfall kostnaðar tannlæknisþjónustu sinnar. Hluti barna og unglinga, 6–15 ára, af almennum tannlækningum gæti verið 10%. Við það mundi kostnaður ríkisins lækka um 50 milljónir króna.

Til aðhalds er einnig nauðsynlegt að sjúklingar greiði sjálfir tannlækni sínum að fullu veitta þjónustu. Kostnaðurinn fengist síðan endurgreiddur að því marki, er reglur segja til um hverju sinni.

Af skipulagsástæðum má gera undantekningu þar sem tannlækningastofur eru á sjúkrahúsum, dvalarheimilum og í skólum. Í þeim tilvikum er tannlækni heimilt að innheimta allan kostnaðinn hjá hinu opinbera, sem sendir sjúklingi afrit af sundurliðuðum reikningi og krefur sjúkling um hans hluta.

Það skal tekið fram að stjórn félags skólatannlækna telur ofangreindar leiðir með öllu óframkvæmanlegar.

Eðlilegt er að aðhald Tryggingastofnunar sé virkt og fylgst verði með túlkun gjaldskrárinnar. Til þess verður samstarfsnefnd TR og TFÍ að hafa stöðugan aðgang að gögnum sem sýna hvernig kostnaður skiptist.

2. Breyting á endurgreiðslukerfinu.

Hlutfall endurgreiðslu vegna kostnaðar af tannlækningum barna yngri en sex ára verði hið sama og hverju sinni gildir fyrir eldri börn.

Algengt er að foreldrar fari fyrst með börn sín til tannlæknis eftir að þau öðlast rétt til fullrar endurgreiðslu á 6 ára afmælisdaginn. Þá bíða barnanna oft umfangsmiklar og kostnaðarsamar tannlækningar.

Við þessa breytingu og ef sjúklingar taka á sig 10% kostnaðarins má búast við því að kostnaður ríkisins aukist í fyrstu um 15 milljónir króna. Hins vegar, þegar frá líður, mun þessi breyting leiða til lækkunar kostnaðar af tannlækningum barna.

3. Kostnaður við tannréttingar.

Þegar samningur TFÍ og TR var undirritaður 9. desember 1987 var gert ráð fyrir 15% lækkun á tannréttingum miðað við almennar tannlækningar. Enn fremur náðist samkomulag um lækkun séfræðiálags úr 40% í 32%.

Samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins jókst kostnaður hins opinbera af almennum tannlækningum um 37% á milli áranna 1987 og 1988. Á sama tíma er kostnaðurinn af tannréttingum sagður hafa aukist um 30% eða úr 167 milljónum í 217 milljónir króna. Nú hefur komið í ljós, að bæði í 167 og 217 milljónunum muni einnig leynast kostnaður steyptra tanngerva, sem er endurgreiddur að sama marki og tannréttingar. Hins vegar virðist ekki hlaupið að því að ákvarða hlutdeild þessa skekkjuvalds í dæminu.

Ekki er heldur ljóst hvernig skipting á gjaldliði tannréttinganna hefur breyst, hve mikil fjölgun sjúklinga hefur orðið, hvað sérfræðingar sinna miklum hluta tannréttinganna og hvað kemur í hlut hins almenna tannlæknis. Nauðsynlegt er að fá þessar upplýsingar hjá Tryggingastofnun ríkisins til þess að unnt sé að koma með sparnaðartillögur.

4. Ferðakostnaður.

Ferðakostnaður vegna tannlækninga er talinn hafa verið um 40 milljónir á árinu 1988. Stærsti hluti kostnaðarins er vegna tannréttinga. Árið 1986 var lögð fram á Alþingi tillaga til þingsályktunar um sérfræðilega tannlæknaþjónustu í héraði. Tillagan hlaut ekki afgreiðslu. Rétt er að skoða aftur hvort hagkvæmara yrði að sinna hluta tannréttingaþjónustunnar í héraði með skipulögðum hætti. Það mál er í athugun hjá Tannréttingafélagi Íslands.

5. Tvískoðun barna á skólaskyldualdri.

Skólatannlækningar sinna 69% skólabarna í Reykjavík. 31% barnanna fá þjónustu sína hjá sjálfstætt starfandi tannlæknum. Ekki er grunlaust um að hluti barnanna fái skoðun og jafnvel aðra meðferð bæði hjá skólatannlæknum og einkatannlæknum. Þessi tvímeðferð er óþörf og er hér leið til sparnaðar.

Það er skoðun Tannlæknafélags Íslands að réttur sjúklings til að velja sér tannlækni skuli vera skilyrðislaus.

Á tuttugasta og fjórða þingi Alþjóðafélags lækna í Lissabon árið 1981 var samþykkt yfirlýsing um réttindi sjúklingsins. Í samþykktinni segir m.a.:

a. „Sjúklingurinn á þann rétt að vera frjáls að því að velja sér lækni.
b. Sjúklingurinn á þann rétt að fá meðferð hjá lækni, sem er frjáls að því að taka klíniskar og siðfræðilegar ákvarðanir án utanaðkomandi afskipta.
c. Sjúklingurinn á þann rétt að gangast undir eða hafna meðferð eftir að hann hefir fengið fullnægjandi upplýsingar."

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Tannlæknafélags Íslands.

Börkur Thoroddsen formaður.

Fylgiskjal III.

Reykjavík, 24. nóvember 1989.

Hr. skrifstofustjóri
Ingimar Sigurðsson
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu
Laugavegi 116
Reykjavík

Í bréfi yðar, dagsettu 14. nóvember s.l., er leitað álits hjá undirrituðum á drögum að reglum um flokkun tannréttinga eftir mikilvægi þeirra og fylgja bréfinu hliðstæðar norskar

reglur. Er þess sérstaklega farið á leit að fjallað verði um reglurnar og gerðar tillögur um breytingar á þeim ef ástæða þykir til.

Í 44. gr. laga um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum, er kveðið á um að greiða skuli börnum og unglingum og elli- og örorkulífeyrisþegum ákveðinn prósentuhluta af kostnaði vegna tannaðgerða. Í d-lið 39. gr. laganna er heimilað að auka greiðslur „umfram það, sem 44. gr. nær til, þegar um er að ræða meðfædda galla, svo sem klofinn góm eða meiri háttar tannvöntun". Með því að tannskekkja er í flestum tilvikum meðfædd, fellur meðferð við henni undir þetta ákvæði. Heimild 39. gr. er afar rúm, svo að ástæða er til að ætla að full þörf væri á flokkun aðgerða og samræmdum greiðslum, ekki síst þegar um tannréttingar er að ræða. Slíkar reglur hafa allar þær þjóðir sett, sem skipulagt hafa tannlæknaþjónustu sína, því að reglur sem þessar eru liður í skipulögðum meðferðarmunstrum, utan þeirra hafa þær ekkert praktískt gildi. Tannlæknaþjónustan hefur ekki verið skipulögð hér á landi, og mat á reglum um flokkun tannréttinga getur því naumast farið fram, nema fyrir liggi teikning af örðum þáttum þess meðferðarmunsturs sem framkvæma skal tannlækningar eftir. Leitast skal við að skýra þetta nánar.

Uppistaða norsku reglnanna, eins og annarra hliðstæðra reglna, eru skráð frávik á eðlilegu samanbiti tanna (normal occlusion). Þessi listi frávika eða skekkjuvalda er síðan flokkaður með tilliti til þess hve mikil þörf er talin á tannréttingu. Þörfin sem slík er læknisfræðilega skilgreind (treatment indication), en rök sjálfs sjúklingsins vega oft þungt á metum (psychosocial attitude). Þessum rökum er nú almennt hafnað, þegar til álita kemur endurgreiðsla á vægri tannskekkju, á þeirri forsendu, að eðlilegt bit með réttri samstillingu tanna (intercuspation) sé ekki lengur viðmiðun fyrir eðlilegu eða heilbrigðu tannbiti. Einkennandi fyrir heilbrigt samanbit sé stöðugleiki og tilgangurinn með tannréttingu sé að ná stöðugri tannstöðu. En á þetta atriði leggja Norðmenn þunga áherslu í endurgreiðsluflokkun sinni, og fyrir bragðið verður afgreiðslan sjálfvirkari en ella. Norðmenn hafa rekið skipulagðar tannlækningar um langt árabil. Fyrir liggur, hvernig skekkjusjúklingar deilast niður á hina ýmsu endurgreiðsluflokka og hver kostnaður er. Um er að ræða gamalgróið kerfi með háþróuðum meðferðarmunstrum, þar sem skipulagt er, hvenær, hvar og hvernig meðferð skuli fara fram. Í máli Arnljot Gaare kom fram, að þjónustan við tannskekkjusjúklinga er margþætt og samvirk, þar verður ekki endurgreiðsluflokkun rædd sérstaklega samhengislaust. Tannlæknaþjónusta Norðmanna er okkar þjónustu svo langtum fremri, að svo virðist sem í umræðu þeirra um endurgreiðsluflokka sé gælt við þversagnakenndar hugmyndir um að „útrýma" tannskekkju með því að fella niður endurgreiðslu vegna tannréttinga.

Niðurstaða þessarar umfjöllunar verður þessi: Flokkun á tannskekkju og samræmdar greiðslur vegna tannréttinga er liður í meðferðarmunstri, sem varðar framkvæmd tannréttinga. Í skipulegri tannlæknaþjónustu er slíkt munstur mótað í heild og lagað að aðstæðum og tannheilsu þeirra sjúklinga, sem meðferð er ætlað. Reglur um flokkun tannréttinga verða því ekki metnar, nema fyrir liggi áætlun um aðra verkþætti viðkomandi meðferðarmunsturs.

Virðingarfyllst,

Þorgrímur Jónsson,

tryggingatannlæknir.

Fylgiskjal IV.

Nefnd um skipulag tannlæknaþjónustu
Magnús R. Gíslason yfirtannlæknir
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu
Laugavegi 116
105 Reykjavík

Akureyri, 24. nóv. 1989.

Tannréttingafélagi Íslands hefur borist bréf yðar dags. 14. nóv. 1989 varðandi flokkun tannréttinga og fleira. Orðalag bréfsins um að henda reiður á sérfræðiþjónustu skilur stjórn TRÍ þannig að ástæða þyki til að færa fjármuni milli hópa og að sú tilfærsla tengist hugmyndum um skerðingu á framlagi hins opinbera til endurgreiðslu á tannréttingakostnaði. Eftirfarandi umsögn fjallar því meðal annars um það hvort umrædd flokkaskipting sé heppilegur krókur á leið til sparnaðar.

Flokkun tannréttinga að hætti Norðmanna og Svía.

Við teljum að miðað við sínar forsendur sé norska flokkunarkerfið skilmerkilega útfært, en vafaatriði hljóti þó að koma oft upp. Þýðingin á norsku reglunum þarfnast smávægilegra lagfæringa, en efnilegar breytingatillögur höfum við ekki fram að færa að svo stöddu.

Á fundinum með Arnljot Gaare 9. nóv. sl. vakti meðal annars athygli okkar að flokkunarkerfi af þessu tagi virðast hvergi notuð utan Noregs og Svíþjóðar og að hlutur sjúklings í kostnaði við læknismeðferð er yfirleitt ekki ákveðinn með því að mæla stærð eða gerð meinsins.

Samkvæmt upplýsingum Gaare skiptist meginhluti norskra sjúklinga í tvo áþekka hópa, flokk tvö og þrjú, en aðeins lítill hluti fellur utan við endurgreiðslukerfið, í flokk fjögur. Við gerum ráð fyrir að verkefni okkar fram til þessa hefðu flokkast á svipaðan hátt, en lýsum okkur reiðubúin til samvinnu um könnun til að sannreyna það.

Við höfum reyndar nokkra reynslu af flokkaskiptingu þar sem d-liður 39. gr. laga um almannatryggingar felur í sér heimild til hækkunar endurgreiðslu þegar um er að ræða meðfædda galla, svo sem klofinn góm eða meiri háttar tannvötnun. Samkvæmt könnun meðal félagsmanna TRÍ sl. vor hefur lítils samræmis gætt við afgreiðslu umsókna sem varða þetta ákvæði, og hefur það kostað okkur þarflausar skriftir og valdið sjúklingunum óvissu. Þegar við bætast alls konar hnökrar á samskiptum, t.d. að sjúkragögnum er ekki skilað fyrr en eftir tíu mánuði, kólna heldur tilfinningarnar til opinberra eftirlitsstofnana.

Forsendur tannréttinga.

Stjórn TRÍ er ljóst mikilvægi þess að greina í sundur útlitsgalla og ýmiss konar starfsmein, enda er reynt að meta þessa þætti strax í fyrsta viðtali og ræða út frá þeim um þörfina fyrir meðferð. Ákvörðun um meðferð er síðan venjulega tekin af sjúklingnum sjálfum og fjölskyldu hans, að fengnum upplýsingum um áætlaðan meðferðarkostnað og tímalengd. Ef einhver kýs meðferð eingöngu vegna útlitsástæðna og greiðir helming kostnaðarins úr eigin vasa teljum við vafasamt að dæma forsendur hans fyrir sinni ákvörðun léttvægari en hvers annars. Við

teljum með öðrum orðum að þörfin fyrir meðferð eigi rætur í einstaklingnum sjálfum, ekki síður en í mælistikum sem sérfræðingar eða eftirlitsmenn leggja á hann.

Af þessum ástæðum leggst stjórn TRÍ gegn flokkun sjúklinga í líkingu við það sem tíðkast í Noregi og telur að slíkt umstang leiði ekki til stórum réttlátari skiptingar þeirra fjármuna sem opinberir aðilar leggja fram til tannréttinga.

Hlutur tannréttinga í heildarkostnaði vegna tannlæknaþjónustu.

Það er vitað að á árinu 1988 námu heildarútgjöld Tryggingastofnunar ríkisins vegna tannlækninga tæpum 713 milljónum. Þar sem útgjöldum sjúkratrygginga er skipt eftir endurgreiðsluflokkum, en ekki tegundum aðgerða, er ekki auðséð af þeim hver hlutur tannréttinga er. Könnun meðal tólf félaga í TRÍ leiðir hins vegar í ljós að heildarveltan var um 188 milljónir króna á árinu 1988 og að miðgildi brúttótekna á rekstrarreikningum var rúmlega 14 milljónir króna. Endurgreiðslur vegna vinnu sérfræðinga við tannréttingar hafa því numið rúmlega helmingi heildarupphæðarinnar, eða 95 til 100 milljónum króna á árinu 1988.

Kostnaður vegna almennrar tannlæknisþjónustu barna og unglinga nam að meðaltali um 10 000 krónum á mann árið 1988, en hærri tölur eiga líklega einkum við trassana í þeim hópi. Kostnaður vegna tannréttinga kemur hins vegar mjög misjafnt niður á fjölskyldum og yfirleitt fær einstaklingurinn litlu ráðið um tannstöðu sína og bit. Stjórn Tannlæknafélags Íslands hefur lagt til að börn og unglingar beri 10% kostnaðar vegna almennra tannlækninga sem nú eru endurgreiddar að fullu. Það er einnig skoðun stjórnar TRÍ að fremur beri að minnka en auka muninn á endurgreiðslum vegna tannréttinga annars vegar og almennrar þjónustu við börn og unglinga hins vegar.

Ferðakostnaður.

Samkvæmt upplýsingum Kristjáns Guðjónssonar í Tryggingastofnun ríkisins nam ferðakostnaður ársins 1988 alls 48,8 milljónum króna og þar af er áætlað að 55% eða 26,8 milljónir tilheyri tannréttingum. Stjórn TRÍ vísar til bréfs félagsins, dags. í janúar 1985, til allsherjarnefndar Alþingis, þar sem skýrðar voru ástæður þess að sérfræðingar starfa ekki við tannréttingar utan Reykjavíkur og Akureyrar. Því miður hafa aðstæður ekki breyst að marki síðan þá, en þó er líklegt að vísar að þjónustu komist bráðlega upp á Ísafirði, Egilsstöðum, Vestmannaeyjum og Selfossi. Þess ber þó að geta að samfara sparnaði vegna fækkunar ferða má búast við auknum útgjöldum hins opinbera vegna þjónustu við fleiri unglinga.

Breytingar á endurgreiðslureglum.

TRÍ ætlar sér ekki þá dul að hafa áhrif á setningu laga og reglna, en telur óhjákvæmilegt að benda á tvennt í því sambandi. Ef nýjar reglur skerða fyrirvaralítið réttindi þeirra sem eru nú þegar í eins til tveggja ára meðferð kemur það sér illa fyrir fjölskyldur sem hafa gert fjárhagsáætlanir sínar út frá núgildandi reglum. Enn fremur má búast við að hljóð heyrist úr horni frá Norðlendingum sem hafa beðið í allt að tvö ár eftir meðferð, ef það kostar þá þar að auki skarðan hlut.

Stjórn TRÍ varar einnig við þeim aukakostnaði sem flokkunarkerfi kynni að valda vegna bréfaskrifta, póstsendinga, gagnaafritunar og vinnu sérfræðinga við umfangsmeiri greiningu sjúkragagna.

Endurbætur byggðar á upplýsingum.

Stjórn TRÍ tekur eindregið undir óskir TFÍ um upplýsingar frá Tryggingastofnun ríkisins um skiptingu kostnaðar eftir tannlæknum og eftir gjaldliðum. Við teljum ekki rétt að kollvarpa því kerfi sem við búum við án þess að skoða hvernig það hefur reynst varðandi fjölda og aldur sjúklinga, kostnaðarskiptingu og fleira. Vettvangur þeirrar umræðu teljum við að eigi bæði að vera innan okkar félags og á samráðsfundum með fulltrúum hins opinbera.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar TRÍ.
Teitur Jónsson formaður.

Afrit send:
Tannlæknafélagi Íslands,
tannlæknadeild Háskóla Íslands,
tryggingaráði,
tryggingatannlækni.

Fylgiskjal V.

Nefnd um skipulag tannlæknaþjónustu
Ingimar Sigurðsson lögmaður
heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið
Laugavegi 116
105 Reykjavík

24. nóvember 1989.

Á fundi tryggingaráðs 20. nóvember 1989 var fyrir tekið erindi yðar, dags. 14. nóvember 1989, þar sem óskað er eftir umsögn tryggingaráðs á drögum nefndarinnar að reglum um flokkun tannréttinga.

Eftirfarandi bókun var gerð:

„Lagt fram bréf nefndar um skipulag tannlæknaþjónustu, dags. 14. nóvember 1989, ásamt drögum að reglum um flokkun tannréttinga eftir mikilvægi þeirra í samræmi við d-lið 39. gr. og 44. gr. laga um almannatryggingar. Óskað er umsagnar tryggingaráðs á drögunum. Tryggingaráð telur mjög til bóta að settar verði reglur af þessu tagi."

Þorgrímur Jónsson tryggingatannlæknir hefur enn fremur lofað faglegri álitsgerð fyrir umrædd tímamörk, 27. nóvember 1989.

Virðingarfyllst,
f.h. Tryggingastofnunar ríkisins.
Eggert G. Þorsteinsson.

Fylgiskjal VI.

Magnús R. Gíslason yfirtannlæknir
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti
Laugavegi 116
150 Reykjavík

Á fundi sínum í dag hefur stjórn Tannlæknafélags Íslands fjallað um drög að „reglum um flokkun tannréttinga eftir mikilvægi", sem fylgdu bréfi yðar til félagsins frá 14. þ.m.

Vandséð er, að þarna séu á ferðinni drög að **reglum** um flokkun, heldur fara þar drög að **flokkun** sjálfri. Einnig kann í stöku tilvikum að reynast erfitt að fara eftir íslensku þýðingu norska textans – hana þarf að færa til mun betri vegar.

Þessa utan leggur stjórnin ekki til breytingar á drögum að svo komnu máli. Hins vegar áskilur stjórn TFÍ sér allan rétt til athugasemda, þegar kunnur verður tilgangur flokkunarinnar.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Tannlæknafélags Íslands.

Ólafur Höskuldsson varaformaður.

Nd. 261. Frumvarp til laga [219. mál]

um breyting á lögum um eftirlaun aldraða, nr. 2/1985.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

1. gr.

20. gr. laganna orðist svo:
Endurgreiðslur samkvæmt lögum þessum falla niður eigi síðar en 1. jan. 1992.

2. gr.

Í stað „árin 1980–1989" í 1. og 2. mgr. 21. gr. laganna komi: árin 1980–1991.
Í stað „c) í byrjun hvers mánaðar árin 1985–1989" í 1. mgr. 21. gr. laganna komi: c) í byrjun hvers mánaðar árin 1985–1991.

3. gr.

Í stað „árin 1980–1989" í 22. gr. laganna komi: árin 1980–1991.

4. gr.

Eftir c-lið í 1. mgr. 24. gr. laganna komi: d) árið 1990 2%, e) árið 1991 1%.
Í stað „áranna 1983–1989" í 2. mgr. 24. gr. laganna komi: áranna 1983–1991.

5. gr.

Í stað „og 3% árin 1986–1989" í 1. tölul. 1. mgr. 25. gr. laganna komi: 3% árin 1986–1989, 2% árið 1990 og 1% árið 1991.
Í stað „áranna 1983–1989" í 2. mgr. 25. gr. laganna komi: áranna 1983–1991.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 1979 voru sett lög um eftirlaun til aldraða, nr. 97 24. des. 1979. Við setningu laganna var gert ráð fyrir að eftirlaunagreiðslur samkvæmt þeim féllu niður í árslok 1984. Þegar þar að kom þótti ekki koma til greina að eftirlaunagreiðslur þessar féllu niður án frekari ráðstafana af hálfu stjórnvalda. Ákvæði laganna um eftirlaunagreiðslur voru því framlengd til 1. jan. 1990. Á ný er ljóst að þær lífeyrisgreiðslur, sem hér um ræðir, mega ekki falla niður þar sem þær skipta miklu um fjárhag og afkomu þess fólks sem nýtur þeirra. Af þessum sökum gaf ríkisstjórnin í tengslum við lausn kjarasamninga í lok aprílmánaðar síðastliðins fyrirheit um að hún mundi beita sér fyrri framlengingu laganna um eftirlaun til aldraðra. Ekki var tiltekið nákvæmlega með hvaða hætti lífeyrisgreiðslum þessum skyldi fram haldið. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fól umsjónarnefnd eftirlauna að kanna þetta mál.

Í greinargerð nefndarinnar frá 9. júní sl. kemur fram að hún telji einkum þrjá kosti koma til greina um framlengingu laganna. Í fyrsta lagi að framlengja enn um sinn gildandi lög í meginatriðum óbreytt að öðru leyti en snertir það iðgjaldshlutfall sem lífeyrissjóðir greiða til þessa lífeyriskerfis. Í öðru lagi að framlengja greiðslur með yfirtöku hins opinbera á þeim. Í þriðja lagi að framlengja greiðslur samkvæmt lögunum en breyta kostnaðarskiptingu milli lífeyrissjóða annars vegar og hins opinbera hins vegar. Umsjónarnefndin taldi síðasta kostinn álitlegastan og lagði síðar fram formlegar tillögur þar að lútandi.

Það er skoðun ríkisstjórnarinnar og reyndar í samræmi við fyrirheit hennar að framlengja beri lögin næstu tvö ár með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í þeim kosti sem fyrstur er nefndur hér á undan. Á þeim tíma verði þau tekin til endurskoðunar í tengslum við heildarendurskoðun málefna lífeyrissjóða og með hliðsjón af þeim tillögum umsjónarnefndar sem áður var getið. Það fæli í sér að lífeyrissjóðir greiddu verðtryggð réttindi eftir reglugerðum sínum og í samræmi við iðgjaldsgreiðslutíma, en hið opinbera greiddi það sem vantaði á full réttindi samkvæmt gildandi lögum. Með þeirri tveggja ára framlengingu og breytingu á því iðgjaldshlutfalli, sem lífeyrissjóðum er gert skylt að greiða til þessa eftirlaunakerfis og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, gefst bæði ráðrúm til að kanna þessi lög í tengslum við mótun framtíðarstefnu í málefnum lífeyrissjóða og jafnframt fá núverandi kostnaðaraðilar tóm til aðlögunar að breyttri kostnaðarskiptingu. Þykir heppilegra að framlög sjóða verkalýðsfélaga til greiðslu verðtryggingar skv. I. kafla laganna og framlög annarra sjóða til greiðslu eftirlauna skv. II. kafla verði lækkuð í áföngum á tveimur árum en að þau verði felld niður þegar í stað eins og tillögur umsjónarnefndar gera ráð fyrir.

Hér á eftir er gerð grein fyrir þessu máli og eru þeir kaflar, sem fjalla um aðdraganda laganna, eftirlaunin sjálf, eftirlaunaþegana og horfur um fjölda þeirra, teknir úr greinargerð umsjónarnefndar.

Aðdragandi og efni laganna um eftirlaun til aldraða.

Lögin um eftirlaun til aldraðra, nr. 97/1979, leystu af hólmi lög um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, nr. 63/1971, en upphafleg lög um þetta efni nr. 18/1970 voru sett í framhaldi af kjarasamningum 1969 og stofnun hinna svonefndu almennu lífeyrissjóða verkalýðsfélaga í ársbyrjun 1970. Tilgangurinn með lögunum var sá að veita eldri félögum verkalýðsfélaganna réttindi umfram það sem iðgjaldagreiðslutími gat veitt tilefni til þar sem lítið var eftir af starfsævi þeirra eða henni jafnvel lokið. Samkvæmt fyrirheiti ríkisstjórnarinnar við samningana 1969 skyldu útgjöld vegna þessara viðbótarréttinda næstu 15 árin borin af Atvinnuleysistryggingasjóði að ¾ og ríkissjóði að ¼, en síðan tækju hlutaðeigandi lífeyrissjóðir við, enda yrði þá farið að draga verulega úr útgjöldum vegna þessara ráðstafana. Höfuðástæðan fyrir því, að sett voru lög um þetta efni í stað bráðabirgðaákvæða í

reglugerðum lífeyrissjóðanna, var fjárhagsgrundvöllurinn og því var gert ráð fyrir að lögin féllu úr gildi í árslok 1984.

Réttindi samkvæmt lögunum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum voru takmörkuð við verkalýðsfélög í skilningi laga um atvinnuleysistryggingar. Var sú takmörkun í samræmi við áðurnefndan fjárhagsgrundvöll, þar sem Atvinnuleysistryggingasjóður bar ¾ hluta útgjaldanna áður en hinar sérstöku verðtryggingarráðstafanir komu til sögunnar. Það var enn fremur skilyrði að hlutaðeigandi verkalýðsfélag hefði komið á hjá sér skylduaðild að lífeyrissjóði, þ.e. að yngri mönnum væru tryggð eigi lakari réttindi en þau sem lögin veittu hinum eldri. Réttindi vegna tíma, eftir að skylduaðild var komið á (yfirleitt frá ársbyrjun 1970), fóru eftir iðgjaldagreiðslum, en til þess tíma var – að ákveðnu marki – miðað við launatekjur sem gjaldskyldar hefðu talist ef hlutaðeigandi lífeyrissjóðir hefðu verið starfandi.

Samkvæmt ákvæðum laganna frá 1971 breyttust lífeyrisgreiðslur árlega sem nam breytingu á meðallaunum næstliðinna fimm ára og lífeyrisgreiðslurnar voru því aðeins verðtryggðar að mjög takmörkuðu leyti. Eftir því sem verðbólga færðist í aukana fyrir miðjan síðasta áratug fór því hlutfall lífeyris samkvæmt lögunum og launa hríðlækkandi. Úr þessu var bætt til bráðabirgða með samkomulagi samtaka laugþega og vinnuveitenda í febrúar 1976 þess efnis að lífeyrir samkvæmt lögunum yrði verðtryggður þannig að lífeyrissjóðir á samingssviði þessara aðila kostuðu sameiginlega þá hækkun lífeyris sem af því hlytist að lífeyririnn breyttist jafnaðarlega til samræmis við launahækkanir.

Verðtryggingarreglurnar frá 1976 hafa haft í för með sér aukna verðtryggingu greiðslna úr lífeyrissjóðum langt út fyrir þann hóp sem rétt á samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra eða II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda. Munu nú allir þeir lífeyrissjóðir, sem ekki er beinlínis skylt að láta lífeyrisfjárhæðir fylgja breytingum á launum eða kauptöxtum, greiða uppbætur í samræmi við nefnt samkomulag með þeim breytingum sem síðan hafa verið á því gerðar.

Í tengslum við gerð kjarasamninga og við endurnýjun lífeyrissamkomulags aðila vinnumarkaðarins í júní 1977 gaf ríkisstjórnin m.a. fyrirheit um að samdar skyldu tillögur sem tryggðu öllum landsmönnum svipaðan rétt og lögin um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum ákveða félögum í stéttarfélögum fram til þess að nýskipan lífeyriskerfis tæki gildi. Á grundvelli þessarar yfirlýsingar var undirbúið frumvarp til laga um eftirlaun til aldraðra sem síðar varð að lögum nr. 97/1979.

Lögin um eftirlaun til aldraðra skiptast í sex kafla. Í I. kafla eru ákvæði um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum sem eru efnislega hin sömu og voru í lögunum nr. 63/1971. Í II. kafla er kveðið á um almenn eftirlaun til aldraðra, þ.e. um réttindi sem hvorki falla undir I. kafla laganna né II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda. Með ákvæðum II. kafla voru þeim mönnum, sem ekki hafa verið félagar í stéttarfélögum sem talin eru til verkalýðsfélaga í skilningi laga um atvinnuleysistryggingar, tryggð nokkurn veginn sömu réttindi og félögum í stéttarfélögum og eftirlaunarétturinn þannig gerður almennur. Í III. kafla eru svo ýmis sameiginleg ákvæði um bótafjárhæðir, tengsl milli I. og II. kafla laganna og II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda svo og um framkvæmd. Í IV. kafla laganna eru ákvæði um uppbót á lífeyri, þ.e. þá verðtryggingu lífeyris sem fyrst var ákveðin með lífeyrissamkomulagi aðila vinnumarkaðarins í febrúar 1976. Nær verðtryggingin jafnt til lífeyris samkvæmt I. og II. kafla laganna. Í V. kafla eru fjárhagsákvæði og loks eru gildistökuákvæði í VI. kafla.

Í tengslum við gerð kjarasaminga í árslok 1980 var samið um sérstök viðbótarréttindi til handa eftirlaunaþegum skv. I. kafla og var efni þess samkomulags fellt inn í lögin sem 26. gr. með lögum nr. 52/1981. Í þessu felst að frá og með desember 1980 skulu rétthafar skv. I. kafla fá viðbót sem nemur þremur stigum umfram þau réttindi sem lögin veita að öðru leyti. Viðbótin tekur bæði til grunnlífeyris skv. I. kafla og uppbótar og er kostnaður borinn af Atvinnuleysistryggingasjóði.

Ákvæði laganna um eftirlaun.

Eftirlaunin, sem kveðið er á um í lögunum, skiptast í grófum dráttum í þrjá staði, a) eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum (grunnlífeyri) ásamt greiðslu uppbótar (verðtryggingar) á þau og sérstakri greiðslu þriggja stiga uppbótar á þessi fyrrnefndu eftirlaun; b) almenn eftirlaun til aldraðra sem ekki hafa átt aðild að stéttarfélögum; og loks c) hliðstæðar eftirlaunagreiðslur úr Lífeyrissjóði bænda.

Sameiginleg skilyrði eftirlaunaréttar eru þau að eftirlaunaþegar séu fæddir 1914 og fyrr, hafi náð 70 ára aldri og látið af störfum eða náð 75 ára aldri án tillits til hvort þeir hafa látið af störfum, eigi að baki a.m.k. 10 ára réttindatíma og hafi hvert þessara ára áunnið sér a.m.k. 1/25 úr stigi samkvæmt nánari skilgreiningu. Þá gilda og sömu reglur um tegundir lífeyris, ákvörðun hans og útreikning. Lífeyristegundir eru ellilífeyrir og makalífeyrir (lögin kveða raunar einnig á um örorkulífeyri en um hann er ekki lengur að ræða þar sem örorkulífeyrisþegar hafa nú allir náð ellilífeyrisaldri). Á hinn bóginn gilda mismunandi reglur um fjármögnun lífeyrisgreiðslna. Að öðru leyti má gera nánari grein fyrir eftirlaununum sem hér segir:

Eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum skv. I. kafla laganna.

Grunnlífeyrir. Með grunnlífeyri er átt við þann lífeyri sem lögin kváðu á um í upphafi og miðast við reglugerðarákvæði lífeyrissjóða verkalýðsfélaganna sem stofnaðir voru eftir kjarasamninga á árinu 1969. Fjárhæð þessa grunnlífeyris á hverju almanaksári ákveðst sem hlutfall af meðaltali grundvallarlauna 1) undanfarin fimm almanaksár. Þessi grunnlífeyrir er kostaður af ríkissjóði að ¼ og af Atvinnuleysistryggingasjóði að ¾.

Uppbót á grunnlífeyri skv. 1. kafla laganna er greidd skv. 21. gr. laganna af lífeyrissjóðum sem aðild eiga að sérstöku samkomulagi lífeyrissjóða á samingssviði ASÍ, FFSÍ, VSÍ og VMS. Uppbót þessi felst í því að í stað þess, að lífeyrisréttur miðist við fimm ára meðaltal, miðast hann við grundvallarlaun eins og þau eru í byrjun hvers mánaðar. Lífeyririnn fylgir þannig breytingum launa. Greiðslur þessarar uppbótar eru fjármagnaðar með þeim hætti að hver lífeyrissjóður, sem aðild á að samkomulaginu, leggur fram 3% af iðgjaldstekjum í sameiginlegan sjóð. Þessum sjóði er skipt milli lífeyrissjóðanna í hlutfalli við byrði þeirra af uppbótargreiðslum, en það sem á vantar að þetta dugi greiða sjóðirnir sjálfir vegna eigin sjóðfélaga.

Greiðsla þriggja stiga uppbótar á rætur að rekja til kjarasamninga á árinu 1980. Þessi uppbót rennur eingöngu til þeirra sem eiga lífeyrisrétt skv. I. kafla laganna. Kostnaður er greiddur af Atvinnuleysistryggingasjóði.

(Grundvallarlaun eru tekin fjárhæð sem stigaútreikningur og ellilífeyrishlutfall miðast við. Grundvallarlaunin eru ákveðin í lögunum miðað við 1. jan. 1985, en umsjónarnefnd eftirlauna ákveður síðan beytingar þeirra í samræmi við breytingar á launum verkamanna. Grundvallarlaunin eru 40.263 kr. á mánuði frá 1. nóv. 1989.)

Almenn eftirlaun skv. II. kafla laganna.

Hér er um að ræða hliðstæðar greiðslur til aldraðra sem ekki eiga aðild að stéttarfélögum og kveðið er á um í I. kafla laganna. Segja má að einkum þrennt skilji á milli lífeyrisþega skv. I. og II. kafla. Í fyrsta lagi eiga þeir sem njóta lífeyris skv. II. kafla yfirleitt ekki aðild að lífeyrissjóði, ólíkt því sem gerist um lífeyrisþega skv. I. kafla. Í öðru lagi njóta lífeyrisþegar skv. II. kafla ekki þriggja stiga uppbótar á lífeyri eins og lífeyrisþegar skv. I. kafla. Í þriðja lagi er greiðsla grunnlífeyris og uppbótar á hann (verðtryggingar) til lífeyrisþega skv. II. kafla fjármögnuð með allt öðrum hætti en greiðslur til lífeyrisþega skv. I. kafla laganna. Greiðslur skv. II. kafla eru í einu lagi kostaðar sem hér segir: a) Lífeyrissjóðir, sem ekki eiga aðild að

hinu sérstaka samkomulagi um greiðslu uppbótar á lífeyri skv. 21. gr., leggja fram 3% af iðgjaldstekjum sínum til þessara greiðslna. b) Það sem á vantar að greiðslur lífeyrissjóða skv. a) hrökkvi til skiptist þannig að ríkissjóður beri 40%, en Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóður 30% hvor.

Eftirlaun til aldraðra bænda.

Samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð bænda njóta aldraðir bændur, sem uppfylla sömu skilyrði og lífeyrisþegar skv. I. og II. kafla laga um eftirlaun til aldraðra, sams konar eftirlaunaréttar. Kostnaður af þessum greiðslum er borinn þannig að af greiðslum grunnlífeyris, sem miðast við meðaltal grundvallarlauna næstliðin fimm ár, borgar ríkissjóður 62,5% og Stofnlánadeild landbúnaðarins 37,5%. Kostnaður af greiðslu uppbótar á þennan lífeyri er hins vegar borinn með sama hætti og greiðslur skv. II. kafla laga um eftirlaun til aldraðra, þ.e. af 3% iðgjaldsframlagi lífeyrissjóða, en að öðru leyti af ríkissjóði (40%) og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóði (30% hvor).

1) Grundvallarlaun eru tekin fjárhæð, sem stigaútreikningur og ellilífeyrishlutfall miðast við. Grundvallarlaunin eru ákveðin í lögunum m.v. 1. janúar 1985, en Umsjónarnefnd eftirlauna ákveður síðan breytingar þeirra í samræmi við breytingar á launum verkamanna. Grundvallarlaunin eru 40 263 kr. á mánuði frá 1. nóvember 1989.

Kostnaður af eftirlaunagreiðslum.

Eftirfarandi tafla sýnir kostnað af greiðslu eftirlauna skv. lögum um eftirlaun til aldraðra og lögum um Lífeyrissjóð bænda í millj.kr.:

		1988	Áætlað 1989
1.	Greiðsla grunnlífeyris skv. I. kafla	210	260
	þ.a. hluti ríkissjóðs	53	65
	þ.a. hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs	157	195
2.	*Greiðsla uppbótar á eftirlaun lífeyrisþega skv. I. kafla*	*221*	*210*
	þ.a. greitt af sameiginlegu framlagi samkomulagssjóða	172	193
	þ.a. greitt af einstökum lífeyrissjóðum	49	17
3.	*Greiðsla Atvinnuleysistryggingasjóðs á þriggja stiga uppbót á eftirlaun lífeyrisþega skv. I. kafla laganna*	*93*	*100*
4.	*Greiðsla lífeyris skv. II. kafla laganna og uppbótar á hann*	*97*	*107*
	Greiðsla uppbótar á lífeyri aldraðra bænda	*50*	*43*
	þ.a. 3% iðgjaldsframlag lífeyrissjóða	94	104
	þ.a. hluti ríkissjóðs	21	18
	þ.a. hluti Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	16	14
	þ.a. hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs	16	14
1.-4.	**Heildarkostnaður**	**671**	**720**
	þ.a. greitt af ríkissjóði	74	83
	þ.a. greitt af Jöfnunarsjóði sveitarfélaga	16	14
	þ.a. greitt af Atvinnuleysistryggingasjóði	266	309
	þ.a. greitt af „samkomulagssjóðum"	221	210
	þ.a. greitt af öðrum lífeyrissjóðum	94	104

Aths.: Hér eru ekki meðtaldar greiðslur samkomulagssjóða á óverðtryggðum lífeyri sem kemur til frádráttar frá greiðslum samkvæmt lögunum. Þessar greiðslur námu tæpum 19 millj.kr. 1988 og eru áætlaðar 22 millj.kr. 1989.

Í meðfylgjandi töflu kemur fram að samkomulagssjóðirnir báru réttan þriðjung heildarkostnaðarins 1988 en um 29% samkvæmt áætlun 1983. Þessi kostnaður leggst hins vegar mjög misjafnt á sjóðina. Tveir sjóðir skera sig úr með há nettóframlög í krónutölu til hins sameiginlega sjóðs, þ.e. Lífeyrissjóður verslunarmanna (35 millj. kr. 1988, 38 millj. kr. árið 1989) og Lífeyrissjóður sjómanna (26 millj. kr. 1988, 28 millj. kr. árið 1989). Þessi framlög nema um 3% af iðgjaldstekjum og nokkrir aðrir sjóðir greiða álíka mikið nettó til kerfisins í hlutfalli við iðgjaldstekjur. Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar fær langhæstar greiðslur í krónutölu úr kerfinu (28 millj. kr. 1988, 31 millj. kr. árið 1989). Af öðrum sjóðum, sem nutu verulegra greiðslna, má nefna Iðju, Akureyri, og Lífeyrissjóð verksmiðjufólks. Nettógreiðslur til þessara þriggja sjóða svöruðu til 8–10% af iðgjaldstekjum þeirra á árinu. Nokkrir sjóðir nutu svo greiðslna á bilinu 3–5% af iðgjaldstekjum.

Skýringin á mismiklum kostnaði lífeyrissjóða af greiðslu uppbótar (verðtryggingar) á lífeyri er sú að aldursskipting sjóðfélaga er mjög mismunandi í einstökum sjóðum. Þetta er og ástæða þess að samkomulag varð milli samtaka launamanna og atvinnurekenda sem standa að lífeyrissjóðum verklýðsfélaganna um að kostnaðurinn af greiðslu uppbótar skyldi að hluta borinn sameiginlega af sjóðunum. Þótti sanngjarnt að þeir sjóðir, sem höfðu hagstæðasta aldursskiptingu, léttu þannig undir með hinum sem höfðu hæst hlutfall aldraðra félaga. Með þessu móti hefur kostnaðinum af þessum eftirlaunum verið jafnað niður á kynslóðirnar.

Atvinnuleysistryggingasjóður greiðir þriðjung af heildarkostnaði af lífeyrisgreiðslum samkvæmt lögunum. Hér vegur þyngst greiðsla ¾ hluta grunnlífeyris skv. I. kafla laganna, og hefur sjóðurinn borið þessi útgjöld allt frá árinu 1970 er lögin voru fyrst sett. Við þetta var svo aukið verulega á árinu 1980 þegar sjóðnum var gert að greiða þriggja stiga uppbót á eftirlaun lífeyrisþega skv. I. kafla laganna. Þátttaka Atvinnuleysistryggingasjóðs í greiðslum lífeyris er ekki meðal upphaflegra hlutverka hans. Þessi ráðstöfun á fjármunum hans hefur þó þótt réttlætanleg. Sjóðurinn er myndaður af iðgjöldum sem eru í reynd hluti launagreiðslna; lífeyrisgreiðslurnar falla að þeim megintilgangi sjóðsins að tryggja launamönnum framfærslueyri ef atvinna bregst. Þá skiptir og máli að atvinnuástand hefur lengst af verið gott og því hafa talsverðar eignir myndast í sjóðnum. Á hinn bóginn eru eftirlaunagreiðslurnar veruleg byrði fyrir sjóðinn eins og sést af því að á árinu 1988 varði Atvinnuleysistryggingasjóður 44% af iðgjaldstekjum sínum til lífeyrisgreiðslna.

Fjöldi eftirlaunaþega og réttindi þeirra.
Miðað við fjölda og réttindi í janúar 1989 en greiðslur í nóvember 1989.

Eftirlaunaþegar skv. I. kafla	
Fjöldi ellilífeyrisþega	3.703
Fjöldi makalífeyrisþega	1.258
Fjöldi skv. I. kafla alls	4.961
Meðalréttindi eftirlaunaþega skv. I. kafla	
Meðalréttindi ellilífeyrisþega (% af grundvallarlaunum)	29,51[1]
Meðalréttindi makalífeyrisþega (% af grundvallarlaunum)	21,64[2]
Meðalgreiðslur á mánuði, kr.	
Ellilífeyrisþegar	
Eftirlaun	11.882
Þriggja stiga uppbót	2.174
Samtals	14.056
Makalífeyrisþegar	
Eftirlaun	8.713
Þriggja stiga uppbót	1.208
Samtals	9.921
Eftirlaunaþegar skv. II. kafla	
Fjöldi ellilífeyrisþega	974
Fjöldi makalífeyrisþega	333
Fjöldi skv. II. kafla alls	1.307
Meðalréttindi eftirlaunaþega skv. II. kafla	
Meðalréttindi ellilífeyrisþega (% af grundvallarlaunum)	18,34[1]
Meðalréttindi makalífeyrisþega (% af grundvallarlaunum)	16,76[2]
Meðalgreiðslur á mánuði, kr.	
Eftirlaun ellilífeyrisþega	7.384
Eftirlaun makalífeyrisþega	6.748

1) Ellilífeyrisprósenta er fjöldi stiga margfaldaður með 1,8.
2) Makalífeyrisprósenta er fjöldi stiga að viðbættum fimm stigum.
Aths.: Fjöldatölur þessarar töflu eiga við réttindi fremur en fólk. Því gætir hér nokkurrar tvítalningar þar sem nokkur hópur lífeyrisþega á bæði ellilífeyris- og makalífeyrisréttindi eða réttindi skv. bæði I. og II. kafla.

Framreikningur á fjölda lífeyrisþega.

Þar sem eftirlaunagreiðslur samkvæmt lögum um eftirlaun aldraðra miðast við þá sem eru fæddir 1914 og fyrr og taka lífeyris hefst við sjötugt hafi menn látið af störfum, en annars við 75 ára aldur, er ljóst að fjöldi ellilífeyrisþega, sem fær greiðslur samkvæmt lögunum, er nú í hámarki. Afar fáir bætast í hópinn og eðli málsins samkvæmt fækkar ört í honum á næstu árum. Framreikningur á fjölda ellilífeyrisþega sýnir þetta glöggt. Þessi framreikningur er gerður á Hagstofu Íslands og er miðaður við fjöldann um sl. áramót, svo og við bestu vitneskju um dánarlíkur eftir aldri og kyni. Fjöldi makalífeyrisþega hefur á sama hátt verið reiknaður fram. Sá framreikningur er þó óvissari þar sem nýir lífeyrisþegar munu bætast í þennan hóp á næstu árum. Reynt hefur verið að taka tillit til þessa með því að áætla hversu margir ellilífeyrisþegar, sem falla frá, láta eftir sig maka sem eiga rétt til makalífeyris. Helstu niðurstöður þessara framreikninga eru sýndar í meðfylgjandi töflum. Við athugun þeirra er rétt að hafa í huga að ætla má að tölur um makalífeyrisþega séu hér fremur ofmetnar en vanmetnar.

Á grundvelli framreiknings á fjölda lífeyrisþega má reikna fram kostnað af lífeyrisgreiðslum. Hér er þá miðað við að eftirlaunin haldist óbreytt samkvæmt lögunum. Jafnframt er miðað við meðalstig lífeyrisþega eftir kynjum eins og þau voru hjá hverjum hópi við upphaf þessa árs.

Áætlaður fjöldi lífeyrisþega 1. jan. ár hvert.

	1989	1992	1995	1997	2000	2003
Ellilífeyrisþegar skv. I. kafla.						
Karlar	1.812	1.300	880	650	390	210
Konur	1.803	1.410	1050	820	540	320
Alls	3.615	2.710	1.930	1.470	930	530
Vísitala	100,0	75,0	53,4	40,7	25,7	14,7
Ellilífeyrisþegar skv. II. kafla						
Karlar	698	510	340	250	150	80
Konur	273	210	160	120	80	50
Alls	971	720	500	370	230	130
Vísitala	100,0	74,2	51,5	38,1	23,7	13,4
Makalífeyrisþegar skv. I. kafla						
Karlar	79	117	123	115	87	60
Konur	1.145	1.168	1.086	987	784	580
Alls	1.224	1.285	1.209	1.102	871	640
Vísitala	100,0	105,0	98,8	90,0	71,2	52,3
Makalífeyrisþegar skv. II. kafla						
Karlar	1	9	13	13	10	7
Konur	332	366	359	332	269	202
Alls	333	375	372	345	279	209
Vísitala	100,0	112,6	111,7	103,6	83,8	67,8
Fjöldi lífeyrisþega alls	**6.143**	**5.090**	**4.011**	**3.287**	**2.310**	**1.509**
Vísitala	100,0	82,9	65,3	53,5	37,6	24,6

Áætlaður árskostnaður af lífeyri.
Í millj.kr. á verðlagi í nóvember 1989.

	1989	1992	1995	1997	2000	2003
Ellilífeyrir skv. I. kafla	425,0	384,2	270,5	205,9	128,5	72,8
Makalífeyrir skv. I. kafla	111,0	133,0	124,8	113,5	89,9	66,2
Alls skv. I. kafla	536,1	517,3	395,2	319,4	218,4	139,1
Vísitala	100,0	96,5	73,7	59,6	40,7	25,9
Þriggja stiga uppbót á eftirlaun skv. I. kafla	112,1	89,3	67,9	54,3	36,9	23,1
Ellilífeyrir skv. II. kafla	86,2	63,5	43,8	32,8	19,9	10,9
Makalífeyrir skv. II. kafla	27,0	30,0	29,4	27,4	22,2	16,6
Alls skv. II. kafla	113,2	93,5	73,2	60,2	42,1	27,4
Vísitala	100,0	82,7	64,7	53,2	37,2	24,2
Lífeyrisgreiðslur alls	**761,4**	**700,1**	**536,3**	**433,9**	**297,4**	**189,6**
Vísitala	100,0	91,9	70,4	57,0	39,1	24,9

Tillögur þessa frumvarps.

Sem fyrr segir er í þessu frumvarpi gert ráð fyrir að öll réttindaákvæði laganna verði framlengd óbreytt í tvö ár, en nokkur breyting verði gerð á kostnaðarskiptingu milli einstakra lífeyrissjóða á greiðslu verðtryggingar eftirlauna skv. I. kafla og milli lífeyrissjóða og hins opinbera á greiðslu eftirlauna skv. II. kafla. Því er ekki ástæða til að skýra þær tillögur sem

lúta að framlengingu réttindanna, en þær koma fram í 1., 2. og 3. gr. frumvarpsins. Hins vegar verður hér gerð grein fyrir tillögum um greiðslu kostnaðar í 4. gr. hvað snertir verðtryggingu eftirlauna skv. I. kafla og í 5. gr. hvað snertir greiðslur eftirlauna skv. II. kafla. Í þessum síðastnefndu tveimur greinum er lagt til að það hlutfall af iðgjaldstekjum, sem lífeyrissjóðir leggja fram til greiðslu eftirlauna, lækki úr 3% eins og það er nú, í 2% árið 1990 og 1% árið 1991. Helstu ástæður fyrir þessari tillögu eru eftirfarandi:

1. Nauðsynlegt þykir að allir sjóðir leggi fram sama hlutfall af iðgjaldstekjum sínum þannig að þeir sitji allir við sama borð í þessu efni og ekki sé gerður greinarmunur á þeim sjóðum sem leggja fram fé skv. 24. gr. laganna og hinum sem skyldaðir eru til þátttöku skv. 25. gr. laganna.
2. Eftir ákvæðum gildandi laga áttu greiðslur samkvæmt þeim að falla niður í lok ársins 1989. Með lækkun iðgjaldshlufallsins úr 3% í 2% og síðan 1% verður framlenging laganna mun léttbærari fyrir þá sjóði sem greiða meira til kerfisins en þeir fá úr því en falist hefði í óbreyttri skyldu þeirra til framlags af iðgjaldstekjum. Jafnframt er talið heppilegra að dregið sé í áföngum á tveimur árum, fremur en snögglega, úr greiðslum til þeirra sjóða sem nú njóta greiðslna úr kerfinu umfram eigið framlag til þess, enda dregur úr lífeyrisgreiðslum vegna fækkunar ellilífeyrisþega á þessum tíma.
3. Það hlutfall iðgjaldstekna, 3%, sem samkomulagssjóðirnir svonefndu leggja nú fram til greiðslu verðtryggingar eftirlauna skv. I. kafla, er nú orðið miklum mun hærra en upphaflega var stefnt að. Þannig var gert ráð fyrir að hið sameiginlega framlag lífeyrissjóða dygði fyrir greiðslu 50–60% af útgjöldum vegna verðtryggingarinnar og svo hefur verið lengst af. Þetta hlutfall fór hins vegar í 78% árið 1988, verður yfir 90% árið 1989 og færi að óbreyttu í 100% árið 1990. Lækkun iðgjaldshlutfallsins, sem hér er gert ráð fyrir, hefði í för með sér að iðgjaldsframlag samkomulagssjóða dygði að líkindum fyrir greiðslu u.þ.b. 65% af kostnaði af verðtryggingu skv. I. kafla árið 1990 og um 35% af kostnaðinum árið 1991.

   Ýmsar ástæður eru fyrir því að hið sameiginlega framlag hefur farið vaxandi sem hlutfall af kostnaði af greiðslu verðtryggingar eftirlaunanna skv. I. kafla. Í fyrsta lagi ræðst hlutfallið að nokkru af þeim mun sem er á launum á hverjum tíma og því fimm ára meðaltali sem grunnlífeyrir er miðaður við. Dragi úr þeim mun lækkar hlutdeild verðtryggingarinnar í eftirlaunum en hlutdeild grunnlífeyris eykst. Þetta gerist ef dregur úr verðbólgu og þar með hækkun peningalauna frá því sem áður var. Í öðru lagi hefur iðgjaldsstofn lífeyrissjóða verið víkkaður í áföngum undanfarin þrjú ár frá því að miðast við dagvinnulaun í það að miðast við heildarlaun. Sú breyting kemur að fullu til framkvæmda 1. jan. 1990 og hefur hún valdið umtalsverðri aukningu iðgjaldstekna umfram launabreytingar. Í þriðja lagi hafa iðgjaldstekjur aukist umfram launabreytingar vegna fjölgunar greiðenda.

   Greiðslur þeirra lífeyrissjóða, sem skylt er að leggja fram hluta iðgjaldstekna sinna til greiðslu eftirlauna skv. II. kafla laganna, stóðu undir u.þ.b. 64% af þeim eftirlaunum (að meðtalinni greiðslu uppbótar á eftirlaun aldraðra bænda) árið 1988, en það hlutfall verður að líkindum u.þ.b. 70% árið 1989. Að óbreyttu hækkar það enn frekar næstu tvö árin eða að líkindum í um 75% 1990 og 80% 1991 þar sem iðgjöld sjóðanna fara vaxandi en greiðslur eftirlauna minnkandi. Miðað við kauplag ársins 1989 er áætlað að það felist í tillögum þessa frumvarps að kostnaður ríkissjóðs af eftirlaunum skv. II. kafla aukist úr 18 millj. kr. í 28. millj. kr., en kostnaður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóðs hvors um sig aukist úr 14 millj. kr. í 21 millj. kr. Í þessu sambandi má benda á að verði lögin ekki framlengd væri óhjákvæmilegt að hið opinbera tæki á sig allan kostnað af þeim eftirlaunum sem nú eru greidd skv. II. kafla laganna.

   Að öðru leyti þarfnast frumvarp þetta ekki sérstakra skýringa.

Sþ. 262. Svar [72. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Birgis Ísl. Gunnarssonar um sparnað í menntamálum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Fyrirhugað var að lækka útgjöld til menntamála á þessu ári um 4% frá því sem fjárlög gerðu ráð fyrir. Á hvaða liðum hefur verið sparað? Óskað er nákvæmrar sundurliðunar.

Þegar fjárlög fyrir árið 1989 voru samþykkt með 4% sparnaði frá fjárlagafrumvarpi sama ár var skólaárið 1988 til 1989 um það bil hálfnað. Það var því ljóst strax að sparnaði í skólakerfinu yrði ekki við komið að neinu marki fyrr en síðari hluta ársins 1989. Aðgerðir ráðuneytisins miðuðu að því að ná þar fram mun meiri sparnaði á síðari hluta ársins, allt að 10%. Í öðrum stofnunum tengist fjárhagsárið meira almanaksárinu og þess vegna var hægt að dreifa sparnaðinum með jafnari hætti yfir árið. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu aðgerðum menntamálaráðuneytisins til að ná fram umræddum sparnaði.

A. Ýmsar stofnanir.

Stofnanir á vegum ráðuneytisins, aðrar en skólar, fengu almenn fyrirmæli um að draga úr launakostnaði miðað við forsendur fjárlagafrumvarps 1989 um 4%. Ljóst var að í fæstum tilvikum var hægt að skera niður föst laun og beindist því sparnaðurinn frekar að verkefnaráðningum, afleysingum og yfirvinnu.

B. Háskóli Íslands.

Í Háskóla Íslands hefur sparnaður einkum beinst að kennslu og rekstri deilda. Alls eru felld niður 46 námskeið auk þess sem gert hefur verið átak í því að sameina og stækka hópa í verklegum tímum og dæmatímum. Valnámskeið eru felld niður þar sem frekast er unnt og öll slík námskeið þar sem nemendur eru færri en sex. Þá hafa einnig verið gerðar ráðstafanir til að minnka prófvinnu. Gætt er ýtrasta aðhalds í kaupum á rekstrarvörum og hefur verið lögð meiri vinna nú en áður í að ná fram afslætti vegna magnkaupa. Vegna mikillar fjölgunar nemenda á haustmisseri 1989 er erfiðara en ella að ná fram tilætluðum sparnaði en þó stefnir í að sparnaður geti orðið um 1,3% á þessu ári.

C. Framhaldsskólar og sérskólar.

Ljóst var frá upphafi að sparnaði umfram það sem fólst í gildandi fjárlögum yrði ekki komið við að neinu marki á vorönn 1989 þar sem allt skipulag skóla er ákveðið a.m.k. eina önn fram í tímann og ráðningarsamningar bindandi til loka skólaársins.

Heildarkennslumagn á vorönninni var því um eða rétt innan við þau mörk, sem fjárlög settu, en laun kennara eru rétt um 85% af rekstrarkostnaði framhaldsskólanna.

Fyrir upphaf haustannar var hins vegar lagt allt kapp á að takmarka kennslumagn og náðist verulegur sparnaður þótt undanfarin ár hafi kennslustundafjöldi miðað við nemendafjölda verið dreginn talsvert saman í flestum skólum.

Kennslumagn á nemanda á haustönn er að jafnaði 1,9% undir viðmiðun F'89 og er þá eftir að taka tillit til þess að eftirköst verkfalls sl. vor valda verulegri röskun á öllu yfirstandandi skólaári. Nemendur, sem misstu niður einstaka áfanga á vorönn, hafa mjög margir sóst eftir að ná þeim upp á þessum vetri og samkvæmt upplýsingum, sem fengist hafa frá nokkrum stærstu skólunum, er viðbót við kennslu af þessum sökum 1,5–2%. Að teknu tilliti til aðstæðna er því sparnaður á yfirstandandi önn um það bil 3,5%.

Á hinn bóginn hefur svo kostnaður við skólahaldið aukist verulega af ýmsum ástæðum og eru þessar helstar:

1. Nemendur við upphaf haustannar eru 4,4% fleiri en miðað var við í fjárlögum, bæði vegna þess að hlutfallslega fleiri hafa innritast í framhaldsskóla en undanfarin ár og eins vegna hins að nemendur, sem undir venjulegum kringumstæðum hefðu þegar lokið námi, sitja enn í skólunum.
2. Samningur, sem gerður var á síðasta ári um umsjón með námshópum, hækkar kennslukostnað um það bil 1,55%. Ekki var ljóst fyrr en í lok ársins að þessi samningur kæmi til framkvæmda og var því ekki gert ráð fyrir umræddum kostnaðarauka í fjárlögum yfirstandandi árs.
3. Ýmsar aðrar breytingar á kjarasamningum og sérstakar bókanir valda kostnaðarauka sem ætla má að sé um 1%. Þar má nefna sérstakar greiðslur fyrir P-áfanga og yfirferð og samningu stöðu- og endurtektarprófa.

D. Grunnskólar.

Skólaárið í grunnskólum er samfellt og skipulagt að hausti og var því ljóst að mjög erfitt eða nánast útilokað var að ná fram svo miklum sparnaði sem til var ætlast á fyrri hluta ársins 1989. Ráðuneytið lagði því áherslu á að ná meginhluta sparnaðarins á síðari hluta ársins. Aðgerðir menntamálaráðuneytisins til að ná fram umræddum sparnaði voru helstar þessar:

1. Frestað var aukningu á forskólakennslu sem heimiluð var í fjárlögum.
2. Gefin voru tilmæli til fræðslustjóra um að draga úr greiðslum vegna skemmri forfalla, sérstaklega í eldri árgöngum.
3. Einnig voru gefin tilmæli um að kvótastörf yrðu skert um 4% miðað við heilt ár.
4. Hætt var haustið 1989 að reikna sérstakar stundir til sundkennslu og þær færðar inn í viðmiðunartöflu undir íþróttir.
5. Frestað var gildistöku ákvæðis bókunar í kjarasamningi um greiðslur til kennara fyrir árganga- og fagstjórn.
6. Auk þess var fræðslustjórum gert að beita ýtrasta aðhaldi og gera tillögur um aukinn sparnað sem tæki mið af aðstæðum í hverju fræðsluumdæmi. Þær tillögur hafa ekki borist, en gert er ráð fyrir að hvorki sé heimilt að flytja kennslustundir á milli skólahverfa né nota kennslustundir sem falla niður í ákveðnum greinum, t.d. í tónmennt, í aðrar greinar í sama skóla.

Eftir að tekið hefur verið tillit til millifærslna af lið grunnskóla almennt (umsjón með námshópum, árganga- og fagstjórn, framhaldsdeildir, sérkennsla o.fl.) kemur í ljós að tekist hefur að ná fram tilætluðum sparnaði að fullu í öllum fræðsluumdæmum nema Reykjavík og hugsanlega Vesturlandi. Má áætla að í Reykjavík náist 2–3% sparnaður þrátt fyrir fjölgun nemenda í haust og á Vesturlandi takist að spara 3,5% og jafnvel 4% að fullu.

Ed. 263. Nefndarálit [194. mál]

um frv. til l. um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og fengið til viðræðna Magnús B. Jónsson búvísindakennara, Eyjólf Sverrisson frá Þjóðhagsstofnun, Leif Kr. Jóhannesson, forstöðumann Stofnlánadeilar landbúnaðarins, Inga Tryggvasonar, stjórnarmann í Stofnlánadeild, Guðmund Malmquist, forstjóra Byggðastofnunar, Jón Ragnar Björnsson, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra loðdýraræktenda, og Hauk Halldórsson, formann Stéttarsambands bænda.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Þá leggur nefndin jafnframt til að ríkisstjórnin geri ákveðnar breytingar á samþykkt sinni frá 28. nóv. sl. um loðdýrarækt.

Fyrri breytingartillaga nefndarinnar er við 1. gr. frumvarpsins og felur í sér að hámark ríkisábyrgðar hækki úr 280 millj. kr. í 300 millj. kr. Sú breyting er gerð til þess að mæta því að þeim 20 millj. kr., sem Framleiðnisjóði er samkvæmt bókun ríkisstjórnarinnar frá 28. nóv. sl. ætlað að leggja fram til fjárhagslegrar endurskipulagningar, verði varið til lækkunar fóðurverðs. Það framlag kemur til viðbótar þeim 25 millj. kr. sem verða veittar samkvæmt bókun ríkisstjórnarinnar og fyrirheiti því sem þar er gefið um útvegun viðbótarfjármagns. Nú þegar liggja fyrir upplýsingar um áhuga loðdýrabænda fyrir að halda bústofni sínum. Með þeirri breytingu vill nefndin tryggja að eftir áramót haldi jöfnunargjald á fóður verðgildi þessa árs enda telur nefndin það grundvallaratriði til þess að aðgerðir þessar nái tilgangi sínum. Nefndin beinir þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að Framleiðnisjóður annist þessa framkvæmd í stað Byggðastofnunar. Nefndin leggur áherslu á að Framleiðnisjóður mun halda áfram fjárhagslegri endurskipulagningu og skuldbreytingum með því fjármagni sem óráðstafað er af þeim 60 millj. kr. sem ákveðnar voru til þess í febrúar sl. Til að sinna því verkefni og vinnu við framkvæmd ákvæða 1. gr. frumvarpsins þurfa Framleiðnisjóður og landbúnaðarráðuneytið að veita bændum sérfræðilega þjónustu við samningagerð.

Seinni breytingartillaga nefndarinnar er við 2. gr. frumvarpsins og felur í sér að stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins verði heimilt að fella niður verðtryggingu og vexti, og fresta greiðslu afborgana, af lánum til bænda vegna loðdýrabúra á næstu fimm árum, sem og hluta höfuðstóls annarra veðskulda einstakra loðdýrabænda, enda verði hagsmunum Stofnlánadeildar betur borgið með þeim hætti. Með breytingu nefndarinnar er hins vegar fellt niður ákvæði um fóðurstöðvar þar sem nefndin telur eftir viðræður við forstjóra Byggðastofnunar að stofnunin taki að sér sambærilega aðstoð við þær eins og Stofnlánadeild veitir bændum, enda vinnur Byggðastofnun að fjárhagslegri endurskipulagningu fóðurstöðvanna.

Til viðbótar þessum breytingartillögum beinir nefndin þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að hún breyti 1. og 2. tölul. í bókun sinni frá 28. nóv. sl. varðandi loðdýrarækt, sbr. fylgiskjal með frumvarpinu. Nefndin leggur til að í 1. tölul. komi „Framleiðnisjóður landbúnaðarins“ hvarvetna í stað „Byggðastofnunar“ og að í 2. tölul. verði kveðið á um að þeim 20 millj. kr., sem Framleiðnisjóður eigi að verja til fjárhagslegrar endurskipulagningar og skuldbreytinga, verði þess í stað varið til greiðslu jöfnunargjalds á loðdýrafóður á árinu 1990.

Alþingi, 7. des 1989.

Skúli Alexandersson, form., frsm.	Egill Jónsson, fundaskr.	Jón Helgason.
Þorv. Garðar Kristjánsson.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Karvel Pálmason.
	Danfríður Skarphéðinsdóttir.	

Ed. 264. Breytingartillögur [194. mál]

við frv. til l. um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað „280 m.kr.“ í 1. mgr. komi: 300 m.kr.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

   Þrátt fyrir ákvæði um tryggingar fyrir lánum o.fl. í lögum nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, er Stofnlánadeild heimilt að fella niður verðtryggingu og

vexti, og fresta greiðslu afborgana, af lánum til bænda vegna loðdýrabúra á næstu fimm árum. Þá er Stofnlánadeild heimilt, þegar hagsmunum hennar er betur borgið með þeim hætti, að fella niður hluta höfuðstóls annarra veðskulda loðdýrabænda.

Ed. 265. Lög [53. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Ed. 8. des.)

Samhljóða þskj. 244.

Nd. 266. Frumvarp til laga [220. mál]

um breytingu á tollalögum nr. 55 30. mars 1987, sbr. lög nr. 96/1987.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson, Friðrik Sophusson, Guðmundur G. Þórarinsson, Málmfríður Sigurðardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir.

1. gr.

Tollur á vörum í tollskrárnúmerum 9603-2901 og 9603-2909 (burstar og sópar með plastbaki og aðrir burstar), sbr. viðauka I (tollskrá) í 12. gr. laga nr. 96/1987, hækkar í 30% án tillits til upprunalands varanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frumvarp er lagt fram til að vernda burstagerð blindra á Íslandi. Það felur í sér þá breytingu á núgildandi tollalögum að greiddur verði 30% tollur af fullunnum burstum með plastbaki og trébaki í stað 10% almenns tolls eða 0% tolls ef varan hefur notið EFTA- eða EB-fríðinda.

Blindravinnustofan, Hamrahlíð 17, Reykjavík, framleiðir nær alla þá bursta sem hér um ræðir. Það eru t.d. uppþvottaburstar, skrúbbar, sópar, salernisburstar, fiskeldisburstar, bifreiðaþvottakústar og fleira slíkt. Þessi tollskrárnúmer ná því aðeins til framleiðslu blindra og ekki er lagt til að lagður sé tollur á t.d. málningarpensla, tannbursta, rakkústa, hárbursta og fleiri bursta sem blindir framleiða ekki. Framleiðsla blindra hefur átt undir högg að sækja að undanförnu og ekki síst vegna þess að þegar síðustu tollalög tóku gildi var almennur tollur á burstum lækkaður um 12%.

Í stofnsamningi Íslands við Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA) frá 16. mars 1970 er ákvæði í F bókun, 4. gr., lið (ii), sem heimilar að burstagerðarvörur njóti tollverndar, enda séu þær „framleiðsla blindra á Íslandi". Í samningi Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EB) er einnig sérstakt ákvæði sem heimilar Íslandi að hafa slík innflutningshöft, sbr. frávik frá 13. gr. Því geta hvorki EFTA né EB amast við tolli á burstum.

Það er erfitt að vera blindur eða með stórlega skerta sjón. Þetta fólk hefur ekki sömu aðstöðu í þjóðfélaginu og hinir fullsjáandi. Auk þess fylgir blindunni oft mikil sálarkreppa og önnur vandamál sem annað fólk þekkir ekki. Þess vegna hefur áhugafólk um velferð blindra og hinir blindu sjálfir komið á fót vinnustað við hæfi. Að hafa slíka vinnu getur gert gæfumuninn í lífi þessa fólks.

Framlög til vinnustofu blindra hafa verið ófullnægjandi í seinustu fjárlögum og því kreppir að þessum vinnustað. Þess vegna er þetta frumvarp flutt til að skapa blindum betra líf. Nú eru innflutningshöft og verndartollar ekki æskileg þróun á okkar tímum, nema þá sem nauðvörn og neyðarréttur fólks þegar innlendri starfsemi er hætta búin.

Ed. 267. Frumvarp til laga [194. mál]

um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 8. des.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán sem loðdýrabændur taka í stað lausaskulda sem myndast hafa vegna loðdýrabúskapar þeirra á árunum 1986–1989, samtals allt að 300 m.kr.

Lánin skulu veitt til fimmtán ára, verðtryggð með lánskjaravísitölu og 5% vöxtum. Endurgreiðslutími lánanna skal vera tólf ár.

Sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs skal því aðeins veitt að með henni reynist unnt að koma rekstri viðkomandi bús í viðunandi horf eða forsendur séu fyrir hendi fyrir lántakanda að greiða af skuldum sínum með öðrum hætti. Hún má ná til allt að 60% af þeim lausaskuldum hvers bónda sem uppfylla skilyrði 1. mgr., enda breyti viðkomandi lánardrottnar því sem eftir stendur í lán til a.m.k. átta ára gegn þeim tryggingum sem þeir meta gildar.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins skal hafa á hendi umsjón með framangreindum skuldbreytingum.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um lánsupphæðir til hvers loðdýrabónda, svo og önnur þau skilyrði fyrir lánveitingum er þurfa þykir, svo sem veðskilmála.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði um tryggingar fyrir lánum o.fl. í lögum nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, er Stofnlánadeild heimilt að fella niður verðtryggingu og vexti, og fresta greiðslu afborgana, af lánum til bænda vegna loðdýrabúra á næstu fimm árum. Þá er Stofnlánadeild heimilt, þegar hagsmunum hennar er betur borgið með þeim hætti, að fella niður hluta höfuðstóls annarra veðskulda loðdýrabænda.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 268. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, nr. 63 26. júní 1985.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Til viðræðna kom Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri, en frumvarpið var flutt af fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar að beiðni Hagstofu Íslands. Mælir nefndin með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Eyjólfur Konráð Jónsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. des. 1989.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Eiður Guðnason.
Guðrún Agnarsdóttir.	Skúli Alexandersson.	Halldór Blöndal.

Nd. 269. Frumvarp til laga [90. mál]

um breyting á lögum nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki.

(Eftir 2. umr. í Nd., 8. des.)

1. gr.

3. mgr. 4. gr. orðist svo:

Stjórnin skal skipuð til tveggja ára í senn. Skipunartími fulltrúa menntamálaráðherra og fjármálaráðherra skal þó takmarkaður við embættistíma þeirra ráðherra sem skipuðu þá eða tilnefndu sitji þeir skemur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skal stjórn skv. 1. gr. skipuð við gildistöku laganna.

Nd. 270. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 83/1984, um erfðafjárskatt.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarpið á nokkrum fundum og var Ragnar H. Hall borgarfógeti nefndinni til aðstoðar við athugun málsins.

Í gildandi lögum um erfðafjárskatt er ákvæði þess efnis í 2. mgr. 1. gr. að ekki skuli innheimtur erfðafjárskattur af fasteignum hér á landi úr dánarbúum sem skipt er erlendis ef greiddur er sambærilegur skattur í því ríki þar sem búskiptin fara fram. Ákvæði þetta mun hafa komið í lögin við síðustu endurskoðun þeirra árið 1984. Samkvæmt því er komist hjá tvísköttun erfðafjár með því að íslenska ríkið gefur eftir sinn erfðafjárskatt af fasteignum hérlendis þegar sambærilegur skattur er lagður á í ríkinu þar sem dánarbúi er skipt. Dæmi um að dánarbú erlendis eigi fasteignir hérlendis munu vera fá en alls ekki óþekkt. Áður en lagabreytingin varð árið 1984 voru þó dæmi þess að mjög stór hluti af verðmæti fasteignar í eigu dánarbús, sem svona háttaði til um, rann til að greiða erfðafjárskatta í báðum ríkjunum, ekki síst þegar um var að ræða fjarskylda arftaka.

Frumvarpið gerir í raun ráð fyrir að ákvæðið frá árinu 1984 verði fellt niður og aftur tekin upp skattlagning hérlendis í þessum tilfellum, nema þar sem sérstakir samningar um gagnkvæmar ívilnanir á erfðafjárskatti geri ráð fyrir öðru. Slíkur samningur hefur þegar verið gerður milli Norðurlandaþjóðanna og í frumvarpinu er heimild til handa ríkisstjórninni að fullgilda þann samning og aðra er síðar kunna að verða gerðir. Nefndin taldi hins vegar óeðlilegt að um leið og heimild til slíkra samninga er veitt skuli þrengdur réttur þeirra er búa í ríkjum þar sem slíkur gagnkvæmur samningur er ekki fyrir hendi (þ.e. annarra ríkja en Norðurlanda). Vegna þessa flytur nefndin breytingartillögu á sérstöku þingskjali og er þar lagt til að bætt verði inn nýrri málsgrein við 2. gr. frumvarpsins (25. gr. laganna). Breytingartillögunni er ætlað að koma í veg fyrir verulega ósanngjörn málalok gagnvart aðilum sem ekki njóta þess hagræðis sem fylgir tvísköttunarsamningum á þessu sviði. Þetta nýja ákvæði er hliðstætt 3. mgr. 117. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Er ráðgert að við álagningu erfðafjárskatts í slíkum tilvikum fylgi skiptaráðendur sams konar verklagsreglum og skattstjórar við álagningu í áþekkum tilvikum. Nefndin leggur á það

áherslu að hagur skattaðila í slíkum tilvikum verði ekki verri en samkvæmt núgildandi lögum. Í þessu sambandi bendir nefndin á að heimild til lækkunar erfðafjárskatts getur jafngilt því að hann verði felldur niður.

Alþingi, 8. des. 1989.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Geir H. Haarde.
Alexander Stefánsson.	Eggert Haukdal.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.
	Jón Kristjánsson.	

Nd. 271. Breytingartillaga [56. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 83/1984, um erfðafjárskatt.

Frá félagsmálanefnd.

Við 2. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:

Nú er eigi fyrir hendi samningur við annað ríki um að komast hjá tvísköttun verðmæta sem lög þessi taka til og skattaðili, sem skattskyldur er hér á landi skv. 1. gr. laganna, greiðir til opinberra aðila í öðru ríki skatta af sömu verðmætum sem skattskyld eru hér á landi og er skiptaráðanda þá heimilt samkvæmt umsókn skattaðila að lækka erfðafjárskatt hans hér á landi með hliðsjón af þessum skattgreiðslum hans.

Ed. 272. Frumvarp til laga [221. mál]

um breyting á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

1. gr.

Við 6. gr. bætast fjórar nýjar málsgreinar, 5., 6., 7. og 8. mgr., er orðist svo:

Þeir starfsmenn, sem eru félagar í hlutaðeigandi bæjarstarfsmannafélögum og gerast ríkisstarfsmenn 1. jan. 1990 á grundvelli laga um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. 87 31. maí 1989, skulu eiga þess kost að vera áfram í sama stéttarfélagi sem fer þá með samningsumboð fyrir þeirra hönd við ríkið.

Starfsmenn, sem koma til starfa eftir 1. jan. 1990, í þau störf sem lög um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. 87 31. maí 1989, taka til, skulu jafnframt eiga val um hvort þeir verði félagsmenn í hlutaðeigandi bæjarstarfsmannafélagi eða hvort þeir óska að tilheyra því félagi ríkisstarfsmanna sem hefur samkvæmt lögum þessum samningsumboð fyrir viðkomandi starfsmenn.

Hlutaðeigandi bæjarstarfsmannafélag skal hafa tilkynnt fjármálaráðuneytinu fyrir 15. jan. ár hvert, í fyrsta sinn fyrir 15. jan. 1990, hvaða starfsmenn það eru sem það fer með samningsumboð fyrir gagnvart ríkinu á grundvelli þessara laga.

Hlutaðeigandi bæjarstarfsmannafélög hafa því aðeins samningsumboð gagnvart ríkinu fyrir starfsmenn skv. 5. og 6. mgr. þessarar greinar að tilkynningarskyldu hafi verið fullnægt skv. 7. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1990.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. 87 31. maí 1989, komu fljótlega í ljós ýmsir annmarkar á því er tekur til starfsmannamála. Fram kom mikil andstaða af hálfu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja gegn því að þeir starfsmenn, er flyttust yfir til ríkisins á grundvelli ofangreindra laga, yrðu þvingaðir til þess að skipta um stéttarfélög. Ótti manna á landsbyggðinni við slík félagaskipti mun ekki hvað síst stafa af því að þeir telji að greind lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga séu aðeins undanfari frekari breytinga er fyrirhugaðar séu á sviði heilbrigðismála. Var þeirri skoðun haldið mjög á lofti að slíkar breytingar hefðu í för með sér hrun bæjarstarfsmannafélaga á landsbyggðinni með öllum þeim afleiðingum er slíkt kynni að hafa í för með sér. Sú breyting á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, sem hér er lögð til, er sett fram til þess að koma til móts við ofangreind sjónarmið. Með 1. gr. þessa frumvarps er því tekin upp sú sérregla að starfsmenn, sem flytjast yfir til ríkisins 1. jan. 1990 á grundvelli laga um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. 87 31. maí 1989, og þeir starfsmenn, sem munu gegna störfum þeirra eftirleiðis, geti valið um hvort þeir verði félagsmenn í hlutaðeigandi bæjarstarfsmannafélagi eða því félagi ríkisstarfsmanna sem hefur lögum samkvæmt samningsumboð fyrir viðkomandi starfsmenn. Gert er ráð fyrir að þeir starfsmenn, sem kjósa að vera áfram félagsmenn í hlutaðeigandi bæjarstarfsmannafélögum, myndi eins konar ríkisstarfsmannadeild innan þeirra.

Gengið er út frá því að öll ákvæði laganna gildi um þessa nýju viðsemjendur ríkisins eftir því sem við getur átt, þar á meðal ákvæði um takmörkun verkfallsréttar ríkisstarfsmanna, tilkynningu vinnustöðvana, framkvæmd verkfalls o.s.frv. Í þessu felst því að einungis ríkisstarfsmenn innan bæjarstarfsmannafélaga eigi atkvæðisrétt í viðkomandi félagi um kjarasamning þess við ríkið og eigi rétt á að taka ákvörðun um boðun verkfalls gagnvart ríkinu.

Þess skal getið að um ofangreinda breytingartillögu hefur náðst full samstaða við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, en það eru þau heildarsamtök opinberra starfsmanna sem lög um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga varða einna mest. Jafnframt skal þess getið að efni þessa frumvarps hefur verið kynnt Sambandi íslenskra sveitarfélaga og mun verða kynnt Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna.

Nd. 273. Frumvarp til laga [56. mál]

um breytingu á lögum nr. 83/1984, um erfðafjárskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd., 9. des.)

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Af öllum fasteignum hér á landi, sem eigendaskipti verða að á grundvelli lögerfða, bréferfða eða fyrirframgreiðslu arfs, skal greiða skatt eftir lögum þessum án tillits til þess hvar aðilar að ráðstöfuninni eru búsettir.

2. gr.

Við bætist ný grein er verði 25. gr., svohljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á erfðafjárskatti erlendra og íslenskra skattaðila sem eftir gildandi löggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu eignum bæði á Íslandi og erlendis.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að gera samninga um gagnkvæm upplýsingaskipti og um innheimtu erfðafjárskatts við önnur ríki.

Nú er eigi fyrir hendi samningur við annað ríki um að komast hjá tvísköttun verðmæta sem lög þessi taka til og skattaðili, sem skattskyldur er hér á landi skv. 1. gr. laganna, greiðir til opinberra aðila í öðru ríki skatta af sömu verðmætum sem skattskyld eru hér á landi og er skiptaráðanda þá heimilt samkvæmt umsókn skattaðila að lækka erfðafjárskatt hans hér á landi með hliðsjón af þessum skattgreiðslum hans.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

Nd. 274. Frumvarp til laga [222. mál]

um breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Bifreiðagjald skal vera sem hér segir:

a. Af bifreiðum, sem eru að eigin þyngd allt að 2.500 kg, skal greiða 5,20 kr. fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd bifreiða, þó aldrei lægra gjald en 2.400 kr. vegna hverrar bifreiðar á hverju gjaldtímabili, sbr. 1. mgr. 3. gr.
b. Af bifreiðum, sem eru að eigin þyngd 2.500 kg eða þyngri, skal greiða 13.000 kr. á hverju gjaldtímabili vegna hverrar bifreiðar, sbr. 1. mgr. 3. gr.

2. gr.

Lokamálsliður 5. gr. laganna orðist svo:

Grunngjöld bifreiðagjalds og lágmarksgjalds eru miðuð við vísitölu 1. nóv. 1989, þ.e. 155,5 stig.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1990.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í þessu frumvarpi felst sú breyting að gert er ráð fyrir sérstakri hækkun á bifreiðagjaldi, umfram almenna verðuppfærslu samkvæmt heimild í gildandi lögum. Bifreiðagjaldið er lagt á og innheimt samkvæmt lögum nr. 39/1988.

Samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 39/1988 er heimilt að hækka bifreiðagjald í réttu hlutfalli við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar. Full nýting á þessari heimild mundi hækka núgildandi bifreiðagjald úr 2,83 kr. í um 3,13 kr. frá og með næstu áramótum.

Áætlað er að heildartekjur af bifreiðagjaldi verði um 1.290 m.kr. á árinu 1990. Þar af er áætlað að sérstök hækkun á bifreiðagjaldi þýði um 550 m.kr. viðbótartekjur fyrir ríkissjóð.

Á næsta ári er gert ráð fyrir því að heildartekjur ríkissjóðs af bifreiðasköttum, þ.e. bensíngjaldi, þungaskatti og bifreiðagjaldi, verði um 5,5 milljarðar króna. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir sérstakri hækkun almenna bifreiðagjaldsins, en á móti þeirri hækkun vegur að þungaskattur og bensíngjald hækka minna en heimilt er lögum samkvæmt. Tekjur af þungaskatti fyrir árið 1990 eru áætlaðar um 1.200 m.kr., eða tæplega 100 m.kr. meiri en á þessu ári. Bensíngjald er talið munu skila rúmum 3 milljörðum króna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt þessari grein er bifreiðagjald hækkað sérstaklega umfram verðbreytingu, sbr. það sem kemur fram í almennum athugasemdum við þetta frumvarp.

Um 2. og 3. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Nd. 275. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 14/1965, um launaskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið til viðræðna Þórarin V. Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands.

Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. des. 1989.

Páll Pétursson, form., frsm. | Þórhildur Þorleifsdóttir, fundaskr. | Jón Bragi Bjarnason.

Ragnar Arnalds. | Þóra Hjaltadóttir.

Nd. 276. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til l. um breyt. á lánsfjárlögum fyrir árið 1989, nr. 12/1989.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið til viðræðna Halldór Árnason, skrifstofustjóra í Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir eftir afgreiðslu efri deildar á þskj. 184.

Alþingi, 11. des. 1989.

Páll Pétursson, form., frsm. | Ragnar Arnalds. | Jón Bragi Bjarnason.

Þóra Hjaltadóttir.

Ed. 277. Lög [127. mál]

um breyting á lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, nr. 63 26. júní 1985.

(Afgreidd frá Ed. 11. des.)

Samhljóða þskj. 131.

Sþ. 278. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1990.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Afgreiðsla fjárlaga í fjárveitinganefnd hefur að þessu sinni verið með hefðbundnum hætti. Frumvarp til fjárlaga var lagt fram í upphafi þings. Fjárveitinganefnd hafði hins vegar hafið störf sín nokkru fyrr auk þess sem hún hafði unnið að ýmsum viðfangsefnum yfir sumarið á meðan Alþingi sat ekki að störfum. Nefndin byrjaði fundahöld sín 2. okt. og átti þá viðræður við sveitarstjórnir. Eins og jafnan áður gengu fulltrúar fjölmargra sveitarstjórna víðs vegar af landinu á fund fjárveitinganefndar og afhentu nefndinni erindi sín.

Að loknum fundunum með sveitarstjórnum hófst fjárveitinganefnd handa við yfirferð fjárlagafrumvarpsins og eftir þá yfirferð kallaði nefndin fyrir sig ráðuneyti og stofnanir. Öll var þessi vinna hefðbundin en þó þannig að umfang þessara viðtala og erinda sem nefndinni berast aukast stöðugt ár frá ári. Mikill tími nefndarinnar og nefndarmanna fer í að sinna þessum viðtölum og til þess að ráða við það á tilsettum tíma hefur nefndin nú eins og áður skipt sér í undirhópa bæði er varðar viðtöl við aðila og eins við vinnu að tillögugerð um skiptingu fjárveitinga til stofnkostnaðar. Sá tími, sem fer í viðtöl við einstaklinga, félagasamtök og forráðamenn stofnana ríkisins, verður sífellt lengri og gerir það að verkum að alltaf gengur stöðugt á þann tíma sem fjárveitinganefnd hefur afgangs til að undirbúa tillögur sínar eftir að viðræðum lýkur.

Yfirferð fjárveitinganefndar yfir frumvarpið og viðtöl við þá fjölmörgu aðila, sem ýmist komu að eigin frumkvæði á fundi nefndarinnar eða nefndin kallaði fyrir sig, lauk ekki fyrr en 1. des. sl. og hafði nefndin því ekki nema örfáa daga til þess að snúa sér að hinum meginþættinum í starfinu, þ.e. undirbúningi að tillögugerð. Hafði nefndin þá tekið við erindum frá alls um 530 aðilum og var rætt við þá allflesta, suma oftar en einu sinni. Í hverju erindi eru oft fleiri viðfangsefni þannig að í þessum 530 erindum var sótt um afgreiðslu á alls 1403 viðfangsefnum og samanlögð fjárhæð beiðna um fjárveitingar umfram það sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi nam 10 milljörðum 293 milljónum króna.

Auk þess mikla starfs, sem öll þessi vinna krafðist af nefndarmönnum, komu svo fjáraukalögin fyrir árið 1989 og athugasemdir yfirskoðunarmanna og ríkisendurskoðenda við ríkisreikning fyrir árið 1988, en fjárveitinganefnd hefur varið allnokkrum tíma í að athuga þetta hvort tveggja og hefur búið sig undir að geta einnig afgreitt frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1989 nú fyrir jólin samhliða fjárlagaafgreiðslunni fyrir árið 1990, en frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1988 er enn ekki komið fram á Alþingi. Hefur því vinnuálagið á fjárveitinganefnd verið meira nú en nokkru sinni áður og hefur það m.a. orðið til þess að fjárveitinganefndarmenn hafa meira og minna slitnað úr tengslum við önnur störf sem fram fara á Alþingi og orðið að vera fjarverandi fundi og umræður í deildum og sameinuðu þingi. Er þetta vitaskuld mjög bagalegt bæði fyrir nefndarmenn og fyrir þingstörf og gefur auga leið að hér verða menn að rata nýjar leiðir í vinnubrögðum svo að þeir þingmenn, sem í fjárveitinganefnd sitja, geti tekið eðlilegan þátt í öðrum störfum þingsins. Vinnuálagið hefur auk þess verið feikilegt og enginn vafi er á því að fjárveitinganefndarmenn hefðu lent í miklum erfiðleikum ef nefndin hefði ekki haft sér til aðstoðar mjög gott starfsfólk frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Ríkisendurskoðun og frá Alþingi. Fjárveitinganefnd Alþingis færir þessu fólki sérstakar þakkir fyrir góð störf og er það álit nefndarinnar að samvinnan við Ríkisendurskoðun og Fjárlaga- og hagsýslustofnun sé nefndinni ómetanleg og að nauðsynlegt sé að varðhalda og treysta slíkt samstarf.

Þá er einnig ljóst að þegar vinnuálag er orðið svo mikið þurfa öll störf að ganga mjög greitt og liðlega fyrir sig í fjárveitinganefnd og slíkt verklag verður ekki gerlegt nema gott samstarf

takist milli meiri hl. og minni hl. í nefndinni. Slíkt samstarf hefur tekist og þótt vissulega séu skiptar skoðanir í nefndinni milli meiri hl. og minni hl. um einstök viðfangsefni og heildarstefnumótun hefur minni hl. nefndarinnar lagt sig fram um að greiða vel fyrir öllum störfum nefndarinnar og hefur auðveldað það á alla lund að störf hennar gætu gengið vel fyrir sig og lagt ýmislegt gott til mála.

Eftir þá reynslu, sem fengist hefur af starfi fjárveitinganefndar nú og þá ekki síst eftir að við starfsemi hennar bætist, á sama tíma og verið er að afgreiða fjárlög fyrir komandi ár, að takast á við ríkisreikninga liðins árs, er óhjákvæmilegt með öllu að menn hugi að breytingum á starfsemi nefndarinnar. Tími er nú til þess kominn að sú breyting verði gerð á lögum um þingsköp Alþingis að fjárveitinganefnd verði gerð að heils árs nefnd, eins og á við um utanríkismálanefnd, þannig að nefndin geti starfað með formlegum hætti á milli þinga.

Þá ber einnig að geta þess að á þeim tímum, þegar fjölmiðlar virðast eiga stöðugt greiðari aðgang að upplýsingum sem fjalla á um sem trúnaðarmál, hafa trúnaðarmál verið sérstaklega vel varðveitt í fjárveitinganefnd, enda byggist samstarfið í nefndinni á því að fullur trúnaður ríki innan hennar. Jafnhliða því sem fjárveitinganefnd yrði gerð að heils árs nefnd þyrfti að kveðja nefndina fyrr til starfa á haustin og veita þá nefndinni aðgang að ýmsum atriðum varðandi undirbúning stjórnvalda að fjárlagatillögum, þannig að þegar fjárlög væru lögð fram á Alþingi væri fjárveitinganefnd lengra komin í vinnu sinni við skoðun meginatriða fjárlagatillagna ríkisstjórnar en getur gerst með því fyrirkomulagi sem ríkt hefur til þessa. Forsenda fyrir slíkum breytingum er auðvitað sú að fjárveitinganefnd fái upplýsingar í trúnaði á meðan frumvarp til fjárlaga er á vinnslustigi og varðveiti þann trúnað.

En það er ekki aðeins að nýmælið um framlagningu frumvarps til fjáraukalaga fyrir yfirstandandi ár auki á vinnu fjárveitinganefndar heldur auðveldar það nefndinni einnig vinnu hennar við sjálfa fjárlagagerðina, en gerir líka meiri kröfur til fjárveitinganefndar um vönduð vinnubrögð og meira vinnuframlag. Höfuðatriði varðandi gæði fjárlagaáætlunar er auðvitað hvort grunnur áætlunargerðarinnar er rétt lagður. Grunnur frumvarps til fjárlaga kemur auðvitað hvergi betur fram en í þeim upplýsingum sem fást úr nýjasta ríkisreikningi og fjáraukalögum yfirstandandi árs um rekstrarumfang stofnana og kostnað viðfangsefna. Á slíkum upplýsingum eiga menn að byggja áætlun fjárlaga um útgjöld ríkisins og stofnana þess á næsta ári. Eins og verið hefur um margra ára skeið, eða næstum því frá upphafi fjárlagagerðar á Íslandi, hafa slíkar upplýsingar ekki verið tiltækar a.m.k. ekki fyrir Alþingi. Með þeirri breytingu, sem hæstvirtur núverandi fjármálaráðherra hefur gert með því að leggja fram fyrir Alþingi í upphafi þings, bæði ríkisreikning sl. árs og frumvarp til fjáraukalaga líðandi árs, hefur orðið gerbreyting hér á. Nú getur fjárveitinganefnd Alþingis haft til hliðsjónar um fjárlög næsta árs nýjustu upplýsingar úr ríkisbókhaldi og ríkisreikningi um rekstrarumfang stofnana og getur þá nefndin áætlað með hliðsjón af þeim upplýsingum hversu vel og sterklega grunnurinn sé lagður í fjárlagafrumvarpi eða hvort eitthvað bresti þar á.

Við þessa yfirferð fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 1990, sem nú hefur átt sér stað, hefur fjárveitinganefnd eftir föngum reynt að viðhafa slík vinnubrögð. Áður en til afgreiðslunnar var gengið í nefndinni hafði hún þannig farið vandlega yfir bæði ríkisreikninginn fyrir 1988, svo og athugasemdir Ríkisendurskoðunar og skoðunarmanna ríkisreiknings þar við og frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1989. Út frá upplýsingum, sem þar koma fram, reyndi nefndin svo í samvinnu við Fjárlaga- og hagsýslustofnun og Ríkisendurskoðun að gera þær leiðréttingar á fjárlagafrumvarpi miðað við óbreyttan rekstur sem nefndin taldi að gera þyrfti með hliðsjón af upplýsingum úr fjáraukalagafrumvarpi og ríkisreikningi. Ekki verður neitt um það fullyrt hvernig nefndinni hefur tekist þetta ætlunarverk sitt, en þetta var hennar stefna og sannleikurinn er sá að þótt nefndin geri nú tillögur um allverulegar hækkanir frá frumvarpinu er meginhlutinn af þeim hækkunum til kominn vegna leiðréttinga á launaliðum, verðuppfærslum og öðrum rekstrargjöldum sem Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur staðfest að séu

réttmætar leiðréttingar á grundvelli nýjustu upplýsinga sem fyrir liggja úr ríkisreikningi og yfirferð nefndinnar yfir fjáraukalagafrumvarpið fyrir 1989.

Ef litið er á heildartillögur nefndarinnar um viðbótarútgjöld sem nema nú fyrir 2. umr. 1 milljarði 182 millj. 262 þús. kr. eru tillögur hennar um hækkun rekstrarliða þar af um 570 millj. 205 þús. kr. og er sú fjárhæð svo til öll vegna lagfæringa á áætlunum frumvarpins um útgjöld vegna launa miðað við óbreyttan rekstur sökum rangrar verðuppfærslu í frumvarpinu eða vanáætlana um önnur rekstrarútgjöld. Nefndin gerir síðan tillögu um lækkun sértekna upp á 259 millj. og 716 þús. kr. og er það sama um þessar tillögur að segja og hinar fyrri að svo til öll þessi fjárhæð er vegna leiðréttinga og lækkunar sértekna sem staðfest hefur verið af fjármálaráðuneytinu. Tillögur nefndarinnar um hækkun viðhalds eru um 8 millj. kr. og þar að auki gerir nefndin tillögur um hækkun stofnkostnaðar um 342 millj. 341 þús. kr. frá frumvarpi. Þessar hækkunartillögur eiga allflestar uppruna sinn hjá fjárveitinganefnd og eru fyrst og fremst vegna stofnkostnaðar í hafnamálum, sjúkrahúsa- og heilbrigðismálum og varðandi framhaldsskóla og eru þær tillögur skýrðar nákvæmlega, eins og raunar allar aðrar tillögur fjárveitinganefndar, í athugasemdum þeim er fylgja nefndaráliti þessu.

Þá hefur fjárveitinganefnd fengið í hendur sundurliðaðar tillögur menntamálaráðuneytisins um sparnað í samræmi við fyrirætlanir frumvarpsins. Í frumvarpinu var áformað sérstakt sparnaðarátak af hálfu menntamálaráðuneytisins að fjárhæð 200 m.kr. og var sú fjárhæð tilgreind á einum fjárlagalið án sundurliðunar á viðfangsefni. Fjárveitinganefnd fékk sundurliðaðar tillögur ráðuneytisins um niðurfærslu gjalda og námu þær tillögur samanlagt um 169 m.kr. eða nokkru lægri fjárhæð en áform voru um í frumvarpinu. Nefndin lagði sitt mat á tillögurnar og samþykkti allflestar þeirra, þ.e. allar aðrar en þær sem lutu að viðfangsefnum sem nefndin var búin að fjalla um og taka afstöðu til áður en tillögur ráðuneytisins bárust. Tillögurnar, sem nefndin afgreiddi af lista menntamálaráðuneytisins, námu u.þ.b. 120 m.kr. samanlagt og dreifast á hin ýmsu viðfangsefni skóla- og menntamála. Að hve miklu marki þessar niðurskurðartillögur ná tilætluðum árangri fer að sjálfsögðu eftir því hvaða ákvarðanir um breytingar á rekstrarumfangi og meðferð einstakra viðfangsefna búa að baki tillagnanna og mun þar reyna á framkvæmd menntamálaráðuneytisins. Eitt atriði í tillögum menntamálaráðuneytisins varðaði lækkun á rekstrarkostnaði Þjóðleikhússins. Það erindi hefur ekki hlotið afgreiðslu í fjárveitinganefnd heldur bíður umfjöllunar um Þjóðleikhúsið sem fara mun fram á milli annarrar og þriðju umræðu fjárlaga eins og vanalegt er.

Frá og með næstkomandi áramótum taka gildi ný lög er breyta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ýmis viðfangsefni, sem áður voru sameiginleg ríki og sveitarfélögum, flytjast um þau áramót algerlega yfir til sveitarfélaganna. Má þar nefna framkvæmdir á sviði grunnskólabygginga þar með talin íþróttahús, framkvæmdir á sviði dagvistunar og framkvæmdir á sviði íþróttamála á vegum sveitarfélaga. Einnig fellur niður sérstakur fjárstuðningur ríkisins við vatnsveitur á vegum sveitarfélaga og við félagsheimili. Í staðinn tekur ríkið við nokkrum rekstrarviðfangsefnum af sveitarfélögum og má þar nefna rekstur heilsugæslustöðva og rekstur fræðsluskrifstofa. Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1990 er að sjálfsögðu reist á þessum forsendum um breytta verkhætti.

Þær breytingar hafa orðið á frumvarpinu frá fyrstu gerð þess hvað þessi viðfangsefni varðar að áætluð útgjöld ríkissjóðs vegna rekstrar fræðsluskrifstofa og heilsugæslustöðva eru í frumvarpinu óskipt á sérstökum safnliðum, en fjárveitinganefnd hefur nú fengið upplýsingar um sundurliðaðan kostnað vegna þessara verkefna og gerir því tillögu um að kostnaður þessi verði sundurliðaður hvað fræðsluskrifstofurnar varðar á hverja einstaka fræðsluskrifstofu og reksturinn sundurliðaður í launagreiðslur og önnur rekstrargjöld og eins hvað varðar heilsugæslustöðvarnar og rekstur þeirra. Eru þessar sundurliðanir í tillögum fjárveitinganefndar.

Verkaskiptalögin gera auk þess ráð fyrir að skuldir ríkisins vegna sameiginlegra framkvæmda ríkis og sveitarfélaga við grunnskóla, dagvistunarstofnanir og vegna félagsheimila og íþróttamála verði gerðar upp og vangreiddur hluti ríkissjóðs greiddur á fjórum árum. Í fjárlagafrumvarpinu, eins og frá því var gengið, var ekki gerð tillaga um sérstaka fjárveitingu vegna þessa uppgjörs og er ástæðan m.a. sú, eins og fram kom í greinargerð fjárlagafrumvarpsins, að í ljós kom að kostnaður ríkissjóðs vegna yfirtöku þeirra verkefna frá sveitarfélögum, sem gert var ráð fyrir að ríkissjóður yfirtæki, var vanáætlaður og reyndist við nánari athugun vera nokkrum hundruðum milljóna króna hærri fjárhæð en ráð hafði verið fyrir gert. Koma þar einkum til útgjöld vegna rekstrar heilsugæslustöðva sem reyndust vanáætluð og þá ekki síst vegna rekstrar heilsugæslustöðva í Reykjavík.

Fjárveitinganefnd Alþingis hefur farið mjög vandlega yfir áætlanir menntamálaráðuneytisins um stöðu framkvæmda sem áður voru sameiginlegar með sveitarfélögum miðað við næstkomandi áramót. Sjálfsagt eru einhver atriði þar sem sveitarfélögin mun greina á við ríkisvaldið um fjárhæðir þó að nokkuð ljóst sé um heildarfjárhæðir vangreiddra framlaga ríkisins vegna þessara framkvæmda, en þær munu nema á bilinu 1200–1400 millj. kr. Nefndin hefur hins vegar enn ekki gert tillögu um hvernig að þessum uppgjörsmálum skuli staðið við afgreiðslu fjárlaga, en mun gera tillögu um það fyrir 3. umr. Hefur það nokkuð tafið störf nefndarinnar við þessa vinnu að reglugerðir lágu lengi vel ekki fyrir og liggja raunar ekki fyrir enn að því er varðar reglugerð um uppgjörið við sveitarfélögin vegna framkvæmda á sviði skólamála, dagvistunar og íþróttamála. Þá hefur fjárveitinganefnd ekki heldur getað við þessa umræðu gert tillögur um hvernig staðið skuli að skiptingu fjárframlags á fjárlögum til íþróttamála samkvæmt hinum breyttu verkaskiptingalögum. Falla nú niður greiðslur úr ríkissjóði til íþróttaframkvæmda á vegum sveitarfélaga, en halda hins vegar áfram hvað varðar greiðslur úr ríkissjóði til íþróttaframkvæmda á vegum frjálsra félagasamtaka. Það var fyrst nú fyrir örfáum dögum sem nefndin fékk í hendur reglugerð hvað þennan nýja íþróttasjóð varðar og hún hefur ekki haft ráðrúm til þess fyrir þessa umræðu að ganga frá tillögum sínum þar um.

Auk þessara mála, sem bíða munu afgreiðslu 3. umr., eru svo nokkur önnur mál sem einnig bíða endanlegra tillagna fjárveitinganefndar. Þar má nefna Háskóla á Akureyri, meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur og launagreiðslur vegna flugmálastjórnar en öll þessi mál eru í sérstakri athugun. Þá bíður 3. umr. afgreiðsla á samkomulagi menntamálaráðherra og Háskóla Íslands er varðar ráðstöfun happdrættisfjár. Þetta eru mál sem æskilegt væri að afgreiða við 2. umr., en ekki vannst til þess tími og er ekki óvanalegt að nokkur slík mál bíði 3. umr. Að auki bíða svo að sjálfsögðu 3. umr. þau mál sem þá eru venjulega afgreidd, en það eru allar B-hluta stofnanirnar, svo og heimildarákvæði í 6. gr. fjárlaga og auk þess endurskoðuð tekjuspá. Meðal stórra viðfangsefna, sem þá verða gerðar tillögur um, má nefna Þjóðleikhúsið bæði endurbyggingu og rekstur, Lánasjóð íslenskra námsmanna, lífeyris- og sjúkratryggingar, niðurgreiðslur á vöruverði og útflutningsuppbætur, jarðræktar- og búfjárræktarlög, svo og málefni Rafmagnsveitna ríkisins, Pósts og síma og Ríkisútvarpsins svo nokkur mál séu nefnd. Þá tengist endurskoðaðri tekjuspá ákvörðun um framlag til vegagerðar og svo tengjast að sjálfsögðu lokaafgreiðslu fjárlaga þau áform ríkisstjórnarinnar um tekjuöflun sem breyst hafa frá því að frumvarp til fjárlaga var lagt fram og gerð hefur verið grein fyrir hér á Alþingi.

Það er því ljóst að enn eru eftir mörg og stór viðfangsefni fjárlagagerðar sem jafnan bíða 3. umr. og auk þeirra þrjú eða fjögur úrlausnarefni sem æskilegt hefði verið að hægt væri að afgreiða við 2. umr., en verða að bíða og er það ekkert óvanalegt. Hins vegar er gerð tillaga um að afgreiða nú við 2. umr. flest hin stærstu viðfangsefni fjárlagagerðarinnar, en þar átt við rekstrar- og launaliði því sem næst allra stofnana og viðfangsefna í A-hluta, svo og öll stærstu stofnkostnaðarframlögin.

Tillögur þær, sem koma frá fjárveitinganefnd nú við 2. umr., eru fluttar af nefndinni allri. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjárveitinganefnd hafa hins vegar að sjálfsögðu eðlilega fyrirvara um afstöðu til einstakra breytingartillagna sem fram kunna að koma og munu fulltrúar minni hl. í nefndinni lýsa afstöðu sinni í sérstöku nefndaráliti minni hl. fjárveitinganefndar og í umræðum í þinginu. Breytingartillögurnar, sem nefndin flytur nú við 2. umr., varða 4. gr. og nema eins og áður er sagt alls um 1 milljón 182 þús. kr. Breytingartillögurnar má síðan greina á eftirfarandi hátt til að veita nánari upplýsingar um eðli þeirra og umfang.

Tafla 1.

Afgreiðsla nefndar við 2. umr. um fjárlög 1990, skipt eftir viðfangsefnum.

	Þús. kr.
1. Hækkun rekstrargjalda	572 250
2. Lækkun sértekna	259 716
3. Hækkun viðhalds	8 000
4. Hækkun stofnkostnaðar	342 341
Samtals	1 182 262

Tafla 2.

Yfirlit um breytingar á útgjaldaflokkum frumvarpsins.

Fjárhæðir í millj. kr.	Frumvarp fram lagt	Frumvarp við 2. umr.	Frávik	Hlutfall
Launagjöld	28 116	28 376	260	0,9%
Önnur rekstrargjöld	59 548	59 859	311	0,5%
Sértekjur	<4 783>	<4 552>	261	<0,57%>
	82 881	83 713	832	1,0%
Stofnkostnaður og viðhald	10 326	10 676	350	3,4%
Alls	93 207	94 389	1 182	1,3%

Eftir hagrænu eðli	Þús. kr.	Hlutfall	Stöðugildi
Launakostnaður	260 000*	22,0%	56
Annar rekstur	571 921	48,4%	
Stofn- og viðhaldskostnaður	350 341	29,6%	
Alls	1 182 262	100%	

* Launakostnaður vegna viðbótarheimilda og leiðréttingar á launakostnaði.

Tafla 3.

Fjárhæðir í þús. kr.	Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1989				Breytingar á frumvarpi	
Ráðuneyti	Gjöld samtals	Sértekjur	Mismunur	Hlutfall	Fjárhæð	Hlutfall
Æðsta stjórn ríkisins	864 382	3 730	860 652	0,9%	40 000	4,6%
Forsætisráðuneyti	744 844	74 140	670 704	0,7%	–	–
Menntamálaráðuneyti	14 807 944	928 420	13 879 524	14,9%	279 265	2,0%
Utanríkisráðuneyti	1 155 822	24 930	1 130 892	1,2%	29 298	2,6%
Landbúnaðarráðuneyti	3 441 656	190 320	3 251 336	3,5%	57 604	1,8%
Sjávarútvegsráðuneyti	978 162	159 110	819 052	0,9%	10 000	1,2%
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	4 444 426	240 280	4 204 146	4,5%	114 562	2,7%
Félagsmálaráðuneyti	3 904 569	288 030	3 616 539	3,9%	57 451	1,6%
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	40 029 610	1 760 270	38 269 340	41,1%	358 581	0,9%
Fjármálaráðuneyti	5 500 212	156 320	5 343 892	5,7%	18 800	0,4%
Samgönguráðuneyti	6 934 051	611 310	6 322 741	6,8%	199 455	3,1%
Iðnaðarráðuneyti	1 325 987	303 300	1 022 687	1,1%	13 246	1,3%
Viðskiptaráðuneyti	4 462 719	9 400	4 453 319	4,8%	4 000	–
Hagstofa Íslands	141 948	33 300	108 648	0,1%	–	–
Umhverfismálaráðuneyti	22 951	0	22 951	0,0%	–	–
Fjárlaga- og hagsýslustofnun	9 230 704	0	9 230 704	9,9%	–	–
Samtals	97 989 987	4 782 860	93 207 127	100,0%	1 182 262	1,3%

Hér á eftir koma svo skýringar við tillögur fjárveitinganefndar um breytingar á gjaldahlið frumvarpsins. En 3. umr. bíða B-hluta stofnanirnar, heimildir skv. 6. gr. og tekjuhlið frumvarpsins auk afgreiðslna á þeim viðfangsefnum er varða 4. gr. sem áður hefur verið vikið að.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

201 Alþingi: Viðfangsefnið 1.01 Þingfararkaup alþingismanna hækkar um 6.900 þús. kr. og verður 149.704 þús. kr. vegna ákvörðunar Kjaradóms. Viðfangsefnið 1.02 Starfskostnaður hækkar um 4.000 þús. kr. og verður 57.180 þús. kr. Viðfangsefnið 1.04 Skrifstofu- og alþingiskostnaður hækkar um 14.300 þús. kr. og verður 198.484 þús. kr. Viðfangsefnið 1.20 Rekstrarkostnaður fasteigna hækkar um 2.500 þús. kr. og verður 21.050 þús. kr. Viðfangsefnið 1.31 Þingmannanefndir Evrópuráðsins hækkar um 600 þús. kr. og verður 4.790 þús. kr. Viðfangsefnið 1.33 Þingmannafundir Fríverslunarsamtaka Evrópu hækkar um 300 þús. kr. og verður 2.170 þús. kr. Viðfangsefnið 1.36 Þátttaka þingmanna í allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna lækkar um 1.000 þús. kr. og verður 2.540 þús. kr. Viðfangsefnið 5.20 Fasteignir hækkar um 900 þús. kr. og verður 10.000 þús. kr.

620 Ríkisendurskoðun: Viðfangsefnið 1.01 hækkar um 10.000 þús. kr. og verður 113.710 þús. kr. Um er að ræða leiðréttingu á launalið stofnunarinnar 4.000 þús. kr. og hækkun annarra gjalda vegna aðkeyptrar sérfræðiþjónustu og endurskoðunarvinnu um 6.000 þús. kr. Viðfangsefnið 6.01 Tölvu- og húsbúnaður hækkar um 1.500 og verður 3.000 þús. kr.

02 Menntamálaráðuneyti

101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefnið 1.01 Yfirstjórn lækkar um 1.300 þús. kr. og verður 172.592 þús. kr. Um er að ræða sparnað hjá aðalskrifstofu, 2.000 þús. kr. vegna risnu- og ferðakostnaðar og hækkun launa vegna hálfrar stöðu námsstjóra í tónlistarfræðslu 700 þús. kr. Tekinn er inn nýr liður 6.10 Tæki og búnaður 1.500 þús. kr. vegna flutnings menntamálaráðuneytisins í nýtt húsnæði.

201 Háskóli Íslands: Viðfangsefnið 1.01 Yfirstjórn hækkar um 2.000 þús. kr. og verður 81.435 þús. kr. Hækkunin er vegna framlags til upplýsingastofu um nám erlendis 2.000 þús. kr. Viðfangsefnið 1.02 Sameiginleg útgjöld hækka um 3.174 þús. kr. og verður 223.801 þús. kr. Um er að ræða leiðréttingu á ferðakostnaði í rannsóknarleyfum 2.474 þús. kr. og hækkun vegna leigu á aðstöðu í Norræna húsinu 700 þús. kr. Viðfangsefnið 1.03 Rekstur fasteigna hækkar um 12.320 þús. kr. og verður 155.619 þús. kr. Um er að ræða leiðréttingu á kostnaði vegna ræstunar húsa. Viðfangsefnið 1.11 Læknadeild hækkar um 8.070 þús. kr. og verður 137.896 þús. kr. Um er að ræða tilfærslu á sértekjum læknadeildar til Ríkisspítala 2.470 þús. kr. og leiðrétting gjalda 5.600 þús. kr. Viðfangsefnið 1.13 Lyfjafræði lyfsala hækkar um 997 þús. kr. og verður 20.927 þús. kr. vegna aukningar á stundakennslu. Viðfangsefnið 1.15 Viðskipta- og hagfræðideild hækkar um 605 þús. kr. og verður 55.784 þús. kr. vegna dósentsstöðu í hagnýtri rekstrarhagfræði, 1.299 þús. kr., á móti kemur frádráttur stundakennslu 694 þús. kr. Viðfangsefnið 1.16 Heimspekideild hækkar um 1.400 þús. kr. og verður 108.412 þús. kr. vegna aukningar á stundakennslu. Viðfangsefnið 1.17 Verkfræðideild hækkar um 500 þús. kr. og verður 126.421 þús. kr. vegna aukningar á öðrum rekstrargjöldum. Viðfangsefnið 1.18 Félagsvísindadeild hækkar um 1.200 þús. kr. og verður 73.009 þús. kr. vegna aukningar á stundakennslu. Viðfangsefnið 1.19 Íþróttakennsla hækkar um 1.845 þús. kr. og verður 9.497 þús. kr. Um er að ræða leigu íþróttaaðstöðu í Æfinga- og tilraunaskóla Íslands 800 þús. kr. og ráðning íþróttakennara 1.045 þús. kr. Viðfangsefnið 1.25 Raunvísindadeild hækkar um 4.551 þús. kr. og verður 205.348 þús. kr. Um er að ræða stöðu dósents í eðlisfræði en á móti kemur frádráttur vegna stundakennslu, aukning á stundakennslu og öðrum gjöldum og leiga aðstöðu fyrir kennslu í matvælafræði. Tekið er inn nýtt viðfangsefnið 6.26 Hús Sigurðar Nordals 1.000 þús. kr. vegna endurbóta á húseigninni Þingholtsstræti 29.

202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum: Viðfangsefnið 1.01 hækkar um 500 þús. kr. og verður 74.621 þús. kr. Um er að ræða hækkun vegna fæðingarorlofs og dagpeninga í rannsóknarleyfum. Sértekjur lækka um 4.500 þús. kr. og verða 50.160 þús. kr. vegna samdráttar í sölu bóluefnis.

203 Raunvísindastofnun Háskólans: Viðfangsefnið 1.20 Eðlisfræðistofa hækkar um 2.000 þús. kr. og verður 22.218 þús. kr. Tekið er inn nýtt viðfangsefni 1.21 Stjarnvísindi 650 þús. kr. Framlagið er vegna hálfrar stöðu dósents í stjarnvísindum. Viðfangsefnið 1.70 Reiknifræðistofa hækkar um 650 þús. kr. og verður 9.470 þús. kr. vegna hálfrar stöðu dósents í hagnýtri stærðfræði.

205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi: Viðfangsefnið 1.01 Yfirstjórn hækkar um 570 þús. og verður 30.758 þús. kr. Um er að ræða áframhaldandi fjárveitingu til stöðu lausráðins þjóðfræðings. Viðfangsefnið 1.20 Bókaútgáfa lækkar um 2.000 þús. kr. og verður 5.441 þús. kr. vegna sparnaðarátaks hjá menntamálaráðuneyti.

221 Kennaraháskóli Íslands: Viðfangsefnið 1.02 Rannsóknastarfsemi hækkar um 1.007 þús. kr. og verður 9.584 þús. kr. vegna rannsóknarorlofs. Viðfangsefnið 1.05 Kennsla hækkar um 1.640 þús. kr. og verður 100.310 þús. kr. vegna ráðningar í tímabundnar lektorsstöður.

233 Rannsóknasjóður: Viðfangsefnið 1.01 Rannsóknasjóður fellur út og fjármagnist af framlagi.

303 Menntaskólinn á Laugarvatni: Viðfangsefnið 1.01 Kennsla lækkar um 1.200 þús. kr. og verður 20.482 þús. kr. vegna sparnaðar hjá framhaldsskólum, almennt.

308 Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut: Viðfangsefnið 1.01 Kennsla lækkar um 800 þús. kr. og verður 44.299 þús. kr. vegna sparnaðar hjá framhaldsskólum, almennt.

Fyrir „7.000“ kemur	8.000
d. Við 133 Íslensk tónverkamiðstöð.	
Fyrir „2.500“ kemur	3.000
e. Við 134 Sinfóníuhljómsveit æskunnar.	
Fyrir „2.000“ kemur	2.300
f. Við 143 Myndlistarskólinn á Akureyri.	
Fyrir „3.800“ kemur	4.400
g. Við 145 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar.	
Fyrir „4.000“ kemur	4.600
h. Við 146 Listasafn ASÍ.	
Fyrir „2.000“ kemur	2.300
i. Við 173 Bandalag íslenskra listamanna.	
Fyrir „400“ kemur	500
j. Við 182 Ferðaleikhúsið.	
Fyrir „800“ kemur	900
54. Við 4. gr. 02-983 Vísindaleg starfsemi, styrkir.	
a. Við 110 Vísinda- og fræðistörf.	
Fyrir „1.310“ kemur	1.510
b. Við 114 Rannsóknarleyfi sérfræðinga á vísindastofnunum.	
Fyrir „8.320“ kemur	9.500
55. Við 4. gr. 02-984 Norræn samvinna. Nýr liður:	
123 Kynningar- og útbreiðsluverkefni varðandi umhverfismál	1.500
56. Við 4. gr. 02-985 Menningarsjóður félagsheimila. 101 Almennur rekstur.	
Fyrir „5.750“ kemur	6.750
57. Við 4. gr. 02-988 Æskulýðsmál.	
a. Við 110 Æskulýðsráð ríkisins.	
Fyrir „1.280“ kemur	1.500
b. Við 111 Æskulýðssamband Íslands.	
Fyrir „500“ kemur	700
c. Við 112 Ungmennafélag Íslands.	
Fyrir „8.090“ kemur	9.500
d. Við 113 Bandalag íslenskra skáta.	
Fyrir „4.220“ kemur	5.000
e. Við 114 Bandalag íslenskra skáta, vegna Úlfljótsvatns.	
Fyrir „1.500“ kemur	2.000
f. Við 116 Íslenskir ungtemplarar.	
Fyrir „750“ kemur	1.000
g. Við 117 Starfsemi KFUM og KFUK.	
Fyrir „1.500“ kemur	2.000
58. Við 4. gr. 02-989 Ýmis íþróttamál.	
a. Við 110 Íþróttasamband Íslands.	
Fyrir „21.420“ kemur	24.920
b. Við 111 Ólympíunefnd Íslands.	
Fyrir „3.000“ kemur	4.500
c. Við 113 Íþróttamál fatlaðra.	
Fyrir „2.620“ kemur	4.000

		Þús. kr.
	d. Við 116 Íþróttafélög, styrkir.	
	Fyrir „7.000“ kemur	14.000
	e. Við 120 Glíman, íslenska þjóðaríþróttin, kynning í skólum.	
	Fyrir „2.000“ kemur	2.500
	f. Við 121 Skáksamband Íslands.	
	Fyrir „1.680“ kemur	2.000
	g. Við 140 Ýmis framlög til íþróttamála.	
	Fyrir „4.500“ kemur	5.500
59.	Við 4. gr. 02-991 Húsafriðun.	
	a. Við 610 Húsafriðunarsjóður.	
	Fyrir „3.200“ kemur	3.700
	b. Við 640 Byggða- og minjasöfn.	
	Fyrir „7.000“ kemur	10.066
60.	Við 4. gr. 02-999 Ýmislegt.	
	a. Við 150 Landssamband hjálparsveita skáta.	
	Fyrir „1.480“ kemur	2.000
	b. Við 171 Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur.	
	Fyrir „4.000“ kemur	4.700
	c. Nýr liður:	
	173 Suðurhlíðarskóli, rekstrarstyrkur	3.960
	d. Við 190 Söfn, styrkir.	
	Fyrir „1.730“ kemur	1.980
	e. Við 191 Tónlistarsaga Íslands.	
	Fyrir „1.530“ kemur	2.000
	f. Við 193 Kvenfélagasamband Íslands.	
	Fyrir „1.110“ kemur	1.200
61.	Við 4. gr. 03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa. Nýr liður:	
	170 Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	300
62.	Við 4. gr. 03-390 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi.	
	a. Við 101 Þróunarsamvinnustofnun Íslands.	
	Fyrir „64.000“ kemur	75.000
	b. Við 110 Háskóli Sameinuðu þjóðanna.	
	Fyrir „14.670“ kemur	17.300
63.	Við 4. gr. 03-399 Ýmis utanríkismál. Nýr liður:	
	150 Móttaka flóttamanna	15.368
64.	Við 4. gr. 04-201 Búnaðarfélag Íslands. 4 Sértekjur.	
	Fyrir „11.950“ kemur	9.950
65.	Við 4. gr. 04-205 Veiðistjóri. 101 Almennur rekstur.	
	Fyrir „16.229“ kemur	27.550
66.	Við 4. gr. 04-206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins.	
	a. Við 101 Aðalstöðvar.	
	Fyrir „89.865“ kemur	93.865
	b. Við 583 Tilraunabúið Hesti, viðhald.	
	Fyrir „700“ kemur	1.600
	c. Nýr liður:	
	682 Stóra-Ármót	3.000
	d. Við 692 Tilraunastöðin á Möðruvöllum, fjósbygging.	
	Fyrir „900“ kemur	2.400

	Þús. kr.
67. Við 4. gr. 04-231 Skógrækt ríkisins.	
a. Við 181 Nytjaskógar.	
Fyrir „12.240“ kemur	13.240
b. Við 184 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði.	
Liðurinn fellur brott.	
c. Við 630 Vélar og tæki.	
Fyrir „2.600“ kemur	2.000
d. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „62.560“ kemur	59.560
68. Við 4. gr. 04-232 Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins.	
a. Við 101 Rannsóknastöðin á Mógilsá.	
Fyrir „16.503“ kemur	17.419
b. Nýir liðir:	
130 Sérstakt rannsóknarverkefni	4.467
601 Vélar og tæki	600
69. Við 4. gr. 04-235 Landgræðsla ríkisins.	
a. Nýir liðir:	
150 Landgræðsluframkvæmdir Mývatnssveit	1.000
610 Gunnarsholt	3.000
b. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „15.480“ kemur	10.480
70. Við 4. gr. 04-246 Veiðimálastofnunin. 101 Almennur rekstur.	
Fyrir „52.537“ kemur	53.537
71. Við 4. gr. 04-288 Jarðræktar- og búfjárræktarlög, framlög. Nýr liður:	
120 Framlög til búnaðarsambanda	6.000
72. Við 4. gr. 04-299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi. Nýr liður:	
119 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	15.000
73. Við 4. gr. 04-501 Bændaskólinn á Hvanneyri.	
a. Við 501 Fasteignir.	
Fyrir „2.500“ kemur	3.700
b. Við 601 Fasteignir og lóðir.	
Fyrir „4.900“ kemur	6.900
c. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „36.510“ kemur	33.510
74. Við 4. gr. 04-502 Bændaskólinn á Hólum.	
a. Við 101 Almennur rekstur.	
Fyrir „57.667“ kemur	59.067
b. Við 601 Fasteignir og lóðir.	
Fyrir „3.000“ kemur	3.400
c. Nýr liður:	
602 Vélar og áhöld	1.500
75. Við 4. gr. 05-203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Nýr liður:	
125 Sjávarútvegur, iðnaður	6.000
76. Við 4. gr. 05-299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi. 121 Sjóvinnukennsla, sjóvinnu- og rannsóknabátur.	
Fyrir „6.150“ kemur	10.150
77. Við 4. gr. 06-206 Lögreglustjórinn í Reykjavík. 120 Almenn löggæsla.	
Fyrir „582.263“ kemur	622.263

		Þús. kr.
78.	Við 4. gr. 06-211 Sýslumenn og bæjarfógetar. 120 Rekstrarkostnaður vegna yfirtöku sjúkrasamlaga. Liðurinn fellur brott.	
79.	Við 4. gr. 06-212 Bæjarfógeti Akranesi.	
	a. Við 101 Yfirstjórn.	
	Fyrir „19.134“ kemur	22.534
	b. Við 120 Löggæsla.	
	Fyrir „29.177“ kemur	29.627
80.	Við 4. gr. 06-213 Sýslumaður Borgarnesi	
	a. Við 101 Yfirstjórn.	
	Fyrir „18.972“ kemur	19.972
	b. Við 120 Löggæsla.	
	Fyrir „21.161“ kemur	22.461
81.	Við 4. gr. 06-214 Sýslumaður og bæjarfógeti Stykkishólmi. 120 Löggæsla Stykkishólmi.	
	Fyrir „11.919“ kemur	12.719
82.	Við 4. gr. 06-215 Sýslumaður Búðardal. 101 Yfirstjórn.	
	Fyrir „7.590“ kemur	8.120
83.	Við 4. gr. 06-216 Sýslumaður Patreksfirði. 101 Yfirstjórn.	
	Fyrir „14.045“ kemur	14.745
84.	Við 4. gr. 06-217 Bæjarfógeti Bolungarvík. 101 Yfirstjórn.	
	Fyrir „7.182“ kemur	8.282
85.	Við 4. gr. 06-218 Sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði. 101 Yfirstjórn.	
	Fyrir „29.452“ kemur	30.952
86.	Við 4. gr. 06-219 Sýslumaður Hólmavík. 101 Yfirstjórn.	
	Fyrir „7.554“ kemur	8.204
87.	Við 4. gr. 06-221 Sýslumaður Blönduósi. 120 Löggæsla.	
	Fyrir „19.124“ kemur	19.624
88.	Við 4. gr. 06-222 Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki. 101 Yfirstjórn.	
	Fyrir „18.377“ kemur	18.877
89.	Við 4. gr. 06-223 Bæjarfógeti Siglufirði. 101 Yfirstjórn.	
	Fyrir „11.309“ kemur	12.659
90.	Við 4. gr. 06-224 Bæjarfógeti Ólafsfirði. 101 Yfirstjórn.	
	Fyrir „7.090“ kemur	8.390
91.	Við 4. gr. 06-225 Sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri. 101 Yfirstjórn.	
	Fyrir „55.616“ kemur	64.116
92.	Við 4. gr. 06-226 Sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík. 101 Yfirstjórn.	
	Fyrir „26.827“ kemur	28.327
93.	Við 4. gr. 06-227 Sýslumaður og bæjarfógeti Seyðisfirði.	
	a. 101 Yfirstjórn.	
	Fyrir „17.333“ kemur	18.433
	b. Við 120 Löggæsla Seyðisfirði.	
	Fyrir „9.623“ kemur	10.023
94.	Við 4. gr. 06-228 Bæjarfógeti Neskaupstað.	
	a. Við 101 Yfirstjórn.	
	Fyrir „10.214“ kemur	11.414
	b. Við 120 Löggæsla.	
	Fyrir „7.123“ kemur	7.523

		Þús. kr.
95.	Við 4. gr. 06-229 Sýslumaður og bæjarfógeti Eskifirði.	
	a. Við 101 Yfirstjórn.	
	Fyrir „21.402“ kemur	22.002
	b. Við 121 Löggæsla Egilsstöðum.	
	Fyrir „9.877“ kemur	10.377
96.	Við 4. gr. 06-230 Sýslumaður Höfn í Hornafirði.	
	a. Við 101 Yfirstjórn.	
	Fyrir „11.383“ kemur	11.983
	b. Við 120 Löggæsla.	
	Fyrir „11.081“ kemur	11.481
97.	Við 4. gr. 06-231 Sýslumaður Vík í Mýrdal. 101 Yfirstjórn.	
	Fyrir „9.893“ kemur	10.453
98.	Við 4. gr. 06-232 Sýslumaður Hvolsvelli.	
	a. Við 101 Yfirstjórn.	
	Fyrir „14.506“ kemur	15.066
	b. Við 120 Löggæsla.	
	Fyrir „15.022“ kemur	15.322
99.	Við 4. gr. 06-233 Bæjarfógeti Vestmannaeyjum. 101 Yfirstjórn.	
	Fyrir „24.474“ kemur	26.574
100.	Við 4. gr. 06-234 Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi.	
	a. Við 101 Yfirstjórn.	
	Fyrir „33.136“ kemur	37.936
	b. Við 120 Löggæsla.	
	Fyrir „61.532“ kemur	62.532
101.	Við 4. gr. 06-235 Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík.	
	a. Við 101 Yfirstjórn.	
	Fyrir „50.385“ kemur	53.185
	b. Við 120 Löggæsla Keflavík og Njarðvík.	
	Fyrir „87.251“ kemur	89.751
102.	Við 4. gr. 06-236 Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði. 101 Yfirstjórn.	
	Fyrir „83.866“ kemur	93.966
103.	Við 4. gr. 06-237 Bæjarfógeti Kópavogi. 101 Yfirstjórn.	
	Fyrir „57.418“ kemur	63.118
104.	Við 4. gr. 06-251 Landhelgisgæsla Íslands.	
	a. Við 101 Yfirstjórn.	
	Fyrir „42.439“ kemur	52.867
	b. Við 131 Þyrluvakt lækna.	
	Fyrir „3.059“ kemur	3.199
	c. Við 590 Viðhald.	
	Fyrir „6.500“ kemur	7.500
	d. Við 690 Tæki og búnaður.	
	Fyrir „10.700“ kemur	20.000
105.	Við 4. gr. 06-281 Dómsmál, ýmis starfsemi.	
	a. Við 114 Gjafsóknar- og málsvarnarlaun.	
	Fyrir „2.810“ kemur	4.010
	b. Við 140 Tölvunefnd.	
	Fyrir „2.130“ kemur	2.430

		Þús. kr.
106.	Við 4. gr. 06-282 Ýmis löggæslukostnaður. 120 Almennur rekstur.	
	Fyrir „4.332“ kemur	9.332
107.	Við 4. gr. 06-283 Fangamál, ýmis kostnaður.	
	a. Við 110 Fangahjálp.	
	Fyrir „4.630“ kemur	5.130
	b. Nýir liðir:	
	120 Vistun öryggisgæslufanga	12.000
	121 Vistun fanga á meðferðarstofnunum	15.000
108.	Við 4. gr. 06-301 Biskup Íslands. 101 Yfirstjórn.	
	Fyrir „15.443“ kemur	16.443
109.	Við 4. gr. 06-302 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar. 101 Yfirstjórn.	
	Fyrir „6.213“ kemur	6.713
110.	Við 4. gr. 07-301 Skipulagsstjóri ríkisins. 4 Sértekjur.	
	Fyrir „61.110“ kemur	54.110
111.	Við 4. gr. 07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík. Nýr liður:	
	133 Vinnustofa Blindrafélagsins	3.737
112.	Við 4. gr. 07-702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi. 170 Vistheimilið Skálatúni.	
	Fyrir „92.770“ kemur	95.245
113.	Við 4. gr. 07-703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi. Nýr liður:	
	141 Leikfangasafn Ólafsvík	630
114.	Við 4. gr. 07-705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra. Nýr liður:	
	122 Sambýli Gauksmýri	1.645
115.	Við 4. gr. 07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra.	
	a. Við 130 Iðjulundur, verndaður vinnustaður.	
	Fyrir „31.267“ kemur	33.937
	b. Við 140 Leikfangasafn Akureyri.	
	Fyrir „1.303“ kemur	1.807
116.	Við 4. gr. 07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi. 140 Leikfangasafn.	
	Fyrir „1.035“ kemur	1.665
117.	Við 4. gr. 07-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi.	
	a. Við 122 Sambýli Vallholti 12-14.	
	Fyrir „3.455“ kemur	4.730
	b. Nýr liður:	
	126 Sambýli Vestmannaeyjum	1.275
118.	Við 4. gr. 07-954 Vinnueftirlit ríkisins.	
	a. Við 101 Almennur rekstur.	
	Fyrir „83.790“ kemur	87.690
	b. Við 601 Fasteignakaup.	
	Fyrir „8.800“ kemur	14.975
	c. Við 4 Sértekjur.	
	Fyrir „103.330“ kemur	113.975
119.	Við 4. gr. 07-981 Vinnumál. 151 Sjómannadagsráð.	
	Fyrir „170“ kemur	200
120.	Við 4. gr. 07-982 101 Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota.	
	Fyrir „110.000“ kemur	140.000
121.	Við 4. gr. 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi.	
	a. Við 127 Slysavarnafélag Íslands.	
	Fyrir „7.080“ kemur	8.280

		Þús. kr.
	b. Við 130 Sjómannastofur.	
	Fyrir „680“ kemur	1.050
	c. Við 131 Félagasamtök, styrkir.	
	Fyrir „11.800“ kemur	14.380
	d. Við 190 Ýmis framlög.	
	Fyrir „3.000“ kemur	5.000
122.	Við 4. gr. 08-101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa.	
	Við 101 Yfirstjórn.	
	Fyrir „87.461“ kemur	88.762
123.	Við 4. gr. 08-271 Tryggingastofnun ríkisins. 120 Sjúkratryggingar.	
	Fyrir „9.417.000“ kemur	9.410.000
124.	Við 4. gr. 08-340 Málefni fatlaðra.	
	a. Við 170 MS-félag Íslands.	
	Liðurinn fellur brott.	
	b. Við 190 Önnur starfsemi.	
	Fyrir „4.160“ kemur	4.640
125.	Við 4. gr. 08-350 Sjúkrahúsið Akranesi. 101 Almennur rekstur.	
	Fyrir „397.716“ kemur	400.092
126.	Við 4. gr. 08-352 Sjúkrahúsið Patreksfirði. 101 Almennur rekstur.	
	Fyrir „73.072“ kemur	73.506
127.	Við 4. gr. 08-353 Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði. 101 Almennur rekstur.	
	Fyrir „166.076“ kemur	167.094
128.	Við 4. gr. 08-355 Héraðshæli Austur-Húnvetninga. 101 Almennur rekstur.	
	Fyrir „110.651“ kemur	111.421
129.	Við 4. gr. 08-356 Sjúkrahúsið Sauðárkróki. 101 Almennur rekstur.	
	Fyrir „243.683“ kemur	245.286
130.	Við 4. gr. 08-357 Sjúkrahúsið Siglufirði. 101 Almennur rekstur.	
	Fyrir „115.658“ kemur	116.350
131.	Við 4. gr. 08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri. Almennur rekstur.	
	Fyrir „976.652“ kemur	982.491
132.	Við 4. gr. 08-359 Sjúkrahúsið Húsavík. 101 Almennur rekstur.	
	Fyrir „219.438“ kemur	222.362
133.	Við 4. gr. 08-360 Sjúkrahúsið Seyðisfirði. 101 Almennur rekstur.	
	Fyrir „70.510“ kemur	71.026
134.	Við 4. gr. 08-361 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað. 101 Almennur rekstur.	
	Fyrir „151.875“ kemur	152.855
135.	Við 4. gr. 08-363 Sjúkrahúsið Egilsstöðum. 101 Almennur rekstur.	
	Fyrir „89.158“ kemur	89.724
136.	Við 4. gr. 08-365 Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi. 101 Almennur rekstur.	
	Fyrir „210.792“ kemur	213.450
137.	Við 4. gr. 08-366 Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum. 101 Almennur rekstur.	
	Fyrir „167.030“ kemur	168.184
138.	Við 4. gr. 08-367 Sjúkrahúsið Keflavík.	
	a. Við 101 Almennur rekstur.	
	Fyrir „190.714“ kemur	191.972
	b. Við 4 Sértekjur.	
	Fyrir „38.620“ kemur	35.020
139.	Við 4. gr. 08-368 Sólvangur, Hafnarfirði. 101 Almennur rekstur.	
	Fyrir „190.737“ kemur	192.283

		Þús. kr.
140.	Við 4. gr. 08-371 Ríkisspítalar.	
	a. Við 110 Legudeildir, svæfinga- og gjörgæsludeild.	
	Fyrir „2.303.618“ kemur	2.401.928
	b. Við 120 Geðdeild.	
	Fyrir „803.495“ kemur	809.713
	c. Við 130 Stofnanir öryrkja og þroskaheftra.	
	Fyrir „279.561“ kemur	281.579
	d. Við 140 Stoðdeildir, rannsóknastofur.	
	Fyrir „646.483“ kemur	654.347
	e. Við 150 Þjónustudeildir.	
	Fyrir „1.130.161“ kemur	1.133.711
	f. Við 560 Stjórnarnefnd, viðhald.	
	Fyrir „63.300“ kemur	73.300
	g. Við 660 Stjórnarnefnd, stofnkostnaður.	
	Fyrir „80.000“ kemur	90.000
	h. Við 4 Sértekjur.	
	Fyrir „558.510“ kemur	458.510
141.	Við 4. gr. 08-372 Borgarspítalinn. 101 Almennur rekstur.	
	Fyrir „2.706.372“ kemur	2.729.052
142.	Við 4. gr. 08-373 St. Jósefsspítali, Landakoti.	
	a. Við 101 Almennur rekstur.	
	Fyrir „1.196.189“ kemur	1.207.646
	b. Við 4 Sértekjur.	
	Fyrir „176.270“ kemur	166.270
143.	Við 4. gr. 08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir.	
	a. Við 690 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða.	
	Fyrir „200.000“ kemur	235.200
	b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:	

Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 690).

a. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:	Þús. kr.
1. Akranes, sjúkrahús	10.500
2. Akranes, H2	18.000
3. Stykkishólmur, H2	4.000
4. Patreksfjörður, sjúkrahús	3.000
5. Ísafjörður, sjúkrahús	26.500
6. Blönduós, H2 og sjúkrahús	18.600
7. Sauðárkrókur, sjúkrahús og H2	5.000
8. Siglufjörður, sjúkrahús	4.500
9. Akureyri, H2	4.500
10. Raufarhöfn, H1	3.000
11. Húsavík, H2	36.000
12. Egilsstaðir, H2 og sjúkrahús	3.000
13. Seyðisfjörður, sjúkrahús og H2	10.000
14. Reyðarfjörður og Eskifjörður, H2	5.900
15. Djúpivogur, H2	6.000
16. Neskaupstaður, sjúkrahús	2.000
17. Vestmannaeyjar, sjúkrahús	4.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
18. Stokkseyri, H	2.000	
19. Þorlákshöfn, H1	7.000	
20. Keflavík, sjúkrahús	2.500	
21. Hafnarfjörður, H2	6.800	
22. Hafnarfjörður, hönnun tengigangs á St. Jósefsspítala	2.000	
23. Garðabær, H2	3.500	
24. Seltjarnarnes, H2	8.000	
25. Skuldir vegna fjögurra heilsugæslustöðva, H2.	1.200	
		197.500
b. Húsaleiga:		
1. Mosfellsbær	650	
2. Akureyri	6.700	
3. Reyðarfjörður	1.300	
4. Þorlákshöfn	850	
		9.500
c. Læknisbústaðir:		
Kirkjubæjarklaustur	2.000	
		2.000
d. Hjúkrunarheimili aldraðra:		
1. Hella	6.000	
2. Sauðárkrókur	6.200	
3. Vopnafjörður	4.000	
4. Kirkjubæjarklaustur	8.000	
5. Ólafsvík	2.000	
		26.200
		235.200

144. Við 4. gr. 08-395 Lyfjamál.
a. Við 111 Lyfjaverðlagsnefnd.
Fyrir „1.058“ kemur 1.907
b. Við 121 Lyfjanefnd.
Fyrir „8.032“ kemur 11.816
145. Við 4. gr. 08-400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði. 101 Almennur rekstur.
Fyrir „241.231“ kemur 242.376
146. Við 4. gr. 08-401 St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi. 101 Almennur rekstur.
Fyrir „93.960“ kemur 94.574
147. Við 4. gr. 08-402 Sjúkrahús Hvammstanga. 101 Almennur rekstur.
Fyrir „79.462“ kemur 79.990
148. Við 4. gr. 08-403 Sjúkrahús Bolungarvíkur. 101 Almennur rekstur.
Fyrir „37.493“ kemur 37.768

		Þús. kr.
149.	Við 4. gr. 08-404 Sjúkraskýlið Hólmavík. 101 Almennur rekstur.	
	Fyrir „21.498“ kemur	21.664
150.	Við 4. gr. 08-405 Sjúkraskýlið Þingeyri. 101 Almennur rekstur.	
	Fyrir „10.131“ kemur	10.212
151.	Við 4. gr. 08-406 Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri. 101 Almennur rekstur.	
	Fyrir „9.395“ kemur	9.467
152.	Við 4. gr. 08-407 Sundabúð II, Vopnafirði. 101 Almennur rekstur.	
	Fyrir „25.135“ kemur	25.308
153.	Við 4. gr. 08-408 *Sunnuhlíð* Kópavogi. 101 Almennur rekstur.	
	Fyrir „95.729“ kemur	96.405
154.	Við 4. gr. 08-480 Heilsugæslustöðvar.	
	a. Við 102 Útgjöld á heilsugæslustöðvum vegna 5. gr. laga nr. 87/1989. Liðurinn fellur brott.	
	b. Við 4 Sértekjur. Liðurinn fellur brott.	
155.	Við 4. gr. Við bætist nýr liður:	
	08-481 Vesturlandshérað.	
	a. Almennur rekstur:	
	110 Heilsugæslustöðin Akranesi	9.065
	120 Heilsugæslustöðin Borgarnesi	16.400
	130 Heilsugæslustöðin Ólafsvík	9.803
	140 Heilsugæslustöðin Stykkishólmi	4.794
	150 Heilsugæslustöðin Grundarfirði	3.568
	160 Heilsugæslustöðin Búðardal	8.862
	b. 4 Sértekjur	7.160
156.	Við 4. gr. Við bætist nýr liður:	
	08-482 Vestfjarðahérað.	
	a. Almennur rekstur:	
	110 Heilsugæslustöðin Patreksfirði	8.019
	120 Heilsugæslustöðin Ísafirði	9.965
	130 Heilsugæslustöðin Þingeyri	1.677
	140 Heilsugæslustöðin Flateyri	2.685
	150 Heilsugæslustöðin Bolungarvík	4.236
	160 Heilsugæslustöðin Hólmavík	3.666
	b. 4 Sértekjur	7.004
157.	Við 4. gr. Við bætist nýr liður:	
	08-483 Norðurlandshérað vestra.	
	a. Almennur rekstur:	
	110 Heilsugæslustöðin Hvammstanga	5.689
	120 Heilsugæslustöðin Blönduósi	2.828
	130 Heilsugæslustöðin Sauðárkróki	9.366
	140 Heilsugæslustöðin Siglufirði	2.820
	b. 4 Sértekjur	3.404

		Þús. kr.
158.	Við 4. gr. Við bætist nýr liður:	
	08-484 Norðurlandshérað eystra.	
	a. Almennur rekstur:	
	110 Heilsugæslustöðin Dalvík	6.588
	120 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	4.570
	130 Heilsugæslustöðin Akureyri	51.576
	140 Heilsugæslustöðin Húsavík	8.189
	150 Heilsugæslustöðin Kópaskeri	2.153
	160 Heilsugæslustöðin Þórshöfn	4.447
	170 Heilsugæslustöðin Raufarhöfn	2.800
	b. 4 Sértekjur	22.725
159.	Við 4. gr. Við bætist nýr liður:	
	08-485 Austurlandshérað.	
	a. Almennur rekstur:	
	110 Heilsugæslustöðin Egilsstöðum	15.990
	120 Heilsugæslustöðin Seyðisfirði	2.753
	130 Heilsugæslustöðin Vopnafirði	4.979
	140 Heilsugæslustöðin Neskaupstað	6.927
	150 Heilsugæslustöðin Eskifirði	7.100
	160 Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	6.659
	170 Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði	10.423
	180 Heilsugæslustöðin Djúpavogi	2.937
	b. 4 Sértekjur	17.151
160.	Við 4. gr. Við bætist nýr liður:	
	08-486 Suðurlandshérað.	
	a. Almennur rekstur:	
	110 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	2.622
	120 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	3.320
	130 Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	3.289
	140 Heilsugæslustöðin Hellu	3.449
	150 Heilsugæslustöðin Laugarási	4.299
	160 Heilsugæslustöðin Selfossi	12.494
	170 Heilsugæslustöðin Hveragerði	2.655
	180 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	3.927
	190 Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum	8.257
	b. 4 Sértekjur	5.324
161.	Við 4. gr. Við bætist nýr liður:	
	08-487 Reykjaneshérað.	
	a. Almennur rekstur:	
	110 Heilsugæslustöðin Keflavík	37.573
	120 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	22.424
	130 Heilsugæslustöðin Garðabæ	6.754
	140 Heilsugæslustöðin Kópavogi	30.325
	150 Heilsugæslustöðin Reykjalundi	4.680
	160 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	13.219
	b. 4 Sértekjur	21.679

		Þús. kr.
162.	Við 4. gr. Við bætist nýr liður:	
	08-488 Reykjavíkurhérað.	
	a. Almennur rekstur:	
	101 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	196.268
	110 Heilsugæslustöðin Hraunbæ	8.706
	120 Heilsugæslustöðin Asparfelli	9.832
	130 Heilsugæslustöðin Fossvogi	7.453
	140 Heilsugæslustöðin Miðbæ	5.575
	150 Heilsugæslustöðin Hlíðum	5.681
	160 Heilsugæslustöðin Garðastræti	5.592
	170 Heilsugæslustöðin Hraunbergi	11.767
	b. 4 Sértekjur	40.372
163.	Við 4. gr. 08-501 130 Lyfjatæknaskóli Íslands.	
	Fyrir „7.248“ kemur	7.748
164.	Við 4. gr. 08-610 Gæsluvistarsjóður, framlag.	
	a. Við 610 Stofnkostnaður.	
	Fyrir „6.000“ kemur	8.000
	b. Við 630 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið.	
	Fyrir „10.000“ kemur	15.000
165.	Við 4. gr. 08-621 Bindindisstarfsemi. 120 Stórstúka Íslands, ungliðastarf.	
	Fyrir „1.190“ kemur	1.500
166.	Við 4. gr. 09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs.	
	a. Við 621 Bjarnarbraut 8, Borgarnesi.	
	Fyrir „15.000“ kemur	32.800
	b. Nýr liður:	
	622 Stjórnsýsluhús Akranesi, hönnun	1.000
167.	Við 4. gr. 10-331 Vita- og hafnamálaskrifstofan.	
	a. Við 101 Almennur rekstur.	
	Fyrir „65.248“ kemur	67.248
	b. Við 601 Símstöð.	
	Fyrir „2.300“ kemur	4.300
	c. Við 4 Sértekjur.	
	Fyrir „38.040“ kemur	35.040
168.	Við 4. gr. 10-333 120 Kostnaður vegna yfirtöku sveitarfélaga á landshöfnum.	
	Liðurinn fellur brott.	
169.	Við 4. gr. 10-333 630 Hafnarmannvirki og lendingarbætur.	
	a. Liðurinn orðist svo:	
	630 Hafnarmannvirki	475.000
	b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:	

Hafnarmannvirki (10-333 630).	Þús. kr.
1. Akranes	30.100
2. Ólafsvík	4.000
3. Grundarfjörður	1.900
4. Stykkishólmur	20.900
5. Brjánslækur	6.900

	Þús. kr.	Þús. kr.
6. Patreksfjörður	8.300	
7. Tálknafjörður	3.700	
8. Þingeyri	2.900	
9. Flateyri	3.800	
10. Suðureyri	8.700	
11. Bolungarvík	17.000	
12. Ísafjörður	15.000	
13. Súðavík	8.400	
14. Norðurfjörður	7.400	
15. Hólmavík	10.500	
16. Hvammstangi	3.100	
17. Blönduós	2.800	
18. Skagaströnd	8.900	
19. Sauðárkrókur	19.600	
20. Siglufjörður	12.600	
21. Haganesvík	300	
22. Ólafsfjörður	22.500	
23. Dalvík	13.000	
24. Árskógssandur	800	
25. Akureyri	18.900	
26. Grenivík	9.600	
27. Grímsey	28.900	
28. Húsavík	11.000	
29. Raufarhöfn	19.000	
30. Þórshöfn	4.300	
31. Bakkafjörður	12.500	
32. Vopnafjörður	6.600	
33. Borgarfjörður eystri	2.300	
34. Seyðisfjörður	11.600	
35. Neskaupstaður	14.400	
36. Eskifjörður	6.000	
37. Reyðarfjörður	9.500	
38. Fáskrúðsfjörður	6.200	
39. Stöðvarfjörður	6.500	
40. Breiðdalsvík	9.500	
41. Djúpivogur	7.400	
42. Höfn, Hornafirði	7.600	
43. Vestmannaeyjar	16.600	
44. Stokkseyri	1.400	
45. Grindavík	14.300	
46. Hafnir	2.800	
47. Sandgerði	7.100	
48. Garður	200	
49. Vogar	4.700	
50. Hafnarfjörður	3.000	
		475.000

		Þús. kr.
170.	Við 4. gr. 10-333 Hafnamál. Nýr liður:	
	632 Lendingarbætur	3.000
171.	Við 4. gr. 10-333 640 Sjóvarnargarðar.	
	a. Fyrir „30.000“ kemur	40.000
	b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:	

Sjóvarnargarðar (10-333 640).

	Þús. kr.
1. Akranes	4.000
2. Ólafsvík	3.000
3. Búðardalur	300
4. Flateyri	1.100
5. Suðureyri	3.000
6. Ísafjörður	2.000
7. Skagaströnd	1.500
8. Sauðárkrókur	2.000
9. Hrísey	1.800
10. Árskógssandur	1.900
11. Húsavík	2.000
12. Mýrdalshreppur	1.000
13. Stokkseyri	2.500
14. Eyrarbakki	2.900
15. Miðneshreppur	2.500
16. Gerðahreppur	2.000
17. Vatnsleysustrandarhreppur	2.000
18. Bessastaðahreppur	2.500
19. Seltjarnarnes	2.500
	40.000

172.	Við 4. gr. 10-333 670 Hafnabótasjóður, framlag.	
	Fyrir „20.000“ kemur	47.500
173.	Við 4. gr. 10-341 Siglingamálastofnun ríkisins. 101 Almennur rekstur.	
	Fyrir „99.839“ kemur	105.839
174.	Við 4. gr. 10-485 Ýmis framlög.	
	a. Við 110 Flugbjörgunarsveitir.	
	Fyrir „1.370“ kemur	1.500
	b. Við 125 Samnorrænar jarðskjálftarannsóknir.	
	Fyrir „3.560“ kemur	5.000
	c. Við 126 Ýmislegt.	
	Fyrir „2.380“ kemur	4.378
	d. Við 133 Öryggismálaskóli sjómanna.	
	Fyrir „13.260“ kemur	17.260
175.	Við 4. gr. 10-651 Ferðamálaráð.	
	a. Við 610 Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985.	
	Fyrir „36.000“ kemur	38.600
	b. Við 620 Hótel, framlög.	
	Fyrir „20.000“ kemur	25.000
	c. Nýr liður:	
	630 Ýmislegt	4.600

		Þús. kr.
176.	Við 4. gr. 10-652 Veðurstofa Íslands.	
	a. Við 110 Veðurspádeild.	
	Fyrir „19.719“ kemur	20.619
	b. Við 150 Tækni- og veðurathuganadeild.	
	Fyrir „19.044“ kemur	19.824
	c. Við 170 Veðurþjónusta vegna millilandaflugs.	
	Fyrir „54.508“ kemur	57.015
177.	Við 4. gr. 11-201 Iðntæknistofnun Íslands.	
	Við 191 Samstarfsverkefni iðnaðar og sjávarútvegs.	
	Fyrir „4.750“ kemur	6.000
178.	Við 4. gr. 11-203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.	
	a. Við 101 Almennur rekstur.	
	Fyrir „91.626“ kemur	95.126
	b. Við 4 Sértekjur.	
	Fyrir „56.560“ kemur	53.560
179.	Við 4. gr. 11-301 Orkustofnun.	
	a. Við 101 Almennur rekstur.	
	Fyrir „292.208“ kemur	299.634
	b. Við 601 Tækjakaup.	
	Fyrir „4.600“ kemur	5.300
	c. Við 4 Sértekjur.	
	Fyrir „104.120“ kemur	106.750
180.	Við 4. gr. 12-101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa.	
	a. Við 101 Yfirstjórn.	
	Fyrir „47.837“ kemur	50.337
	b. Nýr liður:	
	103 Icepro-nefnd	1.500

Sþ. 280. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1990.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hefur nú setið að völdum í fjórtán mánuði. Þótt breyting yrði á ríkisstjórninni í september sl. er varla hægt að segja að hún væri efnisleg. Á hinn bóginn varð sú formbreyting að Borgaraflokkurinn, sem stutt hafði ríkisstjórnina að meira eða minna leyti frá upphafi, gekk formlega til liðs við hana og fékk fyrir tvo ráðherrastóla, annan a.m.k. enn sem komið er, aðeins að nafninu til og án verkefna.

Þegar ríkisstjórnin var mynduð lýsti hún yfir því að hún ætlaði sér að leysa bráðan efnahagsvanda þjóðarinnar, koma atvinnuvegunum á réttan kjöl og styrkja stöðu landsbyggðarinnar. Enn fremur að treysta velferðarkerfið og verja hagsmuni láglaunafólks.

Í þá fjórtán mánuði, sem liðnir eru síðan þessar yfirlýsingar voru gefnar, hefur þjóðin orðið vitni að samfelldri hrakfallasögu ríkisstjórnarinnar. Fálmkenndar smáskammtalækningar og hið þunglamalega millifærslukerfi hafa ekki náð að taka fyrir rætur vandans. Afleiðingarnar hafa m.a. orðið háskalegur halli á viðskiptum við útlönd og vaxandi

skuldasöfnun, ásamt stórhalla á ríkissjóði, þrátt fyrir gífurlega skattheimtu. Enn fremur hallarekstur atvinnuvega og fjöldagjaldþrot fyrirtækja ásamt minnkandi kaupmætti almennings, alvarlegu atvinnuleysi og þrengingum í rekstri heimilanna. Landsbyggðin á í vök að verjast og til eru byggðarlög sem eru í hættu stödd vegna þrúgandi skuldabyrðar fyrirtækja og sveitarfélaga.

Hér á eftir eru dregin saman nokkur þeirra atriða, sem að framan greinir, með tilvitnunum í opinber gögn, einkum þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar.

1. Erlendar skuldir stórhækka á þessu ári eða úr 41,3% af landsframleiðslu 1988 í rúmlega 50% 1989.
2. Greiðslubyrði af erlendum lánum hækkar úr 16,6% af útflutningstekjum 1988 í 19% 1989.
3. Halli á viðskiptum við útlönd fer vaxandi og því er spáð að hann verði 9,9 milljarðar á næsta ári og eru þá ekki teknar til greina alvarlegar horfur í loðnuveiðum. Þessi halli á einu ári samsvarar 200 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu.
4. Halli á ríkissjóði stefnir í 5–6 milljarða kr. á þessu ári og varlega áætlað í 6–8 milljarða kr. á næsta ári.
5. Spáð er yfir 2000 gjaldþrotum í Reykjavík á þessu ári. Ekki liggja fyrir tölur eða spár um landið í heild, en staðan er geigvænleg.
6. Talið er að kaupmáttur ráðstöfunartekna verði að meðaltali 8% lægri en 1988 og að hann lækki enn um 5% á næsta ári. Kaupmáttur tryggingabóta frá Tryggingastofnun ríkisins er talinn hafa lækkað á þessu ári um 4–9% eftir tegundum trygginga.
7. Atvinnuleysi var þrisvar sinnum meira fyrstu átta mánuði þessa árs en á sama tíma í fyrra og gert er ráð fyrir að allt að 6000 manns gangi atvinnulausir í upphafi næsta árs eða meira en einn og hálfur árgangur af þeim hluta þjóðarinnar sem er á besta aldri.
8. Skattheimta til ríkisins er nú meiri en nokkru sinni fyrr á sama tíma og laun fólksins fara lækkandi að raungildi og fjöldi fyrirtækja riðar til falls.
9. Verðbólga hefur á þessu ári hækkað um 25% og raunvextir útlána í bankakerfinu eru að meðaltali tvöfalt hærri en 1987 samkvæmt yfirliti Þjóðhagsstofnunar.
10. Eigið fé heilla atvinnugreina er á þrotum eða þrotið. Eftir ítrekaðar gengisfellingar ríkisstjórnarinnar er fiskvinnslan, sem rekin hefur verið með háskalegum halla síðustu misserin, nú talin réttu megin við strikið að meðaltali, en á sama tíma er bátaflotinn rekinn með ískyggilegum halla og sömu sögu er víðast að segja um þann hluta togaraflotans sem aflar fyrir frystihúsin.

Eftir framanskráða lýsingu, sem öll er byggð á gögnum sem komið hafa frá ríkisstjórninni sjálfri, vekur það furðu að forustumenn ríkisstjórnarinnar telja að nú sé hinu ákjósanlega jafnvægi náð. Allt sé í besta lagi hjá heimilunum í landinu, atvinnuvegunum, ríkissjóði og þjóðarbúinu í heild. Ríkisstjórnin hafi skapað þessi eftirsóknarverðu skilyrði fyrir það sem fjármálaráðherra kallar í umræðum á Alþingi 23. okt. sl. „... nýjan grundvöll að varanlegri umsköpun í íslensku efnahagslífi. Nýjan grundvöll í sjávarútvegsmálum. Nýjan grundvöll í landbúnaðarmálum. Nýjan grundvöll í byggðamálum. Nýjan grundvöll í ríkisfjármálum. Nýjan grundvöll í velferðarkerfinu og tekjukerfi ríkisins. Nýjan grundvöll í samskiptum Íslands við umheiminn ...“

Þeir sem þannig tala þekkja ekki raunveruleikann eða kjósa að snúa staðreyndunum við með blekkingum. Með hverri slíkri ræðu fjarlægist ríkisstjórnin fólkið í landinu og glatar trausti þeirra fáu sem enn binda við hana trúss sitt. Glansmyndir ríkisstjórnarinnar duga skammt þegar fyrirtækin verða gjaldþrota og atvinnuleysið tekur við.

„Innbyggt samhengi".

Fjármálaráðherra og ríkisstjórnin telja að stakkaskipti hafi orðið í meðferð ríkisfjármála í hennar tíð. Hver tímamótin eiga að hafa tekið við af öðrum. Skömmu áður en fjármálaráðherra settist á sinn valdastól hafði fyrirrennari hans lýst því að halli ríkissjóðs á árinu 1988 yrði 693 millj. kr. Hvort sem þetta var sagt af vanþekkingu eða gegn betri vitund varð fljótt breyting á eftir að núverandi fjármálaráðherra tók við og niðurstaðan varð 7,2 milljarða króna halli. Þá áttu að verða tímamót. Frumburður fjármálaráðherrans, fjárlagafrumvarpið fyrir þetta ár, var lagt fram með tekjuafgangi og afgreitt í samræmi við það. Lýst var yfir því að nú væri lokið hallarekstri og skuldasöfnun.

Hörð gagnrýni okkar stjórnarandstæðinga á skekkjurnar í þeirri fjárlagaafgreiðslu var að engu höfð. Öll atriði þeirrar gagnrýni hafa þó verið staðfest af dómi reynslunnar. Þegar við lýstum því hvernig forsendur fjárlaganna væru í lausu lofti og úr samhengi við raunveruleikann svaraði fjármálaráðherrann því til að það skipti litlu. Í fjárlögunum væri nefnilega *„innbyggt samhengi"* sem þýddi að ef útgjöldin hækkuðu mundu tekjur vaxa sjálfkrafa þannig að jöfnuður héldist. Niðurstaðan af þessari snilld fjármálaráðherrans og tímamótatökum hans á fjármálum ríkisins á þessu ári liggur ekki endanlega fyrir.

Spár standa þó til þess að tekjur ríkissjóðs á þessu ári fari 1.700 millj. kr. fram úr fjárlögum, en útgjöldin 8.100 millj. kr., en sú tala hækkar verulega með afgreiðslu fjáraukalaga. Kenningin um „innbyggt samhengi" stenst því ekki betur en þetta.

Horfur í fjármálum ríkisins á þessu ári eru í órafjarlægð frá yfirlýsingum fjármálaráðherra í upphafi ársins. Þetta er skattaárið mikla. Það er seilst dýpra í vasa einstaklinga og fyrirtækja eftir peningum til ríkissjóðs en nokkru sinni fyrr. Stjórn ríkisfjármála hefur mistekist og yfirlýsingar fjármálaráðherra um tímamót, jafnvægi og „innbyggt samhengi" hafa reynst markleysa.

Fjárlagafrumvarpið.

Þegar fjármálaráðherra fylgdi úr hlaði fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1990 var enn lýst yfir tímamótum. Frumvarpið var kynnt sem hornsteinn nýrrar efnahagsstefnu, það var talið traustur rammi um efnahagslífið sem allir aðilar í þjóðfélaginu ættu að laga sig að. Lögð var sérstök áhersla á hversu frumvarpið væri traust og vel unnið.

Fljótt kom í ljós að lítið hald var í þessum yfirlýsingum. Fulltrúar minni hl. í fjárveitinganefnd kynntu þegar við 1. umr. megineinkenni og vankanta frumvarpsins. Við 2. umr. liggja þeir enn ljósar fyrir. Það sem við blasir er m.a. þetta:

1. Frumvarpið er lagt fram með nálega þriggja milljarða króna halla sem sýnir uppgjöf ríkisstjórnarinnar við að ná jafnvægi í fjármálum ríkisins. Stærri vanda er þó leynt með feluleik í frumvarpinu.
2. Frumvarpið boðar áform ríkisstjórnarinnar um að þyngja til muna skattbyrði almennings bæði með tekjuskatti einstaklinga og veltusköttum. Tekjuhliðin er þó næsta óábyggileg vegna margvíslegra breytinga á tekjuöflunarkerfi ríkisins sem óvíst er hvort allar nást fram.
3. Eins og frumvarpið lítur út við 2. umr. felur það í sér verulega þenslu í ríkiskerfinu á næsta ári með á þriðja hundrað nýjum starfsmönnum og aukningu rekstrarútgjalda um allt að 2% að raungildi. Í heild er því spáð að samneysla vaxi á næsta ári um 1% meðan þjóðartekjurnar dragist saman um 1.4%.
4. Framlög til fjárfestingar, viðhalds og ýmissa tilfærslna eru á hinn bóginn skorin harkalega niður svo að hafa mun veruleg áhrif á atvinnumöguleika fólks á næsta ári.

5. Frumvarpið er hroðvirknislegt. Engar líkur eru til að forsendur þess, sem eru afar óljósar, fái staðist. Frumvarpið er löðrandi í vísvitandi eða handahófskenndum vanáætlunum sem ekki styðjast við fyrirrætlanir um að draga úr rekstri. Meiri hlutinn af hækkunartillögum nefndarinnar við þessa umræðu er fluttur til þess að stoppa í þau göt.
6. Nokkur stórmál, sem geta skipt a.m.k. þremur milljörðum króna í útgjöldum ríkissjóðs á næsta ári, eru ekki afgreidd við þessa umræðu heldur bíða til 3. umr.
7. Við þessa umræðu er því alger óvissa um lokaniðurstöðu fjárlagafrumvarpsins, en ljóst er að það verður afgreitt með hrikalegum halla sem vafalaust verður þó dulinn að hluta.
8. Þetta frumvarp verður því seint talið með réttu „hornsteinn nýrrar efnahagsstefnu“ eða grundvöllur að nýju jafnvægi í efnahagsmálum. Þess í stað er það ein allsherjaryfirlýsing um ráðleysi og uppgjöf ríkisstjórnar sem rúin er trausti þjóðarinnar.

Áföll þjóðarbúsins.

Ríkisstjórnin heldur því fast fram í málflutningi sínum að þjóðarbúið hafi orðið fyrir alvarlegum ytri áföllum sem fjármálaráðherra kallar ýmist hin mestu í 40 ár eða hin þriðju mestu í sögu lýðveldisins. Skýringar á uppgjöf ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum eru síðan sóttar í slíkar fullyrðingar.

Samkvæmt upplýsingum í þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar sést að þessar kenningar eru í meira lagi hæpnar. Þar kemur fram að aðeins tvisvar sinnum frá 1980 hafa þjóðartekjur á mann verið hærri en á þessu ári en það var á árunum 1987 og 1988. Samkvæmt spá um næsta ár verða þjóðartekjur á mann þá hærri en öll árin 1980–1985. Þetta er sýnt í töflu á fylgiskjali með frumvarpinu.

Þetta sannar að tekjur þjóðarbúsins á þessu ári og raunar líka á næsta ári samkvæmt spá eru verulega yfir meðaltali 11 ára frá 1980-1990. Allt tal um verstu áföll í 40 ár eru því fjarri veruleikanum og skýringar á þeirri upplausn, sem ríkir í fjármálum ríkisins, er ekki þar að finna nema að nokkru leyti, heldur hjá ríkisstjórninni sjálfri. Þetta má ekki gleymast þó að samdráttur hafi orðið í efnahagskerfinu frá því sem var á veltiárunum 1987 og 1988. En ríkisstjórnin hefur ekki brugðist við þeim samdrætti á þann hátt að draga saman umfang ríkisrekstrarins heldur þvert á móti með aukningu.

Báknið.

Þrátt fyrir að nokkur samdráttur hafi orðið í efnahagskerfinu á síðustu tveimur árum hafa rekstrarumsvif ríkisins haldið áfram að vaxa af fullum þunga. Á þessu sviði ætlar ríkisstjórnin að auka hraðann á næsta ári, m.a. með því að stofna nýtt ráðuneyti, umhverfismálaráðuneyti. Áður hafði brauðfótum ríkisstjórnarinnar verið fjölgað og var formaður Borgaraflokksins gerður að ráðherra að nafninu til þrátt fyrir það að hann hefði engin raunveruleg verkefni.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að verðlag hækki um 16% en rekstrargjöldin um 24,7% og launaútgjöld um 25,2%. Þetta þýðir 1,8% aukningu að raungildi í útþenslu rekstrargjalda ríkisins miðað við frumvarpið en er komið yfir 2% miðað við hækkunartillögur nefndarinnar við þessa umræðu. Mest er hækkunin að sjálfsögðu hjá fjármálaráðuneytinu eða 51% og þar næst hjá æðstu stjórn ríkisins eða 35,7%.

Meðan ríkisstjórnin sker niður við trog framlög til nauðsynlegra framkvæmda, svo sem til skólamála, vegagerðar, atvinnuvega og ýmissa samfélagslegra þarfa, skal eyðslan taka stökkbreytingum hjá ríkisstjórninni sjálfri og þó einkum í ráðuneyti fjármálaráðherrans. Meðan svona er haldið á málum er ekki von að vel fari.

Við, sem að þessu nefndaráliti stöndum, teljum stefnu ríkisstjórnarinnar ranga. „Hvað höfðingjarnir hafast að hinir ætla sér leyfist það.“ Þegar fjármálaráðherra og ríkisstjórn auka í sífellu kostnaðinn, eyðslu og sóun við sín eigin embætti og aðalskrifstofur er ekki mikils árangurs að vænta annars staðar. Þá skortir ráðherra alla burði til að fást við ríkiskerfið í heild. Árangurinn verður upplausn í fjármálum ríkisins eins og nú blasir við. Til þess að sýna í hvaða ófæru stefnir í þessum málum í heild er ástæða til að vísa til töflu 6 í Þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar, en hún er birt sem fylgiskjal með þessu nefndaráliti. Þar sést að því er spáð að frá 1980–1990 vaxi þjóðarframleiðslan um 4% og þjóðartekjurnar um 8% en á sama tíma vaxi samneyslan um 37%. Verði framhald á þessari þróun sem ríkisstjórnin skellir skollaeyrum við erum við á leið út í efnahagslegt kviksyndi.

Fulltrúar minni hl. telja óhjákvæmilegt að bregðast við þessum horfum á tvennan hátt. Í fyrsta lagi með því að skapa atvinnulífinu þau skilyrði að hagvöxtur geti tekið við af hnignun og samdrætti. Í öðru lagi að stöðva útþenslu ríkiskerfisins og ná jafnframt raunverulegum sparnaði. Þar verður að ganga á undan í aðalskrifstofum ráðherranna sjálfra og hjá æðstu stjórn ríkisins. Það er hins vegar ljóst að núverandi ríkisstjórn hefur hvorki vilja né getu til að taka þannig á málum.

Til þess að sýna þær breytingar, sem orðið hafa á kostnaði og mannafla hjá aðalskrifstofum ráðuneytanna frá 1982-1988, eru hér birtar þrjár töflur úr skýrslu Ríkisendurskoðunar um þetta efni frá því í maí sl. Töflur A, B og C skýra sig sjálfar, en svo sem áður hefur komið fram hefur kostnaður við aðalskrifstofur ráðuneytanna vaxið mjög á þessu ári og svo verður einnig á því næsta, ekki síst hjá fjármálaráðherra.

TAFLA A.

ÞRÓUN GJALDA HJÁ AÐALSKRIFSTOFUM ALLRA RÁÐUNEYTA 1982-1988 Á MEÐALVERÐLAGI ÁRSINS 1988.

Í þús. kr.	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988
Ríkisendurskoðun	53.173	49.714	47.570	58.228	55.307	72.251	83.793
Forsætisráðuneyti	56.662	52.070	58.992	65.456	73.864	85.404	61.723
Menntamálaráðuneyti	102.864	96.428	92.255	110.190	116.943	141.104	160.614
Utanríkisráðuneyti	116.716	117.164	111.405	123.083	147.502	212.262	180.800
Landbúnaðarráðuneyti	26.464	23.088	27.362	34.800	35.704	44.744	46.058
Sjávarútvegsráðuneyti	30.011	30.887	34.442	38.822	40.964	43.607	84.203
Dóms- og kirkjumálaráðun.	36.018	33.368	33.870	45.138	49.029	61.700	63.440
Félagsmálaráðuneyti	29.360	27.260	29.861	37.262	43.433	49.871	52.731
Heilbr.- og trygg.ráðun.	44.531	42.737	41.696	50.188	59.632	67.067	78.411
Fjármálaráðuneyti	71.882	74.789	80.743	86.784	92.687	113.549	134.707
Samgönguráðuneyti	24.182	21.555	38.493	36.484	32.701	38.737	38.399
Iðnaðarráðuneyti	34.135	33.062	34.284	39.904	38.436	41.037	41.564
Viðskiptaráðuneyti	33.050	32.232	38.057	49.003	46.089	39.781	38.368
Hagstofa Íslands	46.321	54.300	48.351	65.845	77.698	89.309	108.775
Fjárlaga- og hags.stofnun	25.273	25.238	39.850	34.320	30.642	40.932	44.118
Samtals öll ráðuneyti	730.643	713.892	757.232	875.505	940.633	1.141.355	1.217.704

TAFLA B.

HLUTFALLSLEGAR BREYTINGAR Á HEILDARGJÖLDUM Á MEÐALVERÐLAGI ÁRSINS 1988 HJÁ AÐALSKRIFSTOFUM ALLRA RÁÐUNEYTA 1982-1988.

Ráðuneyti	BREYTING FRÁ FYRRA ÁRI 1983	1984	1985	1986	1987	1988	Breyting frá 1982 í %
Ríkisendurskoðun	-6,5	-4,3	22,4	-5,0	30,6	16,0	57,6
Forsætisráðuneyti	-8,1	13,3	11,0	12,8	15,6	-27,7	8,9
Menntamálaráðuneyti	-6,3	-4,3	19,4	6,1	20,7	13,8	56,1
Utanríkisráðuneyti	0,4	-4,9	10,5	19,8	43,9	-14,8	54,9
Landbúnaðarráðuneyti	-12,8	18,5	27,2	2,6	25,3	2,9	74,0
Sjávarútvegsráðuneyti	2,9	11,5	12,7	5,5	6,5	93,1	180,6
Dóms- og kirkjumálaráðun.	-7,4	1,5	33,3	8,6	25,8	2,8	76,1
Félagsmálaráðuneyti	-7,2	9,5	24,8	16,6	14,8	5,7	79,6
Heilbr.- og trygg.ráðun.	-4,0	-2,4	20,4	18,8	12,5	16,9	76,1
Fjármálaráðuneyti	4,0	8,0	7,5	6,8	22,5	18,6	87,4
Samgönguráðuneyti	-10,9	78,6	-5,2	-10,4	18,5	-0,9	58,8
Iðnaðarráðuneyti	-3,1	3,7	16,4	-3,7	6,8	1,3	21,8
Viðskiptaráðuneyti	-2,5	18,1	28,8	-5,9	-13,7	-3,6	16,1
Hagstofa Íslands	17,2	-11,0	36,2	18,0	14,9	21,8	134,8
Fjárlaga- og hags.stofnun	-0,1	57,9	-13,9	-10,7	33,6	7,8	74,6
Samtals öll ráðuneyti	-2,3	6,1	15,6	7,4	21,3	6,7	66,7

TAFLA C.

SAMANBURÐUR Á FJÖLDA STARFSMANNA Á AÐALSKRIFSTOFUM RÁÐUNEYTA ÁRIN 1982 OG 1988.

	STÖÐUGILDI			
Ráðuneyti	Apríl 1982	Jan-des. 1988	Breyting í stg.	í %
Ríkisendurskoðun	33,3	36,8	3,5	10,5
Forsætisráðuneyti	11,0	14,2	3,2	29,1
Menntamálaráðuneyti	36,6	50,8	14,2	38,8
Utanríkisráðuneyti	25,0	31,9	6,9	27,6
Landbúnaðarráðuneyti	7,5	16,0	8,5	113,3
Sjávarútvegsráðuneyti	14,0	14,2	0,2	1,4
Dóms- og kirkjumálaráðun.	19,6	25,2	5,6	28,6
Félagsmálaráðuneyti	12,3	16,5	4,2	34,1
Heilbr.- og trygg.ráðun.	15,0	24,1	9,1	60,7
Fjármálaráðuneyti	39,8	58,4 *	18,6	46,7
Samgönguráðuneyti	8,5	10,1	1,6	18,8
Iðnaðarráðuneyti	12,5	16,1	3,6	28,8
Viðskiptaráðuneyti	12,3	11,2	-1,1	-8,9
Hagstofa Íslands	27,1	47,9	20,8	76,8
Fjárlaga- og hags.stofnun	11,8	14,1	2,3	19,5
Samtals	**286,3**	**387,5**	**101,2**	**35,3**

Heimild: Starfsmannskrá ríkisins 1982.
Launalistar frá launaskrifstofu ríkisins.

* Starfsfólk launaskrifstofu ríkisins talið með.

Tafla D sýnir útgjöld A-hluta ríkissjóðs á greiðslugrunni sem hlutfall af vergri landsframleiðslu á árabilinu 1984 til 1989 og áætluðum útgjöldum A-hluta ríkissjóðs við 2. umr. fjárlagafrumvarps fyrir árið 1990. Í yfirlitinu kemur fram að aukning útgjalda ríkissjóðs miðað við vísitölu samneyslu er tæp 21%. Þá kemur enn fremur fram að á nefndu árabili hefur stöðugildum fjölgað um 3300 hjá ríkinu.

Tafla D.

Yfirlit um þróun útgjalda A-hluta ríkissjóðs og fjölgun stöðugilda á árabilinu 1980 og 1990.

Í þús. kr.	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Magn 1980–89
A Verg landsframleiðsla	15 480	24 412	38 231	66 046	87 719	119 175	158 167	207 464	254 326	294 200	335 200	
B Útgjöld ríkisins á greiðslugrunni	3 689	5 911	9 324	16 598	19 964	29 270	40 111	51 688	72 618	84 617	92 500	
C Vísitala samneyslu	100,0	147,8	228,9	380,4	461,6	622,6	789,9	1 003,8	1 242,8	1 424,4	1 610,0	
„B" sem hlutfall af „A"	23,8%	24,2%	24,4%	25,1%	22,8%	24,6%	25,4%	24,9%	28,6%	28,8%	27,6%	20,7%
Þróun gr. stöðugilda, mánaðarlaun	8 604	8 923	9 340	10 041	10 195	10 330	10 609	11 022	11 628	11 932	12 112	38,7%
Fjölgun á ári		319	457	661	154	135	279	413	606	304	230	3328

Skattamet á samdráttartímum.

Ríkisstjórnin hefur haft hugann við það umfram annað að finna nýja og nýja skatta til þess að leggja á þjóðina. Á þann hátt hefur hún sagst stefna að því að ná endum saman í ríkisbúskapnum. Augljóst er þó að á meðan atvinnuvegirnir geta ekki losnað úr fjötrum hallarekstrar og gjaldþrota og launafólk býr við skertan hlut og öryggisleysi er þessi stefna dæmd til að mistakast.

Þegar ríkisstjórnin hvarf frá fyrirætlun um 26% virðisaukaskatt þannig að prósentan skyldi vera 24,5 jókst hallinn á frumvarpinu sem nam 1.900 millj. kr. Við því var brugðist með því að leggja fram frumvarp um breytingu á tekjuskatti og eignarskatti sem á að skila ríkisstjórninni 2.800 millj. kr. Helmingi þess skal verja til aukinna barnabóta og hækkaðs persónuafsláttar.

Þeim 500 millj. kr., sem þá vantar til að fylla gatið á tekjuhliðinni, á svo að ná með bifreiðaskatti, 350 millj. kr., með 250 millj. kr. skatti á orkufyrirtæki, og eru þá 100 millj. kr. eftir til að mæta gjöldum.

Gerðar eru í fjárlagafrumvarpinu mjög harðar kröfur til stofnana á vegum ríkisins um auknar sértekjur og eru áætlanir um starfsemi þeirra byggðar á því að þær kröfur nái að ganga fram. Þá er í fjárlagafrumvarpinu tekin upp sú nýstárlega aðferð við skattheimtu að láta nokkrar stofnanir í A-hluta ríkissjóðs innheimta meira fyrir þjónustu sína en þær þurfa á að halda. Afganginum á svo að skila í ríkissjóð eða samtals 58,8 millj. kr. Þessar stofnanir eru: húsameistari ríkisins, Brunamálastofnun, Vinnueftirlitið, lyfjamál og framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins. Sömu sögu er að segja af nokkrum stofnunum B-hluta, t.d. á Póstur og sími að innheimta 350 millj. kr. í póstburðar- og símgjöldum beint til ríkisins.

Minni hl. lítur svo á að við upptöku nýs skattkerfis sé rétt að hafa fyrirvara á um að áætlun um tekjur af því standist. Upplýst hefur verið að sveitarfélög muni greiða 500–800 millj. kr. hærri virðisaukaskatt en þau greiddu áður í söluskatt. Virðist þá langt til uppurinn sá ávinningur sem þau höfðu af verkaskiptingunni við ríkið. Einnig vill minni hl. benda á að virðisaukaskattur leggst á fleiri þætti í sölu og þjónustu en söluskattur gerði og hlýtur því að hækka verðlagið. Á tímum rýrnandi kaupmáttar bitnar þetta hart á fólki og hlýtur að leiða til minnkandi veltu sem rýrir gjaldstofninn. Minni hl. hefur því efasemdir um að þessi skattur skili þeim tekjum sem ætlað er.

Í nýju frumvarpi til laga um tekjuskatt er gert ráð fyrir að skatturinn hækki á næsta ári um 2% þannig að staðgreiðsluprósentan verði 39,74%. Frádráttarliðir eiga að hækka um 7,36% frá því að þeir hækkuðu síðast en á sama tíma hefur lánskjaravísitala hækkað um 9,98%.

Í útskýringum fjármálaráðuneytisins um niðurstöður þessa dæmis er greinilega farið með blekkingar. Byggt er á röngum forsendum þar sem borinn er saman persónuafsláttur á tímabilum sem ekki eru sambærileg. Hið rétta er að maður, sem hafði 50 þús. kr. í laun í desember 1988, greiðir 73,5% hærri skatt í janúar 1990 en í janúar 1988 en laun hans hafa hækkað um 29,7%. Það er ekki rétt að þessi skattbreyting komi láglaunafólki til góða. Þvert á móti leggst hún þyngra á það og barnabótaauki gagnast ekki einhleypingum. Skattar á almenning munu þyngjast verulega og fyrirhuguð breyting veldur ekki tekjujöfnun.

Ítrekað skal að óbeinu skattarnir, sem felast í hækkun á gjaldskrám fyrirtækja, og virðisaukaskattur, sem leggst á þætti sem ekki voru gjaldskyldir áður, hækka verðlag og þrengja kost almennings. Aukin skattlagning á sveitarfélög leiðir til minnkandi framkvæmda og lakari þjónustu.

Þessir þættir draga úr veltu í sölu og þjónustu. Minnkandi kaupmáttur verkar á sama hátt.

Því hefur minni hl. alvarlegar efasemdir um að aðgerðir ríkisstjórnarinnar í skattamálum skili þeim tekjum sem þeim er ætlað. Skattpíning á samdráttartímum hefur þær óhjákvæmilegu aukaverkanir að magna kreppuna.

Tekjur ríkissjóðs.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir hlutfall innheimtra tekna ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu á árunum 1985 til 1990.

Við útreikning á árinu 1989 er stuðst við áætlun fjármálaráðuneytisins um innheimtar tekjur, en tekjur ársins 1990 taka mið af frumvarpi að meðtöldum eftirfarandi breytingum:

1. Lækkun virðisaukaskatts	–1.900 m.kr.
2. Hækkun tekjuskatts 2.800 endurgreiðslur –1.400	1.400 m.kr.
3. Mengunarskattur á bifreiðar	350 m.kr.
4. Skattur á orkufyrirtæki	250 m.kr.
	100 m.kr.

Skattur á orkufyrirtæki er talinn með tekjusköttum.

Þegar yfirlitið er skoðað kemur í ljós að á árinu 1988 urðu verulegar breytingar til hækkunar á tekjum ríkissjóðs, sérstaklega af tekjuskatti og söluskatti.

Í heild hafa innheimtar tekjur ríkissjóðs, reiknaðar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, hækkað úr 23,6% árið 1987 í 26,6% árið 1989 (áætlað). Miðað við áætlaða verga landsframleiðslu á árinu 1989 þýðir þetta tekjuauka fyrir ríkissjóð sem nemur 8,8 milljörðum króna.

Gróflega skiptist þessi fjárhæð þannig:

Tekjuskattur	4,1 m.kr.
Söluskattur	5,0 m.kr.
Hagnaður ÁTVR	1,2 m.kr.
Bifreiðagjöld	0,6 m.kr.
Eignarskattur	0,6 m.kr.
Aðrar tekjur	1,4 m.kr.
	12,9 m.kr.
Tollar og vörugjald	–4,1 m.kr.
Alls	8,8 m.kr.

Þessar tölur endurspegla vel þær miklu kerfisbreytingar sem gerðar voru á tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs í árslok 1987.

Talið er að matarskatturinn hafi aukið tekjur ríkissjóðs um 6,7 milljarða króna á árinu 1988 og áætlað að hann skili ríkissjóði um 8,2 milljörðum króna á árinu 1989. Á móti kemur að niðurgreiðslur hafa aukist verulega og nemur aukningin 1,5 milljörðum króna á árinu 1988 og er áætluð 1,7 milljarðar króna á árinu 1989.

TAFLA E.

INNHEIMTAR TEKJUR RÍKISSJÓÐS, A-HLUTA, 1985-199
SEM HLUTFALL AF VERGRI LANDSFRAMLEIÐSLU

	1985	1986	1987	1988	1989	1990 1)
Verg landsframleiðsla (m.kr.)	119.175	158.167	207.646	254.326	294.200	335.200
1. BEINIR SKATTAR SAMTALS	2,8	3,4	2,9	3,7	4,6	5,0
Tekjuskattur	2,1	2,8	2,3	3,1	3,7	4,1
Eignaskattur	0,6	0,6	0,7	0,6	0,9	0,9
Persónuskattar						0,1
2. ÓBEINIR SKATTAR SAMTALS	19,1	18,6	19,2	20,2	20,4	20,3
Tollar og vörugjald	3,9	3,1	3,0	1,3	1,6	1,4
Innflutningsgjald af bifreiðum	0,1	0,2	0,4	0,4	0,4	0,3
Innflutningsgjald af bensíni	0,7	0,8	0,8	0,8	0,9	0,9
Önnur gjöld af innflutningi	0,3	0,2	0,3	0,3	0,4	0,3
Tekjur af sölu erlends gjaldeyris	0,2	0,2	0,3	0,4	0,3	0,2
Söluskattur, nettó	9,0	9,1	9,6	11,6	11,3	11,5
Hagnaður ÁTVR	1,6	1,5	1,5	1,7	1,9	1,8
Launaskattur	1,0	1,0	1,0	1,1	1,0	1,1
Önnur launatengd gjöld	0,7	0,7	0,8	0,8	0,9	0,9
Þungaskattur, bifreiðagjald	0,4	0,4	0,4	0,6	0,6	0,7
Aðrir óbeinir skattar	1,3	1,3	1,2	1,1	1,0	1,0
3. AÐRAR TEKJUR SAMTALS	0,9	2,0	1,4	1,5	1,6	1,7
Vaxtatekjur	0,7	1,6	1,2	1,2	1,3	1,3
Arðgreiðslur	0,1	0,2	0,2	0,2	0,2	0,4
Aðrar tekjur	0,1	0,2	0,1	0,1	0,0	0,0
4. TEKJUR SAMTALS (1+2+3)	22,7	24,0	23,6	25,3	26,6	27,0

ATHUGASEMDIR:

1. Tekjuskatti, virðisaukaskatti, bifreiðagjöldum o.fl., í frumvarpi 1990, breytt miðað við fyrirliggjandi upplýsingar.

Landsbyggðin.

Við upphaf starfsferils ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar voru gefin mikil fyrirheit um eflingu byggða vítt um land. Sérstök áhersla var lögð á að hjólum atvinnulífsins skyldi komið í gang eins og forsætisráðherra orðaði það. Eftir 14 mánaða feril ríkisstjórnarinnar liggur fyrir að óleystur vandi í sjávarútvegi stefnir afkomu og framtíð heilla byggðarlaga í hreinan voða.

Þegar frá eru talin áhrif sjávarútvegs og fiskvinnslu á afkomu landsbyggðarinnar eru það málefni samgangna, einkum vegamála og landbúnaðar, sem mestu valda um framtíðarhorfur og afkomu. Fjárlagafrumvarpið sýnir með ótvíræðum hætti stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum efnum.

Við afgreiðslu fjárlaga og vegáætlunar fyrir þetta ár gaf samgönguráðherra skýrar yfirlýsingar um að einungis væri um að ræða tímabundinn niðurskurð á framlögum til vegamála á þessu ári. Með nýrri vegáætlun væri stefnan mörkuð og við hana yrði staðið. Fjárlagafrumvarpið birtir efndirnar. Þar liggja fyrir tillögur um að skerða framlög til vegamála miðað við vegáætlun um rúmlega 1 milljarð króna. Óþarft er að hafa mörg orð um að með slíkum niðurskurði er vegáætlun, sem samþykkt var 20. maí sl., hrunin hvort sem litið er til lengri eða skemmri tíma.

Á síðastliðnum vetri náðist víðtæk samstaða á Alþingi um ýmsa mikilvæga málaflokka landbúnaðarins. Svo var m.a. um nýja löggjöf um jarðrækt og búfjárrækt. Í tengslum við þá lagasetningu voru gefnar af hálfu ríkisstjórnar og landbúnaðarráðherra ákveðnar yfirlýsingar um uppgjör á vangoldnum greiðslum fyrri ára til landbúnaðar. Skemmst er frá því að segja að ekkert af þessum loforðum hefur enn verið efnt.

Afgreiðsla þessara mála bíður til 3. umr. í fjárveitinganefnd og hafa þau enn sem komið er tæpast verið rædd á sameiginlegum fundum nefndarinnar. Þau hljóta hins vegar að koma til alvarlegrar athugunar fyrir 3. umr.

Á margvíslegan hátt er vegið að hagsmunum landsbyggðarinnar í fjárlagafrumvarpinu, yfirleitt með sambærilegum hætti og í fjárlögum þessa árs og sums staðar í ríkara mæli. Þannig á t.d. að taka ákvörðun með fjárlögum um að fella niður starfsemi tveggja tilraunastöðva á Vestfjörðum og Austurlandi án þess að leggja til lagabreytingar á Alþingi.

Í flestum málaflokkum landsbyggðarinnar gengur ríkisstjórnin í verkum sínum þvert á þær yfirlýsingar sem hún gaf fólkinu í landinu þegar hún var mynduð og þó gefin séu af hennar hálfu loforð á Alþingi stendur þar ekki steinn yfir steini.

Afgreiðsla frumvarpsins.

Þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram var þegar ljóst að um óvenjulega hrákasmíð var að ræða. Rekstrarliðir voru víðast hvar vanmetnir án þess að ætlast væri til að dregið væri úr starfsemi stofnana. Sértekjur höfðu á hinn bóginn verið hækkaðar úr öllu samhengi við möguleika ýmissa stofnana til að afla tekna. Stórir útgjaldaliðir voru í lausu lofti og enginn stjórnarliða virtist vita eða vita enn hvernig á skuli taka. Frumvarpið allt ber vitni um ráðleysi, feluleik og handahóf.

Af þessum sökum voru það jafnvel venju fremur margir sem töldu sig þurfa að ná fundi fjárveitinganefndar eða senda henni erindi. Breytingartillögur við 2. umr. eru einnig óvenjulega margar. Þessi fjöldi tillagna byggist á því að svo virðist sem formaður nefndarinnar, Sighvatur Björgvinsson, hafi leitast við að halda á málum með þeim hætti að leiðréttar væru sem flestar augljósar villur frumvarpsins. Þetta er í samræmi við þá stefnu sem fram mun koma í frumvarpi sem væntanlega verður senn flutt á vegum nefndarinnar í heild um fastara skipulag á framkvæmd ríkisfjármála. Til þess að sú skipan verði virk er nauðsynlegt að fjárlög verði raunhæfari en þau hafa oft verið, ekki síst síðustu árin.

Svo sem oftast áður eru breytingartillögur við 4. gr. frumvarpsins fluttar af nefndinni í heild. Minni hl. tekur þó fram að hann er misjafnlega sáttur við einstakar tillögur nefndarinnar og áskilur sér fullan rétt til að hafa óbundnar hendur um afstöðu til þeirra sem og að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Til 3. umr. bíða samkvæmt venju tekjuhlið frumvarpsins, svo og 5. og 6. gr. þess. Til viðbótar eru nokkur stórmál sem fela í sér gífurlegan óleystan vanda sem meiri hl. kaus að sópa út af borðinu að sinni og geyma til 3. umr. Ýmis þeirra varða að vísu B-hluta en taka þó eigi að síður framlög af A-hluta ríkissjóðs.

Meðal þess sem kalla má stórmál í þessum skilningi eru málefni Lánasjóðs íslenskra námsmanna, almannatryggingar, Vegagerð ríkisins, niðurgreiðslur, uppgjör við sveitarfélög vegna laga um nýja verkaskiptingu, vaxtagreiðslur, einnig Háskólinn á Akureyri, Flugmálastjórn, þ.e. launaliður, Þjóðleikhúsið og margt fleira.

Auðvelt er að áætla að sá vandi, sem óleystur er vegna framantaldra liða, sé eigi minni en fullir 3 milljarðar króna og er þá tekið tillit til þess að þær úrbætur, sem kunna að verða gerðar varðandi Vegagerð ríkisins, greiðast af sérmerktum tekjustofnun. Hér verður ekkert um það sagt að hve miklu leyti þessi vandi verður leystur með framlögum á fjárlögum og að hve miklu

leyti hann verður geymdur uppi í fjármálaráðuneyti þar til hann brýst fram í útgjöldum ríkissjóðs þegar líður á árið. Ljóst er þó að fjárlagadæmið allt er í uppnámi og við blasir geigvænlegur halli.

Þær tillögur nefndarinnar, sem fram eru komnar, auka útgjöld ríkissjóðs á næsta ári um 1180 millj. kr. Auðvelt er því að geta sér til um að finni ríkisstjórnin ekki uppsprettulind fulla af fjármunum verði fjárlög afgreidd með allt að 6 milljarða króna halla og raunverulegur halli verði drjúgum meiri.

Þessi hrikalega staða sýnir skipbrot ríkisstjórnarinnar í fjármálum ríkisins. Þegar til kastanna kom reyndist „hornsteinn" fjármálaráðherra vera úr leir og hinn nýi grundvöllur efnahagslífsins vera kviksyndi. Sjálfbirgingsháttur, ráðleysi og sóun geta verið einkunnarorð þessarar ríkisstjórnar í ríkisfjármálum. Slík fjármálastjórn er þjóðinni hættuleg.

Alþingi, 11. des. 1989.

Pálmi Jónsson, frsm. Egill Jónsson. Málmfríður Sigurðardóttir.

Friðjón Þórðarson.

Fylgiskjal.

Tafla 6. Yfirlit nokkurra þjóðhagsstærða 1980–1990.

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	Bráðab. 1988	Áætlun 1989	Spá 1990
Vísitölur 1980=100 (á mann)											
Landsframleiðsla	100	103	103	98	101	103	110	118	115	111	109
Þjóðarframleiðsla	100	102	103	97	99	101	108	116	111	107	104
Viðskiptakjör	100	101	101	104	105	104	108	112	114	109	109
Þjóðartekjur	100	103	103	98	100	102	111	121	117	111	108
Þjóðarútgjöld	100	105	109	98	103	105	109	125	122	114	111
Einkaneysla	100	106	110	102	104	108	116	133	126	117	113
Samneysla	100	106	111	115	114	120	127	134	137	137	137
Fjárfesting	100	100	98	85	92	92	91	107	103	93	92
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	100	105	109	94	93	103	112	138	134	123	117
Breyting frá fyrra ári, %											
Landsframleiðsla	4,5	2,9	0,6	-5,1	2,7	2,4	6,7	7,4	-2,8	-3,5	-2,0
Þjóðarframleiðsla	4,4	2,3	0,3	-5,7	2,2	2,1	6,8	7,4	-3,7	-4,3	-2,4
Viðskiptakjör	-3,4	1,1	-0,1	3,3	0,3	-0,8	4,1	3,9	1,2	-3,9	-0,4
Þjóðartekjur	3,2	2,7	0,0	-4,4	2,3	1,9	8,5	9,0	-3,2	-5,6	-2,6
Þjóðarútgjöld	4,6	4,9	3,7	-10,0	5,0	2,1	4,4	14,5	-2,5	-6,6	-2,3
Einkaneysla	2,2	5,8	3,9	-7,3	2,1	3,7	7,2	15,1	-5,7	-6,9	-3,0
Samneysla	1,0	6,1	4,7	3,4	-0,8	5,4	6,0	4,9	2,7	0,0	0,0
Fjárfesting	12,9	-0,2	-1,9	-13,4	8,0	0,7	-1,6	17,3	-3,7	-8,9	-2,0
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	0,6	5,3	3,3	-13,5	-1,1	11,3	8,4	22,8	-2,9	-8,2	-4,9

Nd. 281. Breytingartillaga [194. mál]

við frv. til l. um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar.

Frá Inga Birni Albertssyni og Kristni Péturssyni.

2. mgr. 1. gr. orðist svo:

Lánin skulu veitt til fimmtán ára, verðtryggð með lánskjaravísitölu. Endurgreiðslutími lánanna skal vera tólf ár.

Nd. 282. Nefndarálit [51. mál]

um frv. til l. um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Til viðræðna komu Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri, Skúli Guðmundsson, skrifstofustjóri Þjóðskrár, Jón Thors, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneyti, og Þorgeir Örlygsson, formaður tölvunefndar og annar höfunda frumvarpsins. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru í meðförum efri deildar. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum er fram kunna að koma.

Sighvatur Björgvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. des. 1989.

Jón Kristjánsson, form., frsm. | Ólafur G. Einarsson, fundaskr. | Friðjón Þórðarson.

Guðni Ágústsson. | Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Sþ. 283. Fyrirspurn [223. mál]

til hagstofuráðherra um vísitölu lánskjara.

Frá Hreggviði Jónssyni.

Hvaða áhrif hefur niðurfelling söluskatts (virðisaukaskatts) á tryggingaiðgjöld bifreiða á útreikning lánskjaravísitölunnar og hvaða áhrif hefur álagning bifreiðagjalds á vísitölu?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 284. Fyrirspurn [224. mál]

til fjármálaráðherra um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá Inga Birni Albertssyni.

1. Hver er upphæð vangoldinna skatta, ásamt dráttarvöxtum og verðbótum, í heildarálagningu sérstaks skatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði 1989 milli einstakra kjördæma og hver er fjöldi skuldara í hverju kjördæmi fyrir sig? Sundurgreind verði sérstaklega upphæð dráttarvaxta, verðbóta og vangoldins skatts.
2. Hvernig er áætlað að þessar upphæðir sundurliðist í fjárlögum fyrir árið 1990?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 285. Fyrirspurn [225. mál]

til forsætisráðherra um framkvæmd þingsályktunar um setningu laga eða reglna um skoðanakannanir.

Frá Þórhildi Þorleifsdóttur.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar sem samþykkt var á Alþingi 11. maí 1988 um setningu laga eða reglna um skoðanakannanir?

Ed. 286. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 83/1984, um erfðafjárskatt.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 273.

Salome Þorkelsdóttir og Margrét Frímannsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. des. 1989.

Jóhann Einvarðsson, varaform., frsm. Guðmundur H. Garðarsson, fundaskr. Karl Steinar Guðnason.

Danfríður Skarphéðinsdóttir. Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Sþ. 287. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1990.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur, Önnu Ólafsdóttur Björnsson, Guðrúnu Agnarsdóttur, Kristínu Einarsdóttur, Málmfríði Sigurðardóttur og Þórhildi Þorleifsdóttur.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 01-171 Byggðastofnun, framlag. Nýr liður: 6 02 Byggðastofnun, framlag til atvinnuuppbyggingar kvenna á landsbyggðinni	40.000
2. Við 4. gr. 03-401 Alþjóðastofnanir. Nýr liður: 1 62 Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM	3.198
3. Við 4. gr. 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi.	
a. Nýr liður: 1 33 Sérstakt átak til uppbyggingar atvinnu fyrir konur	200.000
b. Við 1 40 Kvennaathvarf í Reykjavík. Fyrir „8.130“ kemur	10.864
c. Við 1 41 Samtök kvenna gegn kynferðislegu ofbeldi. Fyrir „2.000“ kemur	11.000
4. Við 4. gr. 08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. 1 40 Kostnaður vegna laga nr. 25/1975 (ráðgjöf og fræðsla varðandi kynlíf og barneignir). Fyrir „1.075“ kemur	6.075

Sþ. 288. Tillaga til þingsályktunar [226. mál]

um nám og námsefni fyrir fatlað fólk í heimavistarskóla.

Flm.: Guðni Ágústsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Karl Steinar Guðnason, Stefán Valgeirsson, Kristín Einarsdóttir, Friðjón Þórðarson, Skúli Alexandersson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvernig nýta megi aðstöðu í héraðs- eða heimavistarskólum landsins þannig að fötluðu fólki gefist kostur á að stunda þar fjölbreytt nám að loknu grunnskólanámi.

Greinargerð.

Þótt mikið hafi áunnist í málefnum fatlaðs fólks á síðustu árum er ljóst að betur verður að gera svo að segja megi að þjóðfélag okkar gefi öllum kost á námi og vinnu við sitt hæfi. Öskjuhlíðarskólinn í Reykjavík og Löngumýrarskólinn á Akureyri hafa með starfi sínu skilað fötluðum mikilli þekkingu og verkkunnáttu og víða er nú í sérdeildum skóla unnið mikið og gott starf.

Hér er lagt til að kannað verði hvort unnt sé að skapa einhverjum héraðs- eða heimavistarskólanum, einum eða fleiri, betri skilyrði og nýta þær aðstæður, sem þar eru fyrir hendi, til að styrkja með einhverjum hætti félags- og skólastarf fatlaðra sem er uppeldisstarf í víðasta skilningi. Húsnæði þessara gömlu menntastofnana er nú að einhverju leyti vannýtt og því sjálfsagt að huga að vænlegri og happasælli nýtingu þess.

Oft hefur verið á það minnst í umræðum um nýtt hlutverk þessara gömlu mennta- og menningarstofnana að hver þessara skóla fengi sérverkefni með venjulegu grunnskóla- eða framhaldsnámi. Hér er varpað fram hugmynd um slíkt hlutverk.

Helstu markmið með kennslu í heimavistarskóla fyrir fatlaða væru eftirfarandi:

1. Að veita kennslu og þjálfun í starfsnámi og almennri umgengni varðandi athafnir daglegs lífs.
   a. Að efla sjálfstæði, sjálfsöryggi og sjálfsímynd nemenda til að skapa betri líðan þeirra, úti í þjóðfélaginu jafnt sem heima fyrir, og auka þannig færni til starfa á almennum vinnumarkaði.
   b. Að auka færni til þátttöku í þjóðfélaginu með þjálfun í athöfnum daglegs lífs og þátttöku í félagslífi og starfi við hæfi með reglubundnum samskiptum við vinnustaði, athafnalíf og félagslíf. Veita þjálfun í ýmiss konar hagnýtum störfum, svo sem ýmsum iðngreinum, bústörfum, fiskvinnslu og skrifstofutækni. Gera nemendur hæfa til búsetu á eigin vegum eða til sjálfstæðs heimilishalds og ákvarðana um eigið líf og starf.
2. Að auka færni í undirstöðuatriðum í lestri, stærðfræði og skrift.
   a. Kennsla og þjálfun fari fram við fjölbreyttar og eðlilegar aðstæður og tengist sem mest daglegu lífi í því umhverfi þar sem skólinn er.
   b. Með þátttöku í fjölbreyttu daglegu lífi og starfi í heimavistarskóla verði stefnt að því að nemendur nái færni í að lesa og tjá sig sér til gagns, komist leiðar sinnar af eigin rammleik og kunni helstu skil á peningalegum verðmætum, t.d. varðandi laun, launagreiðslur og framfærslu einstaklinga.

Kennsla fari fram í samfelldu starfi, þ.e. skólahald og daglegt líf utan skólatíma haldist í hendur þannig að það sem verið er að gera á einum stað verði einnig hagnýtt á öðrum. Stundaskrá verði ekki bundin við hefðbundnar 40 mínútna kennslustundir heldur verði við skipulagningu námsins tekið mið af verkefnum og þörfum nemenda.

Kennslan fari fram við heimavistarskóla sem þegar er starfandi og sé hluti af starfsemi hans þannig að fatlaðir nemendur hafi tækifæri til að kynnast öðrum nemendum í félagslífi, kennslu og starfi. Kennsla, þjálfun og félagslíf utan skólatíma verði fléttað sem best og nánast saman. Þess vegna þarf að vera unnt að hafa viðveru tengda skóla frá kl. 8 (9) til 15 (16). Tími utan þess verði einnig undirbúinn og skipulagður til þess að reyna að tryggja það að nemendur verði ekki utanveltu í félagslegum samskiptum. Því þarf að vera unnt að nýta heimavistarskóla með fleiri nemendum og gjarnan þar sem eru fleiri skólar eða öflugt atvinnulíf.

Ýmsar þjóðir hafa farið svipaðar leiðir og hér er lagt til, t.d. hefur Peder Morset lýðháskólinn í Noregi starfað í 12 ár og getið sér góðan orðstír. Skólinn rúmar 64 nemendur. Þar stunda nám fatlaðir og ófatlaðir nemendur og völ er á námi til eins eða tveggja ára, frá maí til ágúst. Lágmarksaldur er 18 ár. Aðaláhersla er lögð á persónu- og félagsþroska þeirra og færni í verklegum greinum. Einnig er boðið upp á nám í bóklegum greinum. Í upplýsingum frá skólanum segir að reynslan sé sú að félagsþroski nemenda margfaldist við þetta nám.

Tillaga þessi er sett fram sem hugsanlegt framlag í réttindabaráttu fatlaðra og vænlegur kostur til frekari könnunar á viðbótarverkefni þeirra skóla sem eiga svo merka sögu að baki.

Sþ. 289. Fyrirspurn [227. mál]

til forsætisráðherra um húsameistara ríkisins.

Frá Guðna Ágústssyni.

1. Hvaða reglur gilda um heimild húsameistara ríkisins til að sinna fyrir einkaaðila sams konar störfum og hann er ráðinn til hjá hinu opinbera? Gilda um hann aðrar reglur en til að mynda heimildir lögmanna í ríkisþjónustu til að vinna jafnframt á eigin lögmannsstofu?
2. Hefur húsameistari ríkisins hlotið sérstaka þóknun fyrir störf að byggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli. Ef svo er, hversu há var sú þóknun?

Sþ. 290. Fyrirspurn [228. mál]

til viðskiptaráðherra um yfirtekin lán Útvegsbankans.

Frá Guðna Ágústssyni.

1. Hversu hárri fjárhæð nema þær skuldbindingar, þar á meðal lífeyrisskuldbindingar, sem ríkissjóður tók á sig við sölu Útvegsbankans?
2. Hversu mikið af útistandandi útlánum Útvegsbankans fylgdu ekki með til kaupenda bankans? Hversu mikið af þessum útlánum skiptast eftir meðfylgjandi flokkun og hversu há er fjárhæðin í hverjum flokki fyrir sig:
   a. sjávarútvegur,
   b. verslun,
   c. skipafélög,
   d. iðnrekstur,
   e. flugfélög,
   f. þjónusta hvers konar önnur en að framan greinir?

   Þess er farið á leit að innan hvers flokks verði greint frá framreiknaðri upphæð skulda og áfallins kostnaðar þriggja stærstu skuldara, hvers um sig.
3. Hvert er álit skilanefndar Útvegsbankans á raunvirði þeirra útlána Útvegsbankans er ekki fylgdu með í sölu ríkisins á bankanum og féllu til ríkissjóðs?
4. Hver er kostnaður orðinn við starf skilanefndar Útvegsbankans?

Skriflegt svar óskast.

Ed. 291. Frumvarp til laga [229. mál]

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 91/1989.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

1. gr.

Í stað orðsins „matsverðs“ í 1. mgr. 4. gr. laganna komi: álagningarstofns.

2. gr.

3. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Verði ágreiningur um gjaldstofn skv. 3. gr. skal vísa honum til úrskurðar Fasteignamats ríkisins. Þeim úrskurði má skjóta til yfirfasteignamatsnefndar ríkisins. Verði ágreiningur um gjaldskyldu sker yfirfasteignamatsnefnd úr. Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til dómstóla.

3. gr.

1. mgr. 34. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórnum er heimilt að innheimta aðstöðugjald í sveitarsjóð hjá þeim aðilum, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

4. gr.

Í stað „1. tölul. 1. mgr. 31. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 35. gr. laganna komi: 1. tölul. 31. gr., og í stað „1. tölul. 2. mgr. 31. gr.“ í 2. mgr. sömu greinar komi: 2. mgr. 1. tölul. 31. gr.

5. gr.

Upphaf fyrri málsgreinar 38. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er að innheimta aðstöðugjald hjá aðila sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í öðru sveitarfélagi en þar sem hann á lögheimili eða hefur aðalatvinnurekstur sinn af.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1990.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar tæknilegar breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Breytingarnar í 1. og 2. gr. eru eftir ósk Fasteignamats ríkisins. Þar er lagt til að einfalda meðferð ágreiningsmála er varða gjaldstofn fasteignaskatts með því að fela Fasteignamati ríkisins að úrskurða í slíkum málum á fyrsta stigi í stað yfirfasteignamatsnefndar eins og nú er. Breytingarnar, sem lagðar eru til í 3.–5. gr., eru á aðstöðugjaldskafla laganna. Markmiðið með þeim er að koma í veg fyrir ágreining við framkvæmd laganna.

Að öðru leyti vísast til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er lagt til að í stað orðsins „matsverð“ komi orðið álagningarstofn. Breyting þessi er talin eðlileg með hliðsjón af ákvæðum 3. gr. laganna þar sem er að finna nýmæli um stofn til álagningar fasteignaskatts af húsum og öðrum mannvirkjum um allt land.

Um 2. gr.

Hér er lögð til sú breyting frá gildandi lögum að fela Fasteignamati ríkisins að úrskurða í ágreiningsmálum sem varða gjaldstofn skv. 3. gr. þeirra. Ástæða þessa er m.a. sú að einfalda meðferð slíkra ágreiningsmála og um leið að létta af yfirfasteignamatsnefnd ríkisins því álagi sem á henni hvílir nú. Hins vegar er lagt til að úrskurðum þessum megi ætíð skjóta til yfirfasteignamatsnefndar.

Um 3. gr.

Eins og ákvæði 1. mgr. 34. gr. laganna er nú orðað er talin hætta á að það geti valdið misskilningi hvaða aðilar falli undir ákvæðið og því er hér lagt til að tekið verði upp að nýju orðlag sem var að finna í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 73/1980.

Um 4. gr.

Hér er einungis um að ræða nákvæmara orðalag en er í núgildandi ákvæði.

Um 5. gr.

Ákvæði þetta er samhljóða því ákvæði sem nú er í lögunum að öðru leyti en því að fyrir framan orðið „atvinnurekstur“ í lok málsliðarins hefur verið bætt orðinu „aðal“. Í ljós hefur komið að í Lagasafni 1983 hefur lagatexti eldri tekjustofnalaga nr. 73/1980 misprentast, þannig að þar stendur „atvinnurekstur“ í stað „aðalatvinnurekstur“ eins og stóð í lögum þeim er Alþingi samþykkti. Ætlunin var að ákvæði laga nr. 91/1989 yrði eins og hið eldra en vegna framangreindra mistaka sem urðu við endurútgáfu laga nr. 73/1980 féll niður orðið „aðal“. Það er hér með leiðrétt.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 292. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 14/1965, um launaskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Samkvæmt frumvarpinu verður gjalddögum launaskatts fjölgað og greiðslum til ríkissjóðs flýtt. Þess vegna vex fjárbinding þeirra fyrirtækja sem greiða launaskatt. Hér er því á ferðinni enn eitt frumvarpið sem ætlað er að bæta stöðu ríkissjóðs á kostnað atvinnulífsins.

Ríkisstjórninni hefði verið nær að endurskoða lögin um launaskatt með tilliti til þeirrar mismununar sem fyrirtækin þurfa að búa við.

Minni hl. leggur til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 12. des. 1989.

Friðrik Sophusson, frsm. Matthías Bjarnason.

Nd. 293. Breytingartillaga [74. mál]

við frv. til l. um breyt. á lánsfjárlögum fyrir árið 1989, nr. 12/1989.

Frá fjármálaráðherra.

Í stað „6.035.000“ í a-lið 1. gr. komi: 6.285.000.

Nd. 294. Nefndarálit [51. mál]

um frv. til l. um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Eftir að hafa athugað frumvarpið sýnist undirrituðum að það hafi að geyma ákvæði sem tryggi víðtæk völd tölvunefndar, en hins vegar sé ekki hugað nægilega að rétti einstaklingsins. Því er lagt til að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögum sem lagðar eru fram á sérstöku þingskjali í 14 liðum. Flestar breytingarnar miða að því að tryggja rétt einstaklingsins og koma í veg fyrir að vissar upplýsingar verði skráðar. Eins er gert ráð fyrir því að tölvunefnd þurfi dómsúrskurð til að fá aðgang að húsnæði skráningaraðila, enda er sú heimild, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, brot á meginreglu. Þá er mælt með því að sú grein frumvarpsins, sem fjallar um markaðs- og skoðanakannanir, verði felld niður, en þess í stað verði lagt fram á Alþingi frumvarp til heildarlöggjafar um þetta efni.

Ef veigamestu breytingartillögurnar, sem minni hl. nefndarinnar gerir, verða ekki samþykktar leggur hann til að það verði fellt.

Alþingi, 11. des. 1989.

Ingi Björn Albertsson.

Nd. **295. Breytingartillögur** [51. mál]

við frv. til l. um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Frá minni hl. allsherjarnefndar (IBA).

1. Við 4. gr. 3. mgr. falli brott.
2. Við 5. gr. 2. mgr. falli brott.
3. Við 7. gr. Orðin „eða tannlækni“ falli brott.
4. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Skráðar upplýsingar, sem falla undir ákvæði laga þessara, má ekki láta í té aðila sem telur sig þurfa slíkra upplýsinga við vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja nema hann hafi áður aflað sér dómsúrskurðar þar um.
5. Við 9. gr.
   a. Orðið „ástæðulausrar“ í fyrri málsgrein falli brott.
   b. Síðari málsgrein falli brott.
6. Við 12. gr.
   a. Á eftir orðunum „skráðs aðila“ í fyrri málsgrein komi: um skriflegar upplýsingar.
   b. Orðin „en skýra ella hinum skráða skriflega frá ástæðum þess að tilmælum hans hefur eigi verið sinnt“ í niðurlagi fyrri málsgrein falli brott.
   c. 2. mgr. falli brott.
7. Við 16. gr. Síðari málsgrein orðist svo:
   Upplýsingar um fjárhagsmálefni og lánstraust, sem eldri eru en fjögurra ára, er óheimilt að skrá eða miðla.
8. Við 17. gr.
   a. Í stað orðanna „án þess að skýra hinum skráða frá því“ í fyrri málsgrein komi: án heimildar hins skráða.
   b. Á eftir orðunum „tekin á skrá“ í síðari málsgrein komi: samkvæmt heimild hins skráða.
9. Við 18. gr. Í stað orðanna „frá því að krafa kom fram“ í 1. mgr. komi: eftir að krafa kom fram.
10. Við 19. gr. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Skal slík tilkynning send viðkomandi fjórum vikum fyrir útgáfudag.
11. Við 24. gr. Greinin falli brott.
12. Við 27. gr. Orðin „nema samþykki tölvunefndar komi til.“ í 2. mgr. falli brott.
13. Við 30. gr. 2. mgr. orðist svo:
    Starfsmaður dómsmálaráðuneytisins skal vera ritari tölvunefndar.
14. Við 32. gr. Síðari málsgrein falli brott.

Nd. 296. Nefndarálit [219. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um eftirlaun til aldraðra, nr. 2/1985.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundi sínum. Mælir nefndin með því að frumvarpið verði samþykkt án breytinga. Nefndin leggur jafnframt áherslu á að hraðað verði vinnu við lagafrumvarp um framtíðarskipan þessara mála.

Alþingi, 12. des. 1989.

Anna Ólafsdóttir Björnsson, fundaskr., með fyrirvara.	Geir Gunnarsson, frsm.	Ragnhildur Helgadóttir.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Þóra Hjaltadóttir.	Geir H. Haarde.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Nd. 297. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til l. um breyt. á lánsfjárlögum fyrir árið 1989, nr. 12/1989.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með þessu nefndaráliti eru birt fylgiskjöl frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun sem sýna að áætlun ríkisstjórnarinnar um innlenda lánsfjáröflun mun ekki standast eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Einnig kemur fram í fylgiskjölunum að ríkistjórnin hefur samþykkt 250 millj. kr. lántöku Lánasjóðs íslenskra námsmanna á árinu 1989.

Minni hl. mun greiða fyrir því að frumvarpið fái afgreiðslu sem fyrst þar sem Byggðastofnun bíður eftir heimild til 350 millj. kr. erlendrar lántöku. Minni hl. tekur ekki afstöðu til frumvarpsins að öðru leyti, enda eru efnisatriði þess einungis viðurkenning á gífurlegum hallarekstri ríkissjóðs.

Alþingi, 12. des. 1989.

Friðrik Sophusson, frsm.	Matthías Bjarnason.

Fylgiskjal I.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun:

Minnisblað um lánsfjárþörf og lánsfjáröflun ríkissjóðs 1989.

Samkvæmt frumvarpi til fjáraukalaga 1989 og frumvarpi um breyting á lánsfjárlögum 1989 er innlend lánsfjárþörf ríkissjóðs talin nema 11,3 milljörðum króna á árinu 1989. Erlendar lántökur ríkissjóðs voru áætlaðar rúmir 6 milljarðar króna, þar af 5 milljarðar til að greiða yfirdráttarskuld ríkissjóðs í Seðlabanka vegna ársins 1988 og 900 m.kr. endurlán til Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina. Þessi áætlun hefur ekki breyst sem neinu nemur að öðru leyti en því að ríkisstjórnin hefur samþykkt 250 m.kr. lántöku Lánasjóðs íslenskra námsmanna vegna ársins 1989. Verður það lán tekið um Endurlán ríkissjóðs með sama hætti og aðrar lántökur sjóðsins. Þá eru fjáraukalög 1989 til skoðunar hjá fjárveitinganefnd og er stefnt að því að 2. umr. um þau fari fram um miðja þessa viku. Ekki liggur fyrir hversu áætlaðar greiðsluskuldbindingar ríkissjóðs fyrir yfirstandandi ár munu hækka mikið í meðförum fjárveitinganefndar. Nánari upplýsingar um lánsfjárþörf ríkissjóðs 1989 koma því ekki fram fyrr en við 2. umr. um fjáraukalögin.

Samkvæmt frumvarpi um breyting á lánsfjárlögum 1989 er gert ráð fyrir að innlend lánsfjárþörf ríkissjóðs verði brúuð með eftirfarandi hætti:

Sala á spariskírteinum	6.000 m.kr.
Sala á ríkisvíxlum	3.800 m.kr.
Önnur lántaka	1.500 m.kr.
Samtals	11.300 m.kr.

Heildarsala spariskírteina ríkissjóðs á árinu 1989 nam 6. des. sl. um 4.600 m.kr. Heildarinnlausn eldri skírteina nam sama dag um 4.150 m.kr. Erfitt er að áætla hver salan verður fram til áramóta. Þess má þó geta að lífeyrisjóðum hefur verið gert tilboð um kaup á spariskírteinum fyrir um einn milljarð króna.

Gert er ráð fyrir að nettósala ríkisvíxla á árinu nemi 3.800 m.kr. Þann 7. des. nam nettósalan 3.200 m.kr. og hafði lækkað um 800 m.kr. frá lokum september.

Ljóst er að erfitt verður að ná fram þeim áformum um innlenda lánsfjáröflun sem nefnd eru að ofan. Það sem upp á kann að vanta verður fjármagnað með yfirdrætti hjá Seðlabanka Íslands. Samkvæmt lögum um Seðlabanka ber ríkissjóði að gera upp yfirdráttarskuld sína við bankann eigi síðar en í marslok árið eftir. Miðað við áform ríkissjóðs um innlenda lánsfjáröflun á næsta ári er líklegt að yfirdráttarskuld við Seðlabankann verði gerð upp með erlendri lántöku.

11. des. 1989.

Halldór Árnason.

Fylgiskjal II.

Ríkisábyrgðasjóður.
7. des. 1989.

Sala og innlausn spariskírteina 1989.
(Í þús. kr.)

Sala:		**Nóvember**	**Jan.-Nóv.**
Verðtryggð skírteini:			
1. flokkur 1989:			
2,5 ára skírteini	5,5% p.a.	67 774	667 326
5 ára skírteini	7,0% p.a.	76 958	2 585 580
8 ára skírteini	6,8% p.a.	11 047	710 683
	Samtals	155 779	3 963 589
2. flokkur 1989:			
20/10 skírteini	5,0% p.a.	4 028	114 147
5 ára skírteini	6,0% p.a.	40 441	435 602
8 ára skírteini	6,0% p.a.	2 066	65 011
	Samtals	46 535	614 760
Verðtryggð skírteini	Samtals	202 314	4 578 349
Gengistryggð skírteini:			
ECU-skírteini	8,3% p.a.	0	12 383
SDR-skírteini	8,3% p.a.	0	19 697
Gengistryggð skírteini	Samtals	0	32 080
Sala alls		202 314	4 610 429
Innlausn:			
Nafnverð með verðbótum		73 012	3 389 675
Vextir		16 009	760 206
Innlausn	Samtals	89 021	4 149 881
Sala umfram innlausn		113 293	460 548

Ath. Hér kemur eingöngu fram það söluandvirði spariskírteina sem greitt hefur verið inn á reikninga í Seðlabanka. Óuppgerð sala við lok mánaðar telst með sölu næsta mánaðar á eftir.

Sþ. 298. Nefndarálit [3. mál]

um till. til þál. um varnir gegn mengun frá fiskeldi.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og sendi hana til umsagnar. Svör bárust frá eftirtöldum aðilum: dýralækni fisksjúkdóma, eiturefnanefnd, fisksjúkdómanefnd, Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva, Líffræðifélagi Íslands, Líffræðistofnun Háskólans, Lyfjaeftirliti ríkisins, lyfjanefnd, Náttúruverndarráði, Skipulagi ríkisins, Veiðimálastofnun, Vinnueftirliti ríkisins og yfirdýralækni. Einnig fylgdu með þingsályktunartillögunni skrifleg svör þriggja ráðherra á 112. löggjafarþingi, þ.e. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, samgönguráðherra og landbúnaðarráðherra.

Flestir umsagnaraðilar, sem tjáðu sig um efni tillögunnar, telja þörf á að mótaðar verði samræmdar reglur um kröfur varðandi starfsleyfi fyrir fiskeldisstöðvar. Nokkrir telja þörf á lagasetningu í því sambandi. Landssamband fiskeldis- og hafbeitarstöðva, Líffræðifélag Íslands, Líffræðistofnun Háskólans og Náttúruverndarráð fjalla m.a. um stofnablöndun (erfðamengun) í umsögnum sínum. Nefndin telur að þetta atriði þurfi að rannsaka nánar, ekki síst þar eð skoðanir eru skiptar um umfang og áhrif slíkrar stofnablöndunar.

Nefndin tekur undir meginefni tillögunnar um að móta þurfi samræmdar reglur um starfsleyfi fyrir fiskeldisstöðvar. Hins vegar telur nefndin rétt að athugað verði hvort þörf sé á sérstakri lagasetningu og þá einnig varðandi stofnablöndun (erfðamengun).

Nefndin flytur á sérstöku þingskjali breytingartillögu við málið og mælir með samþykkt tillögunnar svo breyttrar.

Alþingi, 12. des. 1989.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir, fundaskr.	Guðni Ágústsson.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Kristinn Pétursson.	Alexander Stefánsson.
	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	

Sþ. 299. Breytingartillaga [3. mál]

við till. til þál. um varnir gegn mengun frá fiskeldi.

Frá félagsmálanefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að móta samræmdar reglur um starfsleyfi fyrir fiskeldisstöðvar og um eftirlit og rannsóknir á mengunarhættu frá þeim. Jafnframt verði athugað hvort þörf sé á lagasetningu vegna mengunar frá fiskeldi.

Sþ. 300. Nefndarálit [152. mál]

um till. til þál. um tæknifrjóvganir.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og sendi hana til umsagnar landlæknis og Tryggingastofnunar ríkisins (tryggingaráðs). Mæla báðir þessir aðilar með samþykkt tillögunnar.

Þá hafði nefndin samband við Ólaf W. Stefánsson, formann nefndar sem skipuð var 28. júlí 1986 vegna ályktunar Alþingis frá 25. mars 1986 um réttaráhrif tæknifrjóvgana. Hlé hefur orðið á starfi þeirrar nefndar, en á vegum hennar hefur verið aflað gagna um stöðu mála, m.a. í nágrannalöndum, og álitaefni sem komið gætu að gagni við undirbúning að lagasetningu.

Með hugtakinu „tæknifrjóvgun“ er átt við bæði tæknisæðingu og glasafrjóvgun.

Ráðgert er að hefja á árinu 1990 glasafrjóvgun á Landspítalanum, en frá ársbyrjun 1988 hefur verið í gildi samningur til þriggja ára milli Tryggingastofnunar og Bourn Hall Clinic á Englandi um að Íslendingar geti leitað þangað um glasafrjóvganir. Með tilkomu aðstöðu hérlendis má búast við að þeim fjölgi til muna sem leita eftir tæknifrjóvgun. Af þeim sökum m.a. telur nefndin æskilegt að hraðað verði lagasetningu og undirbúningi að reglum um tæknifrjóvganir og að frumvarp um það efni verði lagt fyrir Alþingi eigi síðar en haustið 1990.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingu sem tillaga er um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. des. 1989.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir, fundaskr.	Guðni Ágústsson.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Kristinn Pétursson.	Alexander Stefánsson.
	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	

Sþ. 301. Breytingartillaga [152. mál]

við till. til þál. um tæknifrjóvganir.

Frá félagsmálanefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja hið fyrsta fyrir Alþingi frumvarp til laga um tæknifrjóvganir, m.a. að því er varðar réttarstöðu og tryggingamál þeirra sem hlut eiga að máli.

Nd. 302. Nefndarálit [194. mál]

um frv. til l. um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og efri deild afgreiddi það á þskj. 267.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða styðja breytingartillögur er fram kunna að koma.

Alþingi, 13. des. 1989.

Alexander Stefánsson, form., frsm.	Guðni Ágústsson, fundaskr.	Eggert Haukdal.
Pálmi Jónsson.	Ingi Björn Albertsson.	Rannveig Guðmundsdóttir.
	Ragnar Arnalds.	

Sþ. 303. Fyrirspurn [230. mál]

til fjármálaráðherra um eignir og skuldir ríkisins í Seðlabanka Íslands.

Frá Ásgeiri Hannesi Eiríkssyni.

1. Hvað eiga ríkið og stofnanir þess og sjóðir mikið fé á innlánsreikningum í Seðlabanka Íslands samtals?
2. Hvað fær ríkið mikla vexti af þeim peningum og hve háir eru vextir (meðalvextir)?
3. Hvað skulda ríkið og stofnanir þess og sjóðir mikla peninga í Seðlabanka Íslands samtals?
4. Hvað borgar ríkið mikla vexti af þeim peningum og hve háir eru vextirnir (meðalvextir)?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. **304. Frumvarp til fjárlaga** **[1. mál]**

fyrir árið 1990.

(Eftir 2. umr. í Sþ., 13. des.)

A-HLUTI
Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana

1. gr.

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

Rekstrarreikningur	Þús. kr.	Þús. kr.
Tekjur		**90 352 400**
Beinir skattar	15 210 000	
Óbeinir skattar	69 429 800	
Fjármagnstekjur, vextir	4 255 000	
Aðrar tekjur	1 457 600	
Gjöld:		
Rekstrarliðir		**85 698 848**
Samneysla	41 108 032	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	39 983 490	
- Sértekjur stofnana	-4 517 674	
Fjármagnsgjöld, vextir	9 125 000	
Jöfnuður		4 653 552
Fjárfesting		**8 690 541**
Stofnkostnaður	5 053 075	
Fjármagnstilfærslur	3 637 466	
Gjöld umfram tekjur		**4 036 989**
Lánahreyfingar		
Afborganir		2 220 000
Afborganir af teknum lánum	5 700 000	
- Innheimtar afborganir af veittum lánum	-3 480 000	
Veitt lán		1 510 000
Til B-hluta ríkissjóðs	1 510 000	
Hluta- og stofnfjárframlög		160 000
Viðskiptareikningar		600 000
Útstreymi umfram innstreymi	600 000	
Lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**8 526 989**
Lántökur		7 370 000
Innlend útgáfa verðbréfa	6 000 000	
Erlend lántaka	1 370 000	
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		-1 156 989

2. gr.

Árið 1990 eru veittar til gjalda fjárhæðir sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

Rekstrar-

Gjöld:

		Þús. kr.	Þús. kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**		**900 652**
	Embætti forseta Íslands	43 180	
	Alþingi og stofnanir þess	702 987	
	Ríkisstjórn og Hæstiréttur	83 935	
	Annað	70 550	
01	**Forsætisráðuneyti**		**670 704**
	Ráðuneyti	67 165	
	Annað	603 539	
02	**Menntamálaráðuneyti**		**14 158 789**
	Ráðuneyti	174 092	
	Háskólar og rannsóknir	2 136 631	
	Framhaldsskólar	3 135 004	
	Héraðsskólar	171 005	
	Grunnskólar	4 125 423	
	Sérstofnanir fyrir börn og unglinga	496 536	
	Önnur fræðslumál	339 285	
	Lánasjóður íslenskra námsmanna	2 215 000	
	Söfn, listastofnanir o.fl.	831 581	
	Ýmis framlög	534 232	
03	**Utanríkisráðuneyti**		**1 160 190**
	Ráðuneyti o.fl.	292 081	
	Lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli	196 347	
	Sendiráð og fastanefndir	348 884	
	Þróunarmál, alþjóðastofnanir o.fl.	322 878	
04	**Landbúnaðarráðuneyti**		**3 308 940**
	Ráðuneyti	51 994	
	Landbúnaðarmál	2 790 674	
	Landgræðsla, skógrækt	298 955	
	Búnaðarskólar	167 317	
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**		**829 052**
	Ráðuneyti	65 704	
	Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	694 105	
	Annað	69 243	
	Flutt		21 028 327

3. gr.

Árið 1990 er ætlast til að innheimtar tekjur verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi samkvæmt þessari grein.

reikningur

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
41	**Beinir skattar**		
411	**Eignarskattar**		**2 880 000**
4110	Eignarskattur, einstaklingar	1 205 000	
41101	Eignarskattsauki, einstaklingar	100 000	
4111	Eignarskattur, félög	800 000	
41111	Eignarskattsauki, félög	170 000	
4116-7	Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði	405 000	
4118	Erfðafjárskattur	200 000	
412	**Tekjuskattur, nettó**		**12 100 000**
4120-2	Tekjuskattur, einstaklingar, nettó	10 350 000	
4123	Tekjuskattur, félög	1 750 000	
413	**Persónuskattar**		**230 000**
4130	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	230 000	
42-43	**Óbeinir skattar**		
420	**Gjöld af innflutningi, aðflutningsgjöld, almenn**		**2 750 000**
4200	Aðflutningsgjöld alls	2 750 000	
421	**Gjöld af innflutningi**		**5 156 500**
4210	Gjald af bifreiðum og bifhjólum	1 080 000	
4211	Innflutningsgjald af bensíni	3 060 000	
4212	Jöfnunargjald	500 000	
4213	Jöfnunarálag á hús og húshluti	10 500	
42153	Fóðurgjald, grunngjald, lög nr. 46/1985	159 000	
42154	Kartöflugjald	112 000	
42155	Sérstakt kjarnfóðurgjald	200 000	
4216	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	35 000	
422	**Tekjur af sölu erlends gjaldeyris**		**590 000**
4220	Gjald af umboðsþóknun og gengismun innlánsstofnana	373 000	
4221	Leyfisgjald	217 000	
	Flutt		23 706 500

Gjöld:

Rekstrar-

		Þús. kr.	Þús.kr.
	Flutt		21 028 327
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**		**4 318 708**
	Ráðuneyti o.fl.	82 472	
	Dómsmálastofnanir	355 263	
	Löggæslustofnanir	1 060 154	
	Sýslumenn og bæjarfógetar	1 579 827	
	Fangelsismál	282 723	
	Landhelgisgæsla o.fl.	580 299	
	Kirkjumál	377 970	
07	**Félagsmálaráðuneyti**		**3 673 990**
	Ráðuneyti	66 029	
	Húsnæðismál	650 000	
	Stjórnsýslustofnanir o.fl.	5 549	
	Málefni fatlaðra	1 415 948	
	Framlag í jöfnunarsjóð sveitarfélaga	1 185 000	
	Annað	351 464	
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**		**38 627 921**
	Ráðuneyti	86 712	
	Tryggingamál	23 772 153	
	Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	188 809	
	Sjúkrahús og heilsugæsla	14 268 543	
	Annað	311 704	
09	**Fjármálaráðuneyti**		**5 362 692**
	Ráðuneyti o.fl.	258 878	
	Skatta- og tollamál	1 214 449	
	Verðlagsmál og ríkisábyrgðir	2 951 000	
	Annað	938 365	
10	**Samgönguráðuneyti**		**6 522 196**
	Ráðuneyti	45 759	
	Vegamál	4 235 000	
	Siglingamál	1 128 706	
	Flugmál	512 304	
	Aðrar stofnanir	289 754	
	Annað	310 673	
11	**Iðnaðarráðuneyti**		**1 035 933**
	Ráðuneyti	41 327	
	Iðnaðarmál	223 152	
	Orkumál	771 454	
	Flutt		80 569 767

r e i k n i n g u r

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		23 706 500
423	**Skattar af framleiðslu og innflutningi**		**1 967 000**
4235	Vörugjald	1 840 000	
4239	Framleiðslugjald af áli	127 000	
425	**Virðisaukaskattur**		**40 550 000**
4250	Virðisaukaskattur	40 550 000	
426	**Skattar af orku**		**75 000**
4261	Rafmagnseftirlitsgjald	75 000	
427	**Skattar af einkasöluvörum**		**6 155 000**
4271	Hluti af rekstrarhagnaði ÁTVR	6 150 000	
4273	Gjald af einkasöluvörum	5 000	
428	**Sérstakir skattar af þjónustu**		**66 000**
42801	Skemmtanaskattur	57 500	
42802	Miðagjald	8 500	
429	**Aðrir skattar af veittri þjónustu**		**468 000**
4290	Aukatekjur, almennar	460 000	
42942	Samúðarskeyti Landsímans	8 000	
430	**Skattar af launagreiðslum**		**6 770 000**
4301	Launaskattur	3 700 000	
4302	Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	2 400 000	
4303	Slysatryggingagjald	357 000	
4305	Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs	313 000	
	Flutt		79 757 500

Gjöld:

		Þús. kr.	Rekstrar- Þús. kr.
	Flutt		80 569 767
12	**Viðskiptaráðuneyti**		**4 457 319**
	Ráðuneyti	52 703	
	Niðurgreiðslur	4 333 000	
	Annað	71 616	
13	**Hagstofa Íslands**		**108 648**
14	**Umhverfisráðuneyti**		**22 951**
15	**Fjárlaga- og hagsýslustofnun**		**9 230 704**
	Ráðuneyti o.fl.	105 704	
	Vextir	9 125 000	
	Gjöld samtals		94 389 389

r e i k n i n g u r

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		79 757 500
431	**Aðrir óbeinir skattar**		**4 882 300**
4310	Þinglýsingar	48 000	
4311	Stimpilgjald	1 910 000	
43121	Þungaskattur af dísilbifreiðum, skv. ökumælum	890 000	
43122	Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	285 000	
43123	Bifreiðagjald	940 000	
43132	Vitagjald	36 500	
43133	Skipaskoðunargjald	39 000	
4316	Áhættugjald ríkisábyrgða	220 000	
4317	Einkaleyfisgjald Happdrættis H.Í.	43 800	
4318	ICAO-tekjur	470 000	
48	**Fjármunatekjur**		
481	**Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur**		**4 255 000**
4811	Dráttarvextir og vextir af skammtímalánum	2 100 000	
4812	Vaxtatekjur af langtímalánum	2 155 000	
482	**Arðgreiðslur**		**1 332 600**
4820	Frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta:		
48201	Afgjöld ríkisjarða	10 000	
48202	Fríhöfn Keflavíkurflugvelli	314 000	
48203	Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli	53 600	
48206	Póstur og sími	350 000	
4821	Sameignir ríkisins	150 000	
4822	Arður af hlutabréfum	50 000	
4823	Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands	400 000	
4829	Aðrar arðgreiðslur ríkisfyrirtækja	5 000	
49	**Aðrar tekjur**		
499	**Ýmsar tekjur**		**125 000**
4990	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	110 000	
4999	Óvissar tekjur	15 000	
	Tekjur samtals		90 352 400
	Gjöld umfram tekjur		4 036 989
	Samtals		94 389 389

Sundurliðun útgjalda eftir ráðuneytum, stofnunum og tegundum útgjalda

4. gr.

00 Æðsta stjórn ríkisins

		Þús. kr.	Þús. kr.
00–101	**Embætti forseta Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			44 030
1 01	Yfirstjórn	42 920	
1 50	Fálkaorðan	1 110	
	Gjöld samtals		44 030
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 200	
52–58	Önnur gjöld	23 830	
5	Gjöld samtals	44 030	
4	Sértekjur	850	
	Mismunur		**43 180**
00–201	**Alþingi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			548 212
1 01	Þingfararkaup alþingismanna	149 704	
1 02	Starfskostnaður	57 180	
1 04	Skrifstofu- og alþingiskostnaður	198 484	
1 05	Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings	1 130	
1 06	Útgáfukostnaður Alþingistíðinda	28 440	
1 07	Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	22 570	
1 08	Uppbætur á lífeyri starfsmanna stjórnmálaflokkanna	1 740	
1 20	Rekstrarkostnaður fasteigna	21 050	
1 21	Hús Jóns Sigurðssonar	3 984	
1 30	Þingmannasamtök NATO	5 460	
1 31	Þingmannanefndir Evrópuráðsins	4 790	
1 32	Norðurlandaráð	44 570	
1 33	Þingmannafundir Fríverslunarsamtaka Evrópu	2 170	
1 34	Alþjóðaþingmannasamtökin	3 070	
1 35	Vestnorræna þingmannaráðið	1 330	
1 36	Þátttaka alþingismanna í allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna	2 540	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			10 000
5 20	Fasteignir	10 000	
Stofnkostnaður:			17 000
6 90	Ýmis stofnkostnaður	17 000	
	Gjöld samtals		575 212
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	288 712	
52–58	Önnur gjöld	261 890	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	24 610	
5	Gjöld samtals	575 212	
4	Sértekjur	2 860	
	Mismunur		**572 352**

00–301 Ríkisstjórn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			60 197
1 01	Ríkisstjórn	56 821	
1 10	Nefndakostnaður vegna samþykkta Alþingis	3 376	
	Gjöld samtals		60 197
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	52 777	
52–58	Önnur gjöld	7 420	
5	Gjöld samtals		**60 197**

00–401 Hæstiréttur

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 738
1 01	Hæstiréttur	23 738	
	Gjöld samtals		23 738
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 308	
52–58	Önnur gjöld	430	
5	Gjöld samtals		**23 738**

	Þús. kr.	Þús. kr.
00–510 Bessastaðir		
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		52 000
6 01 Mannvirkjagerð	52 000	
Gjöld samtals		52 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	52 000	
5 Gjöld samtals		**52 000**
00–520 Opinberar heimsóknir		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		18 550
1 01 Opinberar heimsóknir	18 550	
Gjöld samtals		18 550
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	18 550	
5 Gjöld samtals		**18 550**
00–610 Umboðsmaður Alþingis		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		13 445
1 01 Umboðsmaður Alþingis	13 445	
Stofnkostnaður:		500
6 01 Umboðsmaður Alþingis, tæki og húsbúnaður	500	
Gjöld samtals		13 945
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	7 145	
52–58 Önnur gjöld	6 800	
5 Gjöld samtals		**13 945**
00–620 Ríkisendurskoðun		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		113 710
1 01 Yfirstjórn	113 710	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tölvu- og húsbúnaður	3 000	
	Gjöld samtals		116 710
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	75 500	
52–58	Önnur gjöld	41 210	
5	Gjöld samtals	116 710	
4	Sértekjur	20	
	Mismunur		**116 690**
	Samtals		900 652

01 Forsætisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
01–101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			62 365
1 01	Yfirstjórn	40 492	
1 20	Stjórnarráðshús	6 721	
1 21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu	2 176	
1 22	Ráðherrabústaður Þingvöllum	810	
1 23	Hrafnseyri	740	
1 30	Öryggismálanefnd	6 706	
1 40	Gjöf Jóns Sigurðssonar	1 220	
1 60	Framtíðarkönnun	3 500	
Viðhaldsverkefni:			4 800
5 20	Stjórnarráðshús, viðhald	2 600	
5 21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu, viðhald	1 800	
5 22	Ráðherrabústaður Þingvöllum, viðhald	400	
	Gjöld samtals		67 165
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	25 645	
52–58	Önnur gjöld	39 560	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 960	
5	Gjöld samtals		**67 165**
01–102 Þjóðhagsstofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			57 353
1 01	Þjóðhagsstofnun	57 353	
	Gjöld samtals		57 353

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	46 023	
52–58	Önnur gjöld	11 330	
5	Gjöld samtals	57 353	
4	Sértekjur	23 020	
	Mismunur		**34 333**

01–171 Byggðastofnun, framlag

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			200 000
6 01	Byggðastofnun, framlag	200 000	
	Gjöld samtals		200 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	200 000	
5	Gjöld samtals		**200 000**

01–172 Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			350 000
6 01	Stofnframlag	350 000	
	Gjöld samtals		350 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	350 000	
5	Gjöld samtals		**350 000**

01–901 Húsameistari ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 093
1 01	Yfirstjórn	12 411	
1 10	Teiknistofa	26 193	
1 20	Byggingaeftirlit	3 489	
	Gjöld samtals		42 093

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 293	
52–58	Önnur gjöld	7 800	
5	Gjöld samtals	42 093	
4	Sértekjur	48 960	
	Mismunur		**–6 867**

01–902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 033
1 01	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	14 033	
Viðhaldsverkefni:			1 800
5 01	Þingvallabær o.fl.	1 800	
Stofnkostnaður:			7 400
6 01	Aðalskipulag	4 200	
6 40	Lífríkisrannsóknir í Þingvallavatni	3 200	
	Gjöld samtals		23 233
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 673	
52–58	Önnur gjöld	17 560	
5	Gjöld samtals	23 233	
4	Sértekjur	2 160	
	Mismunur		**21 073**

01–998 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5 000	
	Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**
	Samtals		670 704

02 Menntamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			172 592
1 01	Yfirstjórn	172 592	
Stofnkostnaður:			1 500
6 10	Tæki og búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		174 092
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	96 673	
52–58	Önnur gjöld	77 419	
5	Gjöld samtals		**174 092**
02–201 Háskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 434 386
1 01	Yfirstjórn	81 435	
1 02	Sameiginleg útgjöld	223 801	
1 03	Rekstur fasteigna	155 619	
1 04	Rannsóknir í kvennafræðum	1 350	
1 05	Fjarkennsla	8 488	
1 10	Guðfræðideild	19 288	
1 11	Læknadeild	135 426	
1 12	Tannlæknadeild	39 039	
1 13	Lyfjafræði lyfsala	20 927	
1 14	Lagadeild	24 444	
1 15	Viðskipta- og hagfræðideild	55 784	
1 16	Heimspekideild	108 412	
1 17	Verkfræðideild	126 421	
1 18	Félagsvísindadeild	73 009	
1 19	Íþróttakennsla	9 497	
1 20	Háskólabókasafn	35 300	
1 21	Mannfræðistofnun	3 984	
1 22	Reiknistofnun	43 684	
1 23	Námsbraut í hjúkrunarfræðum	39 859	
1 24	Námsbraut í sjúkraþjálfun	14 382	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 25	Raunvísindadeild	205 348	
1 26	Stofnun Sigurðar Nordals	4 905	
1 27	Upplýsingaþjónusta	3 984	
	Viðhaldsverkefni:		30 000
5 50	Viðhald fasteigna	30 000	
	Stofnkostnaður:		88 700
6 20	Bókakaup o.fl.	15 000	
6 26	Stofnun Sigurðar Nordals	1 000	
6 50	Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	72 700	
	Gjöld samtals		1 553 086
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	1 033 112	
52–58	Önnur gjöld	518 624	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 350	
5	Gjöld samtals	1 553 086	
4	Sértekjur	265 810	
	Mismunur		**1 287 276**

02–202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		90 446
1 01	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	74 621	
1 10	Rannsóknadeild fisksjúkdóma	15 825	
	Viðhaldsverkefni:		5 000
5 01	Viðhald húseigna	5 000	
	Stofnkostnaður:		2 500
6 01	Tæki og búnaður	2 500	
	Gjöld samtals		97 946
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	50 316	
52–58	Önnur gjöld	47 630	
5	Gjöld samtals	97 946	
4	Sértekjur	50 160	
	Mismunur		**47 786**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–203 Raunvísindastofnun Háskólans			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			128 290
1 01	Yfirstjórn	12 765	
1 02	Rekstur fasteigna	9 018	
1 20	Eðlisfræðistofa	22 218	
1 21	Stjarnvísindadeild	650	
1 30	Efnafræðistofa	22 314	
1 40	Jarðfræðistofa	15 948	
1 50	Jarðeðlisfræðistofa	21 663	
1 60	Jarðeðlisfræðistofa, háloftadeild	5 150	
1 70	Reiknifræðistofa	9 470	
1 80	Stærðfræðistofa	9 094	
Stofnkostnaður:			5 000
6 90	Tækjakaup deilda	5 000	
	Gjöld samtals		133 290
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	88 620	
52–58	Önnur gjöld	44 670	
5	Gjöld samtals	133 290	
4	Sértekjur	36 160	
	Mismunur		**97 130**
02–205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			36 199
1 01	Yfirstjórn	30 758	
1 20	Bókaútgáfa	5 441	
	Gjöld samtals		36 199
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	25 239	
52–58	Önnur gjöld	10 960	
5	Gjöld samtals	36 199	
4	Sértekjur	2 260	
	Mismunur		**33 939**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–206 Orðabók Háskólans			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 610
1 01	Orðabók Háskólans	13 610	
	Gjöld samtals		13 610
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 710	
52–58	Önnur gjöld	1 900	
5	Gjöld samtals		**13 610**
02–207 Íslensk málstöð			
Viðfangsefni:			
Önnur verðbréf og skuldabréf séu hins vegar ekki gengistryggð. Markaðsverð þeirra ákvarðast eftirleiðis af afföllum í stað verðtryggingar. Útgefandi veit þá frá byrjun að hverju hann gengur, en með verðtryggingu samkvæmt vísitölu er hann í stöðugri óvissu.

Gagnvart greiðslu vaxtaauka geta innlánsstofnanir baktryggt sig með kaupum á spariskírteinum ríkissjóðs.

Um 5. gr.

Gengistrygging spariinnlána, sem staðið hafa óhreyfð í eitt ár eða lengur, skal nánar skilgreind í reglugerð, svo sem segir í frumvarpinu. Þannig skal t.d. ákveða við hvaða gjaldmiðil eða gjaldmiðla skuli miða.

Varðandi kostnað af gengistryggingunni skal þetta tekið fram:

1. Með gengishagnaði er átt við verðhækkun á birgðum útflutningsvara sem til eru í landinu þegar gengi er lækkað. Eðlilegt er að ríkissjóður ráðstafi honum. Gengislækkunin sjálf er hins vegar til þess að bæta rekstrarafkomu útflutningsatvinnuveganna. Hér er lagt til að hluta af gengishagnaði megi verja til að rétta hlut sparifjáreigenda þegar verðgildi krónunnar fellur.
2. Þeir sem eiga stórar fjárhæðir í lausu fé ávaxta það gjarnan á verðbréfamarkaði, í viðskiptum eða í fasteignum. Einnig af þessari ástæðu er ekki að vænta mikils kostnaðar við gengistryggingu. Það er einkum gamla fólkið sem lætur fé liggja lengi inni á sparisjóðsbókum og hag þess verður að tryggja.
3. Vextir af almennum spariinnlánum, svo og af þriggja og sex mánaða spariinnlánum, ættu gjarnan að vera hinir sömu og af spariinnlánum til eins árs eða lengur. Það dregur úr hinum síðastnefndu sem ein eru gengistryggð og lækkar því gengistryggingarkostnaðinn.
4. Sú staðreynd, að engir vextir eru greiddir af veltiinnlánum (tékkareikningum) og að spariinnlánin bera til jafnaðar vexti einu prósentustigi neðar almennum útlánsvöxtum, gerir allsherjarvaxtamun banka og sparisjóða (svonefndan „spread“) meiri en áður og það auðveldar innlánsstofnunum að standa straum af gengistryggingunni.
5. Ætla má að fasteignalán banka og sparisjóða muni í framtíð nema, eins og í öðrum löndum, um 20% heildarútlána. Þar sem slík langtímalán mega bera allt að 3% hærri vexti en önnur lán hefur það líka þau áhrif að auka allsherjarvaxtamuninn og arðsemi innlánsstofnananna.

Um 6. gr.

Við gildistöku laga þessara hættir verðtrygging samkvæmt lánskjaravísitölu. Gildir einu hvort til þeirra er stofnað hjá bönkum, sparisjóðum, fjárfestingarsjóðum, lífeyrissjóðum, verðbréfamörkuðum eða í öðrum viðskiptum.

Fylgiskjal.

Forsendur: -

Lánsfjárhæð kr. 3.300 þús.
Lánstími 40 ár
Vextir 3,5% p. a.
Verðtryggt lán skv. lánskjaravísitölu
35% út lánstímann

Allar upphæðir í þúsundum króna

Ár eftir	Eftir-stöðvar	Hækkun vísit.	Uppfærðar eftir-stöðvar	Afborgun	Vextir	Greiðrlur alls
(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)
			(2)x(3)	af (4)	af (4)	(5)+(6)
40	3300.0	0.35	4455.0	111.4	155.9	267.3
39	4343.6	0.35	5863.9	150.4	205.2	355.6
38	5713.5	0.35	7713.3	203.0	270.0	472.9
37	7510.3	0.35	10138.9	274.0	354.9	628.9
36	9864.9	0.35	13317.6	369.9	466.1	836.0
35	12947.6	0.35	17479.3	499.4	611.8	1111.2
34	16979.9	0.35	22922.9	674.2	802.3	1476.5
33	22248.7	0.35	30035.7	910.2	1051.3	1961.4
32	29125.5	0.35	39319.5	1228.7	1376.2	2604.9
31	38090.8	0.35	51422.5	1658.8	1799.8	3458.6
30	49763.7	0.35	67161.0	2239.4	2351.3	4590.7
29	64941.7	0.35	87671.2	3023.1	3068.5	6091.6
28	84648.1	0.35	114274.9	4081.2	3999.6	8080.9
27	110133.7	0.35	148761.5	5509.7	5206.7	10716.3
26	143251.8	0.35	193389.9	7438.1	6768.6	14206.7
25	185951.8	0.35	251035.0	10041.4	8786.2	18827.6
24	240993.6	0.35	325341.3	13555.9	11386.9	24942.8
23	311785.5	0.35	420910.4	18300.5	14731.9	33032.3
22	402609.9	0.35	543523.4	24705.6	19023.3	43728.9
21	518817.8	0.35	700404.0	33352.6	24514.1	57866.7
20	667051.4	0.35	900519.4	45026.0	31518.2	76544.2
19	855493.4	0.35	1154916.2	60785.1	40422.1	101207.1
18	1094131.1	0.35	1477077.0	82059.8	51697.7	133757.5
17	1395017.1	0.35	1883273.1	110780.8	65914.6	176695.3
16	1772492.4	0.35	2392864.7	149554.0	83750.3	233304.3
15	2243310.7	0.35	3028469.4	201998.0	105996.4	307894.4
14	2826571.4	0.35	3815871.4	272562.2	133555.5	406117.7
13	3543309.2	0.35	4783467.4	367959.0	167421.4	535380.4
12	4415508.4	0.35	5960936.3	496744.7	208632.8	705377.5
11	5464191.6	0.35	7376658.7	670605.3	258183.1	928788.4
10	6706053.3	0.35	9053172.0	905317.2	316861.0	1222178.2
9	8147854.8	0.35	10999604.0	1222178.2	384986.1	1607164.4
8	9777425.8	0.35	13199524.8	1649940.6	461983.4	2111924.0
7	11549584.2	0.35	15591938.7	2227419.8	545717.9	2773137.7
6	13364518.8	0.35	18042100.4	3007016.7	631473.5	3638490.3
5	15035083.7	0.35	20297363.0	4059472.6	710407.7	4769880.3
4	16237890.4	0.35	21921152.0	5480288.0	767240.3	6247528.3
3	16440864.0	0.35	22195166.4	7398388.8	776830.8	8175219.6
2	14796777.6	0.35	19975649.8	9987824.9	699147.7	10686972.6
1	9987824.9	0.35	13483563.6	13483563.6	471924.7	13955488.3

ALLAR UPPHÆÐIR Í ÞÚSUNDUM KRÓNA.

Sþ. **311. Svar** [172. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Guðmundar Ágústssonar um lánveitingar Fiskveiðasjóðs til nýsmíða fiskiskipa erlendis.

Sjávarútvegsráðuneytið fór þess á leit við Fiskveiðasjóð að hann veitti því þær upplýsingar sem óskað væri í fyrirspurninni og fylgir hér svar Fiskveiðasjóðs Íslands:

„Vér teljum ekki unnt að veita upplýsingar um lánsfjárhæðir í hverju einstöku tilviki en tökum saman upplýsingar um hvert ár sem spurt er um.

Upphafleg samþykkt láns ræður því til hvaða árs skip er talið (í öllum töluliðum svars).

Allar fjárhæðir eru tilgreindar í milljónum króna og reiknaðar á verðlagi þess árs sem skip er talið til.

Þær upplýsingar, sem hér fara á eftir, eru tölusettar í samræmi við fyrrgreinda fyrirspurn. (Hér er átt við upphaflegar fjárhæðir án viðbótarlána.)

1.

Ár	*Fjöldi*	*Lánsfjárhæð*
1987	21	1740
1988	10	1034
1989	2	355

2.

Ár	*Fjöldi hækkunarbeiðna*	*Samþykktar beiðnir*	*Hafnað*	*Óafgr.*
1987	13	10	3	0
1988	6	0	1	5
1989	0	0	0	0

3.

Ár	*Samþykkt hækkun*	*Hlutfall af heildar-samþykktum ársins*
1987	215	12,4%
1988	0	0%
1989	0	0%

4. Þótt einstaka kostnaðarþættir hafi fallið til hérlendis eftir heimkomu skips eru þeir í öllum tilvikum, sem hér um ræðir, mjög óverulegir. Af þeim sökum höfum vér ekki greint slíka þætti sérstaklega frá í kostnaðaryfirlitum.
5. Með vísan til 4. tölul. er hér um óverulegar fjárhæðir að ræða.

Virðingarfyllst,
Fiskveiðasjóður Íslands.

Birgir Guðmundsson. *Ragnar Guðjónsson.*“

Ed. 312. Nefndarálit [180. mál]

um frv. til l. um viðauka við lög nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Til viðræðna voru kallaðir Sveinn Finnsson frá Fiskimálasjóði, Þorsteinn Gíslason fiskimálastjóri, Kristján Ragnarsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Már Elísson frá Fiskveiðasjóði og Ágúst Elíasson frá Samtökum fiskvinnslustöðva. Í viðræðum þessum kom fram sú skoðun að nauðsyn bæri til að lán væru einnig veitt af deildinni til markaðsmála og að deildinni væri markaður ákveðinn tekjustofn til styrkveitinga. Hefur meiri hl. nefndarinnar ákveðið að flytja breytingartillögu þar um.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Halldór Blöndal var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. des. 1989.

Stefán Guðmundsson, form., frsm. Karvel Pálmason. Guðmundur H. Garðarsson.

Jóhann Einvarðsson. Skúli Alexandersson.

Ed. 313. Breytingartillaga [180. mál]

við frv. til l. um viðauka við lög nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar (StG, SkA, KP, JE, GHG).

Við 1. gr. Greinin orðast svo:

Við Fiskveiðasjóð Íslands skal starfa sérstök þróunardeild er hefur það hlutverk að veita lán til markaðsmála, rannsókna og þróunarverkefna á öllum sviðum sjávarútvegs. Deildinni er heimilt að veita styrki í sama tilgangi. Í því skyni er stjórn Fiskveiðasjóðs heimilt að leggja deildinni árlega til allt að 1% af eigin fé sjóðsins.

Ed. 314. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til l. um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Umsagnir bárust frá útvegsmannafélögum Austfjarða, Norðurlands, Reykjavíkur, Snæfellsness, Suðurnesja og Vestfjarða, Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja, verkalýðsfélögunum á Snæfellsnesi og Alþýðusambandi Suðurlands. Til viðræðna voru fengnir Benedikt Valsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Óskar Vigfússon frá Sjómannasambandi Íslands, Ágúst Elíasson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Kristján Ragnarsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Karl Steinar Guðna-

son frá Verkamannasambandi Íslands, Logi Þormóðsson frá Fiskmarkaði Suðurnesja og Brynjólfur Bjarnason frá Granda hf.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. des. 1989.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Danfríður Skarphéðinsdóttir, fundaskr.	Jóhann Einvarðsson.
Halldór Blöndal.	Skúli Alexandersson.	Karvel Pálmason.
	Guðmundur H. Garðarsson.	

Ed. 315. Nefndarálit [164. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 15. ágúst 1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund til viðræðna um málið Róbert B. Agnarsson, framkvæmdastjóra Kísiliðjunnar hf., og Árna Einarsson frá Náttúrurannsóknastöðinni við Mývatn. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Margrét Frímannsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. des. 1989.

Karl Steinar Guðnason, form., frsm.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr., með fyrirvara.	Ey. Kon. Jónsson.
Stefán Guðmundsson.	Þorv. Garðar Kristjánsson.	Jón Helgason.

Ed. 316. Nefndarálit [180. mál]

um frv. til l. um viðauka við lög nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Minni hl. tekur undir nauðsyn þess að efla rannsóknir og þróunarstarf í íslenskum sjávarútvegi eins og er markmiðið með þessu frumvarpi.

Í athugasemdum með frumvarpinu segir m.a. um hlutverk þróunardeildar Fiskveiðasjóðs: „Deildin veiti lán eða styrki til rannsókna og þeirra nýjunga sem orðið gætu til að efla markaðsstöðu íslensks sjávarútvegs.“ Minni hl. vill benda á að ekki er síður nauðsynlegt að efla vöruþróun og fræðslu í íslenskum sjávarútvegi jafnframt því að efla markaðsstöðuna.

Á 110. löggjafarþingi fluttu þingmenn Kvennalistans fjölmargar breytingartillögur við frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (181. mál, þskj. 371). Tillögurnar gerðu ráð fyrir að 80% af leyfðum heildarafla yrði skipt milli byggðarlaga eða útgerðarstaða með hliðsjón af lönduðum heildarafla síðustu fimm ára. 20% heildaraflans skyldu renna í sameiginlegan sjóð og verða til sölu, leigu eða sérstakrar ráðstöfunar eftir ákveðnum reglum. Gjald byggðarlaga fyrir kvóta skyldi miðast við ákveðið meðalverð á afla upp úr sjó og tekjum af sölu eða leigu

veiðiheimilda varið til eftirtalinna verkefna: Í fyrsta lagi til fræðslu sem nýtist sjávarútvegi, fiskvinnsluskóla, símenntunar fiskvinnslufólks, sjómannafræðslu og öryggisfræðslu sjómanna. Í öðru lagi til rannsókna í tengslum við sjávarútveg, grunnrannsókna á lífríki sjávar, rannsókna á ónýttum og vannýttum tegundum, vöruþróunar í sjávarútvegi, markaðsöflunar og markaðshönnunar fyrir sjávarafurðir. Í þriðja lagi til verðlauna til handhafa veiðiheimilda fyrir sérstaka frammistöðu í nýtingu og meðferð aflans eða fyrir lofsverðan aðbúnað starfsfólks.

Tillögur Kvennalistans eru því nokkuð víðtækari en ráð er fyrir gert í frumvarpi þessu. Tekjustofn til þessara verkefna er í tillögum Kvennalistans tryggður með veiðileyfasjóði en frumvarp þetta gerir einungis ráð fyrir heimild, en ekki skyldu til handa Fiskveiðasjóði til að veita þróunardeild lán eða styrki.

Að mati minni hl. er frumvarpið þó spor í rétta átt og mun minni hl. því styðja það.

Alþingi, 14. des. 1989.
Danfríður Skarphéðinsdóttir,
fundaskr.

Sþ. 317. Þingsályktun [3. mál]

um varnir gegn mengun frá fiskeldi.

(Afgreidd frá Sþ. 14. des.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að móta samræmdar reglur um starfsleyfi fyrir fiskeldisstöðvar og um eftirlit og rannsóknir á mengunarhættu frá þeim. Jafnframt verði athugað hvort þörf sé á lagasetningu vegna mengunar frá fiskeldi.

Sþ. 318. Þingsályktun [152. mál]

um tæknifrjóvganir.

(Afgreidd frá Sþ. 14. des.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja hið fyrsta fyrir Alþingi frumvarp til laga um tæknifrjóvganir, m.a. að því er varðar réttarstöðu og tryggingamál þeirra sem hlut eiga að máli.

Nd. 319. Lög [194. mál]

um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar.

(Afgreidd frá Nd. 14. des.)

Samhljóða þskj. 267.

Nd. 320. Frumvarp til laga [180. mál]

um viðauka við lög nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed., 14. des.)

1. gr.

Við Fiskveiðasjóð Íslands skal starfa sérstök þróunardeild er hefur það hlutverk að veita lán til markaðsmála, rannsókna og þróunarverkefna á öllum sviðum sjávarútvegs. Deildinni er heimilt að veita styrki í sama tilgangi. Í því skyni er stjórn Fiskveiðasjóðs heimilt að leggja deildinni árlega til allt að 1% af eigin fé sjóðsins.

2. gr.

Lán úr þróunardeild skulu veitt gegn þeim tryggingum sem stjórn Fiskveiðasjóðs metur fullnægjandi og er hún í þeim efnum óbundin af ákvæðum 11. og 12. gr. laga nr. 44/1976.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur reglur um lán- og styrkveitingar úr deildinni.

4. gr.

Deildin tekur yfir eignir og skuldir Fiskimálasjóðs. Skal yfirtakan miðast við stöðu eigna og skulda þann 31. desember 1989.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 89 5. júní 1947, um Fiskimálasjóð, sbr. 5. gr. laga nr. 27 17. maí 1976, lög nr. 10 11. mars 1971 og lög nr. 104 29. des. 1980.

Ed. 321. Nefndarálit [208. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með lögum nr. 50/1988 var ákveðið að virðisaukaskattur skyldi tekinn upp í stað söluskatts hinn 1. júlí 1989. Með lögum nr. 110/1988 var ákveðið að fresta gildistöku skattsins til 1. janúar 1990.

Samkvæmt þeim gögnum, sem lágu fyrir við samþykkt laganna, átti virðisaukaskattur að leiða til einföldunar í skattlagningu, réttlátari skattheimtu og skilvirkari innheimtu. Átti skatturinn ekki að mismuna atvinnugreinum þar sem virðisaukaskattur er hreinn neysluskattur sem leggst með sama hætti á alla kaupendur vöru og þjónustu — ríki, sveitarfélög og almenning. Þá var gert ráð fyrir að allt skatteftirlit yrði auðveldara vegna þess eðlis skattsins að í honum felist sjálfvirkt innbyggt eftirlit.

Með frumvarpi því, sem nefndin fékk til umfjöllunar, er kveðið á um ýmsar tæknilegar útfærslur og breytingar, svo og um ýmsar undanþágur, og er sú ákvörðun að undanþiggja bækur virðisaukaskatti viðamest. Til viðræðna um frumvarpið og hvernig breytingarnar falla að lögunum fékk nefndin eftirtalda aðila á sinn fund: Árna Reynisson frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Vilhjálm Egilsson frá Verslunarráði Íslands, Hallgrím Snorrason hagstofustjóra, Ólaf Davíðsson frá Félagi íslenskra iðnrekenda, Þóri Guðjónsson frá Félagi bókagerð-

armanna, Ernu Hauksdóttur og Wilhelm Wessman frá Sambandi veitinga- og gistihúsa, Svein Hjört Hjartarson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Þórarin V. Þórarinsson og Ólaf Hjálmarsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Þórleif Jónsson, Harald Sumarliðason og Guðlaug Stefánsson frá Landssambandi iðnaðarmanna, Gunnar Björnsson frá Meistara- og verktakasambandi byggingarmanna, Heiðar Ástvaldsson og Báru Magnúsdóttur frá Dansráði Íslands, Ásmund Stefánsson og Ara Skúlason frá Alþýðusambandi Íslands, Georg Ólafsson verðlagsstjóra, Sveinbjörn Egilsson og Andra Hrólfsson, frá Flugleiðum innanlandsdeild, Jón G. Tómasson frá Reykjavíkurborg, Sigurgeir Sigurðsson og Magnús E. Guðjónsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Birgi Sigurjónsson og Pál Halldórsson frá Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Ögmund Jónasson, Björn Arnórsson og Sigurð Jóhannesson frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Pétur Stefánsson, Ólaf Erlingsson og Guðrúnu Zoëga, frá Félagi ráðgjafarverkfræðinga, Kristin G. Jónsson og Val Þorvaldsson frá Svínaræktunarfélagi Íslands, Bjarna Á. Jónsson frá Félagi kjúklingabænda, Eirík Einarsson og Geir Gunnar Geirsson frá Félagi eggjaframleiðenda, Hörð Bergmann og Torfa Hjartarson frá Hagþenki, félagi höfunda fræðirita og kennslugagna, Pálma Kristinsson og Gunnar Birgisson frá Verktakasambandinu, Gest Jónsson frá Lögmannafélagi Íslands, Árna Tómasson og Tryggva Jónsson frá Félagi löggiltra endurskoðenda, Hauk Halldórsson, Hákon Sigurgrímsson og Gunnlaug Júlíusson frá Stéttarsambandi bænda, Eirík Þorbjörnsson frá Sambandi íslenskra rafveitna, Maríu Jónu Gunnarsdóttur frá Sambandi íslenskra hitaveitna og Ágúst Elíasson frá Samtökum fiskvinnslustöðva.

Nefndinni til ráðuneytis og aðstoðar voru Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri, Jón Guðmundsson og Ólafur Ólafsson frá embætti ríkisskattstjóra, Snorri Olsen, Bolli Þór Bollason og Maríanna Jónasdóttir frá fjármálaráðuneyti og Lárus Ögmundsson frá Ríkisendurskoðun. Lögð voru fram gögn frá fjármálaráðuneyti um áhrif virðisaukaskatts á tekjur ríkissjóðs og áhrif á verðlag í landinu, útgefnar reglugerðir, ásamt öðrum gögnum, þar á meðal orðsendingu frá Ríkisendurskoðun.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til frumvarpsins. Meiri hl. nefndarinnar leggur til eftirtaldar breytingar:

Íslenskar kvikmyndir verði undanþegnar virðisaukaskatti til þess að efla íslenska kvikmyndagerð og menningu. Þar sem gert er ráð fyrir því að útgáfa tímarita og blaða teljist ekki til skattskyldrar veltu álítur meiri hl. að öll blaða- og útgáfustarfsemi skuli einnig falla undir ákvæðið. Þá telur meiri hl. rétt, til einföldunar og vegna tæknilegra örðugleika, að öll sala á orku til húshitunar verði undanþegin virðisaukaskatti, svo og sala laugarvatns. Meiri hl. telur rétt að endurgreiðsla til húsbyggjenda skuli verðbætt og því leggur meiri hl. til að það komi skýrt fram í ákvæðum laganna. Þá eru tekin af öll tvímæli um skyldu til endurgreiðslu virðisaukaskatts til húsbyggjenda.

Meiri hl. nefndarinnar hefur farið vandlega yfir athugasemdir þeirra aðila sem fyrir nefndina hafa komið og leggur áherslu á að við þær yfirlýsingar, sem gefnar hafa verið af hálfu ríkisstjórnarinnar, verði staðið og afgreiðir meiri hl. frumvarpið á þeirri forsendu. Samkvæmt yfirlýsingu fjármálaráðherra skal fara fram vinna við gerð frumvarps um réttarþjónustu fyrir þá einstaklinga sem ekki hafa bolmagn til að leita sér lögfræðiaðstoðar. Þá telur meiri hl. mikilvægt að virðisaukaskattur komi ekki með fullum þunga á starfsemi sveitarfélaga. Tekur meiri hl. því undir bréf fjármálaráðherra frá 7. des. 1989 um að virðisaukaskattur, sem sveitarfélögin greiða af sorphreinsun, ræstingu og þjónustu sérfræðinga verði endurgreiddur þeim. Meiri hl. telur með hliðsjón af því að ríkissjóði er heimilt að beita mjög hörðum aðgerðum vegna vanskila á virðisaukaskatti að nauðsynlegt sé að settar verði um það skýrar reglur að ríkisfyrirtæki og stofnanir ríkisins borgi dráttarvexti af viðskiptaskuldum sínum eftir þeim reglum sem almennt gilda um slík viðskipti. Jafnframt er brýnt að settar verði

afdráttarlausar reglur sem komi í veg fyrir að forsvarsmenn ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja stofni til viðskiptaskulda sem ekki fást greiddar vegna skorts á fjárlagaheimildum. Í tengslum við gjaldfrest á greiðslu aðflutningsgjalda í tolli vill meiri hl. taka fram að mikilvægt er að slíkur gjaldfrestur verði veittur að því er varðar aðföng innlendrar framleiðslu og olíuviðskipti. Þá telur meiri hl. brýnt að fjármálaráðuneytið kanni kosti þess að veita gjaldfrest almennt í innflutningi og gæti sú breyting átt sér stað í nokkrum áföngum til að milda áhrifin á greiðslustöðu ríkissjóðs.

Meiri hl. nefndarinnar vill til áréttingar taka fram að hann lítur svo á að nýsmíði skipa falli undir 6. tölul. 1. mgr. 12. gr. gildandi laga um virðisaukaskatt.

Afar brýnt er í tengslum við þessar miklu kerfisbreytingar sem felast í upptöku virðisaukaskatts að skattyfirvöld leiðbeini fyrirtækjum og einstaklingum fyrst í stað við bókhald og gerð framtala og grípi ekki til harðra refsiaðgerða meðan kerfisbreytingin gengur yfir. Meiri hl. leggur áherslu á strangt verðlagseftirlit við upptöku virðisaukaskattsins.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 14. des. 1989.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
	Eiður Guðnason.	

Ed. 322. Breytingartillögur [208. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (GuðmÁ, JE, EG, SkA).

1. Við 1. gr. Á eftir orðinu „tónleikum“ í d-lið bætast við orðin: íslenskum kvikmyndum.
2. Við 6. gr.
   a. Orðið „sambærilegra“ í a-lið falli brott.
   b. Efnismálsliður c-liðar orðist svo: Sala á heitu vatni, rafmagni og olíu til hitunar húsa og laugarvatns.
3. Við 13. gr. 2. mgr. a-liðar (ný 42. gr.) orðist svo:
   Endurgreiða skal byggjendum íbúðarhúsnæðis virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað. Endurgreiðslan skal gerð á grundvelli framlagðra reikninga, eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti, og vera verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu. Jafnframt skal endurgreiða eigendum íbúðarhúsnæðis virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt af vinnu manna við endurbætur þess, enda sé heildarkostnaður a.m.k. 7% af fasteignamati húseignarinnar í ársbyrjun. Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara endurgreiðslna. Á sama hátt skal í reglugerð kveðið á um endurgreiðslu ákveðins hutfalls virðisaukaskatts af verksmiðjuframleiddum íbúðarhúsum.

Ed. 323. Frumvarp til laga [234. mál]

um skattskyldu orkufyrirtækja.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

1. gr.

Orkufyrirtæki skulu, með þeim takmörkunum er síðar greinir, skyld til þess að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað, í samræmi við ákvæði laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Til skattskyldra orkufyrirtækja samkvæmt lögum þessum teljast héraðsrafmagnsveitur, sbr. IV. kafla orkulaga nr. 58/1967, hitaveitur, sbr. V. kafla þeirra laga, Rafmagnsveitur ríkisins, sbr. IX. kafla þeirra laga, Hitaveita Reykjavíkur, sbr. lög nr. 38/1940, Hitaveita Suðurnesja, sbr. lög nr. 100/1974, Orkubú Vestfjarða, sbr. lög nr. 66/1976, Landsvirkjun, sbr. lög nr. 42/1983, og Andakílsárvirkjun.

Skattskyldan tekur til þessara aðila sem lögaðila skv. 2. gr. laga nr. 75/1981 þrátt fyrir undanþáguákvæði 4. gr. sömu laga eða ákvæði annarra laga sem kunna að hafa undanþegið einstök orkufyrirtæki og stofnanir opinberum gjöldum og sköttum.

2. gr.

Sé orkufyrirtæki lagt niður þannig að það sé algjörlega sameinað öðru slíku fyrirtæki, ríkisstofnun eða hlutafélagi þá skulu slitin sjálf ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann aðila sem við tekur og heldur ekki fyrir þann sem slitið var. Við slíkan samruna skal sá aðili, er við tekur, taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum þess orkufyrirtækis sem slitið var.

3. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1991 vegna tekna á árinu 1990. Ákvæði til bráðabirgða IV kemur þó til framkvæmda í fyrsta skipti vegna tekna á árinu 1989.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Á árinu 1990 skulu aðilar, sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum þessara laga, framkvæma endurmat á þeim fyrnanlegu eignum, sbr. 32. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sem voru í eigu þeirra í byrjun þess árs.

Endurmatið skal framkvæma þannig að kostnaðarverði (stofnverði) skal breytt eftir verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár. Kostnaðarverð, þannig framreiknað, myndar fyrningargrunn sem fyrning reiknast af, í fyrsta sinn á árinu 1990.

Til frádráttar framreiknuðu stofnverði reiknast sá hundraðshluti fyrninga af stofnverðinu sem um getur í 38. gr. laga nr. 75/1981, eftir því sem við á, hvert ár frá og með kaup- eða byggingarári til ársloka 1989. Samtala þessara fyrninga telst fengin heildarfyrning, en hún skal þó aldrei vera hærri en 90% af framreiknuðu stofnverði, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1981.

Mismunur fyrningargrunns, sbr. 2. mgr. þessa ákvæðis, og framreiknaðra fyrninga, sbr. 3. mgr., telst eftirstöðvar fyrningarverðs. Fyrningargrunnur og fengnar fyrningar breytast síðan árlega, sbr. 26. gr. laga nr. 75/1981.

Ríkisskattstjóri skal reikna verðbreytingarstuðul fyrir eignir sem aðili skv. 1. mgr. þessa bráðabirgðaákvæðis hefur eignast á árunum 1975 til 1989. Stuðullinn reiknast í samræmi við

ákvæði 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV í lögum nr. 75/1981, sbr. 26. gr. sömu laga. Hafi skattaðili eignast fyrnanlegar eignir skv. 1., 3., 4. eða 5. tölul. 32. gr. laga nr. 75/1981, fyrir ársbyrjun 1975, skulu þær ekki endurmetnar samkvæmt þessu ákvæði. Þegar endurmetnar eru eignir skv. 2. tölul. greindrar 32. gr. sem verið hafa í eigu skattaðila í fimmtán ár eða lengur skal ríkisskattstjóri reikna stuðul til notkunar í því sambandi, og skal hann hafa sömu viðmiðun og um getur í upphafi þessarar málsgreinar. Liggi byggingarvísitala ekki fyrir skal stuðullinn reiknaður eftir hliðstæðum upplýsingum og skal ríkisskattstjóri hafa samráð við Hagstofu Íslands við útreikninginn.

Endurmatsverð mannvirkja, sbr. 2. tölul. 32. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, er skattaðila heimilað að ákveða jafnt gildandi fasteignamati í árslok 1990 í stað framreiknaðs kostnaðarverðs (stofnverðs). Sé þessi heimild notuð myndar fasteignamatið nýjan fyrningargrunn. Sé fasteignamatið notað sem fyrningargrunnur samkvæmt þessari málsgrein reiknast ekki fyrningar skv. 3. mgr. þessa bráðabirgðaákvæðis fyrir liðinn tíma.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi má víkja frá skyldu til endurmats samkvæmt ákvæði þessu að því er varðar eignir skv. 1., 3., 4. og 5. tölul. 32. gr. laga nr. 75/1981 og veitir ríkisskattstjóri heimild til slíkra frávika.

Reglur þessa ákvæðis gilda einnig um endurmat ófyrnanlegra eigna eftir því sem við á. Aðilar skv. 1. mgr. þessa ákvæðis, sem eiga eignir í ársbyrjun 1990 sem ber að endurmeta, skulu senda skattstjóra, eigi síðar en með skattframtali 1991, greinargerð um endurmatið í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Endurmatsbreyting samkvæmt þessu ákvæði telst ekki til tekna heldur færist í sérstakan reikning, endurmatsreikning, sem telst til eigin fjár.

II.

Við ákvörðun á söluhagnaði eigna, sem skattaðili skv. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I hefur eignast fyrir árið 1990, skal stofnverð þeirra framreiknað eftir sömu verðbreytingarstuðlum og með sama hætti og endurmetið er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I, eftir því sem við á. Eftir þann tíma gilda ákvæði 26. gr. laga nr. 75/1981, um beitingu verðbreytingarstuðuls. Sé um sölu á fyrnanlegum eignum að ræða fer á sama hátt um framreikning fyrninga umræddra eigna.

Þegar eignir skv. 1., 3., 4. og 5. tölul. 32. gr. laga nr. 75/1981, sem aðili eignast fyrir ársbyrjun 1975, eru seldar skal framreikna stofnverð þeirra frá kaupári til söluárs með verðbreytingarstuðli kaupárs og telst söluhagnaður þá mismunur á söluverði og 10% af þannig framreiknuðu stofnverði.

Nú hefur ríkisskattstjóri veitt undanþágu frá endurmati eigna, sbr. 7. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I, og telst þá söluverð þeirra að fullu til tekna á söluári.

III.

Aðilar, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. þessara laga, skulu reikna verðbreytingarfærslu skv. 53. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, í fyrsta sinn vegna ársins 1990, miðað við stöðu eigna og skulda í lok ársins 1989.

IV.

Á árinu 1990 skulu skattskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum greiða sérstaka fyrirframgreiðslu vegna væntanlegrar álagningar skatta samkvæmt lögum þessum. Kemur hún í stað fyrirframgreiðslu skv. 110. gr. laga nr. 75/1981.

Stofn sérstakrar fyrirframgreiðslu skal vera nettótekjur viðkomandi fyrirtækis á árinu 1989. Skal fyrirframgreiðslan innt af hendi á tímabilinu ágúst til desember 1990 með fimm jöfnum greiðslum. Gjalddagi fyrirframgreiðslunnar er 15. dagur hvers mánaðar og eindagi 10

dögum síðar. Greiðslu skal fylgja greinargerð skattskylds aðila í því formi er fjármálaráðuneytið ákveður.

Ákvæði laga um launaskatt, að því er varðar vanskil, viðurlög vegna vanskila, könnun á skilum, ákvörðun skila vegna vanrækslu eða vanskila á greinargerð, greiðsluskrár, kærufresti, úrskurði á kærum og áfrýjun þeirra, skulu gilda um fyrirframgreiðslu skv. 2.–5. mgr. eftir því sem við á.

Fyrirframgreiðsla hvers mánaðar skal nema 10% af stofni og skal hún ganga upp í álagningu á árinu 1991 vegna tekna ársins 1990.

Komi í ljós við álagningu 1991 að skattskyldur aðili hafi greitt meira í fyrirframgreiðslu en nemur álögðum gjöldum samkvæmt lögum þessum skal ríkissjóður þegar endurgreiða það sem umfram er. Reynist álögð gjöld hærri en fyrirframgreiðsla skal það sem vangreitt er innt af hendi með jöfnum mánaðarlegum greiðslum fyrsta hvers mánaðar það sem eftir lifir álagningarársins.

Frá og með gjaldárinu 1991 skal fara um greiðslur aðila, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, eftir ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, með síðari breytingum. Ákvæði þess kafla gilda einnig um innheimtu á mismun álagningar og fyrirframgreiðslu á árinu 1990, eftir því sem við getur átt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með samþykkt ríkisstjórnarinnar 30. nóv. sl. var ákveðið að leggja til að felld yrði niður undanþága orkufyrirtækja frá tekjuskatti. Með þessari ákvörðun er enn fækkað undanþágunum frá tekjuskatti fyrirtækja, en rétt er að minnast þess að stutt er síðan allir bankar og peningastofnanir voru undanþegin tekjuskatti og eignarskatti.

Enda þótt það kunni að hafa verið færð fyrir því ákveðin rök á sínum tíma að undanþiggja orkufyrirtæki tekjuskatti eru skilin milli þessara fyrirtækja og annarra fyrirtækja, sem era að fullu skattskyld, ekki glögg. Orkufyrirtæki greiða t.d. launaskatt og önnur launatengd gjöld, söluskatt af rekstrarvörum og fleiri gjöld af því tagi. Auk þess er rétt að hafa í huga að auk opinberra orkufyrirtækja standa einstaklingar að félögum um byggingu og rekstur hitaveitna sem eru skattskyld með venjulegum hætti.

Í frumvarpi þessu er gerð tillaga um að skattskyldan taki fyrst til rekstrarársins 1990 og álagning fari fram þess vegna 1991. Jafnframt er þó gert ráð fyrir að innheimt verði fyrirframgreiðsla vegna þessarar álagningar á síðari hluta árs 1990. Fyrirframgreiðslan taki mið af framtöldum tekjum ársins 1989. Hér er í reynd fetað í sömu fótspor og gert var með bankana á sínum tíma.

Með þessum aðdraganda er fyrirtækjunum gefið tækifæri til að laga bókhald og uppgjörsvenjur að breytingunni þannig að reikningsskil þeirra verði í samræmi við skattareglur.

Vakin er á því athygli að ekki er að svo stöddu gerð tillaga um að fella niður undanþágu orkufyrirtækja frá eignarskatti, enda eignamyndunin talsvert stærri í sniðum en gengur og gerist. Þennan þátt þarf því að skoða sérstaklega.

Gert er ráð fyrir því að fyrirframgreiðsla skattsins á næsta ári skili a.m.k. 250 m.kr. í ríkissjóð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að orkufyrirtæki verði skattskyld til tekjuskatts með sama hætti og almennir rekstraraðilar. Ekki er ætlað að þau verði eignarskattsskyld. Um skattlagningu skulu gilda öll ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt. Leiðir þessi regla til þess að

orkufyrirtækjum ber að haga reikningsskilum sínum með þeim hætti er skattalög áskilja, m.a. að því er varðar ákvörðun um hvað teljist tekjur og gjöld. Reglur almennra skattalaga um endurmat eigna, fyrningar, söluhagnað og verðbreytingarfærslur koma því til með að gilda um skattaleg reikningsskil orkufyrirtækja. Einnig eiga við almennar reglur um framtalsskil, álagningu, yfirferð og úrskurði á sama hátt og hjá öðrum lögaðilum. Sama á og við um greiðslur skatta, gjalddaga og innheimtu.

Í 2. mgr. eru þeir aðilar, stofnanir og fyrirtæki tilgreind er skattskyld verða. Hér er um að ræða öll fyrirtæki er selja orku hvort sem um er að ræða raforku eða varmaorku. Rafmagnsveitur og hitaveitur eru háðar eftirliti og leyfum frá iðnaðarráðuneyti samkvæmt orkulögum, nr. 50/1967, og á því að liggja ljóst fyrir hvaða stofnanir og fyrirtæki starfa á því sviði sem hér er til umfjöllunar. Hitaveita Reykjavíkur, Landsvirkjun, Orkubú Vestfjarða og Andakílsárvirkjun starfa eftir sérstökum lögum. Ljóst er að um er að ræða fjölbreyttan hóp aðila, allt frá tiltölulega smáum héraðsrafveitum til stórfyrirtækja á borð við Hitaveitu Reykjavíkur og Landsvirkjun.

Í 3. mgr. eru tekin af öll tvímæli um að skattfrelsisákvæði, 4. gr. skattalaga um opinberar stofnanir og fyrirtæki í eigu hins opinbera o.s.frv., svo og annarra laga, eigi ekki við lengur varðandi orkufyrirtæki.

Um 2. gr.

Hér er að finna ákvæði er samsvarar reglum þeim er settar eru í 56. og 57. gr. laga nr. 75/1981, um sameiningu félaga. Rétt þykir að hafa í lögum sambærilega heimild er taki til stofnana þeirra er hér um ræðir.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa, en gera verður ráð fyrir að ráðherra eigi þess kost að útfæra í reglugerð nánar ýmsa þætti er snerta framkvæmd og fyrirkomulag skattlagningarinnar.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I–III.

Með ákvæðum til bráðabirgða I, II og III er gert ráð fyrir að fram fari endurmat eigna, jafnt mannvirkja sem lausafjár er mynda fyrningarstofn hjá hinum skattskyldu aðilum. Er þessum atriðum hér skipað á sama hátt og gert var við upptöku núverandi fyrirkomulags skattalegra ársreikninga. Einnig eru sérákvæði um ákvörðun á söluhagnaði og sérstaklega tekið á því með hvaða hætti skuli haga verðbreytingarfærslu.

Ljóst er að reikningsskil og framsetning ársreikninga orkufyrirtækja er á ýmsan hátt frábrugðin reikningsskilum og þeirri framsetningu er við eiga í skattskilum almennra fyrirtækja. Óhjákvæmilegt er að samræma þessi atriði skattalögum og er endurmatið o.fl. liður í þeirri samræmingu. Ýmsar eignir orkufyrirtækja, t.d. orkuvirki, lagnir og sérhæfður búnaður, eru sérstaks eðlis og án almenns markaðsgildis en eigi að síður er rétt að hefðbundnum aðferðum skattskila sé beitt við ákvörðun á fyrningarverði þeirra, stofnverði til ákvörðunar á söluhagnaði o.s.frv.

Um ákvæði til bráðabirgða IV.

Hér er sett fram regla um fyrirframgreiðslu er til fellur á árinu 1990. Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 324. Skýrsla [235. mál]

forsætisráðherra um störf Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina.

(Lögð fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

Í frumvarpi til laga um breyting á lánsfjárlögum fyrir árið 1989 er gert ráð fyrir að ríkissjóði verði heimilað að taka sem svarar 900 milljónum króna að láni erlendis til þess að endurlána Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina. Af því tilefni óskaði forsætisráðherra upplýsinga frá stjórn sjóðsins um störf hans og greinargerðar um lán og lánsloforð miðað við 30. nóvember 1989 til þess að geta gefið Alþingi skýrslu um málið. Stjórn Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina var skipuð hinn 10. október 1988 í samræmi við 4. gr. bráðabirgðalaga um efnahagsaðgerðir nr. 83 frá 28. september 1988 og áttu í henni sæti: Gunnar Hilmarsson formaður, Kristján Skarphéðinsson, tilnefndur af sjávarútvegsráðherra, Pétur Sigurðsson, tilnefndur af viðskiptaráðherra, Jóhann Antonsson, tilnefndur af fjármálaráðherra, og Björn Björnsson, tilnefndur af iðnaðarráðherra.

Við meðferð bráðabirgðalaganna á Alþingi var ákvæðinu um stjórn sjóðsins breytt á þann veg, að stjórnarmönnum fjölgaði í átta og skulu þrír þeirra skipaðir að höfðu samráði við formenn þingflokka. Ný stjórn var fullskipuð í samræmi við 4. gr. laga nr. 9 frá 2. mars 1989 í nóvembermánuði og var þá einnig gengið frá skipan nýs manns í stað Björns Björnssonar, sem sagði af sér. Í aðalstjórn eiga nú sæti: Gunnar Hilmarsson stjórnarformaður, Kristján Skarphéðinsson, tilnefndur af sjávarútvegsráðherra, Pétur Sigurðsson, tilnefndur af viðskiptaráðherra, Hólmgeir Jónsson, tilnefndur af iðnaðarráðherra, Jóhann Antonsson, tilnefndur af fjármálaráðherra, Guðmundur Sigurðsson, tilnefndur af forsætisráðherra, Drífa Sigfúsdóttir, tilnefnd af forsætisráðherra, og Páll Gústafsson, tilnefndur af forsætisráðherra.

Sérstök samstarfsnefnd lánastofnana atvinnuveganna og Byggðastofnunar gerir tillögur um lánveitingar til stjórnar Atvinnutryggingarsjóðs og er henni til ráðuneytis. Var samstarfsnefndin skipuð í október 1988 og eiga í henni sæti: Guðmundur Malmquist, tilnefndur af Byggðastofnun, Helgi Bachmann, tilnefndur af Sambandi ísl. viðskiptabanka, Svavar Árnason, tilnefndur af Fiskveiðasjóði, Stefán Melsted, tilnefndur af Iðnlánasjóði, Leifur Kr. Jóhannesson, tilnefndur af Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Samkvæmt upplýsingum stjórnar Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina tók hún fljótlega þá ákvörðun að einbeita sér að tveimur meginatriðum:

A. **Að skuldbreyta lánum.** Það hefur einkum falist í því að breyta erfiðum og dýrum skammtíma- og vanskilaskuldum í langtímalán (10 til 12 ára lán) með lægstu vöxtum. Með því hefur veltufjárstaða fyrirtæka færst til betri vegar. Í lok nóvembermánaðar, tæpu ári eftir að skuldbreytingar hófust, hafa verið gefin út lánsloforð fyrir **5.138.300.000 kr.**

B. **Að auka eigið fé/lækka skuldir.** Fyrst og fremst hefur það verið gert með því að lána til hlutafjáraukningar í fyrirtækjum en einnig með lánum til eignasölu. Lánsloforð eru nú **1.229.600.000 kr.**

Lánsfjárloforð, sem gefin hafa verið síðustu vikur eru öll með fyrirvara um að fallist verði á þá viðbótarheimild til þess að taka lán erlendis, sem gerð er tillaga um í frumvarpi til lánsfjárlaga. Lán til fyrirtækja, sem notið hafa fyrirgreiðslu Atvinnutryggingarsjóðs, eru ekki viðbótarlán. Annars vegar er dýrum og erfiðum skuldum breytt í hagstæð langtímalán og hins vegar er lagt til viðbótar hlutafé og skuldakaupa- og eignasölulán, sem lækka skuldirnar.

Í svari stjórnar Atvinnutryggingarsjóðs til forsætisráðherra kemur fram, að faglegt mat hafi verið lagt á allar umsóknir til sjóðsins og hafi það mat leitt til þess að hafna varð mörgum umsóknum, þar sem rekstrargrundvöllur var ekki fyrir hendi. Tilkoma Hlutafjársjóðs Byggðastofnunar hafi þó leitt til þess, að sum þessara fyrirtækja, sem eru máttarstoðir í sínum byggðarlögum, gátu leitað til Atvinnutryggingarsjóðs á ný og fengið jákvæða afgreiðslu.

Einnig hafi stjórnvöld skapað útflutningsgreinunum betra rekstrarumhverfi með leiðréttingu á gengi og lækkun vaxta.

Þá segir stjórn Atvinnutryggingarsjóðs: *„Ekki er nokkur efi í okkar huga sem höfum unnið í þessu undanfarið ár að nokkrir tugir stórra sjávarútvegsfyrirtækja væru lokuð í dag ef ekki hefði til komið starf þessara sjóða og þær aðgerðir stjórnvalda sem áður eru nefndar. Það rekstrarumhverfi sem útflutningsgreinum var búið á árunum 1987 og 1988, sérstaklega, var búið að koma þessum fyrirtækjum í algjört þrot, fyrst og fremst vegna gífurlegs fjármagnskostnaðar og rangrar gengisskráningar þó fleira kæmi til. Aðgerðir stjórnvalda til þessa hafa forðað þjóðinni frá efnahagshruni og gífurlegu atvinnuleysi, þó aldrei verði að fullu komist hjá einhverjum áföllum.*

Ljóst er af þeim milliuppgjörum fyrirtækja sem borist hafa á þessu ári að verulega stefnir í rétta átt. Enda hafa forráðamenn þessara fyrirtækja ítrekað staðfest að aðstoð sjóðsins hafi skipt sköpum fyrir þau, þó lítið hafi farið fyrir því opinberlega.“

Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina mun ljúka verki sínu á næstu mánuðum og mun hann ekki taka við nýjum umsóknum eftir 31. desember nk. Hér fara á eftir upplýsingar stjórnar sjóðsins um lán og lánsloforð frá 30. nóvember 1989.

Hjálagt fylgir skýrsla yfir stöðu lánveitinga hjá sjóðnum skipt eftir fyrirtækjum, einstökum sveitarfélögum og kjördæmum.

Heildarupphæð lánveitinga **6.367.900.000,00 kr.**

Lánin skiptast svo:

Hagræðingarlán, hlutafé, eignasala . . . . . 1.229.600.000,00 kr.
Skuldbreytingalán/skuldkaupalán . . . . . 5.138.300.000,00 kr.

Þess ber að geta að við endanlegan frágang lána geta tölur breyst lítillega og tilfærslur orðið milli lánaflokka.

Sömuleiðis að allmörg lán, sem samþykkt hafa verið síðustu vikur, eru með fyrirvara um að aukið fjármagn fáist til sjóðsins.

Skipting milli sveitarfélaga og landshluta.

REYKJAVÍK

	Skuldbreytingar/ skuldkaupalán kr.	Hagræðingarlán/ hlutafé/eignasala kr.
1. Grandi hf.	72.500.000,00	
2. Lýsi hf.		10.000.000,00
3. Hampiðjan	20.000.000,00	
4. Hraðfrystistöðin í Reykjavík	80.000.000,00	
5. Íslenska fiskeldisfélagið	50.000.000,00	15.000.000,00
6. Fiskafurðir hf.	8.000.000,00	
7. Plastprent hf.		12.000.000,00
8. Sindra-Stál hf.	6.000.000,00	
9. Traust-verksmiðja hf.		10.000.000,00
10. Fiskanaust hf.	30.000.000,00	9.000.000,00
11. Ingimundur hf.	100.000.000,00	15.000.000,00
Samtals	**366.500.000,00**	**71.000.000,00**
Reykjavík alls	**437.500.000,00**	

REYKJANESKJÖRDÆMI

	Skuldbreytingar/ skuldkaupalán kr.	Hagræðingarlán/ hlutafé/eignasala kr.
Hafnarfjörður:		
1. Vilhjálmur Sveinsson	1.800.000,00	
2. Hvaleyri hf.	60.000.000,00	40.000.000,00
3. Norðurstjarnan hf.	4.700.000,00	
4. Valfóður hf.		4.000.000,00
5. Sjólastöðin hf.	80.000.000,00	12.000.000,00
6. Skerseyri	40.000.000,00	20.000.000,00
Samtals	**186.500.000,00**	**76.000.000,00**
Kópavogur:		
1. Axis hf.	**6.000.000,00**	
Keflavík:		
1. Hákon & Hilmar hf.	3.000.000,00	10.000.000,00
2. Ísnes hf.		10.000.000,00
3. Arnar hf.	3.000.000,00	4.000.000,00
4. Happasæll hf.	11.000.000,00	
5. Óskar Ingibertsson	7.000.000,00	
6. Saltver hf.	17.000.000,00	
7. Stafnes hf.		8.000.000,00
8. Örn & Þorsteinn Erlingssynir	15.000.000,00	
9. Fiskverkunarstöð Jóh. Jóhannessonar	5.000.000,00	10.000.000,00
10. Axel Pálsson hf.	6.000.000,00	4.000.000,00
Samtals	**67.000.000,00**	**46.000.000,00**
Grindavík:		
1. Þorbjörn hf.	29.100.000,00	
2. Fiskimjöl & lýsi hf.	30.000.000,00	
3. Hópsnes hf.	24.100.000,00	
4. Hraðfrystihús Þórkötlustaða	30.000.000,00	
5. Vísir hf.	27.000.000,00	
Samtals	**140.200.000,00**	
Njarðvík:		
1. Brynjólfur hf.	**26.000.000,00**	

	Skuldbreytingar/ skuldkaupalán kr.	Hagræðingarlán/ hlutafé/eignasala kr.
Sandgerði:		
1. Andrés Á. Baldursson	4.000.000,00	
2. Gullá hf.	6.000.000,00	3.000.000,00
3. Fiskverkun J. Guðbrandssonar		12.000.000,00
4. Miðnes hf.	72.500.000,00	
5. Rafn hf.	66.000.000,00	52.000.000,00
7. Bátsendar hf.		3.000.000,00
8. Njörður hf.	40.000.000,00	
Samtals	**218.500.000,00**	**70.000.000,00**
Gerðahreppur:		
1. M. Björgvinsson	10.000.000,00	
2. Nesfiskur hf.	22.000.000,00	12.000.000,00
Samtals	**32.000.000,00**	**12.000.000,00**
Vogar:		
1. Valdimar hf.	8.200.000,00	
2. Fisktorg hf.	4.000.000,00	
Samtals	**12.200.000,00**	
Kjalarneshreppur:		
1. Fellalax hf.		**15.000.000,00**
Mosfellsbær:		
1. Álafoss hf.	**100.000.000,00**	
Reykjaneskjördæmi samtals	**702.400.000,00**	**275.000.000,00**
Reykjaneskjördæmi alls	**977.400.000,00**	

VESTURLAND

	Skuldbreytingar/ skuldkaupalán kr.	Hagræðingarlán/ hlutafé/eignasala kr.
Borgarnes:		
1. Prjónastofa Borgarness	**12.000.000,00**	**5.000.000,00**
Akranes:		
1. Fiskiðjan Arctic	17.000.000,00	5.000.000,00
2. Haraldur Böðvarsson & Co	120.000.000,00	
3. Heimaskagi hf.	70.000.000,00	
4. Síldar- & fiskimjölsverksmiðja Akraness	55.000.000,00	
5. Haförninn hf.	30.000.000,00	70.000.000,00
Samtals	**232.000.000,00**	**75.000.000,00**
Ólafsvík:		
1. Hrói hf.	16.000.000,00	
2. Stakkholt	17.000.000,00	
3. Fiskiðjan Bylgjan hf.	8.000.000,00	
4. Fiskiðjan Dalur hf.	2.500.000,00	4.000.000,00
5. Hraðfrystihús Ólafsvíkur	62.000.000,00	8.000.000,00
6. Greipur hf	5.000.000,00	
7. Sæfiskur hf.	2.100.000,00	4.100.000,00
8. Fengur hf.	3.000.000,00	
Samtals	**115.600.000,00**	**16.100.000,00**
Breiðavíkurhreppur:		
1. Bjarni Ó. Einarsson	**4.500.000,00**	
Hellissandur:		
1. Hraðfrystihús Hellissands	**30.000.000,00**	
Grundarfjörður:		
1. Guðmundur Runólfsson hf.	10.000.000,00	
2. Sæfang	33.000.000,00	
3. Hraðfrystihús Grundarfjarðar	60.000.000,00	10.000.000,00
4. Stöð hf.	6.500.000,00	4.000.000,00
5. Stólpi hf.		2.000.000,00
Samtals	**99.500.000,00**	**26.000.000,00**
Stykkishólmur:		
1. Þórsnes hf.	40.000.000,00	
2. Hólmur hf.	4.500.000,00	1.500.000,00
3. Rækjunes/Björgvin	50.000.000,00	6.000.000,00
Samtals	**94.500.000,00**	**7.500.000,00**
Vesturland samtals	**588.100.000,00**	**129.600.000,00**
Vesturlands alls	**717.700.000,00**	

VESTFIRÐIR

	Skuldbreytingar/ skuldkaupalán kr.	Hagræðingarlán/ hlutafé/eignasala kr.
Ísafjörður:		
1. Íshúsfélag Ísfirðinga		25.000.000,00
2. Íslax hf.		15.000.000,00
3. Niðursuðuverksmiðjan	50.000.000,00	15.000.000,00
4. Norðurtangi hf.	21.000.000,00	
5. Bakki hf.	10.000.000,00	5.000.000,00
6. Rækjustöðin	15.000.000,00	
Samtals	**96.000.000,00**	**60.000.000,00**
Bolungarvík:		
1. Íshúsfélag Bolungarvíkur	106.000.000,00	20.000.000,00
2. Græðir hf.	11.500.000,00	
Samtals	**117.500.000,00**	**20.000.000,00**
Barðaströnd:		
1. Flóki hf.	**10.000.000,00**	
Patreksfjörður:		
1. Straumnes hf.	**15.400.000,00**	
Tálknafjörður:		
1. Sveinseyrarlax		5.000.000,00
2. Hraðfrystihús Tálknafjarðar	20.000.000,00	
3. Þórsberg hf.	12.000.000,00	
Samtals	**32.000.000,00**	**5.000.000,00**
Bíldudalur:		
1. Fiskvinnslan á Bíldudal	**43.000.000,00**	**10.000.000,00**
Þingeyri:		
1. Fáfnir hf.	**89.000.000,00**	**10.000.000,00**
Flateyri:		
1. Hjálmur hf.	31.100.000,00	
2. Snæfell hf.	4.000.000,00	
Samtals	**35.100.000,00**	
Suðureyri:		
1. Kögurás hf.		**8.000.000,00**
Nauteyri:		
1. Blælax hf.		**3.000.000,00**
Vestfirðir samtals	**428.000.000,00**	**116.000.000,00**
Vestfirðir alls	**544.000.000,00**	

NORÐURLAND VESTRA

	Skuldbreytingar/ skuldkaupalán kr.	Hagræðingarlán/ hlutafé/eignasala kr.
Siglufjörður:		
1. Drafnar hf.	2.400.000,00	
2. Þormóður rammi hf.	114.000.000,00	
3. Siglfirðingur hf.	55.000.000,00	
Samtals	**171.400.000,00**	
Sauðárkrókur:		
1. Fiskiðja Sauðárkróks	68.100.000,00	45.000.000,00
2. Loðskinn hf.	42.500.000,00	
3. Útgerðarfélag Skagfirðinga	30.000.000,00	95.000.000,00
Samtals	**140.600.000,00**	**140.000.000,00**
Hvammstangi:		
1. Meleyri hf.	80.000.000,00	
2. Haförn hf.		4.000.000,00
3. Friðrik Friðriksson		6.000.000,00
Samtals	**80.000.000,00**	**10.000.000,00**
Blönduós:		
1. Særún hf.	23.000.000,00	8.000.000,00
2. Ásver hf.		4.000.000,00
Samtals	**23.000.000,00**	**12.000.000,00**
Skagaströnd:		
1. Hólanes hf.	**19.400.000,00**	
Hofsós:		
1. Hraðfrystihúsið	**35.000.000,00**	**20.000.000,00**
Norðurland vestra samtals	**469.400.000,00**	**182.000.000,00**
Norðurland vestra alls	**651.400.000,00**	

NORÐURLAND EYSTRA

	Skuldbreytingar/ skuldkaupalán kr.	Hagræðingarlán/ hlutafé/eignasala kr.
Akureyri:		
1. Álafoss hf.	100.000.000,00	
2. Ístess hf.	46.000.000,00	
3. Fiskverkun B. Þórhallssonar		1.000.000,00
4. Skinnadeild SÍS	75.000.000,00	
5. Kaupfélag Eyfirðinga	60.000.000,00	
Samtals	**281.000.000,00**	**1.000.000,00**
Húsavík:		
1. Fiskiðjusamlag Húsavíkur	51.800.000,00	40.000.000,00
2. Höfði hf.	33.000.000,00	40.000.000,00
3. Korri hf.	30.000.000,00	15.000.000,00
4. Bríkhf.	11.000.000,00	
Samtals	**110.800.000,00**	**95.000.000,00**
Ólafsfjörður:		
1. Hraðfrystihús Ólafsfjarðar	45.000.000,00	25.000.000,00
2. Björn V. Gíslason		8.000.000,00
3. Árni hf.	10.000.000,00	5.000.000,00
4. Stígandi hf.	20.000.000,00	
Samtals	**75.000.000,00**	**38.000.000,00**
Dalvík:		
1. Söltunarfélag Dalvíkur	20.800.000,00	
2. Haraldur hf.	10.000.000,00	
3. Rán hf.	17.000.000,00	
4. Kaupfélag Eyfirðinga	60.000.000,00	
Samtals	**107.800.000,00**	
Hrísey:		
1. Borg hf.	9.500.000,00	4.000.000,00
2. Kaupfélag Eyfirðinga	40.000.000,00	
Samtals	**49.500.000,00**	**4.000.000,00**
Árskógshreppur:		
1. Naustavík hf.	1.500.000,00	
2. Árver hf.	7.000.000,00	
Samtals	**8.500.000,00**	

	Skuldbreytingar/ skuldkaupalán kr.	Hagræðingarlán/ hlutafé/eignasala kr.
Kelduneshreppur:		
1. Árlax hf.		**15.000.000,00**
Grenivík:		
1. Kaldbakur hf.	**38.700.000,00**	**10.000.000,00**
Raufarhöfn:		
1. Fiskiðja Raufarhafnar	**26.300.000,00**	**20.000.000,00**
Þórshöfn:		
1. Hraðfrystihús Þórshafnar hf.	**60.000.000,00**	
Kópasker:		
1. Útnes hf.	**5.000.000,00**	
Norðurland eystra samtals	**762.600.000,00**	**183.000.000,00**
Norðurland eystra alls	**945.600.000,00**	

AUSTURLAND

	Skuldbreytingar/ skuldkaupalán kr.	Hagræðingarlán/ hlutafé/eignasala kr.
Vopnafjörður:		
1. Tangi hf.	**62.800.000,00**	
Seyðisfjörður:		
1. Strandarsíld hf.	12.000.000,00	
2. Hafsíld hf.	66.000.000,00	
Samtals	**78.000.000,00**	
Neskaupstaður:		
1. Síldarvinnslan hf.	121.100.000,00	
2. Ness hf.	10.000.000,00	6.000.000,00
3. Saltfang hf.	6.000.000,00	3.000.000,00
Samtals	**137.100.000,00**	**9.000.000,00**

	Skuldbreytingar/ skuldkaupalán kr.	Hagræðingarlán/ hlutafé/eignasala kr.
Eskifjörður:		
1. Hraðfrystistöð Eskifjarðar	**103.000.000,00**	
Reyðarfjörður:		
1. Verktakar hf.	8.000.000,00	
2. Bergsplan hf.	6.000.000,00	5.000.000,00
3. Kaupfélag Héraðsbúa	14.000.000,00	
Samtals	**28.000.000,00**	**5.000.000,00**
Borgarfjörður eystri:		
1. Kaupfélag Héraðsbúa	**10.000.000,00**	
Bakkafjörður:		
1. Útver hf.	**11.000.000,00**	
Fáskrúðsfjörður:		
1. Pólarsíld hf.	35.000.000,00	12.000.000,00
2. Sólborg hf.	9.000.000,00	
Samtals	**56.000.000,00**	**12.000.000,00**
Stöðvarfjörður:		
1. Hraðfrystihús Stöðvarfjarðar	**45.000.000,00**	**12.000.000,00**
Djúpivogur:		
1. Búlandstindur	**70.000.000,00**	**30.000.000,00**
Höfn:		
1. Fiskimjölsverksmiðja Hornafjarðar	21.600.000,00	
2. Kaupfélag Austur-Skaftfellinga	100.000.000,00	
3. Garðey hf.	5.200.000,00	
4. Borgey hf.	70.000.000,00	15.000.000,00
Samtals	**196.800.000,00**	**15.000.000,00**
Austurland samtals	**785.700.000,00**	**83.000.000,00**
Austurland alls	**868.700.000,00**	

SUÐURLAND

	Skuldbreytingar/ skuldkaupalán kr.	Hagræðingarlán/ hlutafé/eignasala kr.
Vestmannaeyjar:		
1. Hraðfrystihús Vestmannaeyja	140.000.000,00	
2. Ísfélag Vestmannaeyja	80.000.000,00	50.000.000,00
3. Vinnslustöðin hf.	125.000.000,00	
4. Tinna hf.	8.000.000,00	5.000.000,00
5. Bretti hf.	5.900.000,00	
6. Dyrhólaey sf.	2.700.000,00	
7. Fiskiðjan hf.	101.000.000,00	
8. Þórður R. Sigurðsson	8.000.000,00	
9. Sigurfari	15.000.000,00	
10. Fiskimjölsverksmiðjan hf.	60.000.000,00	
11. Lifrarsamlag Vestmannaeyja	25.000.000,00	10.000.000,00
12. Ísnó hf.	50.000.000,00	
13. Samtog hf.		66.000.000,00
14. Kinn hf.	2.000.000,00	3.000.000,00
15. Ísleifur sf.	22.000.000,00	
Samtals	**644.600.000,00**	**134.000.000,00**
Eyrarbakki:		
1. Bakkafiskur	**24.000.000,00**	**20.000.000,00**
Stokkseyri:		
1. Hraðfrystihús Stokkseyrar	**90.000.000,00**	**10.000.000,00**
Þorlákshöfn:		
1. Glettingur hf.	73.000.000,00	
2. Ísþór hf.	50.000.000,00	15.000.000,00
3. Smári hf.		6.000.000,00
4. Meitillinn hf.	120.000.000,00	
5. Hólmar Gunnarsson	4.000.000,00	
6. Suðurvör hf.	30.000.000,00	5.000.000,00
Samtals	**277.000.000,00**	**26.000.000,00**
Suðurland samtals	**1.035.600.000,00**	**190.000.000,00**
Suðurland alls	**1.225.600.000,00**	

SKIPTING EFTIR LANDSHLUTUM

	Skuldbreytingar/ skuldkaupalán kr.	Hagræðingarlán/ hlutafé/eignasala kr.
Suðurland	1.035.600.000,00	190.000.000,00
Austurland	785.700.000,00	83.000.000,00
Norðurland eystra	762.600.000,00	183.000.000,00
Norðurland vestra	469.400.000,00	182.000.000,00
Vestfirðir	428.000.000,00	116.000.000,00
Vesturland	588.100.000,00	129.600.000,00
Reykjanes	702.400.000,00	275.000.000,00
Reykjavík	366.500.000,00	71.000.000,00
Samtals	**5.138.300.000,00**	**1.229.600.000,00**
Alls	**6.367.900.000,00**	

Fylgiskjal.

Sundurliðanir úr yfirliti.

Iðnaðarfyrirtæki.

Lýsi hf., Reykjavík	10,0
Hampiðjan hf., Reykjavík	20,0
Plastprent, Reykjavík	12,0
Sindra-Stál	6,0
Traust – verksmiðja	10,0
Axis hf., Kópavogi	6,0
Álafoss hf., Akureyri	200,0
Prjónastofa Borgarness	17,0
Loðskinn hf., Sauðárkróki	42,5
Ístess hf., Akureyri	46,0
Skinnadeild SÍS, Akureyri	75,0
Bretti hf., Vestmannaeyjum	5,9
12 fyrirtæki	**450,4 m**

Fiskeldi.	
Ísnó hf., Vestmannaeyjum	50,0
Smári hf., Þorlákshöfn	6,0
Ísþór hf., Þorlákshöfn	65,0
Árlax hf., Kelduneshreppi	15,0
Blælax, Nauteyri	3,0
Sveinseyrarlax hf., Tálknafirði	5,0
Íslax, Ísafirði	15,0
Fellalax, Kjalarnesi	15,0
Íslenska fiskeldisfélagið, Reykjavík	65,0
8 fyrirtæki	**239,0 m**

Skuldkaupalán.	
Hraðfrystihús Ólafsfjarðar	10,0
Hraðfrystihús Stöðvarfjarðar	7,0
Fáfnir hf., Þingeyri	9,0
Hraðfrystihús Stokkseyrar	20,0
Meitillinn hf., Þorlákshöfn	25,0
Fiskvinnslan, Bíldudal	8,0
Hraðfrystihús Grundarfjarðar	10,0
7 fyrirtæki	**89,0 m**

Fyrirtæki frá Hlutafjársjóði.
Lán til kaupa á skuldum með verulegum afföllum 30–50%.

Eignasölulán.	
Rafn hf., Sandgerði	15,0
Hraðfrystihús Ólafsfjarðar	6,0
Útgerðarfélag Skagfirðinga	25,0
Meitillinn, Þorlákshöfn	15,0
4 fyrirtæki	**61,0 m**

Um er að ræða sölu á eignum til traustra aðila, svo sem sveitarfélaga sem yfirtaka lánið, en fjármagnið nýtist hins vegar viðkomandi fyrirtæki til lækkunar skulda.

Ed. 325. Nefndarálit [208. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Samkvæmt gildandi lögum á virðisaukaskattur að taka gildi um áramót, en við samþykkt hans var frá því gengið í greinargerðum beggja þingdeilda að tiltekin atriði yrðu tekin til nánari skoðunar við undirbúning kerfisbreytingarinnar. Þó að fjármálaráðherra hafi á sl. vori skipað nefnd sem í áttu sæti fulltrúar allra þingflokka varð reyndin sú að undirbúningur fór allur í handaskolum og síðustu vikurnar var nefndin hvorki kölluð saman né stjórnarandstöðunni gefinn kostur á að fylgjast með framvindu málsins. Ástæðan er sú að innan ríkisstjórnarinnar var djúpur ágreiningur um efnis- og framkvæmdaratriði fram á síðustu stund.

Vegna tímaskorts er undirbúningur skattkerfisbreytingarinnar í molum og fyrirsjáanlegt að ýmsir aðilar úti í atvinnulífinu eru illa undir það búnir að leggja á sig og innheimta virðisaukaskattinn þar sem reglugerðir hafa verið að koma út fram á síðasta dag og mikilvægar ákvarðanir hafa dregist á langinn.

Samkvæmt gildandi lögum er virðisaukaskattur 22%. Tillaga ríkisstjórnarinnar er að prósentan hækki og verði 24,5%. Þessi hækkun hefur í för með sér að kerfisbreytingin skilar hátt á annan milljarð króna í viðbótartekjur fyrir ríkissjóð á heilu ári.

Í athugasemdum með frumvarpi til laga um breytingu á virðisaukaskattslögunum setti fjármálaráðuneyti fram útreikninga sem áttu að sýna að tekjutap ríkissjóðs af virðisaukaskatti væri 2000 milljónir króna. Í þessum útreikningum var hins vegar aðeins afmarkaður hluti breytingarinnar dreginn fram, en þegar kerfisbreytingin í heild er skoðuð er ljóst að ríkissjóður mun hagnast um allt að 1600 milljónum króna.

Útlistun fjármálaráðuneytisins var eftirfarandi:

Tafla 1.

Tekjuáhrif af virðisaukaskatti samkvæmt fjármálaráðuneyti.

	Milljarðar króna
Tekjur af söluskatti	-39.800
Tekjur af virðisaukaskatti	37.800
Mismunur	-2.000

Þegar tekjuáhrif kerfisbreytingarinnar í heild eru metin með hliðstæðum hætti og gert var þegar frumvarp til laga um virðisaukaskatt var lagt fram í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar kemur þveröfug niðurstaða í ljós eða 1600 milljóna króna hagnaður eins og sést í meðfylgjandi töflu:

Tafla 2.

Tekjuáhrif af virðisaukaskatti, heildaráhrif.

	Milljarðar króna
Tekjur af söluskatti	-39.800
Jöfnunargjald, nettó	-200
Endurgreiddur söluskattur	1.600
Niðurgreiðslur, fjárlög	4.100
16% álag á niðurgreiðslur vegna verðbólgu	700
Tekjuþörf	-33.600
Tekjur af virðisaukaskatti	38.800
Niðurgreiðslur, fjárlög	-4.100
Niðurgreiðslur á virðisaukaskatti	-1.000
Jöfnunargjald	500
Áhrif bættrar innheimtu	1.000
Tekjur af VSK-kerfi	35.200
Tekjuaukning	1.600

Hér að framan eru teknir inn í myndina allir þeir þættir sem breytast eða eru hluti af söluskattskerfinu.

Jöfnunargjald hefur verið lagt á innfluttar vörur sem tollar féllu niður af á sínum tíma með fríverslunarsamningum við EFTA og EB. Hluti af gjaldinu hefur verið notaður til þess að endurgreiða útflutningsiðnaði uppsafnaðan söluskatt. Nú er áformað að halda áfram innheimtu jöfnunargjalds að upphæð 500 milljónum króna en hætta endurgreiðslum. Tekjur haldast því samkvæmt fjárlagafrumvarpi en útgjöld sparast.

Uppsafnaður söluskattur hefur verið endurgreiddur í sjávarútvegi og landbúnaði og söluskattur hefur verið endurgreiddur að hluta af neyslufiski. Þessar endurgreiðslur nema samtals um 1.600 milljónum króna og falla niður í virðisaukaskattskerfinu.

Við upptöku virðisaukaskatts þarf að gera ráð fyrir endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts af birgðum fiskvinnslunnar. Samkvæmt upplýsingum frá helstu útflytjendum sjávarafurða má reikna með að birgðir innan lands um næstu áramót verði á bilinu 5,5–6,0 milljarðar króna. Miðað við það endurgreiðsluhlutfall uppsafnaðs söluskatts, sem gilt hefur að undanförnu, má gera ráð fyrir að um 100 milljónir króna þurfi til að endurgreiða fiskvinnslufyrirtækjum þann söluskatt sem þau hafa greitt af aðföngum vegna framleiðslu þessara birgða. Því verður að treysta að séð verði fyrir fjármagni til endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts hjá sjávarútveginum á þessu ári. Ástæða er til að leggja ríka áherslu á að nauðsynleg fjárveiting verði á fjárlögum 1990 til að mæta endurgreiðslu á þeirri uppsöfnun söluskatts sem útgerð og fiskvinnslufyrirtæki hafa lagt út fyrir í núverandi söluskattskerfi.

Í söluskattskerfi hefðu niðurgreiðslur á næsta ári orðið svipuð upphæð og á yfirstandandi ári að viðbættu álagi vegna almennra verðlagsbreytinga sem ríkisstjórnin hefur talið verða 16% milli 1989 og 1990. Í söluskattskerfi hefðu niðurgreiðslur á næsta ári því orðið um 4800 milljónir króna samkvæmt forsendum fjárlagafrumvarps. Með breytingunni yfir í virðisaukaskatt er hugmynd ríkisstjórnarinnar að hluti niðurgreiðslnanna teljist endurgreiðsla á virðisaukaskatti og til þess hluta þeirra verði varið um 1000 milljónum króna á næsta ári. Að öðru leyti er áformað að niðurgreiðslur verði óbreyttar í krónutölu milli ára. Samtals er því áformað að niðurgreiðslur á næsta ári verði 5.100 milljónir króna. Þá hefur verið flutt á milli endurgreidds söluskatts á neyslufiski og niðurgreiðslna á virðisaukaskatti.

Áhrif bættrar innheimtu eru hér talin vera um 1000 milljónir króna. Þetta er sama upphæð í krónutölu og kemur fram í frumvarpinu um virðisaukaskattinn í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar. Miðað við verðlagshækkanir ætti þessi tala að vera 1500 milljónir króna, en er hér sett sem 1000 milljónir vegna þess að innheimta söluskatts hefur batnað frá því sem áður var, m.a. vegna áhrifa af skattkerfisbreytingunni í ársbyrjun 1988.

Að teknu tilliti til fyrrgreindra þátta og séu þeir skoðaðir með sama hætti og gert var í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar þegar Jón Baldvin Hannibalsson gegndi embætti fjármálaráðherra er því ljóst að ríkissjóður mundi hagnast um 1.600 milljónir króna á breytingunni.

Við athugun málsins í nefndinni kom í ljós að mikil óvissa ríkir um framkvæmd veigamikilla þátta. Þegar málið var afgreitt úr nefndinni lá ekki fyrir hvernig framkvæmd virðisaukaskatts yrði háttað í sambandi við ýmis útgjöld á vegum sveitarfélaga. Nefndin fékk upplýsingar um að athugun hefði verið gerð á því hvernig virðisaukaskattur kæmi út hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og benti hún til þess að útgjaldaaukning sveitarfélaganna yrði um 900 milljónir króna vegna breytingarinnar. Í þessu eru að vísu verulegir óvissuþættir þar sem nýjar reglugerðir hafa verið að berast frá degi til dags. Fulltrúi fjármálaráðuneytis nefndi 400 milljón króna útgjaldaauka á fundi með nefndinni og síðan hefur fjármálaráðherra talað um 400–500 milljón króna útgjaldaauka á fundi með sveitarstjórnarmönnum. Þetta sýnir að við undirbúning málsins hefur fjármálaráðherra ekki gefið sveitarfélögum kost á að fylgjast með. Ekki verður betur séð en forsendan fyrir því samkomulagi sem á sl. vori var gert um nýja verkefna- og tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga

sé brostin eins og framkvæmd virðisaukaskattsins er hugsuð, svo að ekki sé minnst á nýjasta upphlaup fjármálaráðherra.

Það stingur í augu að í frumvarpinu er lagt til að fella niður virðisaukaskatt af bókum frá 15. nóv. Þessi niðurfelling kemur til framkvæmda rétt eftir að skólafólk þarf almennt að kaupa sér bækur í upphafi skólaárs. Verði haldið fast við þessa tímaákvörðun er líklegt að margir nemendur og nærgætnir kennarar muni sjá sig knúða til þess að fresta bókakaupum fram yfir 15. nóv. þar sem mismunurinn getur skipt þúsundum króna. Niðurfellingin veldur minni röskun í bóksölu ef miðað er við 1. sept. og engri röskun í skólum landsins.

Í samþykkt frumvarps til laga um virðisasukaskatt í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar var sett inn heimildarákvæði um greiðslufrest á virðisaukaskatti við innflutning í 34. gr. laganna. Var gengið út frá því að þessi heimild yrði notuð þegar lögin kæmu til framkvæmda. Enn hefur fjármálaráðherra ekki gefið afdráttarlaust svar um hvort hann hyggst veita almennan greiðslufrest við innflutning eða ekki. Þó hefur legið í loftinu að greiðslufrestur verði veittur á hráefni og rekstrarvörur iðnaðarins. Það kallar á verulega fjárbindingu og óhagræði í öllum greinum atvinnulífsins ef leggja þarf út fyrir virðisaukaskatti við innflutning. Samtök verslunarinnar hafa talið að áhrif fjárbindingarinnar á verðlag yrðu á bilinu 1–2% og jafnvel hærri þegar tekið er tillit til þess að fyrirtæki búa almennt við takmörkuð fjárráð og innkaup á erlendum vörum yrðu stórum óhagkvæmari án greiðslufrests. Íþyngjandi áhrif af þessum sökum verða meiri í dreifbýlisverslun þar sem veltuhraðinn er minni. Því er nauðsynlegt að fjármálaráðherra gefi út afdráttarlausar yfirlýsingar um að veita almennan greiðslufrest á virðisaukaskatti við innflutning. Komi slík yfirlýsing ekki fram er nauðsynlegt að breyta lögunum þannig að skylt verði að veita greiðslufrest á virðisaukaskatti við innflutning.
Grundvallaratriði við álagningu virðisaukaskatts er að hann mismuni ekki fyrirtækjum og hindri þannig eðlilega verkaskiptingu þeirra á milli. Því miður er ekki frítt við hið gagnstæða, eins og fjármálaráðherra kveður á um framkvæmd þeirra í reglugerðum.
Í reglugerð um frádrátt virðisaukaskatts er t.d. kveðið á um að selji skattaðili fæði teljist virðisaukaskattur af hráefni, orku og aðkeyptri þjónustu í því sambandi til innskatts, sbr. VII. kafla laganna. Upplýst hefur verið að samkvæmt samningum við opinbera starfsmenn greiði ríkissjóður allan kostnað við mötuneyti annan en efniskaup. Eðlilegt er af þeim sökum að fyrirtæki megi telja til innskatts þann virðisaukaskatt sem fellur á þá kostnaðarliði sem niðurgreiddir eru samkvæmt kjarasamningum ríkisins. Annað skekkir samkeppnisstöðu og kemur illa við veitingahúsarekstur og verktakastarfsemi, svo að augljós dæmi séu tekin.

Hinn 4. desember var gefin út reglugerð um greiðslu virðisaukaskatts af skattskyldri starfsemi sveitarfélaga og annarra opinberra aðila. Í nefndinni kom fram að reglugerðin felur í sér tvísköttun ef hönnunarvinna við byggingu íbúðarhúsnæðis er keypt af sjálfstætt starfandi arkitekt eða verkfræðingi en ekki unnin af byggingaraðila. Slík framkvæmd laganna er andstæð þeirri hugsun sem liggur að baki þeirra og óhjákvæmilegt að taka af skarið í lögunum og er breytingartillaga flutt í samræmi við það.

Gert er ráð fyrir að virðisaukaskattur falli á ræstingu ef hún er boðin út eins og t.d. hjá Hótel Esju en ekki ef hún er unnin af starfsmönnum hótelsins. Slík framkvæmd laganna dregur úr hagkvæmni í rekstri og kemur í veg fyrir eðlilega verkaskiptingu milli fyrirtækja.

Fram hefur komið að veruleg vandkvæði eru samfara því að virðisaukaskattur sé innheimtur af veiðarfærum og brennsluolíu til fiskiskipa vegna þeirrar fjárbindingar sem slíkum viðskiptum fylgir. Þess vegna er eðlilegt að með þau verði farið sem sambærilegan kostnað í millilandaförum.

Ljóst er að nokkur vandkvæði verða við framkvæmd virðisaukaskatts í byggingariðnaði. Gagnstætt þeim fyrirheitum, sem gefin voru, mun byggingarvísitala hækka um 1% samkvæmt greinargerð frumvarpsins. Verst er þó að í frumvarpinu er endurgreiðsla virðisaukaskatts af vinnu bundin við það að endurbætur nemi a.m.k. 7% af fasteignamati húseignar og falli á

sama almanaksárið. Samkvæmt skilgreiningu ríkisskattstjóra fellur meiri háttar viðhald ekki undir endurbætur, svo sem lagning parkets og ný eldhúsinnrétting ekki nema að hluta. Augljóst er að mikill þrýstingur verður frá húseigendum í þá veru að öll viðhaldsvinna verði unnin án þess að hún verði gefin upp til skatts sem þýðir 20% lægri fjárhæð. Ríkissjóður mun því ekki aðeins missa af virðisaukaskattinum heldur tekjuskattinum til viðbótar þegar unnið er við viðhald íbúðarhúsnæðis.

Reglugerð um virðisaukaskatt af byggingarstarfsemi var gefin út 10. des. og drög að reglugerð um endurgreiðslu virðisaukaskatts til byggjenda íbúðarhúsnæðis lágu fyrir 12. des. Framkvæmd laganna í samræmi við þessar reglugerðir verður mjög flókin og sýnt að mörg álitamál muni koma upp, en tími knappur fyrir húsbyggjendur og verktaka til að setja sig inn í einstök atriði. Af þeim sökum og þar sem þessar athugasemdir eiga víðar við er sanngjarnt og eðlilegt að gildistöku sektarákvæða skv. 2. mgr. 27. gr. sé frestað til annars gjalddaga virðisaukaskatts eða til 1. júlí 1990. Jafnframt er nauðsynlegt að kveðið sé skýrt á um rétt greiðenda til að fá skýringar eða úrskurð ríkisskattstjóra á álitaefnum. Ekki er heldur við það unandi að 7. mgr. 12. gr. frumvarpsins sé afdráttarlaus hver sem málsatvik eru. Við Íslendingar viljum kalla þjóðfélag okkar réttarþjóðfélag og þess vegna á ekki að vera heimilt að stöðva atvinnurekstur ef deila um skattskyldu eða skattstofn er til meðferðar hjá ríkisskattstjóra, ríkisskattanefnd eða dómstólum og skattaðila verður ekki gefin sök á töfum á efnisúrlausn deilunnar!

Hækkun á refsiviðurlögum úr 1% á dag í 2% að hámarki úr 10% í 20% að viðbættum dráttarvöxtum er úr öllu samræmi við almenn refsiviðurlög í landinu og ber vott um verðbólguhugsunarhátt af versta tagi.

Samkvæmt lögum um virðisaukaskatt ber að greiða virðisaukaskatt af eldsneyti í innanlandsflugi. Með bættum vegasamgöngum á þessi atvinnugrein mjög undir högg að sækja þótt hún sé ómissandi. Flugvallarskattur er nú 150 kr. Það er mat fjármálaráðuneytisins að virðisaukaskattur á eldsneyti nemi 96 kr. milli Akureyrar og Reykjavíkur. Hjá minni flugfélögum er eldsneytiskostnaðurinn hálfu meiri.

Af vangá hefur fallið niður orðið „smíði“ í 6. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna. Það á ekki að hafa áhrif á álagningu virðisaukaskatts hvort skipasmíðastöð geri verksamning um smíði skips eða selji það fullbúið.

Samkvæmt lögum leggst virðisaukaskattur á lögfræðiþjónustu sem er endurgreiddur sem innskattur eftir almennum reglum. Í raun leggst virðisaukaskattur einkum á þá einstaklinga sem ekki geta staðið í skilum og búa við bágan fjárhag eða á þá sem þurfa að leita réttar síns fyrir dómstólum. Sums staðar erlendis, svo sem í Noregi, er virðisaukaskattur ekki lagður á lögfræðiþjónustu af þessum sökum. Eðlilegt er að hafa sama hátt á hér á landi.

Upplýst var í nefndinni að danskennsla félli undir 2. gr., ef dans yrði viðurkennd keppnisíþrótt innan ÍSÍ, sem mun standa opið. Í sumum löndum er a.m.k. danskennsla undanþegin útskatti. Eðlilegt er samkvæmt framansögu að sömu ákvæði gildi um dans sem um íþróttir og heilsurækt eða leiksýningar, enda vandséð að unnt sé að gefa fullnægjandi skilgreiningu sem skilji á milli þessarar starfsemi.

Hótelrekstur er að verulegum hluta útflutningur á þjónustu og er ferðamannaiðnaður með þýðingarmestu útflutningsgreinum hér á landi. Í lögunum er ekki gert ráð fyrir að farið verði með útflutning á þeirri þjónustu eins og útflutning á vörum. Hins vegar er að hluta til komið til móts við þessa starfsemi með því að undanþiggja hana skv. 2. gr. laganna. Þar af leiðandi er virðisaukaskattur ekki endurgreiddur af aðföngum og fjárfestingu. Reynslan sýnir að vegna mikillar fjárfestingar og stutts ferðamannatímabils á hótelrekstur undir högg að sækja og er víða þungur baggi á sveitarfélögum. Á hinn bóginn á hann í harðri samkeppni yfir sumarið við hótel í heimavistum sem byggðar eru fyrir almannafé. Þess vegna væri tilgangi

laganna um að gera ekki greinarmun á útflutningsgreinum né upp á milli fyrirtækja í sömu grein betur náð ef virðisaukaskattur af byggingarkostnaði hótela yrði endurgreiddur.

Í 1. mgr. a-liðar 13. gr. frumvarpsins er fjallað um endurgreiðslu virðisaukaskatts af nokkrum tegundum matvæla. Eðlilegra væri að virðisaukaskattur væri í tveimur þrepum, enda er lagaákvæðið afgerandi um að framkvæmdarvaldinu sé skylt að haga endurgreiðslum svo að þessar tilteknu vörutegundir beri 14% virðisaukaskatt, án tillits til vinnslustigs. Heimild fjármálaráðherra til að ákveða nánar hvaða matvara fellur undir þessa málsgrein lýtur einungis að því að skera úr álitaefnum. Vafalaust er að sá fiskur, sem notaður er í fiskrétti, telst neyslufiskur. Samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytis mun verð á matvörum samkvæmt þessari grein hækka um 6% umfram verðbólgu, ef hún verður 11% frá upphafi til loka árs. Og þeim mun meir sem verðbólgan verður meiri.

Í framkvæmd er flóknara að greiða virðisaukaskatt af matvælum niður með þessum hætti, en taka af skarið og hafa tvö skattþrep. Breytingartillögur eru fluttar í samræmi við það. Hreinlegra væri að öll matvæli yrðu í lægra þrepinu. En þar sem ljóst er að slík tillaga yrði felld er látið sitja við þá takmörkun sem í frumvarpinu greinir. Þar sem það þarfnast verulegs undirbúnings að taka upp tvö þrep og ekki á bætandi þá ringulreið sem verður á framkvæmd laganna er miðað við það í breytingartillögunni að kerfisbreytingin verði 1. júlí 1990.

Tilgangurinn með því að taka upp virðisaukaskatt í stað söluskatts er sá að bæta stöðu fyrirtækja í útflutnings- og samkeppnisgreinum. Auk þess á virðisaukaskattur að koma í veg fyrir uppsöfnun og stuðla að hagkvæmari verkaskiptingu milli fyrirtækja, ef vel er að framkvæmdinni staðið. Því miður skortir mikið á að undirbúningur skattkerfisbreytingarinnar sé forsvaranlegur. Það hefur komið rækilega fram í viðtölum fjölmargra þeirra sem nefndin hefur rætt við, svo og í bréfum og álitsgerðum. Fyrir þá sök er lagt til að gildistöku laganna verði frestað til 1. júlí 1990. Ef sú breytingartillaga verður felld gegn von okkar er ljóst að óhjákvæmilegt verður að sníða vankanta af löggjöfinni á vorþinginu.

Alþingi, 15. des. 1989.

Halldór Blöndal, frsm. Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 326. Breytingartillögur [208. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (HBl, EKJ).

1. Við 1. gr. Á eftir „að tónleikum“ í d-lið komi: listdanssýningum.
2. Á eftir 5. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Skattskyld velta skiptist í veltu samkvæmt neðra þrepi, sem er skattskylt velta vegna sölu eða afhendingar í neðra þrepi, og almenna skattskylda veltu sem nær yfir alla aðra skattskylda veltu.
3. Við 6. gr. Á undan a-lið komi þrír nýir stafliðir svohljóðandi:
   a. Við 5. tölul. 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo:
      Eldsneyti í innanlandsförum.
   b. Á undan „Viðgerðar-“ í 7. tölul. 1. mgr. komi: Skipasmíði og.
   c. Á eftir 8. tölul. 1. mgr. komi nýr töluliður er orðist svo:
      Veiðarfæri og brennsluolía fyrir fiskiskip.
4. Við 6. gr. Á eftir c-lið bætist nýr stafliður svohljóðandi:
   Við 1. mgr. bætist nýr töluliður er verði 12. tölul. og orðist svo:
   Lögfræðiþjónusta.

5. Við 6. gr. Á eftir c-lið bætist enn nýr stafliður svohljóðandi:
   Við 1. mgr. bætist nýr töluliður er verði 13. tölul. og orðist svo:
   Byggingarkostnaður gistihúsa.
6. Við 6. gr. Á eftir c-lið komi enn nýr stafliður er orðist svo:
   Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein svohljóðandi:
   Halda skal skattskyldri veltu samkvæmt neðra þrepi aðgreindri frá annarri skattskyldri veltu. Sala eða afhending neyslumjólkur, dilkakjöts, neyslufisks og fersks innlends grænmetis skal vera í neðra þrepi. Fjármálaráðherra skal í reglugerð setja nánari skýringar á því hvað flokkast undir veltuna í neðra þrepi.
7. Við 7. gr.
   a. A-liður orðist svo:
   Í stað „81,97%“ í 3. mgr. komi: 81,97% vegna almennrar skattskyldrar veltu og 86,96% vegna veltu samkvæmt neðra þrepi.
   b. 1. og 2. tölul. 5. mgr. orðist svo:
   1. 81,97% þeirrar fjárhæðar sem hann endurgreiðir viðskiptavinum sínum vegna endursendra vara þegar um almenna skattskylda veltu er að ræða en 86,96% vegna veltu samkvæmt neðra þrepi.
   2. 81,97% af töpuðum útistandandi viðskiptaskuldum enda hafi hin tapaða fjárhæð áður verið talin til almennrar skattskyldrar veltu. Fáist fjárhæðin síðar greidd skulu 81,97% hennar talin með skattskyldri veltu á því tímabili þegar hún fæst greidd. Þegar velta samkvæmt neðra þrepi á í hlut er hlutfall þetta 86,96%.
8. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   14. gr. laganna orðist svo:
   Virðisaukaskattur af almennri skattskyldri veltu skal vera 22% og af veltu samkvæmt neðra þrepi 15%. Skal virðisaukaskattur renna í ríkissjóð.
9. Við 9. gr. bætist nýr stafliður svohljóðandi:
   Við 5. mgr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Enn fremur skal sérstaklega koma fram hver fjárhæð virðisaukaskatts er, þannig að virðisaukaskattur sé 18,03% af heildarverði þegar um almenna veltu er að ræða en 13,04% af heildarverði þegar matvælavelta á í hlut.
10. Við 10. gr. Við greinina bætist: en þó aðeins á hinum sex reglulegu uppgjörsdögum skv. 2. mgr. 24. gr.
11. Við 11. gr. Greinin falli brott.
12. Við 12. gr. bætist ný málsgrein, er verði 1. mgr., svohljóðandi:
   Nú telur einhver vafa leika á um skattskyldu, skattstofn eða annað það sem áhrif hefur á skattinn og getur hann þá leitað bréflega eftir skýringum ríkisskattstjóra og skal afstaða hans liggja fyrir innan tveggja vikna frá móttöku fyrirspurnar.
13. Við síðustu málsgrein 12. gr. bætist: Þó er óheimilt að stöðva atvinnurekstur skv. 4. mgr. 27. gr. ef deila um skattskyldu eða skattstofn er til meðferðar hjá ríkisskattstjóra, ríkisskattanefnd eða dómstólum og skattaðila verði ekki gefin sök á töfum á efnisúrlausn deilunnar.
14. Á eftir 12. gr. komi ný grein svohljóðandi:
   3. mgr. 34. gr. laganna orðist svo:
   Innheimta skv. 1. mgr. skal framkvæmd með þeim hætti að innflytjandi eigi kost á greiðslufresti til loka næsta mánaðar eftir innflutningsmánuð. Skal eigi krafist tryggingar né settar aðrar takmarkanir á greiðslufresti nema innflytjandi hafi ekki staðið í skilum eða að rökstudd ástæða sé til að ætla að hann muni ekki standa í skilum. Fjármálaráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um greiðslufresti.

15. Við 13. gr., a-lið (ný 42. gr.).
    a. 1. mgr. fellur brott.
    b. Við bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðist svo:
    Endurgreiðslur samkvæmt þessari grein falla saman við uppgjörstímabil samkvæmt almennum reglum.
    c. Á eftir orðunum „sem þeir hafa greitt vegna“ í 2. mgr. komi: hönnunarþjónustu og.
    d. 2. málsl. 2. mgr orðist svo: Jafnframt er heimilt að endurgreiða eigendum íbúðarhúsnæðis virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt vegna vinnu manna við meiri háttar viðhald og endurbætur þess, enda sé heildarkostnaður af þeim sökum á 12 mánaða tímabili a.m.k. 3,5% af fasteignamati þess árs sem framkvæmdir hófust.
16. Á eftir 15. gr. komi ný grein er orðist svo:
    48. gr. laganna, er verður 50. gr., sbr. lög nr. 110/1988, orðist svo:
    Lög þessi öðlast þegar gildi, en skattheimta samkvæmt þeim kemur eigi til framkvæmda fyrr en 1. júlí 1990. Frá þeim tíma falla úr gildi lög nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum. Ákvæði þeirra laga skulu þó gilda um söluskatt af sölu til og með 30. júní 1990.
17. Við 17. gr.
    a. Fyrir „16. nóvember“ kemur: 1. september.
    b. Við bætist nýr málsliður: Ákvæði 11. gr., 12. gr., 13. gr., 14. gr. og 20. gr. um neðra skattþrep taka þó ekki gildi fyrr en 1. júlí 1990.
    c. Við bætist nýr málsliður: 2. mgr. 27. gr. tekur þó ekki gildi fyrr en 1. júlí 1990.

Nd. 327. Nefndarálit [21. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um stimpilgjald, nr. 36/1978.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund um málið Vilhjálm Egilsson, framkvæmdastjóra Verslunarráðs Íslands, og Snorra Olsen, skrifstofustjóra í fjármálaráðuneytinu.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingin varðar gildistökuákvæði frumvarpsins.

Alþingi, 15. des. 1989.

Páll Pétursson, form., frsm.	Þórhildur Þorleifsdóttir, fundaskr.	Guðmundur G. Þórarinsson.
Friðrik Sophusson.	Jón Sæmundur Sigurjónsson.	Matthías Bjarnason.
	Þórður Skúlason.	

Nd. 328. Breytingartillaga [21. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um stimpilgjald, nr. 36/1978.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

Nd. 329. Nefndarálit [216. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. des. 1989.

Páll Pétursson, form., frsm.	Þórhildur Þorleifsdóttir, fundaskr.	Friðrik Sophusson.
Þórður Skúlason.	Jón Sæmundur Sigurjónsson.	Matthías Bjarnason.
	Guðmundur G. Þórarinsson.	

Nd. 330. Nefndarálit [52. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60 29. maí 1972.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess óbreytts.
Sighvatur Björgvinsson og Friðjón Þórðarson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. des. 1989.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Ólafur G. Einarsson, fundaskr.	Guðni Ágústsson.
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.		Ingi Björn Albertsson.

Ed. 331. Nefndarálit [232. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og er sammála um að mæla með samþykkt þess án breytinga.
Guðrún Agnarsdóttir var fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. des. 1989.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Ey. Kon. Jónsson.	Eiður Guðnason.	Halldór Blöndal.

Ed. 332. Nefndarálit [208. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þær breytingar, sem þetta frumvarp boðar, varða fyrst og fremst undanþágur frá virðisaukaskatti, hækkun skattprósentu og refsiálags, svo og ýmsar tæknilegar útfærslur á framkvæmd, skattheimtu og skilum virðisaukaskatts.

Annar minni hl. telur margt gagnrýnivert við frumvarpið og fyrirhugaða gildistöku laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, 1. janúar 1990. Vegur þar þungt hve vanbúið málið er og ekki síður að enn skuli ætlað að leggja skatt á nauðþurftir eins og matvæli. Því getur 2. minni hl. ekki unað og leggja þingkonur Kvennalistans í deildinni fram breytingartillögu um að fallið verði frá skattlagningu matvæla. Ef sú breytingartillaga nær ekki fram að ganga mun 2. minni hl. leggja til að frumvarpið verði fellt.

Fjöldi manns kom til viðræðna meðan frumvarpið var til umfjöllunar í nefndinni og voru þar á ferð um 50 fulltrúar ýmissa hagsmunaaðila sem kynntu erindi sín. Jafnframt bárust nefndarmönnum erindi vegna væntanlegrar gildistöku virðisaukaskatts frá fjölda annarra hagsmunaaðila. Ríkisskattstjóri, fulltrúar frá fjármálaráðuneyti og frá Ríkisendurskoðun sátu fundi nefndarinnar og veittu nefndarmönnum og gestum nefndarinnar upplýsingar.

Ónógur undirbúningur.

Fram kom hjá nær öllum gestum nefndarinnar að þeim þótti undirbúningur ónógur fyrir þá viðamiklu skattkerfisbreytingu sem í vændum er. Gilti þá einu hvort menn aðhyllast virðisaukaskatt eða ekki. Ljóst er að þekkingu á framkvæmd virðisaukaskatts er mjög ábótavant meðal þeirra u.þ.b. 25.000 aðila sem verða skattskyldir um áramót og á það ekki síst við um smærri fyrirtæki. Stærri fyrirtæki hafa eins og aðrir beðið eftir síðbúnum ákvörðunum stjórnvalda og eru almennt ekki farin að breyta tölvukerfum og forritum í samræmi við gildistöku, en óvissan hefur tafið framkvæmdir. Það er ámælisvert að tefja flóknar og viðamiklar kerfisbreytingar með pólitískri togstreitu um veigamikla þætti, en steypa þeim síðan yfir þjóðina í tímaþröng. Þekkingu margra þeirra, sem kallaðir munu til ráðgjafar og leiðbeiningar, annarra en starfsmanna ríkisskattstjóra og fjármálaráðuneytis, er almennt einnig ábótavant.

Nú eru aðeins rétt rúmar tvær vikur til gildistöku laganna og enn eru reglugerðir ekki fullfrágengnar, t.d. vantar enn tölur í reglugerð um endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna matvöru sem er endurgreidd. Margt er einnig óljóst um áhrif þessarar skattkerfisbreytingar, t.d. á verðlag og þróun niðurgreiðslna búvara á næsta ári og urmull er af enn óskilgreindum markatilvikum sem varða rétt og stöðu fólks gagnvart skattheimtu.

Mikilvægt er að tekið verði tillit til þess hve vanbúinn þorri manna er til að mæta virðisaukaskattskerfinu, en refsiákvæði eru nokkuð ströng og gefa lítið svigrúm. Því er nauðsynlegt að leiðbeina fremur en að refsa meðan byrjunarerfiðleikar eru mestir eða fresta refsiákvæðum um nokkra mánuði. Ekki væri heldur vanþörf á að fresta málinu öllu.

Skattlagning matvæla.

Í frumvarpinu eru einungis lagðar til mjög takmarkaðar breytingar á skattlagningu matvæla sem er alvarlegur galli laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Lagt er til að endurgreiða skuli hluta virðisaukaskatts af nokkrum tegundum matvæla, þ.e. neyslumjólk, dilkakjöti, neyslufiski og fersku innlendu grænmeti þannig að skattgreiðslur verði sem næst 14% í stað 24,5%. Endurgreiðslur á svo að fjármagna með um 900 milljónum króna á næsta ári.

Jafnvel ígildi 14% virðisaukaskatts er hærri skattlagning á matvæli en gerist hjá allflestum ríkjum Evrópubandalagsins. Hér leggst þessi skattprósenta á matvælaverð sem er hærra en í flestum nágrannalöndum okkar. Kaupmáttarskerðing hefur orðið talsverð á sl. ári eða um 13–14%. Endurgreiðslur eru aðeins af nokkrum tegundum matvæla, aðrar bera fullan skatt, eða 24,5% án tillits til hollustu. Má þar t.d. nefna ávexti og kornmat en vænta má að brauð sé stærri hluti, en dilkakjöt af neyslu þeirra sem hafa lægri tekjur og því má gagnrýna þá neyslusamsetningu sem valin hefur verið til undanþágu. Sýna þessi dæmi hve fáranlegt er að velja úr vissar matartegundir til undanþágu, en sleppa öðrum. Einnig má gagnrýna þá pólitísku neyslustýringu sem mismunar tegundum kjöts með skattlagningu eins og hér er lagt til. Slíkt getur orðið hvati að kröfum um innflutning á vissum landbúnaðarafurðum (kjúklingum, svínakjöti) til að lækka vöruverð. Það býður hættu heim fyrir íslenskan landbúnað og gæti leitt til innflutnings fleiri landbúnaðarvara. Spáð hefur verið verðlækkun á matvörum í janúar, jafnvel fram í febrúar, í kjölfar endurgreiðslu virðisaukaskatts. Hins vegar má búast við a.m.k. 5-6% hækkun á búvörum umfram verðlag vegna lækkunar niðurgreiðslna um 550 milljónir króna á næsta ári. Þróun verðbólgu og margir aðrir óvissuþættir geta svo orðið þess valdandi að þær 900 milljónir króna, sem ætlaðar eru í endurgreiðslur, nægi ekki á næsta ári. Allt er einnig óljóst um feril niðurgreiðslna á næsta ári og því ógerningur að segja nokkuð til um þróun matvælaverðs.

Er þess skemmst að minnast að sú niðurgreiðsla, sem ákveðin var á söluskatti af fiski, hefur ekki haldist að raunvirði.

Óhætt er að segja að mikil óvissa ríki í raun um heildaráhrif virðisaukaskatts á verðlag þó að ýmsir útreikningar bendi til hreinna lækkunaráhrifa á ákveðnum þáttum. Ekki er víst að þeir verði til þess að hamla á móti verðhækkunum að því marki sem menn áætla. Heildaráhrifin geta því allt eins orðið almennar verðhækkanir, en það hefur verið reynsla annarra þjóða sem taka upp virðisaukaskatt. Því er t.d. spáð að aukin fjárbinding fyrirtækja í verslun og iðnaði vegna skorts á gjaldfresti við innflutning (t.d. í tolli) muni leiða til hærra vöruverðs, a.m.k. um 2%, jafnvel hærra.

Ríkisendurskoðun lét í ljósi eftirfarandi álit á endurgreiðslu virðisaukaskatts af nokkrum tegundum matvæla: „Hér er ekki um sérstakt skattþrep að ræða að mati Ríkisendurskoðunar og er slíku reyndar hvergi haldið fram í frumvarpinu sjálfu. Endurgreiðslan er í eðli sínu skyldari niðurgreiðslu en sérstöku skattþrepi eða hefðbundinni skattundanþágu. Því verður að mati Ríkisendurskoðunar ekki hjá því komist að kveða með einhverjum hætti á um endurgreiðsluna í fjárlögum nái frumvarpið fram að ganga. Í þessu sambandi sýnist tvennt koma til greina. Annars vegar að greina frá endurgreiðslunni í tekjuhlið fjárlaganna, þ.e. með því sýna hana sem tiltekna fjárhæð, er dregst frá heildartekjum af skattinum, eða hins vegar að mæla fyrir um endurgreiðsluna á útgjaldahlið fjárlaga með líkum hætti og niðurgreiðslur en sérstaklega tilgreinda þó. Hvernig svo sem framsetningu þessa liðar í fjárlögum yrði háttað er að mati Ríkisendurskoðunar engu að síður ljóst að stjórnvöld gætu ekki án lagabreytinga (verði frumvarpið að lögum) vikist undan því að gera grein fyrir þessum fjárútlátum í fjárlögum með einhverjum hætti og endurgreiða skattinn í samræmi við raunverulega sölu á umræddri matvöru á því stigi þar sem endurgreiðslan fer fram.

Þykir 2. minni hl. mikilvægt að þessi athugasemd verði tekin til greina ef frumvarpið verður samþykkt.

Skattur á námsbækur.

Í frumvarpinu er lagt til að sala bóka á íslenskri tungu, jafnt frumsaminna sem þýddra, verði undanþegin virðisaukaskatti. Er það vel og getur 2. minni hl. stutt þá tillögu, enda í samræmi við breytingartillögu sem þingkonur Kvennalistans fluttu við frumvarp til laga um virðisaukaskatt. Þó er sá galli á gjöf Njarðar að þessu ágæta ákvæði er ekki ætlað að taka gildi

fyrr en 16. nóv. 1990. Það kemur illa niður á námsfólki sem þarf að kaupa námsbækur sínar í september. Endurnýta má sumar bækur, en þó er ávallt tekið upp nýtt námsefni og hætt er við að margir nemendur, einkum þeir efnaminni, bíði með bókakaup þar til eftir miðjan nóvember. 2. minni hl. telur að slíkt muni spilla námi skólafólks og leggur því fram breytingartillögu um að flýta þessu ákvæði fram til 1. sept. 1990.

Skatthlutfall of hátt.

Í lögum nr. 50/1988 er skatthlutfall virðisaukaskatts 22%. Því er óspart haldið fram að hlutfallið hafi lækkað með þessu frumvarpi þar sem það er 24.5%. Sannleikurinn er að hlutfallið hefur í raun hækkað miðað við þann virðisaukaskatt sem samþykktur var. Þetta skatthlutfall er enn með því hæsta sem gerist meðal Evrópubandalagsþjóða. Hætta er á því að hár virðisaukaskattur leiði til skattsvika og neðanjarðarstarfsemi. Bentu gestir nefndarinnar á mörg tilvik þar sem bein líkindi væru fyrir því að ákveðin starfsemi mundi færast yfir á „svartan markað" og yrði þannig svikin undan skatti.

Vandkvæði í skattlagningu byggingariðnaðar.

Fram hefur komið að sú aðferð að nota kostnaðarverð, en ekki söluverð bygginga sem skattstofn gerir framkvæmd virðisaukaskatts í byggingariðnaði mjög flókna og nær óframkvæmanlega. Er það ekki síst þegar miðað er við þann stutta tíma sem gefist hefur til undirbúnings. Er talið mun skynsamlegra að miða skattstofninn við söluverð húsbygginga. Óljós mörk og skilgreiningar á því hvað er viðhald og hvað eru endurbætur á húsi munu leiða til vanda sem erfitt er að sjá fyrir endann á. Endurbætur má endurgreiða en viðhald ekki. Þó fást endurbætur ekki greiddar nema kostnaður við vinnu við þær nemi 7% af fasteignamati. Algengt fasteignamat einbýlishúsa á Reykjavíkursvæðinu er um 9–10 milljónir króna og er fátítt að fólk geri við hús sín fyrir u.þ.b. 500 þús. kr. Það eru því fáir sem geta nýtt sér þessar endurgreiðslur, en því er spáð að viðgerðastarfsemi verði rekin út í „svarta vinnu".

Hætt er við að svo lítið yrði endurgreitt samkvæmt þessari aðferð að það mundi leiða til hækkunar framfærsluvísitölu þar sem ekki væri hægt að taka tillit til þessarar endurgreiðslu við útreikning hennar. Því er nauðsynlegt að lækka þessa viðmiðun verulega, t.d. í allt að 3% af fasteignamati. Nauðsynlegt er einnig að endurgreiða vinnu manna við viðgerðir eða viðhald húseigna til að koma í veg fyrir skattsvik.

Erfiðleikar skuldajöfnunar.

Margir eru ósáttir við ákvæði um skuldajöfnun sem felur það í sér að sá sem skuldar ríkissjóði opinber gjöld eða skatta fær ekki endurgreiðslu virðisaukaskatts. Er óánægja einkum sprottin af því að mörg dæmi eru þess að ríkissjóður eða ríkisstofnun skuldi fyrirtæki mun hærri upphæð en það skuldar ríkinu. Fyrirtækið á þá ekki kost á því að skuldajafna skatta sína og fær yfirleitt ekki greidda dráttarvexti. Þetta þykir óréttlátt og telur 2. minni hl. að á þessum vanda þurfi að finna sanngjarna lausn og flytur því breytingartillögu þess efnis að í stað þess að skuldajafna „skuli" eins og segir í frumvarpinu sé *heimilt* að skuldajafna, enda eigi viðkomandi fyrirtæki ekki á sama tíma kröfur á ríkissjóð fyrir seldar vörur eða þjónustu.

Aukin skattheimta á sveitarfélög.

Það sem kynnt var fyrir sveitarfélögum sem skattkerfisbreyting hefur snúist upp í beinan tekjuskatt á sveitarfélögin í þeim mæli sem forsvarsmenn þeirra áttu ekki von á. Þegar fjallað var um tekjustofna sveitarfélaga í tengslum við breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga var ljóst að breytt verkaskipting mundi koma fjárhagslega verst niður á minni sveitarfélögunum og var því leitað að leiðum til úrbóta fyrir þau. Ekki virðist þá hafa verið gætt samræmingar við þá skattkerfisbreytingu sem einnig var í undirbúningi, virðisaukaskattinn. Nú kemur í ljós

að sá ávinningur, sem sveitarfélögin áttu að hafa af nýrri verkaskiptingu og nýjum lögum um tekjustofna, verður lítill og minnstur fyrir smærri sveitarfélögin. Samband ísl. sveitarfélaga áætlar allt að 900 milljónum króna hækkun á rekstri sveitarfélaga á næsta ári vegna áhrifa virðisaukaskatts. Um 15 ára reynsla Dana af því að skattleggja sveitarfélög hefur leitt til þess að lögum þeirra um virðisaukaskatt hefur verið breytt þannig að lögbundin skylduverkefni sveitarfélaga eru nú undanþegin skatti. Að þessu þarf að huga og ástæðulaust að endurtaka mistök og bitra reynslu annarra.

Kvennalistakonur voru aldrei þeirrar skoðunar að kostir virðisaukaskatts væru fleiri eða stærri en gallar hans fyrir svo fámenna þjóð sem Íslendinga og greiddu þess vegna atkvæði gegn honum. Engar nýjar forsendur hafa komið fram til að breyta þeirri afstöðu.

Alvarlegasti og stærsti galli laga nr. 50/1988 er matarskatturinn illræmdi og hann er í raun enn til staðar þótt smávægilegar breytingar hafi verið gerðar til að milda hann. 2. minni hl. telur það hættulegt fyrir afkomu hinna tekjuminni í þjóðfélaginu hve margir virðast hafa sætt sig við þessa óréttlátu skattheimtu af nauðþurftum. Samtök launþega lýsa sig þó enn andvíg matarskattinum og Kvennalistakonur hafa aldrei hvikað frá andstöðu sinni við þessa skattheimtuleið. Henni ber að mótmæla og vísa á bug.

Alþingi, 15. des. 1989.

Guðrún Agnarsdóttir.

Ed. 333. Breytingartillögur [208. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur og Danfríði Skarphéðinsdóttur.

1. Við 1. gr. A-liður orðist svo:
   1. málsl. 1. mgr. orðist svo:
   Skattskyldan nær til allra vara og verðmæta, nýrra og notaðra, sbr. þó 12. gr., nema matvöru sem er undanþegin virðisaukaskatti.
2. Við 10. gr. Efnismálsgreinin orðist svo:
   Kröfu um vangoldin opinber gjöld og skatta til ríkissjóðs ásamt verðbótum, álagi og dráttarvöxtum er heimilt að skuldajafna á móti endurgreiðslu, enda eigi fyrirtæki ekki á sama tíma kröfu á ríkissjóð fyrir seldar vörur eða þjónustu.
3. Við 17. gr. Í stað „16. nóvember 1990“ komi: 1. september 1990.

Sþ. 334. Fyrirspurn [236. mál]

til fjármálaráðherra um skuld frystideildar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Frá Kristni Péturssyni.

1. Hvers vegna hefur fjármálaráðherra ekki látið gjaldfæra skuld frystideildar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1989 eða í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1990?
2. Hvað er nú (14. des. 1989) um háa fjárhæð að ræða að meðtöldum fjármagnskostnaði?
3. Hvaða heimild telur fjármálaráðherra að hann hafi til þess að telja þessa skuld til eignar í bókhaldi ríkissjóðs í ljósi yfirlýsinga ráðherra og ríkisstjórnar um að frystingin verði ekki látin endurgreiða þessa upphæð?

Ed. 335. Lög [74. mál]

um breyting á lánsfjárlögum fyrir árið 1989, nr. 12/1989.

(Afgreidd frá Ed. 15. des.)

Samhljóða þskj. 309.

Nd. 336. Frumvarp til laga [21. mál]

um breytingu á lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. des.)

1. gr.

1. málsl. 1. mgr. 21. gr. laganna orðast svo:

Fyrir stimplun hlutabréfa, sem gefin eru út af félögum með takmarkaða ábyrgð, skal greiða ½% af fjárhæð bréfanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

Nd. 337. Lög [216. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 15. des.)

Samhljóða þskj. 258.

Nd. 338. Lög [52. mál]

um breyting á lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60 29. maí 1972.

(Afgreidd frá Nd. 15. des.)

Samhljóða þskj. 52.

Nd. 339. Frumvarp til laga [237. mál]

um breytingu á lögum nr. 9/1984, um frádrátt af skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

Hámarksfjárhæð í 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna, sbr. lög nr. 88/1986, breytist þannig að í stað „45.900 kr.“ komi: 115.000 kr., og í stað „91.800 kr.“ komi: 230.000 kr.

2. gr.

Við 10. gr. laganna bætist: Fjárhæð umfram frádráttarmörk, sem lögð er í hlutafjáraukningu í hlutafélagi eða lögð til hlutafjárkaupa við stofnun hlutafélags, er heimilt að flytja milli ára og nýta á næstu fimm árum. Ónýtt frádráttarheimild tekur hækkun með sama hætti og fjárhæðir 2. gr.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 11. gr. laganna:

1. Lágmarksfjárhæðin í fyrri málsgrein breytist þannig að í stað „5.000.000 kr." komi: 12.000.000 kr.

2. Lágmarksfjöldi hluthafa í fyrri málsgrein breytist þannig að í stað „50" komi: 25.

4. gr.

Við 26. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir er orðast svo:

Einnig getur ríkisskattstjóri heimilað frádrátt frá tekjum samkvæmt lögum þessum þótt skilyrðum 11. gr. um lágmark hlutafjár og lágmarksfjölda hluthafa hafi ekki verið fullnægt í árslok þegar um er að ræða starfandi hlutafélag sem er að auka hlutafé sitt eða hluthafafjölda. Til að ríkisskattstjóri veiti slíku hlutafélagi staðfestingu þarf að liggja fyrir yfirlýsing frá stjórn hlutafélagsins og gögn er geri það líklegt að skilyrðum verði fullnægt innan árs frá því ákvörðun var tekin um hlutafjáraukningu eða fjölgun hluthafa.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta fyrir tekjuárið 1989.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar og byggist að stofni á frumvarpi sem Friðrik Sophusson o.fl. fluttu á þskj. 97. Í samráði við embætti ríkisskattstjóra og fjármálaráðuneyti hafa verið gerðar ýmsar breytingar á upphaflega frumvarpinu og taldi nefndin rétt eftir þær breytingar að flytja málið sem sjálfstætt frumvarp. Meginmarkmið frumvarpsins er að auka eigið fé fyrirtækja og renna styrkari stoðum undir atvinnulífið. Um nánari greinargerð vísast til greinargerðar með 96. máli á þskj. 97.

Ed. 340. Frumvarp til laga [208. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 15. des.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 2. gr.:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo:
   Skattskyldan nær til allra vara og verðmæta, nýrra og notaðra.
b. 1. málsl. 3. mgr. orðist svo:
   Eftirtalin vinna og þjónusta er undanþegin virðisaukaskatti:
c. 3. tölul. 3. mgr. orðist svo:
   Rekstur skóla og menntastofnana, svo og ökukennsla.
d. 4. tölul. 3. mgr. orðist svo:
   Starfsemi safna, svo sem bókasafna, listasafna og náttúrugripasafna, og hliðstæð menningarstarfsemi. Sama gildir um aðgangseyri að tónleikum, íslenskum kvikmyndum, listdanssýningum, leiksýningum og leikhúsum, enda tengist samkomur þessar ekki á neinn hátt öðru samkomuhaldi eða veitingastarfsemi.

e. 5. tölul. 3. mgr. orðist svo:
Íþróttastarfsemi, svo og aðgangseyrir að sundstöðum, skíðalyftum, íþróttamótum, íþróttasýningum og heilsuræktarstofum.
f. 15. tölul. 3. mgr. falli niður.
g. 6. mgr. orðist svo:
Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari skilyrði fyrir undanþágum samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 4. gr.:
a. 2. tölul. orðist svo:
Listamenn, að því er varðar sölu þeirra á eigin listaverkum, enda falli listaverkin undir tollskrárnúmer 9701.1000–9703.0000, svo og uppboðshaldarar, að því er varðar sölu þessara verka á listmunauppboðum, sbr. lög nr. 36/1987.
b. Við greinina bætist nýr töluliður er verði 4. tölul., svohljóðandi:
Skólamötuneyti.

3. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Nú hefur aðili, sem að mati skattstjóra bar að tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi skv. 1. mgr., eigi sinnt umræddri tilkynningarskyldu og skal þá skattstjóri úrskurða hann sem skattskyldan aðila samkvæmt ákvæðum 3. gr. og tilkynna aðilanum þar um.

4. gr.

Við 8. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Ríkisskattstjóri skal gefa út reglur um mat til verðs samkvæmt þessari grein.

5. gr.

Í stað „81,97%“ í 1. mgr. 10. gr. komi: 80,32%.

6. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 12. gr.:
a. Á undan „Viðgerðar-“ í 7. tölul. 1. mgr. komi: Skipasmíði og.
b. 9. tölul. 1. mgr. orðist svo:
Sala tímarita, dagblaða og landsmála- og héraðsfréttablaða, svo og afnotagjöld útvarpsstöðva.
c. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður er verði 10. tölul., svohljóðandi:
Sala bóka á íslenskri tungu jafnt frumsaminna sem þýddra.
d. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður er verði 11. tölul., svohljóðandi:
Sala á heitu vatni, rafmagni og olíu til hitunar húsa og laugarvatns.
e. 3. málsl. 2. mgr. falli niður.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 13. gr.:
a. Í stað „81,97%“ í 3. og 5. mgr. komi: 80,32%.
b. 2. málsl. 3. mgr. falli niður.

8. gr.

14. gr. orðist svo:
Virðisaukaskattur skal vera 24,5% og rennur hann í ríkissjóð.

9. gr.

Í stað „18,03%“ í 1. mgr. 20. gr. komi: 19,68%.

10. gr.

Síðari málsliður 3. mgr. 26. gr. orðist svo:

Kröfu um vangoldin opinber gjöld og skatta til ríkissjóðs ásamt verðbótum, álagi og dráttarvöxtum skal skuldajafna á móti endurgreiðslu.

11. gr.

Í stað „1%“ í 2. mgr. 27. gr. komi: 2%. Í stað „10%“ í sama ákvæði komi: 20%.

12. gr.

29. gr. orðist svo:

Þeir sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun skattstjóra á virðisaukaskatti geta kært skattinn til hans innan þrjátíu daga frá því er skatturinn var ákveðinn. Innsend fullnægjandi virðisaukaskattsskýrsla skal tekin sem kæra þegar um er að ræða áætlanir skv. 25. gr. Kærum vegna áætlana skv. 27. gr. skal fylgja skriflegur rökstuðningur. Skattstjóri skal kveða upp rökstuddan úrskurð um kæruna og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi innan þrjátíu daga frá lokum kærufrests.

Úrskurði skattstjóra má skjóta til ríkisskattanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Kærufrestur til ríkisskattanefndar skal vera þrjátíu dagar frá póstlagningu úrskurðar skattstjóra.

Ríkisskattstjóri hefur heimild til að skjóta úrskurðum skattstjóra til ríkisskattanefndar án tillits til kærufrests.

Ríkisskattanefnd skal hafa lagt efnisúrskurð á allar kærur þremur mánuðum eftir að þær bárust nefndinni. Úrskurðir ríkisskattanefndar skulu vera ítarlega rökstuddir og í forsendum þeirra skal koma skýrt fram á hvaða kæruatriðum og skattheimildum skattstofn og álagning er byggð.

Ákvæði 100. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu að öðru leyti gilda um kærur til ríkisskattanefndar eftir því sem við getur átt.

Ágreining um skattskyldu og skatthæð má bera undir dómstóla, enda hafi áður verið um hann úrskurðað af ríkisskattanefnd. Það skal þó gert innan sex mánaða frá því að ríkisskattanefnd úrskurðar í málinu.

Áfrýjun eða deila um skattskyldu frestar ekki gjalddaga skattsins né leysir undan neinum þeim viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu hans, en verði skattur lækkaður eftir úrskurði eða dómi skal endurgreiða það sem lækkuninni nemur.

13. gr.

Á eftir 41. gr. komi nýr kafli, XIII. kafli, Um endurgreiðslu virðisaukaskatts, með tveimur nýjum greinum sem verða 42. og 43. gr. og breytist greinatala laganna og kaflanúmer til samræmis, svohljóðandi:

XIII. KAFLI

Um endurgreiðslu virðisaukaskatts.

a. (42. gr.)

Endurgreiða skal hluta virðisaukaskatts af neyslumjólk, dilkakjöti, neyslufiski og fersku innlendu grænmeti þannig að skattgreiðslur samtals af þessari matvöru, að teknu tilliti til endurgreiðslunnar, verði sem næst 14% í stað 24,5%. Fjármálaráðherra ákveður með

reglugerð nánar hvaða matvara fellur undir þessa málsgrein, svo og um framkvæmd endurgreiðslunnar.

Endurgreiða skal byggjendum íbúðarhúsnæðis virðisaukaskatt, sem þeir hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað. Endurgreiðslan skal gerð á grundvelli framlagðra reikninga, eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti og vera verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu. Jafnframt skal endurgreiða eigendum íbúðarhúsnæðis virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt af vinnu manna við endurbætur þess, enda sé heildarkostnaður a.m.k. 7% af fasteignamati húseignarinnar í ársbyrjun. Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara endurgreiðslna. Á sama hátt skal í reglugerð kveðið á um endurgreiðslu ákveðins hutfalls virðisaukaskatts af verksmiðjuframleiddum íbúðarhúsum.

Fjármálaráðherra getur ákveðið með reglugerð að endurgreiða sveitarfélögum virðisaukaskatt sem þau hafa greitt vegna kaupa á skattskyldri vöru eða þjónustu af atvinnufyrirtækjum.

b. (43. gr.)

Fjármálaráðherra getur kveðið svo á með reglugerð að endurgreiða megi virðisaukaskatt af vörum sem erlendir ferðamenn kaupa hérlendis og hafa með sér er þeir hverfa úr landi, enda séu uppfyllt þau skilyrði sem hann telur nauðsynleg.

Fjármálaráðherra getur ákveðið með reglugerð að hvaða marki skuli endurgreiða sendimönnum erlendra ríkja virðisaukaskatt af kaupum á vörum og þjónustu hér á landi.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja með reglugerð reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts sem erlend fyrirtæki hafa greitt hérlendis vegna kaupa, aðvinnslu, geymslu eða flutnings á vörum sem flytja á úr landi.

14. gr.

Orðin „á vörum sem ætlaðar eru til endursölu“ í 46. gr., er verður 48. gr., falli niður.

15. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 47. gr. laganna, er verður 49. gr., komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að virðisaukaskattur af aðgangseyri að dansleikjum og öðrum skemmtanaskattsskyldum samkomum skuli innheimtur meðan á samkomunni stendur eða með skemmtanaskatti. Hann getur enn fremur ákveðið með reglugerð að sveitarfélög greiði virðisaukaskatt við framvísun virðisaukaskattsskýrslu einu sinni á ári, enda sé árleg virðisaukaskattsskyld velta þeirra af framleiðslu vöru og veittri þjónustu til eigin nota minni en 400.000 kr.

16. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I orðist svo:

Fari afhending skattskyldrar vöru og þjónustu fram 1. janúar 1990 eða síðar skal hún teljast til virðisaukaskattsskyldrar veltu samkvæmt lögum þessum. Þetta gildir án tillits til þess hvort samningur um sölu skattskyldrar vöru og þjónustu hefur verið gerður fyrir 1. janúar 1990 eða greiðsla farið fram að hluta eða fullu.

Hafi samningur, sbr. 1. mgr. þessa ákvæðis, verið gerður skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna sem svarar virðisaukaskatti samkvæmt lögum þessum sé um að ræða sölu á vöru og þjónustu sem ekki var skattskyld samkvæmt söluskattslögum, nema sannað sé að virðisaukaskattur hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess. Hafi slík vara eða þjónusta verið skattskyld samkvæmt söluskattslögum skal seljandi endurgreiða kaupanda

mismun á söluskatti og virðisaukaskatti, nema sannað sé að kaupverð samkvæmt samningnum hafi verið miðað við virðisaukaskatt samkvæmt lögum þessum.

Um greiðslu virðisaukaskatts af innflutningi skattskyldrar vöru og þjónustu fer eftir þeim reglum sem gilda þegar tollmeðferð fer fram.

Heimilt er að endurgreiða virðisaukaskattsskyldum aðilum, sem hafa húsbyggingar eða aðra mannvirkjagerð með höndum í atvinnuskyni, söluskatt sem hvílir á birgðum þeirra af óseldu byggingarefni 31. desember 1989. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um þessar endurgreiðslur, þar á meðal hvaða gögn þurfi að liggja til grundvallar endurgreiðslubeiðni.

Ákvæði 1. og 2. tölul. 5. mgr. 13. gr. laga þessara skulu gilda eftir því sem við á um frádrátt frá skattskyldri veltu vegna viðskipta sem skattskyld voru samkvæmt söluskattslögum og ekki var unnt að leiðrétta með síðustu söluskattsskilum ársins 1989.

Hafi verið gerður fjármögnunarsamningur fyrir 1. janúar 1990 þar sem kveðið er á um eignarrétt leigusala án kaupskyldu leigutaka í lok leigutíma skulu leigugreiðslur samkvæmt slíkum samningum vera undanþegnar virðisaukaskatti.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessa ákvæðis.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990. Ákvæði c-liðar 6. gr. öðlast þó gildi 16. nóvember 1990.

Ed. 341. Breytingartillaga [208. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum.

Frá Halldóri Blöndal.

Við 13. gr., a-lið (ný 42. gr.). 3. málsl. 2. mgr. orðist svo: Jafnframt skal endurgreiða eigendum íbúðarhúsnæðis virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt af vinnu manna við viðhald eða endurbætur þess, enda sé heildarkostnaður a.m.k. 3,5% af fasteignamati húseignarinnar í ársbyrjun.

Nd. 342. Nefndarálit [210. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Samhliða umfjöllun sinni um stjórnarfrumvarpið á þskj. 247 hefur nefndin fjallað um nokkur þingmannafrumvörp sem vísað hefur verið til hennar. Niðurstaðan af umfjöllun nefndarinnar er sú að hún flytur sem heild nokkrar breytingartillögur við stjórnarfrumvarpið þar sem m.a. er tekið mið af þingmannafrumvarpi á þskj. 208.

Við vinnu sína hefur nefndin notið ágætrar aðstoðar Ævars Ísbergs, Steinþórs Haraldssonar og Friðleifs Jónssonar frá embætti ríkisskattstjóra og Snorra Olsens og Maríönnu Jónasdóttur frá fjármálaráðuneytinu. Þá komu eftirtaldir til viðræðna við nefndina um áðurgreind frumvörp: Þuríður Pálsdóttir, Ingileif Hallgrímsdóttir, Margrét Thorlacius og Kristjana Milla Thorsteinsson frá Húseigendafélaginu, Ari Skúlason og Ásmundur Stefánsson frá ASÍ, Þórarinn V. Þórarinsson og Hannes Sigurðsson frá VSÍ, Björn Arnórsson og Sigurður Jóhannesson frá BSRB, Þórður Friðjónsson, Jóhann Rúnar Björgvinsson og Stefán Þór Jansen frá Þjóðhagsstofnun, Eiríkur Guðnason frá Verðbréfaþingi Íslands, Sigurður B.

Stefánsson frá verðbréfadeild Iðnaðarbankans, Vilhjálmur Egilsson frá Verslunarráði Íslands, Birgir Björn Sigurjónsson og Páll Halldórsson frá BHMR, Gunnar Jóhannsson, Ólafur H. Ólafsson, Gylfi Knudsen og Guðmundur E. Erlendsson frá ríkisskattanefnd, Grétar Guðmundsson, aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, Jón Sigurðsson endurskoðandi og Valgarð Briem hrl.

Breytingartillögur þær, sem nefndin flytur sem heild á sérstöku þingskjali, eru eftirfarandi:

1. Með 1. brtt. eru heimildir til frádráttar frá tekjum vegna fjárfestingar einstaklinga í atvinnurekstri rýmkaðar frá því sem er í frumvarpinu.

2. Með 2. og 3. brtt. er ætlað að koma í veg fyrir óeðlilega skattlagningu forráðamanns barns þegar barnið hefur erft eignir eftir látið foreldri eða foreldra eða aðra vandamenn. Samkvæmt gildandi lögum eru eignatekjur og aðrar tekjur barns en launatekjur nú skattlagðar að fullu hjá foreldri eða hjá þeim er nýtur barnabóta vegna barnsins, en hann getur verið því með öllu óskyldur. Um eignir gildir að þær eru skattlagðar hjá forráðamanni barns og bætast við skattstofn hans og geta valdið því að hann lendi í efsta skattþrepi með eignir sem hann á ekki. Í breytingartillögunni er lagt til að heimilt sé í slíkum tilvikum að skattlagning færist af forráðamanni yfir á barnið sjálft.

3. Með 4. og 5. brtt. eru felld brott ákvæði frumvarpsins er varða ríkisskattanefnd þar sem ákveðið var að fresta um sinn breytingum á skipan og starfsháttum nefndarinnar.

4. Með 6. brtt. er aðeins verið að gera nauðsynlegar leiðréttingar er leiða af öðrum breytingum nefndarinnar.

Alþingi, 15. des. 1989.

Páll Pétursson, form., frsm. Jón Sæmundur Sigurjónsson. Guðmundur G. Þórarinsson.

Þórður Skúlason.

Nd. 343. Breytingartillögur [210. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Í stað „108.000“ og „216.000“ í a-lið komi: 115.000 og 230.000.
2. Á eftir 2. gr. komi ný grein sem orðist svo:
   Við 65. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:
   Skattstjóri má taka til greina umsókn framfæranda barns um að allar tekjur barns, sem misst hefur báða foreldra sína og hefur ekki verið ættleitt, skuli skattlagðar hjá barninu sjálfu í samræmi við ákvæði 2. mgr. 67. gr. Sama á við ef barn hefur misst annað foreldri sitt.
3. Á eftir 9. gr. komi ný grein sem orðist svo:
   Við 82. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:
   Skattstjóri má taka til greina umsókn framfæranda barns um að eignir barns, sem misst hefur báða foreldra sína og hefur ekki verið ættleitt, skuli skattlagðar hjá barninu sjálfu í samræmi við ákvæði 83. gr. Sama á við ef barn hefur misst annað foreldri sitt.
4. Við 11. gr. Greinin falli brott.

5. Við 12. gr. Greinin falli brott.
6. Við 15. gr.
   a. Í stað „1. gr., 2. gr., 7. gr., 8. gr., 9. gr., 10. gr., 13. gr.“ komi: 1. gr., 2. gr., 3. gr., 8. gr., 9. gr., 10. gr., 11. gr., 12. gr. og 13. gr.
   b. Síðasta málsgrein falli brott.

Nd. 344. Nefndarálit [210. mál]

um frv. til. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Ríkisstjórnin hefur á valdatíma sínum stórhækkað skatta. Það hefur þó ekki dugað til að mæta vaxandi útgjöldum ríkissjóðs. Á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir að vanti allt að 5 milljarða króna til að tekjur samsvari gjöldum, enda hefur ríkisstjórnin sett Íslandsmet í útgjöldum ríkisins séu þau skoðuð sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

Það eru áform ríkisstjórnarinnar að afgreiða fjárlög næsta árs með verulegum halla, sem væntanlega verður meiri en viðurkennt er vegna vanáætlana. Þannig hefur ríkisstjórnin gefist upp við að hafa stjórn á ríkisfjármálunum. Hún hefur hvorki kjark né þor til að takast á við vaxandi rekstrarútgjöld ríkisins. Eina ráðið, sem ríkisstjórnin sér, er að hækka skattana enn á ný. Sú ráðstöfun dugar þó engan veginn til að jafnvægi náist í ríkisfjármálum. Þetta frumvarp er liður í þeim aðgerðum að auka skattheimtuna og þar með skattbyrði alls þorra almennings.

Rúmum tveimur mánuðum áður en núverandi fjármálaráðherra tók við völdum sendi hann frá sér greinargerð um tök forvera síns á ríkisfjármálunum. Hálfu öðru ári seinna kann að vera fróðlegt að lesa greinargerðina í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af starfi ráðherrans. Greinargerðin er birt sem fylgiskjal með nefndarálitinu.

Stórfelldar skattahækkanir.

Eins og sjálfstæðismenn í fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar hafa sýnt fram á má búast við því að ríkissjóður auki tekjur sínar um 1.600 milljónir króna með því að taka upp 24,5% virðisaukaskatt í stað 25% söluskatts. Samkvæmt útreikningum fjármálaráðuneytisins fær ríkið í sinn hlut 1.400 milljónir króna vegna hækkunar tekjuskattsins. Aðrir segja að tekjurnar verði meiri. Eignarskattar lækka af nokkrum hópi og nemur tekjutap ríkissjóðs 300 milljónum króna af þeim sökum.

Ríkisstjórnin hefur haft uppi áform um að hækka skatta af bifreiðum og skattleggja orkuveitur. Því verður ekki trúað að þingmenn standi að slíkum skattaálögum til viðbótar 2–3 milljarða króna skattahækkunum vegna upptöku virðisaukaskatts og hækkunar tekjuskatts.

Deilur um forsendur og áhrif.

Fjármálaráðherra hefur gert sem minnst úr fyrirhugaðri tekjuskattshækkun og telur að skattbyrði barnmargra láglaunamanna minnki. Deilur hafa risið milli fjármálaráðuneytisins og launþega og fjölmiðla um forsendur og áhrif fyrirhugaðrar tekjuskattsbreytingar. Rétt er að rekja þessar umræður hér nokkrum orðum.

Nú um áramót hækkar skattprósenta úr 37,4% í 39,74%, en hefði ella lækkað. Jafnframt hækka persónuafsláttur og barnabætur um 7,4%. Áður höfðu persónuafsláttur og barnabætur hækkað samkvæmt lánskjaravísitölu á sex mánaða fresti. Lánskjaravísitala hækkaði um 10% frá júní til desember. *Það gerist því hvort tveggja í senn að sjálf skattprósentan hækkar og afslátturinn hækkar minna en hann hefði átt að gera að öðru jöfnu.* Þess vegna áttu margir erfitt

með að kyngja þeirri frétt fjármálaráðuneytisins að skattar væru að léttast hjá stórum hópi fólks.

Í minnisblaði ráðuneytisins frá 1. des. er ætlunin að leiðrétta „furðufrétt DV um skattbreytingarnar". Leiðréttingin felst annars vegar í því að bera saman skatta af sama kaupi fyrir og eftir áramót. Hér er ekki horft á það að hækkun persónuafsláttar á að vega upp á móti hækkun launa og verðlags síðastliðið hálft ár. Hagfræðingur ASÍ (fréttatilkynning 6. des.) ber saman skattbyrði í júlí 1989 mánuðinn eftir að persónuafsláttur hækkaði síðast og janúar 1990. Hann miðar við laun sem hækka eftir kjarasamningum. Með þessu sýnir hann glögglega að það sem fjármálaráðuneytið taldi skattalækkun er í raun hækkun, jafnt hjá láglaunafólki, barnafólki og öðrum. Í minnisblaði fjármálaráðuneytis (1. des.) segir jafnframt: „Það er rangt í frétt DV að persónuafsláttur og barnabætur hafi fylgt hækkun lánskjaravísitölunnar undanfarin ár." Eitthvað hefur upplýsingafulltrúum ráðuneytisins orðið hált á sannleikanum því að í þau þrjú skipti, sem persónuafsláttur hefur hækkað eftir að staðgreiðslukerfi var tekið upp, hefur hækkunin verið sú sama og hækkun lánskjaravísitölu næstu sex mánuði á undan. Ekki er mikið um að opinberar stofnanir geri athugasemdir við blaðafréttir, en þegar svo ber við verður að gera þá kröfu að þær fari rétt með staðreyndir.

Í minnisblaðinu segir að sú aðferð að miða hækkun persónuafsláttar við lánskjaravísitölu sé óraunhæf. Um þetta segir hagfræðingur ASÍ (6. des.): „Að sú aðferð að miða við lánskjaravísitölu sé ekki raunhæf er einkaskoðun þeirra sem ráða í fjármálaráðuneytinu. Miðað við að sífellt þurfi að sækja fleiri krónur í vasa skattborgaranna er eðlilegt að aðferðin teljist ekki raunhæf. En væri miðað við að skattbyrði þróist eðlilega miðað við aðrar stærðir í þjóðfélaginu hlýtur viðmiðun við lánskjaravísitölu að teljast fullkomlega eðlileg ... Skattleysismörkin í upphafi næsta árs verða 52.466 kr. en hefðu orðið kring um 56.600 kr. ef núverandi lánskjaravísitala hefði verið notuð. Ef eldri lánskjaravísitalan hefði verið notuð mundu skattleysismörkin verða um 58.300 kr." *Ástæða er til að benda á að þessi viðmiðun við lánskjaravísitölu var í upphafi sett í lögin til þess að skattbyrði léttist þegar kaupmáttur færi minnkandi en yrði svo aftur þyngri í góðæri. Um það var samkomulag milli fjármálaráðherra, Alþingis og launþegahreyfingarinnar þegar lögin voru sett á sínum tíma.*

Í annarri fréttatilkynningu sinni um málið frá 5. des. segir fjármálaráðuneytið m.a.: „Heildaráhrif þeirra breytinga, sem koma fram í þessu frumvarpi og virðisaukaskattsfrumvarpinu sem lagt var fram í gær, eru þríþættar: ... „ Sagt er frá áhrifum virðisaukaskatts og lækkun eignarskatta en síðan segir: „Í þriðja lagi breytingar á tekjusköttum sem hafa í för með sér léttari skattbyrði hjá barnafjölskyldum með lágar tekjur, einkum einstæðum foreldrum, en nokkra þyngingu hjá hátekjufólki." Var skatturinn að hækka eða lækka? Skatturinn lækkar hjá lágtekjufólki en hækkar *nokkuð* hjá hátekjufólki. Síðan eru tekin dæmi um skattbyrði ársins 1989 og 1990 hjá nokkrum tekjuhópum. Skattbyrði léttist hjá einstæðum foreldrum tveggja barna (annað yngra en 7 ára) sem hafa minna en 100.000 króna mánaðarlaun og hjá hjónum með tvö börn (annað yngra en 7 ára) sem hafa 120.000 krónur á mánuði og minna. Skattbyrði eykst hjá öllum einstaklingum og auk þess barnafólki sem hefur hærri tekjur en sagt var hér að framan.

Í þessum dæmum fjármálaráðuneytis er miðað við forsendur þjóðhagsáætlunar, því að það gerir ráð fyrir að lánskjaravísitala hækki um 8% frá desember til júní nk. Þar sem hækkun persónuafsláttar og barnabóta í júlí er bundin hækkun lánskjaravísitölu fást með þessu móti hærri barnabætur og afsláttur á seinni hluta ársins en annars hefði verið. Sú niðurstaða ráðuneytisins að skattbyrði lágtekjufólks léttist á næsta ári stendur og fellur með þessum forsendum þótt hagfræðingur ráðuneytisins hafi ýjað að því í útvarpsviðtali að þær kæmu málinu ekki við.

Persónuafsláttur og barnabætur eru bundnar í krónutölu og rýrna því í verðbólgunni. Hagfræðingar BSRB hafa kynnt áhrif tekjuskattsbreytinganna á hag félagsmanna sinna

miðað við forsendur sem þeim þykja líklegri, þ.e. svipaða verðbólgu og nú er og sama kaupmátt á næsta ári og 1989 eða nokkra kaupmáttarrýrnun. Í umsögn, sem BSRB hefur sent nefndinni, segir m.a.: „Hjá meðaltalsmanni í BSRB hækkar skatthlutfall úr um 16,5% 1989 í nálægt 18,5–20%, allt eftir því hvernig talið er að kaupmáttur breytist.“ Hér er miðað við einstakling með tæpar 90.000 króna mánaðartekjur 1989. Í dæmi fjármálaráðuneytisins er hækkunin aðeins um eitt prósentustig hjá einstaklingi með þessar tekjur 1989. Í umsögn BSRB segir einnig: „... sú niðurstaða að skattbyrði lækki hjá einhverjum tekjuhópum á næsta ári er reist á mjög mikilli óskhyggju um verðbólgu og launaþróun á næsta ári. Við sjáum ekkert sem bendir til að sú ósk rætist, tekjuskatturinn hækkar hjá öllum tekjuhópum á næsta ári.“

Þetta er eitt meginatriði málsins: Tekjuskatturinn er að hækka hjá öllum, einnig láglaunafólki og barnafólki.

Óvissa í þjóðhagsspám.

Þjóðhagsstofnun reynir jafnan að spá varlega um verðbólgu og hagvöxt. Eflaust er ætlunin með því að draga úr verðbólguvæntingum. Þetta er ekkert nýtt. En þegar það kemur æ oftar í ljós að spár stofnunarinnar eru of lágar minnkar trú manna á þeim spám sem þaðan koma. Menn fara að bæta 5-10% við spárnar til þess að fá raunhæft mat. Þá fer að verða spurning hvort ekki sé rétt að stofnunin endurskoði aðferðir sínar og leggi fram raunhæfari spár. Ef til vill kæmi til greina að leggja fram eina óskaspá og síðan aðra sem kæmi til álita ef ekki gengi allt að óskum. Enginn er óskeikull á spádómum.

Séu skoðaðar spár Þjóðhagsstofnunar um verðlags- og tekjuþróun á síðustu árum kemur eftirfarandi í ljós:

Meðalhækkun frá fyrra ári.

		Áætlun	*Niðurstaða*
Árið 1987	Verðlag	7–8%	18,5%
	Tekjur	8–10%	43,0%
Árið 1988	Verðlag	Var ekki	25,5%
	Tekjur	gefið upp	24,0%
Árið 1989	Verðlag	12%	21,0%
	Tekjur	5%	11,0%
Árið 1990	Verðlag	16%	
	Tekjur	11%	

Eins og sést á þessum tölum er verulegur munur á áætlun og raunveruleika. Þess ber að geta að Þjóðhagsstofnun hefur ávallt lagt áherslu á að halda samræmi milli helstu forsendna fremur en að spá breytingum verðlags og launa, enda er það ekki stjórnvalda einna að ákveða hver verðlags- og tekjuþróun verður.

Vakið hefur sérstaka athygli hve hart fjármálaráðuneytið gengur fram í að verja málstað sinn þegar tekið er tillit til óvissuþáttanna. Í nýjustu fréttatilkynningu ráðuneytisins um málið er rætt um athugasemdir BSRB og ASÍ sem eru „væntanlega byggðar á faglegri skoðun“. Engir útreikningar BSRB, ASÍ eða DV hafa hins vegar verið hraktir. Á fundum nefndarinnar kom fram það sjónarmið af hálfu fulltrúa launþega að framganga ráðuneytisins gagnvart efasemdarmönnum úr hópi launþega sé varla til þess fallin að skapa traust á stjórnvöldum.

Vaxtabætur.

Í frumvarpinu er gerð tillaga um breytingu á vaxtabótakerfinu sem taka á gildi um næstu áramót. Tekjuskerðing er aukin en eignarmörk eru hækkuð. Þar sem enn hefur ekki reynt á vaxtabótakerfið er óljóst hverju það skilar til þeirra sem skulda vegna íbúðakaupa. Ástæða er til að benda á umsögn vararíkisskattstjóra, en hún er birt sem fylgiskjal með nefndarálitinu. Í henni er lýst þeim miklu framkvæmdaörðugleikum sem fylgja vaxtafrádrætti og vaxtabótum, bæði fyrir framteljendur og skattyfirvöld.

Eignarskattur.

Ríkisstjórnin beitti sér á síðasta þingi fyrir hækkun hins almenna eignarskatts úr 0,95% í 1,2% og einnig fyrir sérstöku viðbótarskattþrepi á skattlausa eign einstaklinga yfir 7 milljónir kr. og hjóna yfir 14 milljónir kr. Eignarskattur á lögaðila var hækkaður í 1,2%. Því var skattur á einstaklinga í hærra eignarskattsþrepinu hærri en skattur á fyrirtæki. Er það nýjung í skattamálum hérlendis og athyglisvert framlag af hálfu ríkisstjórnar sem kennir sig við jafnrétti og félagshyggju.

Þessi illræmda skattahækkun kom til framkvæmda við álagningu skatta á síðasta sumri. Kom þá í ljós, svo sem spáð hafði verið, að hækkunin kom sérstaklega illa við ekkjur, ekkla, einstæða foreldra og aðra þá sem standa einir að heimilisrekstri. Í mörgum tilvikum margfaldaðist það óréttlæti sem þetta fólk mátti áður búa við. Skattahækkun þessi var í daglegu tali nefnd „ekknaskatturinn", enda var í mörgum tilfellum um hreina árás á ekkjur og einstæðinga að ræða þótt stjórnarandstaðan hafi undir þinglok á síðasta vori náð fram tímabundinni leiðréttingu fyrir einstaklinga sem sitja í óskiptu dánarbúi.

Með þeirri breytingartillögu, sem gerð er í frumvarpinu, er efra þrep skattsins lækkað og tekjutengt. Aðspurðir kváðust hvorki fulltrúar fjármálaráðuneytisins né skattyfirvalda þekkja til þess að eignarskattar væru tekjutengdir annars staðar í heiminum. Er því enn á ný bryddað upp á nýjung í eignarskattamálum þjóðarinnar.

Undirritaðir leggja til að eignarskattinum verði á ný komið í fyrra horf. Á sérstöku fylgiskjali eru sýnd raunveruleg dæmi um áhrif þeirrar breytingar miðað við núgildandi lög og fyrirhugaðar breytingar samkvæmt stjórnarfrumvarpinu.

Breytingartillögur.

Undirritaðir lýsa ánægju sinni með þær breytingartillögur sem nefndin flytur. Með þeim er komið nokkuð til móts við sjónarmið sjálfstæðismanna varðandi skatta á börnum sem misst hafa foreldri.

Undirritaðir flytja breytingartillögur á sérstöku þingskjali. Þær tillögur eru byggðar á frumvarpsflutningi sjálfstæðismanna fyrr á þessu þingi. Auk tillögu til breytingar á eignarskattshlutfalli einstaklinga, sem fyrr er getið, eru þessar helstar:

1. Söluhagnaður af hlutbréfum verði skattfrjáls eftir þriggja ára eignarhaldstíma.

2. Tap af sölu hlutabréfa verði frádráttarbært frá söluhagnaði af hlutabréfum.

3. Skattfrelsismörk arðs af hlutabréfum vegna tekjuskatts einstaklinga verði meira en tvöfölduð.

4. Heimilt verði að miða skattfrjálsar arðgreiðslur við allt að 15% af stofni sem markast af nafnverði ásamt þeim jöfnunarhlutabréfum sem heimilt hefði verið að úthluta samkvæmt almennum verðbreytingum. Hjá fyrirtækjum verði úthlutaður arður frádráttarbær af sama stofni.

5. Tekin verði upp almenn heimild til sveiflujöfnunar í atvinnulífinu og fyrirtækjum veitt heimild til þess að geyma allt að 30% af hreinum tekjum á bundnum reikningum.

6. Sú lækkun, sem núverandi ríkisstjórn gerði á fyrningarhlutföllum hjá fyrirtækjum fyrir sl. áramót, verði tekin aftur og atvinnulífinu gefnir á ný eðlilegir möguleikar til þess að afskrifa eignir.

7. Fyrirtækjum verði heimilt að gjaldfæra strax kostnaðarverð lausafjár með skemmri endingartíma en þrjú ár.

8. Heimild til varasjóðsmyndunar í fyrirtækjum með framlagi í fjárfestingarsjóð verði hækkuð úr 15% í 30%.

9. Tekjuskattshlutfall fyrirtækja verði lækkað úr 50% í 48%.

10. Lagaákvæðum um tekjuskatt og eignarskatt verði breytt í því skyni að auðvelda viðskipti með hlutabréf á Verðbréfaþingi Íslands.

11. Skattfrelsismörk hlutabréfa við eignarskattsálagningu einstaklinga verði meira en tvöfölduð og nemi allt að 4.000.000 kr. fyrir hjón.

12. Eignarskattur fyrirtækja lækki og verði 0,95%.

Þótt breytingartillögur nefndarinnar séu til bóta er ljóst að megintilgangur frumvarpsins er að hækka tekjuskatta. Afstaða undirritaðra ræðst af því að ekki sé tilefni til að hækka tekjuskatta og allra síst þegar það er haft í huga að tekjur ríkissjóðs aukast að öllum líkindum við að hverfa frá 25% söluskatti til 24,5% virðisaukaskatts.

Alþingi, 16. des. 1989.

Friðrik Sophusson, frsm. Matthías Bjarnason.

Milljarðamistök í ríkisfjármálum

Greinargerð frá Ólafi Ragnari Grímssyni formanni Alþýðubandalagsins vegna niðurstaðna í nýrri þjóðhagsspá

Þegar ríkisstjórnin hefur setið í eitt ár sýnir ný þjóðhagsspá að öll efnahagsleg markmið ríkisstjórnarinnar eru hrunin og afleiðingar óbreyttrar stjórnarstefnu verða á næstu mánuðum:

– vaxandi verðbólga og verulegar vaxtahækkanir

– hrikaleg mistök og milljarðagat í ríkisfjármálum

– þriðja gengisfelling ársins er á leiðinni

– viðskiptahalli eykst um 30% og erlendar skuldir fara yfir 100 milljarða

– alda nýrra skattahækkana og enn frekari kjaraskerðing verða innan tíðar dagskrárefni ríkisstjórnarinnar

Á undanförnum áratugum er ekki hægt að finna hliðstæðu slíkrar óstjórnar í efnahagsmálum. Þessi niðurstaða er enn dapurlegri fyrir þá sök að áfram ríkja óvenjulega hagstæð ytri skilyrði í efnahagslífi Íslendinga. Aflaverðmæti og útflutningsframleiðsla sjávarafurða verða um 15% meiri að raungildi en árið 1985 og útflutningsframleiðsla í heild verður meiri en á síðasta ári. Rýrnun viðskiptakjara nemur aðeins 1% og efnahagsþróun í helstu viðskiptalöndum okkar er hagstæð.

Það eru því ekki óhagstæð ytri skilyrði sem skapa hinn mikla efnahagsvanda. Þau eru áfram Íslendingum í hag. Vandinn er algerlega heimatilbúinn. Hann er afleiðing rangrar stjórnarstefnu.

Þegar ríkisstjórnin var mynduð voru helstu markmið hennar í efnahagsmálum: minnkandi verðbólga, stöðugt gengi, lækkandi vextir, hallalaus ríkisbúskapur, jafnvægi í viðskiptum við útlönd og minni erlend skuldasöfnun, traustur rekstrargrundvöllur atvinnuveganna og batnandi lífskjör almennings.

Hin nýja þjóðhagsspá sýnir að í öllum þessum höfuðþáttum efnahagsstjórnarinnar blasa við þveröfugar niðurstöður.

Markmið ríkisstjórnarinnar var að ná verðbólgunni niður fyrir 10% strax á fyrsta árinu. Í síðustu þjóðhagsspá var talið að verðbólgan yrði 16% á árinu 1988 en nú hefur sú spá verið hækkuð í 25%. Miðað við að verðbólguhraðinn er um þessar mundir mun meiri, eða 50-60%, og þjóðhagsspáin gefur til kynna áframhaldandi óstöðugleika í gengismálum og veruleg þensluáhrif vegna hinna hrikalegu mistaka í stjórn ríkisfjármála, þá eru verulegar líkur á því að verðbólgan haldi enn áfram að vaxa og árshraðinn geti orðið 35-45% eða jafnvel enn meiri.

Við afgreiðslu fjárlaga og hvað eftir annað í allan vetur tilkynnti fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að hallalaus rekstur ríkissjóðs væri kjarnaatriðið í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Þessi rök voru notuð til að réttlæta hinn illræmda matarskatt og stórfellda hækkun almennra skatta. Hlutfall skatta af landsframleiðslu óx í 25.3% og ný þjóðhagsspá sýnir að skattatekjur ríkissjóðs verði auk þess 4.4 milljörðum meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

Þrátt fyrir þessa miklu aukningu almennra skatta greinir Þjóðhagsstofnun nú frá því að hrikaleg mistök hafa orðið í stjórn ríkisfjármála og milljarðagat blasir við. Þjóðhagsstofnun upplýsir að á fyrstu fimm mánuðum ársins hafi tekjuhalli A-hluta ríkissjóðs verið um 3.7 milljarðar króna sem er 1.3 milljörðum meira en hann var á sama tíma í fyrra.

Þessum halla ríkissjóðs hefur verið mætt með yfirdrætti í Seðlabankanum sem nemur tæpum 4.3 milljörðum króna. **Tekjuhalli ríkissjóðs í maílok var um 3.2 milljörðum króna umfram það sem áætlað var að hann yrði í árslok og fyrstu fimm mánuði ársins hefur ríkissjóður aukið eftirspurnina í hagkerfinu um 2.9 milljarða króna og þar með orðið verulegur verðbólguvaldur.** Í áætlunum ríkisstjórnarinnar var hins vegar stefnt að því að ríkissjóður dragi úr eftirspurninni á árinu um rúmlega 4 milljarða króna. Þjóðhagsstofnun bendir síðan á það með kurteislegu orðalagi að „veruleg umskipti þurfa því að verða á síðari hluta ársins til þess að áætlanir standist“!!

Það er því ljóst að hrikaleg mistök sem nema mörgum milljörðum hafa orðið í meðferð og stjórn ríkisfjármála. Grundvöllur fjárlaganna er hruninn og óbreytt stefna mun leiða til þess að í árslok verður stórt gat í fjármálum ríkisins. **Í stað þess að ríkissjóður væri tæki til að draga úr verðbólgunni hefur hann í höndum núverandi fjármálaráðherra orðið hreinn verðbólguvaldur.** Hinn mikli hallarekstur frá fjármálaráðherratíð Þorsteins Pálssonar heldur áfram hjá nýjum fjármálaráðherra.

Þrátt fyrir yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um vaxtalækkun og jafnvægi í stjórn peningamála þegar efnahagsaðgerðirnar í maí voru tilkynntar sýnir Þjóðhagsstofnun að verulegar vaxtahækkanir blasa við á síðari hluta ársins. **Hallarekstur ríkissjóðs er að dómi Þjóðhagsstofnunar ein helsta orsök hækkandi raunvaxta á næstu mánuðum.** Nafnvextir útlána hafa hækkað um 8% á síðustu sjö vikum. Raunvextir óverðtryggðra skuldabréfalána voru að meðaltali 8.4% á fyrstu sex mánuðum ársins og 9.5% af verðtryggðum skuldabréfalánum. Samsvarandi tölur í fyrra voru 4.7% og 7.7%. Það er nánast óhugnanleg þróun að raunvextir sem þegar eru orðnir um 10% skuli halda áfram að hækka á næstu mánuðum vegna óstjórnarinnar í ríkisfjármálum og peningamálum.

Erlend skuldasöfnuð mun halda áfram. Samkvæmt endurskoðaðri lánsfjáráætlun eiga erlendar lántökur að nema 12 milljörðum króna og vantar þá 5 milljarða til að fjármagna hinn mikla viðskiptahalla. Þjóðhagsstofnun bendir á að það verði ekki gert nema ganga á gjaldeyrisforðann – er hann þó orðinn ærið rýr – eða með nýjum skammtíma lánum erlendis. Það er því ljóst að skuldastaðan gagnvart útlöndum fer á árinu yfir 100 milljarða og nálgast nú óðum mörk sem ógna efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar.

Þjóðhagsstofnun vekur athygli á því að kaupmáttur ráðstöfunartekna muni minnka á árinu. Í þjóðhagsspánni og viðbrögðum forsætisráðherra við henni er látið í það skína að enn frekari kjaraskerðing komi til greina á næstu mánuðum. Einnig er ljóst að þjóðhagsspáin gefur vísbendingar um að til viðbótar við hinar miklu skattahækkanir sem orðið hafa á fyrsta ári þessarar ríkisstjórnar verði enn frekari skattahækkanir á dagskrá ríkisstjórnarinnar á næstu mánuðum.

Í þjóðhagsspánni er að finna ítarlegar upplýsingar um horfurnar í afkomu útflutnings- og samkeppnisgreinanna og er niðurstaða Þjóðhagsstofnunar að hún fari versnandi á árinu. Á grundvelli þessara upplýsinga og umfjöllunar um gengismálin í þjóðhagsspánni er ljóst að fæðingarhríðir þriðju gengisfellingar ríkisstjórnarinnar eru þegar hafnar. Líkur benda til að hún verði knúin fram fyrir lok ársins eða í síðasta lagi í upphafi næsta árs.

Engin ríkisstjórn hefur þá fellt jafn oft gengið á jafn skömmum tíma og var þó „fastgengisstefnan hornsteinn stjórnarsamstarfsins“ að sögn forsætisráðherra í þingbyrjun 1987.

Hin nýja þjóðhagsspá sýnir því glögglega mikið öngþveiti á öllum sviðum. Á undanförnum vikum hefur vöxtur verðbólgunnar, vaxtahækkanir, viðskiptahalli og aukning erlendra skulda verið að koma æ skýrar í ljós. **Nú bætir Þjóðhagsstofnun milljarðamistökum í meðferð ríkisfjármála inn í þessa mynd.** Þar með er brostin síðasta réttlæting ríkisstjórnarinnar.

Það er því ljóst að ríkisstjórnin hefur misst öll tök á stjórn efnahagslífsins og er þó ekki tekið mið af vaxandi deilum og sífelldum ágreiningi innan ríkisstjórnarinnar í þeirri niðurstöðu. Sú ófriðarsaga er efni í sérstaka frásögn. Í greinargerð Þjóðhagsstofnunar birtast hins vegar hinar köldu staðreyndir efnahagslífsins og þær fela í sér ótvíræðan dóm.

Það er því nauðsynlegt að ráðherrarnir horfist í augu við veruleikann. Ríkisstjórnin á að biðjast lausnar og síðan þarf að efna til kosninga svo að þjóðin geti veitt nýrri ríkisstjórn umboð til að hefja hið mikilvæga endurreisnarstarf.

(Þjóðviljinn, 14. júlí 1988).

Fylgiskjal II.

Ríkisskattstjóri:

UM VAXTAGJÖLD
(15. des. 1989.)

Vaxtagjöld hafa verið leyfð til frádráttar tekjum við ákvörðun tekjuskattsstofns á einn eða annan hátt allt fram til gjaldársins 1987. Eftir það tóku við vaxtagjöld vegna ákvörðunar vaxtaafsláttar og nú á næsta álagningarári eru vaxtagjöld afgerandi þáttur um ákvörðun vaxtabóta. Aðeins vaxtagjöld af lánum, sem tekin hafa verið til kaupa á íbúðarhúsnæði til eigin nota, voru til frádráttar meðan frádráttur var leyfður og nú til ákvörðunar vaxtaafsláttar og vaxtabóta.

Með vaxtagjöldum í þessu sambandi hafa talist verðbætur á afborgun og vexti, en það eitt út af fyrir sig veldur engum vandræðum. Það, sem veldur vandræðum við framkvæmd og hefur gert undanfarin ár eftir að almenn verðtrygging var tekin upp, er að við yfirtöku lána við eigendaskipti á íbúðarhúsnæði eru ekki gefin út ný skuldabréf með uppfærðum höfuðstóli lánanna heldur halda upphafleg skuldabréf gildi sínu og lánaeigendur gefa kvittanir fyrir greiðslu afborgana og vaxta samkvæmt upphaflegu nafnverði lánanna sem þýðir að verðbóta-þáttur afborgana og vaxta miðast við upphaflegt nafnverð lánanna.

Yfirtökuaðili lánanna fær þá í hendur kvittun sem sýnir útreikning verðbóta sem eru miklu hærri en hann má færa sem vaxtagjöld á skattframtal.

Þrátt fyrir ítarlegar skýringar skattyfirvalda á viðeigandi eyðublöðum má telja útilokað að allur almenningur, sem útfyllir skattframtöl, ráði við slíka útreikninga sem þetta atriði krefst, en færi í þess stað þær upphæðir sem fram koma á kvittunum sem vaxtagjöld á skattframtali og færi þar af leiðandi miklu hærri vaxtagjöld á skattframtalið en honum ber til verulegs tjóns fyrir ríkissjóð vegna hærri vaxtabóta og vaxtafrádráttar fram til þessa.

Engu minni erfiðleikar eru fyrir hendi hjá skattstjórum við framkvæmd þessa atriðis. Það má teljast útilokað að skattstjórar hafi nokkurn möguleika að ráða við að fylgjast með því að rétt vaxtagjöld séu færð, enda er hér um að ræða þúsundir framteljenda. Það skal ítrekað að hér er ekki um nýtt atriði að ræða sem tengist vaxtabótum sérstaklega þar sem sama vandamál var uppi við vaxtafrádrátt og vaxtagjöld við ákvörðun vaxtaafsláttar, en með hverju ári fer vandinn vaxandi.

Viðruð hefur verið sú hugmynd að reikna vaxtagjöld út frá uppfærðum höfuðstóli lána vegna íbúðarhúsnæðis. Þessi hugmynd hefur ekki verið útfærð, enda augljósir gallar á framkvæmd hennar þó að kostir séu líka miklir.

Æ.Í.

Fylgiskjal III.

Hér eru reiknuð fimm dæmi um eignarskattsálagningu.

Dæmi 1:

Eignir: 3–4 herb. góð íbúð, 111m², með bílskýli og bifreið.

	Einstaklingur Ekkja/Ekkill	Hjón
Eignarskattsstofn	8 660 000	8 660 000
Skattfrjálst pr. einstakling	2 875 000	5 750 000
	5 785 000	2 910 000

Eignarskattur skv. frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt- og eignarskatt 1989:

Eignarskattur 1,2% af 5 175 000	62 100	2 910 000	34 920
Eignarskattur 1,95% af 610 000	11 895		
	73 995		

Eignarskattur skv. lögum sem giltu 1989:

Eignarskattur 1,2% af 5 175 000	62 100	2 910 000	34 920
Eignarskattur 2,7% af 610 000	16 470		
	78 570		

Eignarskattur skv. eldri lögum:

Eignarskattur 0,95% af 5 785 000	54 957	2 910 000	27 645

Frumvarp það, sem nú liggur fyrir um breytingu á eignarskatti, gerir ráð fyrir að hafi einstaklingur minna en 1 680 000 kr. tekjuskattsstofn þá lækki hlutur 0,75% skattsins í hærra skattþrepinu hlutfallslega þar til að hann fellur alveg niður við 840 000 kr. Eignarskatturinn verður því flatur skattur eins og áður (1,2% í stað 0,95%) fari tekjur ekki upp fyrir 840 000 kr.

Dæmi 2:

Eignir: Gamalt timburhús, án bílskúrs, og bíll.

	Einstaklingur Ekkja/Ekkill	Hjón
Eignarskattsstofn	11 547 000	11 547 000
Skattfrjálst pr. einstakling	2 875 000	5 750 000
	8 672 000	5 797 000

Eignarskattur skv. frumvarpi 1989:	Einstaklingur Ekkja/Ekkill		Hjón
Eignarskattur 1,2% af 5 175 000	62 100	5 797 000	69 564
Eignarskattur 1,95% af 3 497 000	68 191		
	130 291		

Eignarskattur skv. lögum sem giltu 1989:			
Eignarskattur 1,2% af 5 175 000	62 100	5 797 000	69 564
Eignarskattur 2,7% af 3 497 000	94 419		
	156 519		

Eignarskattur skv. eldri lögum:			
Eignarskattur 0,95% af 8 672 000	82 384	5 797 000	55 071

Dæmi 3:

Eignir: Meðaleinbýlishús með bílskúr, 35 ára gamalt, og bíll.

	Einstaklingur Ekkja/Ekkill		Hjón
Eignarskattsstofn	12 590 000		12 590 000
Skattfrjálst pr. einstakling	2 875 000		5 750 000
	9 715 000		6 840 000

Eignarskattur skv. frumvarpi 1989:			
Eignarskattur 1,2% af 5 175 000	62 100	6 840 000	82 080
Eignarskattur 1,95% af 4 540 000	88 530		
	150 630		

Eignarskattur skv. lögum er giltu 1989:			
Eignarskattur 1,2% af 5 175 000	62 100	6 840 000	82 080
Eignarskattur 2,7% af 4 540 000	122 580		
	184 680		

Eignarskattur skv. eldri lögum:			
Eignarskattur 0,95% af 9 715 000	92 292		64 980

Dæmi 4:

Eignir: 4–5 herb. íbúð, 120m², með bílskúr, bíll.

	Einstaklingur Ekkja/Ekkill		Hjón
Eignarskattsstofn	10 485 000		10 485 000
Skattfrjálst pr. einstakling	2 875 000		5 750 000
	7 610 000		4 735 000
Eignarskattur skv. frumvarpi 1989:			
Eignarskattur 1,2% af 5 175 000	62 100	4 735 000	56 820
Eignarskattur 1,95% af 2 435 000	47 482		
	109 582		
Eignarskattur skv. lögum sem giltu til 1989:			
Eignarskattur 1,2% af 5 175 000	62 100	4 735 000	56 820
Eignarskattur 2,7% af 2 435 000	65 745		
	127 845		
Eignarskattur skv. eldri lögum:			
Eignarskattur 0,95% af 7 610 000	72 295	4 735 000	44 982

Dæmi 5:

Eignir: Íbúð í verkamannabústaðakerfi, 3 herb., 77m².

	Einstaklingur Ekkja/Ekkill		Hjón
Eignarskattsstofn	4 130 000		4 130 000
Skattfrjálst pr. einstakling	2 875 000		5 750 000
	1 255 000		0
Eignarskattur skv. frumvarpi 1989:			
Eignarskattur 1,2% af 1 255 000	15 060	0	0
Eignarskattur 1,95% af 0	0		
	15 060		
Eignarskattur skv. lögum sem giltu 1989:			
Eignarskattur 1,2% af 1 255 000	15 060	0	0
Eignarskattur 2,7% af 0	0		
	15 060		
Eignarskattur 0,95% af 1 255 000	11 922	0	0

Nd. 345. Breytingartillögur [210. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (FrS, MB).

1. Á undan 1. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Eftirtaldar breytingar verða á 17. gr. laganna:
   a. 1. mgr. orðast svo:
   Hagnaður af sölu hlutabréfa telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári hafi hin seldu hlutabréf verið í eigu skattaðila skemmri tíma en full þrjú ár. Hagnaður af sölu hlutabréfa telst ekki til skattskyldra tekna hafi hin seldu hlutabréf verið í eigu skattaðila í þrjú ár eða lengur.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:
   Verði skattaðili fyrir tapi af sölu hlutabréfa, reiknuðu með sama hætti og söluhagnaður skv. 2. mgr., má framreikna það samkvæmt verðbreytingarstuðli skv. 26. gr. og draga frá skattskyldum söluhagnaði hlutabréfa. Ákvæði þetta gildir afturvirkt vegna taps frá árinu 1985 eða síðar.
2. A-liður 1. gr. orðist svo:
   2. tölul. B-liðar 1. mgr. orðast svo:
   Fenginn arð, sbr. 9. gr., að hámarki 15% af stofni sem markast af nafnverði hvers einstaks hlutabréfs ásamt þeim jöfnunarhlutabréfum sem heimilt hefði verið að úthluta í samræmi við almennar verðhækkanir, sbr. 1. mgr. 9. gr., þó að hámarki 180.000 kr. hjá einstaklingi og 360.000 kr. hjá hjónum. Til arðs í þessu sambandi teljast þó ekki fengin jöfnunarhlutabréf umfram þau mörk sem sem greinir í 1. mgr. 9. gr. Arður barns innan 16 ára aldurs, sem er á framfæri foreldra sinna (eða kjörforeldra, stjúpforeldra, fósturforeldra) telst með arði foreldris, sbr. 1. mgr. 65. gr., og gilda samanlagðar fjárhæðir um samanlagðan arð foreldris og barns.
3. Á eftir 1. gr. komi þrjár nýjar greinar er orðist svo:
   a. (3. gr.)
   Eftirtaldar breytingar verða á 31. gr. laganna:
   a. 8. tölul. greinarinnar orðast svo:
   Fjárhæð þá er félög, sem um ræðir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., greiða eða úthluta í arð. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en nemur 15% af stofni sem markast af nafnvirði hlutafjár ásamt þeim jöfnunarhlutabréfum sem heimilt hefði verið að úthluta í samræmi við almennar verðhækkanir, sbr. 1. mgr. 9. gr. laganna. Arður samkvæmt þessum tölulið er frádráttarbær frá tekjum þess árs sem hann er reiknaður af.
   b. Við greinina bætist nýr töluliður er orðast svo:
   12. Framlög í sveiflujöfnunarsjóð, sbr. 54. gr.
   b. (4. gr.)
   Eftirtaldar breytingar verða á 38. gr. laganna:
   a. Í stað „8%“ í 1. og 2. tölul. kemur: 10%.
   b. Í stað „12%“ í 3. tölul. kemur: 15%.
   c. 4. tölul. greinarinnar orðast svo:
   a. Skrifstofuáhöld og -tæki 20%.
   b. Vélar og tæki til jarðvinnslu og mannvirkjagerðar sem ekki fellur undir 1.–3. tölul. þessarar greinar og a-lið þessa töluliðar 20%.

c. (5. gr.)

Á eftir 39. gr. laganna kemur ný grein, 40. gr., sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 38. gr. er heimilt að færa kostnaðarverð lausafjár, sem hefur skemmri endingartíma en þrjú ár, að fullu til gjalda á því ári sem eignanna er aflað og þær teknar í notkun.

4. Á eftir 2. gr. komi fjórar nýjar greinar er orðast svo:

a. (7. gr.)

Eftirtaldar breytingar verða á 54. gr. laganna:

a. Í stað „15%“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: 30%.

b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Enn fremur mega menn eða lögaðilar, sem hafa skattskyldar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, draga frá framlag í sérstakan sveiflujöfnunarsjóð. Hámark framlags í sveiflujöfnunarsjóð skal vera 30% af þeirri fjárhæð sem eftir stendur þegar frá skattskyldum tekjum hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.–10. tölul. 31. gr. Þessi frádráttur er bundin því skilyrði að skattaðili leggi alla fjárhæðina inn á bundinn reikning eftir sömu skilyrðum og um getur í 1.–3. mgr. þessarar greinar.

b. (8. gr.)

Á eftir orðinu „fjárfestingarsjóði“ í 1. mgr. 55. gr. laganna kemur: og sveiflujöfnunarsjóði, og á eftir orðinu „fjárfestingarsjóði“ í 3. mgr. sömu greinar kemur: og sveiflujöfnunarsjóð.

c. (9. gr.)

Við 55. gr. A í lögunum bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ákvæði þessara greinar um fjárfestingarsjóð skulu enn fremur gilda um sveiflujöfnunarsjóð, sbr. 54. gr. laganna.

d. (10. gr.)

Á eftir orðinu „fjárfestingarsjóðs“ í 2. mgr. 55. gr. B í lögunum kemur: og sveiflujöfnunarsjóðs, og á eftir orðinu „fjárfestingarsjóð“ í 3. mgr. sömu greinar kemur: og sveiflujöfnunarsjóð.

5. Á eftir 8. gr. komi tvær nýjar greinar er orðast svo:

a. (18. gr.)

Í stað „50%“ í 72. gr. laganna kemur: 48%.

b. (19. gr.)

1. málsl. 5. tölul. 74. gr. laganna orðast svo:

Hlutabréf skal telja til eignar á nafnverði nema sannað sé að raunvirði eigna félagsins sé lægra en hlutafé þess og gildir þetta ákvæði þrátt fyrir að gengi hlutabréfs á Verðbréfaþingi Íslands eða öðrum hliðstæðum hlutabréfamarkaði sé hærra en nemur nafnvirði hlutabréfs.

6. Við 9. gr. Í stað „1.080.000“ og „2.160.000“ í a-lið komi: 2.000.000 og 4.000.000.

7. Á eftir 9. gr. komi ný grein er orðast svo:

Í stað orðanna „fimm ár“ í 2. mgr. 81. gr. laganna komi: átta ár.

8. Við 10. gr. Greinin orðist svo:

83. gr. laganna orðist svo:

Eignarskattur manna reiknast þannig: Af fyrstu 2.875.000 kr. greiðist enginn skattur. Af eignarskattsstofni yfir 2.875.000 kr. greiðist 0,95%.

9. Á eftir 10. gr. komi ný grein er orðist svo:

Í stað „1,2%“ í 84. gr. laganna kemur: 0,95%.

Ed. 346. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 14/1965, um launaskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið til viðræðna Þórarin V. Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands, og Ólaf Friðriksson, framkvæmdastjóra verslunardeildar Sambands íslenskra samvinnufélaga. Leggur meiri hl. nefndarinnar til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. des. 1989.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm. Jóhann Einvarðsson, fundaskr. Guðrún Agnarsdóttir.

Eiður Guðnason. Skúli Alexandersson.

Ed. 347. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 14/1965, um launaskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Samkvæmt frumvarpinu verður gjalddögum um launaskatt fjölgað og greiðslum til ríkissjóðs flýtt. Þess vegna vex fjárbinding þeirra fyrirtækja sem greiða launaskatt. Hér er því á ferðinni enn eitt frumvarpið sem ætlað er að bæta stöðu ríkissjóð á kostnað atvinnulífsins.

Ríkisstjórninni hefði verið nær að endurskoða lögin um launaskatt með tilliti til þeirrar mismununar sem fyrirtækin þurfa að búa við.

Minni hl. leggur til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 16. des. 1989.

Ey. Kon. Jónsson, frsm. Halldór Blöndal.

Ed. 348. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið til viðræðna Þórarin V. Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands, og Ólaf Friðriksson, framkvæmdastjóra verslunardeildar Sambands íslenskra samvinnufélaga. Leggur meiri hl. nefndarinnar til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. des. 1989.

Guðmundur Ágústsson, form, frsm. Jóhann Einvarðsson, fundaskr. Guðrún Agnarsdóttir.

Eiður Guðnason. Skúli Alexandersson.

Ed. 349. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði var fyrst lagður á árið 1979 sem tímabundin tekjuöflun. Hann hefur síðan verið framlengdur árlega. Álagningarhlutfallið var í upphafi 1,4% en frá árinu 1984 var það 1,1% af fasteignamatsverði verslunar- og skrifstofuhúsnæðis. Á síðasta þingi var hlutfallið hækkað í 2,2%, en í tengslum við kjarasamninga féllst ríkisstjórnin á að lækka skatthlutfallið í 1,5%.

Ljóst er að fyrirtæki í verslun og þjónustu eiga nú við mikla örðugleika að etja, ekki síst á landsbyggðinni þar sem fasteignagjöld munu hækka verulega á næsta ári. Þessi skattur, sem mismunar fyrirtækjum og er þess vegna afar óréttlátur, lendir fyrst og fremst á þeim fyrirtækjum sem verst standa um þessar mundir.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni flytja breytingartillögu á sérstöku þingskjali þess efnis að álagningarhlutfallið verði 1,1% eins og það var 1984–1988. Verði sú breytingartillaga felld leggja þeir til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 16. des. 1989.

Halldór Blöndal, frsm. Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 350. Breytingartillaga [75. mál]

við frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (HBl, EKJ).

Við 6. gr. Í stað „1,5%“ komi: 1,1%

Ed. 351. Nefndarálit [221. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið til viðræðna Ögmund Jónasson, formann BSRB, Indriða H. Þorláksson hagsýslustjóra, Pál Halldórsson, formann BHMR og Birgi Björn Sigurjónsson, framkvæmdastjóra BHMR.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. des. 1989.

Guðmundur Ágústsson, form. frsm. Jóhann Einvarðsson, fundaskr. Ey. Kon. Jónsson.

Halldór Blöndal. Eiður Guðnason. Skúli Alexandersson.

Nd. 352. Nefndarálit [210. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nú er að ganga í garð þriðja árið þar sem innheimta skatta er samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Síðan þau tóku gildi hafa ítrekað verið gerðar veigamiklar breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem flestar miða í eina átt, þ.e. að þyngja skattbyrði fólks. Hæst ber að í fyrra var tekjuskattshlutfall einstaklinga hækkað úr 28,5% upp í 30,8%. Þessu mótmælti Kvennalistinn og flutti breytingartillögur, sem ekki náðu fram að ganga, um óbreytt hlutfall. Einnig var gerð sú afdrifaríka breyting að hætt var að miða framreikning persónuafsláttar og barnabóta við lánskjaravísitölu og skyldi nú miðað við skattvísitölu sem breytist einu sinni á ári. Þessi breyting hafði í för með sér aukna skattbyrði, til viðbótar þeirri sem hlaust af hækkun tekjuskattshlutfallsins, þar sem með henni var skorið á þá tengingu sem verið hafði milli skattbyrði einstaklinga og verðlagsþróunar. Kvennalistinn lagði til í fyrra að persónuafsláttur og barnabætur skyldu áfram miðaðar við lánskjaravísitölu. Það fékkst ekki samþykkt. Í því frumvarpi, sem hér um ræðir, er tekjuskattshlutfallið enn hækkað úr 30,8% í 32,8% og fest í sessi ranglæti við framreikning persónuafsláttar og barnabóta.

Fjölmargir aðilar voru kallaðir til viðtals í umfjöllun nefndarinnar um frumvarp þetta. Bar fulltrúum ASÍ, BSRB og BHMR öllum saman um að ef frumvarpið yrði samþykkt óbreytt þýddi það aukna skattbyrði, gagnstætt fullyrðingum ríkisstjórnarinnar um að skattbyrði mundi minnka hjá ýmsum hópum, t.d. lágtekju- og barnafólki. Rökin eru þau að ríkisstjórnin bæri saman máli sínu til sönnunar skattbyrði í desember 1989 og janúar 1990. Sá samanburður væri ekki raunhæfur og gæfi ekki rétta mynd (sjá fskj. I).

Með breytingartillögum, sem verða nánar skýrðar hér á eftir, freistar Kvennalistinn þess enn að ná fram leiðréttingum á áðurtöldum atriðum.

Í frumvarpinu eru að nokkru dregnar til baka breytingar sem gerðar voru við álagningu eignarskatts í fyrra í slíkum flýti að enginn sá afleiðingarnar fyrir. Nú er lagt til að háþrep eignarskatts lækki auk þess sem tekjuviðmiðun er nú tekin upp við álagningu. Kvennalistinn leggur þó fram breytingartillögu við 10. gr. frumvarpsins í þá veru að jafna stöðu einstaklinga og einstæðra foreldra annars vegar og hjóna hins vegar gagnvart lögunum.

Vaxtabætur eiga nú að leysa af hólmi vaxtaafslátt og húsnæðisbætur. Þar er ýmsum spurningum ósvarað. Milliþinganefnd, sem samkvæmt samkomulagi Kvennalistans við ríkisstjórnina átti að endurskoða húsbréfakerfið, bar einnig að taka sérstaklega til athugunar ákvæði um tekju- og eignarviðmiðun í nýsettum lögum um vaxtabætur. Við þetta var ekki staðið og m.a. af þeirri ástæðu samþykkti fulltrúi Kvennalistans í húsnæðisstjórn ekki hækkun vaxta af húsnæðislánum í 4,5%. Þar til sú endurskoðun hefur farið fram og upplýsingar um áhrif vaxtabóta liggja fyrir á þeim forsendum er erfitt að segja til um hvort þær ná þeim tilgangi sem ætlað var. Kvennalistinn ítrekar að umræddri endurskoðun verði flýtt svo að enn einu sinni gerist þess ekki þörf að grípa til leiðréttinga á nýsettum lögum. Auk þess má benda á að skattyfirvöld hafa bent á mikla erfiðleika við útreikning vaxtabóta eins og framkvæmdin verður samkvæmt lögunum.

Breytingartillögur Kvennalistans hníga í þá átt að létta skattbyrði og munu því draga úr tekjum ríkissjóðs. Fyrir þessum breytingartillögum eru þó mörg rök.

Í fyrsta lagi ber að nefna að Kvennalistinn telur að stjórnvöld hafi nú þegar seilst alltof langt ofan í vasa lágtekju- og meðaltekjufólks. Skattbyrði hefur þyngst á sama tíma og kaupmáttur launa hefur rýrnað að mun. Auknum skattaálögum er að sönnu ætlað að auka

tekjur ríkisins og þar með að minnka halla ríkissjóðs. En staðreynd er að fjölmörg heimili eru nú þegar rekin með halla og geta hreinlega ekki risið undir meiru.

Í öðru lagi má fullyrða að þær tekjur, sem ríkið missti ef breytingartillögur Kvennalistans yrðu samþykktar, væru ekki að öllu glataður eyrir. Þær mundu að stórum hluta skila sér eftir öðrum leiðum, m.a. gegnum óbeina skatta þar sem fólk hefði hærri ráðstöfunartekjur.

Í þriðja lagi má benda á að nú þegar eru samningar ríkisins og BSRB lausir og aðrir fylgja í kjölfarið. Lækkun skatta, hækkun persónuafsláttar og barnabóta væri verðugt innlegg stjórnvalda í þá kjaramálaumræðu sem framundan er.

Í fjórða lagi hafa Kvennalistakonur lagt mikla áherslu á að annað og hærra tekjuskattsþrep verði tekið upp og vilja minna á þau fyrirheit, sem fjármálaráðherra gaf þegar hann mælti fyrir breytingum á tekjuskatti og eignarskatti í desember 1988, um að hátekjuþrep yrði tekið upp í tekjuskatti. Það olli því nokkrum vonbrigðum að sú breyting skyldi ekki lögð til í þessu frumvarpi Þótt hærra tekjuskattsþrep sé ekki lengur að finna á óskalista fjármálaráðherra samkvæmt athugasemdum með frumvarpinu er þessi möguleiki vissulega fyrir hendi til að auka tekjur ríksins ef áhugi er á.

Skattlagning fjármagnstekna er þó tilgreind í fyrrnefndum athugasemdum sem næsta verkefni eftir áramót og er það von Kvennalistans að það reynist ekki orðin tóm. Þar er einnig tekjuaukningar að vænta fyrir ríkissjóð.

Kvennalistinn leggur áherslu á að verði þessir möguleikar til tekjuöflunar nýttir verði auknum tekjum ríkisins varið til að jafna aðstöðu fólks.

BREYTINGARTILLÖGUR KVENNALISTANS

Tekjuskattur, persónuafsláttur og barnabætur.

1. breytingartillaga: Í henni felst að færa tekjuskattshlutfallið til baka í 28,5%. Það ákvæði, sem sett var til bráðabirgða í lögum nr. 97/1988, um að tekjuskattur manna reiknist 30,8% af tekjuskattsstofni við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 1989 og við álagningu tekjuskatts á árinu 1990 vegna tekna ársins 1989, rennur út 1. janúar 1990. Því er í þessu frumvarpi ríkisstjórnarinnar verið að leggja til 4,3% hækkun á skatthlutfalli, en ekki 2% eins og látið er í veðri vaka. Kvennalistinn leggur til að skatthlutfallið verði óbreytt eins og lög gera ráð fyrir.

2. breytingartillaga: Þarna er lagt til að persónuafsláttur hækki í 300 þús. kr. í stað 250.200 þús. kr., þ.e. í 25 þús. á mánuði í stað 20.850 kr. Við þessa breytingu yrðu skattleysismörk rétt um 63 þús. kr. á mánuði. Þessi hækkun persónuafsláttar vegur langþyngst hjá lágtekjufólki og síðan æ minna eftir því sem ofar dregur og er því það sem lág- og meðaltekjufólk munar mest um. Kvennalistinn vill réttlátt samhengi milli skattleysismarka og lágmarksframfærslu. Þótt ljóst sé að með breytingartillögu þessari verði því marki ekki náð er stigið skref í rétta átt. Aðrar breytingar, sem Kvennalistinn vill gera í tengslum við persónuafslátt, koma fram í sérstöku frumvarpi á þskj. 354 sem þingkonur Kvennalistans í neðri deild hafa lagt fram.

3. og 4. breytingartillaga: Kvennalistinn leggur til sömu hlutfallshækkun á barnabótum og barnabótaauka og persónuafslætti. Allur kostnaður af framfærslu barna hefur hækkað í samræmi við annað og má þar nefna hækkun á matvöru, dagvistargjöldum og vöruverði almennt. Kvennalistanum er ljóst að sú hækkun, sem hann leggur til, er umfram verðlagsþróun. Kvennalistinn telur hins vegar að skerfur hins opinbera til barnafjölskyldna í landinu hafi síst verið of stór og telur rétt að bæta þar um. Að mati Kvennalistans er ekki rétt að tengja barnabætur sköttum með þeim hætti sem sífellt er gert í opinberum útreikningum um skattbyrði. Þær aðferðir eru einugis til þess fallnar að villa um fyrir fólki. Þessari fullyrðingu til staðfestingar má benda á síendurtekna útreikninga sem gætu bent til að þorri fjölskyldna í landinu væri foreldrar eða foreldri og tvö börn, annað undir sjö ára aldri. Því lét Kvennalistinn

reikna nokkur dæmi þar sem barnabætur eru ekki teknar með í reikninginn og má sjá niðurstöður þeirra á fskj. II.

Eignarskattar.

5. breytingartillaga: Í frumvarpi þessu eru eignarskattsálögur færðar til betri vegar og vill Kvennalistinn í því sambandi benda sérstaklega á það nýmæli að tekjutengja álögur eignarskatts í efra þrepi. Eitt er þó ógert. Samanlagður eignarskattsstofn hjóna, sem lagður er til grundvallar álagningu, er alltaf helmingi hærri en einstaklinga og einstæðra foreldra. Í þessu felst nokkurt óréttlæti þar sem ekki er sjálfgefið að einstaklingar eða einstæðir foreldrar geti alltaf látið sér nægja helmingi minna húsnæði en hjón eða sambýlisfólk. Dýrustu hlutar hvers húsnæðis, t.d. eldhús og salerni, þurfa líka að vera í húsnæði einstaklinga og einstæðra foreldra. Því sýnist Kvennalistanum réttlátt að einstaklingar og einstæðir foreldrar væru 60% ígildi hjóna hvað eingarskattsstofn áhrærir. Í samræmi við þá skoðun sína vill Kvennalistinn hækka þann eignarskattsstofn sem enginn eignarskattur er greiddur af upp í 3.450.000 kr. hjá einstaklingum og einstæðum foreldrum, en halda honum óbreyttum hjá hjónum, þ.e. 2.875.000 kr. hjá hvoru. Hvað efra þrepið varðar heldur Kvennalistinn eignarskattsstofni einstaklinga og einstæðra foreldra óbreyttum, þ.e. 8.050.000. kr., en lækkar eignarskattsstofn hjóna niður í 6.708.000 kr. hjá hvoru um sig. Tekjuviðmiðun í efsta þrepi helst óbreytt.

Framfræsluvísitala í stað skattvísitölu.

6. breytingartillaga: Kvennalistinn telur brýnt að hætt verði að miða breytingar m.a. á persónuafslætti og barnabótum við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert. 14. gr. þessa frumvarps tekur til 122. gr. laganna. Breytingartillaga Kvennalistans felur í sér að þær upphæðir, sem samkvæmt henni eiga að hækka eða lækka í samræmi við skattvísitölu, miðist framvegis við framfærsluvísitölu.

Þar til breytingar voru gerðar á tekjuskatts- og eignarskattslögunum í desember 1988 miðuðust þessar tölur við lánskjaravísitölu. Kvennalistinn telur það ekki ráðlegt lengur vegna þeirra breytinga sem hafa verið gerðar á henni. Nú vega laun þriðjung í útreikningi lánskjaravísitölu og hækkar hún því minna en ella hefði orðið. Hún mælir ekki lengur kostnað í sama mæli og áður þar sem laun hafa ekki hækkað í samræmi við aðrar hækkanir. Því virðist Kvennalistanum framfærsluvísitalan nú vera vænlegri til viðmiðunar.

Auk þess vill Kvennalistinn að persónuafsláttur og barnabætur hækki (eða lækki) mánaðarlega í samræmi við framfærsluvísitölu. Þannig yrði komið í veg fyrir að skattbyrðin yrði sífellt þyngri í lok viðmiðunartímabils, eins og nú er, þegar breytingar á persónuafslætti eru aðeins gerðar tvisvar á ári og barnabætur mundu hækka í réttu hlutfalli við framfærslu.

Afstaða Kvennalistans til frumvarpsins í heild.

Annar minni hl. stendur að sameiginlegum breytingartillögum nefndarinnar sem eru á þskj. 343, en flytur einn breytingartillögur á þskj. 353 sem hefur verið lýst hér að framan.

Í breytingartillögum Kvennalistans kemur ljóslega fram stefna hans varðandi skattlagningu einstaklinga og fjölskyldna. Lágtekju- og meðaltekjufólk, svo og barnafjölskyldur, eiga sér nú fáa málsvara, en í breytingartillögum Kvennalistans felast mikilvægar breytingar til batnaðar til handa þessum hópum. Í þeim birtist það verðmætamat og sú forgangsröð sem Kvennalistinn leggur mikla áherslu á í stefnu sinni.

Verði breytingartillögur Kvennalistans samþykktar munu þingkonur hans greiða atkvæði með frumvarpinu. Að þeim felldum munu þær greiða atkvæði gegn frumvarpinu í heild sinni.

Alþingi, 17. des. 1989.

Þórhildur Þorleifsdóttir,
fundaskr.

Fylgiskjal I.

Hagdeild ASÍ,
6. desember 1989.

Hugleiðingar um breytingar á skattbyrði vegna skattkerfisbreytinga um áramót.

Í gögnum frá Fjármálaráðuneytinu hefur því verið haldið fram að skattbyrði ýmissa hópa vegna tekjuskatta muni minnka vegna breytinga á tekjuskatti nú um áramót.

Þessar fullyrðingar eru byggðar á samanburði á skattbyrði í desembermánuði 1989 og janúarmánuði 1990. Samanburður sem þessi gefur hins vegar alls ekki rétta mynd af raunverulegri skattbyrði. Skattaárinu á Íslandi er skipt upp í tvö tímabil, fyrri hluta árs og seinni hluta árs. Bæði laun og verðlag hækka yfirleitt reglulega yfir árið, og þess vegna breytist skattbyrði líka yfir árið. Til þess að koma til móts við þetta er persónuafslætti og barnabótum breytt tvisvar á ári, í janúar og júlí. Skattbyrðin hækkar hins vegar óhjákvæmilega á hverju tímabili, hún er léttust í upphafi tímabilanna og þyngst í lok þeirra.

Til þess að gera raunhæfan samanburð við skattbyrði í janúar 1990 verður því að bera hana saman við júlí 1989, sem var upphaf síðasta tímabils. Þetta er gert á meðfylgjandi töflum. Gert er ráð fyrir því að tekjur hafi almennt hækkað um 2.6% í september og 1.7% í nóvember. Laun í upphafi tímabilsins eru því rúmlega 4% lægri en í lokin.

Fram kemur í töflunum að skattbyrðin er yfirleitt hærri í janúar 1990 en í júlí 1989, og í sumum tilfellum munar mjög miklu. Greinilegá kemur í ljós hvernig skattbyrðin þyngist við launahækkanirnar í september og nóvember. Ef halda ætti skattbyrðinni óbreyttri yrði hún að verða aftur svipuð í janúar eins og hún var í júlí, en svo er greinilega ekki.

Töluvert hefur verið rætt um hvort eðlilegt sé að hækka persónuafslátt og barnabætur samkvæmt lánskjaravísitölu í stað þess að miða við forsendur fjárlaga eða aðrar ákvarðanir skattyfirvalda. Núverandi tekjuskattakerfi var tekið upp í nánu samráði við aðila vinnumarkaðarins og í tengslum við gerð kjarasamninga. Í upphaflegum ákvæðum um þetta kerfi var gert ráð fyrir því að persónuafsláttur og barnabætur skyldu hækka miðað við lánskjaravísitölu. Rétt er að minna á að sú lánskjaravísitala sem þá var notuð var kostnaðarvísitala í meira mæli en nú er og hefði því hækkað meira á þessu ári þegar kaupmáttur hefur fallið. Að sú aðferð að miða við lánskjaravísitölu sé ekki raunhæf er einkaskoðun þeirra sem ráða í Fjármálaráðuneytinu. Miðað við að sífellt þurfi að sækja fleiri krónur í vasa skattborgaranna er eðlilegt að aðferðin teljist ekki raunhæf. En væri miðað við að skattbyrði þróist eðlilega miðað við aðrar stærðir í þjóðfélaginu hlýtur viðmiðun við lánskjaravísitölu að teljast fullkomlega eðlileg.

Í töflunum er sýnt í aftasta dálki hvernig skattbyrðin hefði orðið í janúar ef persónuafsláttur og barnabætur myndu hækka skv. þróun lánskjaravísitölu frá júní til desember eða um ca. 10%. Væri þessi aðferð notuð myndi skattbyrðin vera töluvert léttari í upphafi næsta árs. Skattleysismörkin í upphafi næsta árs verða kr. 52.466 en hefðu orðið í kring um kr. 53.750 ef núverandi lánskjaravísitala hefði verið notuð. Ef breyting eldri lánskjaravísitölunnar hefði verið notuð nú myndu skattleysismörkin verða um kr. 54.300.

Hagdeild ASÍ
07.12.89

Breyting á skattbyrði nokkurra hópa frá júlí 1988 til janúar 1989. Gert er ráð fyrir 2.6% launahækkun í september og 1.7% launahækkun í nóvember.

Einstaklingar

65.000 tekjur í des.

	Júlí	Septemb.	Desember	Janúar	Jan. ef miðað við lánskj.v.
Tekjur	62.294	63.913	65.000	65.000	65.000
Tekjuskattur	19.187	19.685	20.020	21.320	21.320
Persónuafsl.	-19.419	-19.419	-19.419	-20.850	-21.361
Tekjuskattur	-232	266	601	470	-41
Skattbyrði	-0.4%	0.4%	0.9%	0.7%	-0.1%
Hækkun frá júlí		0.8%	1.3%	1.1%	0.3%

150.000 tekjur í des.

	Júlí	Septemb.	Desember	Janúar	Jan. ef miðað við lánskj.v.
Tekjur	143.755	147.493	150.000	150.000	150.000
Tekjuskattur	44.277	45.428	46.200	49.200	49.200
Persónuafsl.	-19.419	-19.419	-19.419	-20.850	-21.361
Tekjuskattur	24.858	26.009	26.781	28.350	27.839
Skattbyrði	17.3%	17.6%	17.9%	18.9%	18.6%
Hækkun frá júlí		0.3%	0.6%	1.6%	1.3%

Einstætt foreldri með tvö börn, annað undir 7 ára

65.000 kr. mánaðartekjur í desember

	Júlí	Septemb.	Desember	Janúar	Jan. ef miðað við lánskj.v.
Tekjur	62.294	63.913	65.000	65.000	65.000
Tekjuskattur	19.187	19.685	20.020	21.320	21.320
Persónuafsl.	-19.419	-19.419	-19.419	-20.850	-21.361
Barnabætur	-21.273	-21.273	-21.273	-22.841	-23.400
Tekjuskattur	-21.505	-21.007	-20.672	-22.371	-23.441
Skattbyrði	-34.5%	-32.9%	-31.8%	-34.4%	-36.1%
Hækkun frá júlí		1.7%	2.7%	0.1%	-1.5%

Einstætt foreldri með tvö börn, annað undir 7 ára

150.000 kr. mánaðartekjur í des.	Júlí	Septemb.	Desember	Janúar	Jan. ef miðað við lánskj.v.
Tekjur	143.755	147.493	150.000	150.000	150.000
Tekjuskattur	44.277	45.428	46.200	49.200	49.200
Persónuafsl.	-19.419	-19.419	-19.419	-20.850	-21.361
Barnabætur	-13.694	-13.694	-13.694	-14.704	-15.063
Tekjuskattur	11.164	12.315	13.087	13.646	12.776
Skattbyrði	7.8%	8.3%	8.7%	9.1%	8.5%
Hækkun frá júlí		0.6%	1.0%	1.3%	0.8%

Hjón með tvö börn, annað yngra en 7 ára.

130.000 mánaðartekjur í des.	Júlí	Septemb.	Desember	Janúar	Jan. ef miðað við lánskj.v.
Tekjur	124.588	127.827	130.000	130.000	130.000
Tekjuskattur	38.373	39.371	40.040	42.640	42.640
Persónuafsl.	-38.838	-38.838	-38.838	-41.700	-42.722
Barnabætur	-9.686	-9.686	-9.686	-10.400	-10.655
Tekjuskattur	-10.151	-9.153	-8.484	-9.460	-10.736
Skattbyrði	-8.1%	-7.2%	-6.5%	-7.3%	-8.3%
Hækkun frá júlí		1.0%	1.6%	0.9%	-0.1%

300.000 mánaðartekjur í des.	Júlí	Septemb.	Desember	Janúar	Jan. ef miðað við lánskj.v.
Tekjur	287.510	294.985	300.000	300.000	300.000
Tekjuskattur	88.553	90.855	92.400	98.400	98.400
Persónuafsl.	-38.838	-38.838	-38.838	-41.700	-42.722
Barnabætur	-6.847	-6.847	-6.847	-7.352	-7.532
Tekjuskattur	42.868	45.170	46.715	49.348	48.147
Skattbyrði	14.9%	15.3%	15.6%	16.4%	16.0%
Hækkun frá júlí		0.4%	0.7%	1.5%	1.1%

Hagdeild ASÍ
13.12.89

Skyggnst bak við útreikninga Fjármálaráðuneytisins um skattbyrði á árunum 1989 og 1990.

Í athugasemdum við 4. gr. (bls. 12 í frv.) segir að við það sé miðað að skattar einstaklinga með allt að 70.000 kr. mánaðartekjur lækki eða haldist óbreyttir.

Miðað er við 70.000 kr. meðaltekjur árið 1989 og hækkun skv. samningum BHMR, þannig að tekjur hækka eftirfarandi á árinu:

1. janúar:	1.5%
1. maí	1.5%
1. júlí	3.0%

	Með '89	Des '89	Jan '90	Maí '90	Fyrri hl. 1990	Sei. hl. 1990
Tekjur	67.043	70.000	71.050	72.115	71.405	74.279
Tekjuskattur	20.649	21.560	23.304	23.654	23.421	24.363
Persónuafsl.	-18.630	-19.419	-20.850	-20.850	-20.850	-22.563
Tekjuskattur	2.019	2.141	2.454	2.804	2.571	1.800
Skattbyrði	3.0%	3.1%	3.5%	3.9%	3.6%	2.4%

Til þess að skattbyrði verði sú sama miðað við þessar forsendur er nauðsynlegt að hækkun persónuafsláttar þann 1. júlí verði: **8.2%**

Það þýðir væntanlega að gert er ráð fyrir hækkun lánskjaravísitölu frá des '89 til júní '90 upp á 8.8%.

Launahækkunin verður á sama tíma 3.0%.

Því verða byggingarvísitala og framfærsluvísitala að hækka að meðaltali um 12.7%, sem þýðir aftur að gert er ráð fyrir því að kaupmáttur launa verði tæplega 10% lægri í júní en í desember.

Hækki laun meira en þetta og ef launahækkanir verða seinna á árinu þarf að hækka persónuafslátt enn meira til þess að áætlun um óbreytta skattbyrði 70.000 kr. tekna gangi eftir.

Þessar tölur sýna að skattbyrði einstaklings með 70.000 kr. tekjur í desember 1989 verður nær örugglega meiri á árinu 1990 en árið 1989.

Fullyrðingar Fjármálaráðuneytisins um að skattbyrði þessara tekna verði óbreyttar eða lægri á næsta ári byggja því á forsendum sem mjög hæpið er að geti staðist.

Til þess að fá fullnægjandi upplýsingar um þróun skattbyrðinnar á næsta ári þarf að sýna skattbyrðina mánuð fyrir mánuð miðað við þær launa- og verðlagsforsendur sem notaðar eru.

Fylgiskjal II.

Hagdeild ASÍ
14.12.89

Breyting á skattbyrði nokkurra hópa frá júlí 1988 til janúar 1989. Gert er ráð fyrir 2.6% launahækkun í september og 1.7% launahækkun í nóvember.

Gert er ráð fyrir að tekjur verði 3% hærri í júní 1990 en í des. '89.

Einstaklingur án barnabóta, 65.000 kr. tekjur í des. '89.

	Júlí	Septemb.	Desember	Janúar	Júní '90
Tekjur	62.294	63.913	65.000	65.000	66.950
Tekjuskattur	19.187	19.685	20.020	21.320	21.960
Persónuafsl.	-19.419	-19.419	-19.419	-20.850	-20.850
Tekjuskattur	-232	266	601	470	1.110
Skattbyrði	-0.4%	0.4%	0.9%	0.7%	1.7%
Hækkun frá júlí		0.8%	1.3%	1.1%	2.0%

Einstaklingur án barnabóta, 150.000 kr. tekjur í des. '89.

	Júlí	Septemb.	Desember	Janúar	Júní '90
Tekjur	143.755	147.493	150.000	150.000	154.500
Tekjuskattur	44.277	45.428	46.200	49.200	50.676
Persónuafsl.	-19.419	-19.419	-19.419	-20.850	-20.850
Tekjuskattur	24.858	26.009	26.781	28.350	29.826
Skattbyrði	17.3%	17.6%	17.9%	18.9%	19.3%
Hækkun frá júlí		0.3%	0.6%	1.6%	2.0%

Hjón, án barnabóta, 130.000 kr. tekjur í des '89.

	Júlí	Septemb.	Desember	Janúar	Júní '90
Tekjur	124.588	127.827	130.000	130.000	133.900
Tekjuskattur	38.373	39.371	40.040	42.640	43.919
Persónuafsl.	-38.838	-38.838	-38.838	-41.700	-41.700
Tekjuskattur	-465	533	1.202	940	2.219
Skattbyrði	-0.4%	0.4%	0.9%	0.7%	1.7%
Hækkun frá júlí		0.8%	1.3%	1.1%	2.0%

Hjón, án barnabóta, 300.000 kr. tekjur í des '89.

	Júlí	Septemb.	Desember	Janúar	Júní '90
Tekjur	287.510	294.985	300.000	300.000	315.000
Tekjuskattur	88.553	90.855	92.400	98.400	103.320
Persónuafsl.	-38.838	-38.838	-38.838	-41.700	-41.700
Tekjuskattur	49.715	52.017	53.562	56.700	61.620
Skattbyrði	17.3%	17.6%	17.9%	18.9%	19.6%
Hækkun frá júlí		0.3%	0.6%	1.6%	2.3%

Nd. 353. Breytingartillögur [210. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (ÞÞ).

1. Við 3. gr. Greinin falli brott.
2. Við 4. gr. Í stað „250.200“ komi: 300.000.
3. Við 6. gr. Í stað „25.204, 37.807 og 75.614“ komi: 30.217, 45.327 og 90.652.
4. Við 7. gr.
   a. Í stað „59.860“ í a-lið komi: 71.764.
   b. Í stað „920.000 og 613.000“ í b-lið komi: 1.155.825 og 770.550.
   c. Í stað „3.280.000 og 4.920.000“ komi: 3.992.850 og 5.989.275.
5. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   83. gr. laganna orðist svo:
   Eignarskattur manna reiknast þannig: Einhleypingur og einstætt foreldri greiða engan skatt af fyrstu 3.450.000 kr. af eignarskattsstofni. Af eignarskattstofni yfir 3.450.000 kr. greiðist 1,2%. Af eignarskattsstofni yfir 8.050.000 kr. greiðist að auki 0,75%, þó þannig að hjá þeim, sem hafa tekjuskattsstofn undir 1.680.000 kr., skal lækka reiknaðan eignarskatt samkvæmt þessum málslið hlutfallslega þannig að hann falli að fullu niður ef tekjuskattsstofn er undir 840.000 kr.
   Hjón, sem skattlögð eru samkvæmt ákvæðum 63. gr., greiða engan skatt af fyrstu 2.875.000 kr. af eignarskattsstofni hvors þeirra. Af eignarskattsstofni yfir 2.875.000 kr. greiðir hvort hjóna 1,2%. Af eignarskattsstofni yfir 6.708.000 kr. greiðir hvort hjóna að auki 0,75%, þó þannig að hjá hvoru hjóna, sem hafa tekjuskattsstofn undir 1.680.000 kr., skal lækka reiknaðan eignarskatt samkvæmt þessum málslið hlutfallslega þannig að hann falli að fullu niður ef tekjuskattsstofn er undir 840.000 kr.
6. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirtaldar breytingar verði á 122. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1990“ í 122. gr. laganna komi: framfærsluvísitölu.
   b. Við greinina bætist: Þær fjárhæðir, sem tilgreindar eru í A-lið 68. gr. og A-lið 69. gr., hækki eða lækki mánaðarlega í samræmi við framfærsluvísitölu.

Nd. 354. Frumvarp til laga [238. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Þórhildur Þorleifsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir.

1. gr.

Við 63. gr. laganna bætist svohljóðandi málsgrein:

Einstætt foreldri og barn þess, 16 ára og eldra sem á hjá því lögheimili, eiga rétt á að telja fram og vera skattlögð með sama hætti og hjón eða karl og kona í óvígðri sambúð, enda óski þau þess bæði skriflega við skattyfirvöld.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á A-lið 68. gr. laganna:

a. 2. málsl. 2. mgr. hljóði svo: Sá persónuafsláttur sem þá er enn óráðstafaður fellur niður nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuafslátt annars hjóna sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr.
b. Við 2. mgr. bætist svohljóðandi málsliður: Einstæðu foreldri er heimilt að nýta á sama hátt ónotaðan persónuafslátt eins barns síns sem á hjá því lögheimili, enda séu þau skattlögð samkvæmt ákvæðum 63. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frumvarp felur í sér að einstæðir foreldrar geti nýtt ónotaðan persónuafslátt barna sinna á sama hátt og hjónum er heimilt að færa ónotaðan persónuafslátt sín á milli, en tillaga sama efnis var flutt sem hluti af öðru frumvarpi á síðasta þingi. Auk þess er lagt til að heimilt sé að nýta persónuafslátt á þennan hátt að fullu, en ekki 80% eins og nú er.

Árið 1985 var sett í lög um tekjuskatt og eignarskatt ákvæði sem heimilar millifærslu ónotaðs persónuafsláttar milli hjóna. Þannig getur framteljandi bætt 80% af ónotuðum persónuafslætti maka við persónuafslátt sinn og fengið þannig verulega lækkun á tekjuskatti. Sama gildir um karl og konu í óvígðri sambúð að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Kvennalistakonur voru andvígar þessu ákvæði á sínum tíma og vildu heldur nýta það fé sem þannig er fært á milli til hækkunar á barnabótum, enda í mörgum tilfellum einmitt um það að ræða að annað foreldrið er tekjulágt eða tekjulaust vegna þess að það helgar sig umönnun eigin barna. Auk þess má benda á að með þessu ákvæði er gert upp á milli sambúðarforma þar sem það nýtist aðeins hjónum eða karli og konu í viðurkenndri sambúð. Það tekur t.d. ekki til systkina á sama heimili með sömu skiptingu tekna né til óskyldra aðila af sama kyni. Og það tekur ekki til einstæðra foreldra sem búa með stálpuðum börnum sínum.

Þessi rök og önnur voru léttvæg fundin á Alþingi sem samþykkti þessa lagabreytingu með miklum meiri hluta. Í þjóðfélaginu virtist einnig nokkuð almennt fylgi við þetta ákvæði sem sannarlega kemur sér vel á heimilum með verulega misskiptar tekjur. Nú hefur hins vegar runnið upp fyrir mörgum það óréttlæti sem felst í því að gera á þennan hátt upp á milli heimila eftir sambúðarformum. Dæmin sanna að þar getur munað tugum og jafnvel hundruðum þúsunda í skattgreiðslum. Einkum er þetta tilfinnanlegt fyrir einstæða foreldra sem eiga bágt með að sjá réttlætið í því að nýting ónotaðs persónuafsláttar þurfi að helgast af kynferðislegu sambandi karls og konu.

Skattalöggjöfin tekur að sönnu tillit til aðstæðna einstæðra foreldra með því að þeir fá töluvert hærri barnabætur en foreldrar í sambúð. En barnabætur falla niður við 16 ára aldur og þá eru í flestum tilfellum nokkur ár þangað til þessir einstaklingar eru orðnir sjálfum sér nógir, hvað þá að þeir séu þess megnugir að leggja eitthvað til heimilisins.

Flest ungt fólk stundar nú nám fram eftir aldri til undirbúnings lífi sínu og nýtur á meðan margs konar stuðnings frá foreldrum, svo sem ókeypis fæðis og húsnæðis eða beinnar fjárhagslegrar aðstoðar. Slíkt þykir öllum sjálfsagt, en er misjafnlega auðvelt eftir aðstæðum. Mörgum einstæðum foreldrum er það erfitt og jafnvel ókleift. Það mundi auðvelda einstæðum foreldrum að styðja börn sín til náms og annars undirbúnings undir lífið ef þeim væri heimilt að nýta ónotaðan persónuafslátt barna sinna, sem eiga hjá þeim lögheimili, eins og lagt er til í þessu frumvarpi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 63. gr. laganna er kveðið á um heimildir til handa hjónum og karli og konu í sambúð til þess að telja fram saman og vera skattlögð sameiginlega. Hér er lagt til að sama gildi um einstæða foreldra og börn þeirra, 16 ára eða eldri, sem eiga hjá þeim lögheimili.

Um 2. gr.

Í A-lið 68. gr. núgildandi laga er ákvæði um að bæta megi 80% af ónotuðum persónuafslætti annars hjóna við persónuafslátt hins þegar fundinn er tekjuskattur framteljanda. Í a-lið þessarar greinar frumvarpsins er lagt til að slíkur persónuafsláttur sé nýtanlegur að fullu, þ.e. 100%. Í b-lið greinarinnar er lagt til að einstætt foreldri geti nýtt ónotaðan persónuafslátt eins barns síns, 16 ára og eldra, með sama hætti og hjón eða karl og kona í sambúð.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Ed. 355. Frumvarp til laga [239. mál]

um breyting á lögum um vísitölu byggingarkostnaðar, nr. 42 30. mars 1987.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

Á eftir ákvæði til bráðabirgða í lögunum komi nýtt ákvæði svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða II.

Eftir upptöku virðisaukaskatts hinn 1. janúar 1990 skal Hagstofa Íslands við útreikning vísitölu byggingarkostnaðar frá og með janúar 1990 taka tillit til endurgreiðslna virðisaukaskatts af byggingu íbúðarhúsnæðis vegna vinnu á byggingarstað, sbr. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, með áorðnum breytingum, þannig að endurgreiddur virðisaukaskattur sé dreginn frá byggingarkostnaði reiknuðum með fullum virðisaukaskatti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er að beiðni hagstofustjóra til að taka af vafa um útreikning og notkun vísitölu byggingarkostnaðar eftir upptöku virðisaukaskatts og endurgreiðslu hans til íbúðarbyggjenda vegna vinnu á byggingarstað.

Í frumvarpi til laga um breyting á lögum um virðisaukaskatt er gert ráð fyrir að byggjendum íbúðarhúsnæðis verði endurgreiddur útlagður virðisaukaskattur af vinnu manna á byggingarstað. Endurgreiðslan skal gerð á grundvelli framlagðra reikninga, eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti, og vera verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu. Þetta ákvæði er samið í samráði við Hagstofuna og telur hún að til þess að endurgreiddur virðisaukaskattur verði dreginn frá byggingarkostnaði við útreikning vísitölu byggingarkostnaðar þurfi eftirfarandi skilyrðum að vera fullnægt:

1. að endurgreiðslan verði ekki skilyrt við annað en að um sé að ræða íbúðarbyggingu og vinnu manna á byggingarstað samkvæmt framlögðum reikningum,
2. að ekki líði lengri tími en þrír mánuðir milli endurgreiðslna,
3. að þær verði verðtryggðar.

Enda þótt skilyrðum til þessa frádráttar sé þannig fullnægt er að dómi Hagstofunnar engu síður æskilegt að sett verði um þetta lagafyrirmæli til að taka af vafa og eyða óvissu í þessum efnum. Samkvæmt gildandi lögum um vísitölu byggingarkostnaðar er Hagstofunni falið að ákveða hvernig útreikningi vísitölunnar er háttað, en því fylgja jafnframt ríkar skyldur til að sjá til þess að útreikningur vísitölunnar sé eins vandaður og afdráttarlaus og frekast er unnt. Af þeim ástæðum þykir rétt að kveða sérstaklega á í lögum um ofangreindan frádrátt virðisaukaskatts til þess að taka af allan vafa í þessu efni. Þá skiptir ekki minna máli að vísitölunni er óspart beitt við verðtryggingu, ekki síst í verksamningum, og að hún hefur þriðjungsvægi í lánskjaravísitölu. Mikilvægt er því að ekki skapist óvissa um þesa notkun vísitölunnar og er ákvæðum þessa frumvarps ekki síst ætlað að koma í veg fyrir það.

Þess skal að lokum getið að Hagstofan hyggst haga útreikningi sínum á vísitölu byggingarkostnaðar í fyrsta sinn eftir upptöku virðisaukaskatts þannig að frádráttarliðir verði tilgreindir sérstaklega. Þannig á að koma fram hvernig vísitalan breytist með fullum virðisaukaskatti annars vegar og eftir frádrátt endurgreidds virðisaukaskatts hins vegar.

Ed. 356. Frumvarp til laga [240. mál]

vegna aðildar Íslands að Evrópusamningi um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

1. gr.

Með lögum þessum eru sett fyrirmæli vegna aðildar Íslands að Evrópusamningi um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu frá 26. nóvember 1987.

2. gr.

Nefnd, sem stofnsett er samkvæmt samningnum til að rannsaka meðferð frelsissviptra manna, hefur rétt til að heimsækja hvern þann stað hér á landi þar sem frelsissviptur maður er vistaður samkvæmt ákvörðun yfirvalda ef:

1. Tilgangur heimsóknar er að rannsaka hvernig meðferð maðurinn sætir, og
2. nefndin hefur tilkynnt þá fyrirætlun sína að heimsækja staði hér á landi.

3. gr.

Sá sem ábyrgð ber á frelsissviptum manni eða er í fyrirsvari fyrir stofnun, þar sem hann er vistaður, skal láta nefndinni í té þá aðstoð sem hún þarfnast til að sinna skyldum sínum. Aðilar þessir skulu heimila nefndinni:

1. Aðgang að þeim stöðum þar sem frelsissviptir menn eru vistaðir og rétt til ferðar innan slíkra staða án hindrunar,
2. að eiga viðtöl í einrúmi við frelsissvipta menn og aðra sem veitt geta upplýsingar um meðferð slíkra manna,
3. að fá upplýsingar sem hún þarfnast til að sinna hlutverki sínu.

4. gr.

Ef sá sem ábyrgð ber á frelsissviptum manni eða er í fyrirsvari fyrir stofnun, sem nefndin fyrirhugar að heimsækja, hefur athugasemdir við tíma eða stað heimsóknar skal viðkomandi þegar tilkynna það dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Ráðuneytið ákveður hvort fyrirhugaðri heimsókn verði andmælt við nefndina.

Ráðuneytið tekur jafnframt ákvörðun um flutning á mönnum, sem nefndin hyggst heimsækja, til að nefndin geti rækt störf sín.

5. gr.

Nefndarmenn og sérfræðingar, sem starfa með nefndinni, skulu meðan þeir rækja störf sín og ferðast vegna starfa sinna hér á landi njóta eftirtalinna forréttinda og friðhelgi:

1. Friðhelgi að því er varðar handtöku og kyrrsetningu og hald á einkafarangri, svo og að því er varðar hvers kyns lögsókn vegna allra athafna þeirra í starfi, þar á meðal vegna ummæla í ræðu og riti.
2. Undanþágu frá öllum hömlum á ferðafrelsi við brottför og komu til landsins vegna starfa í nefndinni og undanþágu frá skráningu útlendinga þegar komið er í vitjun til landsins eða farið um landið af öðrum ástæðum vegna starfa sinna.
3. Sömu aðstöðu varðandi tollgæslu og gjaldeyriseftirlit og veitt er fulltrúum erlendra ríkisstjórna sem gegna hér á landi tímabundnum opinberum erindum.

Skjöl og gögn nefndarinnar eru friðhelg að því leyti sem þau varða störf hennar og ekki má hefta eða ritskoða opinber bréf eða önnur opinber boðskipti nefndarinnar.

Friðhelgi að því er varðar lögsókn vegna ummæla í ræðu eða riti og allra athafna nefndarmanna við störf helst eftir að þeir láta af störfum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Varnir gegn pyndingum er hluti mannréttinda. Ákvæði um bann við pyndingum eru m.a. í almennri yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi og mannfrelsi og í samningi Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi frá 1966 sem fullgiltur var af Íslands hálfu árið 1979. Pyndingar eru einnig bannaðar samkvæmt Genfarsamningi frá árinu 1949 um verndun almennra borgara á stríðstímum sem Ísland gerðist aðili að árið 1965.

Þá er Ísland aðili að Evrópusáttmála um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 1950. Meðal atriða í þeim samningi eru í 3. gr. hans svohljóðandi ákvæði um bann gegn pyndingum: „Enginn maður skal sæta pyndingum, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu."

Samkvæmt beiðni einstaklings eða ríkis getur mannréttindanefnd Evrópuráðsins eða Mannréttindadómstóll Evrópu athugað hvort ríki uppfyllir skyldur sínar samkvæmt samningnum. Til að kæra frá einstaklingi verði tekin til meðferðar hjá nefndinni er það skilyrði sett að það ríki, sem kært er, hafi gefið yfirlýsingu um að það viðurkenni að hún sé bær til að taka við slíkum erindum. Slíkar yfirlýsingar hafa verið gefnar af öllum aðildarríkjum Evrópuráðsins nema Finnlandi. Finnland fékk aðild að Evrópuráðinu 5. maí 1989 og hefur ekki enn gerst aðili að Mannréttindasáttmálanum. Varðandi þau ríki, sem viðurkenna lögsögu dómstólsins, getur það álit sem mannréttindanefndin gefur, að beiðni viðkomandi einstaklings eða ríkis, sætt endurskoðun Mannréttindadómstólsins. Fyrir þessi ríki eru dómar Mannréttindadómstólsins bindandi.

Kærur vegna meintra brota á 3. gr. mannréttindasamningsins geta þannig sætt meðferð hjá mannréttindanefndinni og endanlega hjá Mannréttindadómstólnum hjá öllum þeim ríkjum sem aðilar eru að sáttmálanum. Fari mál ekki fyrir Mannréttindadómstólinn fer það til úrskurðar hjá ráðherranefnd Evrópuráðsins.

Innan Evrópuráðsins hefur verið talið að hægt sé að bæta þetta kerfi með aðgerðum sem hafa meiri varnaðaráhrif í för með sér, en leiða ekki af sér réttarúrræði, með því að kanna stöðu frelsissviptra aðila. Tilgangurinn er að auka vernd viðkomandi gegn pyndingum, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Í þessum tilgangi var Evrópusamningur um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu gerður. Íslensk þýðing samningsins er birt sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Samkvæmt samningnum skal setja á fót sérstaka nefnd sem getur heimsótt þá staði í aðildarríkjunum þar sem frelsissviptir menn eru vistaðir. Eftir að heimsókn lýkur skal nefndin gera skýrslu um heimsóknina og þær athuganir sem hún hefur gert og skal skýrslan send viðkomandi ríki. Í þessari skýrslu skal nefndin koma með athugasemdir og tillögur um hvernig bæta megi vernd frelsissviptra manna. Ef ríki fer ekki að tillögum nefndarinnar um úrbætur eða neiti samvinnu getur nefndin gefið út opinbera yfirlýsingu um málið.

Nefndin skal árlega skila skýslu um störf sín til ráðherranefndar Evrópuráðsins. Nefndin hefur ekki dómgæsluhlutverk og á ekki að tjá sig um hvort hún telji að Mannréttindasáttmálinn hafi verið brotinn eða á annan hátt túlka þann samning eða aðra alþjóðasamninga.

Með aðild að þessum samningi ábyrgjast íslensk stjórnvöld að þau geti fullnægt skyldum samkvæmt honum. Aðallega er þar um að ræða að leyfa og sjá til þess að nefndin fái aðgang að fangelsum og öðrum stöðum þar sem handteknir menn eru vistaðir, sjúkrahúsum og meðferðarstofnunum þar sem menn kunna að vera vistaðir gegn vilja sínum. Til að tryggja að Ísland geti fullnægt skyldu um aðgang að stöðum þar sem frelsissviptir menn eru vistaðir þykir nauðsynlegt að ákvæði þar að lútandi verði tryggð í lögum. Jafnframt er nauðsyn að lögfesta ákvæði um friðhelgi nefndarmanna og aðstoðarmanna þeirra.

Um bakgrunn samningsins.

Í janúar 1981 samþykkti ráðgjafarþing Evrópuráðsins ályktun (909/1981) þar sem ályktað var að ráðherranefnd Evrópuráðsins skyldi beina því til aðildarríkjanna að flýta vinnu við samning Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum. Í mars sama ár komu fram tvær tillögur varðandi baráttuna gegn pyndingum. Tillögum þessum var vísað til laganefndar ráðgjafarþingsins sem skilaði skýrslu í júní 1983 (skjal 5099) þar sem nefndin lagði fram uppkast að Evrópusamningi um varnir gegn pyndingum. Uppkastið hafði verið unnið í samvinnu við alþjóðlegu lögfræðinganefndina og svissnesku nefndina gegn pyndingum.

Á 366. fundi ráðherranefndar Evrópuráðsins, í janúar 1984, var stýrinefnd í mannréttindamálum, CDDH, falið að gera tillögur um texta að samningi til að styrkja vernd frelsissviptra manna gegn pyndingum og öðru ofbeldi. Undirnefnd stýrinefndarinnar í mannréttindamálum vann síðan uppkast að samningstexta sem var sendur til umsagnar mannréttindanefndarinnar, Mannréttindadómstólsins, alþjóðlegu lögfræðinganefndarinnar og Alþjóða Rauða krossins.

Samningurinn var samþykktur af stýrinefnd í mannréttindamálum, CDDH, í nóvember 1986 og þar eftir sendur ráðherranefndinni sem endanlega samþykkti hann 26. júní 1987. Samningurinn var síðan lagður fram til undirritunar 26. nóvember 1987. Þann dag var hann undirritaður af 19 af 21 aðildarríki Evrópuráðsins, þar á meðal af Íslands hálfu.

Samningurinn er bindandi fyrir þau ríki sem fullgilda hann. Hann gekk í gildi 1. febrúar 1989 þegar sjö ríki höfðu fullgilt hann. Gagnvart þeim ríkjum, sem síðar fullgilda hann, öðlast hann gildi fyrsta dag þess mánaðar er liðnir eru þrír mánuðir frá því að fullgildingarskjal er afhent. Aðilar að samningnum nú eru: Austurríki, Bretland, Danmörk, Frakkland, Holland, Írland, Ítalía, Kýpur, Lúxemborg, Malta, Noregur, Spánn, Sviss, Svíþjóð og Tyrkland.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þessi grein fjallar um gildissvið lagafrumvarpsins. Ákvæði laganna gilda þannig ekki um önnur atriði en þau sem eru afleiðing af fullgildingu Íslands á þessum samningi Evrópuráðsins um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu frá 26. nóvember 1987.

Um 2. gr.

Í þessari grein kemur fram einn aðaltilgangur með frumvarpinu, þ.e. sá að tryggja nefnd þeirri sem stofnsett er með 1. gr. Evrópusamningsins rétt til að heimsækja þá staði hér á landi, þar sem frelsissviptir menn eru vistaðir, í samræmi við ákvæði samningsins. Samkvæmt þessari grein skal nefndinni tryggður réttur til að fá aðgang að öllum stöðum hér á landi þar sem frelsissviptir menn eru vistaðir. Á það við um afplánunarfangelsi, gæsluvarðhaldsfangelsi, fangageymslur lögreglu, sjúkrahús, þar með talin geðsjúkrahús og aðrar stofnanir, án tillits til hver á þær eða rekur, ef frelsissviptir menn eru vistaðir þar. Um er að ræða alla þá staði þar sem menn eru vistaðir samkvæmt ákvörðun yfirvalda, hvort sem um er að ræða formlega ákvörðun eður ei.

Forsenda þess, að nefndinni sé heimilt að heimsækja framangreindar stofnanir, er að tilgangur heimsóknar sé að rannsaka meðferð manns/manna sem sæta frelsissviptingu og að ríkisstjórninni hafi verið tilkynnt um heimsóknina samkvæmt ákvæðum í 8. gr. samningsins.

Um 3. gr.

Samkvæmt þessari grein frumvarpsins er lögð skylda á þá sem ábyrgð bera á eða eru í fyrirsvari fyrir stofnun þar sem frelsissviptur maður er vistaður að aðstoða nefndina.

Í samræmi við þá skyldu, sem fram kemur í 8. gr. samningsins, ber viðkomandi ríki á ýmsan hátt að aðstoða nefndina. Í þessari grein er lögfest að þeir sem ábyrgð bera á frelsissviptum manni eða eru í fyrirsvari fyrir stofnunina þar sem slíkir menn eru vistaðir beri að veita nefndinni þá aðstoð er 8. gr. samningsins gerir ráð fyrir.

Hvað varðar 1. tölul. greinarinnar skal tekið fram að réttur til ferðar án hindrunar innan staðar útilokar ekki að fulltrúi viðkomandi yfirvalda fylgi nefndarmönnum.

Samkvæmt 2. tölul. greinarinnar skal nefndin hafa rétt til viðtala í einrúmi við frelsissvipta menn. Slík viðtöl koma ekki til nema með samþykki viðkomandi manns. Vilji frelsissviptur maður ekki eiga samtal við fulltrúa nefndarinnar hefur nefndin rétt til að kanna hvort slík ákvörðun sé tekin samkvæmt frjálsum vilja viðkomandi. Í slíkum tilfellum er að sjálfsögðu best að viðkomandi sjálfur skýri nefndinni frá því að hann vilji ekki ræða einslega við fulltrúa hennar.

Ef viðkomandi er ekki sjálfur tilbúinn að skýra nefndinni frá því að hann vilji ekki eiga viðtal við fulltrúa hennar ber að leysa málið í samvinnu við nefndina. Þegar í greininni er fjallað um aðra sem veitt geta upplýsingar er t.d. átt við starfsmenn stofnana, lækna eða aðra sem hafa með meðferð eða vistun að gera. Að sjálfsögðu eru slíkir aðilar ekki heldur skyldugir til samvinnu við nefndina.

Upplýsingar skv. 3. tölul. geta verið aðgangur að meðferðar- eða sjúkraálum. Það ætti einungis að vera í undantekningartilfellum að slíkur aðgangur væri ekki leyfður.

Um 4. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um hvernig fara skal með mál ef óskað er að undantekningarregla 9. gr. samningsins verði notuð. Í greininni eru ákvæði um að sá sem hefur athugasemdir við tíma eða stað heimsóknar skuli tilkynna það dóms- og kirkjumálaráðuneytinu þegar er hann fær vitneskju um fyrirhugaða heimsókn. Jafnframt eru hér ákvæði um að ráðuneytið ákveði hvort andmælum skuli komið á framfæri við nefndina í samræmi við 9. gr. samningsins og annist viðræður við hana. Eins og fram kemur í 9. gr. samningsins skulu slíkar viðræður teknar upp þegar í stað ef heimsókn er andmælt. Þau efnisatriði, sem leitt geta til andmæla við heimsókn, eru rakin í 9. gr. samningsins.

Í 2. mgr. greinarinnar eru ákvæði um að ráðuneytið taki ákvörðun um flutning á þeim mönnum sem nefndin hyggst ræða við til að geta fullnægt skyldum sínum. Samkvæmt 2. tölul. 9. gr. samningsins getur slíkur flutningur orðið niðurstaða viðræðna nefndarinnar og ráðuneytisins ef heimsókn á fyrirhugaðan stað er andmælt.

Um 5. gr.

Í 16. gr. samningsins og í viðauka við hann eru ákvæði um að nefndarmenn og þeir sérfræðingar, sem með nefndinni vinna, skuli njóta þar til greindra forréttinda og friðhelgi. Þar sem ekki eru í gildi almenn lög hér á landi um friðhelgi og forréttindi erlendra sendimanna og annarra sem slíkra réttinda eiga að njóta er nauðsynlegt að lögfesta ákvæði þar að lútandi í samræmi við þær skyldur er greinir í viðauka við samninginn. Samráð var haft við utanríkisráðuneytið er grein þessi var samin.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Evrópusamningur um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Aðildarríki Evrópuráðsins, sem undirritað hafa samning þennan,

sem hafa hliðsjón af ákvæðum sáttmála um verndun mannréttinda og mannfrelsis,

sem minnast þess að „enginn maður skal sæta pyndingum, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu“ samkvæmt 3. gr. þess sáttmála,

sem líta til þess að úrræði þau, sem sáttmálinn gerir ráð fyrir, verka gagnvart þeim sem telja sig hafa orðið fyrir broti gegn 3. gr.,

sem eru sannfærð um að vernd manna, sem sætt hafa frelsissviptingu gegn pyndingum eða ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, megi efla með fyrirbyggjandi aðgerðum sem grundvallast á vitjunum fremur en með réttarúrræðum, hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. KAFLI

1. gr.

Stofnsett skal Evrópunefnd um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (hér á eftir nefnd „nefndin“). Skal nefndin með vitjunum kanna meðferð manna sem sætt hafa frelsissviptingu í því skyni að efla, ef nauðsyn krefur, vernd þeirra gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

2. gr.

Hver aðili skal heimila vitjanir samkvæmt samningi þessum til sérhvers staðar innan lögsögu hans þar sem frelsissviptir menn eru vegna ákvörðunar opinbers yfirvalds.

3. gr.

Við framkvæmd þessa skulu nefndin og þar til bær yfirvöld þess aðila sem við á hafa samvinnu sín í milli.

II. KAFLI

4. gr.

1. Nefndin skal skipuð jafnmörgum mönnum og aðilar eru.
2. Nefndarmenn skulu kjörnir úr hópi manna sem eru vammlausir og viðurkenndir fyrir hæfni á sviði mannréttinda eða með starfsreynslu á því sviði sem samningur þessi tekur til.
3. Engir tveir nefndarmenn skulu vera þegnar sama ríkis.
4. Nefndarmenn eru einungis bundnir við sannfæringu sína í störfum sínum, skulu vera sjálfstæðir og óhlutdrægir og skulu vera tiltækir til virkra starfa í þágu nefndarinnar.

5. gr.

1. Ráðherranefnd Evrópuráðsins kýs nefndarmenn af skrá sem stjórnarnefnd ráðgjafarþings Evrópuráðsins tekur saman. Skulu þeir kjörnir með hreinum meiri hluta atkvæða. Hver sendinefnd aðilanna á þinginu tilnefnir þrjá frambjóðendur og skulu að minnsta kosti tveir þeirra vera þegnar hlutaðeigandi ríkis.
2. Fara skal að með sama hætti þegar fylla þarf sæti sem kunna að losna.
3. Nefndarmenn skulu kjörnir til fjögurra ára. Aðeins má endurkjósa þá einu sinni. Þó skal kjörtímabili þriggja nefndarmanna sem kjörnir eru í fyrstu kosningu lokið að tveimur árum liðnum. Nefndarmenn, sem ganga eiga úr nefndinni að fyrstu tveimur árum liðnum, skulu valdir með hlutkesti af aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins þegar að afloknu fyrsta kjöri.

6. gr.

1. Fundi nefndarinnar skal halda fyrir luktum dyrum. Fundur er lögmætur þegar meiri hluti nefndarmanna er viðstaddur. Ákvarðanir nefndarinnar skulu teknar af meiri hluta þeirra nefndarmanna sem viðstaddir eru, sbr. þó 2. tölul. 10. gr.
2. Nefndin setur sér sjálf fundarsköp.
3. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal annast skrifstofuhald fyrir nefndina.

III. KAFLI

7. gr.

1. Nefndin skal skipuleggja vitjanir til staða sem um getur í 2. gr. Auk reglubundinna vitjana getur nefndin skipulagt aðrar vitjanir sem henni virðist þörf á með hliðsjón af aðstæðum.
2. Að jafnaði skulu að minnsta kosti tveir nefndarmenn fara í vitjun. Nefndin má, ef hún telur nauðsynlegt, hafa sérfræðinga og túlka sér til aðstoðar.

8. gr.

1. Nefndin skal tilkynna ríkisstjórn þess aðila, sem í hlut á, um þá fyrirætlun að koma í vitjun. Er það hefur verið tilkynnt má nefndin hvenær sem er fara til hvers þess staðar sem um getur í 2. gr.
2. Aðili skal veita nefndinni eftirfarandi aðstöðu til að sinna hlutverki sínu:
   a. Aðgang að landsvæði sínu og rétt til ferðar án hindrunar,
   b. allar upplýsingar um þá staði þar sem frelsissviptir menn eru,
   c. ótakmarkaðan aðgang að hverjum þeim stað þar sem frelsissviptir menn eru, þar með talinn réttur til að fara um þá staði án hindrunar,
   d. allar aðrar upplýsingar sem aðilanum eru tiltækar og nefndinni nauðsynlegar til að sinna hlutverki sínu. Þegar nefndin leitar þessara upplýsinga skal hún taka tillit til þeirra laga og siðareglna sem við eiga í landinu.
3. Nefndin má eiga viðtöl í einrúmi við frelsissvipta menn.
4. Nefndin getur átt óheft samskipti við hvern þann sem hún telur geta veitt gagnlegar upplýsingar.
5. Sé þess þörf getur nefndin þegar komið athugasemdum sínum á framfæri við þar til bær yfirvöld þess aðila sem í hlut á.

9. gr.

1. Ef alveg sérstaklega stendur á geta þar til bær yfirvöld þess aðila, sem í hlut á, andmælt því við nefndina að hún komi í vitjun á þeim tíma eða til þess tiltekna staðar sem hún hyggst vitja. Slík andmæli verði aðeins borin fram vegna landvarna, öryggis almennings, alvarlegrar upplausnar á stöðum þar sem frelsissviptir menn eru, heilsufars manns, eða vegna þess að áríðandi yfirheyrsla vegna alvarlegs afbrots stendur yfir.

2. Er slík andmæli hafa verið borin fram skulu nefndin og aðilinn þegar ráðgast sín á milli til að skýra aðstæður og leita samkomulags um tilhögun sem geri nefndinni kleift að rækja störf sín án tafar. Slík tilhögun getur falið í sér flutning manns, sem nefndin hyggst vitja, á annan stað. Þar til vitjun á sér stað skal aðilinn veita nefndinni upplýsingar um hvern þann sem í hlut á.

10. gr.

1. Að lokinni hverri vitjun skal nefndin gera skýrslu um þau atriði sem í ljós hafa komið við vitjunina og skal tekið tillit til allra athugasemda sem viðkomandi aðili kann að hafa lagt fram. Skal nefndin senda honum skýrslu sína með þeim tillögum sem hún telur nauðsynlegar. Getur nefndin ráðgast við aðilann í því skyni að leggja til, ef þörf er á, umbætur varðandi vernd frelsissviptra manna.
2. Ef aðili hafnar samvinnu eða neitar að bæta aðstæður í ljósi tillagna nefndarinnar getur nefndin með atkvæðum tveggja þriðju hluta nefndarmanna ákveðið, er aðilanum hefur verið veittur kostur á að kynna sjónarmið sín, að gefa út opinbera yfirlýsingu um málið.

11. gr.

1. Upplýsingar, sem nefndin aflar í tengslum við vitjun og skýrsla hennar og viðræður við viðkomandi aðila, eru trúnaðarmál.
2. Nefndin skal birta skýrslu sína með hverjum þeim athugasemdum sem viðkomandi aðili kann að hafa gert hvenær sem aðilinn fer fram á það.
3. Þó skal ekki birta persónulegar upplýsingar án skýlauss samþykkis þess manns sem í hlut á.

12. gr.

Að gættum reglum 11. gr. um trúnað skal nefndin árlega gefa ráðherranefndinni almenna skýrslu um störf sín og skal skýrslan send ráðgjafarþinginu og gerð opinber.

13. gr.

Nefndarmenn, svo og sérfræðingar og aðrir aðstoðarmenn nefndarinnar, skulu meðan á starfstímabili þeirra stendur og síðar halda trúnað um atvik og upplýsingar sem þeir hafa fengið vitneskju um í störfum sínum.

14. gr.

1. Nöfn aðstoðarmanna nefndarinnar skulu tilgreind í tilkynningu skv. 1. tölul. 8. gr.
2. Sérfræðingar skulu starfa samkvæmt fyrirmælum og í umboði nefndarinnar. Þeir skulu hafa sérstaka þekkingu og reynslu á þeim sviðum sem samningur þessi tekur til og vera sjálfstæðir, óhlutdrægir og tiltækir til starfa á sama hátt og nefndarmenn.
3. Aðili getur, ef sérstaklega stendur á, lýst því yfir að sérfræðingur eða annar aðstoðarmaður nefndarinnar fái ekki að koma í vitjun til staðar innan lögsögu hans.

IV. KAFLI

15. gr.

Hver aðili skal tilkynna nefndinni um nafn og aðsetur þess stjórnvalds sem bært er til að taka við tilkynningum til ríkisstjórnar hans og um hvern þann tengilið sem hann kann að skipa.

16. gr.

Nefndin, nefndarmenn og sérfræðingar þeir, sem um getur í 2. tölul. 7. gr., skulu njóta þeirra forréttinda og friðhelgi sem greinir í viðauka við samning þennan.

17. gr.

1. Samningur þessi skal ekki skerða gildi ákvæða í landslögum eða alþjóðasamningum sem veita frelsissviptum mönnum betri vernd.
2. Ekkert í samningi þessum skal talið takmarka eða raska löghæfi stofnana Mannréttindasáttmála Evrópu eða skyldur þær sem aðilar hafa tekist á hendur samkvæmt þeim sáttmála.
3. Nefndin skal ekki vitja staða sem fulltrúar eða sendimenn verndarríkja eða alþjóðanefndar Rauða krossins vitja á virkan hátt reglubundið samkvæmt Genfarsamningunum frá 12. ágúst 1949 og viðbótarbókunum við þá frá 8. júní 1977.

V. KAFLI

18. gr.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar fyrir aðildarríki Evrópuráðsins. Hann er háður fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki. Fullgildingar-, viðurkenningar- og samþykktarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

19. gr.

1. Samningur þessi gengur í gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er sjö aðildarríki Evrópuráðsins hafa lýst samþykki sínu á að vera bundin af honum skv. 18. gr.
2. Gagnvart aðildarríki, sem síðar lýsir samþykki sínu á að vera bundið af samningi þessum, öðlast hann gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjal þess er afhent.

20. gr.

1. Sérhverju ríki er heimilt við undirritun eða við afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals að tilgreina það eða þau landsvæði sem samningur þessi nær til.
2. Með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins getur sérhvert ríki, hvenær sem er, síðar látið samning þennan ná til hvaða annars landsvæðis sem tilgreint er í yfirlýsingunni. Samningurinn tekur gildi gagnvart slíku landsvæði fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjóra berst slík yfirlýsing.
3. Sérhverja yfirlýsingu, sem gefin er samkvæmt tveimur undanfarandi töluliðum, má afturkalla fyrir hvert það landsvæði, sem þar er tilgreint, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans. Afturköllun tekur gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjóra berst slík tilkynning.

21. gr.

Enga fyrirvara má gera við ákvæði samnings þessa.

22. gr.

1. Sérhver aðili getur, hvenær sem er, sagt upp samningi þessum með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.
2. Slík uppsögn tekur gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru tólf mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjóra berst tilkynningin.

23. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins um:

a. Sérhverja undirritun,
b. afhendingu sérhvers fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals,
c. sérhvern gildistökudag samnings þessa skv. 19. og 20. gr.,
d. sérhvern annan gerning, tilkynningu eða orðsendingu sem samning þennan varðar, nema hvað snertir gerninga skv. 8. og 10. gr.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Strassborg 26. nóvember 1987 á ensku og frönsku í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins og eru báðir textarnir jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til allra aðildarríkja Evrópuráðsins.

Viðauki.
Forréttindi og friðhelgi.
(16. gr.)

1. Þegar rætt er um nefndarmenn í viðauka þessum er einnig átt við sérfræðinga þá sem í 2. tölul. 7. gr. getur.
2. Er nefndarmenn rækja störf sín og meðan þeir ferðast vegna starfa sinna njóta þeir eftirtalinna forréttinda og friðhelgi:
   a. Friðhelgi að því er varðar handtöku og kyrrsetningu og hald á einkafarangri þeirra, svo og að því er varðar hvers kyns lögsókn vegna allra athafna þeirra í starfi, þar á meðal vegna ummæla í ræðu eða riti,
   b. undanþágu frá öllum hömlum á ferðafrelsi við brottför frá búsetulandi sínu og við endurkomu þangað og þegar komið er til og farið frá landi því þar sem þeir rækja störf sín; og frá skráningu útlendinga í landi þar sem komið er í vitjun eða landi sem þeir fara um vegna starfa sinna.
3. Er nefndarmenn ferðast vegna starfa sinna skal þeim hvað varðar tollgæslu og gjaldeyriseftirlit veitt
   a. af hálfu stjórnvalda lands síns sama aðstaða og veitt er háttsettum embættismönnum sem ferðast utan lands í tímabundnum opinberum erindum,
   b. af hálfu stjórnvalda annarra aðila sama aðstaða og veitt er fulltrúum erlendra ríkisstjórna sem gegna tímabundnum opinberum erindum.
4. Skjöl og gögn nefndarinnar eru friðhelg að því leyti sem þau varða störf hennar. Ekki má hefta eða ritskoða opinber bréf eða önnur opinber boðskipti nefndarinnar.
5. Svo að nefndarmönnum sé tryggt óskorað málfrelsi og þeir séu að öllu leyti sjálfstæðir við störf sín skal friðhelgi þeirra að því er varðar lögsókn vegna ummæla í ræðu eða riti og allra athafna þeirra við störf haldast eftir að þeir láta af störfum.
6. Forréttindi og friðhelgi eru veitt nefndarmönnum til að vernda sjálfstæði þeirra við störf, en ekki vegna þeirra sjálfra. Eingöngu nefndin er til þess bær að afsala nefndarmönnum friðhelgi þeirra og hún hefur ekki einungis rétt til þess, heldur er henni skylt að afsala nefndarmanni friðhelgi hans hvenær sem hún telur að friðhelgin hefti réttan gang máls og þar sem unnt er að afsala friðhelgi án þess að skaða tilgang hennar.

Nd. 357. Frumvarp til laga [241. mál]

um kyrrsetningu, lögbann o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Samkvæmt því sem mælt er fyrir í lögum þessum má til bráðabirgða kyrrsetja fjármuni, taka fjármuni í löggeymslu eða leggja lögbann við athöfn.

2. gr.

Sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra fara með kyrrsetningar-, löggeymslu- og lögbannsgerðir.

Um hæfi sýslumanna og fulltrúa þeirra til að fara með gerðir samkvæmt lögum þessum fer eftir reglum laga um hæfi dómara til að fara með einkamál í héraði, eftir því sem við getur átt. Ekki veldur það þó vanhæfi sýslumanns að hann annist innheimtu kröfu ef krafist er kyrrsetningar eða löggeymslu fyrir henni.

Ef sýslumaður er vanhæfur til að fara með gerð samkvæmt lögum þessum setur dómsmálaráðherra annan löghæfan mann til að vinna verkið. Þóknun hans greiðist samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra úr ríkissjóði.

3. gr.

Að því leyti, sem fyrirmæli laga þessara heimila að ágreiningur um gerð verði borinn undir héraðsdómstól, án þess að um mál sé að ræða til staðfestingar gerðinni, á úrlausn hans undir héraðsdómstólinn sem hefur dómsvald í umdæmi þess sýslumanns sem fer með gerðina.

4. gr.

Sýslumaður færir gerðabók um þær gerðir sem lög þessi taka til, en um form hennar fer eftir reglum sem dómsmálaráðherra setur.

Um framlagningu gagna við gerðina og varðveislu þeirra, efni bókunar sýslumanns um hana í gerðabók og undirritun og viðurvist votts við hana skal farið eftir fyrirmælum 32. gr., 2. og 3. mgr. 33. gr., 34. gr. og 1. mgr. 51. gr. laga um aðför.

II. KAFLI

Kyrrsetning.

5. gr.

Kyrrsetja má eignir skuldara til tryggingar fullnustu lögvarinnar kröfu um greiðslu peninga ef henni verður ekki þegar fullnægt með aðför og sennilegt má telja, ef kyrrsetning fer ekki fram, að draga muni mjög úr líkindum til að fullnusta hennar takist eða að fullnusta verði verulega örðugri.

Ekki er það skilyrði kyrrsetningar að gerðarbeiðandi leiði sönnur að réttmæti kröfu sinnar, en synja skal um kyrrsetningu ef ætla verður af fyrirliggjandi gögnum að hann eigi ekki þau réttindi sem hann hyggst tryggja.

6. gr.

Kyrrsetningarbeiðni skal vera skrifleg. Í henni skal eftirfarandi koma fram svo skýrt sem verða má:

1. hver sé gerðarbeiðandi og hver gerðarþoli, ásamt kennitölum þeirra og upplýsingum um heimilisföng þeirra eða dvalarstaði.
2. hver sú fjárhæð sé, sem kyrrsetningar er krafist fyrir, og hvernig hún sundurliðist.
3. á hverju gerðarbeiðandi byggi heimild sína til kyrrsetningar.

Þau gögn skulu fylgja kyrrsetningarbeiðni sem kröfur gerðarbeiðanda styðjast við.

7. gr.

Að jafnaði skal kyrrsetningarbeiðni beint til sýslumanns í því umdæmi þar sem gerðarþoli á heimilisvarnarþing. Heimilt er þó einnig að beina kyrrsetningarbeiðni til sýslumanns í einhverju því umdæmi sem hér segir:

1. þar sem rökstudd ástæða er til að ætla að gerðarþoli muni hittast fyrir þegar til framkvæmdar gerðarinnar kemur.
2. þar sem gerðarþoli rekur atvinnustarfsemi ef krafa gerðarbeiðanda á rætur að rekja til hennar. Fari atvinnustarfsemi gerðarþola fram í fleiri umdæmum en einu skal að jafnaði beiðst kyrrsetningar þar sem aðalstöðvar hennar eru, nema krafa gerðarbeiðanda eigi rætur að rekja til starfseminnar á öðrum stað og gerðarbeiðandi kjósi þann stað fremur.
3. þar sem eignir gerðarþola er að finna ef hann á ekki skráð heimili hér á landi.

Ef kyrrsetningarbeiðni er beint til sýslumanns í öðru umdæmi en þar sem gerðarþoli á heimilisvarnarþing skal ástæðu þess getið í beiðninni.

8. gr.

Þegar kyrrsetningarbeiðni hefur borist sýslumanni kannar hann hvort hún sé í lögmæltu horfi og hvort hún hafi komið fram í réttu umdæmi. Ef svo er getur sýslumaður ekki synjað um kyrrsetningu af sjálfsdáðum, nema hann telji bersýnilegt að skilyrðum 5. gr. sé ekki fullnægt.

Ef einhverjir þeir annmarkar eru á málstað gerðarbeiðanda sem í 1. mgr. getur endursendir sýslumaður honum kyrrsetningarbeiðnina og fylgigögn hennar ásamt stuttum rökstuðningi fyrir ákvörðun sinni.

Áður en frekari aðgerðir fara fram vegna kyrrsetningarbeiðni er sýslumanni rétt að setja það skilyrði að gerðarbeiðandi setji tiltekna tryggingu til bráðabirgða eftir ákvörðun hans fyrir greiðslu bóta sem gerðarþoli kynni að öðlast rétt til vegna beiðninnar eða meðferðar hennar, nema líklegt sé þá þegar að tryggingar verði ekki þörf vegna fyrirmæla 3. mgr. 16. gr. Sýslumaður skal, ef með þarf, tilkynna gerðarbeiðanda með sannanlegum hætti ákvörðun sína um að tryggingu þurfi að setja og getur hann þá veitt gerðarbeiðanda tiltekinn frest til þess, að því viðlögðu að beiðni hans skoðist annars fallin niður.

Um aðrar upphafsaðgerðir kyrrsetningargerðar, þann stað sem gerð má byrja og ljúka og viðurvist málsaðila eða málsvara þeirra við hana skal farið eftir fyrirmælum 20.–24. og 35. gr. laga um aðför.

9. gr.

Í upphafi gerðar skal sýslumaður kynna gerðarþola eða málsvara hans málavexti og fyrirliggjandi gögn og skal hann inntur álits á þeirri kröfu sem kyrrsetningu er ætlað að tryggja. Ber sýslumanni í þeim efnum sem endranær við framkvæmd gerðarinnar að veita gerðarþola eða málsvara hans nauðsynlegar leiðbeiningar um réttarstöðu hans við gerðina og um efni kröfu gerðarbeiðanda, á sama hátt og dómara í einkamáli ber að leiðbeina ólöglærðum málsaðila. Komi ekki fram athugasemdir af hálfu gerðarþola sem sýslumaður telur varða stöðvun á framgangi gerðarinnar eftir ákvæðum 13. gr. leiðbeinir hann gerðarþola eða málsvara hans um að varna megi kyrrsetningu með greiðslu eða tryggingu, sbr. 10. gr., en sinni gerðarþoli eða málsvari hans því ekki skal gerðinni fram haldið eftir því sem hér á eftir segir.

10. gr.

Heimilt er gerðarþola að afstýra kyrrsetningu ef hann setur þegar í stað nægilega tryggingu fyrir greiðslu kröfu gerðarbeiðanda, að meðtöldum vöxtum til áætlaðs greiðsludags, málskostnaði og áföllnum kostnaði af gerðinni. Um form tryggingar gilda ákvæði 4. mgr. 16. gr., eftir því sem við getur átt, nema gerðarbeiðandi samþykki annað, en leiki vafi á verðgildi hennar skal hún metin með sama hætti og eignir yrðu annars metnar til kyrrsetningar. Með sama hætti skal að einhverju leyti eða öllu fella niður kyrrsetningu sem þegar hefur átt sér stað ef gerðarþoli býður síðar fram nægilega tryggingu fyrir kröfum gerðarbeiðanda.

Sýslumaður varðveitir skilríki fyrir tryggingu gerðarþola eða hana sjálfa ef því er að skipta, en afhenda skal hann þau eða hana hlutaðeiganda þegar af einhverju eftirtalinna atvika verður:

1. að krafan falli niður sem tryggð er.
2. að gerðarbeiðandi höfði ekki mál til staðfestingar tryggingunni eða sátt er ekki gerð um málefnið samkvæmt ákvæðum VI. kafla.
3. að gerðarþoli sé sýknaður í dómsmáli af kröfu gerðarbeiðanda um staðfestingu tryggingarinnar.
4. að dómur gangi um lausn tryggingarinnar.
5. að gerðarbeiðandi öðlist rétt til umráða tryggingarinnar á grundvelli fjárnáms fyrir kröfu sinni.
6. að annar hvor málsaðila lýsi yfir fyrir sýslumanni að hann samþykki að hinn fái umráð tryggingarinnar.

11. gr.

Gerðarþola eða málsvara hans er skylt að segja satt og rétt frá öllu sem sýslumaður krefur hann svara um við framkvæmd gerðarinnar og máli skiptir um framgang hennar. Heimilt er sýslumanni að neyta úrræða 29.–31. gr. laga um aðför við gerðina, ef gerðarbeiðandi krefst, með sömu skilyrðum og þar greinir.

12. gr.

Frestir skulu að jafnaði ekki veittir meðan á kyrrsetningargerð stendur, nema málsaðilar séu á það sáttir.

Ef gerðarþoli eða sá sem málstað hans tekur við gerðina krefst að henni verði frestað, en gerðarbeiðandi fellst ekki á þá kröfu, skal sýslumaður ákveða þegar í stað hvort hann heldur gerðinni áfram eða hvort henni verði frestað til tiltekins tíma. Að öðru jöfnu skal ekki fresta gerðinni gegn andmælum gerðarbeiðanda, nema tryggt megi telja að gerðarþoli hafist ekkert það að sem spillt gæti rétti gerðarbeiðanda.

13. gr.

Ef gerðarþoli eða sá sem málstað hans tekur mótmælir réttmæti kröfu gerðarbeiðanda rétti hans til að gerðin fari fram eða hún fari fram með þeim hætti, sem gerðarbeiðandi krefst, skal sýslumaður að kröfu gerðarbeiðanda ákveða þegar í stað hvort gerðin fari fram eða hvort henni verði fram haldið og eftir atvikum með hverjum hætti. Gegn andmælum gerðarbeiðanda skal sýslumaður að jafnaði ekki stöðva framgang gerðarinnar vegna mótmæla gerðarþola, nema þau varði atriði sem sýslumanni ber að gæta af sjálfsdáðum eða sýslumaður telur þau af öðrum sökum valda því, að óvíst sé að skilyrði séu fyrir að gerðin nái fram að ganga eða að hún fari þannig fram sem gerðarbeiðandi krefst.

Ákveði sýslumaður vegna mótmæla gerðarþola eða málsvara hans að stöðva framgang gerðar að nokkru leyti en ekki öllu er gerðarbeiðanda rétt að krefjast þess að gerðinni verði þegar fram haldið að því leyti sem sýslumaður hefur ákveðið, þótt hann beri enn fremur synjun sýslumanns undir héraðsdómara samkvæmt fyrirmælum V. kafla.

14. gr.

Ef gerðin gæti ranglega skert rétt þriðja manns er honum heimilt að afstýra gerðinni með sama hætti og segir í 10. gr. eða að krefjast frestunar hennar eða mótmæla framgangi hennar að því leyti sem hún varðar rétt hans. Farið skal með slíkar kröfur eða slík mótmæli eins og um væri að ræða kröfur eða mótmæli gerðarþola skv. 12. eða 13. gr.

15. gr.

Um þær eignir, sem kyrrsettar verða, virðingu þeirra og rétt málsaðila til að vísa á þær og um heimildir til að ljúka kyrrsetningargerð án árangurs, gilda ákvæði 36.–50. gr., 2. mgr. 51. gr., 62. og 63. gr. laga um aðför.

16. gr.

Þótt sýslumaður hafi ekki krafið gerðarbeiðanda um tryggingu til bráðabirgða skv. 3. mgr. 8. gr. má hann með sama hætti og sömu afleiðingum og þar greinir setja að skilyrði fyrir frekari framkvæmd gerðar að slík eða aukin trygging verði sett hvenær sem er meðan á gerðinni stendur.

Þegar vísað hefur verið á eignir til kyrrsetningar fyrir kröfu gerðarbeiðanda eða fram er komin trygging af hendi gerðarþola skv. 10. gr. skal sýslumaður taka endanlega ákvörðun um þá tryggingu sem gerðarbeiðanda kann að verða gert að setja fyrir kyrrsetningu. Við þá ákvörðun er sýslumaður óbundinn af ákvörðun sinni um tryggingu til bráðabirgða. Setji gerðarbeiðandi ekki fullnægjandi tryggingu innan frests sem sýslumaður ákveður skal gerðin felld niður.

Heimilt er sýslumanni að kröfu gerðarbeiðanda að ljúka kyrrsetningargerð án tryggingar úr hendi hans ef einhverju eftirtalinna skilyrða er fullnægt:

1. að krafist sé kyrrsetningar fyrir kröfu samkvæmt skuldabréfi, víxli eða tékka hafi gerðarþoli ekki haft uppi mótmæli við gerðina gegn kröfunni sem komið verður að í dómsmáli um hana.
2. að gerðarþoli hafi afsalað sér tryggingu fyrir sýslumanni.
3. að gerðarþoli hafi viðurkennt réttmæti kröfunnar fyrir sýslumanni eða dómi og að skilyrði séu til kyrrsetningar fyrir henni.
4. að dómsúrlausn hafi gengið um kröfu gerðarbeiðanda, en aðfararfresti er ólokið.
5. að krafa gerðarbeiðanda sé annars með þeim hætti að sýslumaður telji réttmæti hennar og gerðarinnar tvímælalaust í ljósi atvika.

Ef tryggingu þarf að setja og aðilar lýsa sig ekki sammála um annað skal hún að jafnaði vera í formi peninga, en annars í sambærilegu formi, þannig að greiðslu megi fá í skjóli hennar án fullnustugerða. Sýslumanni er rétt að hafna tryggingu ef telja verður form hennar óviðunandi eða vafa leika á um verðmæti hennar.

Við ákvörðun um fjárhæð tryggingar skal sýslumaður einkum hafa hliðsjón af því að hverju marki kyrrsetning kunni að hefta athafnir gerðarþola honum til tjóns, hvort líklegt megi telja að gerðin eða beiðnin um hana spilli lánstrausti hans eða viðskiptahagsmunum og hvort hann hafi haft uppi athugasemdir um réttmæti kröfu gerðarbeiðanda og gerðarinnar. Skal einnig tekið tillit til kostnaðar sem gerðarþoli kynni síðar að hafa af rekstri dómsmála í tengslum við gerðina.

17. gr.

Sýslumaður varðveitir skilríki fyrir tryggingu af hendi gerðarbeiðanda eða hana sjálfa ef því er að skipta, en þeim eða henni skal skila gerðarbeiðanda að fullnægðu einhverju eftirtalinna skilyrða:

1. að kyrrsetning hafi verið staðfest með dómi eða sátt verið gerð um gildi hennar sem fullnægja má með aðför.

2. að gerðarþoli höfði ekki mál til heimtu bóta innan frests skv. 43. gr.
3. að gerðarbeiðandi sé sýknaður í dómsmáli af bótakröfu gerðarþola.
4. að gerðarþoli lýsi yfir fyrir sýslumanni að hann samþykki að tryggingunni verði skilað.

Ef sýslumaður hefur krafið gerðarbeiðanda um hærri tryggingu til bráðabirgða en hann ákveður að endingu skal því skilað sem umfram er.

18. gr.

Þegar gerðarbeiðandi hefur sett nægilega tryggingu skv. 16. gr. ef hún er áskilin kyrrsetur sýslumaður þær eignir sem vísað hefur verið á við gerðina og lýkur þannig gerðinni. Sýslumaður skal leiðbeina gerðarþola eða þeim sem tekið hefur málstað hans við gerðina um réttaráhrif hennar. Hafi enginn verið við gerðina af hálfu gerðarþola skal sýslumaður tilkynna honum um hana og réttaráhrif hennar ef vitað er hvar hann er niður kominn.

19. gr.

Hafi peningar verið kyrrsettir tekur sýslumaður þá til varðveislu á bankareikningi þar til gerðarbeiðandi öðlast rétt til afhendingar þeirra á grundvelli fjárnáms fyrir kröfu sinni eða gerðarþoli hefur verið sýknaður af kröfu gerðarbeiðanda í dómsmáli um hana.

Hafi viðskiptabréf verið kyrrsett eða skuldakrafa tekur sýslumaður bréfið eða skilríki fyrir kröfunni til varðveislu, ef gerðarbeiðandi krefst, fram til þess tíma sem í 1. mgr. getur. Berist sýslumanni greiðsla slíkrar kröfu skal hún varðveitt með sama hætti og kyrrsettir peningar. Heimilt er sýslumanni að kröfu gerðarbeiðanda og á kostnað hans að fela öðrum manni innheimtu kyrrsettrar kröfu.

Aðrar kyrrsettar eignir en þær sem ákvæði 1. og 2. mgr. taka til skulu framvegis vera í vörslum gerðarþola eða annarra sem hann hefur falið þær. Þó getur sýslumaður að kröfu gerðarbeiðanda tekið slíka eign úr umráðum gerðarþola eða annars vörslumanns og annast hana sjálfur á kostnað gerðarbeiðanda eða falið hana öðrum manni þann tíma sem í 1. mgr. segir ef hagsmunir gerðarbeiðanda verða taldir í brýnni hættu að óbreyttum umráðum, enda standi réttur þriðja manns þeirri ráðstöfun ekki í vegi. Ber sýslumanni að krefja gerðarbeiðanda um sérstaka tryggingu við slíka umráðatöku vegna spjalla eða afnotamissis gerðarþola og kostnaðar af varðveislu eignarinnar. Fyrirmæli 3. mgr. 16. gr. eiga ekki við um slíka tryggingu.

20. gr.

Óheimilt er gerðarþola eða öðrum eiganda kyrrsettrar eignar að ráðstafa henni með samningi þannig að í bága fari við rétt gerðarbeiðanda, enda er gerðarbeiðandi ekki bundinn gagnvart þriðja manni af slíkri ráðstöfun.

Þrátt fyrir fyrirmæli 1. mgr. vinnur grandlaus þriðji maður rétt yfir fasteign eða skrásettu skráningarskyldu skipi, hafi kyrrsetningu ekki verið þinglýst, og yfir viðskiptabréfi, hafi það ekki verið áritað um kyrrsetningu. Þá losnar skuldari undan kröfu, sem kyrrsett hefur verið, hafi hann greitt gerðarþola kröfuna, afborgun af henni eða vexti, ef honum hefur ekki verið tilkynnt um gerðina eða mátt vera kunnugt um hana af öðrum sökum eða viðskiptabréf, sem krafan styðst við, hefur ekki verið áritað um kyrrsetninguna. Þriðja manni, sem varðveitir kyrrsetta eign, er og rétt að afhenda hana gerðarþola hafi honum ekki verið tilkynnt um kyrrsetningu og hann er grandlaus um hana.

Óheimilt er gerðarþola að nýta eða fara með kyrrsetta eign, sem hann heldur umráðum yfir, á nokkurn hátt sem farið gæti í bága við rétt gerðarbeiðanda. Gerðarþola er þó heimilt að nýta fylgifé fasteignar, skips eða loftfars sem kyrrsett hefur verið með slíkri eign, að því leyti sem nauðsynlegt er til eðlilegra nota hennar.

21. gr.

Kyrrsetning víkur fyrir fjárnámi í kyrrsettri eign.

Kyrrsetning fellur niður ef nauðasamningur milli gerðarþola og lánardrottna hans hlýtur staðfestingu, ef bú gerðarþola er tekið til gjaldþrotaskipta eða ef dánarbú gerðarþola er tekið til skipta án ábyrgðar erfingja á skuldbindingum þess.

22. gr.

Gerðin skal tekin upp á ný ef allir málsaðilar eru á það sáttir eða til skila á tryggingu samkvæmt fyrirmælum 2. mgr. 10. gr. eða 17. gr.

Eftir kröfu gerðarbeiðanda verður gerð endurupptekin:

1. ef hann telur nauðsyn bera til umráðasviptingar samkvæmt ákvæðum 2. eða 3. mgr. 19. gr.
2. ef hann vill að einhverju leyti eða öllu falla frá réttindum sínum samkvæmt gerðinni.
3. ef hann krefst að kyrrsettar eignir verði skrásettar með nánara hætti en í upphafi var gert.
4. ef kyrrsetningargerð var áður lokið án árangurs að einhverju leyti eða öllu og hann telur unnt að vísa á eignir til kyrrsetningar.

Eftir kröfu gerðarþola verður gerð endurupptekin:

1. ef hann hefur ekki verið staddur við gerðina og eign hefur verið kyrrsett sem heimild brast til eða mátti undanþiggja.
2. til að setja tryggingu til að fá gerð, sem þegar hefur farið fram, fellda niður að einhverju leyti eða öllu.
3. ef krafa gerðarbeiðanda er fallin niður, gerðarþoli hefur verið sýknaður í dómsmáli af kröfu gerðarbeiðanda eða staðfestingarmál hefur ekki verið höfðað innan frests skv. 36.–38. gr., enda þyki gerðarþoli hafa hagsmuni af að gerðin verði endurupptekin af þeim sökum.
4. ef gerðarbeiðandi heldur ekki fram dómsmáli til staðfestingar gerðinni með eðlilegum hraða.

Þriðja manni, sem telur gerðina fara í bága við rétt sinn, er heimilt að krefjast endurupptöku hennar hafi hann ekki átt þess kost að koma fram mótmælum gegn henni meðan á gerðinni stóð.

Beiðni um endurupptöku skal beint til þess sýslumanns sem lauk gerðinni, en farið skal með hana eftir þeim reglum sem almennt gilda um framkvæmd gerðar, eftir því sem við getur átt. Sýslumaður er óbundinn af fyrri ákvörðunum sínum að því leyti, sem þær geta komið til endurskoðunar við endurupptöku.

III. KAFLI

Löggeymsla.

23. gr.

Taka má eignir skuldara í löggeymslu til tryggingar kröfu um greiðslu peninga samkvæmt dómi eða úrskurði sem skotið hefur verið til æðra dóms ef annars hefði þegar mátt fullnægja kröfunni með aðför.

Ákvæði 6.–20. og 22. gr. gilda um löggeymslu eftir því sem við getur átt, sbr. þó 3. og 4. mgr.

Sá sem löggeymslu krefst verður ekki krafinn um tryggingu vegna beiðni sinnar eða gerðarinnar.

Löggeymsla gengur fyrir fjárnámi sem síðar er gert í sömu eign.

Mál skal ekki höfðað til staðfestingar löggeymslugerð, en heimilt er að bera ágreining um hana undir héraðsdóm eftir reglum XV. kafla laga um aðför.

IV. KAFLI

Lögbann.

24. gr.

Lögbann má leggja við byrjaðri eða yfirvofandi athöfn einstaklings eða fyrirsvarsmanns félags eða stofnunar ef gerðarbeiðandi sannar eða gerir sennilegt að athöfnin brjóti eða muni brjóta gegn lögvörðum rétti hans, að gerðarþoli hafi þegar hafist handa um athöfnina eða muni gera það og að réttindi hans muni fara forgörðum eða verða fyrir teljandi spjöllum verði hann knúinn til að bíða dóms um þau.

Lögbann verður ekki lagt við stjórnarathöfn þess sem fer með framkvæmdarvald ríkis eða sveitarfélags.

Lögbann verður ekki lagt við athöfn:

1. ef talið verður að réttarreglur um refsingu eða skaðabætur fyrir röskun hagsmuna gerðarbeiðanda tryggi þá nægilega.
2. ef sýnt þykir að stórfelldur munur sé á hagsmunum gerðarþola af því að athöfn fari fram og hagsmunum gerðarbeiðanda af að fyrirbyggja hana, enda setji gerðarþoli eftir atvikum tryggingu fyrir því tjóni sem athöfnin kann að baka gerðarbeiðanda.

25. gr.

Við lögbannsgerð má sýslumaður eftir kröfu gerðarbeiðanda leggja fyrir gerðarþola að leysa af hendi tiltekna athöfn ef hún er þess eðlis að annar maður gæti þá þegar leyst hana af hendi í hans stað og sýnt þykir að hún sé nauðsynleg til að tryggja að gerðarþoli hlíti lögbanninu. Fari gerðarþoli ekki að fyrirmælum sýslumanns getur hann falið öðrum manni að framkvæma athöfnina á kostnað gerðarbeiðanda eða leyst hana af hendi sjálfur.

Við lögbannsgerð getur sýslumaður eftir kröfu gerðarbeiðanda tekið muni úr vörslum gerðarþola og varðveitt þá á kostnað gerðarbeiðanda, uns dómur eða sátt kveður á um réttindi málsaðila, hafi munirnir verið nýttir eða bersýnilega verið ætlaðir til nota við þá athöfn sem lögbann er lagt við, enda þyki sýnt að brýn hætta sé á að gerðarþoli muni nýta þá til að brjóta lögbannið ef hann heldur vörslum þeirra.

26. gr.

Beiðni um lögbann skal annaðhvort beint til sýslumanns í því umdæmi sem gerðarþoli á heimilisvarnarþing eða í því umdæmi þar sem athöfn, sem lögbanns er beiðst við, fer eða mun fara fram. Í beiðninni, sem skal vera skrifleg, skal eftirfarandi koma fram svo skýrt sem verða má:

1. hver gerðarbeiðandi sé og gerðarþoli, ásamt kennitölum þeirra og upplýsingum um heimilisföng þeirra eða dvalarstaði.
2. hver sú athöfn sé, sem lögbanns er krafist við.
3. rökstuðningur gerðarbeiðanda fyrir því að hann telji skilyrðum 24. gr. fullnægt.

Þau gögn skulu fylgja lögbannsbeiðni sem gerðarbeiðandi byggir kröfur sínar á.

Um upphafsaðgerðir sýslumanns að fram kominni lögbannsbeiðni skal farið eftir fyrirmælum 8. gr., eftir því sem við getur átt. Þó má lögbannsgerð byrja á þeim stað þar sem athöfnin, sem hún beinist að, fer eða mun fyrirsjáanlega fara fram.

27. gr.

Með sama hætti og mælt er fyrir um í 9. gr. skal sýslumaður í upphafi lögbannsgerðar kynna gerðarþola eða málsvara hans kröfur gerðarbeiðanda og veita honum leiðbeiningar. Komi ekki fram athugasemdir af hálfu gerðarþola sem sýslumaður telur varða stöðvun á framgangi lögbannsgerðar, sbr. 3. mgr. 29. gr., skorar hann á gerðarþola að láta af þeirri

athöfn sem lögbanns er krafist við. Verði gerðarþoli eða málsvari hans ekki við þeirri áskorun skal gerðinni fram haldið, eftir því sem hér á eftir segir.

Ákvæði 11. gr. og 1. mgr. 16. gr. taka til lögbannsgerða.

28. gr.

Nú býður gerðarþoli eða málsvari hans fram tryggingu til að afstýra lögbanni skv. 2. tölul. 3. mgr. 24. gr. og skal þá sýslumaður inna gerðarbeiðanda álits á því boði. Samþykki gerðarbeiðandi þau málalok eða fallist sýslumaður að öðrum kosti á kröfu gerðarþola skal sýslumaður þegar ákveða fjárhæð tryggingarinnar, form hennar og frest handa gerðarþola til að setja hana ef því er að skipta. Ef sérstaklega stendur á getur gerðarþoli með sama hætti óskað eftir að niður verði fellt lögbann sem þegar hefur verið lagt á.

Um form tryggingar skv. 1. mgr. skal farið eftir fyrirmælum 4. mgr. 16. gr.

Beita má ákvæðum 2. mgr. 29. gr. ef gerðarþola er veittur frestur til að setja tryggingu. Ef trygging er ekki sett innan frestsins skal gerðinni þegar fram haldið að honum loknum er gerðarbeiðandi krefst.

Um varðveislu og skil á tryggingu skv. 1. mgr. gilda ákvæði 2. mgr. 10. gr.

29. gr.

Frestir skulu að jafnaði ekki veittir meðan á lögbannsgerð stendur, nema málsaðilar séu á það sáttir.

Taki sýslumaður til greina kröfu gerðarþola um frestun gerðarinnar gegn andmælum gerðarbeiðanda getur hann að kröfu gerðarbeiðanda sett það skilyrði fyrir fresti að gerðarþoli láti af athöfn sinni meðan á fresti stendur.

Rísi annar ágreiningur við framkvæmd lögbannsgerðar eða hafi þriðji maður uppi kröfur við hana skal farið eftir fyrirmælum 13. og 14. gr.

30. gr.

Þegar sýslumaður hefur ákveðið að lögbann verði að einhverju leyti eða öllu lagt við athöfn skal hann taka endanlega ákvörðun um þá tryggingu sem gerðarbeiðanda kann að verða gert að setja fyrir lögbanni og er hann þá óbundinn af fyrri ákvörðun sinni um tryggingu til bráðabirgða. Setji gerðarbeiðandi ekki fullnægjandi tryggingu innan frests sem sýslumaður ákveður skal gerðin felld niður.

Heimilt er sýslumanni samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda að leggja á lögbann án tryggingar af hans hendi ef svo stendur á sem í 2., 3. eða 5. tölul. 3. mgr. 16. gr. segir.

Um form lögbannstryggingar gilda ákvæði 4. mgr. 16. gr.

Við ákvörðun um fjárhæð lögbannstryggingar skal sýslumaður einkum hafa hliðsjón af því, hverju beinu og afleiddu tjóni og hverjum miska gerðarþoli kunni að verða fyrir af stöðvun athafna sinna, hvort gerðarþoli hafi haft uppi athugasemdir um réttmæti kröfu gerðarbeiðanda og gerðarinnar og hvern kostnað gerðarþoli kynni síðar að hafa af rekstri dómsmála í tengslum við gerðina. Hafi gerðarbeiðandi krafist að munir verði teknir úr umráðum gerðarþola skv. 2. mgr. 25. gr., skal áskilin sérstök trygging sem ákvörðuð verður eftir fyrirmælum 3. mgr. 19. gr.

Um varðveislu og skil lögbannstryggingar skal farið eftir ákvæðum 17. gr.

31. gr.

Þegar gerðarbeiðandi hefur sett nægilega tryggingu skv. 30. gr. ef hún er áskilin leggur sýslumaður lögbann við þeirri athöfn sem um ræðir og gerir eftir atvikum aðrar ráðstafanir, sbr. 25. gr., og lýkur þar með gerðinni. Skal bókað svo skýrlega sem verða má í gerðabók hver

sú athöfn er sem lögbann er lagt við. Um leiðbeiningar af hendi sýslumanns og tilkynningar skal farið eftir ákvæðum 18. gr.

Taka má upp lögbannsgerð þegar svo stendur á sem í 1. mgr., 2. tölul. 2. mgr., 2.–4. tölul. 3. mgr. og 4. mgr. 22. gr. segir. Við endurupptöku skal farið eftir 5. mgr. 22. gr., eftir því sem við getur átt.

32. gr.

Skylt er sýslumanni að kröfu gerðarbeiðanda að gera ráðstafanir til að halda uppi lögbanni. Ber lögreglumönnum að veita aðstoð í þeim efnum eftir ákvörðun sýslumanns.

Brjóti gerðarþoli af ásetningi eða stórfelldu gáleysi lögbann má dæma hann í máli, sem gerðarbeiðandi höfðar, til greiðslu sektar, sem renni í ríkissjóð, eða í varðhald. Hið sama á við um aðra menn sem vísvitandi liðsinna gerðarþola í broti á lögbanni.

Brjóti gerðarþoli eða einhver á hans vegum lögbann af ásetningi eða gáleysi ber þeim að bæta gerðarbeiðanda það tjón sem brotið bakar honum. Sækja má bótakröfu í refsimáli skv. 2. mgr.

Fresta má refsi- eða bótamáli vegna brots á lögbanni þar til dómur hefur gengið í máli til staðfestingar á lögbanninu.

V. KAFLI

Meðferð mála fyrir héraðsdómi til úrlausnar ágreinings um undirbúning, framkvæmd eða endurupptöku gerðar.

33. gr.

Gerðarbeiðandi getur krafist úrlausnar héraðsdómara um ákvörðun sýslumanns um synjun kyrrsetningar-, löggeymslu- eða lögbannsgerðar, stöðvun gerðar eða synjun kröfu hans um endurupptöku hennar með því að tilkynna það sýslumanni innan viku frá því honum verður sú ákvörðun kunn.

Heimilt er gerðarbeiðanda að krefjast úrlausnar héraðsdómara um aðrar ákvarðanir sem sýslumaður tekur um undirbúning, framkvæmd eða endurupptöku gerðar samkvæmt lögum þessum ef hann hefur þá kröfu uppi við sýslumann áður en lengra er haldið við gerðina.

34. gr.

Meðan gerð samkvæmt lögum þessum er ólokið getur gerðarþoli því aðeins krafist úrlausnar héraðsdómara um ákvarðanir sýslumanns um framkvæmd hennar að gerðarbeiðandi mótmæli því ekki, enda hafi gerðarþoli þá kröfu sína uppi við sýslumann áður en lengra er haldið við gerðina. Gerðarþola er þó ávallt frjálst að hafa kröfur uppi fyrir dómi um atriði sem gerðarbeiðandi krefst úrlausnar um skv. 33. gr.

Gerðarþola er heimilt að krefjast úrlausnar héraðsdómara um synjun sýslumanns á kröfu hans um endurupptöku gerðar ef hann hefur þá kröfu uppi við sýslumann innan viku frá því honum verður synjunin kunn.

Að því leyti, sem þriðji maður getur haft hagsmuni af ákvörðun sýslumanns um gerð samkvæmt lögum þessum, er honum heimilt að krefjast úrlausnar héraðsdómara um hana með sama hætti og gerðarþola.

35. gr.

Ákvæði 86.–91. gr. laga um aðför taka að öðru leyti til mála samkvæmt kafla þessum.

35. gr.

Ákvæði 86.–91. gr. laga um aðför taka að öðru leyti til mála samkvæmt kafla þessum.

Ákvarðanir sýslumanns um kyrrsetningar- eða lögbannsgerð, sem ekki hafa verið bornar undir héraðsdóm samkvæmt framansögðu, verða það ekki síðar nema í máli til staðfestingar gerðinni.

VI. KAFLI

Mál til staðfestingar kyrrsetningu eða lögbanni.

36. gr.

Eftir að kyrrsetningar- eða lögbannsgerð hefur verið lokið skal gerðarbeiðandi fá gefna út réttarstefnu til héraðsdóms til staðfestingar kyrrsetningu eða lögbanni, nema gerðarþoli hafi lýst yfir við gerðina að hann uni við hana án málshöfðunar. Ef mál um kröfu gerðarbeiðanda verður jafnframt sótt á hendur gerðarþola fyrir dómstól hér á landi skal réttarstefna gefin út í staðfestingarmáli innan viku frá lokum gerðar og gilda þá ákvæði 2.–5. mgr.

Hafi mál ekki áður verið höfðað um kröfu gerðarbeiðanda skal í einu lagi höfða mál um hana og til staðfestingar gerðinni.

Hafi mál áður verið höfðað um kröfu gerðarbeiðanda, en dómur hefur ekki gengið um hana í héraði, skal staðfestingarmál sameinað því með endurupptöku þess ef með þarf.

Nú hefur héraðsdómur gengið um kröfu gerðarbeiðanda þegar staðfestingarmál er þingfest og dóminum er eða hefur verið skotið til æðra dóms, og má þá héraðsdómari fresta meðferð staðfestingarmáls uns fengin er úrlausn æðra dóms.

Þegar svo stendur á sem í 2. mgr. segir má sækja mál í þinghá þar sem gerðinni var lokið ef gerðarþoli verður annars sóttur til sakar hér á landi. Staðfestingarmál skv. 3. og 4. mgr. skal sækja í þinghá þar sem mál um kröfu gerðarbeiðanda er eða var rekið.

37. gr.

Ef sækja verður mál um kröfu gerðarbeiðanda fyrir dómstól í öðru ríki skal hann fá útgefna réttarstefnu til staðfestingar kyrrsetningu eða lögbanni innan þriggja vikna frá lokum gerðar í þeirri þinghá sem henni var lokið, nema gerðarþoli lýsi yfir við gerðina að hann uni við hana án málshöfðunar. Hafi mál ekki áður verið höfðað um kröfu gerðarbeiðanda í öðru ríki skal það gert innan sama frests.

Ef dómur um kröfu gerðarbeiðanda, uppkveðinn í öðru ríki, yrði aðfararhæfur hér á landi skal héraðsdómari fresta meðferð staðfestingarmáls uns dómur er genginn um kröfuna.

38. gr.

Fyrirmæli 36. og 37. gr. gilda einnig um staðfestingu tryggingar ef kyrrsetningu eða lögbanni hefur verið afstýrt eða gerðin felld niður með tryggingu úr hendi gerðarþola. Frestur til málshöfðunar telst frá þeim tíma sem sýslumaður tekur við tryggingu eða skilríkjum fyrir henni.

39. gr.

Ef mál er ekki höfðað með þeim hætti sem áskilið er í 36.–38. gr. fellur kyrrsetning eða lögbann sjálfkrafa úr gildi frá þeim tíma sem gerðarbeiðandi mátti í síðasta lagi fá gefna út réttarstefnu í málinu.

Þótt synjað sé um staðfestingu gerðar í héraðsdómi stendur hún í þrjár vikur frá dómsuppsögu. Að loknum þeim fresti fellur gerðin niður, nema gerðarbeiðandi fái áður gefna út stefnu til æðra dóms til að fá héraðsdómi hrundið. Ef æðri dómur staðfestir ákvæði héraðsdóms um synjun um staðfestingu gerðar fellur hún úr gildi frá dómsuppsögu þar.

Ef staðfestingarmál verður ekki þingfest gerðarbeiðanda að vítalausu, því er vísað frá dómi eða það er hafið með samkomulagi málsaðila stendur gerðin í eina viku frá því honum urðu þau málalok kunn. Að loknum þeim fresti fellur gerðin sjálfkrafa úr gildi, nema gerðarbeiðandi hafi áður fengið stefnu gefna út á ný til staðfestingar henni. Aðeins má þó eitt sinn fara þannig að, nema það verði talið gerðarbeiðanda óviðráðanlegt að máli hans hafi lokið á ný með þeim hætti.

40. gr.

Þriðji maður, sem telur rétti sínum hallað í sambandi við kyrrsetningar- eða lögbannsgerð, getur haft uppi kröfur sínar í staðfestingarmáli með meðalgöngu eða sótt þær í sérstöku máli, hvort sem er til niðurfellingar gerðar eða til skaðabóta vegna hennar.

41. gr.

Í máli skv. 36.–38. gr., sbr. 40. gr., má hafa uppi málsvarnir um kröfu gerðarbeiðanda, hvort sem þær eru eldri eða yngri en gerðin og hvort sem þeim var hreyft við framkvæmd hennar eða ekki. Með sama hætti má hafa uppi varnir um gildi gerðarinnar að því leyti sem héraðsdómur hefur ekki leyst úr þeim í máli samkvæmt ákvæðum V. kafla.

Samkvæmt kröfu gerðarþola er héraðsdómara heimilt að ákveða að skipta sakarefni þannig að staðfestingarmál verði fyrst í stað aðeins sótt og varið um atriði sem varða skilyrði eða framkvæmd gerðarinnar sjálfrar.

Heimilt er málsaðilum að ljúka dómsmáli með réttarsátt um staðfestingu kyrrsetningar eða lögbanns.

VII. KAFLI

Skaðabætur vegna kyrrsetningar-, löggeymslu- eða lögbannsgerðar.

42. gr.

Nú fellur kyrrsetning, löggeymsla eða lögbann niður vegna sýknu af þeirri kröfu sem gerðinni var ætlað að tryggja og skal þá gerðarbeiðandi bæta þann miska og það fjártjón, þar á meðal spjöll á lánstrausti og viðskiptahagsmunum sem telja má að gerðin hafi valdið. Heimilt er að dæma skaðabætur eftir álitum ef ljóst þykir að fjárhagslegt tjón hafi orðið, en ekki er unnt að sanna fjárhæð þess.

Ef sýknað er vegna atvika sem fyrst urðu eftir lok gerðar skulu bætur þó aðeins dæmdar ef ætla má að gerðarbeiðandi hafi ekki átt þá kröfu sem gerðin átti að tryggja.

Ef sýknað er að nokkru leyti en ekki öllu af kröfu gerðarbeiðanda og gerðin fellur niður að því marki skal gerðarbeiðandi bæta það tjón sem ætla má að hlotist hafi af því að gerðin hafi verið umfangsmeiri en efni voru til.

Ef synjað er um staðfestingu kyrrsetningar eða lögbanns vegna annmarka á gerðinni sjálfri eða henni hefur ekki verið réttilega haldið til laga samkvæmt fyrirmælum VI. kafla skal gerðarbeiðandi bæta tjón með þeim hætti, sem í 1. mgr. segir ef talið verður að ekki hafi verið tilefni til gerðarinnar. Hið sama á við ef löggeymslugerð er felld úr gildi í máli skv. 5. mgr. 23. gr. vegna annmarka á henni sjálfri.

Fyrirmæli 1.–4. mgr. taka til skaðabóta ef gerðinni hefur verið afstýrt með tryggingu úr hendi gerðarþola.

Hafi krafa gerðarbeiðanda um kyrrsetningu, löggeymslu eða lögbann ekki náð fram að ganga fer um bætur eftir 1.–3. mgr., að því leyti sem beiðni um gerðina eða ráðstafanir vegna hennar hafa valdið tjóni.

43. gr.

Bótakröfu skv. 42. gr. má hafa uppi í staðfestingarmáli til skuldajafnaðar eða sjálfstæðs dóms.

Höfða má sjálfstætt mál til heimtu skaðabóta skv. 42. gr. innan þriggja mánaða frá því þeim sem bóta krefst varð kunnugt um höfnun beiðni um gerðina, um niðurstöðu staðfestingarmáls eða um niðurfellingu gerðar af öðrum sökum. Slíkt mál má höfða í þeirri þinghá sem gerðinni var lokið eða hennar var beiðst.

Kröfu um miskabætur samkvæmt fyrirmælum laga þessara má framselja hafi hún verið dæmd eða viðurkennd. Gengur hún að arfi með sama skilorði, svo og ef mál hefur verið höfðað til heimtu hennar fyrir lát tjónþola.

VIII. KAFLI

Gildistaka, brottfallin lög o.fl.

44. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirfarandi lög og ákvæði laga:

1. Lög um kyrrsetningu og lögbann, nr. 18 22. mars 1949.
2. 3. mgr. 209. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936.
3. 93. gr. laga um vátryggingarsamninga, nr. 20 8. mars 1954.
4. Í 4. málsl. 26. gr. laga um prentrétt, nr. 57 10. apríl 1956, orðin „nr. 18/1949".
5. 5. tölul. 4. mgr. 5. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54 6. apríl 1971.
6. 2. mgr. 15. gr. þinglýsingalaga, nr. 39 10. maí 1978.
7. 2. gr. laga um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana, nr. 12 30. apríl 1981.
8. 2. mgr. 12. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 26 14. apríl 1982.
9. 2. mgr. 39. gr. hafnalaga, nr. 69 28. maí 1984.
10. 2. mgr. 31. gr. laga um viðskiptabanka, nr. 86 4. júlí 1985.
11. 2. mgr. 35. gr. laga um sparisjóði, nr. 87 4. júlí 1985.

45. gr.

Hafi kyrrsetningar-, löggeymslu- eða lögbannsgerð byrjað fyrir gildistöku laga þessara, en er ólokið á því tímamarki, fer um framhald hennar eftir fyrirmælum þessara laga. Á það og við um skilyrði fyrir gerðinni, hvort sem skilyrði hafi verið fyrir henni eða ekki eftir fyrirmælum eldri laga.

46. gr.

Fyrirmæli laga þessara um varðveislu og skil á tryggingu, sem málsaðili setur, skulu frá gildistöku þeirra taka til tryggingar sem sett hefur verið fyrir gerð eftir eldri lögum.

47. gr.

Beitt skal ákvæðum 19. gr. um vörslur eigna og umráðasviptingu þótt gerð hafi farið fram fyrir gildistöku laga þessara.

Fyrirmæli 25. gr. og 1. mgr. 32. gr. gilda um ráðstafanir til að halda uppi lögbanni sem lagt hefur verið á fyrir gildistöku laga þessara.

48. gr.

Um heimildir til endurupptöku gerðar, sem farið hefur fram fyrir 1. júlí 1992, skal farið eftir fyrirmælum eldri laga þótt endurupptöku sé beiðst eftir þann tíma, en um framkvæmd hennar skal farið eftir ákvæðum 5. mgr. 22. gr., eftir því sem við getur átt.

49. gr.

Fyrirmæli 32. gr. um refsingu og skaðabætur vegna brota á lögbanni taka til athafna, sem eiga sér stað eftir gildistöku laga þessara þótt lögbann hafi verið lagt á í gildistíð eldri laga.

50. gr.

Ef ágreiningsmál er rekið fyrir fógetarétti um kyrrsetningu, löggeymslu eða lögbann við gildistöku laga þessara eða ákvörðun hefur verið tekin um rekstur slíks máls fyrir þann tíma skal málið sjálfkrafa sæta áframhaldandi meðferð fyrir þeim héraðsdómi sem tekur við lögsögu í umdæminu. Meðferð slíks máls skal lokið eftir þeim reglum sem giltu fyrir 1. júlí 1992.

Atriði varðandi kyrrsetningar-, löggeymslu- eða lögbannsgerð, sem upp hafa komið fyrir gildistöku laga þessara, verða ekki borin undir héraðsdóm eftir fyrirmælum 5. mgr. 23. gr. eða V. kafla.

51. gr.

Mál til staðfestingar kyrrsetningar- eða lögbannsgerð, sem lokið hefur verið fyrir gildistöku laga þessara, skal höfðað og rekið eftir reglum eldri laga.

52. gr.

Fyrirmæli VII. kafla um skaðabætur taka aðeins til atvika við kyrrsetningar-, löggeymslu- eða lögbannsgerð sem fara eftir fyrirmælum þessara laga. Gilda fyrirmæli eldri laga um bætur vegna gerðar sem farið hefur eftir þeim.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan dómsmálaráðherra. Hefur verið unnið að gerð þess í samráði við réttarfarsnefnd, en jafnframt voru drög að því kynnt laganefnd Lögmannafélags Íslands, stjórn Dómarafélags Íslands og stjórn Sýslumannafélags Íslands og var leitað tillagna þeirra og ábendinga.

Frumvarpinu er einkum ætlað að leysa af hólmi núgildandi lög um kyrrsetningu og lögbann, nr. 18 22. mars 1949. Viðfangsefni frumvarpsins, líkt og núgildandi laga, er fyrst og fremst að kveða á um heimildir til bráðabirgðaverndar réttinda, sem ekki verður þegar fullnægt með aðför, með því að tryggja að óbreytt ástand vari meðan aflað er úrlausnar dómstóla um þau. Samkvæmt frumvarpinu verður þetta einkum gert með tvennu móti eins og núgildandi lög mæla einnig fyrir um. Er annars vegar um að ræða að valdsmanni er með tilteknum skilyrðum heimilað að kyrrsetja eign skuldara samkvæmt kröfu þess, sem á peningakröfu á hendur honum, en tilgangur gerðarinnar er þá að tryggja að viðkomandi eign verði fyrir hendi til að gera fjárnám í, þegar skuldareigandi hefur aflað sér aðfararheimildar fyrir kröfu sinni. Hins vegar er kveðið á um heimildir valdsmanns til að leggja lögbann við byrjaðri eða yfirvofandi athöfn manns, sem brýtur eða brjóta mundi gegn rétti annars, til að tryggja að viðkomandi athöfn fari ekki fram meðan leitað er úrlausnar dómstóla um heimildir til hennar. Þessu til viðbótar er ráðgert í frumvarpinu að taka megi eignir skuldara í löggeymslu til tryggingar kröfu, sem héraðsdómur hefur gengið um, ef þeim dómi er áfrýjað til æðra dóms þannig að ekki geti orðið af aðför fyrir kröfunni. Löggeymslu svipar mjög til kyrrsetningar fyrir peningakröfu því að í báðum tilvikum er um bráðabirgðaráðstöfun að ræða sem á að tryggja tilvist eigna til tryggingar kröfu þar til endanlegur dómur gengur um hana og unnt er að gera aðför fyrir henni eftir almennum reglum. Fyrirmælum frumvarpsins um þetta efni er ætlað að koma í stað reglu um löggeymslu í norskum lögum Kristjáns V. frá 15. apríl 1687, ákvæði I–22–24. Tilgangur þessara þrenns konar gerða er vissulega ólíkur og hið sama má að nokkru segja um skilyrði fyrir þeim. Allt að einu er ýmislegt þeim sammerkt, þannig að til hagræðis horfi að reglur um þær komi fram í einni og sömu löggjöf, auk þess að söguleg hefð er fyrir þeirri skipan bæði hér á landi og í ýmsum nágrannalöndum.

Frumvarp þetta er samið sem þáttur í heildarendurskoðun löggjafar um dómstólaskipan og réttarfar og um meðferð framkvæmdarvalds í héraði. Er það sniðið að þeirri skipan, sem kveðið er á um í lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92 1. júní 1989, og að þeim forsendum sem gengið var út frá við samningu frumvarps að þeim lögum og nánar er lýst í athugasemdum með því.

Frumvarp að núgildandi lögum um kyrrsetningu og lögbann mun á sínum tíma hafa verið samið með hliðsjón af þágildandi lagareglum um sama efni í Danmörku. Á þeim 40 árum, sem lög þessi hafa verið í gildi hér á landi, hefur aðeins verið gerð ein lítils háttar breyting á þeim,

en hún varð með lögum nr. 48/1978 og tengdist setningu þinglýsingalaga, nr. 39/1978. Hefur því ekki áður farið fram nein heildarskoðun á því, hvort efni séu til breytinga á núgildandi lögum þótt á tíðum hafi orðið nokkur slík umræða um afmörkuð atriði þeirra, einkum um skilyrði fyrir kyrrsetningu og lögbanni. Sú endurskoðun, sem á sér stað á núgildandi lögum með frumvarpi þessu, er nauðsynleg þegar vegna breyttra reglna um skipan dómstóla og framkvæmdarvalds í héraði, en um leið hefur verið hugað að því hvort rétt sé að breyta einstökum reglum þeirra í ljósi reynslu undanfarinna áratuga. Varð niðurstaðan að gera tillögur um ýmsar slíkar breytingar, sem nánar er lýst hér á eftir, en við mótun þeirra hefur einnig verið höfð hliðsjón af endurskoðun löggjafar í Danmörku sem leiddi til setningar nýrra reglna um þetta efni með lögum nr. 731/1988 þar í landi.

Meginbreytingin frá núgildandi lögum, sem lögð er til í frumvarpinu, snýr að því hverjum er falið að annast framkvæmd kyrrsetningar-, löggeymslu- og lögbannsgerða, en þetta varðar um leið grundvallaratriði um eðli þessara gerða. Núgildandi lög byggjast á þeirri skipan að dómari framkvæmi þessar gerðir og að þær séu þar með dómsathafnir. Í frumvarpinu er hins vegar gengið út frá að framkvæmdarvaldshafar í héraði, sýslumenn, annist framkvæmd þessara gerða sem þannig verða stjórnsýsluathafnir. Þessi breyting er lögð til í samræmi við skipan dómsvalds og framkvæmdarvalds í héraði samkvæmt áðurnefndum lögum nr. 92/1989, en enn fremur er hér tekið mið af framkvæmd aðfarargerða samkvæmt nýsettum lögum um aðför, nr. 90/1989, enda eru kyrrsetningar-, löggeymslu- og lögbannsgerðir mjög eðlislíkar aðfarargerðum. Sú breyting, sem hér er lögð til í þessum efnum, byggist á sömu röksemdum og viðhorfum og hin breytta skipan aðfarargerða samkvæmt lögum nr. 90/1989. Má því vísa til umfjöllunar um þessi atriði í athugasemdum við frumvarp til laga um aðför á þingskjali 114 á 111. löggjafarþingi 1988–1989. Þessi breytta skipan hefur ein út af fyrir sig í för með sér að óhjákvæmilegt er að gera tillögur um talsverðar breytingar frá núgildandi lögum í frumvarpinu. Ekki eru efni til að víkja nánar að þeim á þessu stigi, enda koma þær eftir þörfum til umfjöllunar hér á eftir þegar gerð verður grein fyrir einstökum ákvæðum frumvarpsins. Áður en komið verður að þeirri greinargerð er hins vegar rétt að geta annarra þeirra meginbreytinga frá núgildandi lögum, sem tillögur eru gerðar um í frumvarpinu, en telja má þessar helstar:

1. Skilyrði fyrir kyrrsetningu fjármuna eru þrengd nokkuð í 5. gr. frumvarpsins frá því sem mælt er fyrir um í 6. gr. núgildandi laga.
2. Lagt er til að afnumin verði ýmis sérákvæði um heimildir til kyrrsetningar fyrir einstökum tegundum krafna, sem bæði má finna dæmi um í lögum nr. 18/1949 og í fyrirmælum annarra laga, þannig að sömu skilyrði kyrrsetningar eigi almennt við um allar peningakröfur, ef frumvarpið verður að lögum.
3. Lagt er til að heimild til kyrrsetningar á manni vegna skuldakröfu, sem bæði er mælt fyrir um í 8. gr. laga nr. 18/1949 og sérákvæðum annarra laga, verði með öllu felld brott. Slík heimild samrýmist tæplega orðið almennum viðhorfum um hverjar ráðstafanir verði taldar eðlilegar til innheimtu eða tryggingar peningakröfu, enda hefur hennar ekki verið neytt nema fáein skipti í gildistíð laga nr. 18/1949, eftir því sem næst verður komist. Afnám þessarar heimildar er enn fremur í samræmi við löggjafarstefnu í næstu nágrannaríkjum.
4. Gert er ráð fyrir mun nánari reglum um tryggingar í tengslum við kyrrsetningar- og lögbannsgerðir en nú er mælt fyrir um, sbr. einkum 10., 16. og 17. gr. frumvarpsins. Má einnig vekja athygli á því að í frumvarpinu eru lagðar til mun ítarlegri reglur en nú gilda um möguleika gerðarþola til að afstýra gerð með peningatryggingu.
5. Í III. kafla frumvarpsins, sem hefur að geyma 23. gr. þess, er kveðið sérstaklega á um löggeymslu, sem fara má fram, fyrir kröfu eftir héraðsdómi eftir að honum hefur verið skotið til æðra dóms. Fyrirmæli 23. gr. frumvarpsins vísa um flest atriði í tengslum við

framkvæmd löggeymslugerðar til ákvæða þess um kyrrsetningu, en um viss atriði er þó vikið frá þeirri samsvörun, svo sem nánar verður vikið að í athugasemdum við 23. gr. hér síðar. Regla 23. gr. frumvarpsins á sem fyrr segir að koma í stað reglna um löggeymslu samkvæmt fyrirmælum norskra laga Kristjáns V. frá 15. apríl 1687, ákvæði I–22–24, en sú regla var afnumin með þetta í huga með 99. gr. laga nr. 90/1989.

6. Í 24. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að heimildir til lögbannsgerðar verði þrengdar talsvert frá því, sem kveðið er á um í 26. gr. núgildandi laga, en tillögum í þeim efnum er nánar lýst í athugasemdum við 24. gr. hér á eftir.
7. Í 25. gr. frumvarpsins er lögð til bein heimild til að skylda gerðarþola við lögbannsgerð til að leysa af hendi afmarkaðar athafnir í því skyni að tryggja að hann hlíti lögbanninu. Þá er í sömu grein gert ráð fyrir heimild til að taka muni úr vörslum gerðarþola sem brýn ástæða er til að ætla að hann muni nýta til að brjóta lögbann. Samsvarandi reglur eru ekki fyrir hendi í núgildandi lögum, en í framkvæmd hefur þótt heimilt að fara áþekkar leiðir í skjóli 30. gr. þeirra.
8. Reglur IV. kafla frumvarpsins um framkvæmd lögbannsgerðar eru til muna ítarlegri en núgildandi lagafyrirmæli, sem vísa svo til alfarið til fyrirmæla laganna um framkvæmd kyrrsetningargerðar að þessu leyti. Sú skipan núgildandi laga hefur ekki tekið nægilegt tillit til sérstaks eðlis lögbannsgerða í samanburði við kyrrsetningargerðir og er þannig leitast við að ráða hér nokkra bót á því.
9. Ákvæði VI. kafla frumvarpsins um dómsmál til staðfestingar kyrrsetningar- eða lögbannsgerð eru að miklu leyti sambærileg við fyrirmæli 20.–23. gr. núgildandi laga um sama efni. Þó er lagt til að komast megi hjá höfðun staðfestingarmáls ef gerðarþoli vill una við gerðina án málshöfðunar, en heimild er ekki fyrir því í núgildandi lögum. Þá er gert ráð fyrir þeirri breytingu að staðfestingarmál verði aðeins höfðað með réttarstefnu, en ekki með utanréttarstefnu sem núverandi reglur heimila jöfnum höndum. Loks má nefna að tekin eru af tvímæli um að ljúka megi staðfestingarmáli með sátt, auk þess að tillögur eru gerðar um sérreglur varðandi höfðun máls til staðfestingar á kyrrsetningar- eða lögbannsgerð, ef mál um réttindi aðilanna á að öðru leyti undir erlendan dómstól.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins kemur fram sú almenna afmörkun á efni þess að til bráðabirgða megi kyrrsetja fjármuni taka fjármuni í löggeymslu eða leggja lögbann við athöfn samkvæmt þeim reglum sem á eftir koma. Upphafsákvæði þetta samsvarar að sínu leyti efni 1. mgr. 1. gr. núgildandi laga og dregur fram það megineinkenni þessara gerða að um bráðabirgðagerðir sé að ræða. Með þessu er skírskotað til að þessum gerðum sé ætlað að tryggja að óbreytt ástand haldist meðan leyst er endanlega úr um réttindi málsaðila í dómsmáli.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra fari með kyrrsetningar-, löggeymslu- og lögbannsgerðir. Í ljósi fyrirmæla laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, felst í þessu að umræddar gerðir verði stjórnvaldsathafnir, ef frumvarpið verður að lögum, í stað þess að teljast til dómsathafna eins og núgildandi lög byggjast á. Er hér sem áður segir um sömu skipan að ræða og gildir um framkvæmd aðfarargerða samkvæmt lögum nr. 90/1989, en í 1. mgr. 4. gr. þeirra er að finna samsvarandi reglu um þær og hér um ræðir.

Ákvæði 2. og 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins um vanhæfi sýslumanns til að fara með gerð og um úrræði í slíkum tilvikum samsvara reglum 2. og 3. mgr. 4. gr. aðfararlaga, nr. 90/1989.

Um 3. gr.

Í V. kafla frumvarpsins er gert ráð fyrir að í vissum tilvikum megi bera ágreiningsatriði um framkvæmd kyrrsetningar-, löggeymslu- eða lögbannsgerðar undir héraðsdómstól, meðan gerðinni er enn ólokið, til að leyst verði úr um lögmæti ákvörðunar sýslumanns um það áður en lengra er haldið. Í 3. gr. frumvarpsins er sú regla lögð til í þessu sambandi að slík mál eigi undir héraðsdómstólinn sem hefur lögsögu í umdæmi hlutaðeigandi sýslumanns. Þessi regla svarar til ákvæða 4. mgr. 4. gr. laga nr. 90/1989 um það hver héraðsdómstóll leysi úr ágreiningi sem rís við framkvæmd aðfarargerðar, að því leyti sem slík málsmeðferð er heimiluð í þeim lögum.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. 4. gr. er kveðið á um að sýslumaður færi gerðabók um þær gerðir, sem frumvarpið tekur til, í því formi, sem dómsmálaráðherra yrði falið að mæla fyrir um í reglugerð. Þessi ákvæði um gerðabækur samsvara reglum 2. mgr. 33. gr. aðfararlaga, nr. 90 1989.

Í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins er vísað til tiltekinna ákvæða aðfararlaga, nr. 90/1989, um ýmis atriði varðandi gögn, sem lögð eru fram við gerðina, bókanir sýslumanna um hana og viðurvist votts við hana. Viðkomandi reglur aðfararlaga, sem ákvæðið vitnar til, fjalla eftir hljóðan sinni um aðstæður við aðfarargerðir, en að teknu tilliti til að reglur frumvarpsins varði annars konar gerðir, eiga hinar fyrrnefndu fyllilega við eftir efni sínu.

Um 5. gr.

Ákvæði þetta er hið fyrsta í II. kafla frumvarpsins, sem geymir reglur þess um kyrrsetningu, og fjallar það um skilyrði fyrir slíkri gerð. Eins og áður var getið í almennum athugasemdum eru lagðar til breytingar á skilyrðum kyrrsetningar með 5. gr. frumvarpsins frá því, sem mælt er fyrir um í 6. gr. núgildandi laga, og er ástæða til að víkja nánar að þeim hér.

Umrædd 6. gr. laga nr. 18/1949 kveður svo á í 1. mgr. að kyrrsetja megi fjármuni skuldunautar til tryggingar fullnustu lögvarinnar kröfu til peninga eða peningaverðmætis, enda sé krafan fallin í gjalddaga, ekki nægilega tryggð og ekki megi tryggja hana með aðför. Í 2. mgr. nefndrar 6. gr. er síðan mælt fyrir um undantekningarheimildir til kyrrsetningar fyrir ógjaldfallinni kröfu. Við samanburð á þeirri reglu við 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins má fyrst nefna að í frumvarpinu er að nokkru lagt til breytt orðalag frá núgildandi ákvæðum, án þess að um efnislegan merkingarmun sé þó að ræða. Af slíku má benda á að í reglu frumvarpsins er mælt fyrir um heimild til að kyrrsetja „eignir skuldara“, en núgildandi ákvæði heimilar að kyrrsetja „fjármuni skuldunauts“, og regla frumvarpsins gerir ráð fyrir því skilyrði kyrrsetningar að kröfu verði „ekki þegar fullnægt með aðför“, en núgildandi ákvæði setur að skilyrði að „eigi megi tryggja hana með aðför“. Tillögur um efnisbreytingar eru hins vegar einkum fólgnar í tveimur atriðum sem nú verður getið nánar.

Annars vegar skal nefnt í þessu sambandi að í 1. mgr. 6. gr. núgildandi laga er kyrrsetning heimiluð til tryggingar fullnustu lögvarinnar kröfu „til peninga eða peningaverðmætis“. Í 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins er á hinn bóginn lagt til að kyrrsetning verði heimiluð til tryggingar fullnustu lögvarinnar kröfu „um greiðslu peninga“. Hér á milli er ekki teljandi munur að öðru leyti en því að með ívitnuðu orðalagi frumvarpsins er leitast við að taka af tvímæli um að kyrrsetning geti ekki farið fram til að tryggja kröfu til „peningaverðmætis“, í þeim skilningi að um kröfu sé að ræða sem gæti eftir aðalefni sínu varðað skyldu til annars en greiðslu peninga. Telja verður þessa breytingu samrýmast ríkjandi skilningi í framkvæmd hér á landi.

Hins vegar er um tillögu að ræða um efnislega breytingu að því leyti að í 1. mgr. 6. gr. núgildandi laga eru þau skilyrði sett fyrir kyrrsetningu að krafa sé fallin í gjalddaga og ekki nægilega tryggð, en í 2. mgr. ákvæðisins er sem fyrr segir heimilað að víkja frá fyrrnefnda

skilyrðinu við tilteknar aðstæður. Í stað þessara skilyrða er lagt til í 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins að heimild til kyrrsetningar verði því háð að fari kyrrsetning ekki fram mundi annaðhvort draga mjög úr líkindum til að fullnusta kröfunnar tækist eða að fullnustan yrði verulega örðugri.

Um þessa síðastnefndu breytingu má almennt segja að henni er ætlað að árétta með gleggri hætti en núgildandi lagafyrirmæli að kyrrsetning eigi ekki að fara fram, nema raunhæfa nauðsyn beri til vegna hagsmuna kröfueiganda. Ef frumvarp þetta verður að lögum má að vísu ætla að skilyrði 1. mgr. 5. gr. þess verði m.a. metin með hliðsjón af sömu atriðum og getið er í 6. gr. núgildandi laga, ekki síst af tilliti til þeirra atvika sem talin eru í 2. mgr. 6. gr. þeirra og heimila kyrrsetningu fyrir ógjaldfallinni kröfu vegna háttsemi skuldarans. Ætlast verður hins vegar til að gengið yrði lengra en núgildandi fyrirmæli ráðgera við mat á nauðsyn kyrrsetningar á grundvelli 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins, enda gefur orðalag ákvæðisins svigrúm til þess. Þessu til frekari skýringa má nefna að með því að núgildandi reglur áskilja aðeins að krafa sé ótryggð og gjaldfallin til að kyrrsetning geti farið fram útiloka þær ekki kyrrsetningu að beiðni eiganda kröfu, sem fullnægir þessum áskilnaði, þótt hún beinist að skuldara sem ekkert tilefni er til að óttast að muni ekki geta greitt kröfuna, að gengnum dómi um greiðsluskyldu sína eða bent á eignir til að tryggja hana við aðför. Á þetta jafnt við um atvinnufyrirtæki og einstaklinga, svo ekki sé nefnt að kyrrsetningu mætti að fullnægðum framangreindum skilyrðum eins beina að viðskiptabanka eða þess vegna ríkissjóði. Hlýtur að vera ljóst að kyrrsetning við slíkar aðstæður getur ekki helgast af megintilgangi hennar samkvæmt núgildandi lögum, sem er að tryggja kröfueiganda fyrir yfirvofandi hættu á að skuldara takist að eyða, selja, veðsetja eða ráðstafa með öðrum hætti öllum eignum sínum meðan dómsmál er rekið um kröfuna, þannig að engar eignir liggi fyrir til aðfarar að gengnum dómi. Við slíkri misnotkun kyrrsetningar, sem nokkuð hefur borið á í framkvæmd, yrði hins vegar væntanlega séð með reglu 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins, þar sem við þær aðstæður, sem nefndar voru hér á undan, yrði vart talið að kyrrsetning breytti neinu um líkindi til að fullnusta kröfunnar tækist og þar með væri ófullnægt meginskilyrði frumvarpsákvæðisins fyrir að kyrrsetning gæti farið fram.

Um ákvæði 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins má að öðru leyti árétta að það útilokar alls ekki að kyrrsetning fari fram fyrir ógjaldfallinni kröfu eða fyrir kröfu, sem að einhverju leyti kann að vera tryggð með veði eða ábyrgð, ef þeim skilyrðum er annars fullnægt sem ákvæðið setur almennt fyrir kyrrsetningu.

Í 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins er sú regla lögð til að það verði ekki skilyrði kyrrsetningar að gerðarbeiðandi færi sönnur að réttmæti kröfu sinnar, en synja skuli um gerðina ef ætla verður af framkomnum gögnum að hann eigi ekki þau réttindi sem hann hyggst tryggja. Tillaga þessi felur í sér umtalsverða breytingu frá ákvæði 2. mgr. 1. gr. núgildandi laga. Fyrri hluti síðastnefnds ákvæðis er sama efnis og upphaf 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins, en síðan er þar hins vegar mælt svo fyrir að því aðeins skuli synja um gerðina að tvímælalaust megi telja að gerðarbeiðandinn eigi ekki þann rétt sem hann hyggst tryggja. Með fyrirmælum frumvarpsins er dregið úr þeirri sönnunarbyrði, sem hvílir eftir núgildandi reglu á gerðarþola um óréttmæti kröfu gerðarbeiðandans, ef hann leitast við að varna kyrrsetningu á þessum grundvelli. Núgildandi regla um þetta hefur byggst á því viðhorfi að með því að gerðarbeiðandi verði að ábyrgjast allt tjón, sem gerðarþoli kann að bíða vegna kyrrsetningar, og hann verði að setja tryggingu við gerðina fyrir bótum, þá beri að meta vafa gerðarbeiðandanum í hag. Þessi skipan hefur haft í för með sér að gerðarþola er í reynd nánast útilokað að verjast kröfu um kyrrsetningu, jafnvel þótt hann geti fært að því veigamikil rök að málstaður gerðarbeiðandans eigi ekki við rétt að styðjast. Hefur talsvert verið deilt á þetta, bæði hér á landi og erlendis, þar sem búið hefur verið við sömu skipan, og bent á að regla sem byggist á þessum grunni feli í reynd í sér að gerðarbeiðandi geti „keypt“ kyrrsetningu fyrir óréttmætri kröfu með því einu að

setja nægilega háa tryggingu fyrir tjóni sem hún kann að valda. Í þessu ljósi og að teknu tilliti til breyttra viðhorfa í erlendri löggjöf þykir ástæða til að rétta nokkuð hlut gerðarþola að þessu leyti, eins og lagt er til í 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins.

Rétt er að geta þess um ákvæði 1. og 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins, að þær breytingar frá núgildandi löggjöf, sem lagðar eru til með þeim, miða að setningu áþekkra reglna hér á landi og gilda um skilyrði kyrrsetningar í Danmörku, eins og þeim var breytt með setningu áðurnefndra laga nr. 731/1988 þar í landi.

Um 6. gr.

Fyrirmæli 6. gr. frumvarpsins um form og efni kyrrsetningarbeiðni eru hliðstæð reglum 10. gr. laga nr. 90/1989 um aðfararbeiðnir. Sá munur er þó á ákvæðunum að í 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að gerðarbeiðandi þurfi að tiltaka sérstaklega í beiðninni á hverjum atvikum hann byggi heimild sína til kyrrsetningar. Með þessu er nánar tiltekið átt við að gerðarbeiðandi verði að gera sérstaka grein fyrir því í beiðninni, hver þau atvik séu sem verði talin nægileg til að uppfylla skilyrði 1. mgr. 5. gr. fyrir að gerðin fari fram.

Að öðru leyti verður ekki séð að ákvæði þetta þarfnist skýringa.

Um 7. gr.

Í 7. gr. frumvarpsins kemur fram í hverju umdæmi megi beiðast kyrrsetningar hverju sinni, en reglur hennar eru sama efnis og 16. gr. aðfararlaga, nr. 90/1989, að öðru leyti en því að kostir gerðarbeiðanda um umdæmi eru færri í 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins en þeir, sem veittir eru í 2. mgr. 16. gr. aðfararlaga, enda geta ekki öll fyrirmæli síðarnefndu reglunnar átt við um kyrrsetningu.

Um 8. gr.

Fyrirmæli 1. og 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins um upphafsathugun sýslumanns á kyrrsetningarbeiðni og heimildir hans til að vísa henni á bug af sjálfsdáðum eru hliðstæð reglum 1. og 2. mgr. 17. gr. laga nr. 90/1989 um upphafsathugun sýslumanns á aðfararbeiðni.

Í 3. mgr. 8. gr. er gert ráð fyrir að sýslumaður krefji gerðarbeiðanda yfirleitt um tryggingu fyrir tjóni, sem gerðarþoli kynni að verða fyrir af kyrrsetningarbeiðninni eða gerðinni sjálfri, um leið og staðreynt hefur verið með upphafskönnun skv. 1. mgr. 8. gr. að skilyrði séu fyrir að byrja gerðina. Miðað er við að hér verði um bráðabirgðaákvörðun sýslumanns að ræða, bæði um nauðsyn tryggingar og fjárhæð hennar, sem hann tæki til endurskoðunar undir lok gerðarinnar, eins og lýst er nánar í 16. gr. frumvarpsins. Þótt um bráðabirgðatryggingu yrði að ræða, er gengið út frá að ákvörðun sýslumanns um hana yrði að öðru jöfnu með þeim hætti að reikna mætti með að endanleg ákvörðun um tryggingu skv. 16. gr. frumvarpsins yrði sama efnis. Regla þessi, um að áskilja tryggingu þegar á þessu stigi meðferðar kyrrsetningarbeiðni, samsvarar að mestu fyrirmælum 2. mgr. 9. gr. núgildandi laga, en sá munur er þó á að núgildandi regla gerir síður ráð fyrir að þetta sé almennt gert, gagnstætt því sem lagt er til í frumvarpinu. Þá má einnig benda á að 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins tekur af tvímæli um að sýslumaður megi telja kyrrsetningarbeiðni fallna niður ef tilskilin trygging er ekki sett, en óvíst er hvort komast mætti að sömu niðurstöðu með skýringu ákvæða 2. mgr. 9. gr. núgildandi laga.

Í 4. mgr. 8. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að tiltekin ákvæði aðfararlaga, nr. 90/1989, eigi að gilda um upphafsaðgerðir við kyrrsetningu, að því leyti sem reglur frumvarpsins mæla ekki á annan veg um staðinn, sem byrja má kyrrsetningargerð og ljúka henni, og um nauðsyn þess að mætt sé til gerðarinnar af hálfu aðila hennar. Er með þessu byggt á því sama grundvallarviðhorfi og í núgildandi lögum að æskilegt sé að sömu reglur gildi um framkvæmd kyrrsetningargerðar og framkvæmd fjárnámsgerðar að því leyti sem því verður komið við af tilliti til eðlismunar á þessum tvenns konar gerðum.

Um 9. gr.

Í ákvæði þessu er gert ráð fyrir að í upphafi kyrrsetningargerðar verði staðið að verki með svipuðum hætti og við fjárnámsgerð, sbr. einkum 1. og 4. mgr. 25. gr. aðfararlaga, nr. 90/1989, og þarfnast þessi regla því ekki frekari skýringa.

Um 10. gr.

Regla 10. gr. frumvarpsins er að mestu sama efnis og 13. gr. núgildandi laga um heimild gerðarþola til að afstýra kyrrsetningu með því að setja gerðarbeiðanda tryggingu fyrir kröfu hans. Fyrirmæli 10. gr. frumvarpsins eru þó til muna ítarlegri en núgildandi reglur, bæði að því leyti, að tekin eru af tvímæli um form tryggingar sem þessarar, og að kveðið er nánar á um varðveislu hennar og skil á henni. Þá má enn fremur vekja hér athygli á að í 14. gr. frumvarpsins er tekið af skarið um að þriðji maður geti afstýrt kyrrsetningu með tryggingu eins og gerðarþoli, en sú heimild þriðja manns er þó háð því að kyrrsetningin gæti skert rétt hans.

Þess má geta að hverfandi lítið hefur reynt á heimild til að afstýra kyrrsetningu með tryggingu skv. 13. gr. núgildandi laga og virðist tæplega ástæða til að búast við að lögfesting þessa frumvarps hefði í för með sér breytingu á því.

Um 11. gr.

Í grein þessari er kveðið á um skyldu gerðarþola eða málsvara hans til að veita upplýsingar, en enn fremur er með tilvísun hennar til 29.–31. gr. aðfararlaga, nr. 90/1989, veitt heimild til að skerða frelsi gerðarþola vegna neitunar hans um upplýsingar og til að framkvæma húsleit eða líkamsleit. Heimildir til sömu aðgerða í 1. mgr. 15. gr. núgildandi laga eru til muna víðtækari, en rétt þykir að draga úr þeim hér til samræmis við nýsettar reglur aðfararlaga um þessi efni.

Um 12. gr.

Fyrirmæli 12. gr. um fresti eru hliðstæð reglum 1. og 2. mgr. 26. gr. aðfararlaga, nr. 90/1989, að því frátöldu að í síðari málslið 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins er kveðið á um að almennt skuli ekki fresta gerð gegn mótmælum gerðarbeiðanda, nema tryggt megi telja að gerðarþoli muni ekkert hafast að á frestinum til að spilla hagsmunum gerðarbeiðanda. Slík takmörkun á athafnafrelsi gerðarþola er óhjákvæmileg í ljósi tilgangs kyrrsetningargerðar, en hún gæti vissulega bakað honum óréttmætt tjón ef síðar væri leitt í ljós að kröfur gerðarbeiðanda ættu ekki við rök að styðjast. Af þessum ástæðum verður að ráðgera að sýslumaður fresti almennt ekki gerð gegn þessum skilmála, nema gerðarbeiðandi krefjist og hafi áður sett tryggingu til bráðabirgða skv. 3. mgr. 8. gr. eða 1. mgr. 16. gr. frumvarpsins, þannig að bótaréttur gerðarþola verði ekki fyrir borð borinn.

Að öðru leyti skal vakin athygli á því að gerðarbeiðanda yrði heimilt að bera ákvörðun sýslumanns um frest undir héraðsdómara samkvæmt fyrirmælum 2. mgr. 33. gr. frumvarpsins, en gerðarþola væri hins vegar því aðeins heimilt að leita dómsúrlausnar um frestsynjun að gerðarbeiðandi mótmælti því ekki, sbr. 1. mgr. 34. gr.

Um 13. gr.

Í 13. gr. er fjallað um viðbrögð sýslumanns við ágreiningi sem rís við kyrrsetningargerð, en efnislega eru fyrirmæli þessi hin sömu og í 1.–3. mgr. 27. gr. aðfararlaga, nr. 90/1989. Þarfnast ákvæði þetta því ekki skýringa.

Um 14. gr.

Regla þessi kveður á um samsvarandi réttarstöðu þriðja manns við kyrrsetningargerð og honum er veitt við aðför skv. 28. gr. laga nr. 90/1989, að öðru leyti en því að sérstaklega er tekið fram að honum sé heimilt að afstýra kyrrsetningu með tryggingu, eins og vikið var að í athugasemdum við 10. gr. Verður ekki séð að ákvæðið þarfnist frekari skýringa.

Um 15. gr.

Eins og texti þessa ákvæðis ber með sér, er gert ráð fyrir að ákvæði aðfararlaga, nr. 90 1989, um andlag fjárnáms gildi alfarið um rétt aðila til að vísa á eignir til kyrrsetningar, um virðingu þeirra eigna og um það, hverjar eignir verði kyrrsettar og hverjar verði undanþegnar kyrrsetningu. Sú hugsun býr hér að baki, eins og á við um 1. og 3. mgr. 15. gr. núgildandi laga, að kyrrsetning fari fram í því skyni að tryggja að kyrrsett eign verði fyrir hendi til að gera megi fjárnám í henni, þegar gerðarbeiðandi hefur aflað aðfararheimildar fyrir kröfu sinni, þannig að ein og sama eign verði fyrst kyrrsett, en síðan gert fjárnám í henni. Þessu væri ekki fullnægt ef gera yrði fjárnám í annarri eign en þeirri sem kyrrsett var, en hætta væri á að svo færi ef mismunandi reglur giltu um andlag kyrrsetningar annars vegar og andlag fjárnáms hins vegar.

Í 15. gr. frumvarpsins er enn fremur vísað til reglna um árangurslaust fjárnám í 62. og 63. gr. laga nr. 90/1989 um heimildir til að ljúka kyrrsetningargerð að einhverju leyti eða öllu án árangurs. Þessi samsvörun milli reglna um kyrrsetningu og fjárnám er óhjákvæmileg í ljósi þess að árangurslaus kyrrsetning hefur í flestu tilliti sömu áhrif og árangurslaust fjárnám. Rétt er þó að vekja athygli á því að í 15. gr. frumvarpsins er ekki vísað til reglu 64. gr. aðfararlaga, en þar er kveðið á um heimildir til sérstakra rannsóknaraðgerða við fjárnámsgerð sem fyrirsjáanlega gæti lokið án árangurs. Er þeim heimildum því ekki ætlað að gilda við kyrrsetningargerð.

Um 16. gr.

Í 1. mgr. 16. gr. kemur fram heimild handa sýslumanni til að krefja gerðarbeiðanda um tryggingu til bráðabirgða hvenær sem er meðan á kyrrsetningargerð stendur þótt hann hafi ekki áskilið slíka tryggingu í byrjun skv. 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Þá er sýslumanni einnig heimilað að mæla fyrir um hækkun á þeirri tryggingu sem sett hefur verið í öndverðu, en ástæða gæti verið til slíkrar hækkunar til dæmis vegna þess að gerðarþola væri veittur frestur með þeim áskilnaði sem mælt er fyrir um í 2. málsl. 2. mgr. 12. gr. og ætla mætti að sú skerðing athafnafrelsis hans gæti haft sérstakt tjón í för með sér.

Í 2. mgr. 16. gr. er mælt fyrir um að sýslumaður taki endanlega ákvörðun um tryggingu úr hendi gerðarbeiðanda þegar bent hefur verið á eignir gerðarþola til kyrrsetningar eða gerðarþoli hefur sett tryggingu fyrir kröfum gerðarbeiðanda að hætti 10. gr., en þessi endanlega ákvörðun yrði þá tekin á lokastigi gerðarinnar. Tekið er fram í ákvæðinu að sýslumaður sé óbundinn af ákvörðun sinni um tryggingu til bráðabirgða þegar hingað er komið. Gæti hann því ákveðið hærri tryggingu eða lægri að endingu en í öndverðu eða ákveðið t.d. að enga tryggingu þurfi að setja þótt ákvörðun hans til bráðabirgða hafi verið á gagnstæðan veg. Í niðurlagi 2. mgr. 16. gr. er gert ráð fyrir að sýslumaður geti ákveðið gerðarbeiðanda frest til að setja tryggingu ef hærri trygging er áskilin en í byrjun. Slík frestun ætti að sjálfsögðu aðeins við ef gerðarbeiðandi gæti ekki reitt tryggingunа af hendi þá þegar. Ef til frestunar kæmi af þessum sökum ber að hafa í huga að kyrrsetning væri ekki enn lögð á og tafir á setningu tryggingar væru þannig á áhættu gerðarbeiðanda. Í þessu sambandi má loks vekja athygli á því að mælt er svo fyrir í ákvæðinu að setji gerðarbeiðandi ekki tryggingu innan þess frests sem sýslumaður hefur ákveðið skuli kyrrsetningargerðin felld niður. Samsvarandi reglu er ekki að finna um þessi efni í núgildandi lögum sem hefur orðið til nokkurra vandkvæða í framkvæmd.

Í 3. mgr. 16. gr. er kveðið á um tilvik þar sem sýslumanni er heimilt að kröfu gerðarbeiðanda að ljúka kyrrsetningargerð án tryggingar úr hendi hans. Ástæða er til að leggja áherslu á að hér er aðeins um heimild að ræða og gæti sýslumaður því ávallt áskilið tryggingu þótt reglan heimili hið gagnstæða. Um þau atriði, sem fram koma í einstökum töluliðum 3. mgr. 16. gr., má fyrst nefna að í 2. og 3. tölul. eru fyrirmæli 2. og 3. tölul. 1. mgr. 12. gr. núgildandi laga tekin upp efnislega óbreytt. Í annan stað má nefna að ákvæði 1. tölul. 3. mgr. 16. gr. er samsvarandi sérreglu um undanþágu frá tryggingu í 3. mgr. 209. gr. laga nr. 85/1936, en í 2. mgr. 44. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að sú regla falli niður. Loks skal bent á að heimildir 4. og 5. tölul. 3. mgr. 16. gr. eiga sér ekki hliðstæður í núgildandi lögum. Hin fyrrnefnda er lögð til með hliðsjón af tilvikum þar sem gerðarbeiðandi telur sér þörf kyrrsetningar áður en aðfararfrestur eftir dómsúrlausn er liðinn, en þegar sá frestur er á enda þarf gerðarbeiðandi almennt ekki að leita tryggingar fyrir hagsmunum sínum með kyrrsetningu, enda er þá að þessu leyti fullnægt skilyrðum til aðfarar fyrir kröfunni eða til löggeymslu eftir 23. gr. frumvarpsins. Hin síðarnefnda tekur tillit til þess að kyrrsetning geti verið bersýnilega réttmæt í einstökum tilvikum og því megi telja óeðlilegt að gerðarbeiðandi þurfi að setja tryggingu fyrir skaðabótum handa gerðarþola sem fyrir fram þykir sýnt að aldrei muni reyna á.

Regla 4. mgr. 16. gr. frumvarpsins geymir fyrirmæli um form tryggingar, sem ætla má að skýri sig sjálf. Þótt ekki hafi verið lögfest regla um þetta efni til þessa, má telja að hér sé ekki lögð til breyting frá því sem gengið hefur verið út frá í framkvæmd.

Í 5. mgr. 16. gr. eru lagðar til leiðbeiningarreglur um ákvörðun fjárhæðar tryggingar, en hér er aðeins getið meginsjónarmiða í þeim efnum og er því ekki um að ræða tæmandi talningu þeirra atriða sem geta skipt máli í þessu sambandi. Þessi regla á sér ekki hliðstæðu í núgildandi lögum, en tekur mið af fræðikenningum um þetta efni.

Um 17. gr.

Í ákvæði þessu er að finna fyrirmæli um varðveislu þeirrar tryggingar, sem gerðarbeiðandi setur fyrir kyrrsetningu, og um skilyrði þess að henni verði skilað. Reglan er að nokkru sama efnis og 3. mgr. 12. gr. núgildandi laga, en til muna fyllri um skil tryggingar.

Um 18. gr.

Hér koma fram fyrirmæli um lok kyrrsetningargerðar, leiðbeiningar sýslumanns við gerðarþola um réttaráhrif hennar og tilkynningu til gerðarþola um kyrrsetningu, hafi enginn verið staddur við hana af hans hálfu. Verður ekki séð að fyrirmæli þessi þarfnist sérstakra skýringa.

Um 19. gr.

Í 19. gr. frumvarpsins er kveðið á um vörslur kyrrsettra eigna eftir að kyrrsetningargerð hefur verið lokið. Í 1. mgr. er mælt fyrir um að sýslumaður varðveiti peninga hafi þeir verið kyrrsettir. Sambærilega reglu er ekki að finna í lögum nr. 18/1949, en hún á sér hliðstæðu í 55. gr. aðfararlaga, nr. 90/1989. Í 2. mgr. koma fram fyrirmæli um vörslur viðskiptabréfa og skilríkja fyrir skuldakröfum sem kyrrsett hafa verið, en regla þessi er svipaðs efnis og 2. mgr. 14. gr. núgildandi laga. Loks er í 3. mgr. mælt fyrir um vörslur annarra eigna en á undan getur og er meginreglan í þeim efnum að vörslur verði óbreyttar þótt kyrrsetning hafi farið fram, en heimilað er þó að taka kyrrsetta eign úr vörslum eða umráðum gerðarþola eða annars manns ef brýn ástæða er til vegna hagsmuna gerðarbeiðanda. Ef þessarar undantekningarheimildar yrði neytt er gert ráð fyrir að gerðarbeiðandi verði að setja sérstaka tryggingu sem væri með öllu óháð tryggingu skv. 16. gr. frumvarpsins. Umræddar reglur 3. mgr. 19. gr. eru efnislega hinar sömu og fram koma í 16. gr. núgildandi laga.

Um 20. gr.

Reglur 20. gr. frumvarpsins svara til fyrirmæla 17. og 18. gr. núgildandi laga og þarfnast því ekki skýringa.

Um 21. gr.

Ákvæði 21. gr. frumvarpsins eru að öllu leyti samsvarandi 19. gr. núgildandi laga og þarfnast því ekki sérstakra skýringa.

Um 22. gr.

Í 22. gr. er að finna ákvæði frumvarpsins um heimildir til endurupptöku kyrrsetningargerðar, sem eru til muna fyllri en ákvæði 25. gr. núgildandi laga um sama efni. Reglur 22. gr. eru sniðnar eftir fyrirmælum 9. kafla um endurupptöku fjárnámsgerðar í lögum nr. 90/1989 og þarfnast því ekki sérstakra skýringa.

Um 23. gr.

Í 23. gr. frumvarpsins, sem er eina ákvæði III. kafla þess, koma fram fyrirmæli um heimildir til að fá eignir skuldara teknar í löggeymslu, hvernig staðið verði að slíkri gerð og hver áhrif hennar eru. Eins og vikið var að í almennum athugasemdum hér á undan er löggeymsla sérstök bráðabirgðagerð sem grípa má til í því skyni að tryggja hagsmuni samkvæmt dómsúrlausn um skyldu til greiðslu peningaupphæðar, sem hefur verið skotið til æðra dóms. Löggeymslu svipar mjög til kyrrsetningar, en sá meginmunur er þó á þessum bráðabirgðagerðum, að gert er ráð fyrir að skilyrði fyrir löggeymslu verði hvergi nærri jafnströng og skilyrði kyrrsetningar eftir 5. gr. frumvarpsins, að staða löggeymslu gagnvart síðara fjárnámi verði önnur en staða kyrrsetningar undir sömu kringumstæðum, að gerðarbeiðandi þurfi ekki að setja tryggingu fyrir löggeymslu og loks að gerðarbeiðandi þurfi ekki að höfða mál til staðfestingar löggeymslu. Þessi atriði koma nánar fram í einstökum málsgreinum 23. gr. frumvarpsins, en eldri reglur um löggeymslu í ákvæði I–22–24 í norskum lögum Kristjáns V. frá 1687 eru í flestu tilliti samsvarandi.

Samkvæmt 1. mgr. 23. gr. frumvarpsins er lagt til að nægilegt verði sem skilyrði fyrir löggeymslu að gerðarbeiðandi hafi fengið dómsúrlausn á hendur gerðarþola um skyldu hins síðarnefnda til greiðslu peningaupphæðar og að þeirri dómsúrlausn hafi verið skotið til æðra dóms ef aðfararfrestur vegna dómsúrlausnarinnar er á annað borð á enda. Hér er ekki gerður greinarmunur á því hvort gerðarþoli hafi staðið að málskoti eða annar aðili dómsmálsins, og gæti gerðarbeiðandi því fengið löggeymslu fyrir kröfum sínum, sem hafa verið teknar til greina í héraðsdómi þótt hann áfrýi úrlausninni til að frekari kröfur hans verði teknar til greina. Ástæða er til að vekja athygli á að um löggeymslu eru ekki lögð til skilyrði á borð við þau sem fram koma í 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins fyrir kyrrsetningu, enda er aðstaðan ósambærileg að því leyti að gerðarbeiðandi hefur hér þegar fengið dómsúrlausn fyrir kröfu sinni, gagnstætt því sem almennt á við um aðstæður við kyrrsetningu, og að komið hafi verið í veg fyrir að gerðarbeiðandinn fengi aðför eftir úrlausninni með því að henni hafi verið skotið til æðra dóms. Er hér gengið út frá að þetta eitt út af fyrir sig réttlæti að gerðarbeiðandi geti sóst eftir bráðabirgðavernd réttinda sinna án þess að þau sérstöku atvik þurfi að vera uppi sem 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins kveður á um. Þá er jafnframt vert að nefna að skilyrði fyrir löggeymslu eftir 23. gr. frumvarpsins eru einungis frábrugðin skilyrðum fyrrnefndrar reglu í norskum lögum Kristjáns V. að því leyti að í 23. gr. er ekki áskilið að þegar hafi komið fram beiðni um aðför fyrir annarri peningakröfu á hendur gerðarþola, en ákvæði þess efnis í eldri lögum hefur leitt til örðugleika í framkvæmd og hefur ekki þjónað brýnum tilgangi.

Eftir 2. mgr. 23. gr. frumvarpsins á í öllum meginatriðum að fara eftir reglum um kyrrsetningu í II. kafla frumvarpsins um undirbúning og framkvæmd löggeymslugerðar auk

þess að réttaráhrif gerðarinnar eru í meginatriðum hin sömu og réttaráhrif kyrrsetningar. Frá þessu eru þó gerðar tvær veigamiklar undantekningar sem vikið er að í 3. og 4. mgr. 23. gr. Annars vegar er kveðið á um það í 3. mgr. að gerðarbeiðandi þurfi ekki að setja tryggingu vegna löggeymslu, andstætt því sem almennt á við um kyrrsetningu. Hins vegar eru tekin af tvímæli um það í 4. mgr. að löggeymsla víki ekki fyrir fjárnámi sem síðar er gert í þeirri eign, sem tekin hefur verið löggeymslu, en þetta ákvæði er aðeins sett til áréttingar því að 21. gr. frumvarpsins, sem kveður á um stöðu kyrrsetningar gagnvart fjárnámi, nauðasamningum o.fl., tekur ekki til löggeymslu eftir tilvísunum í 2. mgr. 23. gr. Reglur 3. og 4. mgr. 23. gr. frumvarpsins svara að þessu leyti til reglna sem hafa átt við um löggeymslu eftir eldri reglum.

Í 5. mgr. 23. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ekki þurfi að höfða sérstakt mál til staðfestingar á löggeymslu, andstætt því sem á við um kyrrsetningu, en þessi regla er sama efnis og eldri lagareglur um löggeymslu. Til þess að tryggja hins vegar að réttur gerðarþola verði ekki fyrir borð borinn ef hann telur annmarka hafa verið á framkvæmd löggeymslugerðar eða að skilyrði hafi ekki verið fyrir henni er mælt sérstaklega fyrir um rétt til að leita úrlausnar héraðsdóms um löggeymslugerð, eftir að henni hefur verið lokið samkvæmt reglum 15. kafla aðfararlaga, nr. 90/1989, sem kveða á um heimildir til að leita dómsúrlausnar um aðfaragerð eftir lok hennar.

Að öðru leyti má vekja athygli á því að gert er ráð fyrir að ákvæði V. og VII. kafla frumvarpsins taki til löggeymslugerða eins og beinlínis kemur fram í fyrirmælum þeirra kafla þótt þess sé ekki getið í orðum 23. gr.

Um 24. gr.

Í 24. gr. frumvarpsins, sem er fyrsta grein IV. kafla þess, er mælt fyrir um skilyrði lögbanns. Regla þessi á að koma í stað 26. gr. núgildandi laga, en í henni segir að lögbann megi leggja við byrjaðri eða yfirvofandi athöfn einstaklings eða fyrirsvarsmanns félags eða stofnunar sem raskar eða raska myndi rétti gerðarbeiðanda með ólögmætum hætti. Þar er sú takmörkun þó sett að lögbann verði aðeins lagt við athöfn þeirra sem fara með framkvæmdarvald ríkis eða sveitarfélags ef athöfnin varðar meðferð einstaklingsréttinda eða er í þágu einstaks manns, enda eigi dómstólar úrlausn málsins eða telja megi stjórnvaldið fara út fyrir valdsvið sitt. Regla 24. gr. frumvarpsins geymir tillögur um þrengri heimildir til lögbanns og verður nú gerð frekari grein fyrir þeim með samanburði við umrædda 26. gr. laga nr. 18/1949.

Í fyrsta lagi eru fyrirmæli 1. mgr. 24. gr. frumvarpsins og 26. gr. núgildandi laga samsvarandi að því leyti að í báðum tilvikum segir að lögbann megi leggja við byrjaðri eða yfirvofandi athöfn einstaklings eða fyrirsvarsmanns félags eða stofnunar. Greinarmunur er því ekki gerður í þessu tilliti á einstökum tegundum athafna í frumvarpinu fremur en í núgildandi lögum að öðru leyti en því að bæði ákvæðin geyma sérreglur um hverjar þær framkvæmdarvaldsathafnir ríkis og sveitarfélaga séu sem stöðvaðar verða eða fyrirbyggðar með lögbanni. Í 2. mgr. 24. gr. frumvarpsins er heimild til lögbanns við slíkri athöfn takmörkuð með þeim hætti að það verði ekki lagt við stjórnarathöfn þess, sem fer með framkvæmdarvald ríkis eða sveitarfélags, og felst í þessu þrenging á heimild til lögbanns frá því sem segir í síðari málslið 26. gr. núgildandi laga. Með orðalagi frumvarpsins um þetta atriði er miðað við að lögbann verði ekki lagt við töku stjórnvaldsákvörðunar eða við framkvæmd hennar, heldur komi lögbann aðeins til álita þegar um athafnir hins opinbera er að ræða á vettvangi einkaréttar. Slíkar athafnir gætu einkum tengst mannvirkjagerð hins opinbera eða atvinnustarfsemi þess, hvort sem hún er rekin í samkeppni við einkafyrirtæki eða í skjóli einkaréttar. Þótt hér sé lögð til breyting frá reglu 26. gr. núgildandi laga, sem heimilar að lögbann sé einnig lagt við stjórnarathöfn framkvæmdarvaldsins í þágu einstaks manns, mundi 24. gr. frumvarpsins ekki girða fyrir að tryggja mætti með lögbannsgerð þá hagsmuni sem kynnu að vera í húfi í þessu sambandi. Þessu til frekari skýringar má taka það

dæmi að ef maður óskar eftir að fá firma skrásett með tilteknu heiti, sem annar telur brjóta gegn rétti sínum, er hugsanlegt samkvæmt núgildandi reglu að fá lögbann lagt við skráningu í firmaskrá, því skráningin yrði talin athöfn valdsmanns, firmaskrárritara, sem fram fer í þágu einstaks manns. Ef frumvarp þetta verður að lögum stæði regla 2. mgr. 24. gr. í vegi fyrir að lögbann yrði lagt við skráningarathöfn valdsmannsins í framangreindu dæmi og færi hún því fram að fullnægðum viðeigandi skilyrðum. Á hinn bóginn gæti sá sem teldi rétti sínum hallað leitað eftir lögbanni við notkun firmaheitisins og beindist þá gerðin að þeim sem hefði fengið það skráð, en ekki að skráningarvaldsmanni. Í þessu ljósi má segja að reglur frumvarpsins ættu ekki að breyta því að lögbanni yrði yfirleitt beitt til réttarverndar undir kringumstæðum sem þessum, heldur mundu þær aðeins beina notkun þessa úrræðis inn á aðra braut sem telja verður eðlilegri en núverandi skipan.

Í öðru lagi geymir regla 1. mgr. 24. gr. frumvarpsins tillögu um breytingu frá núverandi skipan með því skilyrði lögbanns að gerðarbeiðandi þurfi að sanna eða að gera sennilegt að athöfn gerðarþola brjóti eða muni brjóta gegn rétti hans. Eftir núgildandi lögum er nánast um hið gagnstæða að ræða því að áðurnefnd 2. mgr. 1. gr. þeirra gildir í þessum efnum eins og við kyrrsetningu og leggur þannig á gerðarþola að hnekkja rétti gerðarbeiðanda ótvírætt ef honum á að takast að varna lögbanni. Þessi regla núgildandi laga hefur ekki síður en við kyrrsetningu haft óeðlilega notkun lögbannsúrræðisins í för með sér sem talsvert hefur verið deilt á. Tillaga frumvarpsins um breytingu í þessum efnum yrði til að auka réttarvernd gerðarþola sem vart verður deilt um að skorti á í þessu tilliti eftir núgildandi lögum.

Í þriðja lagi geymir 24. gr. frumvarpsins tillögur um þrjú skilyrði enn, sem fullnægja yrði til að lögbanni yrði beitt, en þau eiga sér ekki hliðstæður í orðum 26. gr. núgildandi laga. Í þessum efnum má fyrst telja til að samkvæmt niðurlagi 1. mgr. 24. gr. yrði lögbanni ekki beitt, nema gerðarbeiðandi sanni eða geri sennilegt að hagsmunir hans muni fara forgörðum verði hann knúinn til að bíða dómsúrlausnar um vernd þeirra. Með því að lögbann er í eðli sínu neyðarráðstöfun verður að telja ófært að því sé beitt í tilvikum þar sem almenn úrræði geta komið að haldi, en engin takmörkun hefur þó verið þar á eftir orðalagi núgildandi reglna. Í annan stað er kveðið svo á í 1. tölul. 3. mgr. 24. gr. að lögbann verði ekki lagt við athöfn ef réttarreglur um refsingu eða skaðabætur fyrir röskun hagsmuna gerðarbeiðanda tryggja þá nægilega. Loks er í 2. tölul. sama ákvæðis gert ráð fyrir að synjað verði um lögbann ef hagsmunir gerðarþola af athöfn eru stórfelldir í samanburði við hagsmuni gerðarbeiðanda af stöðvun hennar, enda setji gerðarþoli þá að öðru jöfnu tryggingu fyrir því tjóni sem gerðarbeiðandi yrði að þola. Í báðum þeim tilvikum, sem hér um ræðir, má segja að ætlast sé til að hagsmunir gerðarbeiðandans af framgangi lögbanns verði metnir sérstaklega, en munurinn milli hinna tveggja töluliða 3. mgr. 24. gr. felst í því í hverju samhengi eða hverjum samanburði þetta mat yrði lagt á hagsmunina. Þótt reglur þessa efnis hafi ekki verið í lögum hefur verið gengið út frá því í framkvæmd að niðurstaða hagsmunamats af þessum toga geti leitt til synjunar um lögbann, en slík sjónarmið styðjast við viðteknar fræðikenningar á þessum vettvangi.

Þau skilyrði fyrir lögbannsgerð, sem lögð eru til með 24. gr. frumvarpsins, víkja nokkuð frá orðalagi 26. gr. núgildandi laga eins og ráða má af framangreindri lýsingu. Vekja verður þó athygli á því að ýmis skilyrði lögbanns, sem tekin eru upp í 24. gr., hafa þótt gilda í framkvæmd án beinna lagafyrirmæla. Nokkur óvissa hefur þó verið um afmörkun þeirra sem vænta má að lögfesting frumvarpsins geti bætt úr. Þess skal og getið í þessu sambandi að tillögur 24. gr. frumvarpsins eru sambærilegar nýlega breyttum dönskum lagareglum um skilyrði lögbanns.

Um 25. gr.

Í 25. gr. eru gerðar tillögur um heimildir til tvenns konar aðgerða, sem beita mætti við lögbannsgerð eða í tengslum við hana, til að stuðla að því að lögbann komi að haldi. Eins og

nefnt var hér áður í almennum athugasemdum með frumvarpinu hefur verið álitið í framkvæmd að grípa megi til þeirra aðgerða, sem hér um ræðir, þótt ekki sé kveðið beinlínis á um heimildir til þeirra í núgildandi lögum, en þetta hefur þótt eiga stoð í reglum þeirra um úrræði til að halda uppi lögbanni. Þar sem þessar aðgerðir eru um margt annars eðlis en lögbannið sem slíkt verður að telja rétt að taka af skarið um heimildir til þeirra í lögum eins og hér er lagt til.

Í fyrri málsgrein 25. gr. er gert ráð fyrir að sýslumaður geti samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda lagt fyrir gerðarþola að leysa af hendi tiltekna athöfn ef hún telst nauðsynleg til að tryggja að hann hlíti lögbanninu. Möguleikum í þessum efnum eru talsverð takmörk sett í ákvæðinu með þeim áskilnaði að athöfnin þurfi að vera þess eðlis að annar maður gæti framkvæmt hana þá þegar. Í þessu felst annars vegar að sýslumaður getur ekki við þessar aðstæður fremur en við framkvæmd aðfarar þvingað gerðarþola til að vinna tiltekið verk. Skyldu til athafnar verður því ekki fullnægt gegn vilja gerðarþola með öðrum hætti en þeim að öðrum manni verði falið að framkvæma hana í hans stað. Þetta setur því umræddri heimild talsverðar skorður. Hins vegar felst í umræddum áskilnaði ákvæðisins að sú athöfn, sem hér gæti komið til greina, yrði ávallt fremur viðurhlutalítil því annar maður þarf að geta framkvæmt hana „þá þegar“ í stað gerðarþola. Má því vera ljóst að hér gæti ekki verið um umfangsmikið verk að ræða af þessari ástæðu. Þótt heimild 1. mgr. 25. gr. frumvarpsins sé þannig fremur takmörkuð getur hún haft talsverða þýðingu í framkvæmd og má ætla í ljósi reynslu að hún geti komið að þó nokkrum notum við algengar aðstæður. Sýslumaður gæti t.d. neytt hennar í tengslum við lögbann við notkun firmaheitis með því að leggja fyrir gerðarþola að fjarlægja af húsi auglýsingaskilti þar sem heitið kæmi fram. Ef gerðarþoli léti ekki verða af því gæti sýslumaður annaðhvort fjarlægt skiltið sjálfur eða ráðið mann til þess á kostnað gerðarbeiðanda.

Í síðari málsgrein 25. gr. er gert ráð fyrir heimild handa sýslumanni til að taka muni úr vörslum gerðarþola ef gerðarbeiðandi krefst þess við lögbannsgerð, en þessi heimild er háð því að viðkomandi muni megi nota til að brjóta gegn lögbanninu og sýnt þyki að brýn hætta sé á að svo verði gert ef þeir verða ekki teknir úr umráðum gerðarþola. Tilgangur þessarar heimildar er í meginatriðum að gefa kost á að fyrirbyggja bersýnilega yfirvofandi brot gegn lögbanni með því að taka væntanlegt brotaverkfæri úr hendi gerðarþola áður en honum tekst að drýgja það. Í skjóli hennar gæti sýslumaður t.d. tekið í vörslur sínar hlið eða annars konar hluti sem gerðarþoli hefur notað eða aflað sér til að hindra umferð um veg ef lögbann er lagt við slíkri hindrun. Einnig gæti verið hugsanlegt í tengslum við lögbann við byggingarframkvæmd að sýslumaður tæki verkfæri eða vinnuvélar úr vörslum gerðarþola. Hér ber þó að leggja sérstaka áherslu á að það eitt mætti hvergi nærri telja nægjanlegt til aðgerða sem þessara að gerðarþoli hafi hugsanlegt brotaverkfæri undir höndum, heldur verður háttsemi hans einnig að gefa bersýnilega til kynna að brýn hætta sé á að hann muni nota það til brots gegn lögbanninu. Í ljósi þess að aðgerð sem þessi gæti hæglega haft tilfinnanlegt tjón í för með sér fyrir gerðarþola verður að ætlast til að þessari heimild yrði beitt sparlega og af varfærni.

Um 26.–31. gr.

Reglur 26.–31. gr. frumvarpsins fjalla um aðdraganda og framkvæmd lögbannsgerðar og geyma í meginatriðum tilvísanir í ákvæði um hliðstætt efni í II. kafla frumvarpsins, en með tilteknum frávikum sem leiða af mismun á kyrrsetningar- og lögbannsgerðum. Reglurnar eru teknar upp með þessum hætti fremur en að vísa til reglna II. kaflans í heild í því skyni að draga úr vafa um beitingu einstakra reglna um kyrrsetningargerðir á þessum vettvangi. Ætla má að þessi ákvæði skýri sig sjálf og er því ástæðulaust að fjalla frekar um þau hér.

Um 32. gr.

Í 1. mgr. 32. gr. er kveðið á um skyldu sýslumanns til að gera ráðstafanir til að halda uppi lögbanni eftir lok gerðarinnar ef gerðarbeiðandi krefst, og getur sýslumaður leitað atbeina lögreglu í því skyni. Með þessu ákvæði er lögð til breyting frá fyrirmælum 30. gr. núgildandi laga, en þar er lögreglumönnum gert skylt að halda uppi lögbanni án þess að sá komi nærri sem hefur lagt lögbann á. Ekki hefur reynt teljandi á þessa heimild, en skipan núgildandi laga fylgir sá ókostur að lögreglumenn geta staðið frammi fyrir þeim vanda hve langt megi ganga í aðgerðum sem þessum auk þess er ekki sjálfgefið að lögregluvald þurfi til að kveða niður yfirvofandi brot á lögbanni. Sú leið, sem hér er lögð til, ætti að leiða til úrbóta á framangreindu og gæti einnig reynst nauðsynleg til að nota mætti úrræði 25. gr. frumvarpsins með raunhæfum hætti gagnvart brotlegri háttsemi sem þegar er hafin.

Í 2. og 3. mgr. 32. gr. er kveðið á um viðurlög við broti á lögbanni og heimildir gerðarbeiðanda af þeim sökum til að höfða einkarefsimál og skaðabótamál á hendur gerðarþola og eftir atvikum hlutdeildarmönnum hans í brotinu. Ákvæði þessi svara að mestu til reglna 29. og 31. gr. núgildandi laga.

Um 33.–35. gr.

Í V. kafla frumvarpsins, sem hefur að geyma 33.–35. gr. þess, er að finna reglur um heimildir til að leita úrlausnar héraðsdómara um ákvarðanir sem sýslumaður tekur um einstök atriði kyrrsetningar-, löggeymslu- eða lögbannsgerðar jafnharðan og þær hafa verið teknar. Í 33. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að gerðarbeiðandi hafi lítt takmarkaðan rétt til að leita dómsúrlausnar um slíkar ákvarðanir, en réttur gerðarþola og þriðja manns í þessum efnum yrði verulega takmarkaður skv. 34. gr. frumvarpsins. Tillögur um þennan mun á réttarstöðu aðilanna byggjast öðru fremur á því að gerðarbeiðanda yrði almennt mikið í mun að koma gerðinni fram og tafir í þeim efnum gætu hæglega spillt hagsmunum hans. Ef hann teldi þjóna hagsmunum sínum að fá ákvörðun sýslumanns um málefnið hnekkt eða breytt mundu tafir af þeim sökum væntanlega bitna fyrst og fremst á honum sjálfum. Ef gerðarþoli hefði á hinn bóginn sambærilegan rétt til að tefja framgang gerðarinnar með kröfu um úrlausn héraðsdómara um tiltekið atriði væri honum bersýnilega gefinn kostur á að spilla hagsmunum gerðarbeiðanda með mótmælum til málamynda. Ætla verður að hagsmunir gerðarþola njóti nægilegrar verndar með því að sýslumaður eða löglærður fulltrúi hans taki afstöðu til álitaefna við gerðina, auk þess sem frumvarpið gerir ráð fyrir hertum skilyrðum fyrir þessum gerðum, að gerðarbeiðandi beri ríka skaðabótaábyrgð á réttmæti þeirra, og síðast en ekki síst að gerðarþoli komi óhindrað að vörnum í dómsmáli til staðfestingar gerðinni skv. VI. kafla frumvarpsins ef um kyrrsetningar- eða lögbannsgerð væri að tefla, en í máli eftir 5. mgr. 23. gr. ef um löggeymslugerð væri að ræða. Byggjast ákvæði 33. og 34. gr. frumvarpsins á mjög líkum sjónarmiðum og heimildir 85. gr. laga nr. 90/1989 til að bera ákvarðanir sýslumanns um framkvæmd aðfarargerðar jafnharðan undir héraðsdóm.

Í 35. gr. frumvarpsins er að finna tilvísun til ákvæða 86.–91. gr. aðfararlaga, nr. 90/1989, um það hvernig farið yrði með mál fyrir héraðsdómi, sem þangað yrði skotið skv. 33. eða 34. gr. Þar sem umræddar reglur aðfararlaga ættu við án sérstakra frávika er ástæðulaust að fjalla hér um einstök atriði í tengslum við meðferð mála sem þessara.

Um 36. gr.

Í 36.–41. gr., sem mynda VI. kafla frumvarpsins, er að finna fyrirmæli um höfðun og rekstur dómsmáls til staðfestingar kyrrsetningu eða lögbanni. Fyrirmæli þessi eru að mestu efnislega eins og reglur 20.–23. gr. núgildandi laga, en orðalagi er breytt á köflum og innbyrðis röð ákvæða er nokkuð önnur. Þar sem telja má ástæðulaust að fjalla sérstaklega um þau ákvæði, sem ætlast er til að verði skýrð með sama hætti og núgildandi reglur, verður í

athugasemdum við 36. til 41. gr. að mestu látið við það sitja að víkja að breytingum sem þar eru gerðar tillögur um.

Í upphafi 1. mgr. 36. gr. er meginregla 1. mgr. 20. gr. núgildandi laga tekin upp efnislega óbreytt að því leyti að gerðarbeiðandi verði að gera reka að höfðun dómsmáls til staðfestingar á kyrrsetningu eða lögbanni innan tiltekins tíma frá því gerðinni er lokið, að því viðlögðu að gerðin falli niður, sbr. 1. mgr. 39. gr. frumvarpsins. Eftir núgildandi reglum er frestur í þessu skyni ein vika og innan hans verður gerðarbeiðandi annaðhvort að fá stefnu útgefna af héraðsdómara (réttarstefnu) eða láta birta stefnu sem hann gefur sjálfur út eða umboðsmaður hans (utanréttarstefnu). Frávik eru ekki heimiluð frá höfðun staðfestingarmáls þótt aðilar séu sammála um að komast hjá því. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir breytingum varðandi þessi þrjú atriði sem hér ber að geta nánar. Í fyrsta lagi er eins og hingað til gengið út frá að almennt verði að hefjast handa um staðfestingarmál innan einnar viku frá lokum gerðar, en sá frestur gildir því aðeins að mál um kröfur gerðarbeiðanda verði að öðru leyti höfðað fyrir dómstól hér á landi. Ef höfða verður mál um kröfur hans fyrir erlendum dómstól er lagt til í 1. mgr. 37. gr. að fresturinn til að hefjast handa um staðfestingarmálið verði þrjár vikur, en allt að einu er byggt á því að staðfestingarmálið sem slíkt verði höfðað og rekið fyrir dómstól hér á landi. Sérregla um lengri fresti undir þessum kringumstæðum byggist á því að gerðarbeiðandi yrði að höfða mál fyrir erlendum dómstól um aðrar kröfur sínar en um staðfestingu gerðar samhliða höfðun staðfestingarmáls hér á landi og innan sama frests, en einnar viku frestur yrði tæpast nægjanlegur í því skyni. Í öðru lagi er lagt til í 1. mgr. 36. gr. að höfða verði staðfestingarmál með réttarstefnu þannig að gerðarbeiðandi hefði ekki valfrelsi til að höfða málið með utanréttarstefnu. Tillaga þessi á einkum rætur að rekja til þess að héraðsdómari hefði úrslitavald um lengd stefnufrests með því að höfða yrði málið með stefnu, útgefinni af honum, en að öðrum kosti gæti verið undir hælinn lagt að máli yrði haldið fram með eðlilegum hraða. Loks er í þriðja lagi gerð tillaga um að komast megi hjá höfðun staðfestingarmáls ef gerðarþoli lýsir yfir við gerðina sjálfa eða eftir atvikum við endurupptöku hennar innan málshöfðunarfrests að hann uni við gerðina án dóms um staðfestingu hennar. Þótt núgildandi lög heimili ekki þá leið verður að telja hana eðlilega af tilliti til hagsmuna aðilanna sjálfra og í ljósi þess, að þeir hefðu hvort sem er forræði á rekstri staðfestingarmáls ef til þess kæmi. Með þessari heimild mætti komast hjá kostnaði og fyrirhöfn af óþörfu dómsmáli ef gerðarþoli hefði ekkert við aðgerðir gerðarbeiðanda að athuga. Verður ekki séð að þessi heimild geti skert hagsmuni annarra svo máli skipti, enda gengið út frá því í 40. gr. frumvarpsins að þriðji maður geti höfðað sjálfstætt mál til að fá gerð fellda niður ef rétti hans yrði hallað með henni. Ef nýta ætti þá heimild, sem hér er lögð til, er gengið út frá því að sýslumaður leiðbeini gerðarþola sérstaklega um afleiðingar slíkrar ráðstöfunar, sbr. ákvæði 9. gr. um leiðbeiningarskyldu hans, og að yfirlýsing gerðarþola um þetta sé ótvírætt bókuð.

Í 2.–4. mgr. 36. gr. koma sömu reglur fram og í 1. málsl. 2. mgr. og 3. og 4. mgr. 20. gr. núgildandi laga.

Ákvæði 5. mgr. 36. gr. eiga sér ekki með öllu hliðstæðu í núgildandi lögum. Má einkum benda á fyrri málslið ákvæðisins í þessu sambandi, sem heimilar höfðun máls um kröfur gerðarbeiðanda, og um staðfestingu gerðar í þeirri þinghá sem gerðinni var lokið. Þetta á aðeins við ef mál hefur ekki áður verið höfðað um aðrar kröfur gerðarbeiðanda en um staðfestingu gerðarinnar, og heimildin er enn fremur háð því skilyrði að höfða mætti mál á hendur gerðarþola um kröfur gerðarbeiðandans fyrir dómstól hér á landi þótt gerðin hefði ekki farið fram. Heimild þessi gæti leitt til einhvers hagræðis því að skv. 1. mgr. 20. gr. núgildandi laga skapar kyrrsetningar- eða lögbannsgerð almennt ekki sjálfstæða varnarþingsheimild. Ákvæði samsvarandi síðari málslið 5. mgr. 36. gr. koma ekki berum orðum fram í núgildandi lögum, en sýnilega er gengið út frá sambærilegri reglu í 3. og 4. mgr. 20. gr. þeirra.

Um 37. gr.

Í 37. gr. frumvarpsins eru lagðar til sérreglur um staðfestingarmál við þær aðstæður að höfða þurfi mál um aðrar kröfur gerðarbeiðanda en um staðfestinguna fyrir erlendum dómstól. Eins og getið var í athugasemdum við 36. gr. yrði allt að einu að höfða staðfestingarmálið hér á landi, en frestir í þessu skyni yrðu lengri þar sem hér yrði ekki vikið frá því grundvallaratriði, sem byggt er á í 36. gr., að höfða verði mál um kröfur gerðarbeiðanda ekki síðar en samhliða höfðun staðfestingarmálsins. Í 1. mgr. 37. gr. kemur fram að höfða ætti mál til staðfestingar gerðinni í þeirri þinghá sem henni var lokið. Samkvæmt ákvæðinu yrði þó með sama hætti og skv. 1. mgr. 36. gr. heimilt að komast hjá höfðun staðfestingarmáls ef því væri lýst yfir við gerðina af hálfu gerðarþola að hann uni við hana án málshöfðunar.

Í 2. mgr. 37. gr. er sérákvæði þar sem mælt er svo fyrir að héraðsdómara beri að fresta meðferð staðfestingarmáls ef erlendur dómur í máli um aðrar kröfur gerðarbeiðanda yrði aðfararhæfur hér á landi. Er þetta lagt til svo komast megi hjá hættu á að dómar gengju hvor á sinn veg, hér á landi og erlendis. Héraðsdómara væri þó heimilt skv. 2. mgr. 41. gr. frumvarpsins að skipta sakarefninu í staðfestingarmáli eftir ósk gerðarþola þannig að leyst yrði þegar úr um atriði varðandi gerðina sjálfa sem ekki væru háð niðurstöðum dóms í hinu erlenda dómsmáli.

Um 38. gr.

Í 38. gr. er mælt fyrir um að reglur 36. og 37. gr. um staðfestingarmál taki einnig til staðfestingar á tryggingu sem sett hefur verið til að afstýra kyrrsetningu eða lögbanni skv. 10. eða 28. gr. frumvarpsins. Er hér efnislega um sömu reglu að ræða og kemur fram í 2. mgr. 13. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að í 38. gr. frumvarpsins er afmarkað mun nánar en nú er hvenær frestur til málshöfðunar í þessu skyni teldist byrja að líða.

Um 39. gr.

Reglur 39. gr. samsvara að mestu ákvæðum 1. mgr. 22. gr. og 1. og 2. mgr. 23. gr. núgildandi laga og þarfnast því ekki skýringa.

Um 40. gr.

Ákvæði 40. gr. um heimildir þriðja manns til meðalgöngu í staðfestingarmáli og til sjálfstæðrar málshöfðunar vegna kyrrsetningar- eða lögbannsgerðar eru efnislega þau sömu og koma fram í 6. mgr. 20. gr. núgildandi laga.

Um 41. gr.

Fyrirmæli 1. mgr. 41. gr. samsvara reglu 2. málsl. 2. mgr. 20. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að í niðurlagi 1. mgr. 41. gr. er gert ráð fyrir að varnir verði ekki hafðar uppi í staðfestingarmáli, sem héraðsdómur hefur áður leyst úr í máli skv. V. kafla frumvarpsins, en í niðurlagi 2. mgr. 20. gr. laga nr. 18/1949 er að finna gagnstæða reglu sem síður gæti átt við að breyttri skipan í samræmi við frumvarpið.

Í 2. mgr. 41. gr. er að finna sérstaka heimild handa héraðsdómara til að skipta sakarefni í staðfestingarmáli eftir ósk gerðarþola til þess að fyrst verði leyst sérstaklega úr um atriði, sem varða skilyrði eða framkvæmd kyrrsetningar- eða lögbannsgerðar, áður en fjallað verður um efnisleg réttindi aðilanna. Þessi sérrregla er lögð til í því skyni að flýta megi dómsmeðferð ef gerðarþoli hefur sérstök andmæli uppi um formsatriði gerðarinnar þannig að bráðabirgðaástand í kjölfar kyrrsetningar eða lögbanns standi sem skemmst þegar slík atriði kunna ein að nægja til að fá hana fellda niður. Telja verður rétt að veita heimild sem þessa í því ljósi að réttur gerðarþola til að fá leyst úr andmælum sínum gegn gerðinni fyrir dómi yrði verulega takmarkaður eftir ákvæðum V. kafla frumvarpsins. Að öðru leyti skal tekið fram að gengið er

út frá að almennar reglur 4. mgr. 70. gr. laga nr. 85/1936 um skiptingu sakarefnis gildi um þessa heimild að því þó gættu að ekki þyrfti sammæli málsaðila til skiptingarinnar, eins og sú regla gerir ráð fyrir.

Í 3. mgr. 41. gr. frumvarpsins er tekið beinlínis fram að heimilt sé að ljúka staðfestingarmáli með réttarsátt þar sem kveða mætti á um staðfestingu gerðar eða niðurfellingu hennar eftir atvikum samhliða sáttargerð um réttindi aðilanna að öðru leyti. Þótt gengið hafi verið út frá gagnstæðri reglu til þessa án þess þó að lagafyrirmæli hafi kveðið svo á verður ekki séð að breyting sem þessi geti verið varhugaverð, en hún gæti orðið til talsverðs hagræðis og einföldunar.

Um 42. og 43. gr.

Í VII. kafla frumvarpsins, sem ákvæði 42. og 43. gr. eru í, er kveðið á um skaðabætur vegna kyrrsetningar-, löggeymslu- eða lögbannsgerðar. Reglur 42. gr. frumvarpsins mæla fyrir um bótarétt gerðarþola eða annarra sem kunna að hafa beðið tjón vegna beiðni um gerð eða framkvæmdar hennar og svara þær að mestu til þess sem leitt verður af núgildandi reglum 1. mgr. 24. gr. laga nr. 18/1949 þótt þær séu settar fram með nokkuð öðrum hætti. Vekja má þó athygli á að í niðurlagi 1. mgr. 42. gr. er berum orðum mælt fyrir um heimild handa dómstólum til að ákvarða tjónþola bætur eftir álitum ef sannað er að hann hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna ólögmætrar gerðar, en ekki er unnt að sanna fjárhæð þess. Slík regla er ekki í núgildandi lögum, en ætla má að hún teldist allt að einu gilda eftir ólögfestum reglum skaðabótaréttar. Fyrirmæli 43. gr. eru sama efnis og reglur 2. og 3. mgr. 24. gr. núgildandi laga.

Þess ber að geta að reglur laga nr. 18/1949, sem hér er vísað til, hafa aðeins gilt um skaðabætur vegna kyrrsetningar- og lögbannsgerða, en lögfestar reglur hafa hins vegar ekki tekið til bóta vegna löggeymslu. Rétt þykir að leggja til að sömu reglur taki til þessara þriggja afbrigða bráðabirgðagerða, enda má ætla að réttur til bóta vegna ólögmætrar löggeymslugerðar yrði hvort sem er talinn áþekkur eftir ólögfestum reglum skaðabótaréttar.

Um 44. gr.

Í 1. mgr. 44. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um gildistöku verði það að lögum, en miðað er við að lögin taki gildi á sama tíma og lög nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, og aðrar lagabreytingar sem þeim fylgja, eða 1. júlí 1992.

Í 2. mgr. 44. gr. er kveðið á um brottfallin lög, en auk laga nr. 18/1949 er gert ráð fyrir að niður falli að einhverju leyti eða öllu tíu önnur lagaákvæði. Rétt er að gera hér stutta grein fyrir ástæðum þeirra ráðagerða varðandi einstök lagaákvæði:

— Í 2. tölul. ákvæðisins er mælt fyrir um brottfall 3. mgr. 209. gr. laga nr. 85/1936, en sú regla kveður á um sérstaka undanþágu frá skyldu gerðarbeiðanda til að setja tryggingu við kyrrsetningu fyrir kröfu samkvæmt víxli, tékka eða skuldabréfi. Fyrirmæli þessi yrðu óþörf í ljósi ákvæða 1. tölul. 3. mgr. 16. gr. frumvarpsins.
— Í 3. tölul. er gert ráð fyrir brottfalli 93. gr. laga um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954, en þar er um reglu að ræða, sem kveður á um skyldu tryggingafélags til að afstýra kyrrsetningu fyrir bótakröfu með tryggingu sé hennar krafist. Þeim fyrirmælum sérlaga er með öllu ofaukið í ljósi 10. og 14. gr. frumvarpsins.
— Í 4. tölul. er gert ráð fyrir brottfalli tilvísunar í lög nr. 18/1949 í 26. gr. laga nr. 57/1956, en tillögur eru ekki gerðar um brottnám sérreglna um lögbann við útbreiðslu prentaðs máls samkvæmt þeim lögum.
— Í 5. tölul. er lagt til afnám sérreglu í 5. gr. laga nr. 54/1971 sem heimilar Innheimtustofnun sveitarfélaga að fá mann kyrrsettan vegna meðlagsskulda. Slík heimild samþýðist engan veginn þeirri stefnu frumvarpsins, sem lýst er í almennum athugasemdum hér á undan, að afnema með öllu heimildir til kyrrsetningar á manni.

— Í 6. tölul. er mælt fyrir um brottfall ákvæðis 2. mgr. 15. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978, en þar er skírskotað til tiltekins ákvæðis laga nr. 18/1949 um rétthæð fjárnáms gagnvart kyrrsetningu. Slíkt tilvísunarákvæði þjónar ekki tilgangi og yrði villandi ef það stæði óhaggað vegna tilvitnunar í lög sem féllu brott ef frumvarpið verður að lögum.
— Í 7. tölul. er lagt til að niður falli sérregla 2. gr. laga nr. 12/1981 um heimild handa verðlagsyfirvöldum til að leita lögbanns vegna verðlagsbrota. Ákvæði þetta á verulega illa við eftir núgildandi lögum, en gæti engan veginn samþýðst reglu 1. tölul. 3. mgr. 24. gr. frumvarpsins.
— Í 8. tölul. er lagt til brottnám 2. mgr. 12. gr. laga nr. 26/1982 sem heimilar yfirvöldum að leita lögbanns við óheimilli atvinnustarfsemi útlendinga hér á landi. Rök fyrir niðurfellingu þessa ákvæðis eru hin sömu og getið er hér á undan varðandi 2. gr. laga nr. 12/1981.
— Í 9. tölul. er ráðgert að niður falli sérstök heimild í 2. mgr. 39. gr. hafnalaga, nr. 69/1984, til að kyrrsetning geti farið fram fyrir gjöldum og sektum samkvæmt þeim lögum. Slík fyrirmæli eru algerlega óþörf og yrði réttur til kyrrsetningar við þær aðstæður að ráðast af heimildum 5. gr. frumvarpsins eins og endranær.
— Í 10. og 11. tölul. er loks gert ráð fyrir brottfalli sérreglna í 2. mgr. 31. gr. laga nr. 86/1985 og 2. mgr. 35. gr. laga nr. 87/1985 sem kveða á um að innlánsfé við viðskiptabanka og sparisjóði sé undanþegið kyrrsetningu. Sambærileg ákvæði í eldri lögum voru skýrð með þeim hætti í dómsúrlausnum að þau stæðu ekki í vegi fyrir að réttindi gerðarþola til innstæðu yrðu kyrrsett, en í ljósi þess verður ekki séð að reglur sem þessar þjóni neinum tilgangi.

Það skal tekið fram að gengið er út frá að önnur sérákvæði laga um kyrrsetningu eða lögbann en þau sem hér hafa verið talin standi óhögguð.

Um 45.–52. gr.

Í ákvæðum þessum koma fram reglur um skil milli eldri laga og yngri varðandi tiltekin efni. Verður ekki séð að ástæða sé til að skýra þau í einstökum atriðum.

Ed. 358. Nefndarálit [229. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 91/1989.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk til viðræðna um það Húnboga Þorsteinsson, skrifstofustjóra í félagsmálaráðuneytinu, Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Steinþór Haraldsson, lögfræðing við embætti ríkisskattstjóra.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins en leggur jafnframt til smábreytingu á 34. gr. laganna til að eyða öllum vafa um það hverjir eru undanþegnir aðstöðugjaldsskyldu. Breytingartillaga nefndarinnar er flutt á sérstöku þingskjali.

Margrét Frímannsdóttir og Jóhannes Geir Sigurgeirsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. des. 1989.

Jóhann Einvarðsson, varaform., frsm. Guðmundur H. Garðarsson, fundaskr. Salome Þorkelsdóttir.

Danfríður Skarphéðinsdóttir. Karl Steinar Guðnason.

Ed. 359. Breytingartillaga [229. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 91/1989.

Frá félagsmálanefnd.

Á eftir 3. gr. komi ný grein er orðist svo:
A-liður 2. mgr. 34. gr. laganna orðist svo:
Þeir sem um ræðir í 1.–4. tölul. og 6. tölul. 4. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Nd. 360. Breytingartillaga [210. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Hreggviði Jónssyni og Inga Birni Albertssyni.

Á eftir 9. gr. komi ný grein er orðist svo:
Á eftir 1. mgr. 80. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:
Íbúðarhúsnæði til eigin nota telst ekki hluti eignarskattsstofns.

Sþ. 361. Nefndarálit [100. mál]

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1989.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1989 hefur verið til meðferðar hjá fjárveitinganefnd Alþingis. Nefndin hefur nú fyrir sitt leyti lokið afgreiðslu málsins og gerir meiri hl. nefndarinnar ákveðnar tillögur um afgreiðslu þess á sérstöku þingskjali. Minni hl. nefndarinnar, þau Pálmi Jónsson, Málmfríður Sigurðardóttir, Egill Jónsson og Friðjón Þórðarson, stendur ekki að þeim tillögum og mun skila sérstöku nefndaráliti. Hins vegar kom fram hjá fulltrúum minni hl. í fjárveitinganefnd að full samstaða er í nefndinni milli meiri og minni hl. um hvernig að afgreiðslu málsins skuli staðið en með þeirri afgreiðslu hefur nefndin gefið fordæmi um hvernig hún telur rétt að staðið sé að afgreiðslu fjáraukalagafrumvarpa þeirra sem flutt verða á komandi árum. Þá munu fulltrúar minni hl. einnig greiða atkvæði með sumum tillögum sem meiri hl. flytur og mun það koma fram bæði í nefndaráliti minni hl. og í ræðum fulltrúa minni hl. hvaða tillögur það eru. Til þess að einfalda vinnubrögð var hins vegar brugðið á það ráð að allar breytingartillögur við frumvarp til fjáraukalaga, sem ræddar hafa verið, undirbúnar og fluttar í fjárveitinganefnd, yrðu fluttar af meiri hl. einum og á einu þingskjali, þó svo að sumar þessara tillagna njóti stuðnings fulltrúa minni hl. í nefndinni.

Sú afgreiðsla, sem fer nú fram, markar tímamót í umfjöllun um ríkisfjármál á Alþingi. Í fyrsta skipti hefur það gerst að fjármálaráðherra flytur frumvarp til fjáraukalaga fyrir yfirstandandi ár. Er það ásetningur ráðherrans að sá háttur verði framvegis á hafður. Þessi nýbreytni bætir mjög aðstöðu Alþingis, þ.e. fjárveitingavaldsins, til áhrifa á fjárlagaákvarðanir sem teknar eru fyrir fjárlagaár það sem er að líða og einnig bætir þessi nýbreytni aðstöðu fjárveitinganefndar til að leggja raunhæft mat á fjárlagagerð fyrir næsta ár. Það skiptir því miklu máli hvernig tekist er á við afgreiðslu fjáraukalaga fyrir yfirstandandi ár, í fyrsta skipti sem slíkt fjáraukalagafrumvarp er lagt fyrir Alþingi. Fulltrúar í fjárveitinganefnd hafa átt góða samvinnu um hvernig að þeim afgreiðslum skuli staðið og eru nefndarmenn, eins og áður segir, sammála því hvernig afgreiðsla slíkra fjáraukalaga skuli fara fram og gefur sú afgreiðsla fordæmi fyrir þær afgreiðslur sem á eftir koma.

Það verklag, sem fjárveitinganefnd hefur haft á afgreiðslu málsins, er í meginatriðum þetta:

1. Leitað var nákvæmra upplýsinga um allar aukafjárveitingar sem átt hafa sér stað á árinu og sérstaklega gengið eftir því hvaða aukafjárveitingar hafa verið greiddar út og hvaða greiðslur samkvæmt aukafjárveitingaheimildum eru skuldbindandi. Tilgangurinn var sá að leiða í ljós hverjum af þessum aukafjárveitingum Alþingi gat haft vald á þegar frumvarpið var lagt fram og kom þá í ljós að það var aðeins lítill hluti aukafjárveitinganna sem var á valdi Alþingis að úrskurða um hvort greiddar skyldu eða ekki. Lagði fjárveitinganefnd síðan sitt sjálfstæða mat á þær aukafjárveitingabeiðnir og heimildir sem ekki höfðu verið greiddar og verður gerð grein fyrir niðurstöðu nefndarinnar síðar.
2. Í frumvarpinu voru ýmsar safntölur, svo sem um áætlaðan greiðsluhalla stofnana ríkisins, um laun og verðlagsmál o.fl. Fjárveitinganefnd markaði þá stefnu að slíkar safntölur skyldi sundurliða til einstakra verkefna og viðfangsefna þannig að fyrir lægi hver staðan væri hjá hverri stofnun og hverju viðfangsefni fyrir sig og ljóst væri hvaða greiðsluheimildir væri verið að gefa hverri stofnun með afgreiðslu fjáraukalaga. Sé þetta ekki gert er ekki hægt að bera saman annars vegar greiðsluheimildir sem stofnanir og viðfangsefni hafa fengið á fjárlögum og hins vegar niðurstöðuna í árslok. Umrædd sundurliðun var framkvæmd eins og fram kemur í breytingartillögum meiri hl. fjárveitinganefndar á sérstöku þingskjali.
3. Fjárveitinganefnd kallaði síðan fyrir sig menn úr ráðuneytum og einstökum stofnunum — og þá sérstaklega frá þeim stofnunum sem hæstum fjárhæðum velta — og bar saman áætlanir um afkomu þessara stofnana annars vegar á grundvelli þeirra sundurliðana sem fjármálaráðuneytið hafði gert á tölum fjáraukalagafrumvarpsins og hins vegar á grundvelli þeirra upplýsinga sem forráðamenn stofnana og ráðuneyta lögðu fyrir nefndina um fjármálastöðu stofnananna og viðfangsefnanna. Jafnframt hafði fjárveitinganefnd til hliðsjónar nýjustu upplýsingar úr Ríkisbókhaldi um stöðu stofnana og viðfangsefna. Hvað suma þessara aðila varðaði kom í ljós að umtalsverður munur var á áætlunum, sem lagðar voru fram í frumvarpi til fjáraukalaga, um afkomu þeirra og á niðurstöðum Ríkisbókhalds og áætlunum stofnananna sjálfra um stöðu og afkomu. Þar sem verulegum fjárhæðum munaði á áætlun fjáraukalagafrumvarpsins og rökstuddum áætlunum stofnana og niðurstöðum upplýsinga úr Ríkisbókhaldi brá fjárveitinganefnd á það ráð að leiðrétta augljósar skekkjur og má þar sem dæmi nefna að í áætlun fjáraukalaganna var gert ráð fyrir því að greiðslur umfram fjárlagaheimildir hjá Ríkisspítölum mundu nema 50 milljónum króna en við nánari athugun kom í ljós að hallinn á rekstri Ríkisspítala mun nema a.m.k. tvöfaldri þeirri fjárhæð og gerði fjárveitinganefnd tillögu um tilsvarandi leiðréttingu á áætlun fjáraukalagafrumvarpsins. Þannig tók fjárveitinganefnd fyrir öll stærstu viðfangsefnin í útgjöldum ríkisins og bar áætlaða niðurstöðu þar um í fjáraukalagafrumvarpinu saman við nýjustu upplýsingar Ríkisbókhalds og rekstraráætlana forstöðumanna sjálfra. Væri mikill munur á áætlun og sennilegri útkomu gerði fjárveitinganefnd óhjákvæmilega leiðréttingu, enda voru fjárveitinganefndarmenn sammála um þá meginstefnu við afgreiðslu fjáraukalagafrumvarpsins að stefna bæri að því þegar það er nú afgreitt örfáum dögum fyrir áramót að frumvarpið gefi sem réttasta mynd á raunverulegri og óhjákvæmlegri niðurstöðu ársins sem aðeins tíu dagar verða eftir af þegar fjáraukalagafrumvarpið hlýtur lokaafgreiðslu á Alþingi.
4. Í fjórða lagi fór nefndin mjög vandlega yfir áætlanir þær, sem gerðar hafa verið í fjármálaráðuneytinu, um áhrif kjarasamninga, sem gerðir voru á árinu, á launaútgjöld ríkisins og stofnana þess. Nefndin gerði engar athugasemdir við áætlun þá um launakostnaðaráhrif kjarasamninganna sem fjármálaráðuneytið gerði og lagði til grundvallar áætlana um aukin launakostnaðarútgjöld í fjáraukalagafrumvarpinu, en áætluð áhrif kjarasamninganna eru skýrð í greinargerð þess frumvarps.

5. Þá óskaði fjárveitinganefnd eftir sundurliðuðum hugmyndum ríkisstjórnarinnar og einstakra ráðuneyta um niðurskurð ríkisútgjalda í samræmi við boðaða stefnu ríkisstjórnarinnar eins og hún birtist í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1989. Nefndin lagði mat á þessar tillögur hverja fyrir sig og flytur þær lítið eitt breyttar á Alþingi þannig að Alþingi gefist kostur á að taka sjálfstæða afstöðu til hverrar og einnar af þessum tillögum.

Þessi fimm atriði eru höfuðatriði þeirrar stefnu, sem fjárveitinganefnd markaði sameiginlega, um hvernig tekið skyldi á afgreiðslu frumvarps til fjáraukalaga fyrir árið 1989. Þannig hefur nefndin leitast við í fyrsta lagi að gera frumvarpið þannig úr garði að það gefi eins rétta mynd og unnt er af líklegri afkomu ríkissjóðs og stofnana ríkisins á árinu 1989, og er þó líklegra að rekstrarútgjöld ríkisins og stofnana þess umfram heimildir fjárlaga séu þar frekar vanmetin en ofmetin. Í öðru lagi mótuðust vinnubrögð nefndarinnar af því að leggja fyrir Alþingi til endanlegrar ákvörðunar sundurliðaðar tillögur sem með skýrum og greinargóðum hætti lýsa þeim viðbótarfjárheimildum sem verið er að afla fyrir hverja stofnun og hvert viðfangsefni og gefa einnig Alþingi kost á að taka afstöðu til sérhvers viðfangsefnis fyrir sig hvort sem um er að ræða tillögu til hækkunar útgjalda eða lækkunar.

Breytingar frá frumvarpinu.

Helstu breytingar, sem fjárveitinganefnd hefur gert frá frumvarpinu eins og það var lagt fram, eru þessar:

Breytingar á gjaldahlið.

Öðrum kafla frumvarpsins „Vegna breyttra verðlagsforsendna“ „09 Fjármálaráðuneyti, Launa- og verðlagsmál“ að fjárhæð 3.105 milljónir króna var breytt þannig að eftir standa á liðnum 1.315 milljónir króna og er það í samræmi við þær forsendur um breytingar á launa- og verðlagsmálum sem lagðar voru til grundvallar í frumvarpi til fjáraukalaga um áhrif nýrra launasamninga og breyttra verðlagsforsendna á rekstrargjöldum. Út hafa þá verið færð af þessum lið útgjöld vegna annarra viðfangsefna, svo sem vaxtagreiðslna, hækkun framlags til lífeyris- og sjúkratrygginga, og þau útgjöld vistuð á réttum stöðum.

Í III. kafla frumvarpsins „Vegna fyrirsjáanlegs greiðsluhalla stofnana“ var tilgreind áætluð hallafjárhæð í einni tölu 800 milljónir króna. Fjárveitinganefnd hefur gert þær breytingar hér á að hún hefur óskað eftir og fengið sundurliðun frá fjármálaráðuneytinu um hvernig þessi áætlaði rekstrarhalli deildist niður á stofnanir og viðfangsefni. Nefndin tók síðan þá sundurliðun til sjálfstæðrar skoðunar og gerði á henni þær breytingar varðandi einstakar stofnanir og viðfangsefni sem hún taldi algerlega óhjákvæmilegar í ljósi nýjustu upplýsinga um stöðu stofnana og viðfangsefna svo að fjáraukalagafrumvarpið gæti gefið sem réttasta mynd af líklegum niðurstöðum. Í þessu sambandi er rétt að geta þess um stöðu stofnana og viðfangsefna í sundurliðun fjármálaráðuneytis um áætlaðan greiðsluhalla að flestar stofnanirnar reyndust þegar vera búnar að ráðstafa þeim viðbótarútgjöldum sem áætlanir gerðu ráð fyrir að ættu að endast til alls ársins; enn var þó síðasti mánuður ársins eftir. Er því óhætt að fullyrða að þær áætlanir, sem fjárveitinganefnd gerði og felast í breytingartillögum hennar, fela fremur í sér vanáætlanir en ofáætlanir á greiðslum í desember vegna þessara stofnana á árinu 1989.

Í IV. kafla frumvarpsins „Vegna skattkerfisbreytinga“ var gert ráð fyrir 350 milljónum króna til endurgreiðslu söluskatts á árinu 1989 vegna sjávarútvegs, iðnaðar, fiskeldis o.fl. Fjárveitinganefnd óskaði eftir því að þessi fjárhæð yrði enduráætluð af fjármálaráðuneytinu og við þá enduráætlun taldi fjármálaráðuneytið að endurgreiðslufjárhæðin þyrfti að nema 390 milljónum króna og gerði fjárveitinganefnd þá niðurstöðu að tillögu sinni.

Í V. kafla frumvarpsins „Vegna geymdra fjárveitinga frá 1988“ gerði fjárveitinganefnd þá breytingu að hún óskaði eftir og fékk sundurliðun á þessum geymdu tölum um fjárveitingar frá

árinu 1988 og hefur tekið þá sundurliðun og gert hana að tillögu sinni þannig að ljóst sé um hvaða geymdar fjárveitingar sé að ræða til hvers viðfangsefnis fyrir sig og hvað vinna eigi fyrir það fé.

Í 4. gr. frumvarpsins segir að fjármálaráðherra sé heimilt að lækka gjöld skv. 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1989 um allt að 650 milljónum króna. Í skýringum með þessari grein er sagt að hér sé um að ræða framkvæmd á samþykkt ríkisstjórnarinnar um þessa lækkun á útgjöldum ársins 1989. Fjárveitinganefnd kallaði eftir því frá ráðuneytunum að fá sundurliðun og nánari grein gerða fyrir þeirri lækkun fjárveitinga sem hér væri ráðgerð. Samkvæmt þeim upplýsingum kom fram að auk niðurskurðar á framlögum til byggingarsjóðanna að fjárhæð 500 milljónir króna hafði ríkisstjórnin samþykkt viðbótarniðurskurð hjá tilteknum ráðuneytum um 150 milljónir króna samtals. Þegar sundurliðaðar tillögur ráðuneytanna bárust kom hins vegar í ljós að samanlögð fjárhæð lækkaða útgjalda hjá þeim nam aðeins 118 milljónum króna og ritaði þá fjárveitinganefnd fjármálráðuneytinu bréf og bað um tillögu ráðuneytisins um þær 32 milljónir króna er á vantaði. Fjárveitinganefnd fékk tillögur fjármálaráðuneytisins þar um og fjölluðu þær um niðurskurð á fjárveitingum vegna viðhalds og stofnframkvæmda á viðfangsefnum á vegum nokkurra ráðuneyta og höfðu þær greiðslur ekki verið inntar af hendi. Fjárveitinganefnd féllst á tillögur fjármálaráðuneytisins um þann niðurskurð þó að fyrir lægi að flestallar þær stofnanir, sem í hlut áttu, höfðu farið fram úr fjárlagaheimildum ársins og sumar allverulega en þá vegna launakostnaðar og annarra rekstrargjalda. Niðurskurðartillögurnar, sem fjárveitinganefnd gerir að sínum, eru því í rauninni um að tilteknar fjárhæðir vegna viðhalds og stofnkostnaðar, sem ekki er búið að ráðstafa, samtals að fjárhæð 32 milljónir króna hjá tilteknum stofnunum, verði ekki yfirfærðar til næsta árs sem geymdar fjárveitingar. Hvað varðar aðrar tillögur er nefndinni bárust hefur hún gert þær allar að sínum og flytur þær nú að einni tillögu undantekinni. Var það tillaga samgönguráðuneytis um niðurskurð á framkvæmdum til tiltekinna viðfangsefna í vegagerð að fjárhæð samanlagt 33 milljónir króna. Vaninn hefur verið sá að þegar þurft hefur að skera niður framkvæmdafé vegna vegagerðar hefur verið haft um það samráð við þingmenn kjördæmanna og þeir hafðir með í ráðum um hvaða viðfangsefni eru valin. Svo var ekki gert nú. Ekki var leitað til þingmannahópanna um þennan niðurskurð og ekkert samráð við þingmenn um það haft og telur fjárveitinganefnd því að ekki sé stuðningur á Alþingi við þær hugmyndir um niðurskurð á einstökum vegaframkvæmdum sem fólust í tillögum samgönguráðherra. Vildi nefndin því ekki fallast á að leggja þær þannig fyrir Alþingi heldur gerir tillögu um niðurskurð sem raunar er mun meiri á öðrum framlögum til vegagerðar sem ráð var fyrir gert í frumvarpinu sjálfu.

Um I. kafla frumvarpsins er það að segja að í honum eru taldar allar svokallaðar aukfjárveitingar sem samþykktar hafa verið á árinu 1989. Samtals nema þessar aukafjárveitingar 8.802.739 þúsundum króna og eru það allt greiðslur án heimilda í fjárlögum. Af þessari fjárhæð var þegar búið að greiða, þegar frumvarp til fjáraukalaga kom til fjárveitinganefndar, 2.275.178 þúsundir króna og búið var að taka skuldbindandi ákvörðun um greiðslu 5.792.531 þúsunda króna því til viðbótar. Þar að auki kom svo endurgreiðsla á söluskatti, sem einnig er bundin, að fjárhæð 350 milljónir króna, þannig að svigrúm fjárveitinganefndar og Alþingis til ákvarðanatöku um greiðslur úr ríkissjóði námu aðeins 385.030 þúsundum króna en þar af áttu 100 milljónir króna að renna sem framlag til Hlutafjársjóðs í samræmi við samþykktir ríkisstjórnar þannig að svigrúm fjárveitinganefndar til ákvarðana um greiðslur utan fjárlagaheimilda nam innan við 300 milljónum króna. Fjárveitinganefnd fór yfir allar þær aukafjárveitingar sem samþykktar höfðu verið en ógreiddar voru og tók þá meginstefnu að leggja ekki til að slíkar aukafjárveitingar yrðu samþykktar. Samtals námu niðurskurðartillögur fjárveitinganefndar á ógreiddum aukafjárveitingum þannig rúmlega 100 milljónum króna og nema niðurskurðartillögur fjárveitinganefndar því rúmlega þriðjungi af þeirri samanlögðu aukafjárveitingafjárhæð sem nefndin gat tekið afstöðu til hvort greiða ætti eða ekki. Allar aðrar

greiðslur höfðu ýmist verið inntar af hendi eða teknar skuldbindandi ákvarðanir um þegar að því kom að nefndin og Alþingi gætu um þær fjallað. Þá bárust nefndinni einnig allmörg erindi frá einstökum ráðuneytum og öðrum um aukafjárveitingar til einstakra viðfangsefna langt umfram það sem fjáraukalögin gerðu ráð fyrir. Fjárveitinganefnd samþykkti engin slík erindi en vísaði þeim öllum frá.

Breytingar á tekjuhlið.

Fjárveitinganefnd óskaði síðan eftir því að farið yrði yfir 1. gr. frumvarps til fjáraukalaga ef einhverjar breytingar kynnu að hafa orðið á tekjuáætlun frumvarpsins nú rétt í þann mund sem tekjuárinu er að ljúka. Niðurstaða þeirrar athugunar varð eftirfarandi:

Áætlun frumvarpsins um tekjur af beinum sköttum umfram áætlun fjárlaga er lækkuð úr 600 milljónum króna í 200 milljónir króna eða um 400 milljónir króna.

Áætlun frumvarpsins um tekjur af óbeinum sköttum umfram áætlun fjárlaga er hækkuð úr 802 milljónum króna í 1.352 milljónir króna eða um 550 milljónir króna.

Áætlun frumvarpsins um aðrar tekjur umfram áætlun fjárlaga er hækkuð úr 66 milljónum króna upp í 116 milljónir króna eða um 50 milljónir króna.

Þessi tekjuspá er algerlega unnin af starfsmönnum fjármálaráðuneytisins í ljósi nýjustu upplýsinga um innheimtu skatta á árinu 1989 og eru heildaráhrifin þau að tekjur umfram áætlun fjárlaga stefna í 3.302 milljónir króna í stað þess að gert var ráð fyrir í frumvarpi til fjáraukalaga að þær stefndu í 2.683 milljónir króna og munar þarna 350 milljónum króna sem áætlað er að tekjur muni hækka umfram áætlun fjárlagafrumvarpsins. Gjöld samkvæmt niðurstöðum fjárveitinganefndar verða hins vegar samtals, umfram áætlun fjárlaga yfirstandandi árs, 8.493.422 þúsundir króna í stað þess sem í frumvarpi til fjáraukalaga segir 8.152.739 þúsundir króna. Gjöld umfram tekjur stefna því nú í 5.460.422 þúsundir króna í stað 5.469.739 þúsunda króna eins og frumvarp til fjáraukalaga gerði ráð fyrir. Munar hér 9.317 þúsundum króna á frumvarpinu og þeirri afgreiðslu sem hér er lögð til sem gjöld umfram tekjur eru minni en áætlað var í frumvarpi til fjáraukalaga. Þegar tillit er svo tekið til lánahreyfinga sem eru mikils til óbreyttar frá frumvarpinu verður greiðsluafkoman mínus 16.636 þúsundir króna samkvæmt þeirri afgreiðslu sem hér er lögð til í stað þess að verða mínus 25.953 þúsundir króna sem frumvarpið gerði ráð fyrir.

Nánari grein verður gerð fyrir einstökum breytingartillögum meiri hl. fjárveitinganefndar í umræðum.

Yfirlit um breytingar frá frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1989.

Hækkun gjalda frá frumvarpi	422.390
Lækkun gjalda frá frumvarpi	-117.207
Samtals	305.183
Vöntun vegna lækkunar gjalda skv. 4. gr.	35.500
Samtals breyting	340.683
Hækkun áætlaðra tekna frá frumvarpi	350.000
Breyting áætlaðrar greiðsluafkomu, bætt staða	9.317

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR

3. gr.

00 Æðsta stjórn ríkisins

201 Alþingi: Viðfangsefnið 1.02 Starfskostnaður hækkar um 13.000 þús. kr. Um er að ræða fjárveitingu vegna viðbótarrekstrarkostnaðar Alþingis á árinu 1989. Viðfangsefnið 104 Skrifstofu- og alþingiskostnaður hækkar um 6.000 þús. kr. Fjárveitingin er vegna óuppgerðra mála. Viðfangsefnið 690 Ýmis stofnkostnaður hækkar um 4.000 þús. kr. vegna kaupa á kvikmyndasafni Magnúsar Jóhannssonar.

01 Forsætisráðuneyti

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefnið 101 Yfirstjórn hækkar um 5.000 þús. kr. Um er að ræða fjárveitingu vegna afmælis Rauða kross Íslands vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar.

171 Byggðastofnun, framlag: Viðfangsefnið 610 Byggðastofnun, Hlutafjársjóður hækkar um 50.000 þús. skv. beiðni ríkisstjórnarinnar.

02 Menntamálaráðuneyti

201 Háskóli Íslands: Viðfangsefnið 101 Yfirstjórn lækkar um 1.000 þús. kr. Viðfangsefnið 102 Sameiginleg útgjöld hækkar um 2.900 þús. kr. Um er að ræða hækkun á ferðakostnaði í rannsóknarleyfum. Viðfangsefnið 103 Rekstur fasteigna hækkar um 8.900 þús. kr. Viðfangsefnið 111 Læknadeild hækkar um 6.400 þús. kr. Um er að ræða hækkun vegna vanáætlaðs rekstrarkostnaðar og ofáætlaðra sértekna. Viðfangsefnið 119 Íþróttakennsla hækkar um 800 þús. kr. Viðfangsefnið 125 Raunvísindadeild lækkar um 200 þús. kr.

203 Raunvísindastofnun Háskólans: Viðfangsefnið 120 Eðlisfræðistofa hækkar um 3.300 þús. kr. Um er að ræða leiðréttingu á mistökum um hvernig liðnum skyldi ráðstafað og ofáætlaðra sértekna. Viðfangsefnið 140 Jarðfræðistofa hækkar um 813 þús. kr. vegna ofáætlaðra sértekna. Viðfangsefnið 690 Tækjakaup deilda hækkar um 626 þús. kr. Um er að ræða endurnýjun á bifreið vegna tjóns.

321 Kennaraháskóli Íslands: Viðfangsefnið 101 Almennur rekstur hækkar um 1.300 þús. kr. Um er að ræða breytingar á föstum kennarastöðum við skólann vegna kjarasamninga.

871 Unglingaheimili ríkisins: Viðfangsefnið 101 Unglingaheimili ríkisins lækkar um 6.500 þús. kr.

931 Náttúrverndarráð: Viðfangsefnið 134 Friðlýst svæði, merkingar og eftirlit hækkar um 1.300 þús. kr.

977 Þjóðarbókhlaða: Viðfangsefnið 601 Stofnkostnaður lækkar um 30.000 þús. kr.

999 Ýmislegt: Viðfangsefnið 131 Geysir í Haukadal hækkar um 2.600 þús. kr. Um er að ræða skuld vegna samningsbundinna framkvæmda á hverasvæðinu sem fallin er í gjalddaga. Viðfangsefnið 181 Málræktarátak lækkar um 1.000 þús. kr.

03 Utanríkisráðuneyti

390 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi: Viðfangsefnið 121 Framlag til Póllands vegna matarsendingar hækkar um 10.000 þús. kr. samkvæmt beiðni ríkisstjórnarinnar.

401 Alþjóðastofnanir: Viðfangsefnið 163 Alþjóðastofnanir, UNIFEM lækkar um 620 þús. kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

201 Búnaðarfélag Íslands: Viðfangsefnið 101 Yfirstjórn hækkar um 8.500 þús. kr. vegna halla fyrri ára.

205 Veiðistjóri: Viðfangsefnið 190 Almennur rekstur hækkar um 10.700 þús. kr. Um er að ræða uppgjör kostnaðar vegna eyðingar refa og minka.
231 Skógrækt ríkisins: Viðfangsefnið 630 Vélar og tæki lækkar um 887 þús. kr.
246 Veiðimálastofnun: Viðfangsefnið 601 Nýr liður Fasteignir hækkar og verður 3.000 þús. kr. Um er að ræða fjárveitingu til að greiða húsnæði stofnunarinnar að Hólum í Hjaltadal.
299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi: Viðfangsefnið 122 Ýmis verkefni lækkar um 2.000 þús. kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins: Viðfangsefnið 610 Tæki og búnaður lækkar um 1.000 þús. kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

700 Málefni fatlaðra: Viðfangsefnið 104 Kostnaður skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra hækkar um 33.800 þús. kr. Um er að ræða greiðslu á skuld við Tryggingastofnun ríkisins.
708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi: Viðfangsefnið 171 Sólheimar hækkar um 3.500 þús. kr.
799 Félagsmál, ýmis starfsemi: Viðfangsefnið 190 Ýmis framlög hækkar um 3.500 þús. kr. vegna óskar félagsmálaráðuneytis.
999 Félagsmál, ýmis starfsemi: Viðfangsefnið 140 Kvennaathvarf í Reykjavík lækkar um 1.000 þús. kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

271 Tryggingastofnun ríkisins: Viðfangsefnið 120 Sjúkratryggingar hækkar um 52.000 þús. kr. vegna greiðslu á rannsóknarkostnaði á Ríkisspítölum.
340 Málefni fatlaðra: Viðfangsefnið 190 Önnur starfsemi hækkar um 500 þús. kr. Um er að ræða fjárveitingu til Geðhjálpar til að samtökin geti haldið óbreyttri starfsemi áfram.
381 Sjúkrahús og læknisbústaðir: Viðfangsefnið 690 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða hækkar um 20.300 þús. kr. sem skiptist þannig: Vopnafjörður, dvalarheimili 2.500 þús. kr. Hafnarfjörður, H2 og Sólvangur 6.000 þús. kr. Ísafjörður, sjúkrahús 10.000 þús. kr. Hólmavík, 400 þús. kr. Hvolsvöllur, læknisbústaður, 1.400 þús. kr. Framlög þessi eru öll vegna skuldar við framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins.
481 Bindindisstarfsemi: Viðfangsefnið 140 Átak í áfengisvörnum lækkar um 2.000 þús. kr.
501 Skólar heilbrigðisstétta: Viðfangsefnið 130 Lyfjatækniskóli Íslands hækkar um 700 þús. kr. Um er að ræða fjárveitingu til endurnýjunar húsgagna, tölvukaupa og fleira sem fallið er í gjalddaga.

09 Fjármálaráðuneyti

989 Launa og verðlagsmál: Viðfangsefnið 130 Endurgreiðsla söluskatts til iðnaðar, sjávarútvegs og fiskeldis hækkar um 40.000 þús. kr., samkvæmt beiðni ríkisstjórnarinnar.
999 Ýmislegt: Viðfangsefnið 119 Ýmsar endurgreiðslur hækkar um 23.051 þús. kr. vegna skuldar á aðflutningsgjöldum hjá ríkisféhirði vegna björgunartækja o.fl.

10 Samgönguráðuneyti

211 Vegagerð ríkisins: Viðfangsefnið 510 Viðhald vega lækkar um 50.000 þús. kr.
333 Hafnamál: Viðfangsefnið 631 Landshafnir, óskipt hækkar um 50.000 þús. kr. vegna fyrirhugaðrar yfirtöku sveitarfélaga á rekstri landshafna um áramótin. Viðfangsefnið 640 Sjóvarnargarðar, Flateyri hækkar um 6.000 þús. kr. Um er að ræða fjárveitingu vegna skemmda á sjóvörn á Flateyri.
471 Flugmálastjórn: Viðfangsefnið 140 Flugvalladeild lækkar um 5.000 þús. kr.
485 Ýmis framlög: Viðfangsefnið 133 Öryggismálaskóli sjómanna hækkar um 7.500 þús. kr. Um er að ræða fjárveitingu til Slysavarnafélags Íslands vegna Öryggismálaskóla sjómanna.

11 Iðnaðarráðuneyti

399 Ýmis orkumál: Viðfangsefnið 119 Önnur orkumál hækkar um 36.000 þús. kr. Um er að ræða fjárveitingu til greiðslu á kostnaði við viðgerð á sæstreng til Vestmannaeyja.

4. gr.

Gerð er grein fyrir sundurliðun á heimild fjármálaráðherra til lækkunar gjalda skv. 2. gr. fjárlaga að fjárhæð 614.500 þús. kr.

Alþingi, 17. des. 1989.

Sighvatur Björgvinsson, form., frsm. | Margrét Frímannsdóttir, fundaskr. | Alexander Stefánsson.

Ólafur Þ. Þórðarson. | Ásgeir Hannes Eiríksson.

Ed. 362. Nefndarálit [90. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og neðri deild afgreiddi það á þskj. 269.

Salome Þorkelsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. des. 1989.

Eiður Guðnason, form., frsm. | Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr. | Halldór Blöndal, með fyrirvara.

Jón Helgason. | Skúli Alexandersson. | Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Nd. 363. Nefndarálit [180. mál]

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru á því í meðförum efri deildar.

Geir Gunnarsson og Hreggviður Jónsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. des. 1989.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, form., frsm. | Alexander Stefánsson. | Kristinn Pétursson.

Matthías Bjarnason. | Guðni Ágústsson.

Ed. 364. Nefndarálit [221. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Það var ljóst strax þegar frumvarp um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga var til umfjöllunar á Alþingi að í kjölfar slíkrar breytingar mundi fylgja óvissa og röskun á högum og réttindastöðu margra starfsmanna ríkis og sveitarfélaga. Því var nauðsynlegt, þegar frumvarpið hafði verið samþykkt, að grípa til aðgerða með góðum fyrirvara til að koma í veg fyrir slíkt.

Þetta frumvarp tekur á takmörkuðum hluta þess vanda sem verður í málefnum fjölmargra starfsmanna víða um land þegar lög um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga taka gildi nú um áramótin. Enn er þó margt ófrágengið í þessum efnum og langt í frá að allt það starfsfólk, sem nú kvíðir óljósri eða verri réttarstöðu en áður vegna þessara breytinga, hafi fengið úrlausn sinna mála. Er gagnrýnivert hve seint er hér gripið til ráða til að leysa nokkurn hluta þess vanda sem við fólki blasir nú í annríki síðustu starfsdaga þingsins fyrir jólahlé.

Minni hl. skilur mikilvægi þess að finna lausn á þessum vanda og setur sig ekki í meginatriðum á móti þeim aðgerðum sem hér eru boðaðar. Hins vegar kom í ljós við umfjöllun málsins í nefnd að sú lausn, sem hér er fundin, er einungis takmörkuð bráðabirgðalausn og þarfnast endurskoðunar. Því flytur minni hl. breytingartillögu þess efnis. Jafnframt kom í ljós að efni frumvarpsins varðar grundvallaratriði sem eru leiðir og aðferðir launþegahreyfinga í kjarabaráttu og tengist ágreiningi sem ríkir um þau mál innan allra launþegasamtaka.

Einmitt þess vegna er gagnrýnivert að efni frumvarpsins skuli ekki hafa verið rækilegar kynnt fyrir samtökum launafólks, en það hefur komið í ljós að t.d. Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna hefur athugasemdir við frumvarpið.

Minni hl. gerir breytingartillögur við 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins sem kynnt er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 18. des. 1989.

Guðrún Agnarsdóttir.

Ed. 365. Breytingartillögur [221. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur og Danfríði Skarphéðinsdóttur.

1. Við 1. gr. 3. efnismgr. orðist þannig:
   Hlutaðeigandi bæjarstarfsmannafélag skal tilkynna fjármálaráðuneytinu fyrir 15. janúar 1990 hverjir starfsmanna óska eftir að vera áfram í viðkomandi félagi og skal það staðfest með yfirlýsingu starfsmanns, ella gildi um félagsaðild ákvæði 4.–5. gr.
2. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990 og falla úr gildi 31. desember 1990.

Sþ. 366. Svar [223. mál]

ráðherra Hagstofu Íslands við fyrirspurn Hreggviðs Jónssonar um vísitölu lánskjara.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hvaða áhrif hefur niðurfelling söluskatts (virðisaukaskatts) á tryggingaiðgjöld bifreiða á útreikning lánskjaravísitölunnar og hvaða áhrif hefur álagning bifreiðagjalds á vísitölu?

Niðurfelling söluskatts á tryggingaiðgjöld bifreiða veldur 0,48% lækkun vísitölu framfærslukostnaðar og þar með 0,16% lækkun lánskjaravísitölu.

Áformað er að bifreiðagjald hækki frá 1. jan. 1990 úr 2,83 kr. á kg í 5,20 kr. á kg. Þetta gjald gildir fyrri helming ársins 1990. Þessi hækkun bifreiðagjalds hækkar vísitölu framfærslukostnaðar um 0,29% og veldur því 0,1% hækkun lánskjaravísitölu.

Til samans valda þessar breytingar á skattlagningu bifreiða því 0,19% lækkun vísitölu framfærslukostnaðar og þar með 0,06% lækkun lánskjaravísitölu.

Sþ. 367. Breytingartillögur [100. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1989.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Áætlað er að eftirtaldar breytingar verði á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1989, sbr. 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1989:

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**3.033.000**
Beinir skattar	200.000	
Óbeinir skattar	1.352.000	
Fjármagnstekjur, vextir	1.365.000	
Aðrar tekjur	116.000	
Gjöld		**8.493.422**
Rekstrarliðir	2.525.538	
Neysla og rekstrartilfærslur	4.521.207	
Fjármagnsgjöld, vextir	820.000	
Fjárfesting	626.677	
Gjöld umfram tekjur		**5.460.422**
Lánahreyfingar		
Afborganir, nettó		160.000
Veitt lán		765.000
Hluta- og stofnfjárframlög		- 135.000
Lánsfjárþörf		**6.250.422**

	Þús. kr.	Þús. kr.
Lántökur		6.233.786
Ríkisvíxlar	800.000	
Önnur innlend lán	2.258.786	
Erlend lántaka	175.000	
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		- 16.636

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Til viðbótar því, sem kveðið er á um í 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1989, sbr. sundurliðun í 3. gr. þessara laga og ákvæði 4. gr., bætist:

00 Æðsta stjórn ríkisins	160.000	
01 Forsætisráðuneyti	166.251	
02 Menntamálaráðuneyti	541.637	
03 Utanríkisráðuneyti	69.535	
04 Landbúnaðarráðuneyti	924.140	
05 Sjávarútvegsráðuneyti	115.500	
06 Dómsmálaráðuneyti	198.237	
07 Félagsmálaráðuneyti	- 155.711	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1.870.918	
09 Fjármálaráðuneyti	2.164.341	
10 Samgönguráðuneyti	620.966	
11 Iðnaðarráðuneyti	187.000	
12 Viðskiptaráðuneyti	807.500	
13 Hagstofa Íslands	1.723	
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	821.385	
		8.493.422

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Sundurliðun gjalda skv. 2. gr. á viðfangsefni er þessi:

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-101 Embætti forseta Íslands

Viðhaldsverkefni:		
5 01 Viðhald fasteigna		50.000

00-201 Alþingi

Almennur rekstur:		
1 02 Starfskostnaður	13.000	
1 04 Skrifstofu- og alþingiskostnaður	43.000	
1 06 Útgáfukostnaður Alþingistíðinda	4.000	
1 20 Rekstrarkostnaður fasteigna	9.000	
		69.000
Stofnkostnaður:		
6 90 Ýmis stofnkostnaður		4.000

00-202 Ríkisendurskoðun	Þús. kr.	Þús. kr.
Almennur rekstur:		
1 01 Yfirstjórn		9.000
00-301 Ríkisstjórn		
Almennur rekstur:		
1 01 Ríkisstjórn		30.000

01 Forsætisráðuneyti

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa		
Almennur rekstur:		
1 01 Yfirstjórn	12.307	
1 40 Gjöf Jóns Sigurðssonar	424	
		12.731
Stofnkostnaður:		
6 01 Eignakaup		3.520
01-171 Byggðastofnun, framlag		
Stofnkostnaður:		
6 10 Byggðastofnun, Hlutafjársjóður		150.000

02 Menntamálaráðuneyti

02-101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa		
Almennur rekstur:		
1 01 Yfirstjórn		11.400
Stofnkostnaður:		
6 01 Tölvukaup		3.600
02-201 Háskóli Íslands		
Almennur rekstur:		
1 02 Sameiginleg útgjöld	37.350	
1 03 Rekstur fasteigna	8.900	
1 11 Læknadeild	6.400	
1 19 Íþróttakennsla	800	
		53.450
02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum		
Viðhaldsverkefni:		
5 01 Viðhald húseigna		4.900
Stofnkostnaður:		
6 90 Tæki og búnaður		1.658

	Þús. kr.	Þús. kr.
02-203 Raunvísindastofnun Háskólans		
Almennur rekstur:		
1 20 Eðlisfræðistofa	3.300	
1 40 Jarðfræðistofa	813	
		4.113
Stofnkostnaður:		
6 90 Tækjakaup deilda		626
02-205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi		
Stofnkostnaður:		
6 01 Tækjabúnaður		543
02-210 Háskóli á Akureyri		
Almennur rekstur:		
1 01 Háskóli á Akureyri		3.000
Stofnkostnaður:		
6 01 Eignakaup		1.837
02-231 Náttúrufræðistofnun Íslands		
Stofnkostnaður:		
6 01 Innréttingar		5.119
02-232 Rannsóknaráð ríkisins		
Stofnkostnaður:		
6 01 Endurbætur á húsnæði		1.000
02-276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna		
Stofnkostnaður:		
6 01 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna		25.000
02-308 Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut		
Stofnkostnaður:		
6 01 Endurbætur		2.158
02-319 Framhaldsskólar, almennt		
Almennur rekstur:		
1 01 Framhaldsskólar, almennt		82.000
02-321 Kennaraháskóli Íslands		
Almennur rekstur:		
1 01 Kennaraháskóli Íslands		1.800
02-331 Íþróttakennaraskóli Íslands		
Stofnkostnaður:		
6 50 Nýbygging og tækjakaup		1.899
02-359 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti		
Stofnkostnaður:		
6 01 Íþróttahús		9.700

	Þús. kr.
02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	
Stofnkostnaður:	
6 10 Verknámshús	1.000
02-501 Tækniskóli Íslands	
Stofnkostnaður:	
6 01 Kennslutæki	416
02-507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík	
Stofnkostnaður:	
6 01 Kennslutæki	37.500
02-515 Iðnnám, almennt	
Stofnkostnaður:	
6 90 Iðnskólar, almennt	700
02-517 Hótel- og veitingaskóli Íslands	
Stofnkostnaður:	
6 01 Innréttingar	1.110
02-562 Leiklistarskóli Íslands	
Stofnkostnaður:	
6 01 Kennslutæki	1.000
02-580 Samvinnuskólinn	
Almennur rekstur:	
1 01 Kennsla	4.280
02-720 Grunnskólar, almennt	
Almennur rekstur:	
1 80 Sérkennsla í grunnskólum, óskipt	3.500
02-871 Unglingaheimili ríkisins	
Almennur rekstur:	
1 01 Unglingaheimili ríkisins	3.500
02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	
Almennur rekstur:	
1 01 Lánasjóður íslenskra námsmanna	180.000
02-901 Landsbókasafn Íslands	
Almennur rekstur:	
1 01 Landsbókasafn Íslands	300
Stofnkostnaður:	
6 01 Bókakaup o.fl.	921
02-903 Þjóðskjalasafn Íslands	
Stofnkostnaður:	
6 01 Innréttingar	4.900

	Þús. kr.	Þús. kr.
02-904 Safnahúsið við Hverfisgötu		
Viðhald:		
5 01 Viðhald fasteignar		600
02-909 Blindrabókasafn Íslands		
Almennur rekstur:		
1 01 Blindrabókasafn Íslands		1.680
02-931 Náttúruverndarráð		
Almennur rekstur:		
1 34 Friðlýst svæði, merkingar og eftirlit		1.300
02-973 Þjóðleikhús		
Almennur rekstur:		
1 01 Þjóðleikhús		85.000
02-982 Listir, framlög		
Almennur rekstur:		
1 21 Leikfélag Akureyrar	605	
1 28 Kynning á íslenskri list erlendis	1.025	
1 37 Tónlistarstarfsemi, styrkir	500	
1 80 Listahátíð	3.000	
		5.130
02-989 Ýmis íþróttamál		
Almennur rekstur:		
1 23 Skákmót, styrkir	1.000	
1 30 Bridgesamband Íslands	1.500	
1 40 Ýmis framlög til íþróttamála	5.000	
		7.500
Stofnkostnaður:		
6 13 Íþróttasamband fatlaðra vegna endurhæfingar		6.000
02-991 Húsafriðun		
Stofnkostnaður:		
6 20 Nesstofa		742
02-999 Ýmislegt		
Almennur rekstur:		
1 20 Fundur íþróttaráðherra Evrópu á Íslandi	5.500	
1 31 Geysir í Haukadal	2.600	
1 40 Dimmuborgir	300	
1 81 Málræktarátak	6.000	
1 90 Söfn, styrkir	2.000	
1 92 Ýmis framlög	2.855	
		19.255
Stofnkostnaður:		
6 43 Skriðuklaustur		1.500

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	Þús. kr.	Þús. kr.
1 01 Yfirstjórn	5.100	
1 31 Kvikmyndir og myndbönd, landkynning	2.887	
1 50 Viðskiptaskrifstofa	9.500	
		17.487

03-201 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:		
1 01 Yfirstjórn	2.000	
1 10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	14.687	
1 20 Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	18.313	
		35.000

03-390 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:		
1 21 Framlag til Póllands, matarsendingar		10.000

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:		
1 58 Alþjóðastofnanir, friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Namibíu	6.432	
1 59 Alþjóðastofnanir, friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Angóla	142	
1 60 Alþjóðastofnanir, flóttamannaaðstoð í Namibíu	158	
1 61 Alþjóðastofnanir, samræmingarstarf Sameinuðu þjóðanna í Afganistan o.fl.	158	
1 62 Alþjóðastofnanir, Alþjóðaráð Rauða krossins, Afghanistan	158	
		7.048

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-201 Búnaðarfélag Íslands

Almennur rekstur:	
1 01 Yfirstjórn	8.500

04-205 Veiðistjóri

Almennur rekstur:	
1 90 Veiðistjóri	10.700

04-235 Landgræðsla ríkisins

Almennur rekstur:	
1 10 Almenn landgræðsla	8.000

04-243 Sauðfjárveikivarnir

Almennur rekstur:	
1 01 Sauðfjárveikivarnir	67.620

	Þús. kr.	Þús. kr.
04-246 Veiðimálastofnunin		
Almennur rekstur:		
1 40 Laxeldisstöðin í Kollafirði		8.000
Stofnkostnaður:		
6 01 Fasteignir		3.000
04-288 Jarðræktarlög, framlög		
Stofnkostnaður:		
6 20 Jarðræktarframlög o.fl.		73.400
04-289 Endurgreiðsla gjalda í landbúnaði		
Almennur rekstur:		
1 10 Endurgreiðsla kjarnfóðurgjalds	70.000	
1 20 Endurgreiðsla söluskatts í fiskeldi og loðdýrarækt	73.000	
1 30 Niðurgreiðslur á fóðri í loðdýrarækt	55.000	
		198.000
04-290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir		
Almennur rekstur:		
1 01 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir		520.000
04-299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi		
Almennur rekstur:		
1 22 Ýmis verkefni	28.930	
1 24 Gunnarshús, Skriðuklaustri	390	
		29.320
04-503 Garðyrkjuskóli ríkisins		
Stofnkostnaður:		
6 01 Fasteignir, óskipt		600

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-202 Hafrannsóknastofnun		
Almennur rekstur:		
1 01 Yfirstjórn		11.400
05-203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins		
Almennur rekstur:		
1 90 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins		2.600
Stofnkostnaður:		
6 10 Tæki og búnaður		1.500
05-280 Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla		
Almennur rekstur:		
1 01 Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla		100.000

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-201 Hæstiréttur

Stofnkostnaður:	Þús. kr.	Þús. kr.
6 01 Tæki og búnaður		618

06-203 Borgardómarinn í Reykjavík

Almennur rekstur:

1 01 Borgardómarinn í Reykjavík		5.000

06-204 Borgarfógetinn í Reykjavík

Almennur rekstur:

1 01 Borgarfógetinn í Reykjavík		5.000

06-206 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:

1 20 Almenn löggæsla		20.000

06-211 Sýslumenn og bæjarfógetar

Viðhaldsverkefni:

5 50 Fasteignir		2.267

06-212 Bæjarfógeti Akranesi

Almennur rekstur:

1 20 Löggæsla		2.400

06-213 Sýslumaður Borgarnesi

Almennur rekstur:

1 20 Löggæsla		4.300

Stofnkostnaður:

6 01 Frágangur lóðar		338

06-214 Sýslumaður- og bæjarfógeti Stykkishólmi

Almennur rekstur:

1 20 Löggæsla Stykkishólmi	1.300	
1 21 Löggæsla Grundarfirði	800	
1 24 Löggæsla Ólafsvík og Hellissandi	1.300	
		3.400

06-215 Sýslumaður Búðardal

Almennur rekstur:

1 20 Löggæsla		1.300

06-216 Sýslumaður Patreksfirði

Almennur rekstur:

1 20 Löggæsla		1.100

Stofnkostnaður:

6 10 Viðbygging		7.022

	Þús. kr.	Þús. kr.
06-217 Bæjarfógeti Bolungarvík		
Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla		900
06-218 Sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði		
Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla		1.500
06-219 Sýslumaður Hólmavík		
Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla		2.300
06-221 Sýslumaður Blönduósi		
Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla		4.300
06-222 Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki		
Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla		400
06-223 Bæjarfógeti Siglufirði		
Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla		2.800
Stofnkostnaður:		
6 10 Nýbygging		2.300
06-224 Bæjarfógeti Ólafsfirði		
Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla		900
06-225 Sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri		
Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla Akureyri	10.900	
1 21 Löggæsla Dalvík	1.000	
		11.900
06-227 Sýslumaður og bæjarfógeti Seyðisfirði		
Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla Seyðisfirði	3.200	
1 21 Löggæsla Vopnafirði	1.600	
		4.800
06-228 Bæjarfógeti Neskaupstað		
Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla		1.800

	Þús. kr.	Þús. kr.
06-229 Sýslumaður og bæjarfógeti Eskifirði		
Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla Eskifirði og Reyðarfirði	900	
1 21 Löggæsla Egilsstöðum	800	
1 22 Löggæsla Fáskrúðsfirði	400	
1 23 Löggæsla Suðurfjörðum	100	
		2.200
Stofnkostnaður:		
6 21 Lögreglustöð Egilsstöðum		2.972
06-230 Sýslumaður Höfn í Hornafirði		
Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla		3.400
06-231 Sýslumaður Vík í Mýrdal		
Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla		3.600
06-233 Bæjarfógeti Vestmannaeyjum		
Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla		8.500
Stofnkostnaður:		
6 10 Stjórnsýsluhús	321	
6 20 Innréttinga	3.000	
		3.321
06-234 Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi		
Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla		700
Stofnkostnaður:		
6 20 Lögreglustöð		2.154
06-235 Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík		
Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla Keflavík og Njarðvík	6.400	
1 21 Löggæsla Grindavík	1.200	
		7 600
Stofnkostnaður:		
6 01 Skrifstofuhúsnæði		5.946
06-236 Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði		
Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla Hafnarfirði		7.900
Stofnkostnaður:		
6 01 Fasteign		1.268

	Þús. kr.
06-237 Bæjarfógeti Kópavogi	
Almennur rekstur:	
1 20 Löggæsla	9.000
06-244 Fangelsið, Síðumúla 28	
Viðhaldsverkefni:	
5 01 Loftræsting, eldvarnir	1.500
06-251 Landhelgisgæsla Íslands	
Stofnkostnaður:	
6 90 Tæki og búnaður	2.564
06-252 Bifreiðaeftirlit ríkisins	
Almennur rekstur:	
1 01 Bifreiðaeftirlit	13.000
06-281 Dómsmál, ýmis starfsemi	
Stofnkostnaður:	
6 90 Dómsmál, ýmis kostnaður	3.839
06-283 Fangamál, ýmis kostnaður	
Almennur rekstur:	
1 13 Geðlækninga- og sálfræðiþjónusta við refsifanga	6.750
06-301 Biskup Íslands	
Almennur rekstur:	
1 01 Yfirstjórn	5.900
Viðhaldsverkefni:	
5 02 Viðhald bústaðar	2.460
06-302 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar	
Almennur rekstur:	
1 01 Yfirstjórn	1.000
Stofnkostnaður:	
6 01 Búnaður	1.399
06-303 Prestaköll og prófastsdæmi	
Almennur rekstur:	
1 90 Prestar og prófastar	10.000
Stofnkostnaður:	
6 20 Byggingar á prestssetrum	14.619

07 Félagsmálaráðuneyti

07-101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa

	Þús. kr.	Þús. kr.
Almennur rekstur:		
1 01 Yfirstjórn		700

07-700 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:		
1 04 Kostnaður skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra		33.800

07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík

Almennur rekstur:		
1 01 Svæðisstjórn	500	
1 22 Sambýli, leiguhúsnæði	500	
1 29 Sambýli Sóleyjargötu	500	
1 31 Tæknivinnustofa Öryrkjabandalagsins	1.000	
1 33 Blindrafélagið, körfugerð og blindravinnustofa	3.500	
1 62 Dagvistun Lyngási	500	
1 63 Skammtímavistun Víðihlíð 9	500	
1 74 Meðferðarheimili fyrir þroskahefta	500	
		7.500

07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra

Almennur rekstur:		
1 01 Svæðisstjórn	1.000	
1 20 Sambýli Byggðavegi 91	2.000	
1 21 Sambýli Borgarhlíð 3	1.000	
1 22 Sambýli Vanabyggð 4c	2.000	
1 70 Vistheimilið Sólborg	7.000	
1 90 Ýmis verkefni	10.000	
		23.000

07-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi

Almennur rekstur:		
1 71 Sólheimar		3.500

07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Almennur rekstur:		
1 01 Yfirstjórn		4.000

07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra

Stofnkostnaður:		
6 01 Framkvæmdasjóður fatlaðra		9.039

07-981 Vinnumál

Almennur rekstur:		
1 90 Ýmislegt		65.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
07-982 Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota		
Almennur rekstur:		
101 Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota	165.000	
110 Orlofsgreiðslur vegna greiðsluerfiðleika fyrirtækja	20.000	
		185.000
07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi		
Almennur rekstur:		
131 Félagasamtök, styrkir	1.600	
132 Starfsmenntun í atvinnulífinu	4.000	
140 Kvennaathvarf í Reykjavík	1.000	
190 Ýmis framlög	6.150	
		12.750

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-271 Tryggingastofnun ríkisins		
Almennur rekstur:		
110 Lífeyristryggingar	48.000	
120 Sjúkratryggingar	1.562.000	
130 Slysatryggingar	32.000	
		1.642.000
08-324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands		
Almennur rekstur:		
101 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands		3.100
08-325 Hollustuvernd ríkisins		
Almennur rekstur:		
101 Hollustuvernd ríkisins		1.000
08-327 Geislavarnir ríkisins		
Almennur rekstur:		
101 Geislavarnir		1.330
08-340 Málefni fatlaðra		
Almennur rekstur:		
190 Önnur starfsemi		500
08-356 Sjúkrahúsið Sauðárkróki		
Almennur rekstur:		
101 Sjúkrahúsið Sauðárkróki		2.000
08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri		
Stofnkostnaður:		
601 Ýmis eignakaup		3.100
08-359 Sjúkrahúsið Húsavík		
Almennur rekstur:		
101 Sjúkrahúsið Húsavík		7.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
08-361 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað		
Almennur rekstur:		
1 01 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað		4.000
08-367 Sjúkrahúsið Keflavík		
Almennur rekstur:		
1 01 Sjúkrahúsið Keflavík		18.500
08-371 Ríkisspítalar		
Almennur rekstur:		
1 10 Legudeildir, svæfinga- og gjörgæsludeild		50.000
08-373 St. Jósefsspítali, Landakoti		
Almennur rekstur:		
1 01 St. Jósefsspítali, Landakoti		87.000
08-378 Læknishéraðasjóður		
Almennur rekstur:		
1 01 Læknishéraðasjóður		1.017
08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir		
Stofnkostnaður:		
6 60 Tækjakaup, óskipt	1 499	
6 8921 Ólafsvík, hjúkrunarheimili aldraðra	200	
6 8971 Höfn í Hornafirði, hjúkrunarheimili aldraðr	6.097	
6 8972 Vopnafjörður, dvalarheimili	2.500	
6 9023 Hafnarfjörður, H2 og Sólvangur	6.000	
6 9031 Akranes, sjúkrahús	500	
6 9037 Grundarfjörður, H1	515	
6 9041 Ísafjörður, sjúkrahús	10.000	
6 9063 Húsavík, sjúkrahús H2	1.000	
6 9068 Raufarhöfn, H1	200	
6 9072 Vopnafjörður, H1	100	
6 9077 Hólmavík	400	
6 9078 Höfn í Hornafirði, H1, H í Öræfum	757	
6 90801 Laugarás, H2	200	
6 9080 Eyrarbakki H	1.000	
6 9085 Hveragerði, H2	150	
6 9089 Hvolsvöllur, læknisbústaður	1.400	
6 9093 Flateyri, læknabústaður	294	
6 93 Hraunbúð	1.000	
		33.812
08-391 Heilsugæslustöðvar		
Almennur rekstur:		
1 01 Heilsugæslustöðvar		50.000
08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi		
Almennur rekstur:		
1 90 Ýmis framlög		469

	Þús. kr.	Þús. kr.
08-471 Gæsluvistarsjóður, framlag		
Stofnkostnaður:		
6 10 Gæsluvistarsjóður		890
08-481 Bindindisstarfsemi		
Almennur rekstur:		
1 40 Átak í áfengisvörnum		2.000
08-501 Skólar heilbrigðisstétta		
Almennur rekstur:		
1 30 Lyfjatækniskóli Íslands		700

09 Fjármálaráðuneyti

09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa		
Almennur rekstur:		
1 01 Yfirstjórn		9.000
09-102 Launaskrifstofa ríkisins		
Almennur rekstur:		
1 01 Launaskrifstofa ríkisins		10.000
09-103 Ríkisbókhald		
Almennur rekstur:		
1 01 Ríkisbókhald		17.000
09-104 Ríkisfjárhirsla		
Almennur rekstur:		
1 01 Ríkisfjárhirsla		4.000
09-202 Skattstofan í Reykjavík		
Almennur rekstur:		
1 01 Skattstofan í Reykjavík		12.000
09-212 Skattstofur, sameiginleg útgjöld		
Almennur rekstur:		
1 01 Skattstofur, sameiginleg útgjöld	80.000	
1 20 Virðisaukaskattur	45.100	
		125.100
Stofnkostnaður:		
6 02 Tölvubúnaður o.fl.	9.000	
09-261 Ríkistollstjóri		
Almennur rekstur:		
1 01 Ríkistollstjóri		17.000
09-481 Útgjöld samkvæmt sérstökum lögum og heimildarlögum		
Stofnkostnaður:		
6 01 Útgjöld samkvæmt sérstökum lögum og heimildarlögum		59.000

09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:		
6 10 Laugavegur 166	27.600	
6 20 Stjórnsýsluhús á Ísafirði	5.900	
6 60 Sölvhólsgata 4	1.190	
6 80 Skuggasund 3	10.500	
		45.190
09-989 Launa- og verðlagsmál		
Almennur rekstur:		
1 01 Launa- og verðlagsmál	1.315.000	
1 30 Endurgreiðsla söluskatts til iðnaðar, sjávarútvegs og fiskeldis		390.000
09-999 Ýmislegt		
Almennur rekstur:		
1 10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	10.000	
1 11 Skýrsluvélakostnaður vegna launagreiðslna	20.000	
1 12 Skýrsluvélakostnaður vegna tekjubókhalds	40.000	
1 13 Kjarasamningar	12.000	
1 19 Ýmsar endurgreiðslur	23.051	
1 90 Óviss útgjöld	25.000	
		130.051
Stofnkostnaður:		
6 10 Símstöð		25.000

10 Samgönguráðuneyti

10-211 Vegagerð ríkisins		
Viðhaldsverkefni:		
5 10 Viðhald vega		100.000
Stofnkostnaður:		
6 10 Nýframkvæmdir		405.000
10-321 Strandferðir, framlög		
Almennur rekstur:		
1 10 Skipaútgerð ríkisins	650	
1 2008 Hríseyjarferja	2.707	
		3.357
10-331 Vita- og hafnamálaskrifstofan		
Almennur rekstur:		
1 01 Vita- og hafnamálaskrifstofan		1.124
Stofnkostnaður:		
6 20 Þjónustumiðstöð		20.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
10-332 Vitastofnun Íslands		
Almennur rekstur:		
1 10 Rekstur vita		2.100
10-333 Hafnamál		
Stofnkostnaður:		
6 31 Landshafnir, óskipt	50.000	
6 40 Sjóvarnargarðar, Flateyri	6.000	
		56.000
10-341 Siglingamálastofnun ríkisins		
Almennur rekstur:		
1 01 Siglingamálastofnun ríkisins		1.500
10-471 Flugmálastjórn		
Almennur rekstur:		
1 30 Reykjavíkurflugvöllur	8.890	
1 40 Flugvalladeild	9.110	
		18.000
10-485 Ýmis framlög		
Almennur rekstur:		
1 20 Tilkynningarskylda íslenskra skipa	3.085	
1 33 Öryggismálaskóli sjómanna	7.500	
		10.585
10-651 Ferðamálaráð		
Stofnkostnaður:		
6 20 Hótel, framlög		2.800
10-652 Veðurstofa Íslands		
Stofnkostnaður:		
6 90 Veðurratsjá o.fl.		7.500

11 Iðnaðarráðuneyti

11-240 Iðnaðarrannsóknir		
Almennur rekstur:		
1 01 Iðnaðarrannsóknir		5.000
11-299 Iðja og iðnaður, framlög		
Almennur rekstur:		
1 40 Framlag til ullariðnaðar	6.000	
1 45 Framlag til lagmetisiðnaðar	17.000	
		23.000
11-399 Ýmis orkumál		
Almennur rekstur:		
1 16 Niðurgreiðsla orkuverðs til fiskiðnaðar	100.000	
1 19 Önnur orkumál	71.000	
		171.000

12 Viðskiptaráðuneyti

12-201 Niðurgreiðslur á vöruverði

Almennur rekstur:	Þús. kr.
1 01 Niðurgreiðslur á vöruverði	800.000

12-902 Verðlagsstofnun

Almennur rekstur:	
1 01 Verðlagsstofnun	7.500

13 Hagstofa Íslands

13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1 01 Yfirstjórn	1.723

15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun

15-181 Ríkisbifreiðar, framlag

Stofnkostnaður:	
6 90 Ríkisbifreiðar, framlag	1.385

15-991 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir

Almennur rekstur:	
1 01 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	820.000

4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Lækkun gjalda skv. 2. og 4. gr. fjárlaga árið 1989 er eftirfarandi:

00-201 Alþingi

Stofnkostnaður:	
6 90 Ýmis stofnkostnaður	2.000

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Viðhaldsverkefni:	
5 01 Viðhald húseigna	3.000
Stofnkostnaður:	
6 01 Tæki og búnaður	3.000

02-321 Kennaraháskóli Íslands

Viðhaldsverkefni:	
5 01 Fasteign	1.500

	Þús. kr.	Þús. kr.
02-322 Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands		
Stofnkostnaður:		
601 Lóð og tækjakaup		1.000
02-331 Íþróttakennaraskóli Íslands		
Viðhaldsverkefni:		
501 Viðhald íþróttavalla o.fl.		500
Stofnkostnaður:		
601 Kennslutæki		1.000
02-352 Flensborgarskóli, fjölbraut		
Viðhaldverkefni:		
501 Endurbætur		1.000
02-506 Vélskóli Íslands		
Stofnkostnaður:		
690 Tækjakaup		1.000
02-517 Hótel- og veitingaskóli Íslands		
Stofnkostnaður:		
601 Innréttingar		1.500
02-518 Fiskvinnsluskólinn		
Stofnkostnaður:		
601 Tæki og búnaður		1.000
02-730 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra o.fl.		
Stofnkostnaður:		
Vatnsleysuströnd, sundlaug og baðklefar	1.000	
Eyrarsveit, íþróttahús	500	
Patreksfjörður, viðbygging	1.000	
Flateyri, íþróttahús	3.000	
Suðureyri, sundlaug	900	
Súðavík, viðbygging	1.000	
Hólahreppur, kennarabústaður	800	
Skagaströnd, skólastjórabústaður	500	
Breiðdalshreppur	1.700	
Orkusparandi aðgerðir	1.000	
Ófyrirséður kostnaður	1.400	
		10.000
02-799 Heyrnleysingjaskólinn		
Viðhaldsverkefni:		
501 Endurbætur		2.000

02-803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður	Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:		
Borgarnes	500	
Ísafjörður	1.000	
Hvammstangi	2.000	
Skagaströnd	1.700	
Siglufjörður	800	
Breiðdalsvík	1.000	
Höfn í Hornafirði	1.500	
Grindavík	800	
Ófyrirséður kostnaður	- 3.300	
		6.000
02-902 Þjóðminjasafn Íslands		
Viðhaldsverkefni:		
5 01 Húseign við Suðurgötu		2.500
02-903 Þjóðskjalasafn Íslands		
Stofnkostnaður:		
6 01 Innréttingar		5.000
04-172 Jarðasjóður		
Stofnkostnaður:		
6 01 Jarðasjóður		1.000
04-235 Landgræðsla ríkisins		
Stofnkostnaður:		
6 20 Fræverkunarstöð		2.000
06-206 Lögreglustjórinn í Reykjavík		
Viðhaldsverkefni:		
5 60 Aðallögreglustöð, viðhald		3.000
06-211 Sýslumenn og bæjarfógetar		
Viðhaldsverkefni:		
5 50 Fasteignir		1.000
Stofnkostnaður:		
6 10 Tæki og búnaður		1.000
06-236 Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði		
Stofnkostnaður:		
6 01 Fasteign		1.500

	Þús. kr.	Þús. kr.
06-251 Landhelgisgæsla Íslands		
Stofnkostnaður:		
6 90 Tæki og búnaður		1.500
06-303 Prestaköll og prófastsdæmi		
Stofnkostnaður:		
6 20 Byggingar á prestssetrum		2.000
07-271 Byggingarsjóður ríkisins		
Stofnkostnaður:		
6 01 Byggingarsjóður ríkisins		500.000
08-350 Sjúkrahúsið Akranesi		
Almennur rekstur:		
1 01 Sjúkrahúsið Akranesi		5.500
08-371 Ríkisspítalar		
Stofnkostnaður:		
6 60 Stjórnarnefnd, stofnkostnaður	10.000	
6 70 Yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð	15.000	
		25.000
08-385 Framkvæmdasjóður aldraðra		
Stofnkostnaður:		
6 01 Framkvæmdasjóður aldraðra		7.000
09-481 Útgjöld samkvæmt sérstökum lögum og heimildarlögum		
Stofnkostnaður:		
6 01 Útgjöld skv. sérstökum lögum og heimildarlögum		3.000
10-333 Hafnamál		
Stofnkostnaður:		
6 20 Ferjubryggjur	2.000	
6 30 Hafnarmannvirki og lendingarbætur, óskipt fjárveiting til slysavarna	5.000	
		7.000
11-371 Orkusjóður		
Stofnkostnaður:		
6 14 Lánagreiðslur, framlög		12.000

Nd. 368. Frumvarp til laga [210. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. des.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 30. gr.:

a. Í stað „90.000“ og „180.000“ í 1. málsl. 2. tölul. B-liðar 1. mgr. komi: 115.000 og 230.000.
b. Í stað „72.000“ og „144.000“ í 2. málsl. 4. tölul. B-liðar 1. mgr. komi: 100.000 og 200.000.
c. Í stað „15.400.000“ og „30.800.000“ í 3. málsl. 2. mgr. komi: 18.200.000 og 36.400.000.

2. gr.

Í stað „82.600“ í 41. gr. komi: 100.000.

3. gr.

Við 65. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Skattstjóri má taka til greina umsókn framfæranda barns um að allar tekjur barns, sem misst hefur báða foreldra sína og hefur ekki verið ættleitt, skuli skattlagðar hjá barninu sjálfu í samræmi við ákvæði 2. mgr. 67. gr. Sama á við ef barn hefur misst annað foreldri sitt.

4. gr.

1. tölul. 1. mgr. 67. gr. orðist svo:

Af tekjuskattsstofni reiknast 32,8%.

5. gr.

Í stað „214.104“ í 1. mgr. A-liðar 68. gr. komi: 250.200.

6. gr.

Í stað „492“ í 1. mgr. B-liðar 68. gr. komi: 575.

7. gr.

Í stað „21.568“, „32.353“ og „64.705“ í A-lið 69. gr. komi: 25.204, 37.807 og 75.614.

8. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á B-lið 69. gr.:

a. Í stað „51.224“ í 2. mgr. komi: 59.860.
b. Í stað „825.000“ og „550.000“ í 3. mgr. komi: 920.000 og 613.000.
c. Í stað „2.850.000“ og „4.275.000“ í 4. mgr. komi: 3.280.000 og 4.920.000.

9. gr.

Í stað 2. og 3. mgr. C-liðar 69. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 79/1989, komi þrjár nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Vaxtabætur skal ákvarða þannig að frá vaxtagjöldum, eins og þau eru skilgreind í 3. mgr., skal draga fjárhæð er svarar til 6% af tekjuskattsstofni eins og hann er skilgreindur í 62. gr. Sé um hjón eða sambýlisfólk, sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr., að ræða skal framangreint hlutfall reiknast af samanlögðum tekjuskattsstofni þeirra beggja. Þannig ákvarðaðar vaxtabætur einstaklings skerðast hlutfallslega fari eignir hans skv. 73. gr., að frádregnum skuldum

skv. 76. gr., fram úr 2.500.000 kr. uns þær falla niður við tvöfalt hærri mörk. Vaxtabætur hjóna eða sambýlisfólks skerðast með sama hætti fari samanlagðar eignir þeirra skv. 73. gr., að frádregnum skuldum skv. 76. gr., fram úr 4.150.000 kr. uns þær falla niður við tvöfalt hærri mörk. Jákvæður mismunur telst vera vaxtabætur. Vaxtabætur geta þó aldrei orðið hærri en 107.000 kr. fyrir hvern mann, 140.000 kr. fyrir einstætt foreldri og 174.000 kr. fyrir hjón eða sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. Vaxtabætur greiðast út eigi síðar en 1. sept. ár hvert að lokinni álagningu opinberra gjalda og miðast við vaxtagjöld viðkomandi tekjuárs og eignir í lok þess sama árs. Vaxtabætur, sem eru lægri en 500 kr. á mann, falla niður.

Vaxtabætur skv. 2. mgr. miðast við fjárhæð vaxtagjalda hjá hverjum framteljanda. Vaxtagjöld samkvæmt þessari málsgrein geta aldrei verið hærri en 400.000 kr. hjá einstaklingi, 525.000 kr. hjá einstæðu foreldri, en 650.000 kr. hjá hjónum eða sambýlisfólki. Til vaxtagjalda í þessu sambandi teljast:

1. Vaxtagjöld, afföll og gengistöp skv. 1., 2. og 4. tölul. 51. gr. að því marki sem þau eru umfram vaxtatekjur skv. 3.–5. tölul. 1. mgr. 8. gr., enda séu gjöld þessi vegna fasteignaveðlána til a.m.k. tveggja ára eða lána við lánastofnanir með sjálfskuldarábyrgð til a.m.k. tveggja ára, enda séu lánin sannanlega notuð til öflunar á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Til vaxtagjalda sem verðbætur og gengistöp teljast í þessu sambandi aðeins gjaldfallnar verðbætur og gengistöp á afborganir og vexti. Með eigin notum er átt við að húsnæðið sé nýtt til íbúðar af eiganda þess sjálfum.
2. Vaxtagjöld umfram vaxtatekjur skv. 3.–5. tölul. 1. mgr. 8. gr. vegna annarra lána en um ræðir í 1. tölul., enda er einungis heimilt að telja þau með á næstu fjórum árum talið frá og með kaupári ef um er að ræða kaup á íbúð til eigin nota, sbr. 1. tölul. Sé um nýbyggingu að ræða er heimilt að telja þau með á næstu sjö árum talið frá og með því ári þegar bygging hefst, eða til og með því ári sem húsnæðið er tekið til íbúðar ef það er síðar.

Hvorki teljast til vaxtagjalda hjá seljanda áfallnar uppsafnaðar verðbætur af lánum sem kaupandi yfirtekur við sölu íbúðar né heldur uppsafnaðar áfallnar verðbætur á lán skuldara sem hann greiðir á lánstíma umfram ákvæði viðkomandi skuldabréfs.

Ef annað hjóna, sem rétt eiga á vaxtabótum, fellur frá skal ákvarða eftirlifandi maka, sem situr í óskiptu búi, vaxtabætur eins og um hjón væri að ræða næstu fimm ár eftir lát maka.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 78. gr.:

a. Í stað „900.000“ og „1.800.000“ komi: 1.080.000 og 2.160.000.
b. Við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Auk heimildar í 1. mgr. er mönnum heimilt að draga frá eignum sínum, sbr. 73. gr., markaðsverðbréf sem gefin eru út af ríkissjóði, ríkisvíxla, happdrættisskuldabréf ríkissjóðs, húsbréf gefin út af Byggingarsjóði ríkisins svo og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða, sbr. lög nr. 20/1989, þar sem verðbréfasjóðurinn er eingöngu myndaður af framangreindum skuldaviðurkenningum, enda séu eignir þessar ekki tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

11. gr.

Við 82. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Skattstjóri má taka til greina umsókn framfæranda barns um að eignir barns, sem misst hefur báða foreldra sína og hefur ekki verið ættleitt, skuli skattlagðar hjá barninu sjálfu í samræmi við ákvæði 83. gr. Sama á við ef barn hefur misst annað foreldri sitt.

12. gr.

83. gr. laganna orðist svo:

Eignarskattur manna reiknast þannig: Af fyrstu 2.875.000 kr. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur. Af eignarskattsstofni yfir 2.875.000 kr. greiðist 1,2%. Af eignarskattsstofni yfir 8.050.000 kr. greiðist að auki 0,75%, þó þannig að hjá þeim sem hafa tekjuskattsstofn undir 1.680.000 kr. skal lækka reiknaðan eignarskatt samkvæmt þessum málslið, hlutfallslega þannig að hann falli að fullu niður ef tekjuskattsstofn er undir 840.000 kr.

13. gr.

1. og 2. mgr. 121. gr. laganna orðist svo:

Fjárhæðir, sem um ræðir í 68. gr., A-lið 69. gr., 2. mgr. B-liðar 69. gr. og hámarksfjárhæð vaxtabóta skv. 6. málsl. 2. mgr. C-liðar 69. gr., skulu 1. júlí á staðgreiðsluári taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. des. næstan á undan staðgreiðsluári og lánskjaravísitölu sem er í gildi 1. júní á staðgreiðsluári.

Fjárhæðir þær, sem um ræðir í 1. mgr., skulu breytast í fyrsta sinn 1. júlí 1990 í samræmi við mismun sem verður á lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. des. 1989, þ.e. 2.722 stig, og þeirrar sem í gildi verður 1. júní 1990.

14. gr.

Í stað „1990“ í 122. gr. komi: 1991.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. jan. 1990 og gilda við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 1990 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1991. Jafnframt falla úr gildi frá og með sama tíma lög nr. 7/1974, um skattalega meðferð verðbréfa o.fl. sem ríkissjóður selur innan lands, og 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 79/1983, um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs.

Þó skulu ákvæði 1. gr., 2. gr., 3. gr., 8. gr., 9. gr., 10. gr., 11. gr., 12. gr. og 13. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts og ákvörðun bóta á árinu 1990 vegna tekna á árinu 1989 og eigna í lok þess árs.

Ákvæði til bráðabirgða.

Húsnæðisbætur, sbr. ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 79/1989, skulu vera 53.400 kr. miðað við lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. des. 1989, þ.e. 2.722 stig.

Nd. 369. Lög [51. mál]

um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 186.

Ed. 370. Frumvarp til laga [229. mál]

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 91/1989.

(Eftir 2. umr. í Ed., 18. des.)

1. gr.

Í stað orðsins „matsverðs“ í 1. mgr. 4. gr. laganna komi: álagningarstofns.

2. gr.

3. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Verði ágreiningur um gjaldstofn skv. 3. gr. skal vísa honum til úrskurðar Fasteignamats ríkisins. Þeim úrskurði má skjóta til yfirfasteignamatsnefndar ríkisins. Verði ágreiningur um gjaldskyldu sker yfirfasteignamatsnefnd úr. Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til dómstóla.

3. gr.

1. mgr. 34. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórnum er heimilt að innheimta aðstöðugjald í sveitarsjóð hjá þeim aðilum, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

4. gr.

A-liður 2. mgr. 34. gr. laganna orðist svo:

Þeir sem um ræðir í 1.–4. tölul. og 6. tölul. 4. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

5. gr.

Í stað „1. tölul. 1. mgr. 31. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 35. gr. laganna komi: 1. tölul. 31. gr., og í stað „1. tölul. 2. mgr. 31. gr.“ í 2. mgr. sömu greinar komi: 2. mgr. 1. tölul. 31. gr.

6. gr.

Upphaf fyrri málsgreinar 38. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er að innheimta aðstöðugjald hjá aðila sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í öðru sveitarfélagi en þar sem hann á lögheimili eða hefur aðalatvinnurekstur sinn ef.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1990.

Ed. 371. Lög [90. mál]

um breyting á lögum nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 269.

Sþ. 372. Nefndarálit [100. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1989.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1989 var vísað til nefndarinnar þann 13. nóv. sl. Í því felst nokkurt nýmæli að frumvarp af þessu tagi sé flutt á yfirstandandi fjárlagaári. Tilefni þessa er án efa sú umræða sem fram hefur farið í fjárveitinganefnd um nauðsyn breytinga á starfsháttum við meðferð ríkisfjármála. Þegar útgjöld ríkissjóðs á árinu 1988 fóru 8.000 millj. kr. fram úr fjárlögum var nefndinni nóg boðið. Þá var skoðun nefndarinnar í heild sú að ekki yrði lengur við það unað að framkvæmdarvaldið dragi á þennan hátt til sín fjárveitingavaldið sem samkvæmt stjórnarskránni er í höndum Alþingis og látið við það sitja að samþykkja eftir á heimildarlausar ákvarðanir ríkisstjórnar eða fjármálaráðherra. Einn þátturinn í þessum nauðsynlegu breytingum er sá að aflað sé heimilda með fjáraukalögum fyrir greiðslum úr ríkissjóði umfram fjárlög áður en þær eru inntar af hendi. Þessi sjónarmið voru kynnt fjármálaráðherra sem síðan ákvað að flytja þetta frumvarp.

Þegar frumvarpið var flutt var það bæði síðborið og vanburða.

Í fyrsta lagi var það of seint á ferðinni þannig að afgreiðsla þess í nefndinni fer saman við aðalvinnulotu nefndarinnar fyrir afgreiðslu fjárlaga.

Í öðru lagi er frumvarpið lagt fyrir Alþingi eftir að meginhlutinn af því fé, sem með frumvarpinu á að afla heimilda fyrir, hefur þegar verið greiddur úr ríkissjóði. Alþingi stendur því að þessu leyti frammi fyrir gerðum hlut.

Í þriðja lagi var frumvarpið lagt fram í þeim búningi að það gat naumast talist þinghæft. Þetta skal skýrt með eftirfarandi:

a. Sömu fjárlagaliðirnir voru taldir upp aftur og aftur í frumvarpinu í stað þess að fella tölur saman í einn lið þar sem við átti og greina síðan sundur í greinargerð eftir þörfum.
b. Í frumvarpinu voru safnliðir, samtals tæplega 4.000 millj. kr., sem ekki var skipt á einstaka fjárlagaliði og gátu að verulegu leyti verið til frjálsrar ráðstöfunar fjármálaráðherra ef samþykktir yrðu óbreyttir.
c. Í frumvarpinu var farið fram á heimild fyrir fjármálaráðherra til að lækka útgjöld um allt að 650 millj. kr. án þess að skipt væri niður á einstök fjárlaganúmer og einstök verkefni.

Í heild var frumvarpið þannig úr garði gert að ógerlegt var fyrir Alþingi að vita hvað verið væri að greiða atkvæði um í ýmsum greinum.

Fjárveitinganefnd hefur fjallað um frumvarpið sameiginlega og m.a. rætt þær breytingar sem nauðsynlegt var að gera á uppsetningu frumvarpsins þannig að það gæti komið til afgreiðslu á Alþingi í eðlilegum búningi. Þetta er þýðingarmikið því að ætla má að það hafi nokkurt fordæmisgildi um form við meðferð slíkra mála eftirleiðis.

Meiri hl. flytur fjölda breytingartillagna sem m.a. eiga að þjóna framangreindu markmiði. Minni hl. stendur ekki að afgreiðslu málsins í heild. Fulltrúar minni hl. taka þó fram að þeir telja vinnulag og efnistök formanns nefndarinnar og meiri hl. hafi verið eðlileg og rökrétt. Um þá þætti málsins er full samstaða innan nefndarinnar.

Minni hl. vill einnig taka fram að nokkrar af breytingartillögum meiri hl. og fáeinir liðir frumvarpsins eiga rætur að rekja til ákvarðana sem teknar hafa verið með fullri aðild minni hl. og stjórnarandstöðunnar, sumpart í fjárveitinganefnd og sumpart á Alþingi. Minni hl. mælir með þessum breytingartillögum og leggur til að þær verði samþykktar. Þær eru þessar.

		Þús. kr.	Þús. kr.
1.	00-101 Embætti forseta Íslands		
	Viðhaldsverkefni:		
	5 01 Viðhald fasteigna		50.000
2.	02-507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík		
	Stofnkostnaður:		
	6 01 Kennslutæki		37.500
3.	08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir		
	Stofnkostnaður:		
	6 8972 Vopnafjörður, dvalarheimili	2.500	
	6 9023 Hafnarfjörður, H2 og Sólvangur	6.000	
	6 9041 Ísafjörður, sjúkrahús	10.000	
	6 9077 Hólmavík	400	
	6 9089 Hvolsvöllur, læknisbústaður	1.400	20.300
4.	10-211 Vegagerð ríkisins		
	Viðhaldsverkefni:		
	5 10 Viðhald vega		100.000
	Stofnkostnaður:		
	6 10 Nýframkvæmdir		405.000
5.	10-333 Hafnamál		
	Stofnkostnaður:		
	6 40 Sjóvarnargarðar, Flateyri		6.000
6.	10-485 Ýmis framlög		
	Almennur rekstur:		
	1 33 Öryggismálaskóli sjómanna		7.500

Aðrir þættir frumvarpsins og breytingartillagna meiri hl. eiga sér þrenns konar uppruna.

1. Afleiðingar af röngum forsendum, vanáætlunum og losaralegri afgreiðslu fjárlaga fyrir tæpu ári sem þá var sterklega vakin athygli á og gagnrýnd af fulltrúum minni hl.
2. Ákvarðanir ríkisstjórnarinnar um ný útgjöld úr ríkissjóði til ýmissa viðfangsefna eftir að fjárlög voru afgreidd.
3. Útgjöld sem meiri hl. fjárveitinganefndar leggur til að greidd verði samkvæmt fjáraukalögum en hefðu í sumum tilvikum ella komið til greiðslu á fjárlögum næsta árs.

Í frumvarpinu var, þegar það var lagt fram, farið fram á heimild til að auka útgjöld ríkissjóðs á þessu ári umfram fjárlög um 8.152 millj. kr. Í breytingartillögum meiri hl. er lagt til að nokkuð verði bætt um betur þannig að útgjöld vaxi um 8.610 millj. kr., en frá því dragist vegna niðurskurðar á móti 117 millj. kr. þannig að útkoman verði aukin útgjöld ríkissjóðs á þessu ári umfram fjárlög sem nemur 8.493 millj. kr. Á móti því kemur að tekjurnar vaxi frá frumvarpinu um 350 millj. kr. eða samtals frá fjárlögum um 3 milljarða króna.

Af því mikla fjármagni, sem hér er verið að leita heimilda fyrir að greiða úr ríkissjóði á þessu ári umfram fjárlög og hefur þegar að mestu verið greitt, gengur auðvitað sumt til þarflegra málefna, öðru er varið á þann veg að minni hl. er því gjörsamlega andvígur. Auk þess eru niðurskurðartillögur meiri hl. og ríkisstjórnar sumar hverjar næsta hjákátlegar.

Aðrar bera vott um viðhorf sem minni hl. getur ekki sætt sig við, þar á meðal algert skilningsleysi á málefnum sem konur starfa að, m.a. með niðurskurði um 1 millj. kr. til Kvennaathvarfs, sem sinnir bráðnauðsynlegri aðhlynningu fórnarlamba ofbeldis, og framlag til UNIFEM, 620 þús. kr. Þeir sem að þróunarmálum starfa telja að þetta fé og raunar miklu meira komi því aðeins að gagni að það renni um hendur kvenna. Með þessum niðurskurði er því lágt seilst.

Þetta verður þó ekki greint hér frekar í sundur og ef frá eru taldir þeir liðir sem minni hl. lýsir stuðningi við hér að framan stendur minni hl. á engan hátt að þessari afgreiðslu.

Þótt enn séu vafalaust ekki öll kurl til grafar komin varðandi útkomu ársins liggur það fyrir að með afgreiðslu þessa frumvarps er kveðinn upp þungur dómur yfir fjármálastjórn fjármálaráðherra og ríkisstjórnar á árinu 1989. Sá dómur sannar að afgreiðsla fjárlaga fyrir þetta ár hefur reynst óraunhæf og að fjármál ríkisins hafa farið hrapallega úr böndunum.

Alþingi, 18. des. 1989.

Pálmi Jónsson, frsm. Egill Jónsson. Málmfríður Sigurðardóttir.

Friðjón Þórðarson.

Sþ. 373. Tillaga til þingsályktunar [242. mál]

um að flytja ráðuneyti Stjórnarráðsins frá Reykjavík.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvort flytja megi einhver ráðuneyti Stjórnarráðsins frá Reykjavík í önnur byggðalög. Könnuninni skal lokið fyrir þingbyrjun haustið 1990.

Greinargerð.

Reykvíkingar heyra oft talað um Reykjavíkurvaldið þegar deilt er um þjóðmál. Þá er látið eins og það sé stefna íbúa Reykjavíkurborgar að safna sem mestu valdi innan borgarmarkanna en það er ekki sannleikanum samkvæmt. Reykjavík er höfuðborg landsins og þar er Alþingi Íslendinga og því eru ráðuneytin og margar helstu stofnanir ríkisins í borginni. En það er ekkert lögmál að þessar opinberu stofnanir séu áfram innan borgarmúranna og sérstaklega ekki eftir að samgöngur hafa stórbatnað og ný tækni þróast stöðugt með farsímum og telefax-tækjum og öðrum búnaði.

Fljótt á litið er auðvelt að ímynda sér ýmis ráðuneyti í öðrum byggðarlögum.

Dæmi 1: Dóms- og kirkjumálaráðuneytið mætti flytja til Selfoss. Þangað er greiður akvegur frá Reykjavík og fljótlegt að komast á milli. Ríkisfangelsi Íslendinga er í næsta nágrenni og því eðlilegt að hin nýja fangelsisstofnun fylgi með. Hugsanlegt er jafnvel að flytja kirkjumálaráðuneytið sérstaklega til Skálholts ásamt embætti biskups Íslands og endurreisa þannig hina fornu frægð staðarins og kirkjunnar þar eins og kirkjunnar fólk hefur lengi stefnt að. Enda virðist auðvelt að færa mest af störfum kirkjumálaráðuneytisins undir biskup Íslands og einfalda þar með reksturinn.

Dæmi 2: Landbúnaðarráðuneytið mætti flytja í Borgarnes. Þangað er að mestu greiður akvegur frá Reykjavík og tíðar ferjusiglingar á milli Reykjavíkur og Akraness. Þá eru stöðugt ræddar hugmyndir um göng undir Hvalfjörð sem mundu stytta leiðina verulega og með því að flytja ráðuneytið í Borgarnes væri flýtt fyrir þeirri miklu samgöngubót. Með návistinni við bændaskólann og önnur umsvif að Hvanneyri yrði Borgarnes kjörinn vettvangur fyrir miðstöð landbúnaðarmála og því er eðlilegt að Búnaðarfélag Íslands ásamt fleiri stofnunum og félögum landbúnaðarins flytji með ráðuneytinu í Borgarnes eða að Hvanneyri.

Dæmi 3: Sjávarútvegsráðuneytið mætti flytja til Keflavíkur eða Grindavíkur. Þangað eru greiðar samgöngur frá Reykjavík og fljótekið. Flutningur ráðuneytisins mundi væntanlega flýta fyrir tvöföldun Reykjanesbrautar sem er mikið hagsmunamál fyrir íbúa á svæðinu og aðra vegfarendur.

Þá er sjálfsagt að ýmsar stofnanir tengdar sjávarútvegi fylgi í kjölfarið og vel til fallið fyrir samtök hagsmunaaðila, svo sem fiskverkendur og útvegsmenn.

Með þessu móti má dreifa stjórnardeildum ríkisins í fleiri kjördæmi án þess að rjúfa tengslin við Reykjavík og nágrenni. Þær vegalengdir, sem hér um ræðir, eru alls ekki miklu lengri en gerist og gengur innan marka höfuðborgarsvæðisins. Þá er ótalinn sá möguleiki að flytja stjórnardeildir á Seltjarnarnes, í Mosfellsbæ, á Kjalarnes, í Kópavog, í Garðabæ eða Hafnarfjörð.

Þá er sjálfsagt að ráðherrar sitji ekki á Alþingi jafnframt ráðherradómi heldur kveðji til varamenn. Þannig gefst þeim betri tími til að sinna ráðuneytum sínum óskiptir og því minna um frávik. Þá má hugsanlega fækka þingmönnum, sem því nemur, en formenn viðkomandi þingnefnda taki við hlutverki ráðherra í umræðum á Alþingi.

Einnig má flytja margar opinberar stofnanir lengra frá Reykjavík, t.d. Byggðastofnun til Akureyrar og Hafrannsóknastofnun til Ísafjarðar og rannsóknastofnanir landbúnaðarins að Hólum í Hjaltadal eða austur á Hérað.

Þannig kemst á meira jafnvægi í byggð landsins og vinna eykst á landsbyggðinni. Þess vegna er eðlilegt að í kjölfarið fylgi batnandi atkvæðisréttur fyrir Reykvíkinga og fleiri þingsæti fyrir höfuðborgina, þ.e. með flutningunum minnka jafnframt rök fyrir því að dreifbýlisfólk búi áfram við margfaldan atkvæðisrétt á við Reykvíkinga. Þetta er því réttlætismál fyrir alla landsmenn.

Sþ. 374. Tillaga til þingsályktunar [243. mál]

um að samræma opinberan ferðakostnað.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að láta samræma opinberan ferðakostnað hjá fulltrúum ríkisins. Verkinu skal lokið fyrir þingbyrjun haustið 1990.

Greinargerð.

Fljótt á litið sýnist ekki vera mikið samræmi í ferðalögum á vegum hins opinbera og veldur það oft misskilningi og jafnvel tortryggni. Þess vegna er rétt að samræma hið fyrsta öll opinber ferðalög og setja um þau fastmótaðar reglur.

Í fyrsta lagi þarf að tryggja að opinberir erindrekar, hverju nafni sem nefnast í stjórnsýslunni, ferðist jafnan á hagkvæmasta hátt. Jafnan séu t.d. keyptir hagstæðustu flugfarmiðar. Þá er sjálfsagt að leita samninga á ferðamarkaðinum um hæsta mögulegan afslátt á farseðlum með hliðsjón af fjölda af keyptum miðum á hverju ári.

Í öðru lagi verður að samræma gistingu opinberra stjórnsýslumanna á ferð um önnur lönd á kostnað ríkissjóðs. Ákveðið þak verði sett á gistikostnað á sólarhring og ekki greitt umfram það. Einnig verði leitað samninga um mesta mögulegan afslátt á gistingu hjá gistihúsum sem hlut eiga að máli.

Í þriðja lagi verður að koma fastri reglu á greiðslur dagpeninga ef þeirra gerist þá lengur þörf. Tryggja verður að opinberir ferðalangar safni ekki í sjóði á ferðalögum og þau verði þannig að tekjulind. Það er óeðlilegur máti og mun ýta undir frekari ferðir á vegum hins opinbera.

Síðast en ekki síst verður að skoða og meta þörfina fyrir ferðir til útlanda á vegum ríkisins með hliðsjón af vaxandi tækni í samskiptum á milli landa. Tölvubúnaður og fax-sendingar eru að ryðja sér til rúms og eldri tegundir samskipta eru á undanhaldi. Með því hlýtur að draga úr þörfinni fyrir ferðalög af þessu tagi.

Þá er rétt að athuga ferðir innan lands, en þar virðast vera að komast á nokkuð góðar reglur. Þó má sjálfsagt athuga betur um afslátt á ferðum og gistingu með hliðsjón af umfangi viðskipta ríkisins.

Þannig er sjálfsagt að bjóða út þá þætti sem hægt er svo sem aðkeyptan akstur o.fl. Eðlilegt er að versla við ferðaskrifstofur á almennum markaði.

Sþ. 375. Fyrirspurn [244. mál]

til félagsmálaráðherra um ráðstafanir ráðherra vegna úrskurða Jafnréttisráðs.

Frá Geir H. Haarde.

Til hvaða ráðstafana hyggst félagsmálaráðherra, sem ráðherra jafnréttismála, grípa í framhaldi af því að Jafnréttisráð hefur tvívegis á stuttum tíma kveðið upp þann úrskurð að menntamálaráðherra hafi brotið ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla?

Nd. 376. Lög [180. mál]

um viðauka við lög nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.)

Samhljóða þskj. 320.

Sþ. 377. Svar [138. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar á þskj. 142 um fræðslu um Evrópumálefni.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

„Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til að stuðla að fræðslu á meðal almennings um Evrópumálefni áður en til afdrifaríkra ákvarðana kann að koma af Íslands hálfu?“

Leitað var upplýsinga um efni fyrirspurnarinnar hjá utanríkisráðuneyti og fara svör þess hér á eftir:

Alþingi, utanríkisráðuneytið og önnur stjórnvöld hafa staðið fyrir umfangsmikilli upplýsingastarfsemi um Evrópumálefni á þessu ári. Evrópunefnd Alþingis gaf út á fyrri hluta ársins fimm hefti um *Ísland og Evrópu* þar sem fjallað var á aðgengilegan hátt um alla þætti þessa máls sem um ræðir, svo sem þróun viðskipta Íslands og Evrópulanda, þróun mála innan EFTA og EB og sérhagsmuni Íslendinga. Starfsmenn utanríkisráðuneytisins veittu margvíslega aðstoð við upplýsingaöflun og frágang þessara hefta. Þau samsvara um hundrað blaðsíðna upplýsingariti um Evrópumálefni. Samtals hafa þau verið gefin út í 7.400 eintökum.

Á vegum öryggismálanefndar hafa verið gefin út tvö rit sem fjalla um þessi mál. Í maí 1987 kom út ritið *Ísland og Evrópubandalagið* eftir Gunnar Helga Kristinsson og í nóvember 1989 kom út ritið *Evrópubandalagið, stofnanir og ákvarðanataka* eftir Þorstein Magnússon.

Utanríkisráðuneytið hefur komið á föstu samráði með helstu hagsmunaaðilum í landinu. Haldnir hafa verið margir samráðsfundir þar sem allar veigamestu upplýsingar varðandi málið hafa verið ræddar. Meðal annars var haldinn upplýsingafundur með fulltrúum þessara aðila í Brussel. Þá hafa einnig einstakir forustumenn úr sjávarútvegi setið fundi með ráðherrum erlendis þar sem þessi mál hafa verið til umræðu. Viðskiptaskrifstofa utanríkisráðuneytisins hefur komið upplýsingum og gögnum um þróun mála, þar á meðal nýlegri skýrslu utanríkisráðherra, á framfæri við þessa aðila. Í þessu sambandi má geta þess að helstu hagsmunaaðilar hafa komið á fót eigin upplýsingakerfi og miðlun til félagsmanna sinna. Þessi framtakssemi er mjög lofsverð. Rétt er að þakka Félagi íslenskra iðnrekenda fyrir útgáfu *EB-frétta*. Þá hefur einnig hlutur annarra ráðuneyta í þróun þessara mála verið mikilvægur, en innan Stjórnarráðsins hefur verið skipulagt víðtækt samstarfskerfi þar sem fulltrúar viðkomandi ráðuneyta fjalla um sín sérsvið.

Stjórnvöld telja að fjölmiðlar í landinu hafi mikilvægu hlutverki að gegna og séu vettvangur fyrir umræður og umfjöllun um Evrópumálefni, eins og önnur opinber málefni, og hafa því gert sér far um að koma upplýsingum á framfæri við þá. Utanríkisráðuneytið hefur haldið ýmsa fundi með blaða- og fréttamönnum. Í haust var haldinn fundur og þangað boðið fulltrúum allra fjölmiðla. Gerð var grein fyrir mikilvægustu þáttum málsins og þeim afhent greinargerð þar að lútandi. Í nóvember voru einnig haldnir upplýsingafundir með þeim frétta- og blaðamönnum sem þess óskuðu. Upplýsingadeild utanríkisráðuneytisins hefur fengið það

forgangsverkefni að vinna markvisst að því að koma öllum þýðingarmiklum upplýsingum um málið á framfæri við fjölmiðla.

Utanríkisráðherra lét gera ítarlega skýrslu fyrir Alþingi í nóvember um könnunarviðræður EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið. Skýrslunni hefur verið komið á framfæri við ýmsa aðila, svo sem verkalýðsfélög, samtök vinnuveitenda, sveitarstjórnir og framhaldsskóla.

Utanríkisráðuneytið telur nauðsynlegt að gert verði frekara átak til að kynna sem flesta efnisþætti málsins. Kynningarstarf af þessu tagi ræðst af því fé sem stjórnvöld telja sig geta veitt til verksins. Innan utanríkisráðuneytisins er nú unnið að athugun á eftirfarandi möguleikum:

Að gefa út almennan upplýsingabækling sem hægt yrði að dreifa eftir þörfum. Enn fremur hvort hægt yrði að útbúa upplýsingaefni handa skólum og fleiri aðilum.

Að gera fræðslumynd um þessi mál sem standa mundi sjónvarpsstöðvum, stofnunum, skólum og öðrum aðilum til boða.

Að halda fræðslufundi um landið þar sem þeir embættismenn, sem helst hafa unnið að málum, sitji fyrir svörum. Jafnframt standi það til boða að þessir embættismenn fari á fundi hagsmunaaðila og annarra, sem þess óska, til að veita upplýsingar.

Útgáfa sérstaks fréttablaðs um málefni Íslands og Evrópu með tilliti til EFTA og EB sem dreift yrði í stóru upplagi.

Almenn ráðstefna um þessi mál með þátttöku hagsmunaaðila og sérfræðinga.

Forsætisráðherra er fyrirspyrjanda sammála um nauðsyn þess að þjóðin, og ekki síst atvinnulífið í landinu, hafi sem gleggstar hugmyndir um hvaða áhrif hugsanleg þátttaka Íslendinga í hinu fyrirhugaða evrópska efnahagssvæði mundi hafa áður en bindandi ákvarðanir verða teknar af hálfu Íslendinga í kjölfar þeirra undirbúnings- og samningaviðræðna sem nú fara í hönd. Er þá jafnt átt við áhrifin inn á við og út á við, kosti þess og galla fyrir Íslendinga, þau tækifæri og þær hættur sem slíkum tengslum kunna að vera samfara, en líka hverjar afleiðingar það kynni að hafa til langs tíma fyrir Íslendinga að sitja hjá í þeirri þróun sem nú er fyrirsjáanleg í Evrópu.

Nd. 378. Nefndarálit [239. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um vísitölu byggingarkostnaðar, nr. 42 30. mars 1987.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 19. des. 1989.

Páll Pétursson, form., frsm.	Þórhildur Þorleifsdóttir, fundaskr.	Friðrik Sophusson.
Jón Sæmundur Sigurjónsson.	Matthías Bjarnason.	Þórður Skúlason.

Guðmundur G. Þórarinsson.

Nd. 379. Nefndarálit [221. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur meiri hl. til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. des. 1989.

Páll Pétursson, form., frsm.	Friðrik Sophusson.	Jón Sæmundur Sigurjónsson.
Matthías Bjarnason.	Þórður Skúlason.	Guðmundur G. Þórarinsson.

Nd. 380. Nefndarálit [221. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Það var ljóst strax þegar frumvarp um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga var til umfjöllunar á Alþingi að í kjölfar slíkrar breytingar mundi fylgja óvissa og röskun á högum og réttindastöðu margra starfsmanna ríkis og sveitarfélaga. Því var nauðsynlegt, þegar frumvarpið hafði verið samþykkt, að grípa til aðgerða með góðum fyrirvara til að koma í veg fyrir slíkt.

Þetta frumvarp tekur á takmörkuðum hluta þess vanda sem verður í málefnum fjölmargra starfsmanna víða um land þegar lög um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga taka gildi nú um áramótin. Enn er þó margt ófrágengið í þessum efnum og langt í frá að allt það starfsfólk, sem nú kvíðir óljósri eða verri réttarstöðu en áður vegna þessara breytinga, hafi fengið úrlausn sinna mála. Er gagnrýnivert hve seint er hér gripið til ráða til að leysa nokkurn hluta þess vanda sem við blasir.

Minni hl. skilur mikilvægi þess að finna lausn á þessum vanda og setur sig ekki í meginatriðum á móti þeim aðgerðum sem hér eru boðaðar. Hins vegar kom í ljós við umfjöllun málsins að sú lausn, sem hér er boðuð, er einungis takmörkuð bráðabirgðalausn og þarfnast endurskoðunar. Auk þess er hún fundin án víðtæks samráðs og samstarfs við launþegahreyfingar. Ætti þó öllum að vera ljós nauðsyn þess að afdrifaríkar breytingar á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna séu því aðeins gerðar að um þær sé góð sátt.

Þegar gengið var frá kjarasamningi Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna og ríkisins 18. maí sl. var gerð svohljóðandi bókun:

„Samningsréttarlögin verði endurskoðuð í samvinnu við öll samtök opinberra starfsmanna. Stefnt verði að því að breytingar þær, sem aðilar verða sammála um, verði lagðar fram á haustþingi 1989.“

Við þessa bókun var ekki staðið. Vegna þess og þess öngþveitis, sem skapast getur ef svo flókið mál sem félagsaðild starfsmanna ríkis og sveitarfélaga er ekki krufið til mergjar í næði í fullu samráði við öll samtök opinberra starfsmanna, flytur 1. minni hl. breytingartillögu við frumvarpið. Efni hennar er á þá leið að sú breyting, sem lögð er til í frumvarpinu, verði aðeins til bráðabirgða svo að tóm gefist til viðunandi vinnubragða.

Jafnframt kom í ljós að efni frumvarpsins varðar grundvallaratriði um leiðir og aðferðir launþegahreyfinga í kjarabaráttu og tengist ágreiningi sem ríkir um þau mál innan allra launþegasamtaka.

Að öllu þessu sögðu er það ámælisvert að efni frumvarpsins skuli ekki hafa verið rækilegar kynnt fyrir samtökum launafólks.

Breytingartillögur 1. minni hl. við frumvarpið er að finna á sérstöku þingskjali 381.

Alþingi, 19. des. 1989.

Þórhildur Þorleifsdóttir.

Nd. 381. Breytingartillögur [221. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frá Þórhildi Þorleifsdóttur.

1. Við 1. gr. 3. efnismgr. orðist þannig:
   Hlutaðeigandi bæjarstarfsmannafélag skal tilkynna fjármálaráðuneytinu fyrir 15. janúar 1990 hverjir starfsmanna óska eftir að vera áfram í viðkomandi félagi og skal það staðfest með yfirlýsingu starfsmanns, ella gildi um félagsaðild ákvæði 4.–5. gr.
2. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990 og falla úr gildi 31. desember 1990.

Sþ. 382. Fyrirspurn [245. mál]

til iðnaðarráðherra um álver á Grundartanga við Hvalfjörð.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Hefur verið unnið að því að nýtt álver rísi á Grundartanga við Hvalfjörð?

Sþ. 383. Breytingartillaga [100. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1989.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Við bætist ný grein er verði 5. gr. og orðist svo:

Liðurinn 4.17 í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1989 orðist svo:

Að afhenda hlutaðeigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum eignir landshafnanna í Rifi, Þorlákshöfn og í Keflavík og Njarðvík og greiða í því sambandi allt að 50 milljónum króna til sveitarfélaganna vegna kostnaðar við yfirtökuna á árinu 1989.

Ed. 384. Breytingartillögur [229. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 91/1989.

Frá félagsmálanefnd.

1. Á eftir 2. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Í stað orðanna „2. mgr. 65. gr.“ í 2. mgr. 25. gr. laganna komi: 2. og 3. mgr. 65. gr.
2. Á eftir 6. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Í stað orðanna „Við gildistöku laga þessara“ í 2. mgr. 45. gr. laganna komi: Þegar lög þessi koma til framkvæmda.
3. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Ákvæði 2. mgr. 25. gr. laganna um útsvar af tekjum barna skulu gilda við útsvarsálagningu á árinu 1990 vegna tekna þeirra á árinu 1989.

Nd. 385. Breytingartillögur [208. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um virðisaukaskatt, nr. 50/1988.

Frá Inga Birni Albertssyni og Hreggviði Jónssyni.

1. C-liður 1. gr. orðist svo:
   Rekstur skóla og menntastofnana, þar með talin starfsemi sérskóla og námskeiðahald, svo og ökukennsla.
2. Við 6. gr. Við c-lið bætist: svo og íslenskar hljómplötur, snældur og geisladiskar.
3. Við 7. gr. Við bætist nýr liður, a-liður, er orðist svo:
   Skattskyld velta á hverju uppgjörstímabili, sbr. 24. gr., telst heildarskattverð allra greiddra vara sem afhentar hafa verið, svo og heildarskattverð allrar skattskyldrar vinnu og þjónustu sem greidd hefur verið á tímabilinu.
4. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   14. grein laganna orðist svo:
   Virðisaukaskattur skal lagður á með tveimur skattþrepum og skulu þau ákveðin í fjárlögum ár hvert. Hið lægra virðisaukaskattsþrep, sem ekki má vera hærra en 6%, skal notað við álagningu á matvæli og aðrar helstu nauðsynjavörur heimilanna samkvæmt nánari skilgreiningu í reglugerð. Allar aðrar vörur og þjónusta, svo og annað sem er virðisaukaskattsskylt samkvæmt lögum þessum, skulu bera skatt samkvæmt hærra þrepinu sem ekki má vera hærra en 24,5%.
5. Við 9. gr. bætist: Orðin „fyrir fram“ í 3. málsl. 1. mgr. 20. gr. laganna falli brott.
6. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Á eftir 7. mgr. 27. gr. laganna komi ný málsgrein er orðist svo:
   Heimilt er hverjum skattskyldum aðila að greiða fyrir fram áætlaðan virðisaukaskatt einu sinni á ári. Fullnaðaruppgjör þess tímabils skal gert upp með uppgjöri næsta tímabils. Sé fyrirframgreiðsla vanáætluð umfram 5% er heimilt að leggja á álag skv. 2. mgr. 27. gr. af vangreiddum skatti.
7. Við 13. gr., a-lið (ný 42. gr.).
   a. 3. málsl. 2. mgr. orðist svo: Jafnframt skal endurgreiða eigendum íbúðarhúsnæðis virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt af vinnu manna við viðhald og/eða endurbætur þess, enda sé heildarkostnaður a.m.k. 3% af fasteignamati húseignarinnar í ársbyrjun.
   b. Við bætist ný málsgrein svohljóðandi:
      Fjármálaráðherra getur ákveðið með reglugerð að fella niður virðisaukaskatt af tækjum og búnaði til íþróttafélaga, hjálpar- og björgunarsveita.

Sþ. 386. Tillaga til þingsályktunar [246. mál]

um uppskurð og hagræðingu í ríkiskerfinu.

Flm.: Stefán Guðmundsson, Guðmundur G. Þórarinsson,
Alexander Stefánsson, Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja nú þegar á fót vinnuhópa til að móta tillögur um hagræðingu og uppskurð í ríkiskerfinu. Í starfi sínu taki vinnuhóparnir m.a. mið af eftirfarandi atriðum:

1. Starfsmarkmið ríkisstofnana verði endurmetin og þau markmið, sem til grundvallar eru lögð við reksturinn, skilgreind að nýju og sjálfvirkni afnumin í útgjöldum. Þetta verði gert í samstarfi og samvinnu við forstöðumenn viðkomandi stofnana. Þannig verði hlutverk stofnana endurskilgreind og mat lagt á hagkvæmni í rekstri þeirra.
2. Stofnanir verði sameinaðar, starfsemin einfölduð og hagræðingu komið á. Lagðar verði niður stofnanir þar sem færa má starfsemina undir aðrar stofnanir.
3. Flestar ríkisstofnanir fái sjálfstæðan fjárhag og stjórnendur beri ábyrgð á að halda stofnuninni innan fjárlagarammans.
4. Gerð verði úttekt á ýmsum þáttum í rekstri ríkisstofnana sem bjóða má út og haldið verði áfram athugun á sölu ríkisfyrirtækja.
5. Verkaskipting starfsmanna verði ekki eins afmörkuð og nú er, en gert verði ráð fyrir tilfærslum innan stofnana eftir álagi.
6. Stjórnkerfi ríkisstofnana verði gert virkara og við það miðað að stjórnendur þeirra geti lagað reksturinn að fjárlögum.
7. Miðað verði við að fækka ríkisstarfsmönnum um 1,5–2% á næstu þremur árum.

Greinargerð.

Ríkissjóður hefur á undanförnum árum verið rekinn með miklum halla. Þessi halli ríkissjóðs byggist fyrst og fremst á stórauknum útgjöldum. Hallinn á ríkissjóði gæti orðið um 5 þúsund milljónir króna á þessu ári og e.t.v. annað eins á því næsta. 10 þúsund milljóna króna halli á ríkissjóði á tveimur árum svarar til að hann tapi um fimmtán 500 tonna frystitogurum eða um sem svarar 700 einbýlishúsum. Ljóst er að hvernig sem reiknað er verða tölurnar gríðarlega stórar.

Stjórnvöld hafa lýst yfir því að heildarskattálagning verði ekki hækkuð enda öllum ljóst að halli ríkissjóðs verður ekki brúaður með skattahækkunum. Ráðið til þess að bregðast við tapi ríkissjóðs er að skera upp ríkiskerfið og beita hagræðingu. Eitt brýnasta verkefnið í íslensku efnahagslífi er uppskurður ríkiskerfisins. Ríkisrekstur er af ýmsum ástæðum annars eðlis en einkarekstur. Almenningur gerir kröfur til ríkisins um ýmsa þjónustu, stjórnmálamenn finna sig knúna til að verða við slíkum óskum, nýir tímar, nýjar áherslur kalla á nýja þjónustu, nýja starfsemi. Hættan við þetta allt er að ríkisumsvifin aukast, ríkisstofnanir þenjast út og mannahald eykst. Í þeirri þróun, sem þannig verður, gleyma menn alloft að taka tillit til gamla kerfisins, leggja niður starfsemi sem ekki á lengur rétt á sér, einfalda og hagræða. En þeir sem reka sín fyrirtæki verða fljótlega varir við það ef ekki er þörf á þjónustu þeirra lengur. Viðskiptavinurinn hættir einfaldlega að koma, hann borgar ekki og starfsemin leggst niður.

Hjá ríkinu er þetta öðruvísi þar sem ekki er greitt fyrir þjónustuna. Dugmiklir forustumenn stofnana verða jafnvel ekki varir við að tímarnir hafa breyst, þörfin fyrir þjónustuna er ekki sú sama, almenningur greiðir ekki fyrir hana í mörgum tilvikum og menn hafa þess vegna ekki þann mælikvarða á það hvort þjónustan eigi að halda áfram, hvort hún sé

beinlínis þörf eða brýn. Dugmiklir ríkisforstjórar geta jafnvel búið til nýjar þarfir, búið til aukna þjónustu og þar með stóraukinn kostnað án þess að það sé í sjálfu sér þörf fyrir allt saman.

Parkinson sagði einhvern tíma að væri stofnun nógu stór þyrfti hún engin utanaðkomandi verkefni, allir gætu haft nóg að gera við að sinna innri málum stofnunarinnar. Því miður er það svo að ríkisrekstur hefur í eðli sínu innbyggða þætti sem verka í þessa átt. Í þeirri stöðu, sem íslenska þjóðarbúið er nú, samdrætti í þjóðartekjum og erfiðri stöðu heimila og atvinnulífs, hlýtur þetta mál að koma allt í nýtt ljós.

Nú þarf að setja harða vinnuhópa í að skera ríkiskerfið upp. Nú þarf að vinna markvisst að langtímaáætlun og einfalda ríkiskerfið. Eigi að síður tala menn stöðugt um aukin útgjöld ríkissjóðs, tala um að hengja nýja pinkla á ríkissjóð. Umræðan um gagngeran uppskurð á ríkiskerfinu hefur ekki verið inni í myndinni.

Fjármálaráðherrar hafa í auknum mæli nánast starfað sem rukkarar og sjaldan séð önnur úrræði en að auka skattana, afla nýrra tekna, herða innheimtu. Þetta gengur ekki lengur. Það verður að skera ríkiskerfið upp, það verður að draga úr ríkisbákninu. Ríkisstjórnin krefst þess með aðgerðum sínum að atvinnulífið hagræði hjá sér, fækki fólki, dragi úr rekstrarkostnaði. Það er verið að gera víðast hvar, en ríkissjóður gerir lítið í þá áttina sjálfur. Nú verða menn að stýra fleyinu eftir nýjum áttavita, hætta að taka stefnuna á meiri tekjuöflun, þess í stað að stefna á samdrátt í ríkisútgjöldum, uppskurð á ríkiskerfinu.

Við verðum að leggja niður eða selja þær stofnanir sem fást við verkefni sem þegnarnir, borgararnir geta sjálfir annast. Um samdrátt í rekstri ríkisins er vart að ræða nema fækka ríkisstarfsmönnum. Það er auðvitað mjög erfitt og ekki síst á tímum þegar atvinnuleysi hefur haldið innreið sína. Eigi að síður er það einmitt það, fækkun starfsmanna, sem ríkisstjórnin krefst af atvinnulífinu. Heimilin og atvinnulífið geta ekki greitt meira til þess að standa undir aukinni þjónustu ríkisins.

Nd. 387. Nefndarálit [208. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og komu eftirtaldir til viðræðna við nefndina: Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri, Georg Ólafsson verðlagsstjóri, Ásmundur Stefánsson og Ari Skúlason frá Alþýðusambandi Íslands, Björn Arnórsson og Sigurður Jóhannesson frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Birgir Björn Sigurjónsson frá Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Vilhjálmur Egilsson frá Verslunarráði, Ólafur Davíðsson frá Félagi íslenskra iðnrekenda, Árni Reynisson frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Þórarinn V. Þórarinsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Sveinn Hjörtur Hjartarson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Þórleifur Jónsson og Guðlaugur Stefánsson frá Landssambandi iðnaðarmanna, Gunnar S. Björnsson frá Meistara- og verktakasambandi byggingarmanna, Ágúst H. Elíasson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Erna Hauksdóttir frá Sambandi veitinga- og gistihúsa, Sigurgeir Sigurðsson, Magnús E. Guðjónsson og Eggert Jónsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, María Jóna Gunnarsdóttir frá Sambandi íslenskra hitaveitna, Eiríkur Þorbjörnsson frá Sambandi íslenskra rafveitna, Pálmi Kristinsson og Gunnar Birgisson frá Verktakasambandi Íslands, Gunnlaugur Júlíusson og Hákon Sigurgrímsson frá Stéttarsambandi bænda, Guðrún Zoëga, Pétur Stefánsson og Ólafur Erlingsson frá Félagi ráðgjafarverkfræðinga, Gestur Jónsson frá Lögmannafélagi Íslands, Árni Tómasson frá Félagi löggiltra endurskoðenda, Heiðar Ástvaldsson frá Dansráði Íslands, Valur Þorvaldsson frá Svínarækt-

unarfélagi Íslands, Bjarni Á. Jónsson frá Félagi kjúklingabænda, Stefán Þorbergsson og Rögnvaldur Hilmarsson frá flugskólanum Vesturflugi. Gestirnir greindu frá viðhorfum sínum til málsins, lögðu fram gögn og svöruðu spurningum nefndarmanna.

Nefndinni til ráðuneytis voru Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri, Jón Guðmundsson frá embætti ríkisskattstjóra og Snorri Olsen, Bolli Þór Bollason, Maríanna Jónasdóttir og Guðrún Ásta Sigurðardóttir frá fjármálaráðuneytinu.

Nefndin varð sammála um að gera nokkrar breytingar á frumvarpinu og eru tillögur um slíkt fluttar á sérstöku þingskjali. Hins vegar varð nefndin ekki sammála um afgreiðslu málsins í heild. Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögum nefndarinnar. Breytingartillögur nefndarinnar eru eftirfarandi:

1. Við 1. gr. Lagt er til að flugnám verði undanþegið virðisaukaskatti á sama hátt og ökunám. Þá verði dansnám einnig undanþegið.
2. Við 6. gr. Þar sem nú er komið í frumvarpið almennt ákvæði er undanþiggur tímarit virðisaukaskatti er ekki þörf á sérstökum lið um skattmeðferð erlendra tímarita.
3. Á 13. gr. eru tvær breytingar:
   a. Lagt er til að endurgreiðsla virðisaukaskatts af vinnu manna á byggingarstað fari fram eigi sjaldnar en á tveggja mánaða fresti.
   b. Lagt er til að sú regla, er heimilar endurgreiðslur til sveitarfélaga, verði einnig látin gilda um ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir til að unnt sé að tryggja samkeppnisstöðu þjónustugreina.

Nefndarmenn fjölluðu ítarlega um gjaldfrest í tolli og er meiri hl. nefndarinnar ljóst mikilvægi þess að sporna við hækkun verðlags og vaxta. Ákveðið hefur verið að gjaldfrestur á virðisaukaskatti verði veittur við innflutning á hráefni til innlendrar iðnaðarframleiðslu. Meiri hl. telur mikilvægt að fjármálaráðuneytið kanni kosti þess að veita víðtækari gjaldfrest á innflutningi í því skyni að koma í veg fyrir verðlagshækkanir.

Þá fjallaði nefndin nokkuð um frekari undanþágur á virðisaukaskatti vegna sölu á heitu vatni. Nefndin telur ekki ástæðu til að hafa undanþáguna víðtækari en efri deild féllst á. Nefndin vill í þessu sambandi benda á að eftir breytingu efri deildar er undanþáguákvæðið svipað og verið hefur í söluskattslögunum. Núgildandi söluskattslög hafa t.d. verið túlkuð þannig að undanþága næði til snjóbræðslu.

Nefndin ræddi áhrif virðisaukaskatts á starfsemi sveitarfélaganna. Í frumvarpinu er lagt til að fjármálaráðherra verði heimilt að ákveða með reglugerð að endurgreiða sveitarfélögunum virðisaukaskatt sem þau hafa greitt af kaupum á skattskyldri vöru eða þjónustu atvinnufyrirtækja. Meiri hl. vill vekja sérstaka athygli á yfirlýsingu fjármálaráðherra við 1. umr. í neðri deild, en hann sagði þar m.a.:

„Samkvæmt gildandi lögum um virðisaukaskatt var ætlunin að sveitarfélögin greiddu neysluskatt af mun breiðari stofni en í dag vegna þess að vinna manna á byggingarstað verður skattskyld eftir áramót. Hins vegar hefur verið ákveðið af hálfu ríkisstjórnarinnar, í fyrsta lagi að beita sér fyrir því að virðisaukaskattur sveitarfélaga verði endurgreiddur. Í öðru lagi hefur fjármálaráðuneytið nú þegar tilgreint ákveðna þætti þar sem endurgreiðslan mun gilda. Í bréfi fjármálaráðuneytisins til sveitarstjórna sem og á fundi sem ég átti með forráðamönnum Sambands íslenskra sveitarfélaga lýsti ég því yfir að það sé ekki ætlun ríkisstjórnarinnar að hafa framkvæmdir sveitarfélaga að sérstakri tekjulind í þessum efnum og bauð forsvarsmönnum sveitarfélaga upp á nána samvinnu við fjármálaráðuneytið til að fylgjast með hvernig virðisaukaskatturinn kemur út gagnvart sveitarfélögum og aðlaga framkvæmdina þeirri reynslu. Það hefur tekið nokkurn tíma í ýmsum löndum, þar sem virðisaukaskattur hefur verið við lýði, að finna honum eðlilegt form varðandi sveitarfélögin. Það er einnig mikilvægt að tryggja að það gildi jafnræði milli sveitarfélaganna í þessum efnum vegna þess að það er ljóst að virðisaukaskatturinn mun koma nokkuð misjafnt við sveitarfélögin.“

Meiri hl. fagnar þessari yfirlýsingu fjármálaráðherra og væntir þess að heimild skv. 3. mgr. 42. gr. verði nýtt.

Alþingi, 19. des. 1989.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðmundur G. Þórarinsson, með fyrirvara.	Þórður Skúlason, með fyrirvara.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Nd. 388. Breytingartillögur [208. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Á eftir orðinu „ökukennsla“ í c-lið bætist við orðin: flugkennsla og dans-kennsla.
2. Við 6. gr. Á eftir a-lið komi nýr stafliður er orðist svo: 8. tölul. 1. mgr. falli brott.
3. Við 13. gr. a-lið (ný 42. gr.).
   a. Í stað orðsins „þriggja“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: tveggja.
   b. Á eftir orðinu „endurgreiða“ í 3. mgr. komi: ríkisstofnunum, ríkisfyrirtækjum og.

Sþ. 389. Tillaga til þingsályktunar [247. mál]

um nánari skilgreiningu á bankarekstri.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að undirbúa frumvarp til laga um breytingar á lögum um viðskiptabanka, nr. 86/1985, og sparisjóði, nr. 87/1985, með það að markmiði að skilgreina og þrengja verksvið banka og sparisjóða þannig að þeir hætti að stunda aðra starfsemi en þá sem er í eðli sínu hrein bankastarfsemi. Þá verði bönkum og sparisjóðum ekki heldur heimilt að eiga að öllu leyti eða hluta fyrirtæki eða félög sem stunda annan rekstur. Viðskiptaráðherra leggi frumvarpið fram í upphafi þings haustið 1990.

Greinargerð.

Í nútímaþjóðfélagi vaxa viðskipti með peninga hröðum skrefum. Verksvið banka og sparisjóða er skilgreint í lögum og jafnframt verndað þannig að ekki er heimilt að stofna til bankareksturs án leyfis ráðherra. Þá er rekstur banka að færast yfir á hendur einstaklinga í auknum mæli og þar með ber ríkissjóður ekki lengur ábyrgð á honum. Því er rangt að íþyngja bönkum með öðrum og óskyldum rekstri.

Bankar og sparisjóðir eiga að verja óskiptum höfuðstóli sínum til að lána fólkinu og atvinnulífinu í landinu. Þeir eiga ekki að nota hann til að standa straum af óskyldum kostnaði eða bera uppi annan rekstur með þeirri hættu sem því fylgir. Þannig er frekar hægt að lækka vextina og bjóða ódýrari lán en ella. Lán sem atvinnulífið ræður við að borga. Það er hlutverk banka og sparisjóða.

Bankar og sparisjóðir eiga heldur ekki að stunda rekstur sem einstaklingar og félög þeirra og fyrirtæki geta auðveldlega annast. Dæmi: Mötuneyti, prentsmiðjur, lögfræðiþjónusta, innheimtustofur og önnur starfsemi. Þannig geta myndast bæði viðskiptahringir og óheilbrigð samkeppni.

Það er heldur ekki eðlilegt að bankar og sparisjóðir eigi að öllu leyti eða að hluta fyrirtæki sem fást við annan rekstur en bankastarfsemi. Dæmi: Greiðslukortafyrirtæki, verðbréfasölur, kaupleigur, fjármögnunarfirmu og annars konar rekstur. Bankar og sparisjóðir eiga ekki að keppa við fyrirtækin sem þurfa að leita til þeirra með fyrirgreiðslu og almenna bankaþjónustu. Þar með safnast líka of mikil umsvif á of fáar hendur.

Þá er það ekki hlutverk banka og sparisjóða að eiga og hafa með höndum bókasöfn, orlofshús, laxveiðiár og ýmsa aðra óskylda hluti. Þess vegna er rétt að skilgreina bankarekstur í þrengstu merkingu og breyta þannig lögum um banka og sparisjóði.

Á sama hátt á hið opinbera ekki að keppa við bankakerfið um þjónustu með peninga. Því er rétt að kanna hvort viðskiptabankar og sparisjóðir eigi ekki að taka við gjaldheimtum og öllum opinberum sjóðum á borð við Byggingarsjóð ríkisins, Lánasjóð íslenskra námsmanna og aðra sjóði sem hingað til hafa haldið úti eigin afgreiðslu með þeirri yfirbyggingu sem því fylgir. Enda er það hagræðing fyrir fólkið að afgreiða þessi lán í bönkum og sparisjóðum hringinn í kringum landið og auðvelt fyrir bankakerfið að annast þessa þjónustu.

Þessi þingsályktunartillaga er flutt í samfloti við tillögu um að bankar og sparisjóðir annist alla opinbera sjóði og innheimtu.

Sþ. 390. Tillaga til þingsályktunar [248. mál]

um að bankar og sparisjóðir annist alla opinbera sjóði og innheimtu ríkisins.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvort hagkvæmt sé að sameina alla opinbera innheimtu og fela hana viðskiptabönkum og sparisjóðum. Einnig að þeir annist afgreiðslu fyrir opinbera sjóði sem nú hafa eigin afgreiðslur.

Könnuninni verði lokið fyrir þingbyrjun haustið 1990.

Greinargerð.

Margar ríkisstofnanir hafa komið sér upp eigin innheimtukerfi. Má þar nefna Ríkisútvarpið, sjúkrasamlög, gjaldheimtur og fleiri stjórnardeildir. Þá eru opinberir sjóðir með eigin afgreiðslur, eins og Byggingarsjóður ríkisins, Lánasjóður íslenskra námsmanna og fleiri.

Fljótt á litið sýnast hér margar hendur vera að vinna sömu verkin með meiri kostnaði en til þarf. Því er rétt að kanna hvort hægt sé að sameina afgreiðslur og innheimtuskrifstofur fyrir ýmsa opinbera þjónustu og gjöld á eina hendi. Síðan má fela viðskiptabönkum og sparisjóðum að annast starfsemina fyrir ríkið, stofnanir þess og deildir, önnur opinber fyrirtæki og sjóði.

Rekstur opinberra sjóða og innheimta gjalda er í eðli sínu hrein bankastarfsemi. Þess vegna er hvorki eðlilegt né hagkvæmt að halda úti sérstökum skrifstofum til að inna þau verk af hendi því að bankakerfinu er ekkert að vanbúnaði að bæta þessum verkefnum á sig með hæfilegri aðlögun og mun minni kostnaði.

Bankar þyrftu þá jafnframt að láta af þeirri starfsemi sem ekki getur kallast hrein bankastarfsemi og einstaklingar geta vel tekið við. Það er bæði hagkvæm og eðlileg verkaskipting í þjóðfélaginu.

Með hinni miklu tölvuvæðingu, sem orðið hefur að undanförnu, hafa opnast nýir möguleikar til að einfalda og samræma þjónustu og innheimtu af þessu tagi. Þessa möguleika er sjálfsagt og eðlilegt að nýta eftir föngum enda fylgi því bæði einföldun og sparnaður. Rétt er að bjóða þessa þjónustu út á meðal banka og sparisjóða.

Þá er rétt að kanna á hvern hátt má brjóta upp starfsemi Seðlabanka Íslands og færa til viðskiptabanka og sparisjóða.

Því er lagt til að ríkisstjórnin láti kanna þessa möguleika og skili Alþingi niðurstöðum fyrir þingbyrjun haustið 1990. Þessi þingsályktunartillaga er flutt í samfloti við tillögu um nánari skilgreiningu á bankarekstri.

Ed. 391. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1990.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar um nokkurt skeið og fékk til fundar við sig Ingimund Friðriksson frá alþjóðadeild Seðlabanka Íslands, Leif Kr. Jóhannesson frá Stofnlánadeild landbúnaðarins, Harald Andrésson frá Hafnabótasjóði, Birgi Þorgilsson, Kristínu Halldórsdóttur og Árna Þór Sigurðsson frá Ferðamálaráði, Jóhönnu Leópoldsdóttur og Snorra Tómasson frá Ferðamálasjóði, Guðbrand Gíslason frá Kvikmyndasjóði, Braga Hannesson frá Iðnlánasjóði, Þorvald Alfonsson frá Iðnþróunarsjóði, Einar Laxness frá Menningarsjóði, Má Elísson frá Fiskveiðasjóði, Halldór Jónatansson og Örn Marinósson frá Landsvirkjun, Guðmund Malmquist frá Byggðastofnun, Gunnlaug Sigmundsson frá Þróunarfélagi Íslands, Markús Örn Antonsson og Hörð Vilhjálmsson frá Ríkisútvarpinu, Pál Hersteinsson veiðistjóra, Jóhönnu Ottesen frá Útflutningslánasjóði, Hrafn Pálsson frá Framkvæmdasjóði aldraða, Jónas Jónsson og Gunnar Hólmsteinsson frá Búnaðarfélagi Íslands, Hákon Sigurgrímsson frá Stéttarsambandi bænda, Jóhann Guðmundsson frá landbúnaðarráðuneytinu, Magnús E. Guðjónsson og Birgi Blöndal frá Bjargráðasjóði, Árna Gunnarsson frá Listskreytingasjóði, Sveinbjörn Óskarsson frá fjármálaráðuneytinu, Þórð Friðjónsson frá Þjóðhagsstofnun, Atla Frey Guðmundsson frá viðskiptaráðuneytinu, Hilmar Þórisson, Hauk Sigurðsson og Percy B. Stefánsson frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Indriða H. Þorláksson frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Birgi Björn Sigurjónsson og Pál Halldórsson frá Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Guðrúnu Árnadóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Svanhildi Kaaber, Láru Ingólfsdóttur og Eirík Jónsson frá Kennarasambandi Íslands, Lárus Ögmundsson og Sigþrúði Ingimarsdóttur frá Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna, Þorleif Pálsson frá dómsmálaráðuneytinu, Kristján Þorgeirsson frá leikmannaráði Þjóðkirkjunnar og biskup Íslands, herra Ólaf Skúlason.

Halldór Árnason, skrifstofustjóri Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, hefur verið nefndinni til ráðuneytis og aðstoðar.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim breytingartillögum sem meiri hl. nefndarinnar hefur orðið sammála um að gera.

Samkvæmt tillögunum hækka lántökuheimildir frumvarpsins um 2.010 millj. kr. og eru meginástæður þess eftirtaldar:

Í fyrsta lagi er lagt til að lántökuheimild fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs hækki um 1.300 millj. kr. og verði 8.670 millj. kr. Verður 2.370 millj. kr. aflað með erlendu lánsfé, eða sem svarar til afborgana af erlendu lánsfé og endurgreiðslna til Seðlabanka. Innlend lánsfjáröflun verður alls 6.300 millj. kr. og eykst um 300 millj. kr. Aukin lánsfjárþörf stafar af eftirfarandi:

	Millj. kr.
a. Aukinn rekstrarhalli á A-hluta ríkissjóðs	460
b. Aukin lántökuheimild Lánasjóðs íslenskra námsmanna	400
c. Lántökuheimild fyrir Endurbótasjóð menningarstofnana	300
d. Lántökuheimild fyrir Hafnabótasjóð	50
e. Lántökuheimild fyrir Áburðarverksmiðju ríkisins	50
f. Lántökuheimild fyrir Háskólabíó	40

Samkvæmt endurskoðaðri áætlun Lánasjóðsins fyrir árið 1990 er fjárvöntun umfram frumvarp til fjárlaga um 500 millj. kr. Lántökuheimild sjóðsins er aukin um 400 millj. kr. til að mæta þeirri fjárvöntun. Endurbótasjóður menningarstofnana var stofnaður með lögum nr. 83/1989. Er hér gert ráð fyrir lántökuheimild fyrir sjóðinn og er helmingur lánsins ætlaður til framkvæmda við Bessastaðastofu, en hinn helmingurinn til framkvæmda við Þjóðleikhús. Hafnabótasjóði er veitt 50 millj. kr. lánatökuheimild á árinu 1990 til þess að endurlána 30 millj. kr. til framkvæmda við dýpkun innsiglingarinnar í Sandgerðishöfn og 20 millj. kr. til hafnarframkvæmda í Grímsey. Háskólabíó er veitt heimild til 40 millj. kr. lántöku á árinu 1990 til að ljúka við byggingu ráðstefnusala fyrir þing Norðurlandaráðs í lok febrúar.

Í öðru lagi er lagt til að heimilaðar verði erlendar lántökur vegna skuldbreytinga. Lagt er til að veita 20 millj. kr. lánsheimild til handa Hitaveitu Egilsstaða og Fella. Greiðslubyrði hitaveitunnar er óeðlilega mikil á næstu þremur árum og verður lánið nýtt til skuldbreytinga og greiðslu vanskila. Með þessu móti á hitaveitan auðveldlega að geta staðið í skilum við sína lánardrottna í framtíðinni. Bæjarsjóði Siglufjarðar er veitt 50 millj. kr. lántökuheimild til að breyta skammtímalánum í langtímalán. Hitaveitu Hjaltadals er veitt 40 millj. kr. heimild til fjárhagslegrar endurskipulagningar og breytinga á eignaraðild, en gert er ráð fyrir því að fiskeldisfyrirtækið Hólalax hf., sem á 40% eignarhlut í hitaveitunni, hætti þátttöku, en Hólahreppur og ríkissjóður reki hitaveituna áfram. Lagt er til að Skallagrímur hf. fái heimild til að taka 60 millj. kr. lán til endurskipulagningar.

Í þriðja lagi er lagt til að Herjólfi hf. og Hríseyjarhreppi verði heimilað að taka erlend lán til smíði og kaupa á ferjum. Lagt er til að lántökuheimild til nýrrar Vestmannaeyjaferju verði 500 millj. kr., en ákvörðun um smíði slíkrar ferju verður tekin bráðlega. Þá er lagt til að heimilað verði að taka erlent lán að upphæð 40 millj. kr. til kaupa á ferju til siglinga milli Hríseyjar, Grímseyjar og Eyjafjarðarhafna. Á lánsfjárlögum fyrir árið 1989 var heimild fyrir 35 millj. kr. láni í sama tilgangi og verður sú heimild notuð til að staðfesta kaupin en hugmyndir eru uppi um að kaupa notað skip frá Noregi. Að gerðum þessum breytingum eru heildarlántökur innan lands og erlendis á árinu 1990 áætlaðar 41.705 millj. kr. Þar af eru innlendar lántökur 18.625 millj. kr. og erlendar lántökur 23.080 millj. kr.

Breytingar á II. kafla frumvarpsins eru í samræmi við fjárlagafrumvarp fyrir árið 1990 og breytingar á því í meðförum fjárveitinganefndar og Alþingis. Þar má nefna að framlag til Hafnabótasjóðs hækkar úr 20.000 þús. kr. í 47.500 þús. kr., framlag til Ferðamálasjóðs og sérstakra verkefna Ferðamálaráðs hækkar úr 36.000 þús. kr. í 38.600 þús. kr. og framlag ríkissjóðs til bóta fyrir eyðingu refa og minka hækkar úr 10.000 þús. kr. í 18.750 þús. kr. Þá er framlag ríkissjóðs til Húsafriðunarsjóðs takmarkað við 3.700 þús. kr. Í samræmi við fjárlagalið 09-381 í fjárlagafrumvarpi 1990, sbr. greinargerð bls. 325, er gert ráð fyrir því að framlag til lífeyrissjóða starfsmanna ríkisins og hjúkrunarkvenna verði ekki hærra en 540 millj. kr. Einnig er gert ráð fyrir 5% skerðingu á hlutdeild sókna, skráðra trúfélaga og Háskólasjóðs í óskiptum tekjuskatti (sóknargjöld), en áætlað er að skerðingin nemi um 37,5 millj. kr. á árinu 1990, og 15% skerðingu á hlutdeild kirkjugarða í óskiptum tekjuskatti (kirkjugarðsgjöld), en áætlað er að sú skerðing nemi um 47,5 millj. kr.

Þær breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á III. kafla frumvarpsins, miða fyrst og fremst að því að fjármagna skammtímaskuld ríkissjóðs við Seðlabankann í árslok 1989. Erfitt er að áætla hver yfirdráttur ríkissjóðs í Seðlabanka verður í árslok. Nokkur óvissa ríkir um tekjur ríkissjóðs í desembermánuði. Sama gildir um fyrirhugaða innlenda lánsfjáröflun, einkum sölu á ríkisvíxlum þar sem lausafjárstaða bankanna er óviss. Hér er heimildin því höfð rúm. Þá er fjármálaráðherra veitt heimild að fenginni umsögn fjárveitinganefndar til að gera samning við Rafveitu Siglufjarðar um yfirtöku á hluta langtímaskulda veitunnar. Verður sá samningur hliðstæður samningum sem stjórnvöld gerðu við Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða um yfirtöku skulda á liðnu sumri. Enn fremur er fjármálaráðherra veitt

heimild til að semja um uppgjör ógreiddra framlaga til jarðræktar og búfjárræktar á árinu 1988 og 1989. Að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra og fjárveitinganefnd er loks lagt til að ríkisábyrgð sé veitt á lántöku Dýpkunarfélagsins hf. hjá Framkvæmdasjóði á árinu 1989.

Meiri hl. nefndarinnar telur eðlilegt að opinberir sjóðir, sem taka lán erlendis, leiti eftir samþykki Seðlabanka Íslands um þau kjör sem í boði eru. Er gert ráð fyrir slíku samþykki í fyrsta sinn í lánsfjárlagafrumvarpi fyrir árið 1990. Stuðlar slíkt samþykki að því að sem bestum kjörum sé alltaf náð og minnkar líkur á því að ríkissjóður skaðist vegna óhagstæðra kjara annarra opinberra sjóða.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi 19. des. 1989.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm. | Jóhann Einvarðsson, fundaskr. | Eiður Guðnason.

Skúli Alexandersson.

Ed. 392. Breytingartillögur [69. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1990.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. Við 1. gr. Fyrir „1.370.000“ komi: 2.370.000 og fyrir „6.000.000“ komi: 6.300.000
2. Við 5. gr.
   Á eftir 1. tölul. komi tveir nýir töluliðir sem orðist svo:
   a. Hitaveita Egilsstaða og Fella, lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 20.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
   b. Bæjarsjóður Siglufjarðar, lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 50.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt vegna greiðsluvandkvæða.
3. Á eftir 5. gr. komi ný grein sem orðist svo:
   Hríseyjarhreppi er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 40.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að kaupa notaða ferju til siglinga á Eyjafirði.
4. Á eftir 10. gr., er verði 11. gr., komi þrjár nýjar greinar sem orðist svo:
   a. (12. gr.)
      Hitaveitu Hjaltadals er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 40.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt vegna skuldbreytinga.
   b. (13. gr.)
      Skallagrími hf. er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 60.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt vegna skuldbreytinga.
   c. (14. gr.)
      Herjólfi hf., Vestmannaeyjum, er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 500.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til smíða á nýrri ferju.
5. Við 12. gr. er verði 16. gr. Fyrir „3.–11. gr.“ í 1. og 2. mgr. komi: 3.–15. gr.
6. Við 16. gr. er verði 20. gr. Fyrir „20.000“ komi: 47.500.

7. Við 19. gr. er verði 23. gr. Fyrir „36.000“ komi: 38.600.
8. Við 24. gr. er verði 28. gr. Fyrir „10.000“ komi: 18.750.
9. Á eftir 27. gr., er verði 31. gr., komi sex nýjar greinar sem orðist svo:
   a. (32. gr.)
      Þrátt fyrir ákvæði 46. gr. laga nr. 88/1989, þjóðminjalaga, skal framlag ríkissjóðs í húsafriðunarsjóð eigi nema hærri fjárhæð en 3.700 þús. kr. á árinu 1990.
   b. (33. gr.)
      Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 25. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og 21. gr. laga nr. 16/1965, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, skal endurgreiðsla ríkissjóðs til sjóðanna vegna hækkunar á áður úrskurðuðum lífeyri eigi nema hærri fjárhæð en 540.000 þús. kr. á árinu 1990 og skiptast á milli sjóðanna í hlutfalli við óskertar endurgreiðslukröfur.
   c. (34. gr.)
      Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 25. gr. skipulagslaga, nr. 19/1964, sbr. lög nr. 42/1974, skal mótframlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 15.300 þús. kr. á árinu 1990.
   d. (35. gr.)
      Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl., skal hlutdeild sókna, skráðra trúfélaga og háskólasjóðs í óskiptum tekjuskatti lækka á árinu 1990 um 5%.
   e. (36. gr.)
      Þrátt fyrir ákvæði 26. gr. a laga nr. 21/1963, um kirkjugarða, sbr. lög nr. 89/1987, skal hlutdeild kirkjugarða í óskiptum tekjuskatti lækka á árinu 1990 um 15%.
   f. (37. gr.)
      Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 83/1989, um þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, skal á árinu 1990 heimilt að ráðstafa fé af sérstökum eignarskatti samkvæmt lögunum til framkvæmda við eftirtalin mannvirki: Þjóðleikhús, Þjóðminjasafn Íslands, Þjóðskjalasafn Íslands og Bessastaði.
10. Við 31. gr. er verði 41. gr. Fyrir „12. gr.“ komi: 16. gr.
11. Á eftir 31. gr., er verði 41. gr., komi fjórar nýjar greinar sem orðist svo:
   a. (42. gr.)
      Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ganga frá samningum við Rafveitu Siglufjarðar um yfirtöku hluta af langtímaskuldum veitunnar að fenginni umsögn fjárveitinganefndar. Verði yfirtaka þessi til að fella niður verðjöfnunargjald á raforku árið 1986. Yfirtakan verði að öðru leyti hliðstæð yfirtöku ríkissjóðs á skuldum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða enda fengu fyrrgreind þrjú veitufyrirtæki hið umrædda verðjöfnunargjald.
   b. (43. gr.)
      Fjármálaráðherra er heimilt, að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra og fjárveitinganefnd Alþingis, að semja um uppgjör ógreiddra framlaga til jarðræktar og búfjárræktar á árinu 1988 og 1989.
   c. (44. gr.)
      Dýpkunarfélaginu hf. er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 9.500 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til skuldbreytinga.
   d. (45. gr.)
      Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán að fjárhæð allt að 3.000.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að gera upp skammtímaskuld við Seðlabanka Íslands í árslok 1989, sbr. ákvæði 10. gr. laga nr. 36 1986, um Seðlabanka Islands.

Nd. 393. Nefndarálit [208. mál]

um frv. til l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarpið var rætt á þremur fundum nefndarinnar samkvæmt samkomulagi um að greiða fyrir því að málið fengi hraða afgreiðslu í neðri deild. Til að flýta sérstaklega fyrir nefndarstörfum féllst 1. minni hl. á að taka málið til ítarlegrar umræðu áður en 1. umr. fór fram í deildinni. Þetta viðamikla mál var því afgreitt úr nefndinni daginn eftir að því var vísað til nefndarinnar. Slík fljótaskrift kann sjaldnast góðri lukku að stýra, en vegna þess hve málið kom seint fram var nauðsynlegt að hafa hraðar hendur til þess að málið fengi afgreiðslu fyrir jól.

Lögin um virðisaukaskatt áttu að taka gildi á miðju þessu ári en gildistökunni var frestað. Þrátt fyrir það að þannig gæfist rúmur tími hefur undirbúningur verið ófullnægjandi. Ákvarðanir stjórnarmeirihlutans um mikilvæg atriði, er varða málið, hafa sífellt verið að breytast og sumar liggja ekki fyrir enn.

Verði frumvarp þetta að lögum hækkar skatthlutfall virðisaukaskatts úr 22% í 24,5%. Sjálfstæðismenn í fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar hafa fært rök fyrir því að tekjuaukning ríkissjóðs vegna kerfisbreytingar úr 25% söluskatti í 24,5% virðisaukaskatt nemi u.þ.b. 1.600 millj. kr. Öll áform um að bæta ríkissjóði upp „tekjumissi" með hækkun tekjuskatts sé því út í bláinn. Ríkisstjórnin er vitandi vits að hækka skatta á almenningi á sama tíma og kjör skerðast verulega. Jafnframt vaxa ríkisútgjöld jafnt og þétt. Gera má ráð fyrir 5 milljarða króna halla á ríkissjóði á yfirstandandi ári og a.m.k. ámóta halla á næsta ári. Ríkisstjórnin hefur nú þegar slegið Íslandsmet í ríkisútgjöldum séu þau mæld sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 30. apríl er því lofað að jöfnunargjald verði fellt niður þegar virðisaukaskattur kemur til framkvæmda. Ríkisstjórnin virðist ekki ætla að standa við það loforð jafnvel þótt óheimilt sé að leggja á jöfnunargjaldið eftir að virðisaukaskatturinn tekur gildi samkvæmt samningi við viðskiptaþjóðirnar. Ofan á allt bætist að fjármálaráðherra neitar að gefa löggjafarþinginu upplýsingar um það hve hátt gjaldið verður og hve lengi árs það verður innheimt.

Upplýst var í nefndinni að samkvæmt frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1989 sé ætlunin að greiða útflutningsgreinunum 390 millj. kr. upp í uppsafnaðan söluskatt vegna framleiðslu yfirstandandi árs. Hvorki fengust upplýsingar um það hvernig upphæðin á að skiptast á einstakar greinar né heldur hvort hún dygði samkvæmt fyrirliggjandi áætlunum útflutningsgreinanna.

Þegar lögin um virðisaukaskatt voru sett var gengið út frá því að heimild um greiðslufrest á virðisaukaskatti við innflutning í 34. gr. yrði notuð. Núverandi ríkisstjórn ætlar að hafa orð Jóns Baldvins Hannibalssonar, fyrrv. fjármálaráðherra, að engu en veita í staðinn greiðslufrest á hráefni og rekstrarvörum iðnaðarins eftir geðþótta fjármálaráðherra. Samtök verslunarinnar telja að fjárbinding af þessum sökum muni hækka verðlag á bilinu 1–2% og jafnvel meira. *Verði það endanleg ákvörðun ríkisstjórnarinnar að nýta ekki heimild 34. gr. er það alvarleg atlaga að versluninni, ekki síst á landsbyggðinni þar sem veltuhraði er minni.*

Að óbreyttum lögum mun útgjaldaaukning sveitarfélaganna nema um 900 millj. kr. vegna skattkerfisbreytingarinnar. Fjármálaráðherra hefur viðurkennt að slíkt sé óverjandi, en fæst þó ekki til að gera nú þegar breytingar á frumvarpinu. Nefndin hefur aflað sér upplýsinga um þetta efni frá Danmörku þar sem virðisaukaskatturinn er undanþágulaus. Frá árinu 1985 hafa sveitarfélögin þar í landi fengið virðisaukaskatt af aðkeyptri þjónustu og aðföngum frá einkaaðilum endurgreiddan.

Ljóst er samkvæmt fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi að niðurgreiddar búvörur munu á næsta ári hækka verulega umfram almennar verðlagsbreytingar. Áhrif endurgreiðslu á hluta virðisaukaskattsins til lækkunar á verði dilkakjöts og mjólkur muni því verða hverfandi þegar líða tekur á næsta ár.

Fyrsti minni hl. nefndarinnar stendur að sameiginlegum tillöguflutningi nefndarinnar á þskj. 288. Jafnframt flytur 1. minni hl. breytingartillögur á sérstöku þingskjali og verður gerð grein fyrir þeim í framsöguræðu.

Alþingi, 19. des. 1989.

Friðrik Sophusson, frsm. Matthías Bjarnason.

Nd. 394. Breytingartillögur [208. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (FrS, MB).

1. Við 1. gr. Á eftir f-lið komi nýr stafliður er orðist svo:
   Á eftir 4. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:
   Undanþegin virðisaukaskatti (innskatti) er þó lögskyld starfsemi sveitarfélaga sem ekki er rekin í samkeppni við starfsemi á almennum markaði, svo sem bygging og rekstur grunnskóla og dagheimila, gatna- og holræsagerð og viðhald þeirra mannvirkja og unglingavinna.
2. Á eftir 5. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Skattskyld velta skiptist í veltu samkvæmt neðra þrepi, sem er skattskyld velta vegna sölu eða afhendingar í neðra þrepi, og almenna skattskylda veltu sem nær yfir alla aðra skattskylda veltu.
3. Við 6. gr. Á undan a-lið komi tveir nýir stafliðir svohljóðandi:
   a. Við 5. tölul. 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Eldsneyti í innanlandsförum.
   b. Á eftir 8. tölul. 1. mgr. komi nýr töluliður er orðist svo:
      Veiðarfæri og brennsluolía fyrir fiskiskip.
4. Við 6. gr. Á eftir c-lið bætist nýr stafliður svohljóðandi:
   Við 1. mgr. bætist nýr töluliður er verði 12. tölul. og orðist svo:
   Lögfræðiþjónusta.
5. Við 6. gr. Á eftir c-lið bætist enn nýr stafliður svohljóðandi:
   Við 1. mgr. bætist nýr töluliður er verði 13. tölul. og orðist svo:
   Byggingarkostnaður gistihúsa.
6. Við 6. gr. Á eftir c-lið komi enn nýr stafliður er orðist svo:
   Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein svohljóðandi:
   Halda skal skattskyldri veltu samkvæmt neðra þrepi aðgreindri frá annarri skattskyldri veltu. Sala eða afhending neyslumjólkur, dilkakjöts, neyslufisks og fersks innlends grænmetis skal vera í neðra þrepi. Fjármálaráðherra skal í reglugerð setja nánari skýringar á því hvað flokkast undir veltuna í neðra þrepi.
7. Við 7. gr.
   a. A-liður orðist svo:
      Í stað „81,97%“ í 3. mgr. komi: 81,97% vegna almennrar skattskyldrar veltu og 86,96% vegna veltu samkvæmt neðra þrepi.

b. 1. og 2. tölul. 5. mgr. orðist svo:

1. 81,97% þeirrar fjárhæðar sem hann endurgreiðir viðskiptavinum sínum vegna endursendra vara þegar um almenna skattskylda veltu er að ræða en 86,96% vegna veltu samkvæmt neðra þrepi.

2. 81,97% af töpuðum útistandandi viðskiptaskuldum enda hafi hin tapaða fjárhæð áður verið talin til almennrar skattskyldrar veltu. Fáist fjárhæðin síðar greidd skulu 81,97% hennar talin með skattskyldri veltu á því tímabili þegar hún fæst greidd. Þegar velta samkvæmt neðra þrepi á í hlut er hlutfall þetta 86,96%.

8. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

14. gr. laganna orðist svo:

Virðisaukaskattur af almennri skattskyldri veltu skal vera 22% og af veltu samkvæmt neðra þrepi 15%. Skal virðisaukaskattur renna í ríkissjóð.

9. Við 9. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Við 5. mgr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Enn fremur skal sérstaklega koma fram hver fjárhæð virðisaukaskatts er, þannig að virðisaukaskattur sé 18,03% af heildarverði þegar um almenna veltu er að ræða en 13,04% af heildarverði þegar matvælavelta á í hlut.

10. Við 10. gr. Greinin orðist svo:

Síðari málsliður 3. mgr. 26. gr. laganna orðist svo: Kröfu um vangoldin opinber gjöld og skatta til ríkissjóðs ásamt verðbótum, álagi og dráttarvöxtum er heimilt að skuldajafna á móti endurgreiðslu við reglulegt uppgjör enda eigi viðkomandi fyrirtæki ekki á sama tíma kröfur á ríkissjóð fyrir seldar vörur og þjónustu.

11. Við 11. gr. Greinin falli brott.

12. Við 12. gr. bætist ný málsgrein er verði 1. mgr. svohljóðandi:

Nú telur einhver vafa leika á um skattskyldu, skattstofn eða annað það sem áhrif hefur á skattinn og getur hann þá leitað bréflega eftir skýringum ríkisskattstjóra og skal afstaða hans liggja fyrir innan tveggja vikna frá móttöku fyrirspurnar.

13. Við síðustu málsgrein 12. gr. bætist: Þó er óheimilt að stöðva atvinnurekstur skv. 4. mgr. 27. gr. ef deila um skattskyldu eða skattstofn er til meðferðar hjá ríkisskattstjóra, ríkisskattanefnd eða dómstólum og skattaðila verði ekki gefin sök á töfum á efnisúrlausn deilunnar.

14. Á eftir 12. gr. komi ný grein svohljóðandi:

3. mgr. 34. gr. laganna orðist svo:

Innheimta skv. 1. mgr. skal framkvæmd með þeim hætti að innflytjandi eigi kost á greiðslufresti til loka næsta mánaðar eftir innflutningsmánuð. Skal eigi krafist tryggingar né settar aðrar takmarkanir á greiðslufresti nema innflytjandi hafi ekki staðið í skilum eða að rökstudd ástæða sé til að ætla að hann muni ekki standa í skilum. Fjármálaráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um greiðslufresti.

15. Við 13. gr., a-lið (ný 42. gr.).

a. 1. mgr. fellur brott.

b. Á eftir orðunum „á byggingarstað“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: og af hönnunarkostnaði.

c. 3. málsl. 2. mgr. orðist svo: Jafnframt er heimilt að endurgreiða eigendum íbúðarhúsnæðis virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt vegna vinnu manna við meiri háttar viðhald og endurbætur þess, enda sé heildarkostnaður a.m.k. 4,0% af fasteignamati húseignarinnar í ársbyrjun.

16. Á eftir 15. gr. komi ný grein er orðist svo:

48. gr. laganna, er verður 50. gr., sbr. lög nr. 110/1988, orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi en skattheimta samkvæmt þeim kemur eigi til framkvæmda fyrr en 1. júlí 1990. Frá þeim tíma falla úr gildi lög nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum. Ákvæði þeirra laga skulu þó gilda um söluskatt af sölu til og með 30. júní 1990.

17. Við 17. gr. Fyrir „16. nóvember“ kemur: 1. september.

Nd. 395. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til l. um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Alexander Stefánsson og Hreggviður Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. des. 1989.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, form., frsm. Geir Gunnarsson. Matthías Bjarnason.

Guðni Ágústsson. Kristinn Pétursson.

Nd. 396. Nefndarálit [208. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þær breytingar, sem þetta frumvarp boðar, varða fyrst og fremst undanþágur frá virðisaukaskatti, hækkun skattprósentu og refsiálags, svo og ýmsar tæknilegar útfærslur á framkvæmd, skattheimtu og skilum virðisaukaskatts.

Annar minni hl. telur margt gagnrýnivert við frumvarpið og fyrirhugaða gildistöku laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, 1. janúar 1990. Vegur þar þungt hve vanbúið málið er og ekki síður að enn skuli ætlað að leggja skatt á nauðþurftir eins og matvæli. Því getur 2. minni hl. ekki unað og leggja þingkonur Kvennalistans í deildinni fram breytingartillögu um að fallið verði frá skattlagningu matvæla. Ef sú breytingartillaga nær ekki fram að ganga mun 2. minni hl. leggja til að frumvarpið verði fellt.

Fjöldi manns kom til viðræðna meðan frumvarpið var til umfjöllunar í nefndinni og voru þar á ferð fulltrúar ýmissa hagsmunaaðila sem kynntu erindi sín. Jafnframt bárust nefndarmönnum erindi vegna væntanlegrar gildistöku virðisaukaskatts frá fjölda annarra hagsmunaaðila. Fulltrúar frá fjármálaráðuneyti og ríkisskattstjóra sátu fundi nefndarinnar og veittu nefndarmönnum og gestum nefndarinnar upplýsingar.

Ónógur undirbúningur.

Fram kom hjá nær öllum gestum nefndarinnar að þeim þótti undirbúningur ónógur fyrir þá viðamiklu skattkerfisbreytingu sem í vændum er. Gilti þá einu hvort menn aðhyllast virðisaukaskatt eða ekki. Ljóst er að þekkingu á framkvæmd virðisaukaskatts er mjög ábótavant meðal þeirra u.þ.b. 25.000 aðila sem verða skattskyldir um áramót og á það ekki síst við um smærri fyrirtæki. Stærri fyrirtæki hafa eins og aðrir beðið eftir síðbúnum ákvörðunum stjórnvalda og eru almennt ekki farin að breyta tölvukerfum og forritum í

samræmi við gildistöku en óvissan hefur tafið framkvæmdir. Það er ámælisvert að tefja flóknar og viðamiklar kerfisbreytingar með pólitískri togstreitu um veigamikla þætti en steypa þeim síðan yfir þjóðina í tímaþröng. Þekkingu margra þeirra, sem kallaðir munu til ráðgjafar og leiðbeiningar, annarra en starfsmanna ríkisskattstjóra og fjármálaráðuneytisins, er almennt einnig ábótavant.

Nú er aðeins rúm vika til gildistöku laganna og enn eru reglugerðir ekki fullfrágengnar, t.d. vantar enn tölur í reglugerð um endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna matvöru sem er endurgreidd. Margt er einnig óljóst um áhrif þessarar skattkerfisbreytingar, t.d. á verðlag og þróun niðurgreiðslna búvara á næsta ári og urmull er af enn óskilgreindum markatilvikum sem varða rétt og stöðu fólks gagnvart skattheimtu.

Mikilvægt er að tekið verði tillit til þess hve vanbúinn þorri manna er til að mæta virðisaukaskattskerfinu en refsiákvæði eru nokkuð ströng og gefa lítið svigrúm. Því er nauðsynlegt að leiðbeina fremur en að refsa meðan byrjunarerfiðleikar eru mestir eða fresta refsiákvæðum um nokkra mánuði. Ekki væri heldur vanþörf á að fresta málinu öllu.

Skattlagning matvæla.

Í frumvarpinu eru einungis lagðar til mjög takmarkaðar breytingar á skattlagningu matvæla sem er alvarlegur galli laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Lagt er til að endurgreiða skuli hluta virðisaukaskatts af nokkrum tegundum matvæla, þ.e. neyslumjólk, dilkakjöti, neyslufiski og fersku innlendu grænmeti, þannig að skattgreiðslur verði sem næst 14% í stað 24,5%. Endurgreiðslur á svo að fjármagna með um 900 millj. kr. á næsta ári.

Jafnvel ígildi 14% virðisaukaskatts er hærri skattlagning á matvæli en gerist hjá allflestum ríkjum Evrópubandalagsins. Hér leggst þessi skattprósenta á matvælaverð sem er hærra en í flestum nágrannalöndum okkar. Kaupmáttarskerðing hefur orðið talsverð á sl. ári eða um 6–7%. Endurgreiðslur eru aðeins af nokkrum tegundum matvæla, aðrar bera fullan skatt, eða 24,5% án tillits til hollustu. Má þar t.d. nefna ávexti og kornmat en vænta má að brauð sé stærri hluti en dilkakjöt af neyslu þeirra sem hafa lægri tekjur og því má gagnrýna þá neyslusamsetningu sem valin hefur verið til undanþágu. Sýna þessi dæmi hve fáránlegt er að velja úr vissar matartegundir til undanþágu en sleppa öðrum. Einnig má gagnrýna þá pólitísku neyslustýringu sem mismunar tegundum kjöts með skattlagningu eins og hér er lagt til. Slíkt getur orðið hvati að kröfum um innflutning á vissum landbúnaðarafurðum (kjúklingum, svínakjöti) til að lækka vöruverð. Það býður hættu heim fyrir íslenskan landbúnað og gæti leitt til innflutnings fleiri landbúnaðarvara. Spáð hefur verið verðlækkun á matvörum í janúar, jafnvel fram í febrúar, í kjölfar endurgreiðslu virðisaukaskatts. Hins vegar má búast við a.m.k. 5–6% hækkun á búvörum umfram verðlag vegna lækkunar niðurgreiðslna um 550 millj. kr. á næsta ári. Þróun verðbólgu og margir aðrir óvissuþættir geta svo orðið þess valdandi að þær 900 millj. kr., sem ætlaðar eru í endurgreiðslur, nægi ekki á næsta ári. Allt er einnig óljóst um feril niðurgreiðslna á næsta ári og því ógerningur að segja nokkuð til um þróun matvælaverðs.

Er þess skemmst að minnast að sú niðurgreiðsla, sem ákveðin var á söluskatti af fiski, hefur ekki haldist að raunvirði.

Óhætt er að segja að mikil óvissa ríki í raun um heildaráhrif virðisaukaskatts á verðlag þó að ýmsir útreikningar bendi til hreinna lækkunaráhrifa á ákveðnum þáttum. Ekki er víst að þeir verði til þess að hemla verðhækkanir að því marki sem menn áætla. Heildaráhrifin geta því allt eins orðið almennar verðhækkanir en það hefur verið reynsla annarra þjóða sem taka upp virðisaukaskatt. Því er t.d. spáð að aukin fjárbinding fyrirtækja í verslun og iðnaði vegna skorts á gjaldfresti við innflutning (t.d. í tolli) muni leiða til hærra vöruverðs, a.m.k. um 2%, jafnvel hærra.

Ríkisendurskoðun lét í ljós eftirfarandi álit á endurgreiðslu virðisaukaskatts af nokkrum tegundum matvæla: „Hér er ekki um sérstakt skattþrep að ræða að mati Ríkisendurskoðunar og er slíku reyndar hvergi haldið fram í frumvarpinu sjálfu. Endurgreiðslan er í eðli sínu skyldari niðurgreiðslu en sérstöku skattþrepi eða hefðbundinni skattundanþágu. Því verður að mati Ríkisendurskoðunar ekki hjá því komist að kveða með einhverjum hætti á um endurgreiðsluna í fjárlögum nái frumvarpið fram að ganga. Í þessu sambandi sýnist tvennt koma til greina. Annars vegar að greina frá endurgreiðslunni í tekjuhlið fjárlaganna, þ.e. með því að sýna hana sem tiltekna fjárhæð er dregst frá heildartekjum af skattinum eða hins vegar að mæla fyrir um endurgreiðsluna á útgjaldahlið fjárlaga með líkum hætti og niðurgreiðslur en sérstaklega tilgreinda þó. Hvernig svo sem framsetningu þessa liðar í fjárlögum yrði háttað er að mati Ríkisendurskoðunar engu að síður ljóst að stjórnvöld gætu ekki án lagabreytinga (verði frumvarpið að lögum) vikist undan því að gera grein fyrir þessum fjárútlátum í fjárlögum með einhverjum hætti og endurgreiða skattinn í samræmi við raunverulega sölu á umræddri matvöru á því stigi þar sem endurgreiðslan fer fram.

Þykir 2. minni hl. mikilvægt að þessi athugasemd verði tekin til greina ef frumvarpið verður samþykkt.

Skattur á námsbækur.

Í frumvarpinu er lagt til að sala bóka á íslenskri tungu, jafnt frumsaminna sem þýddra, verði undanþegin virðisaukaskatti. Er það vel og getur 2. minni hl. stutt þá tillögu enda í samræmi við breytingartillögu sem þingkonur Kvennalistans fluttu við frv. til l. um virðisaukaskatt. Þó er sá galli á gjöf Njarðar að þessu ágæta ákvæði er ekki ætlað að taka gildi fyrr en 16. nóvember 1990. Það kemur illa niður á námsfólki sem þarf að kaupa námsbækur sínar í september. Endurnýta má sumar bækur en þó er ávallt tekið upp nýtt námsefni og hætt er við að margir nemendur, einkum þeir efnaminni bíði með bókakaup þar til eftir miðjan nóvember. 2. minni hl. telur að slíkt muni spilla námi skólafólks og leggur því fram breytingartillögu um að flýta þessu ákvæði fram til 16. september 1990.

Skatthlutfall of hátt.

Í lögum nr. 50/1988 er skatthlutfall virðisaukaskatts 22%. Því er óspart haldið fram að hlutfallið hafi lækkað með þessu frumvarpi þar sem það er 24,5%. Sannleikurinn er að hlutfallið hefur í raun hækkað miðað við þann virðisaukaskatt sem samþykktur var. Þetta skatthlutfall er enn með því hæsta sem gerist meðal Evrópubandalagsþjóða. Hætta er á því að hár virðisaukaskattur leiði til skattsvika og neðanjarðarstarfsemi. Bentu gestir nefndarinnar á mörg tilvik þar sem bein líkindi væru fyrir því að ákveðin starfsemi mundi í auknum mæli færast yfir á „svartan markað“ og yrði þannig svikin undan skatti.

Vandkvæði í skattlagningu byggingariðnaðar.

Fram hefur komið að sú aðferð að nota kostnaðarverð en ekki söluverð bygginga sem skattstofn gerir framkvæmd virðisaukaskatts í byggingariðnaði mjög flókna og nær óframkvæmanlega. Er það ekki síst þegar miðað er við þann stutta tíma sem gefist hefur til undirbúnings. Er talið mun skynsamlegra að miða skattstofninn við söluverð húsbygginga. Óljós mörk og skilgreiningar á því hvað er viðhald og hvað eru endurbætur á húsi mun leiða til vanda sem erfitt er að sjá fyrir endann á. Endurbætur má endurgreiða en viðhald ekki. Þó fást endurbætur ekki greiddar nema kostnaður við vinnu við þær nemi 7% af fasteignamati. Algengt fasteignamat einbýlishúsa á Reykjavíkursvæðinu er um 9–10 millj. kr. og er ólíklegt að margir leggi í slíkar endurbætur á húsnæði að kostnaður við vinnu í því sambandi nemi 500 þús. kr. Því er líklegt að aðeins þeir sem hafa rúm fjárráð geti nýtt sér þessa heimild og er því spáð að viðgerðastarfsemi verði rekin út í „svarta vinnu“.

Hætt er við að svo lítið yrði endurgreitt samkvæmt þessari aðferð að það mundi leiða til hækkunar framfærsluvísitölu þar sem ekki væri hægt að taka tillit til þessarar endurgreiðslu við útreikning hennar. Því er nauðsynlegt að lækka þessa viðmiðun verulega, t.d. í allt að 3% af fasteignamati. Nauðsynlegt er einnig að endurgreiða vinnu manna við viðgerðir eða viðhald húseigna til að koma í veg fyrir skattsvik.

Erfiðleikar skuldajöfnunar.

Margir eru ósáttir við ákvæði um skuldajöfnun sem felur það í sér að sá sem skuldar ríkissjóði opinber gjöld eða skatta fær ekki endurgreiðslu virðisaukaskatts. Er óánægjan einkum sprottin af því að mörg dæmi eru þess að ríkissjóður eða ríkisstofnun skuldi fyrirtæki mun hærri upphæð en það skuldar ríkinu. Fyrirtækið á þá ekki kost á því að skuldajafna skatta sína og fær yfirleitt ekki greidda dráttarvexti. Þetta þykir óréttlátt og telur 2. minni hl. að á þessum vanda þurfi að finna sanngjarna lausn og flytur því breytingartillögu þess efnis að í stað þess að skuldajafna „skuli" eins og segir í frumvarpinu sé *heimilt* að skuldajafna enda eigi viðkomandi fyrirtæki ekki á sama tíma kröfur á ríkissjóð fyrir seldar vörur eða þjónustu.

Aukin skattheimta á sveitarfélög.

Það sem kynnt var fyrir sveitarfélögum sem skattkerfisbreyting hefur snúist upp í beinan tekjuskatt á sveitarfélögin í þeim mæli sem forsvarsmenn þeirra áttu ekki von á. Þegar fjallað var um tekjustofna sveitarfélaga í tengslum við breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga var ljóst að breytt verkaskipting mundi koma fjárhagslega verst niður á minni sveitarfélögunum og var því leitað að leiðum til úrbóta fyrir þau. Ekki virðist þá hafa verið gætt samræmingar við þá skattkerfisbreytingu sem einnig var í undirbúningi, virðisaukaskattinn. Nú kemur í ljós að sá ávinningur, sem sveitarfélögin áttu að hafa af nýrri verkaskiptingu og nýjum lögum um tekjustofna, verður lítill og minnstur fyrir smærri sveitarfélögin. Samband íslenskra sveitarfélaga áætlar allt að 900 millj. kr. hækkun á rekstri sveitarfélaga á næsta ári vegna áhrifa virðisaukaskatts. Um 15 ára reynsla Dana af því að skattleggja sveitarfélög hefur leitt til þess að lögum þeirra um virðisaukaskatt hefur verið breytt þannig að lögbundin skylduverkefni sveitarfélaga eru nú undanþegin skatti. Fjármálaráðherra lýsti því yfir í 1. umr. í Nd. um frumvarpið að sérstaklega yrði að þessu hugað. Er það vel, enda ástæðulaust að endurtaka mistök og bitra reynslu annarra.

Kvennalistakonur voru aldrei þeirrar skoðunar að kostir virðisaukaskatts væru fleiri eða stærri en gallar hans fyrir svo fámenna þjóð sem Íslendinga og greiddu þess vegna atkvæði gegn honum. Engar nýjar forsendur hafa komið fram til að breyta þeirri afstöðu, þvert á móti hefur flest það komið fram sem Kvennalistinn spáði í umræðu um virðisaukaskattinn á sínum tíma.

Helstu rök fyrir upptöku virðisaukaskatts eru brostin. Undanþágum átti að fækka. Þeim fjölgar ört svo að nú er útlit fyrir að flestar undanþágur frá söluskatti rati inn í virðisaukaskattslögin nema sú sem mestu máli skiptir, þ.e. að undanþiggja matvörur. Kostnaður við upptöku þessa nýja skattkerfis verður mikill, bæði hjá skattyfirvöldum og fyrirtækjum. Aukinn kostnaður leiðir óhjákvæmilega til hærra verðlags á vörum og þjónustu, auk þess sem aukin „svört viðskipti" munu blómstra í skugga virðisaukaskatts. Allt tal um bætta innheimtu, sparnað og hagkvæmni eru því orðin tóm.

Það er óafsakanlegt að leiða yfir þjóðina hækkanir af völdum kerfisbreytingar á sama tíma og önnur skattheimta er aukin og kaupmáttur rýrnar. Það verður ekki séð að neitt annað en ást og aðdáun á „nýju kerfi" ráði för.

Alvarlegasti og stærsti galli laga nr. 50/1988 er matarskatturinn illræmdi og hann er í raun enn til staðar þótt smávægilegar breytingar hafi verið gerðar til að milda hann. Annar minni

hl. telur það hættulegt fyrir afkomu hinna tekjuminni í þjóðfélaginu hve margir virðast hafa sætt sig við þessa óréttlátu skattheimtu af nauðþurftum. Samtök launþega lýsa sig þó enn andvíg matarskattinum. Á Alþingi eru það kvennalistakonur einar sem hafa aldrei kvikað frá andstöðu sinni við þessa skattheimtuleið. Henni ber að mótmæla og vísa á bug.

Alþingi, 20. des. 1989.

Þórhildur Þorleifsdóttir.

Nd. 397. Breytingartillögur [208. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Frá Þórhildi Þorleifsdóttur, Önnu Ólafsdóttur Björnsson, Kristínu Einarsdóttur og Málmfríði Sigurðardóttur.

1. Við 1. gr. A-liður orðist svo:
   1. málsl. 1. mgr. orðist svo:
   Skattskyldan nær til allra vara og verðmæta, nýrra og notaðra, sbr. þó 12. gr., nema matvöru sem er undanþegin virðisaukaskatti.
2. Við 10. gr. Efnismgr. orðist svo:
   Kröfu um vangoldin opinber gjöld og skatta til ríkissjóðs ásamt verðbótum, álagi og dráttarvöxtum er heimilt að skuldajafna á móti endurgreiðslu enda eigi fyrirtæki ekki á sama tíma kröfu á ríkissjóð fyrir seldar vörur eða þjónustu.
3. Við 17. gr. Í stað „16. nóvember 1990“ komi: 16. september 1990.

Sþ. 398. Svar [148. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Hreggviðs Jónssonar um fjárveitingar til sólarhringsheimila þroskaheftra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverjar hafa fjárveitingar til Skálatúnsheimilisins, Sólborgar og Sólheima verið frá því að þær stofnanir voru settar á föst fjárlög?

Aðgreindar verði upphæðir til rekstrar og launa ásamt stöðugildum og fjölda vistmanna. Hvert ár verði sýnt fyrir sig.

Fjárveitingar til Skálatúnsheimilisins, Sólborgar og Sólheima.
(Upphæðir í þús. kr.)

Ár 1983	Launagjöld	Önnur gjöld	Tilfærslur/ ósundurliðað	Gjöld samtals	Sértekjur
Skálatún				23.180	
Sólborg				27.197	
Sólheimar				13.659	

Ár 1984	Launagjöld	Önnur gjöld	Tilfærslur/ ósundurliðað	Gjöld samtals	Sértekjur
Skálatún				25.943	
Sólborg				29.660	
Sólheimar				13.810	

Ár 1985	Launagjöld	Önnur gjöld	Tilfærslur/ ósundurliðað	Gjöld samtals	Sértekjur
Skálatún	25.011		11.028	36.039	
Sólborg	29.644	16.322	30	43.733	2.263
Sólheimar	12.646		10.054	22.700	

Ár 1986	Launagjöld	Önnur gjöld	Tilfærslur/ ósundurliðað	Gjöld samtals	Sértekjur
Skálatún	32.459	958	13.067	46.483	
Sólborg	38.429	17.057	35	53.275	2.246
Sólheimar	17.714	385	14.047	32.146	

Ár 1987	Launagjöld	Önnur gjöld	Tilfærslur/ ósundurliðað	Gjöld samtals	Sértekjur
Skálatún	46.534	17.477		61.901	2.110
Sólborg	57.207	20.799	35	74.912	3.128
Sólheimar	27.190	900	16.276	44.366	

Ár 1988	Launagjöld	Önnur gjöld	Tilfærslur/ ósundurliðað	Gjöld samtals	Sértekjur
Skálatún	58.460	20.053		74.312	4.201
Sólborg	78.805	26.985	64	100.881	4.972
Sólheimar	34.948		22.298	57.245	

Ár 1989	Launagjöld	Önnur gjöld	Eignakaup	Gjöld samtals	Sértekjur
Skálatún	62.136	21.333	530	82.719	1.280
Sólborg	76.728	31.662		104.588	3.802
Sólheimar	34.227	32.805		65.092	1.940

Skálatún	Fjöldi stöðugilda	Fjöldi vistmanna
Árið 1983	54	56
Árið 1984	54	57
Árið 1985	55	56
Árið 1986	57	56
Árið 1987	57	55
Árið 1988	57	55
Árið 1989	57	55

Sólheimar	Fjöldi stöðugilda	Fjöldi vistmanna
Árið 1983	26,0	42
Árið 1984	27,5	40
Árið 1985	27,5	40
Árið 1986	27,5	40
Árið 1987	28,5	40
Árið 1988	32,5	40
Árið 1989	32,5	39

Sólborg	Fjöldi stöðugilda	Fjöldi vistmanna
Árið 1983	55	46
Árið 1984	57	43
Árið 1985	57	43
Árið 1986	57	43
Árið 1987	63	43
Árið 1988	63	42
Árið 1989	63	44

Skýringar:
1. Sundurliðun eftir tegundum (launagjöldum, öðrum gjöldum o.s.frv.) liggur ekki fyrir vegna áranna 1983 og 1984.
2. Varðandi árið 1989 er stuðst við fjárlög.

Nd. 399. Frumvarp til laga [249. mál]

um fjárgreiðslur úr ríkissjóði o.fl.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Pálmi Jónsson,
Alexander Stefánsson, Málmfríður Sigurðardóttir, Ólafur Þ. Þórðarson,
Ásgeir Hannes Eiríksson, Friðjón Þórðarson.

1. gr.

Greiðslu úr ríkissjóði má ekki inna af hendi nema heimildar til hennar sé aflað fyrir fram í fjárlögum eða fjáraukalögum fyrir hvert reikningsár, sbr. þó 8. gr.

Á sama hátt eru hvers konar samningar, sem fela í sér fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkissjóð, stofnanir ríkisins og fyrirtæki, umfram heimildir fjárlaga fyrir hvert reikningsár, óheimilir nema að fenginni heimild í fjáraukalögum enda sé ekki á annan veg mælt fyrir í lögum þessum eða öðrum lögum.

2. gr.

Kjarasamninga, sem kveða á um frekari launaútgjöld ríkisins en fjárlög gera ráð fyrir, skal undirrita með fyrirvara um samþykki Alþingis. Leita skal samþykkis Alþingis fyrir auknum launaútgjöldum svo fljótt sem verða má eftir að kjarasamningar hafa verið gerðir.

Óheimilt er að auka vinnu ríkisstarfsmanna umfram það sem ákveðið er í fjárlögum eða ráða fleiri menn til starfa en þar er gert ráð fyrir nema að fenginni heimild í fjáraukalögum. Sama á við um ráðningar til tímabundinna verkefna sem ekki eru ákvæði um í fjárlögum.

3. gr.

Kaup, sala, skipti eða langtímaleiga ríkissjóðs, ríkisstofnana, ríkisfyrirtækja og sjóða í ríkiseign á eftirtöldum eignum er óheimil nema samkvæmt heimild í almennum lögum eða fjárlögum hverju sinni, sbr. þó 2. mgr.:

1. fasteignum,
2. eignarhlutum í félögum,
3. skipum og flugvélum,
4. listaverkum, listmunum og söfnum sem hafa að geyma menningarverðmæti,
5. öðrum eignum sem verulegt verðgildi hafa og ekki falla undir 1.–4. tölul. þessarar greinar.

Eignakaup skulu ætíð takmarkast við þá fjárhæð sem ákveðið er í fjárlögum að verja til þeirra.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ríkisstofnunum í A-hluta ríkisreiknings heimilt án sérstakrar lagaheimildar að selja lausafé sem þær hafa notað við starfsemi sína, svo sem ökutæki, vélar, áhöld og annan búnað, enda sé söluandvirðinu skilað í ríkissjóð. Á sama hátt er fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta ríkisreiknings heimilt án sérstakrar lagaheimildar að selja eða leigja varanlega rekstrarfjármuni sína, aðra en þá sem um getur í 1.–4. tölul. 1. mgr., og ráðstafa söluandvirðinu eða leigunni í þágu starfseminnar. Þá getur ríkissjóður ásamt ríkisfyrirtækjum og sjóðum í B-hluta ríkisreiknings án sérstakrar lagaheimildar selt eignir er þessum aðilum sem veðhöfum hafa verið lagðar út á nauðungaruppboðum eða þeir eignast á grundvelli skilmála að baki ábyrgðarskuldbindingum sem fallið hafa á þá.

Ákveði ríkisstjórn eða ríkisstofnun að þiggja gjöf sem gefin er með kvöðum eða skilyrðum sem óhjákvæmilega hafa í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð ber henni að taka við gjöfinni með fyrirvara um samþykki Alþingis enda hafi hvorki verið gert ráð fyrir útgjöldum þessum í fjárlögum né fjáraukalögum.

4. gr.

Sértekjum, sem ríkisstofnanir í A-hluta ríkisreiknings afla umfram áætlanir fjárlaga, skal skila í ríkissjóð, sbr. þó 2. mgr. Á sama hátt skulu ríkisfyrirtæki og sjóðir í B-hluta ríkisreiknings skila rekstrarhagnaði sínum í ríkissjóð enda mæli lög ekki fyrir um annað.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur fjármálaráðherra heimilað að ríkisstofnanir í A-hluta fjárlaga ráðstafi öllum eða hluta af umframtekjum þeim, sem um ræðir í 1. mgr., til eigin þarfa, þó aldrei til fjárfestingar, framkvæmda eða ráðstafana sem leiða þegar í stað eða síðar til aukinna rekstrarútgjalda ríkissjóðs. Á sama hátt getur fjármálaráðherra sett reglur um að fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta ríkisreiknings sé heimilt að nota allan rekstrarhagnað sinn eða tiltekinn hluta hans til að auka hreina eign sína. Ráðherra skal hafa samráð við fjárveitinganefnd um efni þessara reglna.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 1. gr. getur fjármálaráðherra heimilað ríkisfyrirtækjum, sem standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vörum eða þjónustu, að stofna til frekari fjárskuldbindinga en fjárlög gera ráð fyrir enda sé það gert í þeim tilgangi einum að tryggja rekstrarhagsmuni fyrirtækisins.

6. gr.

Ákvæði laga og reglugerða, er hafa útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð sem ekki er gert ráð fyrir í fjárlögum hvers árs, svo og ákvarðanir eða fyrirmæli stjórnvalda sama eðlis, öðlast ekki gildi fyrr en Alþingi hefur samþykkt fjárveitingu til þessara útgjalda í fjáraukalögum eða fjárlögum settum eftir birtingu laga, reglugerða eða stjórnvaldsfyrirmæla sem hér um ræðir.

7. gr.

Fjármálaráðherra er óheimilt án sérstakrar lagaheimildar að fresta greiðslu á stofn- og fjárfestingarframlögum samkvæmt fjárlögum svo og greiðslu hvers konar styrkja nema að fengnu samþykki fjárveitinganefndar. Sé talið nauðsynlegt að fella framlög af þessu tagi niður skal heimildar þar að lútandi aflað í fjáraukalögum.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt að greiða út fjárveitingar sem geymdar hafa verið á grundvelli heimildar í 7. gr. þessara laga, sbr. 67. gr. laga nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, með síðari breytingum.

9. gr.

Fjármálaráðherra er á hverju fjárlagaári heimilt að stofna til tímabundins yfirdráttar í Seðlabanka Íslands vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins og semja, ef með þarf, um greiðslu yfirdráttarskuldar og um lánskjör. Hámarksfjárhæð yfirdráttarheimildar þessarar skal ákveðin í fjárlögum ár hvert.

10. gr.

Falli fyrirvaralaus greiðsluskylda á ríkissjóð sem rekja má til óviðráðanlegra atvika sem ókleift var að sjá fyrir eða gera ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga er fjármálaráðherra heimilt að fengnu samþykki fjárveitinganefndar að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið. Jafnan skal fjármálaráðherra leita umsagnar ríkislögmanns um lagaskilyrði fyrir greiðslum af þessu tagi áður en samþykkis fjárveitinganefndar er óskað. Heimild þessi er enn fremur bundin því skilyrði að beiðni um greiðsluna berist frá ráðherra sem málefnið heyrir undir.

11. gr.

Auk áætlunar um sundurliðuð gjöld einstakra stofnana í A- og B-hluta fjárlaga, sbr. 64. og 65. gr. laga nr. 52/1966, með síðari breytingum, skal áætla fyrir tveimur nýjum útgjaldaliðum, „Óviss útgjöld“ og „Ófyrirséð“.

Á liðinn „Óviss útgjöld“, sem sundurliða má á hvert ráðuneyti, skal ætlað fé til þess að mæta áhrifum breyttra verðlagsforsendna á launaútgjöld og önnur rekstrargjöld ráðuneyta, stofnana og ríkisfyrirtækja. Í fjárlögum skal nánar ákveðið hvaða útgjaldaliðir eða framlög geta tekið verðlagsbreytingum.

Á liðinn „Ófyrirséð“ skal ætlað fé fyrir hvert ráðuneyti til þess að mæta viðbótarútgjöldum vegna þeirra verkefna og viðfangsefna sem ráðuneytinu eru falin lögum samkvæmt.

Ríkisstjórnin skal ákveða greiðslur af liðnum „Óviss útgjöld“ að fengnum tillögum fjármálaráðherra.

Í fjáraukalögum skal gera grein fyrir greiðslum á liðum þeim, sem um ræðir í þessari grein, sundurliðuðum á viðfangsefni og málaflokka eftir því sem við á.

12. gr.

Fyrir 1. apríl ár hvert skal Ríkisendurskoðun leggja fyrir Alþingi skýrslu um framkvæmd fjárlaga og fjáraukalaga liðins árs, sbr. 1. gr. laga nr. 12/1986, og skal í skýrslu þessari m.a. koma fram hvort greitt hefur verið úr ríkissjóði umfram lagaheimildir.

13. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi ákvæði 3. mgr. 1 gr., 3. gr. og 5. gr. laga nr. 103/1974, um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja, 54. gr. laga nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, svo og þau ákvæði laga nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana, og annarra laga sem fara í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af þeim fjárveitinganefndarmönnum sem sæti eiga í neðri deild. Að frumvarpinu standa einnig Margrét Frímannsdóttir og Egill Jónsson sem sæti eiga í efri deild.

I.

Ákvæði 41. gr. stjórnarskrár hljóðar, svo sem kunnugt er, á þessa leið:

„Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum“.

Lagafyrirmæli þessi eru skýr og ótvíræð. Ætlun stjórnarskrárgjafans með þeim hefur bersýnilega verið sú að heimildar til fjárveitinga úr ríkissjóði væri ævinlega aflað fyrir fram hverju sinni, annaðhvort í fjárlögum eða fjáraukalögum á hverju fjárlagaári.

Framkvæmdin í þessum efnum hefur hins vegar í veigamiklum atriðum orðið allt önnur en fyrir er mælt í stjórnarskrá. Um árabil hafa svokallaðar „aukafjárveitingar" fjármálaráðherra tíðkast og þá ýmist með eða án samráðs við ríkisstjórn eða fjárveitinganefnd. Framkvæmd þessi styðst að sjálfsögðu hvorki við fyrirmæli í almennum lögum né aðrar skráðar réttarheimildir enda ekki furða þar sem slík fyrirmæli hlytu eðli sínu samkvæmt að vera í hróplegu ósamræmi við skýr ákvæði stjórnarskrárinnar. Öllum ætti að vera ljóst að í þessum efnum hefur ein af grundvallarreglum íslenskrar stjórnskipunar verið brotin, þ.e. reglan um að Alþingi fari með fjárveitingavaldið. Þrátt fyrir þetta hefur lítið raunhæft verið gert í því skyni að tryggja að lögformlega sé að verki staðið í þessum efnum. Þó hafa mál þessi ítrekað verið til umræðu bæði á Alþingi og víðar og fjármálaráðherrar iðulega sætt gagnrýni fyrir aukafjárveitingar. Ýmsir þingmenn hafa beitt sér fyrir breytingum í þessum efnum, bæði í málflutningi og tillögugerð. Undir lok síðasta þings var m.a. borið fram þingmannafrumvarp er fól í sér verulega takmörkun á því valdi sem fjármálaráðherra hefur verið talinn hafa í þessum efnum. Frumvarpið varð ekki útrætt.

Í framhaldi af þeirri umræðu, sem fór fram um þessi mál á síðasta þingi, ákvað fjárveitinganefnd að beita sér fyrir breytingum í þessum efnum enda nefndarmenn allir sammála um að löngu tímabært væri að setja reglur í einhverri mynd sem reisti skorður við greiðslum úr ríkissjóði umfram það sem ákveðið er í fjárlögum. Í því skyni var skipuð undirnefnd fjárveitinganefndar sem gera skyldi tillögur í málinu. Í nefndinni sátu þau Sighvatur Björgvinsson, Pálmi Jónsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Margrét Frímannsdóttir og Málmfríður Sigurðardóttir. Undirnefnd skilaði tillögum sínum 15. des. 1989. Fjárveitinganefnd hefur nú gert tillögur þessar að sínum og er frumvarp þetta að mestu byggt á þeim.

Niðurstöður undirnefndarinnar eru í stuttu máli þær að „aukafjárveitingar", eins og þær hafa tíðkast til þessa, standast ekki og að tímabært sé að setja reglur sem reisi skorður við greiðslum umfram heimildir fjárlaga. Um þetta segir m.a. svo í nefndarálitinu: „Reglan skal vera sú að greiðslur úr ríkissjóði umfram lagaheimildir eigi sér ekki stað. Við fjárlagagerð og á fjárlögum sjálfum verði hins vegar ákveðið með hvaða hætti tekið skuli á atriðum, svo sem varðandi breytingar frá forsendum fjárlaga. Nægi slíkar heimildir ekki eða komi upp ný viðfangsefni er ekki heimilt að greiða kostnað þeirra vegna nema eftir afgreiðslu fjáraukalaga og skulu fjáraukalög lögð fyrir Alþingi þegar þurfa þykir. Útgjöld, sem ákveðin kunna að vera í öðrum lögum en fjárlögum, koma ekki til greiðslu fyrr en á næsta fjárlagaári á eftir nema fyrir tekjum eða útgjöldum sé séð. Þá er óheimilt að gera hvers konar útgjaldasamninga eða skuldbindingar, þar á meðal varðandi ráðstöfun sértekna sem ákvarða eða leiða til útgjalda sem ekki er fyrir séð í fjárlögum."

Nefndarálitið er birt í heild sinni í fylgiskjali I með frumvarpinu og vísast að öðru leyti til þess.

Aflað var upplýsinga frá Norðurlöndum um framkvæmd og meðferð fjárlaga og fjáraukalaga en þjóðþing þessara ríkja fara með fjárveitingavaldið. Af upplýsingum þessum verður ráðið að greiðslur umfram heimildir fjárlaga þekkjast nánast ekki á Norðurlöndum. Um þetta efni vísast að öðru leyti til yfirlits um verklag á afgreiðslu fjárlaga, fjáraukalaga og ríkisreiknings á Norðurlöndum sem birt er sem fylgiskjal II með frumvarpi þessu.

II.

Í meginatriðum er með frumvarpi þessu stefnt að því að girða fyrir greiðslur úr ríkissjóði sem ekki eiga sér stoð í fjárlögum eða eftir atvikum fjáraukalögum. Þess í stað verði í fjárlögunum sjálfum ákveðið með hvaða hætti bregðast skuli við þegar breytingar verða á

fjárþörf vegna þess að forsendur fjárlaga standast ekki þegar á reynir. Útgjöld, sem ákveðin kunna að vera í öðrum lögum en fjárlögum, koma á sama hátt ekki til greiðslu fyrr en aflað hefur verið sérstakrar greiðsluheimildar í fjárlögum eða fjáraukalögum. Þá er lagt til að ríkisstofnunum verði óheimilt, með nokkrum undantekningum þó, að gera nokkrar þær fjárskuldbindingar sem ekki eru sérstaklega heimilaðar í fjárlögum eða fjáraukalögum. Sama meginregla skal líka gilda um ráðstöfun sértekna. Undantekningar frá þessari reglu lúta einkum að þörfum fyrirtækja í eigu ríkissjóðs sem stunda framleiðslu, verslun eða viðskipti með svipuðum hætti og einkafyrirtæki.

Í kjölfar banns við aukafjárveitingum með gamla laginu verður ekki hjá því komist að gera nauðsynlegar breytingar á efnislegri skiptingu á útgjaldahlið fjárlaga í því skyni að laga fjárlagaafgreiðsluna og fjárlögin sjálf að strangari reglum í þessum efnum. Af þessum sökum er gerð tillaga um að í fjárlögum verði framvegis gerður skýr greinarmunur á framlögum eftir eðli þeirra og jafnframt verði kveðið á um hvort þau geti tekið verðbreytingum innan fjárlagaársins eða ekki. Í framhaldi af þessu er síðan gert ráð fyrir að í fjárlögum verði nýr útgjaldaliður er beri heitið „Óviss útgjöld“. Á þessum lið skal ætlað fé til þess að mæta áhrifum breyttra verðlagsforsendna á launaútgjöld og önnur rekstrargjöld ráðuneyta, stofnana ríkisins og fyrirtækja þess, þ.e. þessir liðir eiga að standa undir verðuppfærslu fjárlaganna. Um greiðslu út af þessum lið skulu gilda aðrar og strangari reglur en annars tíðkast, sbr. 11. gr. frumvarpsins. Nægi slíkar heimildir hins vegar ekki er óheimilt að greiða kostnað vegna þeirra á því fjárhagsári fyrr en að fenginni heimild í fjáraukalögum en frumvarp að þeim má að sjálfsögðu leggja fyrir Alþingi þegar þurfa þykir. Með þessum hætti er reynt að tryggja að vandað sé til verka við fjárlagaafgreiðsluna og fjárlögin verði þannig skýrari og raunhæfari áætlun eða rammi um útgjöld og geymi marktækari fyrirmæli um fjárráðstafanir og fjárreiður ríkissjóðs en verið hefur til þessa.

Eðli málsins samkvæmt hlýtur efni fjáraukalaga að vera hliðstætt efni fjárlaga. Því er að mati flutningsmanna óeðlilegt að einskorða efni fjáraukalaga við útgjaldaheimildir eins og ákvæði 41. gr. stjórnarskrár er orðað. Eðlilegt er að gera þar einnig grein fyrir þegar orðnum og fyrirsjáanlegum breytingum á tekjuhlið fjárlaga eftir því sem við verður komið en auðvitað verða skattar og gjöld til ríkissjóðs innheimt þó að tekjur af þeim fari fram úr áætlunum fjárlaga. Engu að síður þykir rétt að gerð sé grein fyrir breytingum á tekjuhlið fjárlaga gefist tækifæri til slíks í fjáraukalögum.

Loks er rétt að geta þess að við gerð frumvarpsins var með tilliti til 41. gr. stjórnarskrár ekki talið fært að nota orðið „aukafjárlög“ í stað orðsins „fjáraukalög“. Hið fyrrnefnda verður þó í alla staði að teljast skýrara og eðlilegra.

Það er von flutningsmanna að frumvarp þetta, nái það fram að ganga, tryggi á sæmilegan hátt að reglur stjórnskipunarlaga um fjárveitingavald Alþingis og eftirlitshlutverk þess verði í heiðri hafðar. Tiltölulega skýrar reglur af þessu tagi hljóta jafnframt að veita framkvæmdarvaldinu nauðsynlegt aðhald í öllu því er lýtur að fjárhagsmálefnum þess og fjármálastjórn jafnframt því sem þær ættu að hvetja til vandaðri og raunhæfari vinnubragða við fjárlagagerð en tíðkast hefur til þessa. Þá ættu reglur af þessu tagi ekki síður að styrkja þingið, stofnanir þess og Ríkisendurskoðun við að rækja það eftirlitshlutverk sem þessum aðilum ber að sinna í þessu efni lögum samkvæmt.

Að öðru leyti vísast til þess sem sagt er í athugasemdum við einstakar greinar hér á eftir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er grundvallarregla 41. gr. stjórnarskrárinnar um að ekkert skuli greiða úr ríkissjóði nema heimild sé fyrir greiðslunni í fjárlögum eða fjáraukalögum á þeim tíma, sem hún er innt af hendi, áréttuð í áhersluskyni. Um regluna og hugsunina að baki henni vísast til

almennra athugasemda hér að framan. Í öðrum greinum frumvarpsins má svo finna ákvæði til skýringar eða fyllingar á meginreglu þessarar greinar. Í nokkrum tilvikum er kveðið á um óveruleg frávik frá henni er helgast fyrst og fremst af eðli máls og þörfum viðskiptalífsins.

Til þess að taka af allan vafa er í 2. mgr. áréttað að meginreglan taki ekki einungis til fjárgreiðslna í venjulegum skilningi heldur og til hvers konar fjárskuldbindinga ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja. Þannig er ekki nægjanlegt að almenn lög heimili að skuldbinda ríkissjóð heldur verður og að afla heimildar í fjárlögum eða fjáraukalögum til greiðslna í samræmi við nefndar skuldbindingar.

Hvers konar viðskiptasamningar stofnana og fyrirtækja ríkisins, hvort sem þær eru í A- eða B-hluta fjárlaga, svo sem kaup-, verk- og þjónustusamningar, falla undir ákvæði þessarar greinar enda séu ekki sérstök fyrirmæli um annað í frumvarpinu. Í því sambandi er vakin athygli á ákvæðum 4. og 5. gr. sem heimila nokkur frávik frá þessari meginreglu þar sem slíkt telst nauðsynlegt eðli málsins samkvæmt.

Um 2. gr.

Þessi grein felur í sér að kjarasamningar, sem ríkið gerir, verða ekki bindandi nema til komi sérstakt samþykki Alþingis og skal þess leitað svo fljótt sem auðið er. Laun eru langstærsti útgjaldaliður ríkissjóðs. Í því ljósi þykir sem ekki verði hjá því komist að kveða svo á að Alþingi skuli fjalla um áhrif breytinga á kjarasamningum sem ríkið er aðili að og samþykkja þær fyrir sitt leyti horfi þær til útgjaldaauka fyrir ríkissjóð með sama hætti og gildir um önnur fjárútlát ríkissjóðs. Regla þessi er í samræmi við það sem gildir t.d. í Noregi. Í Svíþjóð eru launasamningar hins vegar háðir samþykki fjárveitinganefndar og í Finnlandi eru þeir háðir samþykki sérstakrar þingnefndar sem fer með launamál opinberra starfsmanna. Í Danmörku er sami háttur á hafður og hér hefur tíðkast, þ.e. fjármálaráðherra fer með kjarasamninga án nokkurra afskipta þingsins.

Á sama hátt og um launakjörin sjálf er í 2. mgr. þessarar greinar mælt fyrir um að óheimilt sé að auka vinnu ríkisstarfsmanna að magni til umfram það sem fjárlög mæla fyrir um eða ráða starfsmenn til tímabundinna verkefna ef ekki er séð fyrir viðbótarkostnaði þessum í fjárlögum eða fjáraukalögum. Ljóst er að ákvæði laga nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana, ganga á ýmsan hátt í berhögg við ákvæði þessa frumvarps og er því sjálfgefið að fella þessi lagaákvæði úr gildi verði frumvarp þetta að lögum.

Um 3. gr.

Samkvæmt þessari grein er ríkissjóði, stofnunum ríkisins og fyrirtækjum óheimilt að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma eignir sem telja má verulegar, nema samkvæmt lagaheimild hverju sinni. Með hugtakinu „langtímaleiga“ í þessu sambandi er átt við leigusamninga til lengri tíma en árs. Þá tekur hugtakið „leiga“ í þessu sambandi til fjármögnunarleigusamninga auk hefðbundinna leigusamninga. Með þessum hætti er reynt, með þeim undantekningum sem leiðir af 2. mgr., að tryggja að hvorki sala á veigameiri eignum ríkisins né kaup, skipti eða leiga á slíkum eignum geti átt sér stað nema Alþingi samþykki viðskiptin fyrir fram. Liggi slík heimild ekki fyrir verður að semja um viðskiptin með fyrirvara um samþykki Alþingis. Umsamin afhending má ekki fara fram fyrr en að slíku samþykki fengnu.

Í 2. mgr. er kveðið á um frávik frá ákvæðum 1. mgr. vegna sölu eða leigu á lausafé sem stofnanir, fyrirtæki eða sjóðir í eigu ríkisins hafa notað við starfsemi sína. Með þessum hætti er reynt að koma í veg fyrir að strangar formkröfur letji ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki þess að koma varanlegum rekstrarfjármunum, sem notaðir hafa verið við starfsemina, í verð, t.d. við endurnýjun þeirra. Einkum á þetta við um ríkisfyrirtækin í B-hluta ríkisreiknings þar sem starfsemi þeirra og rekstrarskilyrði eru í meginatriðum hliðstæð þeim sem einkaaðilar búa við.

Árétta skal að ákvæði 2. mgr. eiga hvorki við um fasteignir, hlutabréf, skip, flugvélar né aðrar eignir sem um ræðir í 1.–4. tölul. 1. mgr. Þá er kveðið á um að fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, svo og fyrirtæki og sjóðir í B-hluta ríkisreiknings, geti án sérstakrar lagaheimildar selt eignir sem þessir aðilar hafa fengið útlagðar á nauðungaruppboðum eða leyst til sín samkvæmt skilmálum að baki ábyrgðum er þeir hafa veitt og á þá hafa síðan fallið.

Í 3. mgr. er í samræmi við meginstefið í frumvarpinu kveðið á um að ríkisstjórn skuli þiggja gjafir er háðar eru kvöðum eða skilyrðum sem hafa í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð með fyrirvara um samþykki Alþingis ef ekki er fyrir útgjöldum þessum séð í fjárlögum eða fjáraukalögum.

Um 4. gr.

Í samræmi við meginmarkmið frumvarpsins er í þessari grein lagt til að allar sértekjur A-hluta stofnana, svo og arður eða hagnaður fyrirtækja og sjóða í B-hluta sem fer fram úr áætlunum fjárlaga, skuli greiddar í ríkissjóð.

Í 2. mgr. er fjármálaráðherra heimilað að gefa út reglugerð þar sem vikið er frá meginreglu 1. mgr. varðandi ráðstöfun á sértekjum og rekstrarhagnaði. Ráðstöfun fjár á grundvelli reglna af þessu tagi má þó ekki fela í sér neinn kostnaðarauka fyrir ríkissjóð og breytir engu í því efni hvort hann fellur til strax eða þegar frá líður.

Ákvæði þessi eru nokkru þrengri en þau sem gilt hafa í þessu efni. Gildandi ákvæði er nú að finna í 54. gr. laga nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Samkvæmt þeim skal fjármálaráðherra setja reglur um greiðslu rekstrarhagnaðar fyrirtækja og sjóða í B-hluta ríkisreiknings í ríkissjóð að svo miklu leyti sem slíkt er ekki lögákveðið. Þá er þar kveðið á um að fyrirtækjum þessum og sjóðum sé heimilt að nota rekstrarhagnað til að auka hreina eign með þeim takmörkunum sem fjármálaráðherra setur eða ákveðnar eru með lögum. Heildstæðar reglur um skil á rekstrarhagnaði ríkisfyrirtækja hafa því miður aldrei verið settar.

Um 5. gr.

Í þessari grein er lagt til að heimilt sé við tiltekin skilyrði að víkja frá ákvæðum 2. mgr. 1. gr. Hér er um að ræða fjárskuldbindingar ríkisfyrirtækja í B-hluta umfram það sem fjárlög gera ráð fyrir. Það meginskilyrði, sem sett er í þessu efni, er að til fjárskuldbindingar sé stofnað í þeim tilgangi að tryggja rekstrarhagsmuni fyrirtækisins, t.d. að hagnaður af starfseminni verði í samræmi við það sem fjárlög stefna að og að fyrirtækið nái þannig að rækja það hlutverk sem því er ætlað lögum samkvæmt. Um fyrirtæki í eigu ríkisins, sem ætlað er að standa undir kostnaði af starfsemi sinni með tekjum af sölu á vöru og þjónustu, gilda að sjálfsögðu í meginatriðum sömu lögmál og hjá einkaaðilum. Því verður eðli málsins samkvæmt að ætla þeim nokkuð rúmt svigrúm til athafna ef þau eiga að standa sig í samkeppni við einkaaðila. Þessu ákvæði er ætlað að tryggja að þau geti án verulegrar fyrirhafnar aukið við skuldbindingar sínar þegar þau skilyrði, sem að framan eru rakin, teljast uppfyllt. Í því skyni að fyrirmæli 41. gr. stjórnarskrár verði virt að fullu er gert ráð fyrir að í fjárlögum hverju sinni verði aflað almennrar heimildar til fjárskuldbindinga af þessu tagi, t.d. með sérstöku ákvæði þar að lútandi í 6. gr. fjárlaga.

Reglur þessar eru ekki nýmæli. Þannig er í 3. gr. laga nr. 103/1974, um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja, kveðið á um að ríkisfyrirtækjum í B-hluta ríkisreiknings sé óheimilt að stofna til skulda, taka lán eða taka ábyrgð á skuld eða láni nema til þess sé heimild í sérstökum lögum, fjárlögum eða fyrir liggi sérstakt samþykki viðkomandi ráðuneytis og fjármálaráðuneytis. Slíkar heimildir þarf til samninga um yfirdrátt á viðskiptareikningi í bönkum, sölu á víxlum samþykktum af fyrirtækinu eða sjóðnum, svo og til sölu eða veðsetningar á verðbréfum útgefnum af þessum aðilum. Þá er í 5. gr. nefndra laga kveðið á um heimild ríkisstofnana til reikningsviðskipta innan lands á grundvelli reglna sem fjármálaráðherra skal setja þar um.

Ákvæði þessarar greinar frumvarpsins fela í raun ekki í sér efnislegar breytingar á þessum ákvæðum að öðru leyti en því að nokkru strangari kröfur eru gerðar varðandi þau skilyrði sem uppfylla þarf ef nauðsynlegt þykir að fara fram úr fyrirmælum fjárlaga um fjárskuldbindingar ríkisfyrirtækja.

Um 6. gr.

Líta verður svo á að umboð sitt og heimildir til fjárgreiðslna úr ríkissjóði sæki fjármálaráðherra til fjárlaga og fjáraukalaga. Útgjöld, sem fylgja því að hrinda almennum lögum í framkvæmd, á hann samkvæmt framansögðu ekki að greiða nema sérstaka fjárveitingu til þeirra sé að finna í fjárlögum eða fjáraukalögum. Það sama á við um reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli.

Í þessari grein er þessi regla áréttuð og þar beinlínis kveðið á um að lög, reglugerðir og stjórnvaldsfyrirmæli, sem hafa í för með sér útgjöld, komi ekki til framkvæmda nema sérstaklega sé gert ráð fyrir þeim í fjárlögum eða fjáraukalögum. Á liðnum árum hefur löngum verið að finna ákvæði í 6. gr. fjárlaga þar sem segir að séu ný lög samþykkt sem hafi í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð breytist tekju- og gjaldahliðin samkvæmt því. Telja verður útgjaldaheimild af þessu tagi í fjárlögum nokkuð vafasama þar sem hún er mjög almenn, ónákvæm og án nokkurrar takmörkunar. Í öllu falli eru meiri líkur á því en ella að kastað sé til höndum við mat á þeim kostnaði sem lagasetning kann að hafa í för með sér ef hrinda má lögunum í framkvæmd án þess að marka til þess sérstaka fjárveitingu. Því er gert ráð fyrir því nái þetta frumvarp fram að ganga að til sérstakar fjárveitingar verði að koma í fjárlögum eða fjáraukalögum ef greiða á kostnað af nýjum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum.

Um 7. gr.

Samkvæmt greininni er óheimilt að fresta á milli ára greiðslu á stofn- eða fjárfestingarframlögum, svo og hvers konar styrkjum, nema að fengnu samþykki fjárveitinganefndar. Niðurfelling framlaga af þessu tagi eða styrkja getur á sama hátt ekki átt sér stað nema með formlegri ákvörðun fjárveitingavaldsins í fjárlögum eða fjáraukalögum.

Hugsunin, sem býr að baki þessu ákvæði, er nánast sú sama og á við um 1. gr. frumvarpsins. Ákvörðunum fjárveitingavaldsins, sem birtast í fjárlögum, verður ekki breytt nema af þeim sem með þetta vald fara hverju sinni hvort sem ákvörðunin lýtur að því að auka eða draga úr útgjöldum ríkissjóðs. Í þessum efnum verður hins vegar að gera nokkurn greinarmun á eðli útgjaldaliða á fjárlögum. Ljóst er að fjárveitingar til rekstrarútgjalda eru í eðli sínu áætlanir sem byggjast á mismunandi traustum forsendum. Fjárveitingar til rekstrar ber því að greiða að svo miklu leyti sem almenn lög eða samningar gera ráð fyrir en aldrei meira en fjárlög heimila. Þannig verða laun vegna tiltekinnar stöðu, sem fjárlög gera ráð fyrir að ráðið verði í, ekki greidd ef ekkert verður úr ráðningu. Um stofnfjárframlög eða styrki gegnir oftast öðru máli að þessu leyti. Því þykir rétt að kveða sérstaklega á um að ákvörðun um frestun eða niðurfellingu á greiðslum sem þessum sé fjárveitingavaldsins.

Tekið skal fram að með þessu er alls ekki verið að slá því föstu að einstakir menn eða stofnanir eignist lögvarinn rétt á framlögum eða styrkjum sem þeim kunna að vera ætlaðir í fjárlögum. Almennt verður að ætla að slíkan rétt eignist þessir aðilar ekki.

Um 8. gr.

Nauðsynlegt þykir að taka af skarið um að heimilt sé að greiða út fjárveitingar sem geymdar eru á grundvelli 7. gr. þessa frumvarps, sbr. 67. gr. laga nr. 52/1966. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Um 9. gr.

Í þessari grein er lagt til að ríkissjóði sé heimilt að tilteknu hámarki, sem ákveða skal í fjárlögum hverju sinni, að yfirdraga viðskiptareikning sinn í Seðlabanka Íslands.

Svo sem kunnugt er hefur á liðnum árum ætíð verið að finna í 6. gr. fjárlaga heimild fyrir fjármálaráðherra til þess að stofna til tímabundins yfirdráttar í Seðlabanka Íslands í því skyni að mæta árstíðabundnum sveiflum í fjármálum ríkisins og semja, ef með hefur þurft, um greiðslu yfirdráttarskuldar og lánskjör. Eðlilegt þykir að setja viðvarandi heimild af þessu tagi í lög en kveða jafnframt á um að í fjárlögum hverju sinni skuli ákveða hvert skuli vera hámark yfirdráttarheimildarinnar á því ári. Í kjölfar vandaðri vinnubragða við gerð fjárlaga ætti að verða auðveldara að meta þarfir í þessu sambandi.

Um 10. gr.

Í greininni er til öryggis kveðið á um að fjármálaráðherra sé að fengnu samþykki fjárveitinganefndar heimilt að inna af hendi greiðslur sem fyrirvaralaust hafa fallið á ríkissjóð. Er þá átt við að greiðsluskylduna megi rekja til óviðráðanlegra atvika sem ekki var hægt að gera ráð fyrir og verða að öðru leyti ekki taldar þola neina bið. Lagt er til að ætíð skuli leita umsagnar ríkislögmanns um skilyrði fyrir greiðslum af þessu tagi.

Dæmi um slíkar greiðslur má nefna bótagreiðslur vegna tjóns sem maður, stofnun eða starfsemi, sem óumdeilt er að ríkið ber ábyrgð á, hefur valdið. Má í þessu sambandi benda á að ríkið kaupir yfirleitt ekki aðrar vátryggingar en lögboðnar skyldutryggingar hjá vátryggingafélögum.

Undirstrikað skal að greiðsluheimild þessa mætti t.d. aðeins nota þegar greiðsla þolir ekki bið. Með því er átt við að ríkissjóður verði fyrir frekari fjárútlátum en ella vegna bótaskyldu sem hann bakar sér með greiðsludrætti. Greiðslur samkvæmt þessari heimild ættu samkvæmt framansögðu að heyra til algerra undantekninga.

Gert er ráð fyrir að í fjárlögum verði að finna almenna heimild, t.d. í 6. gr. þeirra, fyrir fjármálaráðherra til að inna af hendi fjárgreiðslur úr ríkissjóði með vísan til heimildar í þessari grein.

Um 11. gr.

Hækkun útgjalda, sem rætur eiga að rekja annaðhvort til meiri verðlagsbreytinga en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir eða einhverra verkefna sem eru ófyrirsjáanleg við fjárlagagerðina, hefur til þessa verið heimiluð í formi aukafjárveitinga. Verðuppfærslur eru helstu ástæðurnar fyrir því hve aukafjárveitingar hafa numið háum fjárhæðum á liðnum árum. Engar reglur hafa verið settar um hvernig að ákvörðun þeirra og ráðstöfun skuli staðið fremur en annað er lýtur að aukafjárveitingum liðinna ára.

Í þessari grein er annars vegar lagt til að í fjárlögum skuli taka upp nýjan útgjaldalið er beri heitið „Óviss útgjöld“. Sundurliða má hann á ráðuneyti þyki slíkt heppilegra. Ætla skal þessum lið fé til þess að mæta áhrifum breyttra verðlagsforsendna á rekstrarútgjöld ráðuneyta, ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja. Þá skal í fjárlögum jafnframt ákveða hvaða útgjaldaliðir og framlög geti tekið breytingum vegna verðlagsbreytinga. Þeir liðir, sem hér koma einkum til álita, eru launahækkanir og annar kostnaður við framkvæmd launasamninga innan fjárlagaársins, önnur rekstrargjöld en laun, hækkun lífeyrisgreiðslna og framlaga til rekstrar sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins vegna verðlagsbreytinga og loks vaxtagreiðslur. Framlög til stofnkostnaðar, viðhalds, stofnana í B-hluta eða aðila utan ríkisgeirans, þar með taldar niðurgreiðslur, ætti samkvæmt þessu að vera óheimilt að hækka með því að ávísa á liðinn „Óviss útgjöld“.

Hins vegar er í greininni kveðið á um nýjan útgjaldalið með heitinu „Ófyrirséð“ og skal þar áætlað fyrir viðbótarútgjöldum, verkefnum eða viðfangsefnum sem eru á forræði hvers ráðuneytis fyrir sig og ekki var hægt að sjá fyrir við fjárlagagerð. Hér er um nokkurs konar varasjóð að ræða sem grípa má til þegar ófyrirsjáanleg en brýn verkefni koma upp. Með þessu er stefnt að því að draga mjög úr þörfinni á formlegum greiðsluheimildum í fjáraukalögum vegna tilfallandi viðbótarútgjalda af þessu tagi.

Loks er þess að geta að gert ráð fyrir því að ríkisstjórnin taki ákvarðanir um greiðslur at liðnum „Óviss útgjöld" en ekki fjármálaráðherra einn. Þá er kveðið á um að gera skuli sundurliðaða grein fyrir greiðslum af þessum liðum í fjáraukalögum og þar með fengið formlegt samþykki á ráðstöfun þess fjár sem þeim er ætlað í fjárlögum. Að öðru leyti vísast til þess sem rakið er í almennum athugasemdum hér að framan.

Um 12. gr.

Í ljósi þess að Ríkisendurskoðun er falið að hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaga skv. 1. gr. laga nr. 12/1986 um stofnunina er í þessari grein lagt til að fyrir 1. apríl ár hvert leggi stofnunin fram skýrslu á Alþingi um framkvæmd fjárlaga og fjáraukalaga næstliðins árs og skal í henni gerð sérstök grein fyrir greiðslum úr ríkissjóði umfram fjárlagaheimildir sé um slíkar greiðslur að ræða.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Tillögur undirnefndar fjárveitinganefndar um afnám aukafjárveitinga.

1. Almenn atriði.

Fjárveitinganefnd er sammála um að svokallaðar „aukafjárveitingar" standist ekki og tímabært sé að setja reglur sem reisi skorður við greiðslum umfram heimildir fjárlaga. Nefndin leggur áherslu á að þær reglur, sem settar verði, séu í fullu samræmi við ákvæði 41. gr. stjórnarskrárinnar og að jafnframt sé tekið tillit til þeirra atriða sem reynslan sýnir að nauðsynlegt er að takast á við á fjárlagaári eins og t.d. varðandi breytingar á launa-, verðlags- og gengisforsendum fjárlaga sem kalla á meiri útgjöld en fjárlög gera ráð fyrir. Vandi, sem af þessu skapast, hefur verið leystur með aukafjárveitingum fram til þessa en nauðsynlegt er að með breyttum reglum verði tekist á við slík vandamál í fjárlagagerðinni sjálfri þannig að greiðslur án heimilda vegna slíkra breytinga á fjárlagaforsendum eigi sér ekki stað. Nefndinni er ljóst að afnám „aukafjárveitinga" gerir einnig kröfur til þess að fjárlagaafgreiðsla Alþingis verði sem vönduðust og raunhæfari en oft hefur verið. Mikilsvert er í því sambandi að ríkisreikningur fyrir næstliðið ár liggi ávallt fyrir þegar fjárlagavinna hefst á Alþingi á haustmissiri og jafnframt að fjáraukalagafrumvarpið fyrir yfirstandandi ár verði þá einnig lagt fram og er út frá því gengið að slíkt verði framvegis gert.

Nefndin hefur aflað sér upplýsinga frá nágrannalöndum um framkvæmd og meðferð fjárlaga og fjáraukalaga, svo sem um hvernig haldið er á atriðum eins og áætlunum vegna ófyrirséðs kostnaðar og breytingum fjárlagaforsendna á fjárlagaári, hvernig staðið er að meðferð þjóðþinga á launasamningamálum og hvernig brugðist er við sérstökum aðstæðum sem upp kunna að koma innan fjárlagaárs en ekki hefur verið tekið mið af við fjárlagagerð. Hefur verið samin sérstök skýrsla um helstu niðurstöður þeirrar könnunar.

Þá hefur nefndin einnig leitað til lagaprófessoranna Sigurðar Líndals og Stefáns M. Stefánssonar um með hvaða hætti þau efnisatriði verða fram sett, sem nefndin hefur orðið ásátt um, til þess að tryggja framkvæmd í samræmi við tillögur um málsmeðferð.

2. Efnisatriði nýrra reglna um greiðslur úr ríkissjóði.

Meginreglan skal vera sú að greiðslur úr ríkissjóði umfram lagaheimildir eigi sér ekki stað. Við fjárlagagerð og í fjárlögum sjálfum verði hins vegar ákveðið með hvaða hætti tekið skuli á atriðum svo sem varðandi breytingar frá forsendum fjárlaga sem verða kunna á fjárlagaári umfram áætlanir fjárlaga. Nægi slíkar heimildir ekki eða komi upp ný viðfangsefni er ekki heimilt að greiða kostnað þeirra vegna nema eftir afgreiðslu fjáraukalaga og skulu fjáraukalög lögð fyrir Alþingi þegar þurfa þykir. Útgjöld, sem ákveðin kunna að vera í öðrum lögum en fjárlögum, koma ekki til greiðslu fyrr en á næsta fjárlagaári á eftir nema fyrir tekjum eða útgjöldum sé séð. Þá er óheimilt að gera hvers konar útgjaldasamninga eða skuldbindingar, þar á meðal varðandi ráðstöfun sértekna sem ákvarða eða leiða til útgjalda sem ekki er fyrir séð í fjárlögum.

Útgjaldahlið fjárlaga verði skipt efnislega í fjóra þætti:

- Í fyrsta lagi föst framlög en greiðslur til þess viðfangsefnis taka ekki breytingum á fjárlagaárinu.
- Í öðru lagi sérstök framlög. Hér er um að ræða framlög sem ekki taka verðbreytingum innan fjárlagaársins. Hins vegar má, ef ríkar ástæður eru fyrir hendi, flytja þau milli fjárlagaára en til þess þarf samþykki fagráðherra auk fjármálaráðherra.
- Í þriðja lagi eru framlög sem taka verðbreytingum og vanáætlunum samkvæmt ákvörðunum í fjárlögum.
- Í fjórða lagi eru svo rammaframlög sem eru rekstrarframlög og stofnunum er heimilt að verja til þess að leysa ákveðin verkefni án þess að þeim sé skipt í fjárlögum á almenna útgjaldaflokka.

3. Einstök efnis- og framkvæmdaratriði í nýjum reglum.

a. Breyttar verðlagsforsendur:

Við fjárlagagerð verði ákveðið hvaða stofnunum og viðfangsefnum sé heimilt að bæta áhrif breyttra verðlagsforsendna og að hvaða marki. Slík greiðsluheimild verði ekki opin og ótakmörkuð heldur tiltekin fjárhæð og nái til tiltekinna stofnana og viðfangsefna. Reglur verði mótaðar um hvernig heimilt sé að ráðstafa af slíkum liðum fyrir „ófyrirséðu".

b. Vanáætlanir:

Með framlagningu ríkisreiknings næstliðins árs og fjáraukalagafrumvarpi yfirstandandi árs á hverju haustþingi á að vera hægt að tryggja gildi og gæði fjárlagaáætlana Alþingis. Vísvitandi vanáætlanir hverfa úr sögunni þegar aukafjárveitingaafgreiðslur hafa verið afnumdar.

Í fjárlagaafgreiðslum Alþingis felast ákvarðanir Alþingis um rekstrarumfang stofnana. Þeim ákvörðunum ber fagráðuneyti og forstöðumönnum ríkisstofnana að fylgja eftir.

c. Magnaukningar:

Launasamningar. Séu gerðir launasamningar, sem ekki rúmast innan launaramma fjárlaga, verði þeir undirritaðir með fyrirvara um samþykki Alþingis. Útgjöld vegna slíkra samninga verði síðan lögð fyrir Alþingi til afgreiðslu svo fljótt sem við verður komið.

Starfsmannaráðningar. Launaumfang fjárlaga táknar ákvörðun Alþingis um starfsmannahald hverrar stofnunar. Skuldbindingar um launagreiðslur umfram það eru óheimilar.

Ný verkefni. Óheimilt er að ráðast í ný verkefni sem ekki hefur verið um fjallað og fé veitt til við fjárlagagerð.

Auknar framkvæmdir. Óheimilt er að auka framkvæmdir umfram heimildir fjárlaga, þó að því undanskildu að heimilt er að ráðstafa af „ófyrirséðu" til að ljúka áföngum eða til þess að bregðast við einstökum vandamálum sem upp kunna að koma enda sé áætlað fyrir slíkum „ófyrirséðum útgjöldum" á fjárlögum.

Áhrif nýrra laga. Lög, sem hafa útgjöld í för með sér og samþykkt kunna að vera eftir að frá fjárlögum hefur verið gengið, geta ekki tekið gildi fyrr en á næsta fjárlagaári á eftir nema fyrir tekjum sé séð.

Niðurgreiðslur. Ekki er heimilt að auka niðurgreiðslur umfram það sem fjárlög segja til um.

Kennslumagn. Um kennslumagn gildir sama og um starfsmannahald að í fjárlögum er umfang launagreiðslna í skólakerfinu ákvarðað. Þeirri ákvörðun verður ekki breytt nema með breytingu á fjárlögum.

Eignaráðstöfun. Eignakaup, eignasölur og eignaleigur, þar á meðal um viðskipti með hlutabréf og eignaskipti milli stofnana ríkisins, eru ekki heimil nema samkvæmt lögum.

Samningar. Enga samninga, sem hafa fjárhagsskuldbindingar í för með sér, er hægt að gera nema með heimild Alþingis. Þetta á einnig við um samninga sem kalla á aukin útgjöld, svo sem vegna lífeyris- eða sjúkratrygginga.

Tryggingamál. Útgjöld, bæði lífeyris- og sjúkratrygginga, eru ákvörðuð í fjárlögum. Um lífeyristryggingar gildir það sama og um laun að útgjöld umfram heimildir fjárlaga þeirra vegna verða aðeins ákvörðuð af Alþingi og sama máli gegnir um sjúkratryggingar. Heimildir ráðherra til að auka útgjöld með reglugerð eru því afnumdar og sömuleiðis heimildir Tryggingastofnunar ríkisins til útgjaldaaukningar með samningum við lækna umfram ákvæði fjárlaga.

d. Annað:

Nái ríkisstofnanir meiri sértekjum en áætlað er fyrir í fjárlögum fái þær að njóta sérteknanna eftir tilteknum reglum en þó þannig að ekki sé heimilt að nýta slíka aukningu sértekna til fjárfestinga eða framkvæmda sem kalla þá eða síðar á aukin rekstrarútgjöld úr ríkissjóði.

Sett verði þak á yfirdráttarheimild ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands.

Heimildir til eignakaupa skv. 6. gr. fjárlaga takmarkast af því fé sem í fjárlögum er sérstaklega ætlað til slíkrar ráðstöfunar.

Fylgiskjal II.

Yfirlit um verklag á afgreiðslu fjárlaga, fjáraukalaga og ríkisreikningi í Finnlandi, Svíþjóð, Noregi og Danmörku.

(Ágúst 1989.)

Helstu niðurstöður.

- Meginreglur eru þær að þjóðþingin fara með fjárveitingavaldið og er það virt af framkvæmdarvaldinu. Ríkisstjórnir leita eftir samþykki þingsins fyrir fram um umframútgjöld innan fjárhagsársins, eða í gildi eru reglur sem þingin hafa sett framkvæmdarvaldinu um meðferð umframútgjalda.
- Í Finnlandi og Svíþjóð er leitað eftir samþykki þingsins fyrir fram um viðbótarútgjöld með fjáraukalögum. Í Danmörku fer fjárveitinganefnd með ákvörðun um aukafjárveitingar í umboði þingsins. Í Noregi hefur þingið sett reglur um umframútgjöld sem m.a. segja til um hvenær leita skuli sérstaklega samþykkis þingsins og hvenær framkvæmdarvaldið getur afgreitt þau.

- Í Danmörku og Finnlandi er fjárlagafrumvarpinu vísað til fjárveitinganefndar sem fjallar um frumvarpið í meðförum þingsins. Í Svíþjóð og Noregi er frumvarpinu enn fremur vísað til einstakra málefnanefnda þingsins sem fjalla um viðkomandi málaflokka.
- Fjárlagaárið er almanaksárið nema í Svíþjóð þar sem það er frá 1. júlí til 30. júní. Fjárlagafrumvarp er til meðferðar hjá þjóðþingunum í 3–4 mánuði.
- Meginreglan er sú að hvert fagráðuneyti er ábyrgt gagnvart þinginu um tillögur í fjárlagafrumvarpinu. Enn fremur hefur hvert fagráðuneyti umsjón með framkvæmd fjárlaga innan fjárhagsársins.
- Breytingar, sem þjóðþingin gera til hækkunar á gjaldahlið fjárlagafrumvarpa, eru á bilinu 1–2%.
- Framkvæmd fjárlaga sýnir að tiltölulega litlar breytingar eru til hækkunar frá fjárlögum, eða um 1–2%. Takmarkað miðstýrt eftirlit er með framkvæmd fjárlaga. Áætlanir fjárlaga virðast raunhæfar og aðilar telja sér skylt að fylgja þeim.
- Launasamningar í Finnlandi eru að formi til háðir samþykki sérstakrar þingnefndar sem fer með launamál opinberra starfsmanna. Í Svíþjóð eru launasamningar háðir samþykki fjárveitinganefndar. Í Noregi eru launasamningar samþykktir með fyrirvara um samþykki þingsins. Í Danmörku fer fjármálaráðherra með launasamninga án afskipta þingsins.
- Endurskoðaður ríkisreikningur er lagður fyrir þingin. Í Danmörku og Noregi er reikningurinn samþykktur af þinginu en í Finnlandi og Svíþjóð fer fram umræða um reikninginn ef athugasemdir gefa tilefni til.

Finnland.

Fjárlagafrumvarp er lagt fram um miðjan septembermánuð og afgreiðir þjóðþingið það í lok desembermánaðar. Fjárlagafrumvarpinu er vísað til fjárveitinganefndar eftir 1. umr. í þinginu en nefndin fjallar um alla þætti ríkisfjármála, þ.e. tekjur, gjöld og lánahreyfingar. Fjárhagsárið er almanaksárið.

Fjárlagafrumvarpið fer til fjárveitinganefndar sem er skipuð 21 þingmanni og 19 varamönnum. Bæði aðalmenn og varamenn taka þátt í störfum fjárveitinganefndar er varða afgreiðslu fjárlaga. Nefndin skiptist í átta undirnefndir sem fjalla um einstaka málaflokka. Breytingar á fjárlagafrumvarpinu í meðferð þingsins eru um 1–2% af heildargjöldum fjárlagafrumvarpsins.

Á fjárhagsárinu leggur ríkisstjórnin fram fjáraukalög til að afla heimilda fyrir auknum útgjöldum, öflun eða ráðstöfun viðbótartekna eða lántökum. Hversu oft á fjárhagsárinu lögð eru fram fjáraukalög fer eftir ástæðum hverju sinni, en tvisvar til þrisvar sinnum á ári er venjulegt. Breytingar frá upphaflegum fjárlögum, sem leitað er eftir samþykki finnska þingsins við, eru á útgjaldahlið 1–2% af heildargjöldum.

Hvert ráðuneyti fer með framkvæmd fjárlaga en allar greiðslur eru inntar af hendi gegnum póstbanka sem fjármagnar ríkissjóð innan fjárhagsársins ef þörf er á. Ekki eru gerðar greiðsluáætlanir innan fjárhagsársins fyrir ríkissjóð í heild sinni. Mánaðarlega eru greiðsluupplýsingar færðar vélrænt til ríkisbókhalds sem síðan gerir ýmis fjárhagsyfirlit fyrir einstök ráðuneyti og heildaryfirlit fyrir fjármálaráðuneytið. Eftirlit með því að útgjöld séu innan fjárlagaheimilda er fyrst og fremst hjá fagráðuneytum og stofnunum sem eru ábyrgar fyrir því að ekki sé greitt umfram heimildir. Því til viðbótar fylgjast bæði fjármálaráðuneytið og ríkisendurskoðun með þróun ríkisfjármála innan ársins. Vandamál vegna umframútgjalda eru óveruleg og ekki þörf á mikilli vinnu þeirra vegna. Stafar það fyrst og fremst af því að fjárlög eru raunhæf, bæði er varða verðlagsforsendur og magn.

Útgjaldahlið fjárlaga er skipt efnislega í þrjá þætti, þ.e.:

- Í fyrsta lagi föst framlög en greiðslur til þessara viðfangsefna taka ekki breytingum á fjárhagsárinu, þannig að ekki koma til viðbótargreiðslur.

- Í öðru lagi framlög sem ekki taka breytingum innan fjárhagsársins. Hins vegar má flytja þessi framlög milli ára í allt að þrjú til fimm fjárhagsár.
- Í þriðja lagi koma svo til önnur framlög, þ.e. rekstrarframlög til ráðuneyta og stofnana, launakostnaður, framlög til niðurgreiðslna á vöruverði, atvinnuleysisstyrkir o.fl. Þessir útgjaldaflokkar taka verðlagsbreytingum innan fjárhagsársins og líka ef í fjárlög hefur ekki verið séð fyrir fjármagni til að mæta ákvæðum laga, svo sem tryggingalaga og atvinnuleysistryggingalaga.

Með þessari skipan hafa framkvæmdarvaldið og þingið komið sér saman um hvaða útgjaldaflokkar skulu taka verð- og magnbreytingum innan fjárhagsársins. Endanleg ákvörðun er hjá þinginu, en framkvæmdarvaldið leggur fram fjáraukalög innan fjárhagsársins til viðbótargreiðsluheimilda. Í fjárlögum eru óverulegar fjárhæðir til að mæta óvissum útgjöldum.

Í Finnlandi fer fjármálaráðuneytið með launasamninga við opinbera starfsmenn en í þinginu starfar sérstök nefnd þingmanna sem þarf að staðfesta launasamninga við opinbera starfsmenn. Hér er um að ræða formsatriði. Viðbótarkostnaður við launasamninga er samþykktur af þinginu með næstu fjáraukalögum.

Ríkisreikningur er lagður fram í apríl–maímánuði árið eftir og endurskoðunarskýrsla í nóvember- eða desembermánuði. Þingið samþykkir ekki reikninginn en athugasemdir ríkisendurskoðunar og svo einstakra ráðherra eru ræddar ef ástæða er talin af einstökum þingmönnum. Ef um umframgreiðslur er að ræða, að teknu tilliti til fjáraukalaga, er ríkisendurskoðun falið að meta þær og afstaða hennar er háð því hvort þær eru samþykktar eða ekki en hér er um að ræða minni háttar umframútgjöld.

Svíþjóð.

Fjárlagafrumvarpið er lagt fram í þinginu í janúarmánuði ár hvert og afgreiðir sænska þingið það fyrir lok aprílmánaðar. Fjárlagaárið er frá 1. júlí til 30. júní. Fjárlagafrumvarpinu er vísað í heild sinni til fjárveitinganefndar, en frumvarpinu er líka vísað til einstakra nefnda þingsins sem fjalla hver um sinn málaflokk. Nefndirnar, 16 að tölu, leggja síðan fyrir þingið tillögur um breytingar á frumvarpinu er snerta viðkomandi málaflokk. Hlutverk fjárveitinganefndar er m.a. að móta heildarramma um efnahags- og peningamál og hafa heildarumsjón með afgreiðslu þingsins á ríkisfjármálum. Safnar hún saman öllum breytingartillögum nefnda og leggur fram í lokin heildarfrumvarpið til afgreiðslu. Þingið hefur fjárlagafrumvarpið til afgreiðslu í allt að fjóra mánuði en fyrir lokaafgreiðslu í apríl kemur ríkisstjórnin með viðbótartillögur við frumvarpið. Breytingar á fjárlagafrumvarpinu hjá sænska þinginu eru á bilinu 1–2%.

Á fjárhagsárinu leggur ríkisstjórnin fram fjáraukalög til að afla heimilda fyrir auknum útgjöldum, nýjum tekjum, ráðstöfun viðbótartekna og lánahreyfingum. Fjáraukalög eru lögð fram eigi sjaldnar en þrisvar sinnum á fjárhagsárinu. Breytingar frá upphaflegum fjárlögum, sem framkvæmdarvaldið leitar eftir samþykki sænska þingsins fyrir, eru innan við 1% af heildarútgjöldum.

Hvert ráðuneyti fyrir sig fer með framkvæmd fjárlaga. Allar greiðslur fara í gegnum sænska póstbankann, en ekki eru gerðar greiðsluáætlanir fyrir ríkissjóð í heild sinni innan fjárhagsársins.

Sænska ríkisendurskoðunin, sem sér m.a. um bókhald sænska ríkisins, gefur átta sinnum á ári út greinargerðir um stöðu ríkisfjármála. Eftirlit með því, að framlög á fjárlögum séu innan fjárlagaheimilda, er fyrst og fremst á ábyrgð einstakra fagráðuneyta og stofnana sem fá fjárveitingar. Fjármálaráðuneytið og ríkisendurskoðun fylgjast með stöðu einstakra fjárlagaliða innan fjárhagsársins. Vandamál vegna umframútgjalda eru óveruleg og ekki þörf á mikilli vinnu þeim tengdum. Forsendur fyrir þessu eru fyrst og fremst að áætlanir eru raunhæfar,

bæði er að því varðar verðlagsforsendur og magn. Ef til koma umframútgjöld sem skipta máli fara slík mál í mjög almenna skoðun og verða aðilar að svara fyrir.

Útgjaldahlið sænsku fjárlaganna er skipt efnislega í fjóra þætti:

- Í fyrsta lagi föst framlög, en greiðslur til þess viðfangsefnaflokks taka ekki breytingum á fjárhagsárinu.
- Í öðru lagi sérstök framlög sem ekki taka verðbreytingum innan fjárhagsársins. Hins vegar má flytja þau milli fjárlagaára allt að þremur árum.
- Í þriðja lagi eru framlög sem taka verðbreytingum og vanáætlunum. Eru það framlög t.d. til tryggingamála, launakostnaðar og rekstrarframlaga.
- Í fjórða lagi eru svo rammaframlög sem eru rekstrarframlög. Stefnt er að því að á árinu 1992 séu allar stofnanir með slík framlög. Hér er um að ræða almennar fjárhæðir, sem aðilum eru lagðar til, til að leysa ákveðin verkefni án þess að skipta þeim á almenna útgjaldaflokka. Þá má flytja um eitt fjárlagaár, bæði það sem ekki nýtist og enn fremur ef stofnanir fara fram úr rammaframlögum. Þó er hámark á tilflutningnum.

Í fjárlögum er áætlað fyrir óvissum útgjöldum sem geta numið allt að 2% af heildargjöldum fjárlaga. Óviss útgjöld eru svo nýtt til að mæta breytingum á framlögum sem fjárlög gera ráð fyrir. Samþykktir sænska þingsins á óvissum útgjöldum koma fram í fjáraukalögum innan fjárhagsársins.

Við gerð launasamninga við opinbera starfsmenn er sá háttur hafður á að það ráðuneyti, sem fer með samninga, hefur nána samvinnu við fjárveitinganefnd þingsins við gerð samninganna og eru þeir samþykktir af nefndinni. Umframkostnaður við launasamninga kemur svo fram í næstu fjáraukalögum.

Ríkisreikningur er lagður fram eigi síðar en um miðjan október en reikningsári lýkur 30. júní. Endurskoðunarskýrsla skal lögð fram eigi síðar en fimm mánuðum eftir lok reikningsársins. Sænska þingið samþykkir ekki ríkisreikning sem slíkan. Hins vegar fer fram umræða ef athugasemdir gefa tilefni til þess og þingmenn telja þörf á. Ef um umframgreiðslur er að ræða sem ekki var tekið tillit til við samþykkt fjáraukalaga er slíkt athugað af ríkisendurskoðun og fer eftir áliti hennar hvort slíkar umframgreiðslur eru samþykktar. Hér er um að ræða tiltölulega fá tilfelli og minni háttar fjárhæðir.

Noregur.

Fjárlagafrumvarpið er lagt fram í byrjun októbermánaðar og afgreiðir þingið það fyrir 15. desember. Fjárlagafrumvarpinu er vísað í heild sinni til fjárveitinganefndar en frumvarpinu er jafnframt vísað til einstakra nefnda þingsins sem hver fjallar um sinn málaflokk. Nefndirnar, 12 að tölu, leggja fyrir þingið tillögur um breytingar á frumvarpinu er taka til viðkomandi málaflokka.

Hlutverk fjárveitinganefndar er m.a. að móta heildarramma, gera breytingar á tillögum einstakra nefnda ef þær samrýmast ekki heildarmarkmiðum, fjalla um efnahags- og peningamál og hafa heildarumsjón með afgreiðslu þingsins á fjárlagafrumvarpinu. Felst það í því að safna saman öllum breytingartillögum nefnda og leggja fram í lokin heildarfrumvarp til afgreiðslu. Breytingar, sem norska þingið gerir á fjárlagafrumvarpinu, eru um 1% af heildargjöldum. Fjárlagaárið er almanaksárið en á árinu 1960 var horfið að þeirri skipan frá því að miða við 1. júlí til 30. júní.

Á fjárhagsárinu kemur til kasta þingsins samþykki á viðbótarfjárveitingum þegar um er að ræða umtalsverðar fjárhæðir til einstakra viðfangsefna. Hins vegar hefur norska þingið gefið út reglur um á hvern hátt, hvenær og hvernig tekið skuli á umframútgjöldum og tilflutningum á framlögum milli viðfangsefna. Meginatriði reglnanna er að ef um minni háttar viðbótarútgjöld er að ræða nægir samþykki fjármálaráðuneytisins, fyrir hærri útgjöld þarf að koma til samþykki ríkisstjórnar og að lokum, ef um umtalsverðar fjárhæðir er að ræða, þarf

samþykki þingsins. Breytingar frá upphaflegum fjárlögum eru á útgjaldahlið um 1% af heildarútgjöldum fjárlaga.

Framkvæmd fjárlaga annast hvert fagráðuneyti og einstakar stofnanir. Greiðslur færast að hluta til sameiginlega hjá ríkissjóði en hvert ráðuneyti hefur jafnframt eigin bankareikning. Eftirlit með að fjárlög séu haldin er hjá fagráðuneytum sem hafa sitt eigið fjárhagsbókhald. Á tveggja mánaða fresti sendir hvert fagráðuneyti fjármálaráðuneytinu yfirlit um stöðu einstakra stofnana og viðfangsefna. Því til viðbótar hefur norska ríkisendurskoðunin starfsmenn sína í ráðuneytum til eftirlits og endurskoðunar. Vandamál vegna umframútgjalda eru óveruleg og er ekki mikil vinna sem þau skapa.

Útgjaldahlið norskra fjárlaga er skipt efnislega í þrjá þætti:

— Í fyrsta lagi fjárveitingar sem byggðar eru á lagafyrirmælum. Framlög til þessa útgjaldaflokks geta orðið hærri en fjárlög gera ráð fyrir. Ef lög kveða á um eru greiðslur inntar af hendi að ákveðnum skilyrðum fullnægðum. Hér er t.d. um að ræða atvinnuleysisbætur.
— Í öðru lagi eru framlög þar sem ákveðið er í fjárlögum að þau geti tekið verðbreytingum, svo sem launagjöld.
— Í þriðja lagi eru svo fjárveitingar sem ekki taka breytingum nema til komi samþykki þingsins.

Launasamninga við opinbera starfsmenn gerir ríkisstjórnin með fyrirvara um samþykki þingsins. Þingið samþykkir samninga í formi viðbótarfjárveitinga og er það nánast formsatriði.

Ríkisreikningur er lagður fram í marsmánuði og ríkisendurskoðun leggur fram endurskoðunarskýrslu í ágúst- eða septembermánuði. Endurskoðunarskýrsla er fyrsta mál sem lagt er fram á haustþingi. Hvert ráðuneyti er ábyrgt gagnvart þinginu fyrir niðurstöðu reikningsins. Ef um umframútgjöld er að ræða, að teknu tilliti til samþykktra aukafjárveitinga, er það háð áliti ríkisendurskoðunar hvort slík umframútgjöld eru afgreidd án frekari aðgerða. Ríkisreikningur er samþykktur af þinginu.

Danmörk.

Fjárlagafrumvarpið er lagt fram í þinginu fjórum mánuðum áður en það tekur gildi. Fjármálaráðherra afhendir fjárveitinganefnd fjárlagafrumvarpið í ágústmánuði en gildistími fjárlaga er almanaksárið. Fjárveitinganefnd danska þjóðþingsins fær frumvarpið í heild sinni til afgreiðslu. Fjárveitinganefnd er skipuð 17 þingmönnum, einstökum nefndarmönnum er falið að hafa umsjón með almennum málaflokkum eða ráðuneytum. Danska þingið hefur fjárlagafrumvarpið til afgreiðslu frá því það kemur saman í byrjun október þar til í lok desember en þegar fjármálaráðherra leggur frumvarpið fram í ágústmánuði hefst vinna fjárveitinganefndar. Hvert fagráðuneyti ber ábyrgð á sínum málaflokki gagnvart þinginu. Breytingar, sem danska þjóðþingið gerir á frumvarpi til fjárlaga, svara til 1–2% af heildargjöldum frumvarpsins.

Á fjárhagsárinu leggja einstök ráðuneyti óskir fyrir fjárveitinganefnd um viðbótarútgjöld. Beiðnir eru, áður en þær berast nefndinni, sendar fjármálaráðuneytinu til umsagnar. Fjárveitinganefnd hefur fullt umboð til að samþykkja viðbótarútgjöld, ráðstöfun viðbótartekna og auknar lántökur. Á árinu 1987 bárust nefndinni tæplega 700 beiðnir. Í febrúarmánuði árið eftir eru lögð fyrir þingið fjáraukalög með þeim breytingum sem fjárveitinganefnd hefur afgreitt. Breytingar frá upphaflegum fjárlögum eru um 1% af heildargjöldum fjárlaga.

Framkvæmd fjárlaga er í höndum hvers fagráðuneytis. Greiðslur eru með tvennum hætti, þ.e. sameiginlega, svo sem launagreiðslur, og svo hefur hvert ráðuneyti sinn eigin bankareikning. Tvisvar á fjárhagsárinu gera einstök ráðuneyti fjármálaráðuneytinu grein fyrir stöðu fjármála. Eftirlit með að greiðslur séu innan fjárveitinga eru fyrst og fremst hjá einstökum

fagráðuneytum. Ríkisendurskoðun fylgist með stöðu fjárveitinga hjá hverju ráðuneyti á fjárlagaárinu. Frávik frá fjárlögum eru óveruleg.

Útgjaldahlið dönsku fjárlaganna er skipt þannig að aðilar fá rammafjárlög. Stofnkostnaður er settur fram hjá hverju fagráðuneyti fyrir sig. Fjárhæðum í fjárlögum er skipt eftir því hvort þau taka verðlagsbreytingum eða ekki og þarf að sækja um aukafjárveitingu ef óskað er eftir viðbótarframlögum.

Launasamninga við opinbera starfsmenn gerir danski fjármálaráðherrann. Ekki þarf hann að leita eftir samþykki fjárveitinganefndar eða þingsins um þá. Þingið samþykkir viðbótarkostnað eftir á með fjáraukalögum.

Ríkisreikningur er lagður fyrir þingið með athugasemdum yfirskoðunarmanna sem byggja athugasemdir sínar að mestu á dönsku ríkisendurskoðuninni. Fjárveitinganefnd fær reikninginn til umfjöllunar. Ef um umframútgjöld er að ræða er tekið tillit til samþykkta fjárveitinganefndar og er það háð áliti yfirskoðunarmanna ríkisreiknings hvort slík umframútgjöld eru afgreidd án frekari aðgerða.

Ed. 400. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1990.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp til lánsfjárlaga endurspeglar þann samdrátt sem hvarvetna blasir við í þjóðfélaginu, ef undan er skilin eyðsla ríkissjóðs. Þannig hefur eftirspurn eftir lánum til fjárfestingar verið minnkandi á þessu ári, en á hinn bóginn hefur mikið af lánum sem afgreidd hafa verið úr stofnfjársjóðum atvinnuveganna farið til skuldbreytinga og gætir þeirrar tilhneigingar í vaxandi mæli. Fjárfesting í atvinnulífinu hefur fallið svo ört að ljóst er að við Íslendingar erum að dragast aftur úr helstu samkeppnisþjóðum okkar í atvinnuþróun.

Endurskoðuð þjóðhagsáætlun gerir ráð fyrir að fjármunamyndun dragist saman um eitt prósent. Þar af stendur fjárfesting í íbúðarhúsnæði í stað, fjárfesting hins opinbera eykst um 3,7%, en fjárfesting atvinnuveganna dregst saman um 4,4%. Ekki verður séð að samdráttur í fjárfestingu skapi nægilegt svigrúm fyrir áframhaldandi sókn ríkissjóðs inn á lánamarkaðinn. Þrátt fyrir það að nokkur hluti fjárfestingarinnar séu innfluttar flugvélar er samdráttur fjárfestingar áætlaður minni í ár. Alls dregst fjárfesting atvinnuveganna saman um fimmtung án flugvélakaupa og mun allt það svigrúm hverfa og ríflega það vegna minni sparnaðar og aukinnar lántöku ríkissjóðs.

Allar líkur eru á að lánsfjáröflunin í ár muni ganga treglega og ríkissjóður verði að brúa bilið með erlendri lántöku í byrjun næsta árs.

Enn þá verr horfir um næsta ár. Ríkissjóður áformar að stórauka sölu spariskírteina nettó og velta áfram 3,8 milljörðum í ríkisvíxlum á sama tíma og þjóðhagsáætlun felur í sér minni sparnað. Við þetta bætist að horfur eru á að halli á ríkissjóði verði meiri en fjárlagafrumvarp gerir ráð fyrir og að ráðstöfunarfé lífeyrissjóða virðist ofmetið. Það mun eitthvað bresta, annaðhvort verða raunvextir innan lands áfram háir eða hækka eða ríkissjóður verður að taka stór erlend lán til að rétta stöðuna við Seðlabanka í upphafi árs 1991. Líklega verður það blanda af þessu tvennu.

Frumvarp til lánsfjárlaga er í raun fylgifrumvarp fjárlaga og er lýsandi fyrir þá stjórn ríkisfjármála og efnahagsmála sem þar er mörkuð. Minni hl. mun taka afstöðu til einstakra greina frumvarpsins eins og gerð verður grein fyrir í framsögu, en situr hjá við málið í heild.

Alþingi, 20. des. 1989.

Halldór Blöndal, frsm. Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 401. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1990.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Óvanalega mikil óvissa ríkir nú um stöðu ríkisfjármála á síðustu dögum þingsins fyrir jólahlé. Mikill niðurskurður er fyrirhugaður hjá fjárveitinganefnd fyrir lokaafgreiðslu fjárlagafrumvarpsins vegna halla á fjárlögum og frumvarp til lánsfjárlaga tekur því stórum breytingum rétt áður en því er ætlað að koma til 2. umræðu í fyrri deild, tveimur dögum fyrir áætlað þinghlé.

Sem dæmi má nefna að heildarupphæð umbeðinnar lántökuheimildar hefur skyndilega hækkað um 1 milljarð en innlendrar lántökuheimildar um 300 milljónir í ofanálag.

Erfitt er því að meta forsendur frumvarpsins og ýmsir liðir þess í raun mjög óvissir. Erfitt er einnig að sjá hvernig síðari deild á að geta kynnt sér og fjallað um janfviðamikið mál á einum til tveimur dögum.

Slík vinnubrögð eru algerlega óviðunandi.

Lánsfjárlög fyrir árið 1989 voru ekki afgreidd fyrr en í mars 1989. Rammi þeirra reyndist þó ekki raunhæfur og fengu opinberir sjóðir t.d. um 7 milljarða króna á árinu en áttu að fá 4,9 milljarða. Breytingar á þeim lögum hafa nýlega verið gerðar í samræmi við aukna lánsfjárþörf.

Upphafleg ætlun ríkisstjórnarinnar í þessu frumvarpi var að halda erlendum lántökum mjög í hófi en sækja þeim mun meira lánsfé á innlendan lánsfjármarkað.

Þessi áform hafa nú breyst þannig að leita skal aukinna erlendra lána sem nemur einum milljarði. Hafa ber einnig í huga að aukin ásókn ríkisstjórnar í innlent lánsfé getur leitt til hækkunar vaxta en raunvextir eru nú taldir vera um 7–8%. Háir vextir hafa verið þungur baggi bæði á húsnæðiskaupendum og fyrirtækjum. Það ber einnig að hafa í huga að húsbréfakerfið mun auka þörf fyrir lánsfé og talið er að fjárbinding fyrirtækja og iðnaðar vegna innflutnings í kjölfar þess að virðisaukaskattur er tekinn upp muni leiða til 4–5 milljarða króna lánsfjárþarfar strax á fyrri hluta næsta árs.

Nýjar lántökuaðferðir.

Í þessu frumvarpi er það nýmæli að gert er ráð fyrir hámarkslánum til Iðnþróunar- og Iðnlánasjóðs og skulu lántökur vegna fyrirtækja rúmast innan þeirra lántökuheimilda. Enn fremur er þessum og öðrum tilgreindum lántökuaðilum gert skylt að kynna áform sín og leita fyrir fram samþykkis Seðlabanka Íslands, í umboði fjármálaráðuneytisins, á kjörum og skilmálum erlendra lána.

Þetta er gert til að reyna að samræma lánskjör stofnana með ríkisábyrgðir og ríkissjóðs sjálfs á alþjóðlegum lánamörkuðum. Fram kom í viðræðum nefndarinnar við forstöðumenn ýmissa sjóða og stofnana að þeir hafi sneitt fram hjá Framkvæmdasjóði við öflun erlendra lána vegna óhagkvæmni. Sú skoðun kom fram að nauðsynlegt væri að fleiri en Seðlabankinn tækju erlend lán, ekki síst vegna þess að þekking á erlendum viðskiptum þyrfti að vera fyrir hendi á fleiri stöðum en í Seðlabankanum.

Hins vegar kom það einnig fram að flestir ef ekki allir fyrrgreindir viðmælendur nefndarinnar sögðust hafa haft samráð við Seðlabankann og mátu það mikils en voru andvígir þeirri hugmynd að leita þyrfti samþykkis Seðlabankans.

Annar minni hl. telur að draga þurfi sem mest úr erlendum lántökum en eðlilegt sé að leita samræmingar um slíkar lántökur og hagnýta þá reynslu og þekkingu sem til er í landinu á því sviði og miðla henni. Annar minni hl. telur jafnframt að nægilegt sé að leita samráðs við Seðlabankann.

Skerðingarákvæði.

Í þessu frumvarpi er afturgenginn ósiður fyrri ára þar sem löggjafinn notar lagasetningu eins og leikfang og ómerkir fyrri gerðir sínar.

Þannig er lagt til að fella niður lögbundin framlög til einstakra málaflokka en í sumum tilvikum hefur jafnvel aldrei verið staðið við þau.

Þetta háttalag veikir þá virðingu sem löggjafinn sjálfur ber fyrir þeim lögum sem hann setur og grefur jafnframt undan trausti almennings til Alþingis.

Réttara væri að endurskoða fremur þau lög sem Alþingi treystir sér ekki til að standa við í stað þess að stunda vinnubrögð af þessu tagi árum saman.

Ferðamálaráð og Ferðamálasjóður.

Hér er um að ræða gróft dæmi þess hvernig framkvæmdarvaldið gengur yfir vilja Alþingis, en aldrei hefur verið staðið við lögboðið framlag til ferðamála.

Skv. 1. og 2. mgr. 8. gr. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, gildir eftirfarandi um framlög ríkissjóðs:

a. 8. gr. Fríhöfn í Keflavík skal greiða til Ferðamálaráðs 10% af árlegri vörusölu. Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal að öðru leyti greiddur úr ríkissjóði.
b. 26. gr. Árlegt framlag til Ferðamálasjóðs skal vera eigi lægri fjárhæð en 12 milljónir króna.

Áætluð velta flughafnarinnar á næsta ári mun vera um 1,4 milljarðar kr. Tekjur Ferðamálaráðs ættu því að vera um 145 millj. kr. Hins vegar eru fjárframlög til þess samkvæmt þessu frumvarpi ætluð eftir hækkun 38.600 þús. kr. eða 26,5% og nægir sú fjárhæð engan veginn fyrir fjárhagsskuldbindingum ráðsins eins og sjá má af meðfylgjandi gögnum:

„Ferðamálaráð Íslands.
Til upplýsinga fyrir fjárveitinganefnd Alþingis.

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga verða tekjur Ferðamálaráðs, sbr. 8. gr. laga nr. 79/1985 um skipulag ferðamála, frá Fríhöfn á Keflavíkurflugvelli 145,5 m.kr. Samkvæmt sama frumvarpi er reiknað með að Ferðamálaráð fái aðeins 24,7 af lögbundnum tekjum, eða 36 m.kr.

Fjárhagsskuldbindingar Ferðamálaráðs vegna verkefna á árinu 1990 eru þessar.

1.	Rekstur skrifstofu í New York	11,0 m.kr.
2.	Rekstur skrifstofu í Frankfurt (56%)	10,5 m.kr.
3.	Upplýsingamiðstöð í Reykjavík (50%)	7,0 m.kr.
4.	Prentun bæklinga	1,5 m.kr.
5.	Þátttaka í ferðasýningum	0,5 m.kr.
6.	Alþjóðlegt samstarf (NT/ETC)	1,2 m.kr.
7.	Skrifstofa í Reykjavík	10,4 m.kr.
8.	Skuld við ríkissjóð 1989	9,5 m.kr.
	Samtals	51,6 m.kr.

Drög að fjárhagsáætlun 1990.

1.	Fjárhagsskuldbindingar samkvæmt ofangreindri sundurliðun	51,6 m.kr.
2.	Umhverfismál	30,0 m.kr.
3.	Landkynningarmál	40,0 m.kr.
4.	Ferðamálafulltrúar í landshlutum	10,0 m.kr.
5.	Menntun leiðsögumanna	5,0 m.kr.
6.	Önnur fræðslumál	1,5 m.kr.
7.	Alþjóðlegt samstarf	2,0 m.kr.
8.	Önnur starfsemi	5,4 m.kr.
	Samtals	145,5 m.kr.

Athuga að kostnaður við rekstur skrifstofu í Reykjavík er greiddur beint úr ríkissjóði.“

Er einna tilfinnanlegast að Ferðamálaráð skuli ekki geta brugðist við auknum ferðamannastraumi til landsins með því að huga að brýnni umhverfisvernd. Því flytur 2. minni hl. breytingartillögur á sérstöku þingskjali um aukið fé til umhverfisverndar. Öðrum minni hl. þykir það undarleg forgangsröðun fjármálastjórnar að skammta svo naumt til þeirrar vaxandi og vænlegu atvinnugreinar sem ferðamál eru.

Ferðamálasjóðs er í raun ekki getið í þessu frumvarpi utan nafnsins en hans er getið í greinargerð fjárlagafrumvarpsins. Sjóðurinn hefur ekki getað veitt styrki vegna skorts á fjárveitingum, en vanskil hans eru 100 millj. kr. en eigið fé 127 millj. kr.

Menningarsjóður.

Fjárframlög til þessa sjóðs fara lækkandi ár frá ári, en þau renna að mestu leyti til launa starfsmanna en Menningarsjóður hefur með höndum bókaútgáfu og styrkveitingar til listamanna. Á árinu 1987 fékk sjóðurinn 9 millj. kr., 1989 11 millj. kr. og í þessu frumvarpi eru honum ætlaðar 8,5 millj. kr.

Samkvæmt ákvæðum 3. gr. laga nr. 50/1957, um Menningarsjóð, skal ríkissjóður greiða sjóðnum það gjald sem fæst af skemmtanaskatti í aðgöngumiðum að kvikmyndasýningum og dansleikjum í samræmi við ákvæði laga um skemmtanaskatt. Minnkandi aðsókn hefur verið að kvikmyndahúsum og tekjustofninn fer því þverrandi.

Að mati forsvarsmanns sjóðsins hefur Fjárlaga- og hagsýslustofnun ofáætlað tekjur af sölu bóka og einnig kom fram að mikið upplag óseldra bóka um þjóðhátíðina 1974 lægi hjá sjóðnum. Hann taldi það rothögg fyrir sjóðinn ef framlag ríkisins yrði ekki hærra. Annar minni hl. flytur breytingartillögu um að fella þetta skerðingarákvæði niður.

Ríkisútvarpið.

Samkvæmt ákvæðum 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur af aðflutningsgjöldum af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau renna óskiptar til Framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins. Jafnframt skulu 10% af brúttótekjum Ríkisútvarpsins af auglýsingum og afnotagjöldum renna til Framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins.

Forsvarsmenn RÚV lýstu yfir mikilli óánægju með þá skerðingu sem frumvarpið gerir ráð fyrir og stofnunin hefur þurft að sæta undanfarin ár. Um 63 millj. kr. þyrfti til að ljúka framkvæmdum við útvarpshúsið í Efstaleiti en þær hafa staðið í stað síðan 1987 og er það mjög bagalegt fyrir stofnunina. Sjónvarpið hefði átt að vera löngu flutt undir sama þak og útvarpið og er full eining meðal starfsmanna stofnunarinnar um að svo verði sem fyrst.

RÚV verður 60 ára á næsta ári og er það kjörið tilefni til að fullgera húsakost þessarar merku stofnunar. Ríkisstjórnin hefur samið við RÚV um greiðslu á launaskuldum að upphæð

318 millj. kr. en skerðing fjárframlaga til stofnunarinnar á árinu 1987 nam 250 millj. kr. Annar minni hl. telur að ríkisstjórnin geti ekki vikið sér undan því að efna loforð sín við RÚV. Það er umhugsunarefni að standi ríkisstjórnin ekki við gefin loforð blasir það beint við RÚV að hækka afnotagjöldin til að reyna að bjarga við fjárhag stofnunarinnar. Á hinn bóginn hefur ríkisstjórnin gefið aðilum vinnumarkaðarins loforð um að halda niðri hækkunum á opinberum gjöldum á næsta ári til að greiða fyrir kjarasamningum og er erfitt að sjá hvernig það dæmi gengur upp.

Framkvæmdasjóður aldraða.

Samkvæmt ákvæði 1. tölul. 10. gr. laga nr. 82/1989, um málefni aldraðra, skulu renna til Framkvæmdasjóðs aldraðra tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Skal gjaldið nema 2.500 kr. á hvern gjaldanda. Fjárhæð gjaldsins skal breytast árlega í samræmi við breytingar er kunna að verða á byggingarvísitölu, í fyrsta skipti við álagningu á árinu 1990, miðað við breytingu á byggingarvísitölu frá 1. desember 1989.

Hér reynir í fyrsta sinn á framkvæmd endurskoðaðra laga sem Alþingi hefur nýlega samþykkt á sl. vori. Forsvarsmaður Framkvæmdasjóðsins lýsti yfir mikilli óánægju með þá skerðingu sem nú fer fram þriðja árið í röð.

Óskert hefði framlagið átt að vera 230 millj. kr. en í frumvarpinu er gert ráð fyrir 160 millj. kr. Ef sjóðurinn hefði fengið að starfa með þeim hætti sem lög gera ráð fyrir í fimm ár má reikna með að honum hefði að mestu tekist að byggja upp aðstöðu fyrir aldraða um land allt.

Nú stefnir hins vegar í vandræði og ekki verður unnt að sinna sem skyldi þörfum aldraðra, en vandi þeirra fer vaxandi.

Því leggur 2. minni hl. til að þetta skerðingarákvæði verði fellt niður og gerir breytingartillögu um það.

Skerðing á framlagi til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR).

Fyrirhuguð er í breytingartillögum við frumvarpið skerðing á framlagi ríkisins til LSR og Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna. Fjárlaga- og hagsýslustjóri taldi rétt sjóðsfélaga ótvírætt tryggðan samkvæmt beinum lagaákvæðum án tillits til stöðu sjóðsins. Fulltrúar samtaka launafólks, sem komu á fund nefndarinnar og höfðu einnig sent alþingismönnum bréf áður um sama efni, lýstu sig andvíga þessari skerðingu og töldu að 500 millj. kr. skerðing á framlagi ríkisins til LSR væri annað tveggja frestun á lögbundnu framlagi ríkisins eða fyrsta skref í átt að því að ríkið hlaupist undan skyldum sínum gagnvart sjóðfélögum. Annar minni hl. telur þessa aðgerð mjög varhugaverða og birtir til áréttingar bréf samtaka launafólks en samtök hjúkrunarfræðinga og hjúkrunarfólks sem mætti á fund nefndarinnar lýstu stuðningi við efni þess:

„Efni: Áform í fjárlagafrumvarpi um skerðingu á framlögum til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Í frumvarpi til fjárlaga er gert ráð fyrir *lækkun á framlagi* ríkisins til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem nemur um hálfum milljarði króna. Jafnframt og til samræmis er boðuð breyting á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Samtök opinberra starfsmanna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna og Kennarasamband Íslands telja að með þessu sé verið að stíga fyrsta skrefið til að skerða lögbundinn rétt félagsmanna til lífeyris.

Með bréfi þessu vilja áðurnefnd samtök gera alþingismönnum grein fyrir gildandi lagaákvæðum, hefðbundinni framkvæmd laganna og rökum sínum gegn því að framlag ríkisins til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins verði lækkað.

Gildandi lagaákvæði.

Samkvæmt 25. gr. laga nr. 63/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, skal launagreiðandi endurgreiða lífeyrissjóðnum þær hækkanir sem verða á lífeyrisgreiðslum vegna almennra hækkana á launum opinberra starfsmanna. Á móti skal lífeyrissjóðurinn ávaxta a.m.k. 40% af útlánum sínum í skuldabréfum ríkisins og skulu vextir og verðbætur af þessum lánum ganga upp í endurgreiðslu ríkisins.

Það er því ekki rétt sem staðhæft er í greinargerð hagsýslustjóra til fjárveitinganefndar að lífeyrir sé verðtryggður samkvæmt áðurnefndum lögum. Hvorki laun né lífeyrir eru verðtryggð eins og alkunna er.

Framkvæmd.

Framkvæmd lífeyrissjóðsins á þessu lagaákvæði er heldur ekki nýtilkomin. Hún byggir á langri hefð sem fyrst komst á er utanaðkomandi oddamaður í stjórn sjóðsins ásamt fulltrúum sjóðsaðila komu sér saman um verklag. Þessi framkvæmd hefur síðan verið staðfest af öllum stjórnum sjóðsins fram á þennan dag. Um núverandi framkvæmd ríkir því löng hefð.

Rök.

Af hálfu fjármálaráðherra hefur því verið haldið fram að nauðsynlegt sé að breyta 25. grein um endurgreiðslur ríkisins vegna lánsfjárþarfar ríkisins.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna og Kennarafélag Íslands geta ekki fallist á að aukin lánsfjárþörf ríkisins réttlæti skerðingu á lögbundnum framlögum ríkisins til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Því er einnig haldið fram að óþarft sé að endurgreiða Lífeyrissjóðnum framlag samkvæmt 25. grein svo lengi sem sjóðurinn getur sjálfur fjármagnað lífeyrisgreiðslur með vaxtatekjum og nýjum iðgjöldum. Það fæli í sér að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins yrði gerður að hreinum gegnumstreymissjóði. Slíkt gengur þvert á hugmyndir manna um nauðsyn á sjóðsmyndun til að tryggja hag lífeyrisþega sem hefur verið grundvallarsjónarmið launafólks, atvinnurekenda og lífeyrissjóða.

Raunveruleg skuldbinding lífeyrissjóðsins er aðeins formgerð að hluta með 25. gr. gildandi laga. Rangt er að þannig sé búinn til sérstakur kostnaður fyrir ríkissjóð.

Þá má einnig benda á að ríkið er ekki eini launagreiðandinn sem á aðild að sjóðnum. Meðal annarra eru mörg sveitarfélög, landshlutafélög, sparisjóðir, uppeldis- og heilbrigðisstofnanir, stéttarfélög og stjórnmálaflokkar. Ef einhverjir ofangreindra aðila hafa ekki staðið í skilum á endurgreiðslum við sjóðinn hefur þeim verið vikið úr honum. Það bæri keim af hreinni valdníðslu ef ríkið breytti nú lögum til að skapa sjálfu sér léttari greiðslustöðu sem fulltrúar ríkis og stéttarfélaga í sjóðsstjórn hafa ekki viljað veita öðrum hingað til.

Öll samtök opinberra starfsmanna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna og Kennarasamband Íslands, skora á alþingismenn að fallast ekki á lækkun á lögbundnum greiðslum til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Það grefur undan möguleikum sjóðsins til að standa við skuldbindingar sínar.

Reykjavík, 30. nóvember 1989.

Páll Halldórsson,	Ögmundur Jónasson,	Svanhildur Kaaber,
f.h. BHMR	f.h. BSRB	f.h. KÍ.“

Nú, stundu áður en þetta frumvarp kemur til annarrar umræðu, liggur ekki ljóst fyrir hver raunverulegur halli fjárlaga er. Það er því jafn óljóst og áður hverjar endanlegar forsendur þessa frumvarps verða.

Sá óstöðugleiki, sem stjórnvöld bjóða stofnunum, fyrirtækjum og heimilum landsins upp á með síðbúnum ákvörðunum í tímaþröng um jafnviðamikið mál og búreikning ríkisins, er með öllu óverjandi.

Af ofangreindum ástæðum getur annar minni hl. ekki stutt þetta frumvarp en mun leggja fram breytingartillögur við það á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 19. des. 1989.

Guðrún Agnarsdóttir.

Ed. 402. Breytingartillögur [69. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1990.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur og Danfríði Skarphéðinsdóttur.

1. Við 19. gr. Í stað „36.000“ komi: 66.000.
2. Við 21. gr. Greinin falli brott.
3. Við 27. gr. Greinin falli brott.

Ed. 403. Lög [76. mál]

um breyting á lögum nr. 14/1965, um launaskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.)

Samhljóða þskj. 77.

Ed. 404. Lög [75. mál]

um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.)

Samhljóða þskj. 76.

Nd. 405. Frumvarp til laga [229. mál]

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 91/1989.

(Eftir 3. umr. í Ed., 20. des.)

1. gr.

Í stað orðsins „matsverðs“ í 1. mgr. 4. gr. laganna komi: álagningarstofns.

2. gr.

3. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Verði ágreiningur um gjaldstofn skv. 3. gr. skal vísa honum til úrskurðar Fasteignamats ríkisins. Þeim úrskurði má skjóta til yfirfasteignamatsnefndar ríkisins. Verði ágreiningur um gjaldskyldu sker yfirfasteignamatsnefnd úr. Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til dómstóla.

3. gr.

Í stað orðanna „2. mgr. 65. gr.“ í 2. mgr. 25. gr. laganna komi: 2. og 3. mgr. 65. gr.

4. gr.

1. mgr. 34. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórnum er heimilt að innheimta aðstöðugjald í sveitarsjóð hjá þeim aðilum sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

5. gr.

A-liður 2. mgr. 34. gr. laganna orðist svo:

Þeir sem um ræðir í 1.–4. tölul. og 6. tölul. 4. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

6. gr.

Í stað „1. tölul. 1. mgr. 31. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 35. gr. laganna komi: 1. tölul. 31. gr., og í stað „1. tölul. 2. mgr. 31. gr.“ í 2. mgr. sömu greinar komi: 2. mgr. 1. tölul. 31. gr.

7. gr.

Upphaf fyrri málsgreinar 38. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er að innheimta aðstöðugjald hjá aðila sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í öðru sveitarfélagi en þar sem hann á lögheimili eða hefur aðalatvinnurekstur sinn ef.

8. gr.

Í stað orðanna „Við gildistöku laga þessara“ í 2. mgr. 45. gr. laganna komi: Þegar lög þessi koma til framkvæmda.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 2. mgr. 25. gr. laganna um útsvar af tekjum barna skulu gilda við útsvarsálagningu á árinu 1990 vegna tekna þeirra á árinu 1989.

Ed. 406. Frumvarp til laga [250. mál]

um breyting á lögum nr. 104/1988, um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

1. gr.

1. gr. laga nr. 104/1988 orðist svo:

Í Reykjavíkurlæknishéraði skal frestur þessi standa til loka júnímánaðar 1990.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allt frá gildistöku fyrstu laga um heilbrigðisþjónustu, sbr. lög nr. 56/1973, sem tóku gildi 1. janúar 1974, hefur verið slegið á frest að taka upp kerfi heilsugæslu í Reykjavík. Síðast var þessi frestur ákveðinn í lögum nr. 104/1988 og stendur hann út yfirstandandi ár.

Í tengslum við verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, sem öðlast gildi um næstu áramót, hefur verið lagt fram frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, þar sem lagt er til að öll heilbrigðisþjónusta, sem rekin hefur verið á vegum sveitarfélaga, færist yfir til ríkisins sem ber frá og með 1. janúar nk. að standa undir öllum kostnaði við slíkan rekstur. Þegar hefur verið tekin ákvörðun um þessa yfirfærslu þegar eiga í hlut svokallaðar sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðvar í samræmi við lög nr. 87/1989, um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Eftir stendur að færa heilsugæsluna í Reykjavík og heilsugæslu, sem rekin er í tengslum við sjúkrahús, yfir auk starfsemi þeirra sjúkrahúsa sem rekin eru nú á vegum sveitarfélaganna.

Ákveðið hefur ferið að fresta afgreiðslu málsins fram yfir áramót. Því er nauðsynlegt að framlengja enn um sinn frest til að koma upp kerfi heilsugæslu í Reykjavíkurlæknishéraði fram á mitt ár, en það er eina læknishéraðið sem ekki hefur enn tekið upp kerfi heilsugæslu í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu.

Sþ. 407. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1990.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Árið 1990 er ætlast til að innheimtar tekjur verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi samkvæmt þessari grein.

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
41	**Beinir skattar**		
411	**Eignarskattar**		**3 075 000**
4110	Eignarskattur, einstaklingar	1 400 000	
41101	Eignarskattsauki, einstaklingar	100 000	
4111	Eignarskattur, félög	785 000	
41111	Eignarskattsauki, félög	165 000	
4116-7	Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði	425 000	
4118	Erfðafjárskattur	200 000	
412	**Tekjuskattur, nettó**		**13 085 000**
4120-2	Tekjuskattur, einstaklingar, nettó	10 985 000	
4123	Tekjuskattur, félög	2 100 000	
413	**Persónuskattar**		**230 000**
4130	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraða	230 000	
42-43	**Óbeinir skattar**		
420	**Gjöld af innflutningi, aðflutningsgjöld, almenn**		**3 000 000**
4200	Aðflutningsgjöld alls	3 000 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
421	**Gjöld af innflutningi**		**5 341 500**
4210	Gjald af bifreiðum og bifhjólum	1 030 000	
4211	Innflutningsgjald af bensíni	3 290 000	
4212	Jöfnunargjald	500 000	
4213	Jöfnunarálag á hús og húshluti	13 500	
42153	Fóðurgjald, grunngjald, lög nr. 46/1985	183 500	
42154	Kartöflugjald	95 000	
42155	Sérstakt kjarnfóðurgjald	194 500	
4216	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	35 000	
422	**Tekjur af sölu erlends gjaldeyris**		**545 000**
4220	Gjald af umboðsþóknun og gengismun innlánsstofnana	303 000	
4221	Leyfisgjald	242 000	
423	**Skattar af framleiðslu og innflutningi**		**2 184 000**
4235	Vörugjald	2 000 000	
4239	Framleiðslugjald af áli	184 000	
425	**Virðisaukaskattur**		**38 650 000**
4250	Virðisaukaskattur	38 650 000	
426	**Skattar af orku**		**75 000**
4261	Rafmagnseftirlitsgjald	75 000	
427	**Skattar af einkasöluvörum**		**6 155 000**
4271	Hluti af rekstrarhagnaði ÁTVR	6 150 000	
4273	Gjald af einkasöluvörum	5 000	
428	**Sérstakir skattar af þjónustu**		**67 500**
42801	Skemmtanaskattur	57 500	
42802	Miðagjald	10 000	
429	**Aðrir skattar af veittri þjónustu**		**468 000**
4290	Aukatekjur, almennar	460 000	
42942	Samúðarskeyti Landssímans	8 000	
430	**Skattar af launagreiðslum**		**6 870 000**
4301	Launaskattur	3 800 000	
4302	Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	2 400 000	
4303	Slysatryggingagjald	357 000	
4305	Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs	313 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
431	**Aðrir óbeinir skattar**		**5 376 300**
4310	Þinglýsingar	48 000	
4311	Stimpilgjald	1 960 000	
43121	Þungaskattur af dísilbifreiðum, skv. ökumælum	980 000	
43122	Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	305 000	
43123	Bifreiðagjald	1 290 000	
43132	Vitagjald	36 500	
43133	Skipaskoðunargjald	39 000	
4316	Áhættugjald ríkisábyrgða	220 000	
4317	Einkaleyfisgjald Happdrættis HÍ	43 800	
4318	ICAO-tekjur	454 000	
48	**Fjármunatekjur**		
481	**Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur**		**4 205 000**
4811	Dráttarvextir og vextir af skammtímalánum	2 100 000	
4812	Vaxtatekjur af langtímalánum	2 105 000	
482	**Arðgreiðslur**		**2 052 600**
4820	Frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta:		
48201	Afgjöld ríkisjarða	100 000	
48202	Fríhöfn Keflavíkurflugvelli	394 000	
48203	Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli	53 600	
48206	Póstur og sími	500 000	
4821	Sameignir ríkisins	500 000	
4822	Arður af hlutabréfum	50 000	
4823	Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands	450 000	
4829	Aðrar arðgreiðslur ríkisfyrirtækja	5 000	
49	**Aðrar tekjur**		
499	**Ýmsar tekjur**		**165 000**
4990	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	140 000	
4999	Óvissar tekjur	25 000	
	Tekjur samtals		91 544 900

Sþ. 408. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1990.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

		Þús. kr.	Þús. kr.
1. Við 5. gr. Við 22–202 Happdrætti HÍ. Liðurinn orðist svo:			
22–201	**Happdrætti Háskóla Íslands**		
51	Laun	33 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	222 180	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	886 440	
5,8	Gjöld samtals	1 141 620	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 360 620	
48	Fjármunatekjur	15 000	
4,7	Tekjur samtals	1 375 620	
	Mismunur		234 000
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað, greitt í ríkissjóð	43 800	
32	Annað, greitt Háskóla Íslands	190 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	234 000	
2. Við 5. gr. Við 22–211 Háskólabíó. Liðurinn orðist svo:			
22–211	**Háskólabíó**		
51	Laun	33 970	
52–57	Önnur rekstrargjöld	53 250	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	100 610	
571	Fjármagnskostnaður	12 520	
51–57	Viðhald	10 140	
593	Afskriftir	10 890	
5,8	Gjöld samtals	221 380	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	211 950	
48	Fjármunatekjur	6 330	
49	Aðrar tekjur	13 000	
4,7	Tekjur samtals	231 280	
	Mismunur		9 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	72 000	
26	Afborgun lána	3 140	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	10 890	
26	Tekin lán	40 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	9 900	
32	Annað	14 350	

3. Við 5. gr. Við 22–872 Lánasjóður íslenskra námsmanna. Liðurinn orðist svo:

22–872	**Lánasjóður íslenskra námsmanna**		
51	Laun	34 800	
52–57	Önnur rekstrargjöld	39 100	
571	Fjármagnskostnaður	395 300	
59	Yfirfærslur	74 550	
5,8	Gjöld samtals	543 750	
48	Fjármunatekjur	178 950	
4910	Framlög úr ríkissjóði	2 215 000	
4,7	Tekjur samtals	2 393 950	
	Mismunur		1 850 200
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	3 271 500	
18	Fjárfestingar	22 100	
26	Afborgun lána	714 550	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	277 950	
26	Tekin lán	1 880 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 850 200	

4. Við 5. gr. Við 22–970 Ríkisútvarpið, Framkvæmdasjóður. Liðurinn orðist svo:

22–970	**Ríkisútvarpið, Framkvæmdasjóður**		
49	Aðrar tekjur	182 230	
4,7	Tekjur samtals	182 230	
	Mismunur		182 230
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	86 490	
26	Afborgun lána	25 260	
32	Annað	70 480	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	182 230	

5. Við 5. gr. Við 22–971 Ríkisútvarpið, hljóðvarp. Liðurinn orðist svo:

		Þús. kr.	Þús. kr.
22–971	**Ríkisútvarpið, hljóðvarp**		
51	Laun	294 090	
52–57	Önnur rekstrargjöld	371 800	
571	Fjármagnskostnaður	7 510	
593	Afskriftir	59 800	
59	Yfirfærslur	67 660	
5,8	Gjöld samtals	800 860	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	676 580	
48	Fjármunatekjur	43 030	
4,7	Tekjur samtals	719 610	
	Mismunur		−81 250
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	59 800	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−81 250	
32	Annað	21 450	

6. Við 5. gr. Við 22–972 Ríkisútvarpið, sjónvarp. Liðurinn orðist svo:

22–972	**Ríkisútvarpið, sjónvarp**		
51	Laun	363 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	671 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 600	
571	Fjármagnskostnaður	13 830	
593	Afskriftir	143 000	
59	Yfirfærslur	114 570	
5,8	Gjöld samtals	1 308 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 145 680	
48	Fjármunatekjur	24 810	
49	Aðrar tekjur	15 960	
4,7	Tekjur samtals	1 186 450	
	Mismunur		−121 550
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað	21 450	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	143 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−121 550	

7. Við 5. gr. Við 22–973 Þjóðleikhús. Liðurinn orðist svo:

		Þús. kr.	Þús. kr.
22–973	**Þjóðleikhúsið**		
51	Laun	190 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	50 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	10 000	
5,8	Gjöld samtals	250 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	50 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	200 000	
4912	Aðrar tekjur, framlög frá B-hluta	275 000	
4,7	Tekjur samtals	525 000	
	Mismunur		275 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	275 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	275 000	

8. Við 5. gr. Við bætist nýr liður er orðist svo:

22–977	**Byggingarsjóður Þjóðarbókhlöðu**		
49	Aðrar tekjur, framlög frá Háskóla Íslands	53 000	
4912	Aðrar tekjur, framlög frá B-hluta	67 000	
4,7	Tekjur samtals	120 000	
	Mismunur		120 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	120 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	120 000	

9. Við 5. gr. Við bætist nýr liður er orðist svo:

22–978	**Endurbótasjóður menningarstofnana**		
4910	Framlög úr ríkissjóði	42 000	
4,7	Tekjur samtals	42 000	
	Mismunur		42 000
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað, framlög til Þjóðleikhúss	275 000	
32	Annað, framlög til Byggingarsjóðs Þjóðarbókhlöðu	67 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
26	Tekin lán	300 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	42 000	

10. Við 5. gr. Við 23–101 Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli. Liðurinn orðist svo:

		Þús. kr.	Þús. kr.
23–101	**Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli**		
51	Laun	133 160	
52–57	Önnur rekstrargjöld	109 230	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	872 250	
571	Fjármagnskostnaður	14 470	
593	Afskriftir	16 900	
5,8	Gjöld samtals	1 146 010	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 529 800	
48	Fjármunatekjur	3 970	
49	Aðrar tekjur	840	
4,7	Tekjur samtals	1 534 610	
	Mismunur		388 600
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	11 500	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	394 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	16 900	
39	Ráðstöfun eigin fjár	388 600	

11. Við 5. gr. Við 23–114 Flugstöð Leifs Eiríkssonar, rekstur. Liðurinn orðist svo:

23–114	**Flugstöð Leifs Eiríkssonar, rekstur**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	91 250	
571	Fjármagnskostnaður	327 710	
51–57	Viðhald	35 750	
593	Afskriftir	99 840	
5,8	Gjöld samtals	554 550	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	403 440	
49	Aðrar tekjur	61 290	
4,7	Tekjur samtals	464 730	
	Mismunur		−89 820
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	10 020	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	99 840	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−89 820	

12. Við 5. gr. Við 24–221 Áburðarverksmiðja ríkisins. Liðurinn orðist svo:

24–221	**Áburðarverksmiðja ríkisins**	Þús. kr.	Þús. kr.
51	Laun	258 500	
52–57	Önnur rekstrargjöld	288 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	321 000	
571	Fjármagnskostnaður	91 200	
51–57	Viðhald	46 500	
593	Afskriftir	202 200	
5,8	Gjöld samtals	1 207 400	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 080 000	
48	Fjármunatekjur	62 000	
4,7	Tekjur samtals	1 142 000	
	Mismunur		−65 400
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	105 000	
26	Afborgun lána	81 800	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	202 200	
26	Tekin lán	50 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−65 400	

13. Við 5. gr. Við 28–273 Atvinnuleysistryggingasjóður. Liðurinn orðist svo:

28–273	**Atvinnuleysistryggingasjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	62 000	
59	Yfirfærslur	1 974 000	
5,8	Gjöld samtals	2 036 000	
48	Fjármunatekjur	30 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	1 252 000	
49	Aðrar tekjur	83 000	
4,7	Tekjur samtals	1 365 000	
	Mismunur		−671 000
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	220 000	
18	Sala eigna, verðbréf	451 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−671 000	

14. Við 5. gr. Við 30–101 Póst- og símamálastofnunin. Liðurinn orðist svo:

		Þús. kr.	Þús. kr.
30–101	**Póst- og símamálastofnunin**		
51	Laun	3 053 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 925 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	250 000	
571	Fjármagnskostnaður	90 000	
51–57	Viðhald	135 000	
593	Afskriftir	1 170 000	
5,8	Gjöld samtals	6 623 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	6 300 000	
48	Fjármunatekjur	50 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði, skil ICAO-tekna	183 000	
49	Aðrar tekjur	90 000	
4,7	Tekjur samtals	6 623 000	
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	935 000	
26	Afborgun lána	100 000	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	500 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	1 170 000	
32	Annað	365 000	

15. Við 5. gr. Við 30–332 Hafnabótasjóður. Liðurinn orðist svo:

30–332	**Hafnabótasjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	2 340	
571	Fjármagnskostnaður	14 340	
59	Yfirfærslur	42 500	
5,8	Gjöld samtals	59 180	
48	Fjármunatekjur	31 440	
4910	Framlög úr ríkissjóði	47 500	
4,7	Tekjur samtals	78 940	
	Mismunur		19 760
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	44 780	
26	Afborgun lána	46 940	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	71 960	
39	Ráðstöfun eigin fjár	19 760	

16. Við 5. gr. Við 31–231 Sementsverksmiðja ríkisins. Liðurinn orðist svo:

		Þús. kr.	Þús. kr.
31–231	**Sementsverksmiðja ríkisins**		
51	Laun	278 930	
52–57	Önnur rekstrargjöld	242 680	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	99 720	
571	Fjármagnskostnaður	32 590	
51–57	Viðhald	48 410	
593	Afskriftir	98 000	
5,8	Gjöld samtals	800 330	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	789 190	
49	Aðrar tekjur	7 800	
4,7	Tekjur samtals	796 990	
	Mismunur		−3 340
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	5 000	
18	Fjárfestingar	39 000	
26	Afborgun lána	56 980	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	6 320	
19	Afskriftir	98 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−3 340	

17. Við 5. gr. Við 31–321 Rafmagnsveitur ríkisins. Liðurinn orðist svo:

31–321	**Rafmagnsveitur ríkisins**		
51	Laun	408 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	517 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 610 000	
593	Afskriftir	754 000	
5,8	Gjöld samtals	3 289 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	2 715 000	
48	Fjármunatekjur	90 000	
49	Aðrar tekjur	30 000	
4,7	Tekjur samtals	2 835 000	
	Mismunur		−454 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	370 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	70 000	
19	Afskriftir	754 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−454 000	

18. Við 5. gr. Við 31–371 Orkusjóður. Liðurinn orðist svo:		Þús. kr.	Þús. kr.
31–371	**Orkusjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 560	
571	Fjármagnskostnaður	61 130	
59	Yfirfærslur	21 000	
5,8	Gjöld samtals	83 690	
48	Fjármunatekjur	25 260	
4910	Framlög úr ríkissjóði	254 660	
4,7	Tekjur samtals	279 920	
	Mismunur		196 230
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán, jarðhitaleit	12 400	
26	Afborgun lána	189 660	
32	Annað, styrking dreifikerfa í sveitum	51 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	56 830	
39	Ráðstöfun eigin fjár	196 230	

Nd. 409. Frumvarp til laga [251. mál]

um breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

Við lögin komi ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 3. gr. skal gjalddagi bifreiðagjalds vegna gjaldtímabilsins 1. janúar til 30. júní 1990 vera 1. mars 1990.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er liggur fyrir Alþingi stjórnarfrumvarp þar sem gert er ráð fyrir sérstakri hækkun á bifreiðagjaldi á árinu 1990 umfram almenna verðuppfærslu samkvæmt gildandi lögum. Nú liggur fyrir að ekki verður unnt að afgreiða umrætt frumvarp fyrir áramót. Af þessum sökum er hér lagt til að gjalddaga bifreiðagjalds verði frestað, þ.e. að gjalddagi vegna gjaldtímabilsins 1. janúar til 30. júní 1990 verði 1. mars í stað 1. janúar nk.

Sþ. 410. Nefndarálit [1. mál]

um framlög til flóabáta, fólks- og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur að venju fjallað um erindi þau sem Alþingi hafa borist um framlög á fjárlögum til stuðnings við rekstur flóabáta vegna vöru- og fólksflutninga á einstökum svæðum. Farsvæði þessara báta er á Faxaflóa, á Breiðafirði, á Ísafjarðardjúpi og frá Þorlákshöfn til Vestmannaeyja. Enn fremur eru flutningar styrktir á Eyjafirði, til Grímseyjar og milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar.

Jafnframt hefur nefndin tekið fyrir og rætt erindi sem borist hafa vegna flutninga á landi, svo sem til reksturs snjóbifreiða eða vegna mikils snjómoksturs þar sem erfitt reynist fyrir viðkomandi byggðarlög að standa straum af þeim kostnaði sem þau verða að bera samkvæmt snjómokstursreglum Vegagerðar ríkisins. Þrátt fyrir það að reglurnar hafa verið rýmkaðar á síðustu árum verða íbúar í snjóþungum héruðum fyrir verulegum kostnaði umfram aðra þegna þjóðfélagsins við að halda uppi nauðsynlegum samgöngum. Til að minnka eitthvað þennan aðstöðumun hafa verið veitt á fjárlögum hvers árs framlög til þeirra aðila sem að dómi nefndarinnar eru verst settir að þessu leyti.

Halldór S. Kristjánsson, skrifstofustjóri í samgönguráðuneytinu, og Guðmundur Einarsson, forstjóri Skipaútgerðar ríkisins, mættu sem fyrr á fundum nefndarinnar og veittu henni margvíslegar upplýsingar sem komu nefndinni að verulegu gagni. Færir nefndin þeim sérstakar þakkir fyrir störf þeirra í hennar þágu.

Skal nú gerð grein fyrir einstökum þáttum tillagna nefndarinnar, sérstaklega varðandi hin stærri verkefni, þ.e. flutninga á sjó. Hvort tveggja er að til þeirra gengur mestur hluti þess fjármagns sem nefndin úthlutar og um allt það er lýtur að sjóflutningum hefur nefndin fyllri upplýsingar þó að þeir aðilar, sem styrks til landflutninga njóta, hafi einnig sent nefndinni greinargóðar upplýsingar um rekstur og annað er umsóknina snertir. Samt er í nokkrum tilvikum misbrestur á því að reikningar fylgi umsókn og voru nefndarmenn sammála um að styrkur yrði ekki greiddur á næsta ári fyrr en reikningar bærust samgönguráðuneytinu fyrir yfirstandandi ár. Enn fremur vill nefndin enn á ný beina því til ráðuneytisins að þeim aðilum, sem njóta stofnstyrkja undir liðnum flutningar á landi, verði kynnt sú meginregla nefndarinnar að stofnstyrkir vegna ákveðinna verkefna verði eingöngu veittir í þrjú ár. Við úthlutun stofnstyrkja hefur að jafnaði verið við það miðað að hann verði ekki hærri samtals en helmingur kostnaðar við kaup á vélum og tækjum. Þrátt fyrir þessa meginreglu taldi nefndin eftir atvikum rétt að veita tveimur aðilum stofnstyrk enn á ný á næsta ári vegna verulegrar greiðslubyrði af lánum, en að um lokagreiðslur yrði að ræða. Það er til vetrarsamgangna í Árneshreppi og til snjóbifreiðar í Oddsskarði og Fagradal. Nefndin vill leggja á það áherslu að líta beri á þessar styrkveitingar sem algjöra undantekningu og ekki til eftirbreytni. Einnig samþykkti nefndin að veita Hólmavíkurhreppi 1,0 millj. kr. stofnstyrk til kaupa á snjóbifreið og það yrði eingöngu um veitingu í eitt skipti að ræða.

Akraborg.

Rekstraraðili Akraborgar, Skallagrímur hf., sækir um 28,0 millj. kr. styrk á næsta ári. Í ár er styrkurinn 16,5 millj. kr. og gekk hann að fullu til greiðslu á lánum hjá Ríkisábyrgðasjóði samkvæmt samkomulagi við hann.

Á árinu 1988 nam hallinn á rekstri Akraborgar 19,6 millj. kr. Á árinu 1986 var hallinn 12,2 millj. kr. og á árinu 1987 var hann 779 þús. kr. Samanlagður halli síðustu þriggja ára er því 32,6 millj. kr. Rekstrartekjur Akraborgar voru 108 millj. kr. á árinu 1988, en voru 92,2 millj.

kr. árið 1987. Hækkun milli ára er 17%. Rekstrargjöld voru 106,8 millj. kr. 1988, en 89,6 millj. kr. 1987. Gjöldin hækkuðu því um 19,2%.

Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 1988 er eigið fé fyrirtækisins neikvætt um 60,1 millj. kr. Eiginfjárstaðan versnaði um 26,2 millj. kr. á árinu. Skýringin á þessu er m.a. sú að styrkurinn nægði ekki til greiðslu afborgana og vaxta fyrirtækisins hjá Ríkisábyrgðasjóði eins og að var stefnt.

Í lok september sl. var hallinn á rekstri Akraborgar orðinn 7,5 millj. kr. eftir að búið var að taka tillit til fjármunatekna og fjármagnsgjalda. Þetta er um 1,0 millj. kr. verri útkoma en var á sama tíma árið áður.

Samkvæmt yfirliti um greiðslubyrði afborgana og vaxta af langtímalánum Akraborgar falla til greiðslu hjá Ríkisábyrgðasjóði eftirtaldar greiðslur á árunum 1990–1992 (gengi 17. nóv. 1989):

Árið 1990	27.978 þús. kr.
Árið 1991	18.370 þús. kr.
Árið 1992	69.538 þús. kr.
Alls	115.886 þús. kr.

Hér fara á eftir upplýsingar um flutninga Akraborgar frá janúarmánuði til októbermánaðar síðustu þrjú ár:

	1987	**1988**	**1989**
Bifreiðar	67.755	64.342	59.634
Þar af flutningabílar	6.910	6.865	6.189
„Gangandi farþegar“	60.873	60.586	58.074

Samkvæmt framangreindu yfirliti heldur bílum áfram að fækka og nemur fækkunin frá 1987 8.121 bifreið eða um 12%. Nú er í fyrsta skipti um árabil nokkur fækkun á „gangandi farþegum“ milli ára. Akraborgin fór 22 ferðum færra í ár (frá janúarmánuði til októbermánaðar) en á sama tíma í fyrra og flutti að meðaltali 1,7 færri bíla í hverri ferð. Á árinu 1988 flutti Akraborgin 26,43 bíla í hverri ferð, en 28,76 bíla á árinu 1987. Í ár er talan 24,73 bílar í hverri ferð.

Baldur.

Flóabáturinn Baldur hf. sækir um 30,3 millj. kr. styrk á næsta ári. Í ár er styrkurinn 18,8 millj. kr.

Samkvæmt upplýsingum rekstraraðila bátsins um starfrækslu hans fyrstu átta mánuði þessa árs og bráðabirgðauppgjöri um rekstur bátsins umrætt tímabil og áætlun til loka þessa árs er gert ráð fyrir að heildargjöld Baldurs verði 32,2 millj. kr. og tekjur 12,0 millj. kr. Ríkisframlagið verður 18,8 millj. kr. þannig að samkvæmt þessu verður um 1,4 millj. kr. halli á árinu ef ekki eru taldar með afskriftir.

Á árinu 1988 voru fyrningar og aðrar afskriftir 1,7 millj. kr. Á árinu 1988 var hallinn á rekstri Baldurs 1,7 millj. kr. án afskrifta, en var á árinu 1987 1,3 millj. kr., einnig án afskrifta. Undanfarin þrjú ár að yfirstandandi ári meðtöldu hefur því eigið fé fyrirtækisins rýrnað um a.m.k. 4,4 millj. kr.

Laugardaginn 2. des. 1989 var sjósett hjá Þorgeiri og Ellert hf. á Akranesi ný Breiðafjarðarferja. Áætlað er að hún verði afhent rekstraraaðila í byrjun næsta árs.

Þessi nýja ferja er tæplega 39 m að lengd og breiddin er 9,2 m. Áætlað er að skipið geti tekið um 150 farþega í sæti og um 20 fólksbíla, en hægt er að auka flutningsgetuna um 10 bíla með lyftanlegum palli. Árið 1990 verður því fyrsta rekstrarár nýs skips og verður að skoða áætlun útgerðaraðila um tekjur og gjöld í ljósi þess.

Útgerðaraðili gefur sér þá forsendu að launakostnaður hækki um 35% frá árinu í ár. Að meðaltali verða átta í áhöfn nýju ferjunnar en á gamla Baldri voru sex í áhöfn. Hækkun almennra gjalda er áætluð um 95%. Athygli vekur veruleg olíunotkun, en áætlað er að olíukostnaður u.þ.b. fjórfaldist, verði 9,2 millj. kr. Gamli Baldur eyddi um 80 lítrum á klst., en áætlað er að nýja ferjan eyði um 200 lítrum á klst.

Gert er ráð fyrir að heildarrekstrargjöld nýrrar ferju verði 54,4 millj. kr. eða um 69% hærri en í ár við rekstur gamla Baldurs.

Útgerðaraðili áætlar að tekjur tvöfaldist með tilkomu nýrrar ferju, verði 24,1 millj. kr. Forsendur hans eru að flutningur bifreiða stóraukist, fari úr 1.200–1.500 bíla í 4.000 bíla, fluttir verði um 6.000 farþegar yfir Breiðafjörðinn og 2.000 farþegar til Flateyjar eða alls 8.000 farþegar. Undanfarin ár hefur gamli Baldur flutt 5.000–6.000 farþega á ári.

Fagranes.

Eins og mörg undanfarin ár fylgir umsókn rekstraraðila bátsins greinargott yfirlit um rekstur hans út þetta ár.

Í bréfi framkvæmdastjóra fyrirtækisins til samvinnunefndar samgöngumála, dags. 20. nóv. 1988, er tekið fram að við gerð rekstraráætlunar fyrir árið 1989 var gert ráð fyrir 12–15% hækkun gjaldaliða milli ára, en hækkunin varð 20%. Gert var ráð fyrir 20% hækkun tekjuliða en hækkunin varð 40%.

Gert er ráð fyrir að fyrirtækið verði rekið með lítils háttar halla á árinu þegar búið er að taka tillit til 14,1 millj. kr. ríkisframlags.

Báturinn flutti fyrstu 10 mánuði þessa árs 1.003 tonn af vörum, 171 þús. lítra af mjólk, 2.693 farþega og 169 bíla í 139 ferðum. Á sama tímabili árið 1988 flutti hann 842 tonn af vörum, 89 þús. lítra af mjólk, 2.027 farþega og 99 bíla í 122 ferðum.

Áætlun fyrirtækisins er í hefðbundnum stíl. Útgerðaraðili gefur sér þá forsendu að gjöld hækki frá 11 til 23% frá árinu í ár, að meðaltali um tæp 23%, og að þau verði 26,3 millj. kr. á næsta ári. Tekjur eru taldar aukast um 23% milli ára og að þær verði 8,5 millj. kr. Til að jöfnuður náist þarf ríkisframlagið að vera 17,6 millj. kr. samkvæmt umsókn útgerðar bátsins. Ef þetta ríkisframlag yrði samþykkt jafngildir það 66,8% af gjöldum bátsins. Til samanburðar nam ríkisstyrkur 70% af gjöldum 1988, 68,8% af gjöldum 1987 og 73,0% 1986.

Hríseyjarferja.

Hríseyjarhreppur, sem er rekstraraðili Sævars, sækir um 2,0 millj. kr. rekstrarstyrk á næsta ári. Undanfarin þrjú ár hefur ferjan ekki þurft á rekstrarstyrk að halda, en fengið stofnstyrk sem í ár er 3,5 millj. kr. sem m.a. hefur verið notaður til greiðslu afborgana og vaxta.

Um ástæðu þess, að sótt er um styrk á næsta ári, segir rekstraraðili m.a. „Nú er unnið að kaupum á ferju fyrir Hrísey–Grímsey. Þessi ferja á að yfirtaka þungaflutninga núverandi Hríseyjarferju og annast alla flutninga milli Grímseyjar og lands. Hríseyjarferjan Sævar verður áfram rekin sem farþegaferja fyrir Hrísey og fyrir léttari flutning. Erfitt er að fullmóta fyrir fram rekstur þessarar nýju ferju og gera sér grein fyrir hver áhrif hún kann að hafa á rekstur núverandi ferju.

Því er sótt um þennan styrk til öryggis þannig að komið verði í veg fyrir að fyrirvaralaust verði á næsta ári farið af stað með beiðni um aðstoð vegna þess að ekki hafi tekist upp sem skyldi. Komi í ljós að ekki þurfi að nota styrkinn er það vel."

Rekstur Hríseyjarferjunnar Sævars á árinu 1988 sýndi halla að fjárhæð tæpar 70 þús. kr. Eins og fyrr er nefnt var enginn rekstrarstyrkur veittur til ferjunnar á þessu ári né á árinu 1987, en til greiðslu af lánum og upp í kaup á rafal var veittur styrkur 300 þús. kr. Umræddur rafall kostaði 830 þús. kr. Heildargjöld fyrirtækisins námu 9,7 millj. kr., en að frádregnum kostnaði

við rafalinn 8,8 millj. kr. Tekjur ferjunnar, þ.e. flutningstekjur, námu 9,1 millj. kr. eða 94% heildargjalda.

Farþegum með ferjunni hefur fjölgað á hverju ári frá því að ferjan kom til Hríseyjar árið 1979 þar til árið 1988 er þeim fækkaði um 2.000. Það veldur lækkun tekna um 300.000 kr.

Á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir að farþegum fjölgi aftur og verði fleiri en nokkru sinni fyrr.

Mjóafjarðarbátur.

Sótt er um styrk vegna áætlunarferða milli Mjóafjarðar, Dalatanga og Neskaupstaðar. Fyrirkomulag ferða er með sama sniði og áður. Farnar eru tvær ferðir í viku frá Mjóafirði til Neskaupstaðar með viðdvöl þar og fara 10–12 klst. í hverja ferð. Þá er farið að Dalatanga jafnoft. Farið er á milli Dalatanga og Mjóafjarðar á landi á sumrin og þegar því verður við komið á veturna.

Vegna áætlunarferðanna til Dalatanga hefur reynst nauðsynlegt að hafa yfir að ráða snjósleða og Subaru-bifreið og einnig Zodiak-gúmmíbát því að þegar landleiðin er ófær er farið á bátnum næsta dag og tekið land í gúmmíbátnum. Eru þær ferðir tímafrekar og bindandi þar sem oft þarf að bíða færis vegna erfiðra lendingarskilyrða á Dalatanga. Hefur það í för með sér allmikinn aukakostnað og tímatap.

Þessi bátur, sem keyptur var á árinu 1978, er að sögn heimamanna eini möguleikinn til þess að hafa samband við Neskaupstað þar sem öll verslunarviðskipti fyrir þennan hrepp fara fram.

Rekstraraðili Mjóafjarðarbáts, Egill Stefánsson, sækir um rekstrarstyrk á næsta ári að fjárhæð 3.000.000 kr. Egill Stefánsson lætur þess getið í umsókn sinni til nefndarinnar að hann muni láta af störfum við rekstur bátsins sökum aldurs og lasleika og flytja af staðnum. Starfsemin verður þó með sama sniði og mun Egill selja sinn eignarhluta (50%) í bátnum.

Er sótt um stofnstyrk, að fjárhæð 3,0 millj. kr., sem greiddur verði út á þremur árum, til að gera meðeiganda Egils kleift að kaupa hlut Egils í bátnum.

Herjólfur.

Á árinu 1988 var tap á rekstri Herjólfs 19,7 millj. kr. og er það án ríkisframlags sem var 25,0 millj. kr., verðbreytingafærslna, afskrifta og óreglulegra liða. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok er eigið fé fyrirtækisins jákvætt um 51 millj. kr. og hafði það þá aukist um 9 millj. kr. á árinu. Skammtímaskuldir námu 22,0 millj. kr. í lok síðasta árs og höfðu þær þá hækkað um rúma 1 millj. kr. frá árinu áður. Veltufjárhlutfallið er 0,64 sem er svipað og það var í lok ársins 1987 (0,70).

Í lok september sl. var tap á rekstri Herjólfs 9,6 millj. kr. og er þá ekki tekið tillit til ríkisframlags og afskrifta. Í lok þessa árs er reiknað með að gjöld án afskrifta verði 148,3 millj. kr. og tekjur 124,6 millj. kr. Samkvæmt því áætlar rekstraraðili að tap á rekstri Herjólfs verði tæpar 23,7 millj. kr. í lok þessa árs, án ríkisframlags, verðbreytingafærslna, afskrifta, verðbóta og óreglulegra rekstrarliða.

Gjöld og tekjur fyrirtækisins á næsta ári eru settar fram á áætluðu meðalverðlagi ársins 1990 með framreikningi á niðurstöðutölum ársins 1989, en auk þess er tekið tillit til „viðbótarkostnaðar vegna endurnýjunar og aukins viðhalds á skipinu aldursins vegna svo og á flutningatækjum félagsins“, segir í greinargerð forsvarsmanna fyrirtækisins.

Gjöld hækka samkvæmt framanrituðu um 26% og tekjur um 14%. Hallinn á rekstrinum hækkar úr 23,7 millj. kr. 1989 í 44,4 millj. kr. 1990 (án afskrifta og ríkisframlags). Stjórn fyrirtækisins hefur tekið þá ákvörðun að hækka ekki fargjöld frá þeirri gjaldskrá sem nú er í gildi. Það er talið óraunhæft og lagt til að fargjöld verði hækkuð um a.m.k. 10%. Við það ættu tekjur fyrirtækisins að aukast um 4,0 millj. kr. og hallinn og þörf fyrir ríkisframlag að minnka samsvarandi.

Flutningar til Grímseyjar.

Fyrir nokkrum árum hætti Drangur ferðum sínum um Eyjafjörð og til Grímseyjar. Til þess að sinna þeim flutningaverkefnum, sem flóabáturinn annaðist, var samið við Flugfélag Norðurlands hf. um að flytja vörur til Grímseyjar og jafnframt hefur Skipaútgerð ríkisins séð um flutning á þungavöru til eyjarinnar og fisk frá henni. Eins og fram kemur hér að framan þar sem rætt er um Hríseyjarferju eru uppi ráðagerðir um kaup á ferju til siglinga um Eyjafjörð til Hríseyjar og Grímseyjar. Ef af þeim kaupum verður er talið rétt að endurskoða úthlutun samkvæmt þessum lið. Áætlað er að þessir flutningar muni kosta um 9,6 millj. kr. á næsta ári.

Áður en sagt er skilið við málefni flóabáta og ferja er rétt að geta þess að fram komu í nefndinni ábendingar þess efnis að þar sem verulegar fjárveitingar hafa þegar verið ákveðnar og eru fyrirhugaðar til smíði og kaupa á ferjum og flóabátum, fjárfestingar sem skipta munu hundruðum milljóna króna, væri tímabært að leiða hugann að því hvort það væri ekki frekar á verksviði fjárveitinganefndar Alþingis að veita fjármagn til reksturs og stofnkostnaðar ferja og flóabáta.

Málefni annarra báta verða ekki rakin hér, enda er þar um smáar upphæðir að ræða.

Ekki verða heldur tilgreindar sérstakar umsóknir um fjárveitingar til vetrarsamgangna á landi. Ítarlega var fjallað um hverja umsókn og var samstaða í nefndinni um hverja fjárveitingu.

Um lið nr. 56, óráðstafað, er það að segja að hann er fyrst og fremst hugsaður sem sjóður sem hægt yrði að grípa til í neyðartilvikum þegar samgöngur teppast og grípa þarf til dýrari flutningstækja. Slíkir flutningar yrðu síðan greiddir samkvæmt reikningi og hefur verið farið fram á það við Halldór S. Kristjánsson, skrifstofustjóra í samgönguráðuneytinu, að hann annaðist greiðslu slíkra reikninga í samráði við formenn samgöngunefnda Alþingis.

Að þessu sinni var framlag samkvæmt þessum lið hækkað verulega og er skýringin sú að nefndin telur brýnt samkvæmt fyrirliggjandi staðreyndum að styrkja loftflutninga til einangraðra staða á Vestfjörðum og samþykkti að verja allt að 2,5 millj. kr. í þessu skyni. Greiðslur fari fram í samráði við formenn samgöngunefndanna.

Samvinnunefnd samgöngumála leggur til að á fjárlögum 1990 verði veittar samtals 131.100.000 kr., sem lagt er til á sérstöku þskj., í staðinn fyrir 109.609.000 kr. á þessu ári.

Alþingi, 18. des. 1989.

Karvel Pálmason, form. Ed.-nefndar, frsm.	Hjörleifur Guttormsson, form. Nd.-nefndar.	Skúli Alexandersson, fundaskr. Ed.-nefndar.
Guðni Ágústsson, fundaskr. Nd.-nefndar.	Stefán Guðmundsson.	Árni Gunnarsson.
Egill Jónsson.	Friðjón Þórðarson.	Halldór Blöndal.
Matthías Á Mathiesen.	Jón Helgason.	Málmfríður Sigurðardóttir.
Þorv. Garðar Kristjánsson.		Ólafur Þ. Þórðarson.

Sþ. 411. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1990.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Við 4. gr. 10 321 120 Flóabátar og vöruflutningar.

	Þús. kr.	Þús. kr.
a. Fyrir „114.500“ kemur		131.100
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		
Flóabátar, vetrarsamgöngur og vöruflutningar (10-321 120).		
a. Flutningar á landi:		
1. Til vetrarflutninga í Breiðavíkurhreppi og Neshreppi utan Ennis	190	
2. Til vetrarflutninga í Dalahéraði	380	
3. Snjóbifreið í Reykhólahreppi	85	
4. Til mjólkurflutninga í V-Barðastrandarsýslu	275	
5. Til vetrarsamgangna í Rauðasandshreppi	120	
6. Til vetrarsamgangna í Bíldudalshreppi	215	
7. Til vetrarsamgangna í Auðkúluhreppi í V-Ísafjarðarsýslu	140	
8. Til snjóbifreiðar í Dýrafirði	380	
9. Til vetrarsamgangna við Ingjaldssand	205	
Stofnstyrkur	500	
10. Snjóbifreið í Önundarfirði	180	
11. Snjóbifreið um Botnsheiði	180	
Stofnstyrkur	500	
12. Til mjólkurflutninga í Önundarfirði, Dýrafirði, Súgandafirði og Djúpi (Mjólkursamlag Ísfirðinga)	670	
13. Til vetrarflutninga í Álftafirði, N-Ísafjarðarsýslu	140	
14. Til vetrarflutninga í Ögurhreppi	85	
15. Til vetrarflutninga í Reykjarfjarðarhreppi	85	
16. Til vetrarflutninga í Nauteyrarhreppi	120	
17. Til vetrarsamgangna í Snæfjallahreppi	120	
18. Til vetrarflutninga í Árneshreppi	460	
19. Til vetrarsamgangna í Árneshreppi	260	
Stofnstyrkur	500	
20. Til vetrarsamgangna milli Djúpuvíkur og Gjögurs	150	
21. Til vetrarsamganga í Kaldrananeshreppi	100	
22. Snjóbifreið á Hólmavík, stofnstyrkur	1.000	
23. Til vetrarsamgangna í Kirkjubólshreppi	85	
24. Fellshreppur	85	
25. Óspakseyrarhreppur	85	
26. Skefilsstaðahreppur	140	
27. Snjóbifreið í Skagafirði	180	
28. Til vetrarflutninga í Fljótahreppi	140	
Stofnstyrkur	500	

	Þús. kr.	Þús. kr.
29. Til vetrarsamgangna, Ólafsfjörður–Akureyri .	550	
30. Snjóbifreið í Dalvíkurlæknishéraði	60	
31. Til vetrarsamgangna í Svarfaðardal	120	
32. Snjóbifreið í Grýtubakkahreppi	85	
33. Til vetrarsamgangna, Akureyri–Grýtubakkahr.	140	
34. Snjóbifreið í Hálshreppi, S-Þingeyjarsýslu	85	
35. Til vetrarsamgangna í Mývatnssveit	200	
36. Norðausturleið, Vopnafjörður–Húsavík	500	
37. Til vetrarsamgangna í Fjallahreppi	360	
38. Snjóbifreið, Öxarfjörður–Kópasker	140	
39. Snjóbifreið á Þórshöfn	120	
40. Til vetrarflutninga á Bakkafirði	205	
41. Til vetrarflutninga á Vopnafirði	205	
42. Til vetrarsamgangna í Borgarfirði eystra	240	
43. Til vetrarsamgangna í Hjaltastaðarhreppi	85	
44. Til póst- og vöruflutninga á Jökuldal	85	
45. Til vetrarsamgangna á Jökuldal	140	
Stofnstyrkur	670	
46. Til vetrarflutninga í Möðrudal	150	
47. Snjóbifreið á Fljótsdalshéraði	70	
48. Snjóbifreið á Fjarðarheiði	870	
49. Snjóbifreið í Oddsskarði og Fagradal	995	
Stofnstyrkur	575	
50. Snjóbifreið Stöðvarfjörður–Egilsstaðaflugvöllur	140	
51. Til vetrarflutninga á Breiðdalsvík	205	
52. Vetrarflutningar, Djúpivogur–Hornafjörður	480	
53. Svínafell í Nesjum	85	
54. Til vöruflutningar í V-Skaftafellssýslu	700	
55. Snjóbifreið í V-Skaftafellssýslu, stofnstyrkur	400	
56. Óráðstafað	4.500	
		21.415
b. Flóabátar:		
1. Akraborg	19.800	
2. Baldur	22.600	
3. Mýrabátur	85	
4. Fagranes	16.800	
5. Hríseyjarferja	2.000	
6. Mjóafjarðarbátur	3.000	
Stofnstyrkur	1.000	
7. Herjólfur	34.800	
8. Eyjafjörður, Grímsey	9.600	
		109.685
		131.100

Nd. 412. Frumvarp til laga [252. mál]

um breyting á lögum nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum.

Flm.: Geir H. Haarde, Alexander Stefánsson, Ingi Björn Albertsson, Friðrik Sophusson.

1. gr.

3. mgr. 48. gr. laganna orðist svo:

Vextir af lánum Byggingarsjóðs ríkisins skulu vera breytilegir. Ríkisstjórnin tekur ákvörðun um vexti af hverjum lánaflokki á hverjum tíma að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og umsögn Seðlabankans. Öll lán innan sama lánaflokks skulu bera sömu vexti óháð lántökudegi. Lántökugjald og aðrar þóknanir af lánum sjóðsins skulu ákveðin með reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpi þessu er ætlað að taka af allan vafa um að ríkisstjórninni sé óheimilt að ákveða að lán innan eins og sama lánaflokks hjá Byggingarsjóði ríkisins skuli bera mismunandi vexti eftir því hvenær þau hafi verið tekin. Samkvæmt frumvarpinu mun því verða skylt að ákveða sömu vexti á öll lán Byggingarsjóðsins án tillits til lántökudags. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að málsliðnum „Öll lán innan sama lánaflokks skulu bera sömu vexti óháð lántökudegi“ verði bætt inn í 3. mgr. 48. gr. núgildandi laga og þar með kveðið á um þetta atriði með ótvíræðum hætti.

Verði frumvarpið að lögum verður að breyta ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 5. desember sl. um að almennir vextir Byggingarsjóðs ríkisins skuli hækka úr 3,5% í 4,5% á lánum sem sjóðurinn veitti frá þeim degi. Í þeirri ákvörðun fólst jafnframt að vextir á lánum, sem veitt voru fyrir þennan dag, skyldu vera óbreyttir þótt svo lán veitt fyrir og eftir 5. desember séu í sama lánaflokki og sambærileg að öllu öðru leyti.

Mikil réttaróvissa hefur skapast um þessi mál eftir að ríkisstjórnin tók þessa ákvörðun. Í umræðum í neðri deild Alþingis 9. desember sl. vitnaði félagsmálaráðherra m.a. í skriflegt álit lögfræðings sem ráðherra hafði leitað til vegna þessa máls. Samkvæmt því sem fram kom í máli ráðherra segir m.a. svo í áliti lögfræðingsins:

„Með sjónarmiðum sem þessum má færa rök fyrir þeirri niðurstöðu að ríkisstjórnin sé ekki bundin af neinum sérstökum reglum um það hvernig og hvenær hækka megi vextina af einstökum lánum Byggingarsjóðs ríkisins.“

Þetta álit gengur þvert á skoðun flutningsmanna á því hvernig túlka beri núgildandi lög sem og viðhorf þeirra sem beittu sér fyrir setningu þeirra á Alþingi vorið 1986. Vakin skal athygli á því að meðal flutningsmanna þessa frumvarps er fyrrverandi félagsmálaráðherra sem flutti fyrir hönd þáverandi ríkisstjórnar upphaflega frumvarp til gildandi laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem og sá þingmaður sem á þeim tíma var formaður félagsmálanefndar neðri deildar og framsögumaður nefnarinnar um mál þetta.

Flutningsmenn telja að umrædd ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 5. desember standist ekki ákvæði gildandi laga. Því hefur jafnvel verið haldið fram að þessi ákvörðun nálgist það að vera brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Það er skoðun flutningsmanna að tilvitnað álit lögfræðingsins og túlkun núverandi félagsmálaráðherra á ákvæði 3. mgr. 48. gr. laganna hafi kallað fram óþolandi réttaróvissu um þetta atriði. Samkvæmt þessari túlkun gæti ríkisstjórnin ákveðið hækkun eða lækkun vaxta á litlum hluta útistandandi lána Byggingarsjóðsins sem

tekin hefur verið á einhverju ákveðnu tímabili, jafnvel einum degi, án þess að slík ákvörðun næði til annarra sambærilegra lána. Þessari óvissu verður að eyða nú þegar og því er frumvarp þetta flutt.

Af hálfu félagsmálaráðherra hefur einnig komið fram að vaxtaákvörðun ríkisstjórnarinnar 5. desember hafi a.m.k. að hluta til byggst á samkomulagi því sem ríkisstjórnin gerði við Kvennalistann á síðasta vori þegar frumvarp um svonefnt húsbréfakerfi var til meðferðar á Alþingi. Þetta samkomulag var birt sem fylgiskjal með nefndaráliti 2. minni hl. félagsmálanefndar neðri deildar sem og nefndaráliti 4. minni hl. nefndarinnar um frumvarpið um húsbréfakerfið og er að finna á þskj. 1031 og 1037 á síðasta þingi.

Í 3. lið þessa samkomulags, sem dagsett er 1. maí 1989, segir svo: „Vextir á lánum, sem úthlutað hefur verið úr Byggingarsjóði ríkisins, verði ekki hækkaðir þegar húsbréfakerfið kemst í framkvæmd.“

Fram hefur komið að ráðherrar Borgaraflokksins lögðust gegn ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 5. desember með sérstakri bókun í ríkisstjórn og gerðu í staðinn tillögu um að vextir allra lána, annarra en greiðsluerfiðleikalána, sem Byggingarsjóður ríkisins hefur veitt frá 1. júlí 1988, hækkuðu um 0,4%. Er talið að slík hækkun færi Byggingarsjóðnum sömu tekjuaukningu og sú hækkun sem ákveðin var. Bókun ráðherra Borgaraflokksins lýkur með þessum orðum samkvæmt frétt í Morgunblaðinu 9. des. sl.: „Sú vaxtabreyting, sem félagsmálaráðherra leggur til, hefur að okkar dómi ekki við önnur rök að styðjast en þau að þingnefnd, sem fjallaði um málið í vor sem leið, ályktaði að eðlilegt væri að vextir af útlánum Byggingarsjóðs ríkisins hækkuðu í 4–4,5% þegar húsbréfakerfið tæki gildi. Enn fremur er vitnað til samkomulags sem þáverandi ríkisstjórn gerði við Kvennalistann, en þar kemur fram að vaxtabreyting á húsnæðislánum skuli ekki gerð afturvirk.“

Í umræðum, sem spunnust í neðri deild Alþingis um þessi mál 8. og 9. desember sl., kom glöggt fram að mikil andstaða er við vaxtaákvörðun ríkisstjórnarinnar jafnt innan raða stjórnarflokkanna sem stjórnarandstöðunnar. Einn af þingmönnum Framsóknarflokksins lýsti því og yfir í dagblaði 8. desember sl. að vaxtahækkunin hefði aldrei verið samþykkt í þingflokki Framsóknarflokksins og að framsóknarmenn ætli sér að fá þessari hækkun breytt. Flutningsmenn vilja því láta á það reyna hvort meiri hl. er fyrir því á Alþingi að eyða þeirri réttaróvissu sem upp er komin og hnekkja um leið ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 5. desember um vexti á almennum lánum Byggingarsjóðs ríkisins.

Ed. 413. Nefndarálit [219. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um eftirlaun til aldraðra, nr. 2/1985.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess án breytinga.

Alþingi, 20. des. 1989.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Salome Þorkelsdóttir, fundaskr.	Guðrún Agnarsdóttir, með fyrirvara.
Karl Steinar Guðnason. með fyrirvara.	Margrét Frímannsdóttir.	Guðmundur H. Garðarsson,

Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Ed. 414. Frumvarp til lánsfjárlaga [69. mál]

fyrir árið 1990.

(Eftir 2. umr. í Ed., 20. des.)

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 2.370.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán innan lands að fjárhæð allt að 6.300.000 þús. kr.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1990 og þessara laga.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 3.300.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum fyrirtækisins. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán, sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þeirri grein án samþykkis eignaraðila, hluti af ofangreindri fjárhæð.

4. gr.

Þróunarfélagi Íslands hf. er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 100.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að efla nýjungar í atvinnulífi.

5. gr.

Heimilt er að taka lán vegna skuldbreytinga sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra sem hér segir:

1. Hitaveita Eyra, lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 11.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Egilsstaða og Fella, lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 20.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Bæjarsjóður Siglufjarðar, lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 50.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt vegna greiðsluvandkvæða.
4. Bæjarveitur Vestmannaeyja, lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 56.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
5. Aðrar skuldbreytingar, lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 30.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

6. gr.

Hríseyjarhreppi er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 40.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að kaupa notaða ferju til siglinga á Eyjafirði.

7. gr.

Byggðastofnun er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 900.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Fiskveiðasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 1.100.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

9. gr.

Iðnþróunarsjóði er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 750.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Milliganga Iðnþróunarsjóðs um erlend lán fyrir aðila út á auglýsingu viðskiptaráðuneytis, nú nr. 548/1988, eða aðrar heimildir veittar einstökum fyrirtækjum, skal rúmast innan þessarar heimildar.

10. gr.

Iðnlánasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 950.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Milliganga Iðnlánasjóðs um erlend lán fyrir aðila út á auglýsingu viðskiptaráðuneytis, nú nr. 548/1988, eða aðrar heimildir veittar einstökum fyrirtækjum, skal rúmast innan þessarar heimildar.

11. gr.

Útflutningslánasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 50.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

12. gr.

Hitaveitu Hjaltadals er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 40.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt vegna skuldbreytinga.

13. gr.

Skallagrími hf. er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 60.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt vegna skuldbreytinga.

14. gr.

Herjólfi hf., Vestmannaeyjum, er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 500.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til smíða á nýrri ferju.

15. gr.

Flóabátnum Baldri hf., Stykkishólmi, er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð 30.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til smíði ferju.

16. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar og endurlána þeim aðilum sem nefndir eru í 3.–15. gr. með þeim kjörum sem og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

Skylt er þeim aðilum, sem nefndir eru í 3.–15. gr. og taka erlend lán út á heimildir laga þessara eða annarra laga, að kynna áform sín fyrir og leita fyrir fram eftir samþykki Seðlabanka Íslands, í umboði fjármálaráðuneytisins, á þeim kjörum og skilmálum sem í boði eru hverju sinni.

Ákvæði 2. mgr. gilda eftir því sem við getur átt um alla aðra aðila sem njóta ábyrgðar ríkissjóðs á erlendum skuldbindingum sínum.

17. gr.

Lánasjóðum, sem njóta ríkisábyrgðar á skuldbindingum sínum gagnvart erlendum aðilum, öðrum en þeim sem tilgreindir eru í 9. og 10. gr., er óheimilt að hafa milligöngu um töku erlendra lána fyrir innlenda aðila á grundvelli auglýsingar viðskiptaráðuneytisins, nú nr. 548/1988, um erlendar lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar, eða annarra heimilda veittum einstökum fyrirtækjum, nema að fengnu samþykki fjármálaráðuneytis. Ákvæði 2. mgr. 16. gr. gilda jafnframt um tilvik samkvæmt þessari grein.

II. KAFLI

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins eigi nema hærri fjárhæð en 48.360 þús. kr. á árinu 1990 og er framlagið vegna Lífeyrissjóðs bænda.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs falla niður á árinu 1990.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 31. gr. laga nr. 69/1984, hafnalaga, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 47.500 þús. kr. á árinu 1990.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs falla niður á árinu 1990.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. tölul. 9. gr. laga nr. 76/1987, sbr. og 31. gr. sömu laga, um Iðnlánasjóð, skal framlag ríkissjóðs til Iðnlánasjóðs falla niður á árinu 1990.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 8. gr. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum eigi nema hærri fjárhæð en 38.600 þús. kr. á árinu 1990.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 71.000 þús. kr. á árinu 1990.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 50/1957, um Menningarsjóð, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi fara fram úr 8.500 þús. kr. á árinu 1990.

26. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laga nr. 32/1979, um framlög ríkissjóðs til greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, falla þær greiðslur niður á árinu 1990. Þess í stað skal sá hluti framleiðendagjalds, sbr. 2. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, sem tekinn hefur verið inn í verðlag búvara, ganga til greiðslu kostnaðar við forfallaþjónustuna eftir nánari ákvörðun landbúnaðarráðherra.

27. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árinu 1990 vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.

28. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. laga nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka, skal framlag ríkissjóðs vegna bóta fyrir eyðingu refa og minka eigi vera hærra en 18.750 þús. kr. á árinu 1990.

29. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. tölul. 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, laga nr. 21/1976, um flokkun og mat ullar, og laga nr. 22/1976, um flokkun og mat á gærum, er landbúnaðarráðherra heimilt að innheimta gjald af sláturleyfum til greiðslu kostnaðar sem af yfirmati samkvæmt lögunum leiðir.

30. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. gr. laga nr. 34/1982, um Listskreytingasjóð ríkisins, skal framlag ríkissjóðs til Listskreytingasjóðs ríkisins eigi vera hærra en 10.000 þús. kr. á árinu 1990.

31. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 10. gr. laga nr. 82/1989, um málefni aldraðra, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs aldraðra eigi vera hærra en 160.000 þús. kr. á árinu 1990.

32. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 46. gr. laga nr. 88/1989, þjóðminjalaga, skal framlag ríkissjóðs í húsafriðunarsjóð eigi nema hærri fjárhæð en 3.700 þús. kr. á árinu 1990.

33. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 25. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og 21. gr. laga nr. 16/1965, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, skal endurgreiðsla ríkissjóðs til sjóðanna vegna hækkunar á áður úrskurðuðum lífeyri eigi nema hærri fjárhæð en 540.000 þús. kr. á árinu 1990 og skiptast á milli sjóðanna í hlutfalli við óskertar endurgreiðslukröfur.

34. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 25. gr. skipulagslaga, nr. 19/1964, sbr. lög nr. 42/1974, skal mótframlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 15.300 þús. kr. á árinu 1990.

35. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl., skal hlutdeild sókna, skráðra trúfélaga og háskólasjóðs í óskiptum tekjuskatti lækka á árinu 1990 um 5%.

36. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 26. gr. a laga nr. 21/1963, um kirkjugarða, sbr. lög nr. 89/1987, skal hlutdeild kirkjugarða í óskiptum tekjuskatti lækka á árinu 1990 um 15%.

37. gr.

Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 83/1989, um þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, skal á árinu 1990 heimilt að ráðstafa fé af sérstökum eignarskatti samkvæmt lögunum til framkvæmda við eftirtalin mannvirki: Þjóðleikhús, Þjóðminjasafn Íslands, Þjóðskjalasafn Íslands og Bessastaði.

III. KAFLI

38. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.

Nýti fjármálaráðherra lántökuheimild laga þessara að hluta til töku skammtímalána og/eða veltilána er honum heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu

veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að selja skuldabréf innan lands að því marki sem þarf til að standa undir endurgreiðslu spariskírteina með óhagstæðum kjörum og endurgreidd eru vegna uppsagnar fyrir eindaga.

Enn fremur er fjármálaráðherra heimilt að selja ríkisvíxla til endurgreiðslu áður útgefinna ríkisvíxla og til að bæta stöðu ríkissjóðs á aðalviðskiptareikningi í Seðlabankanum.

39. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að stofna til skulda- og/eða vaxtaskipta þar sem mótaðili ríkissjóðs í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánum sem ríkissjóður tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Ríkissjóður tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.

Enn fremur er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að samþykkja slík skulda- og/eða vaxtaskipti lána sem tryggð eru með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs enda séu að mati fjármálaráðherra nægar tryggingar fyrir ábyrgð ríkissjóðs þegar til slíkra samninga er stofnað.

40. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast og þegar lánstími er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 þannig að fari samanlögð fjárhæð lána samkvæmt þessari grein og 3. gr. laga þessara fram úr 5% af höfuðstóli skal leitað samþykkis eignaraðila.

Jafnframt er Landsvirkjun heimilt að stofna til skulda- og/eða vaxtaskipta þar sem mótaðili Landsvirkjunar í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánum sem Landsvirkjun tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Landsvirkjun tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.

Nýti Landsvirkjun lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku skammtímalána og/eða veltilána er fyrirtækinu heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

Landsvirkjun skal gæta ákvæða 2. mgr. 16. gr. um lántökur og skulda- og/eða vaxtaskipti samkvæmt þessari grein.

41. gr.

Aðilum, sem njóta ríkisábyrgðar á erlendum skuldbindingum sínum, er heimilt:

a. Að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.
b. Að stofna til skulda- og/eða vaxtaskipta þar sem mótaðili í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánum sem aðili, sem nýtur ríkisábyrgðar, tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Slíkur aðili tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.
c. Séu lántökuheimildir laga þessara að hluta til nýttar til töku skammtímalána og/eða veltilána er aðila, sem nýtur ríkisábyrgðar, heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að

lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

Aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á erlendum skuldbindingum sínum, skulu gæta ákvæða 2. mgr. 16. gr. um lántökur og skulda- og/eða vaxtaskipti samkvæmt þessari grein.

42. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ganga frá samningum við Rafveitu Siglufjarðar um yfirtöku hluta af langtímaskuldum veitunnar að fenginni umsögn fjárveitinganefndar. Verði yfirtaka þessi til að fella niður verðjöfnunargjald á raforku árið 1986. Yfirtakan verði að öðru leyti hliðstæð yfirtöku ríkissjóðs á skuldum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, enda fengu fyrrgreind þrjú veitufyrirtæki hið umrædda verðjöfnunargjald.

43. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt, að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra og fjárveitinganefnd Alþingis, að semja um uppgjör ógreiddra framlaga til jarðræktar og búfjárræktar á árinu 1988 og 1989.

44. gr.

Dýpkunarfélaginu hf. er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 9.500 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til skuldbreytinga.

45. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán að fjárhæð allt að 3.000.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að gera upp skammtímaskuld við Seðlabanka Íslands í árslok 1989, sbr. ákvæði 10. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands.

46. gr.

Lántökuheimildir skv. I. kafla gilda á árinu 1990. Heimildir samkvæmt lögum þessum verða þó nýttar til 1. júlí 1991 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra komi til.

47. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 415. Breytingartillaga [69. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1990.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (GuðmÁ, SkA, JE, EG).

Við 1. gr. Í stað „6.300.000“ komi: 6.625.000.

Ed. 416. Nefndarálit [210. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þingflokkur Kvennalistans getur ekki stutt þetta frumvarp í núverandi mynd en leggur til breytingartillögur sem spegla ljóslega stefnu hans varðandi skattlagningu einstaklinga og fjölskyldna.

Breytingartillögur Kvennalistans hníga í þá átt að létta skattbyrði og munu því draga úr tekjum ríkissjóðs. Fyrir þessum breytingartillögum eru þó mörg rök.

Í fyrsta lagi ber að nefna að Kvennalistinn telur að stjórnvöld hafi nú þegar seilst allt of langt ofan í vasa lágtekju- og meðaltekjufólks. Skattbyrði hefur þyngst á sama tíma og kaupmáttur launa hefur rýrnað að mun. Auknum skattaálögum er að sönnu ætlað að auka tekjur ríkisins og þar með að minnka halla ríkissjóðs. En staðreynd er að fjölmörg heimili eru nú þegar rekin með halla og geta hreinlega ekki risið undir meiru.

Í öðru lagi má fullyrða að þær tekjur, sem ríkið missti ef breytingartillögur Kvennalistans yrðu samþykktar, væru ekki að öllu glataður eyrir. Þær mundu að stórum hluta skila sér eftir öðrum leiðum, m.a. gegnum óbeina skatta þar sem fólk hefði hærri ráðstöfunartekjur.

Í þriðja lagi má benda á að nú þegar eru samningar ríkisins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja lausir og aðrir fylgja í kjölfarið. Lækkun skatta, hækkun persónuafsláttar og barnabóta væri verðugt innlegg stjórnvalda í þá kjaramálaumræðu sem framundan er.

Í fjórða lagi hafa Kvennalistakonur lagt mikla áherslu á að annað og hærra tekjuskattsþrep verði tekið upp og vilja minna á þau fyrirheit sem fjármálaráðherra gaf þegar hann mælti fyrir breytingum á tekjuskatti og eignarskatti í desember 1988 um að hátekjuþrep yrði tekið upp í tekjuskatti. Það olli því nokkrum vonbrigðum að sú breyting skyldi ekki lögð til í þessu frumvarpi. Þótt hærra tekjuskattsþrep sé ekki lengur að finna á óskalista fjármálaráðherra samkvæmt athugasemdum með frumvarpinu er þessi möguleiki vissulega fyrir hendi til að auka tekjur ríkisins ef áhugi er á.

Lágtekju- og meðaltekjufólk, svo og barnafjölskyldur, eiga sér nú fáa málsvara en í breytingartillögum Kvennalistans felast mikilvægar breytingar til batnaðar til handa þessum hópum. Í þeim birtist það verðmætamat og sú forgangsröð sem Kvennalistinn leggur mikla áherslu á í stefnu sinni.

Að öðru leyti er vísað í nefndarálit 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar á þskj. 352.

Verði breytingartillögur Kvennalistans samþykktar munu þingkonur hans greiða atkvæði með frumvarpinu. Að þeim felldum munu þær greiða atkvæði gegn frumvarpinu í heild sinni.

Alþingi, 20. des. 1989.

Guðrún Agnarsdóttir.

Nd. 417. Breytingartillögur [210. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur og Danfríði Skarphéðinsdóttur.

1. Við 4. gr. Greinin falli brott.
2. Við 5. gr. Í stað „250.200“ komi: 300.000.
3. Við 7. gr. Í stað „25.204, 37.807 og 75.614“ komi: 30.217, 45.327 og 90.652.
4. Við 8. gr.
   a. Í stað „59.860“ í a-lið komi: 71.764.
   b. Í stað „920.000 og 613.000“ í b-lið komi: 1.155.825 og 770.550.
   c. Í stað „3.280.000 og 4.920.000“ komi: 3.992.850 og 5.989.275.

5. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   83. gr. laganna orðist svo:
   Eignarskattur manna reiknast þannig: Einhleypingur og einstætt foreldri greiða engan skatt af fyrstu 3.450.000 kr. af eignarskattsstofni. Af eignarskattstofni yfir 3.450.000 kr. greiðist 1,2%. Af eignarskattsstofni yfir 8.050.000 kr. greiðist að auki 0,75%, þó þannig að hjá þeim sem hafa tekjuskattsstofn undir 1.680.000 kr. skal lækka reiknaðan eignarskatt samkvæmt þessum málslið hlutfallslega þannig að hann falli að fullu niður ef tekjuskattsstofn er undir 840.000 kr.
   Hjón, sem skattlögð eru samkvæmt ákvæðum 63. gr., greiða engan skatt af fyrstu 2.875.000 kr. af eignarskattsstofni hvors þeirra. Af eignarskattsstofni yfir 2.875.000 kr. greiðir hvort hjóna 1,2%. Af eignarskattsstofni yfir 6.708.000 kr. greiðir hvort hjóna að auki 0,75%, þó þannig að hjá hvoru hjóna, sem hafa tekjuskattsstofn undir 1.680.000 kr., skal lækka reiknaðan eignarskatt samkvæmt þessum málslið hlutfallslega þannig að hann falli að fullu niður ef tekjuskattsstofn er undir 840.000 kr.
6. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirtaldar breytingar verði á 122. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1990“ í 122. gr. laganna komi: framfærsluvísitölu.
   b. Við greinina bætist: Þær fjárhæðir, sem tilgreindar eru í A-lið 68. gr. og A-lið 69. gr., hækki eða lækki mánaðarlega í samræmi við framfærsluvísitölu.

Ed. 418. Breytingartillaga [69. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1990.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Á eftir 37. gr. komi ný grein í III. kafla er orðast svo:
Þrátt fyrir ákvæði í 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, er fjármálaráðherra heimilt að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til björgunarsveita, svo og til mannúðar- og líknarstarfssemi.

Ed. 419. Nefndarálit [21. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um stimpilgjald, nr. 36/1978.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru í meðförum neðri deildar.

Alþingi, 20. des. 1989.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Ey. Kon. Jónsson.
Halldór Blöndal.	Eiður Guðnason.	Skúli Alexandersson.
	Guðrún Agnarsdóttir.	

Ed. 420. Nefndarálit [237. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 9/1984, um frádrátt af skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 20. des. 1989.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Ey. Kon. Jónsson.
Halldór Blöndal.	Eiður Guðnason.	Skúli Alexandersson.
	Guðrún Agnarsdóttir.	

Ed. 421. Nefndarálit [210. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Á fund nefndarinnar komu Ari Skúlason frá Alþýðusambandi Íslands, Hannes Sigurðsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Snorri Olsen, Maríanna Jónasdóttir og Bolli Þór Bollason frá fjármálaráðuneytinu, Ævar Ísberg og Steinþór Haraldsson frá embætti ríkisskattstjóra, Þórður Friðjónsson frá Þjóðhagsstofnun, Björn Ólafsson og Hilmar F. Thorarensen frá Sigtúnshópnum.

Að beiðni nefndarinnar lagði hagdeild fjármálaráðuneytisins fram útreikninga þar sem saman er borið vaxtabótakerfið og núgildandi vaxtaafsláttarkerfi, en í nefndinni spunnust umræður um hvort kerfið kæmi betur út fyrir tekjulægri þjóðfélagshópana. Er sá útreikningur lagður fram sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru í meðförum neðri deildar.

Alþingi, 20. des. 1989.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
	Eiður Guðnason.	

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneytið
Hagdeild

20. desember 1989

Vinnuskjal

Húsnæðisbætur og vaxtaafsláttur samkvæmt skattframtölum ársins 1989.

I. Húsnæðisbætur	Ein-staklingar	Einstæðir foreldrar	Hjón*	Allir
Fjöldi bótaþega	3.822	954	4.400	9.176
Meðalmánaðarlaun, þús.kr.	88	74	158	-
Skuldlaus eign, þús.kr.	1.350	1.200	2.100	-
Árleg vaxtagjöld, þús.kr. **	111	111	191	-
Húsnæðisbætur, þús.kr.	51½	51½	92½	-
Vaxtabyrði, nettó	5,6%	6,7%	5,2%	-
Kostnaður ríkissjóðs, m.kr.	197	50	450	697

* Hjón eru hér talin sem einn bótaþegi.
** Athyglisvert er, að fjórðungur þeirra, sem hafa fengið úrskurðaðar húsnæðisbætur telja ekki fram nein vaxtagjöld.

II. Vaxtaafsláttur	Ein-staklingar	Einstæðir foreldrar	Hjón*	Allir
Fjöldi bótaþega	2.645	1.219	8.730	12.594
Meðalmánaðarlaun, þús.kr.	85	80	167	-
Skuldlaus eign, þús.kr.	2.360	2.075	3.800	-
Árleg vaxtagjöld, þús.kr.	154	160	279	-
Vaxtaafsláttur, þús.kr.	42	47	75	-
Vaxtabyrði, nettó	15,1%	16,7%	14,0%	-
Kostnaður ríkissjóðs, m.kr.	110	57	683	850**

* Hjón eru hér talin sem einn bótaþegi.
** U.þ.b. 70% af þessum hóp mun hagnast á vaxtabótakerfinu, þ.e. fá hærri vaxtabætur en vaxtaafslátt. Afgangnum má skipta í tvennt. Annars vegar eru þeir, sem fá alls engar vaxtabætur. Skýringin er sú, að þeir eiga skuldlausa eign umfram viðmiðunarmörk eigna. Hins vegar eru þeir, sem lenda í vaxtaþakinu.
*** Um 100 m.kr. af þessari fjárhæð fellur niður á sama hátt og ónýttur persónuafsláttur.

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ
HAGDEILD

20. desember
Vinnuskj

Samanburður á vaxtabótakerfi og núgildandi vaxtaafsláttarkerfi

Upplýsingar úr skattframtölum ársins 1989 *

HJÓN

Tekjubil	Fjöldi		Meðal-tekjur	E.skatts-stofn	Vaxta-gjöld	I. Vaxta-afsláttur	II. Vaxta-bætur	Mismunur II.-I.	Mismunur sem hlutfall af tekjum
þús.kr.		%	þús.kr.	þús.kr.	þús.kr.	þús.kr.	þús.kr.	þús.kr.	%
1.000-1.200	903	10,1	1.035	3.700	250	71	168	97	9,4
1.200-1.500	1.323	14,9	1.375	3.650	275	72	168	96	7,0
1.500-2.000	2.606	29,3	1.750	3.600	320	79	168	89	5,1
2.000-2.500	2.074	23,3	2.230	3.650	375	88	168	80	3,6
2.500-3.000	1.130	12,7	2.700	4.050	440	100	168	68	2,5
3.000-3.500	448	5,0	3.200	4.900	500	110	168	58	1,8
Yfir 3.500	415	4,7	4.250	6.150	615	156	105	-51	-1,2

* Allar tölur eru miðaðar við álagningarreglur ársins 1989.

Ed. 422. Breytingartillögur [69. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1990.

Frá Halldóri Blöndal og Eyjólfi Konráð Jónssyni.

1. Við 33. gr. Greinin falli brott.
2. Við 35. gr. Greinin falli brott.
3. Við 36. gr. Greinin falli brott.

Sþ. 423. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1990.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 1. gr. Lánahreyfingar.
   a. Við Veitt lán. Til B-hluta ríkissjóðs. Þús. kr.
      Fyrir „1.510.000“ kemur 2.350.000
   b. Við Innlend útgáfa verðbréfa.
      Fyrir „6.000.000“ kemur 6.625.000

	Þús. kr.
c. Við erlend lántaka.	
Fyrir „1.370.000“ kemur	2.370.000
2. Við 4. gr. 00-510 Bessastaðir. 601 Mannvirkjagerð.	
Fyrir „52.000“ kemur	202.000
3. Við 4. gr. 00-610 Umboðsmaður Alþingis. 101 Almennur rekstur.	
Fyrir „13.445“ kemur	14.245
4. Við 4. gr. 01-101 Forsætisráðuneyti. Nýr liður:	
180 Atvinnumálanefnd	3.500
5. Við 4. gr. 02-201 Háskóli Íslands.	
a. Við 111 Læknadeild.	
Fyrir „137.896“ kemur	135.426
b. Við 120 Háskólabókasafn.	
Fyrir „35.300“ kemur	45.300
c. Við 125 Raunvísindadeild.	
Fyrir „205.348“ kemur	205.602
d. Við 550 Viðhald fasteigna.	
Fyrir „30.000“ kemur	35.000
e. Við 620 Bókakaup o.fl.	
Liðurinn fellur brott.	
f. Við 650 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup.	
Fyrir „72.700“ kemur	102.200
g. Nýr liður:	
670 Framlag til Þjóðarbókhlöðu	53.000
g. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „268.280“ kemur	338.310
6. Við 4. gr. 02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum.	
a. Við 601 Tæki og búnaður.	
Liðurinn fellur brott.	
b. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „50.160“ kemur	42.660
7. Við 4. gr. 02-203 Raunvísindastofnun Háskólans.	
a. Við 690 Tækjakaup deilda.	
Liðurinn fellur brott.	
b. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „36.160“ kemur	31.160
8. Við 4. gr. 02-210 Háskólinn á Akureyri.	
a. 101 Almennur rekstur.	
Fyrir „63.338“ kemur	73.338
b. Við 601 Tæki og búnaður.	
Fyrir „5.000“ kemur	20.000
9. Við 4. gr. 02-884 101 Jöfnun á námskostnaði.	
Fyrir „59.400“ kemur	74.400
10. Við 4. gr. 02-931 Náttúruverndarráð. 101 Almennur rekstur.	
Fyrir „14.536“ kemur	13.236
11. Við 4. gr. 02-973 Þjóðleikhús.	
a. Við 101 Almennur rekstur.	
Fyrir „260.000“ kemur	179.000
b. Nýr liður:	
110 Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn	21.000
c. Við 650 Húseign.	
Liðurinn fellur brott.	

12. Við 4. gr. 02-977 Þjóðarbókhlaða.
    a. Við 601 Stofnkostnaður.
    Liðurinn fellur brott.
    b. Við 4 Sértekjur.
    Liðurinn fellur brott.
13. Við 4. gr. Við bætist nýr liður:

02-978 Endurbótasjóður menningarstofnana.	Þús. kr.	Þús. kr.
601 Endurbótasjóður menningarstofnana	267.000	
602 Ráðstafað til framkvæmda á Bessastöðum	- 202.000	
603 Ráðstafað til framkvæmda við Þjóðskjalasafn	- 10.000	
604 Ráðstafað til framkvæmda við Þjóðminjasafn	- 13.000	
		42.000

14. Við 4. gr. Við bætist nýr liður:
    02-997 Uppgjör við sveitarfélög 300.000
15. Við 4. gr. 2-999 Ýmislegt.
    a. Við 643 Skriðuklaustur.
    Fyrir „3.000“ kemur 7.800
    b. Nýr liður:
    672 Skóli Ísaks Jónssonar 10.000
16. Við 4. gr. 03-101 Utanríkisráðuneyti. 150 Viðskiptaskrifstofa.
    Fyrir „67.606“ kemur 80.106
17. Við 4. gr. 03-390 Þróunarmál og alþjóðleg hjálpastarfsemi. Nýr liður:
    121 Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM 1.000
18. Við 4. gr. 04-231 Skógrækt ríkisins. 101 Yfirstjórn.
    Fyrir „98.229“ kemur 104.229
19. Við 4. gr. 04-270 Landgræðslu- og landverndaráætlun.
    a. Við 620 Landgræðsluáætlun, RALA.
    Fyrir „6.100“ kemur 7.450
    b. Við 630 Landgræðsluáætlun, Skógrækt ríkisins.
    Fyrir „14.600“ kemur 15.273
    c. Við 640 Landgræðsluáætlun, Landgræðsla ríkisins.
    Fyrir „64.700“ kemur 66.925
    d. Við 650 Landgræðsluáætlun, ýmis starfsemi.
    Fyrir „3.600“ kemur 3.856
20. Við 4. gr. 04-270 690 Fyrirhleðslur.
    a. Fyrir „19.600“ kemur 24.300
    b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Fyrirhleðslur (04-270 690).

a. Til fyrirhleðslna:	Þús. kr.	
1. Norðurá	150	
2. Héraðsvötn	1.000	
3. Svarfaðardalsá	1.500	
4. Jökulsá á Dal	2.000	
5. Hoffellsá	1.000	
6. Hornafjarðarfljót	500	
7. Skaftá	700	
8. Kúðafljót	600	
9. Markarfljót	4.000	
10. Þjórsá	800	
		12.250

	Þús. kr.	Þús. kr.
b. Til fyrirhleðslna og viðhalds gegn ⅛ kostnaðar annars staðar frá:		
1. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla	150	
2. Snæfellsnessýsla	150	
3. Dalasýsla	150	
4. Múlasýslur	1.500	
5. Austur-Skaftafellssýsla	1.000	
6. Vestur-Skaftafellssýsla	1.000	
7. Rangárvallasýsla	1.000	
8. Árnessýsla	1.500	
		6.450
c. Til fyrirhleðslna og viðhalds gegn ⅛ kostnaðar annars staðar frá:		
1. Reykjaneskjördæmi	300	
2. Vesturlandskjördæmi	300	
3. Vestfjarðakjördæmi	300	
4. Norðurlandskjördæmi vestra	1.700	
5. Norðurlandskjördæmi eystra	1.600	
6. Austurlandskjördæmi	500	
7. Suðurlandskjördæmi	900	
		5.600
		24.300
21. Við 4. gr. 04-288 620 Jarðræktar- og búfjárræktarframlög. Fyrir „110.000“ kemur		190.000
22. Við 4. gr. 06-214 Sýslumaður og bæjarfógeti Stykkishólmi.		
a. Við 120 Löggæsla Stykkishólmi. Fyrir „12.719“ kemur		12.319
b. Við 124 Löggæsla Ólafsvík og Hellissandi. Fyrir „12.545“ kemur		12.945
23. Við 4. gr. 06-301 Biskup Íslands. 101 Yfirstjórn. Fyrir „16.443“ kemur		17.443
24. Við 4. gr. 07-951 Brunamálastofnun ríkisins. Nýr liður: 102 Sérstök verkefni		20.000
25. Við 4. gr. 07-981 Vinnumál. 190 Ýmislegt. Fyrir „42.480“ kemur		30.035
26. Við 4. gr. Við bætist nýr liður: **07-985 Félagsmálaskóli alþýðu.**		
a. 110 Almennur rekstur		11.500
b. 120 ASÍ, Menningar- og fræðslusamband alþýðu		4.218
c. 130 ASÍ, Norræni verkalýðsskólinn í Genf		131
d. 140 Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum		1.596
27. Við 4. gr. 07-990 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.		
a. Við 101 Framlag í jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Fyrir „1.185.000“ kemur		1.191.748
b. Nýr liður: 102 Sérstakt framlag		40.000
28. Við 4. gr. 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Nýr liður: 145 Krýsuvíkursamtökin		4.000

	Þús. kr.
29. 4. gr. 08-101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „88.762“ kemur	88.539
30. Við 4. gr. 08-271 Tryggingastofnun ríkisins.	
a. Við 110 Lífeyristryggingar.	
Fyrir „12.382.000“ kemur	12.757.000
b. Við 120 Sjúkratryggingar.	
Fyrir „9.410.000“ kemur	9.113.000
31. Við 4. gr. 08-274 101 Eftirlaunasjóður aldraðra.	
Fyrir „98.158“ kemur	109.158
32. Við 4. gr. 08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir. 550 Viðhald sjúkrahúsa, óskipt.	
Fyrir „32.500“ kemur	36.000
33. Við 4. gr. 08-385 601 Framkvæmdasjóður aldraðra.	
Fyrir „160.000“ kemur	205.000
34. Við 4. gr. Við bætist nýr liður:	
08-420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið.	
a. Við 101 Sjúkrastofnanir	209.586
b. Við 601 Byggingarstyrkur	15.000
c. Við 4 Sértekjur	7.885
35. Við 4. gr. 08-480 Heilsugæslustöðvar. 103 Tannlæknakostnaður vegna 16 gr. laga nr. 87/1989.	
Liðurinn fellur brott.	
36. Við 4. gr. 08-488 101 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík.	
Fyrir „196.268“ kemur	188.768
37. Við 4. gr. 08-610 Gæsluvistarsjóður, framlag.	
a. Við 630 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið.	
Liðurinn fellur brott.	
b. Við 640 Samhjálp.	
Fyrir „1.000“ kemur	2.000
38. Við 4. gr. 08-621 Bindindisstarfsemi. Nýr liður:	
150 AA-samtökin	2.000
39. Við 4. gr. 09-989 Launa- og verðlagsmál. 101 Rekstur.	
Fyrir „1.934.000“ kemur	1.634.000
40. 4. gr. 10-211 Vegagerð ríkisins.	
a. Við 510 Viðhald vega.	
Fyrir „1.507.000“ kemur	1.737.000
b. Við 610 Nýframkvæmdir.	
Fyrir „2.041.000“ kemur	2.145.000
c. Við 630 Fjallvegir.	
Fyrir „34.000“ kemur	40.000
41. Við 4. gr. 10-471 Flugmálastjórn.	
a. Við 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „50.544“ kemur	51.644
b. Við 130 Reykjavíkurflugvöllur.	
Fyrir „79.586“ kemur	80.986
c. Við 140 Flugvalladeild.	
Fyrir „129.917“ kemur	136.417

	Þús. kr.
d. Við 160 Flugumferðarþjónusta.	
Fyrir „139.487“ kemur	146.987
e. Við 170 Alþjóðaflugþjónusta.	
Fyrir „163.154“ kemur	166.654
42. Við 4. gr. 10-485 Ýmis framlög. Nýr liður:	
123 Sjálfvirkt tilkynningarkerfi fyrir fiskiskip	5.000
43. Við 4. gr. 10-651 610 Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985.	
Fyrir „38.600“ kemur	48.600
44. Við 4. gr. 11-371 Orkusjóður. 621 Styrking dreifikerfis í sveitum.	
Fyrir „45.000“ kemur	51.000
45. Við 4. gr. 11-399 115 Niðurgreiðsla á rafhitun.	
Fyrir „230.600“ kemur	250.600
46. Við 4. gr. 12-201 101 Niðurgreiðslur á vöruverði.	
Fyrir „4.053.000“ kemur	4.253.000

47. Við 6. gr.

a. Við 4.27. Liðurinn fellur brott.

b. Við bætist nýir liðir:

4.33 Að selja svonefnt Hekluhús á Akureyri.

4.34 Að selja fasteignir tilraunastöðva Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, sem ónauðsynlegar verða vegna breytinga á starfsemi stofnunarinnar sökum fyrirhugaðra breytinga á skipulagi tilraunastarfseminnar, og verja andvirði þeirra til uppbyggingar á starfseminni annars staðar.

c. Við 5.12. Liðurinn orðist svo:

5.12 Að kaupa húsnæði, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar, fyrir héraðsdómstóla sem stofnaðir voru með lögum nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, og taka til þess nauðsynleg lán.

d. Við 5.20. Liðurinn orðist svo:

5.20 Að kaupa húsnæði fyrir meðferðarheimili ungra fíkniefnaneytenda og taka til þess nauðsynleg lán, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar.

e. Við bætist nýir liðir:

5.25 Að kaupa húsnæði fyrir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og Tryggingastofnun ríkisins og taka til þess nauðsynleg lán.

5.26 Að kaupa húsnæði fyrir starfsemi Námsgagnastofnunar og taka til þess nauðsynleg lán.

f. Við 6.7. Liðurinn orðist svo:

6.7 Að semja við sveitarfélög með yfir 10.000 þúsund íbúa um greiðslu á hluta ríkissjóðs í kaupum eða framkvæmdum til þess að ljúka brýnum sameiginlegum verkefnum að tilskildu samþykki fjárveitinganefndar, enda takmarkist skuldbindingar ríkisins við framlög á fjárlögum hverju sinni.

g. Við bætist nýir liðir:

6.11 Að heimila Heyrnar- og talmeinastöð Íslands að taka lán hjá Atvinnutryggingarsjóði vegna kaupa á búnaði og tækjum til hávaðamælinga á vinnustöðum í samræmi við reglugerð nr. 478/1985.

6.12 Að ganga frá uppgjöri á vanskilum Skipaútgerðar ríkisins við ríkissjóð og Ríkisábyrgðasjóð, m.a. með niðurfellingu vaxta og dráttarvaxta.

6.13 Að kanna og leita samninga um kaup á MRI-tæki til segulómunar fyrir Ríkisspítala í samráði við fjárveitinganefnd.
6.14 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 1990, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárveitinganefndar.

Sþ. 424. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1990.

Frá fjárveitinganefnd.

Við 6. gr.

a. Við 1.2. Liðurinn orðist svo:
1.2 Að ákveða að Póst- og símamálastofnunin innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld (fastagjöld) síma árið 1990 hjá allt að 50 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindrafélagsins í Reykjavík. Menn þessir séu fyrirvinnur heimilis eða vinni einir á vinnustað.

b. Við 1.3. Liðurinn orðist svo:
1.3 Að ákveða að Póst- og símamálastofnunin innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld (fastagjöld) síma árið 1990 hjá allt að 50 fötluðum mönnum, eftir tilnefningu Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra.

c. Við bætist nýir liðir:
3.4 Að fella niður stimpilgjöld vegna kaupa Flugleiða hf. á Boeing 737-400 og Boeing 757-200 þotum.
3.5 Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af hlutabréfum, sem gefin eru út á árunum 1989 og 1990, í sambandi við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja með aðild Hlutafjársjóðs Byggðastofnunar.

d. Við 4.8. Liðurinn fellur brott.

e. Við 4.9. Liðurinn fellur brott.

f. Við 4.22. Liðurinn orðist svo:
4.22 Að selja húseignir í eigu Skógræktar ríkisins og kaupa aðrar sökum breytinga á aðstöðu vegna flutnings aðalstöðva Skógræktar ríkisins á Fljótsdalshérað, að höfðu samráði við fjárveitinganefnd.

g. Við 4.23. Liðurinn orðist svo:
4.23 Að selja íbúðarhús í eigu Einangrunarstöðvarinnar í Hrísey, að höfðu samráði við fjárveitinganefnd.

h. Við 4.29. Liðurinn orðist svo:
4.29 Að selja vitaskipið Árvakur.

i. Við bætist nýir liðir:
4.35 Að selja núverandi sýslumannsbústað í Vík í Mýrdal og verja andvirðinu til þess að kaupa annan hentugri í staðinn.
4.36 Að selja hluta ríkisins í húseigninni Víkurbraut 42, Grindavík.
4.37 Að selja eignarhluta ríkisins í fasteigninni Gránugötu 18 á Siglufirði.
4.38 Að selja eignarhluta ríkisins í fasteigninni Álfheimum 74 í Reykjavík.
4.39 Að selja húseignina Tjarnargötu 5A í Reykjavík.
4.40 Að selja fasteignina Funahöfða 7 í Reykjavík.
4.41 Að selja gamalt áhaldahús Vegagerðar ríkisins í Stykkishólmi.
4.42 Að selja læknisbústað sjúkrahússins á Selfossi og verja andvirðinu til þess að kaupa annan hentugri í staðinn.

4.43 Að selja núverandi prestsbústað á Skagaströnd og verja andvirði hans til þess að kaupa annan hentugri í staðinn.
4.44 Að selja núverandi embættisbústað heilsugæslustöðvarinnar í Austur-Skaftafellssýslu og verja andvirðinu til þess að kaupa annan hentugri í staðinn.

j. Við 5.6. Liðurinn orðist svo:
5.6 Að kaupa húseignir í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán, að höfðu samráði við fjárveitinganefnd.

k. Við 5.7. Liðurinn fellur brott.

l. Við 5.10. Liðurinn orðist svo:
5.10 Að selja núverandi húsnæði fyrir varamann sendiherra í Washington og kaupa annað minna í staðinn og verja mismun söluverðs og kaupverðs ásamt andvirði eldra húss þar, sem þegar hefur verið selt, til þess að gera nauðsynlegar endurbætur á skrifstofuhúsnæði sendiráðsins í Washington.

m. Við 5.11. Liðurinn fellur brott.

n. Við 5.14. Liðurinn orðist svo:
5.14 Að kaupa húsnæði til nota fyrir embætti sýslumanns á Blönduósi og taka til þess nauðsynleg lán, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar.

o. Við 5.18. Liðurinn fellur brott.

p. Við 5.19. Liðurinn fellur brott.

q. Við 5.24. Liðurinn fellur brott.

r. Við bætist nýir liðir:
5.27 Að kaupa húseignina Ægisgötu 5 á Blönduósi og taka til þess nauðsynleg lán.
5.28 Að kaupa flugskýli af flugfélaginu Erni á Ísafirði og taka til þess nauðsynleg lán, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar.
5.29 Að neyta forkaupsréttar og kaupa 2,77% eignarhluta í fasteigninni Skipholt 37 í Reykjavík til afnota fyrir Kennaraháskóla Íslands og taka til þess nauðsynleg lán.
5.30 Að kaupa fasteignir í nágrenni Arnarhvols í Reykjavík fyrir Stjórnarráð Íslands og taka til þess nauðsynleg lán, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar.
5.31 Að kaupa íbúðarhúsnæði á Reykjum í Ölfusi fyrir Garðyrkjuskóla ríkisins.
5.32 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Heyrnar- og talmeinastöð Íslands og taka til þess nauðsynleg lán, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar.
5.33 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Iðnskólann í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
5.34 Að kaupa húsnæði fyrir fiskeldisstöð á Kirkjubæjarklaustri og taka til þess nauðsynleg lán.
5.35 Að kaupa húsnæði fyrir starfsmann Hafrannsóknastofnunar í Ólafsvík og taka til þess nauðsynleg lán.
5.36 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslulækni á Patreksfirði og taka til þess nauðsynleg lán.
5.37 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslulækni á Fáskrúðsfirði og taka til þess nauðsynleg lán.
5.38 Að kaupa húsnæði fyrir starfsemi Myndlista- og handíðaskóla Íslands og taka til þess nauðsynleg lán, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar.

s. Við bætist nýir liðir:
6.15 Að afhenda Landgræðslu ríkisins, Gunnarsholti, til nota við fræverkunarstöð, fasteignir ásamt vélbúnaði og tækjum í eigu grænfóðurverksmiðjunnar Fóður og fræ í Rangárvallasýslu.
6.16 Að taka lán vegna kaupa Landhelgisgæslunnar á leitarratsjá í TF-SYN.

6.17 Að selja Andakílsárvirkjun u.þ.b. tveggja km langa 66 kílóvolta línu milli Vatnshamra og Andakílsárvirkjunar, sem nú er í eigu Rafmagnsveitna ríkisins, og hluta af byggðalínustöðinni á Vatnshömrum í Borgarfjarðarsýslu.

6.18 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af sjálfvirkum símstöðvum, fjölsímum, jarðsímum og radíótækjum sem flutt eru til landsins á vegum Póst- og símamálastofnunar. Fjármálaráðuneyti setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

6.19 Að draga úr starfsemi ríkisstofnana og ráðuneyta með því m.a. að draga úr yfirvinnu og takmarka nýráðningar og endurráðningar enn frekar en fjárlög gera ráð fyrir.

6.20 Að semja við Grýtubakkahrepp um uppgjör vegna skólamannvirkja.

6.21 Að endursemja um söluverð og skilmála vegna eftirstöðva af söluverði fasteignarinnar Síðumúla 34 í Reykjavík, að tilskildu samþykki fjárveitinganefndar.

6.22 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af aðföngum vegna byggingar nýrrar vatnsveitu hjá Vatnsveitu Suðurnesja sf.

Sþ. 425. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1990.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur, Önnu Ólafsdóttur Björnsson, Guðrúnu Agnarsdóttur, Kristínu Einarsdóttur, Málmfríði Sigurðardóttur og Þórhildi Þorleifsdóttur.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 01-171 Byggðastofnun, framlag. Nýr liður:	
6 02 Byggðastofnun, framlag til atvinnuuppbyggingar kvenna á landsbyggðinni	40.000
2. Við 4. gr. 03-401 Alþjóðastofnanir. Nýr liður:	
1 62 Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM	3.198
3. Við 4. gr. 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi.	
a. Nýr liður:	
1 33 Sérstakt átak til uppbyggingar atvinnu fyrir konur	200.000
b. Við 1 40 Kvennaathvarf í Reykjavík.	
Fyrir „8.130“ kemur	10.864
c. Við 1 41 Samtök kvenna gegn kynferðislegu ofbeldi.	
Fyrir „2.000“ kemur	11.000
4. Við 4. gr. 08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.	
1 40 Kostnaður vegna laga nr. 25/1975 (ráðgjöf og fræðsla varðandi kynlíf og barneignir).	
Fyrir „1.075“ kemur	6.075

Sþ. 426. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1990.

Frá Eiði Guðnasyni, Guðmundi G. Þórarinssyni, Árna Gunnarssyni, Birgi Ísl. Gunnarssyni, Guðrúnu Agnarsdóttur, Halldóri Blöndal, Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni, Jóni Helgasyni, Ólafi Þ. Þórðarsyni, Ragnhildi Helgadóttur, Salome Þorkelsdóttur, Skúla Alexanderssyni, Þórði Skúlasyni og Þórhildi Þorleifsdóttur.

Við 4. gr. 02-982 170 Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis:

	Þús. kr.	Þús. kr.
a. Fyrir „10.200“ kemur		12.240
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		

Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis (02-982 170)

1. Árni Kristjánsson	720	
2. Finnur Jónsson	720	
3. Guðmundur Daníelsson	720	
4. Halldór Laxness	720	
5. Hannes Pétursson	720	
6. Indriði G. Þorsteinsson	720	
7. Jakobína Sigurðardóttir	720	
8. Jóhann Briem	720	
9. Jón Nordal	720	
10. Jón úr Vör	720	
11. Jórunn Viðar	720	
12. Kristján Davíðsson	720	
13. María Markan	720	
14. Matthías Johannessen	720	
15. Stefán Íslandi	720	
16. Valur Gíslason	720	
17. Þorsteinn Ö. Stephensen	720	
		12.240

Nd. 427. Frumvarp til lánsfjárlaga [69. mál]

fyrir árið 1990.

(Eftir 3. umr. í Ed., 20. des.)

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 2.370.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán innan lands að fjárhæð allt að 6.625.000 þús. kr.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1990 og þessara laga.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 3.300.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum fyrirtækisins. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán, sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þeirri grein án samþykkis eignaraðila, hluti af ofangreindri fjárhæð.

4. gr.

Þróunarfélagi Íslands hf. er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 100.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að efla nýjungar í atvinnulífi.

5. gr.

Heimilt er að taka lán vegna skuldbreytinga sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra sem hér segir:

1. Hitaveita Eyra, lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 11.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Egilsstaða og Fella, lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 20.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Bæjarsjóður Siglufjarðar, lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 50.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt vegna greiðsluvandkvæða.
4. Bæjarveitur Vestmannaeyja, lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 56.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
5. Aðrar skuldbreytingar, lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 30.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

6. gr.

Hríseyjarhreppi er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 40.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að kaupa notaða ferju til siglinga á Eyjafirði.

7. gr.

Byggðastofnun er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 900.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Fiskveiðasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 1.100.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

9. gr.

Iðnþróunarsjóði er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 750.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Milliganga Iðnþróunarsjóðs um erlend lán fyrir aðila út á auglýsingu viðskiptaráðuneytis, nú nr. 548/1988, eða aðrar heimildir veittar einstökum fyrirtækjum, skal rúmast innan þessarar heimildar.

10. gr.

Iðnlánasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 950.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Milliganga Iðnlánasjóðs um erlend lán fyrir aðila út á auglýsingu viðskiptaráðuneytis, nú nr. 548/1988, eða aðrar heimildir veittar einstökum fyrirtækjum, skal rúmast innan þessarar heimildar.

11. gr.

Útflutningslánasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 50.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

12. gr.

Hitaveitu Hjaltadals er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 40.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt vegna skuldbreytinga.

13. gr.

Skallagrími hf. er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 60.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt vegna skuldbreytinga.

14. gr.

Herjólfi hf., Vestmannaeyjum, er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 500.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til smíða á nýrri ferju.

15. gr.

Flóabátnum Baldri hf., Stykkishólmi, er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð 30.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til smíði ferju.

16. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar og endurlána þeim aðilum sem nefndir eru í 3.–15. gr. með þeim kjörum sem og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

Skylt er þeim aðilum, sem nefndir eru í 3.–15. gr. og taka erlend lán út á heimildir laga þessara eða annarra laga, að kynna áform sín fyrir og leita fyrir fram eftir samþykki Seðlabanka Íslands, í umboði fjármálaráðuneytisins, á þeim kjörum og skilmálum sem í boði eru hverju sinni.

Ákvæði 2. mgr. gilda eftir því sem við getur átt um alla aðra aðila sem njóta ábyrgðar ríkissjóðs á erlendum skuldbindingum sínum.

17. gr.

Lánasjóðum, sem njóta ríkisábyrgðar á skuldbindingum sínum gagnvart erlendum aðilum, öðrum en þeim sem tilgreindir eru í 9. og 10. gr., er óheimilt að hafa milligöngu um töku erlendra lána fyrir innlenda aðila á grundvelli auglýsingar viðskiptaráðuneytisins, nú nr. 548/1988, um erlendar lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar, eða annarra heimilda veittum einstökum fyrirtækjum, nema að fengnu samþykki fjármálaráðuneytis. Ákvæði 2. mgr. 16. gr. gilda jafnframt um tilvik samkvæmt þessari grein.

II. KAFLI

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins eigi nema hærri fjárhæð en 48.360 þús. kr. á árinu 1990 og er framlagið vegna Lífeyrissjóðs bænda.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs falla niður á árinu 1990.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 31. gr. laga nr. 69/1984, hafnalaga, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 47.500 þús. kr. á árinu 1990.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs falla niður á árinu 1990.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. tölul. 9. gr. laga nr. 76/1987, sbr. og 31. gr. sömu laga, um Iðnlánasjóð, skal framlag ríkissjóðs til Iðnlánasjóðs falla niður á árinu 1990.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 8. gr. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum eigi nema hærri fjárhæð en 38.600 þús. kr. á árinu 1990.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 71.000 þús. kr. á árinu 1990.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laga nr. 32/1979, um framlög ríkissjóðs til greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, falla þær greiðslur niður á árinu 1990. Þess í stað skal sá hluti framleiðendagjalds, sbr. 2. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, sem tekinn hefur verið inn í verðlag búvara, ganga til greiðslu kostnaðar við forfallaþjónustuna eftir nánari ákvörðun landbúnaðarráðherra.

26. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árinu 1990 vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.

27. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. laga nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka, skal framlag ríkissjóðs vegna bóta fyrir eyðingu refa og minka eigi vera hærra en 18.750 þús. kr. á árinu 1990.

28. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. tölul. 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, laga nr. 21/1976, um flokkun og mat ullar, og laga nr. 22/1976, um flokkun og mat á gærum, er landbúnaðarráðherra heimilt að innheimta gjald af sláturleyfum til greiðslu kostnaðar sem af yfirmati samkvæmt lögunum leiðir.

29. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. gr. laga nr. 34/1982, um Listskreytingasjóð ríkisins, skal framlag ríkissjóðs til Listskreytingasjóðs ríkisins eigi vera hærra en 10.000 þús. kr. á árinu 1990.

30. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 10. gr. laga nr. 82/1989, um málefni aldraðra, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs aldraðra eigi vera hærra en 160.000 þús. kr. á árinu 1990.

31. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 46. gr. laga nr. 88/1989, þjóðminjalaga, skal framlag ríkissjóðs í húsafriðunarsjóð eigi nema hærri fjárhæð en 3.700 þús. kr. á árinu 1990.

32. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 25. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og 21. gr. laga nr. 16/1965, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, skal endurgreiðsla ríkissjóðs til sjóðanna vegna hækkunar á áður úrskurðuðum lífeyri eigi nema hærri fjárhæð en 540.000 þús. kr. á árinu 1990 og skiptast á milli sjóðanna í hlutfalli við óskertar endurgreiðslukröfur.

33. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 25. gr. skipulagslaga, nr. 19/1964, sbr. lög nr. 42/1974, skal mótframlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 15.300 þús. kr. á árinu 1990.

34. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl., skal hlutdeild sókna, skráðra trúfélaga og háskólasjóðs í óskiptum tekjuskatti lækka á árinu 1990 um 5%.

35. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 26. gr. a laga nr. 21/1963, um kirkjugarða, sbr. lög nr. 89/1987, skal hlutdeild kirkjugarða í óskiptum tekjuskatti lækka á árinu 1990 um 15%.

36. gr.

Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 83/1989, um þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, skal á árinu 1990 heimilt að ráðstafa fé af sérstökum eignarskatti samkvæmt lögunum til framkvæmda við eftirtalin mannvirki: Þjóðleikhús, Þjóðminjasafn Íslands, Þjóðskjalasafn Íslands og Bessastaði.

III. KAFLI

37. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, er fjármálaráðherra heimilt að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til björgunarsveita, svo og til mannúðar- og líknarstarfssemi.

38. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.

Nýti fjármálaráðherra lántökuheimild laga þessara að hluta til töku skammtímalána og/eða veltilána er honum heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að selja skuldabréf innan lands að því marki sem þarf til að standa undir endurgreiðslu spariskírteina með óhagstæðum kjörum og endurgreidd eru vegna uppsagnar fyrir eindaga.

Enn fremur er fjármálaráðherra heimilt að selja ríkisvíxla til endurgreiðslu áður útgefinna ríkisvíxla og til að bæta stöðu ríkissjóðs á aðalviðskiptareikningi í Seðlabankanum.

39. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að stofna til skulda- og/eða vaxtaskipta þar sem mótaðili ríkissjóðs í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánum sem ríkissjóður tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Ríkissjóður tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.

Enn fremur er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að samþykkja slík skulda- og/eða vaxtaskipti lána sem tryggð eru með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs enda séu að mati fjármálaráðherra nægar tryggingar fyrir ábyrgð ríkissjóðs þegar til slíkra samninga er stofnað.

40. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast og þegar lánstími er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 þannig að fari samanlögð fjárhæð lána samkvæmt þessari grein og 3. gr. laga þessara fram úr 5% af höfuðstóli skal leitað samþykkis eignaraðila.

Jafnframt er Landsvirkjun heimilt að stofna til skulda- og/eða vaxtaskipta þar sem mótaðili Landsvirkjunar í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánum sem Landsvirkjun tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Landsvirkjun tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.

Nýti Landsvirkjun lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku skammtímalána og/eða veltilána er fyrirtækinu heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

Landsvirkjun skal gæta ákvæða 2. mgr. 16. gr. um lántökur og skulda- og/eða vaxtaskipti samkvæmt þessari grein.

41. gr.

Aðilum, sem njóta ríkisábyrgðar á erlendum skuldbindingum sínum, er heimilt:

a. Að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.
b. Að stofna til skulda- og/eða vaxtaskipta þar sem mótaðili í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánum sem aðili, sem nýtur ríkisábyrgðar, tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Slíkur aðili tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.
c. Séu lántökuheimildir laga þessara að hluta til nýttar til töku skammtímalána og/eða veltilána er aðila, sem nýtur ríkisábyrgðar, heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

Aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á erlendum skuldbindingum sínum, skulu gæta ákvæða 2. mgr. 16. gr. um lántökur og skulda- og/eða vaxtaskipti samkvæmt þessari grein.

42. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ganga frá samningum við Rafveitu Siglufjarðar um yfirtöku hluta af langtímaskuldum veitunnar, að fenginni umsögn fjárveitinganefndar. Verði yfirtaka þessi til að fella niður verðjöfnunargjald á raforku árið 1986.

Yfirtakan verði að öðru leyti hliðstæð yfirtöku ríkissjóðs á skuldum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, enda fengu fyrrgreind þrjú veitufyrirtæki hið umrædda verðjöfnunargjald.

43. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt, að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra og fjárveitinganefnd Alþingis, að semja um uppgjör ógreiddra framlaga til jarðræktar og búfjárræktar á árinu 1988 og 1989.

44. gr.

Dýpkunarfélaginu hf. er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 9.500 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til skuldbreytinga.

45. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán að fjárhæð allt að 3.000.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að gera upp skammtímaskuld við Seðlabanka Íslands í árslok 1989, sbr. ákvæði 10. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands.

46. gr.

Lántökuheimildir skv. I. kafla gilda á árinu 1990. Heimildir samkvæmt lögum þessum verða þó nýttar til 1. júlí 1991 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra komi til.

47. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 428. Lög [239. mál]

um breyting á lögum um vísitölu byggingarkostnaðar, nr. 42 30. mars 1987.

(Afgreidd frá Nd. 20. des.)

Samhljóða þskj. 355.

Nd. 429. Lög [221. mál]

um breyting á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Afgreidd frá Nd. 20. des.)

Samhljóða þskj. 272.

Nd. 430. Frumvarp til laga [208. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 20. des.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 2. gr.:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo:
   Skattskyldan nær til allra vara og verðmæta, nýrra og notaðra.
b. 1. málsl. 3. mgr. orðist svo:
   Eftirtalin vinna og þjónusta er undanþegin virðisaukaskatti:

c. 3. tölul. 3. mgr. orðist svo:
Rekstur skóla og menntastofnana, svo og ökukennsla, flugkennsla og danskennsla.
d. 4. tölul. 3. mgr. orðist svo:
Starfsemi safna, svo sem bókasafna, listasafna og náttúrugripasafna, og hliðstæð menningarstarfsemi. Sama gildir um aðgangseyri að tónleikum, íslenskum kvikmyndum, listdanssýningum, leiksýningum og leikhúsum, enda tengist samkomur þessar ekki á neinn hátt öðru samkomuhaldi eða veitingastarfsemi.
e. 5. tölul. 3. mgr. orðist svo:
Íþróttastarfsemi, svo og aðgangseyrir að sundstöðum, skíðalyftum, íþróttamótum, íþróttasýningum og heilsuræktarstofum.
f. 15. tölul. 3. mgr. falli niður.
g. 6. mgr. orðist svo:
Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari skilyrði fyrir undanþágum samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 4. gr.:
a. 2. tölul. orðist svo:
Listamenn, að því er varðar sölu þeirra á eigin listaverkum, enda falli listaverkin undir tollskrárnúmer 9701.1000–9703.0000, svo og uppboðshaldarar að því er varðar sölu þessara verka á listmunauppboðum, sbr. lög nr. 36/1987.
b. Við greinina bætist nýr töluliður er verði 4. tölul., svohljóðandi:
Skólamötuneyti.

3. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Nú hefur aðili, sem að mati skattstjóra bar að tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi skv. 1. mgr., eigi sinnt umræddri tilkynningarskyldu og skal þá skattstjóri úrskurða hann sem skattskyldan aðila samkvæmt ákvæðum 3. gr. og tilkynna aðilanum þar um.

4. gr.

Við 8. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Ríkisskattstjóri skal gefa út reglur um mat til verðs samkvæmt þessari grein.

5. gr.

Í stað „81,97%“ í 1. mgr. 10. gr. komi: 80,32%.

6. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 12. gr.:
a. Á undan „Viðgerðar-“ í 7. tölul. 1. mgr. komi: Skipasmíði og.
b. 8. tölul. 1. mgr. falli brott.
c. 9. tölul. 1. mgr. orðist svo:
Sala tímarita, dagblaða og landsmála- og héraðsfréttablaða, svo og afnotagjöld útvarpsstöðva.
d. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður er verði 10. tölul., svohljóðandi:
Sala bóka á íslenskri tungu jafnt frumsaminna sem þýddra.
e. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður er verði 11. tölul., svohljóðandi:
Sala á heitu vatni, rafmagni og olíu til hitunar húsa og laugarvatns.
f. 3. málsl. 2. mgr. falli niður.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 13. gr.:

a. Í stað „81,97%“ í 3. og 5. mgr. komi: 80,32%.
b. 2. málsl. 3. mgr. falli niður.

8. gr.

14. gr. orðist svo:

Virðisaukaskattur skal vera 24,5% og rennur hann í ríkissjóð.

9. gr.

Í stað „18,03%“ í 1. mgr. 20. gr. komi: 19,68%.

10. gr.

Síðari málsliður 3. mgr. 26. gr. orðist svo: Kröfu um vangoldin opinber gjöld og skatta til ríkissjóðs ásamt verðbótum, álagi og dráttarvöxtum skal skuldajafna á móti endurgreiðslu.

11. gr.

Í stað „1%“ í 2. mgr. 27. gr. komi: 2%. Í stað „10%“ í sama ákvæði komi: 20%.

12. gr.

29. gr. orðist svo:

Þeir sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun skattstjóra á virðisaukaskatti geta kært skattinn til hans innan þrjátíu daga frá því er skatturinn var ákveðinn. Innsend fullnægjandi virðisaukaskattsskýrsla skal tekin sem kæra þegar um er að ræða áætlanir skv. 25. gr. Kærum vegna áætlana skv. 27. gr. skal fylgja skriflegur rökstuðningur. Skattstjóri skal kveða upp rökstuddan úrskurð um kæruna og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi innan þrjátíu daga frá lokum kærufrests.

Úrskurði skattstjóra má skjóta til ríkisskattanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Kærufrestur til ríkisskattanefndar skal vera þrjátíu dagar frá póstlagningu úrskurðar skattstjóra.

Ríkisskattstjóri hefur heimild til að skjóta úrskurðum skattstjóra til ríkisskattanefndar án tillits til kærufrests.

Ríkisskattanefnd skal hafa lagt efnisúrskurð á allar kærur þremur mánuðum eftir að þær bárust nefndinni. Úrskurðir ríkisskattanefndar skulu vera ítarlega rökstuddir og í forsendum þeirra skal koma skýrt fram á hvaða kæruatriðum og skattheimildum skattstofn og álagning er byggð.

Ákvæði 100. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu að öðru leyti gilda um kærur til ríkisskattanefndar eftir því sem við getur átt.

Ágreining um skattskyldu og skatthæð má bera undir dómstóla, enda hafi áður verið um hann úrskurðað af ríkisskattanefnd. Það skal þó gert innan sex mánaða frá því að ríkisskattanefnd úrskurðar í málinu.

Áfrýjun eða deila um skattskyldu frestar ekki gjalddaga skattsins né leysir undan neinum þeim viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu hans, en verði skattur lækkaður eftir úrskurði eða dómi skal endurgreiða það sem lækkuninni nemur.

13. gr.

Á eftir 41. gr. komi nýr kafli, XIII. kafli, Um endurgreiðslu virðisaukaskatts, með tveimur nýjum greinum sem verða 42. og 43. gr. og breytist greinatala laganna og kaflanúmer til samræmis, svohljóðandi:

XIII. KAFLI

Um endurgreiðslu virðisaukaskatts.

a. (42. gr.)

Endurgreiða skal hluta virðisaukaskatts af neyslumjólk, dilkakjöti, neyslufiski og fersku innlendu grænmeti þannig að skattgreiðslur samtals af þessari matvöru, að teknu tilliti til endurgreiðslunnar, verði sem næst 14% í stað 24,5%. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð nánar hvaða matvara fellur undir þessa málsgrein, svo og um framkvæmd endurgreiðslunnar.

Endurgreiða skal byggjendum íbúðarhúsnæðis virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað. Endurgreiðslan skal gerð á grundvelli framlagðra reikninga, eigi sjaldnar en á tveggja mánaða fresti, og vera verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu. Jafnframt skal endurgreiða eigendum íbúðarhúsnæðis virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt af vinnu manna við endurbætur þess, enda sé heildarkostnaður a.m.k. 7% af fasteignamati húseignarinnar í ársbyrjun. Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara endurgreiðslna. Á sama hátt skal í reglugerð kveðið á um endurgreiðslu ákveðins hutfalls virðisaukaskatts af verksmiðjuframleiddum íbúðarhúsum.

Fjármálaráðherra getur ákveðið með reglugerð að endurgreiða ríkisstofnunum, ríkisfyrirtækjum og sveitarfélögum virðisaukaskatt sem þau hafa greitt vegna kaupa á skattskyldri vöru eða þjónustu af atvinnufyrirtækjum.

b. (43. gr.)

Fjármálaráðherra getur kveðið svo á með reglugerð að endurgreiða megi virðisaukaskatt af vörum sem erlendir ferðamenn kaupa hérlendis og hafa með sér er þeir hverfa úr landi, enda séu uppfyllt þau skilyrði sem hann telur nauðsynleg.

Fjármálaráðherra getur ákveðið með reglugerð að hvaða marki skuli endurgreiða sendimönnum erlendra ríkja virðisaukaskatt af kaupum á vörum og þjónustu hér á landi.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja með reglugerð reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts sem erlend fyrirtæki hafa greitt hérlendis vegna kaupa, aðvinnslu, geymslu eða flutnings á vörum sem flytja á úr landi.

14. gr.

Orðin „á vörum sem ætlaðar eru til endursölu“ í 46. gr., er verður 48. gr., falli niður.

15. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 47. gr. laganna, er verður 49. gr., komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að virðisaukaskattur af aðgangseyri að dansleikjum og öðrum skemmtanaskattsskyldum samkomum skuli innheimtur meðan á samkomunni stendur eða með skemmtanaskatti. Hann getur enn fremur ákveðið með reglugerð að sveitarfélög greiði virðisaukaskatt við framvísun virðisaukaskattsskýrslu einu sinni á ári, enda sé árleg virðisaukaskattsskyld velta þeirra af framleiðslu vöru og veittri þjónustu til eigin nota minni en 400.000 kr.

16. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I orðist svo:

Fari afhending skattskyldrar vöru og þjónustu fram 1. janúar 1990 eða síðar skal hún teljast til virðisaukaskattsskyldrar veltu samkvæmt lögum þessum. Þetta gildir án tillits til þess

hvort samningur um sölu skattskyldrar vöru og þjónustu hefur verið gerður fyrir 1. janúar 1990 eða greiðsla farið fram að hluta eða fullu.

Hafi samningur, sbr. 1. mgr. þessa ákvæðis, verið gerður skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna sem svarar virðisaukaskatti samkvæmt lögum þessum sé um að ræða sölu á vöru og þjónustu sem ekki var skattskyld samkvæmt söluskattslögum, nema sannað sé að virðisaukaskattur hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess. Hafi slík vara eða þjónusta verið skattskyld samkvæmt söluskattslögum skal seljandi endurgreiða kaupanda mismun á söluskatti og virðisaukaskatti, nema sannað sé að kaupverð samkvæmt samningnum hafi verið miðað við virðisaukaskatt samkvæmt lögum þessum.

Um greiðslu virðisaukaskatts af innflutningi skattskyldrar vöru og þjónustu fer eftir þeim reglum sem gilda þegar tollmeðferð fer fram.

Heimilt er að endurgreiða virðisaukaskattsskyldum aðilum, sem hafa húsbyggingar eða aðra mannvirkjagerð með höndum í atvinnuskyni, söluskatt sem hvílir á birgðum þeirra af óseldu byggingarefni 31. desember 1989. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um þessar endurgreiðslur, þar á meðal hvaða gögn þurfi að liggja til grundvallar endurgreiðslubeiðni.

Ákvæði 1. og 2. tölul. 5. mgr. 13. gr. laga þessara skulu gilda eftir því sem við á um frádrátt frá skattskyldri veltu vegna viðskipta sem skattskyld voru samkvæmt söluskattslögum og ekki var unnt að leiðrétta með síðustu söluskattsskilum ársins 1989.

Hafi verið gerður fjármögnunarsamningur fyrir 1. janúar 1990 þar sem kveðið er á um eignarrétt leigusala án kaupskyldu leigutaka í lok leigutíma skulu leigugreiðslur samkvæmt slíkum samningum vera undanþegnar virðisaukaskatti.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessa ákvæðis.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990. Ákvæði d-liðar 6. gr. öðlast þó gildi 16. nóvember 1990.

Nd. 431. Breytingartillaga [208. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (FrS, MB).

Á eftir 12. gr. komi ný grein svohljóðandi:

3. mgr. 34. gr. laganna orðist svo:

Innheimta skv. 1. mgr. skal framkvæmd með þeim hætti að innflytjandi eigi kost á greiðslufresti til loka næsta mánaðar eftir innflutningsmánuð. Skal eigi krafist tryggingar né settar aðrar takmarkanir á greiðslufresti ,nema innflytjandi hafi ekki staðið í skilum eða rökstudd ástæða sé til að ætla að hann muni ekki standa í skilum. Fjármálaráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um greiðslufresti.

Nd. 432. Nefndarálit [164. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 15. ágúst 1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt. Nefndin leggur jafnframt áherslu á að vegna undirbúnings frekari framkvæmda á vegum Kísiliðjunnar hf. og

reksturs annarra fyrirtækja, er hún kynni að standa að í Mývatnssveit, verði fyllsta aðgát höfð varðandi áhrif á umhverfi og lífríki svo að ekki hljótist af skaðleg röskun.

Páll Pétursson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. des. 1989.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Kristín Einarsdóttir, fundaskr.	Friðrik Sophusson.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Guðmundur G. Þórarinsson.	Rannveig Guðmundsdóttir.

Nd. 433. Nefndarálit [178. mál]

um frv. til l. um veiðieftirlitsgjald.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt um frumvarpið. Til viðræðna voru kallaðir Arthur Bogason og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda, Helgi Laxdal frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Kristján Ragnarsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Óskar Vigfússon og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands og Árni Kolbeinsson, ráðuneytisstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu.

Nefndin telur rétt að gera eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að veiðieftirlitsgjald standi að öllu leyti straum af kostnaði við veiðieftirlit. Nefndin leggur til að ríkissjóður beri þennan kostnað að hálfu fyrst um sinn og eru breytingar á 1. og 2. gr. til samræmis við þetta. Í því felst að heimild fjármálaráðuneytisins til gjaldtöku í þessu sambandi fellur niður.

Í öðru lagi telur nefndin rétt að breyta orðalagi 3. gr. frumvarpsins þannig að vegna fasts gjalds smábáta frá 6–10 brl. komi tilvísun til gjaldbreytinga í 2. gr. frumvarpsins.

Í þriðja lagi leggur nefndin til að 4. gr. frumvarpsins falli niður og efni hennar verði athugað nánar í tengslum við heildarendurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða.

Í fjórða lagi leggur nefndin til að lögin taki gildi hinn 1. janúar 1990.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með áðurgreindum breytingum.

Þórhildur Þorleifsdóttir var viðstödd afgreiðslu málsins og samþykk henni.

Alþingi, 20. des. 1989.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, form., frsm.	Hreggviður Jónsson, fundaskr.	Alexander Stefánsson.
Matthías Bjarnason.	Guðni Ágústsson.	Kristinn Pétursson.
	Geir Gunnarsson.	

Nd. 434. Breytingartillögur [178. mál]

við frv. til l. um veiðieftirlitsgjald.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Við síðari málsgrein bætist: að hálfu.
2. Við 2. gr. Fyrir „0,5%“ í síðasta málslið komi: 0,2%.

3. Við 3. gr. Á eftir orðinu „aflaverðmæti“ komi: sbr. 2. gr.
4. Við 4. gr. Greinin falli brott.
5. Við 5. gr. Greinin orðast svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

Ed. 435. Lög [219. mál]

um breyting á lögum um eftirlaun til aldraðra, nr. 2/1985.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.)

Samhljóða þskj. 261.

Nd. 436. Lög [179. mál]

um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla.

(Afgreidd frá Nd. 21. des.)

Samhljóða þskj. 202.

Nd. 437. Nefndarálit [250. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 104/1988, um breyt. á l. nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. des. 1989.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, form., frsm.	Anna Ólafsdóttir Björnsson, fundaskr.	Geir H. Haarde.
Guðmundur G. Þórarinsson.	Ragnhildur Helgadóttir.	Geir Gunnarsson.
	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.	

Nd. 438. Nefndarálit [218. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, ásamt síðari breytingum, sbr. 16. gr. laga nr. 87/1989.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og tryggingaefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og sent það til umsagnar endurskoðunarnefndar almannatryggingalaganna. Til viðræðna við nefndina komu Þorgrímur Jónsson tryggingalæknir, Magnús R. Gíslason og Ingimar Sigurðsson frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Börkur Thoroddsen frá Tannlæknafélagi Íslands og Teitur Jónsson frá Tannréttingafélagi Íslands.

Í því frumvarpi, sem hér er til afgreiðslu, er gert ráð fyrir að nýtt fyrirkomulag verði tekið upp í tannréttingum, sérstaklega varðandi sérhæfða þjónustu við börn og unglinga á aldrinum 6–18 ára. Meiri hl. nefndarinnar bindur vonir við að forgreining og flokkun, sem stefnt er að í frumvarpinu varðandi tannréttingar, stuðli að betri tannlæknisþjónustu við börn og unglinga um leið og það dregur úr kostnaði við þessa þjónustu. Meiri hl. leggur sérstaka áherslu á að skipuleg innköllun barna til þessarar þjónustu muni stuðla að betri tannheilsu. Þær hugmyndir, sem beinast að kostnaðarþátttöku ríkisins að 90% bæði fyrir börn á aldrinum 5 ára eða yngri og börn og unglinga á aldrinum 6–15 ára, telur meiri hl. nefndarinnar mjög athyglisverðar og beinir þeim tilmælum til endurskoðunarnefndar almannatryggingalaga að þessi kostnaðarskipting verði athuguð sérstaklega.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að eftirtaldar breytingar verði gerðar á frumvarpinu.

Í fyrsta lagi er lagt til að ekki verði skírskotað til 16. gr. laga nr. 87/1989, um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, þar sem sú grein fjallar eingöngu um tannlækningar, en með þeim breytingum, sem hér eru lagðar til, tekur frumvarpið á fleiri þáttum.

Önnur breytingartillaga meiri hl. á rætur að rekja til þess að hinn 20. fyrra mánaðar skipaði heilbrigðisráðherra nefnd sem fengið var það hlutverk að gera tillögur um nýtt fyrirkomulag í samskiptum heimilis- og heilsugæslulækna annars vegar og sérfræðinga hins vegar. Fyrirkomulagi þessu er ætlað að koma í staðinn fyrir það tilvísanakerfi sem kveðið er á um í lögum um almannatryggingar en ekki hefur verið í framkvæmd undanfarin ár og er reyndar undanþegið framkvæmd á yfirstandandi ári samkvæmt sérstakri breytingu sem gerð var á almannatryggingalögunum í lok síðasta árs. Nefndinni var falið að gera tillögu um bréfleg boðskipti milli lækna varðandi sjúklinga sem jafnframt eru til meðferðar eða í umsjón annars læknis, t.d. skráðir á heilsugæslustöð eða sækja þangað heilbrigðisþjónustu vegna búsetu, með það að markmiði að auka öryggi í læknisþjónustu með bættum upplýsingum um lyfjagjöf og aðra meðferð, draga úr óþarfa endurtekningum rannsókna og auka gæði heilbrigðisþjónustunnar.

Með bréfi dags. 15. þessa mánaðar skilaði nefndin tillögum og leggur m.a. til að b-lið 43. gr. gildandi almannatryggingalaga verði breytt, en þar er fjallað um tilvísanaskylduna. Það er skoðun nefndarinnar að tryggja þurfi betur en nú er gert að nauðsynlegar upplýsingar berist milli heimilislækna og sérfræðinga og sérfræðinga innbyrðis til þess að auka gæði heilbrigðisþjónustunnar og að stefnt skuli að því að samskipti sjúklinga við heilbrigðisþjónustuna hefjist að jafnaði hjá heimilislækni. Til þess að koma á nauðsynlegum breytingum telur nefndin að eftirfarandi þurfi að gerast:

1. Setja upp á skýran hátt hvert sé ferli sjúklings og upplýsinga.
2. Gera eyðublað er auðveldi læknum öll boðskipti um sjúklinga og hvetji til að þau séu tafarlaus þegar það er nauðsynlegt.
3. Koma á einföldu eftirliti með framkvæmd, annars vegar fyrir tilstuðlan Tryggingastofnunar ríkisins vegna reikningsgerðar og hins vegar með samvinnu samningsaðila.
4. Gera breytingar á b-lið 43. gr. laga nr. 67/1987, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Þriðja breytingartillagan er í samræmi við samkomulag ríkisstjórnarinnar við sveitarfélög. Við uppgjör kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga við yfirtöku ríkisins á tannlæknakostnaði hefur komið fram að ekki var tekið inn í útreikningana þátttaka sveitarfélaganna í kostnaði við tannlækningar fyrir aldurshópinn 6–15 ára, sbr. nánar 2. tölul. 2. mgr. núgildandi 44. gr. almannatryggingalaga. Er hér um að ræða 346 milljónir kr. Þar sem ekki var gert ráð fyrir þessum kostnaði við áðurnefnt uppgjör telur ríkisstjórnin eðlilegt að sveitarfélög taki að sér greiðslu hluta þessa kostnaðar. Hefur orðið að samkomulagi að þau taki að sér greiðslu

eins þriðja hluta kostnaðar fyrir aldurshópinn 6–15 ára. Með þessu er ekki verið að leggja til neinar breytingar á sjálfri framkvæmdinni.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 20. des. 1989.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, form., frsm. Guðmundur G. Þórarinsson. Geir Gunnarsson.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Nd. 439. Breytingartillögur [218. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, ásamt síðari breytingum, sbr. 16. gr. laga nr. 87/1989.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og tryggínganefndar (JSS, GGÞ, AðB, GeirG).

1. Á eftir 2. gr. komi ný grein er orðist svo:
   B-liður 43. gr. laganna orðist svo:
   Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir hjá sérfræðingum og stofnunum sem Tryggingastofnun ríkisins hefur samning við. Auk reikningsforms lætur Tryggingastofnun ríkisins útbúa sérstök eyðublöð í samráði við samningsaðila með það að markmiði að tryggja fagleg samskipti milli sérfræðinga innbyrðis og milli sérfræðinga og heimilislækna eða heilsugæslulækna. Fyrir hverja komu til sérfræðings greiði sjúklingur sérfræðingi gjald sem ákveðið skal með reglugerð.
2. Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein er orðast svo:
   Á árinu 1990 greiðir ríkissjóður tvo þriðju hluta framlags skv. 2. tölul. 2. mgr. 4. gr. og sveitarfélög einn þriðja.
3. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frv. til l. um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Nd. 440. Nefndarálit [218. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, ásamt síðari breytingum, sbr. 16. gr. laga nr. 87/1989.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og tryggínganefndar.

Nefndin hefur athugað mál þetta á tveimur fundum og fengið kunnáttumenn til viðtals um frumvarpið þar á meðal tvo af höfundum þess. Frumvarpinu er ætlað að ná fram 100 millj. kr. sparnaði í kostnaði almannatrygginga vegna tannlækninga.

Fyrsti minni hl. telur eðlilegt að leitað sé leiða til að draga úr þessum kostnaði sem nemur árlega hundruðum milljóna króna. Hins vegar telja undirritaðir nefndarmenn ekki að frumvarp þetta feli í sér einföldustu eða réttlátustu leiðirnar til þess. Að auki hefur í nefndarstarfinu komið fram að hinn áætlaði sparnaður, sem nást á með frumvarpinu, er algerlega byggður á ágiskunum. Raunar sýna tölur sem nefndinni bárust á síðari fundi hennar um málið að kvöldi 20. des. að kostnaður almannatrygginga vegna tannréttinga nam rúmlega 62 millj. kr. á árinu 1988. Harla ólíklegt verður að telja að unnt reynist að spara 60 millj. kr. á þessum lið á árinu 1990 þrátt fyrir miklar verðlagsbreytingar og einhverja magnaukningu.

Ljóst er því að reikningslegur grunnur frumvarpsins varðandi fyrirhugaðan sparnað er á sandi byggður. Á hinn bóginn mun frumvarpið hafa í för með sér umtalsverðan kostnað vegna þess flokkunarkerfis sem lagt er til og eftirlits með því.

Tannlæknafélag Íslands hefur gert tillögu um 50 millj. kr. sparnað sem fælist í því að í stað þess að greiða allan kostnað við tannlækningar 6–15 ára barna greiði hið opinbera 90%. Undir þessa tillögu vill 1. minni hl. nefndarinnar taka. Ekki náðist þó samkomulag í nefndinni um að flytja breytingartillögu þessa efnis.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að nú er starfandi á vegum heilbrigðisráðuneytisins sérstök nefnd er vinnur að því að semja frumvarp til laga um skipulagða tannlæknaþjónustu. Er gert ráð fyrir að nefndin ljúki störfum nægilega tímanlega þannig að unnt verði að leggja frumvarpið fyrir næsta Alþingi. Greinilegt er að það frumvarp, sem nú er til meðferðar, er aðeins lítill hluti þessa máls. Þar sem í ljós er komið að sparnaðarforsendur frumvarpsins standa á brauðfótum og að málið þarfnast mun betri athugunar við leggur 1. minni hl. til að *þær greinar frumvarpsins, sem lúta að þessum þætti, falli brott.*

Meiri hl. nefndarinnar hefur kynnt breytingartillögur við frumvarpið sem allar varða önnur efnisatriði en hið upphaflega frumvarp. Fyrsti minni hl. styður efni þessara breytingartillagna og mun greiða þeim atkvæði.

Alþingi, 20. des. 1989.

Geir H. Haarde, frsm. Ragnhildur Helgadóttir.

Nd. 441. Nefndarálit [218. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, ásamt síðari breytingum, sbr. 16. gr. laga nr. 87/1989.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Frumvarp það, sem hér er til afgreiðslu, var upphaflega lagt fram með það að meginmarkmiði að ná fram sparnaði í útgjöldum ríkisins vegna tannlæknakostnaðar eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið. Á fund nefndanna komu fulltrúar frá Tannlæknafélagi Íslands, Tannréttingafélagi Íslands og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Að fengnum ábendingum frá þeim telur 2. minni hl. að ná megi markmiðum frumvarpsins betur á annan hátt en lagður er til þar. Nefndin hefði þurft að fá tækifæri til að taka afstöðu til þessara hugmynda en til þess gafst ekki tími. Jafnframt komu fram efasemdir fulltrúa Tannlæknafélags Íslands og Tannréttingafélags Íslands um að frumvarpið mundi leiða til sparnaðar. Tölur þær, sem lagðar eru til grundvallar í áætlun um sparnað samkvæmt frumvarpinu, hafa og verið dregnar í efa í umræðum innan nefndarinnar. Annar minni hl. telur að margt hefði mátt færa til betri vegar með nánari umfjöllun innan nefndarinnar.

Annar minni hl. telur þá flokkun tannréttinga, sem lögð er til í frumvarpinu, mjög til bóta.

Breytingartillögur þær, sem fram komu í lok nefndarstarfa, eru að mörgu leyti óviðkomandi efni upphaflega frumvarpsins. Þær eru byggðar á samkomulagi þeirra aðila sem málið varða. Annar minni hl. mun styðja þær en að öðru leyti sitja hjá við afgreiðslu málsins vegna þeirra hnökra á afgreiðslu málsins og flýtis sem að framan er lýst.

Alþingi, 20. des. 1989.

Anna Ólafsdóttir Björnsson, fundaskr.

Nd. 442. Breytingartillaga [218. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, ásamt síðari breytingum, sbr. 16. gr. laga nr. 87/1989.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og tryggingarnefndar (GHH, RH).

1.–3. gr. falli brott.

Ed. 443. Nefndarálit [210. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur haft skamman tíma til að fjalla um málið en þó reynt að afla upplýsinga bæði frá embættismönnum og öðrum viðmælendum nefndarinnar. Frumvarpið er annar veigamesti þáttur hinnar margþættu skattránsherferðar sem vinstri stjórn Steingríms Hermannssonar herðir nú á hendur borgurum þessa lands og atvinnufyrirtækjum. Hinn þátturinn er virðisaukaskatturinn. Samhliða þessu skattráni eru svo lagðir minni baggar á þjóðina hvarvetna þar sem því verður við komið. Eins og að líkum lætur hefur þessi skattastefna mjög verið í þjóðmálaumræðunni en stjórnarherrar verið rökheldir enda tókst þeim að styrkja valdastöðu sína á Alþingi og láta því kné fylgja kviði. Kom það glöggt í ljós við afgreiðslu málsins í neðri deild.

Annar minni hl. telur því ljóst að tilgangslaust sé að flytja fjölda breytingartillagna og ber því aðeins fram tvær tillögur á sérstöku þingskjali.

Á sama hátt er tilgangslaust að skila ítarlegu nefndaráliti en vitnað er til vandaðs nefndarálits 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar. Álit minni hl. hefur komið fram í margvíslegri umfjöllun skattamála utan þings og innan síðustu vikurnar og verður nánar skýrt í umræðum.

Alþingi, 20. des. 1989.

Ey. Kon. Jónsson, frsm. Halldór Blöndal.

Ed. 444. Breytingartillögur [210. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EKJ, HBl).

1. Á eftir 10. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Í stað orðanna „fimm ár“ í 2. mgr. 81. gr. laganna komi: átta ár.
2. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   83. gr. laganna orðist svo:
   Eignarskattur manna reiknast þannig: Af fyrstu 2.875.000 kr. greiðist enginn skattur. Af eignarskattsstofni yfir 2.875.000 kr. greiðist 0.95%.

Nd. 445. Nefndarálit [229. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 91/1989.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 21. des. 1989.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Alexander Stefánsson.
Jón Kristjánsson.	Geir H. Haarde.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.
	Eggert Haukdal.	

Ed. 446. Lög [21. mál]

um breytingu á lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.)

Samhljóða þskj. 336.

Ed. 447. Lög [237. mál]

um breytingu á lögum nr. 9/1984, um frádrátt af skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.)

Samhljóða þskj. 339.

Sþ. 448. Tillaga til þingsályktunar [253. mál]

um sameiningu sveitabýla í hagræðingarskyni.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að kanna hvort hagræða megi í landbúnaði með því að sameina sveitabýli í búrekstri. Könnuninni skal lokið fyrir þingbyrjun haustið 1990.

Greinargerð.

Atvinnurekendur í flestum greinum atvinnulífsins eru stöðugt að sameina fyrirtæki sín og rekstur með aukna hagræðingu fyrir augum. Sama lögmál gildir um atvinnurekstur í landbúnaði. Því er rétt að láta kanna á hvern hátt slíkri sameiningu verður best á komið til að hagræða í búrekstri landsmanna. Það leiðir væntanlega til aukins sparnaðar í þjóðarbúinu.

Stutt er síðan þrjú myndarleg býli lögðu saman og fylgdi því strax aukin hagræðing. Þannig eru nú samtals 12 dráttarvélar á þessum býlum ásamt viðeigandi fylgibúnaði og þeim má strax fækka verulega svo að lítið dæmi sé tekið um hagræðingu. Svona má halda áfram.

Þá er einnig ástæða til að kanna hvort rétt sé að veita í þessu skyni fé af greiðslum til landbúnaðarins sem annars færu til annarra verkefna. Aukin hagræðing mundi bæta bændum strax allan hugsanlegan tekjumissi.

Sþ. 449. Tillaga til þingsályktunar [254. mál]

um að færa til gjalddaga í þjóðfélaginu.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að kanna hvort hagstætt er fyrir þjóðfélagið að færa til uppgjörs- og gjalddaga. Könnuninni skal lokið fyrir þingbyrjun haustið 1990.

Greinargerð.

Gjalddagar í þjóðfélaginu hafa yfirleitt verið bundnir við mánaðamót. Það hefur í för með sér að álag nær þá hámarki í stofnunum og fyrirtækjum sem annast innheimtu og skýrslugerð þar að lútandi.

Tækjabúnaður allur og fjöldi starfsfólks miðast því við að geta annað starfseminni þegar álagið er mest. Þannig verður að kaupa afkastameiri og um leið dýrari tækjabúnað og ráða fleira starfsfólk en þörf krefur ef álaginu er jafnað út yfir allan mánuðinn. Sama gildir um að jafna öðrum gjalddögum yfir fleiri mánuði ársins. Má í þessu sambandi benda á að skammt er á milli gjalddaga staðgreiddra skatta og eindaga söluskatts í upphafi hvers mánaðar. Margir fleiri gjalddagar eru í upphafi hvers mánaðar sem auka enn álagið hjá opinberum stofnunum, bönkum, sparisjóðum og pósthúsum.

Því er hér lagt til að fjármálaráðherra láti kanna hvort hægt sé að færa til gjalddaga í þjóðfélaginu og dreifa þeim á fleiri daga mánaðarins eða mánuði ársins. Með því móti fæst væntanlega hagræðing og sparnaður, bæði fyrir ríki og einstaklinga.

Sþ. 450. Tillaga til þingsályktunar [255. mál]

um að nýta lausa leigusali undir starfsemi á vegum ríkisins.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga hvort hægt er að nýta lausa leigusali undir starfsemi á vegum ríkisins. Verkinu verði lokið fyrir þingbyrjun haustið 1990.

Greinargerð.

Opinber starfsemi kallar stöðugt á meira húsnæði þrátt fyrir það að víða sé gætt aðhalds. Ríkið virðist þenjast út á hverjum degi. Nú eru þær aðstæður í þjóðfélaginu að ekki er ráðlegt að leggja í stofnkostnað við ný mannvirki á vegum ríkisins. Þess vegna er rétt að láta skoða hvort ekki má nota ýmsa sali, sem leigðir eru út, undir starfsemi ríkisins sem er á hrakhólum með húsnæði um landið. Þannig stendur fjöldi veitingasala auður og ónotaður á daginn og líka oft á kvöldin. Einnig eru fjölmargir salir í eigu félagasamtaka leigðir út og standa þeir líka auðir mikinn hluta sólarhringsins.

Víða er tímabundin þörf fyrir húsnæði hjá ríkinu og þá sérstaklega í skólakerfinu. Því er rétt að kanna hvort nýta megi veitingasali og sali félagasamtaka sem annars standa auðir þann tíma sem kennsla fer fram á daginn. Hugsanlega má leysa húsnæðisvanda hjá ýmsum skólum á þann hátt án þess að leggja í kostnað við nýsmíðar eða innréttingar á leiguhúsnæði.

Háskóli Íslands hefur aðeins farið inn á þessa braut og því vaknar sú spurning hvort slíkir leigusalir mundu leysa vanda Háskólans á Akureyri fyrst í stað. Á sama hátt má hugsanlega leysa vanda fleiri skóla. Fjöldi sala er til dæmis í Ármúlahverfi í Reykjavík, bæði í veitingahúsum og í eigu félagasamtaka. Eins má væntanlega leysa húsnæðisvanda í öðrum opinberum rekstri.

Nd. 451. Lög [164. mál]

um breytingu á lögum nr. 80 15. ágúst 1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

(Afgreidd frá Nd. 21. des.)

Samhljóða þskj. 179.

Nd. 452. Frumvarp til laga [178. mál]

um veiðieftirlitsgjald.

(Eftir 2. umr. í Nd., 21. des.)

1. gr.

Sjávarútvegsráðherra skal með reglugerð ákveða sérstakt gjald — veiðieftirlitsgjald — fyrir veiðileyfi sem veitt eru á grundvelli ákvæða laga nr. 3/1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990, eða annarra laga er kveða á um veiðar í íslensku fiskveiðilögsögunni.

Gjald þetta rennur til reksturs veiðieftirlits sjávarútvegsráðuneytisins og skal fjárhæð þess miðast við að það standi undir rekstri eftirlitsins að hálfu.

2. gr.

Fyrir önnur veiðileyfi en þau er um getur í 3. gr. skal gjaldið miðast við áætlað verðmæti þess afla sem leyfið heimilar veiðar á. Fyrir skip, sem velja sóknarmark við botnfiskveiðar, skal gjaldið miðast við aflamarkskost skipsins. Skal ráðherra áætla hlutfallsleg verðmæti einstakra tegunda sjávardýra í þessu sambandi fyrir upphaf vertíðar eða veiðitímabils. Aldrei skal gjald samkvæmt þessari málsgrein vera hærra en 0,2% af áætluðu verðmæti afla sem viðkomandi veiðileyfi heimilar veiðar á.

3. gr.

Fyrir botnfiskveiðileyfi báta undir 10 brl. og leyfi til veiða, sem ekki eru bundnar tilteknu aflamarki, skal greiða fast gjald og getur ráðherra ákveðið það með hliðsjón af mögulegu aflaverðmæti, sbr. 2. gr., og eðli veiðanna.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

Nd. 453. Frumvarp til laga [218. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 21. des.)

1. gr.

Við c-lið 39. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðist svo: Ráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis að fengnum tillögum tryggingaráðs.

2. gr.

1. málsl. 3. mgr. 39. gr. laganna orðist svo:
Tryggingaráð setur reglur um greiðslu styrkja samkvæmt a- og b-liðum.

3. gr.

B-liður 43. gr. laganna orðist svo:
Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir hjá sérfræðingum og stofnunum sem Tryggingastofnun ríkisins hefur samning við. Auk reikningsforms lætur Tryggingastofnun ríkisins útbúa sérstök eyðublöð í samráði við samningsaðila með það að markmiði að tryggja fagleg samskipti milli sérfræðinga innbyrðis og milli sérfræðinga og heimilislækna eða heilsugæslulækna. Fyrir hverja komu til sérfræðings greiði sjúklingur sérfræðingi gjald sem ákveðið skal með reglugerð.

4. gr.

44. gr. laganna orðist svo:
Fyrir tannlæknaþjónustu greiða sjúkratryggingar í samræmi við samninga sem Tryggingastofnun ríkisins hefur gert eða samkvæmt gjaldskrá sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur séu samningar ekki fyrir hendi sem hér segir, enda sé reikningi framvísað á því reikningsformi sem Tryggingastofnun ríkisins ákveður:

1. Fyrir börn 5 ára eða yngri 75% kostnaðar við hvers konar þjónustu.
2. Fyrir börn og unglinga 6–15 ára 100% kostnaður við tannlækningar, aðrar en gullfyllingar, krónu- og brúargerð og tannréttingar. Heimilt er að greiða allt að 50% kostnaðar við gullfyllingar, krónu- og brúargerð og við tannréttingar samkvæmt reglum sem ráðherra setur að höfðu samráði við tryggingaráð. Í reglunum skal m.a. kveðið á um flokkun þessara tannlækninga og þátttöku sjúkratrygginga í þeim eftir eðli aðgerða. Þjónustan samkvæmt þessum tölulið skal veitt hjá skólatannlæknum og á heilsugæslustöðvum, nema annað sé talið hagkvæmt og um annað samið. Því aðeins kemur til greiðslna samkvæmt þessari grein þegar í hlut eiga gullfyllingar, krónu- og brúargerð og tannréttingar að fyrir liggi sérstök umsókn þar sem m.a. komi fram flokkur tannréttingar þar sem það á við og samþykki sjúkratrygginga.
3. Fyrir 16 ára unglinga 50% kostnaðar. Greiðslur fyrir gullfyllingar, krónur, brýr og tannréttingar skulu vera í samræmi við reglur 2. tölul.
4. Fyrir unglinga, þótt eldri séu en 16 ára, er heimilt að greiða allt að 50% kostnaðar við tannréttingar í samræmi við reglur sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs, sbr. 2. tölul., enda hafi meðferð hafist áður en þeir urðu 16 ára. Heimilt er að greiða 50% kostnaðar við aðgerðir 17 og 18 ára unglinga eftir sömu reglum hafi þörfin komið upp fyrr og eftirlitsaðila samkvæmt síðustu málsgrein þá verið gerð grein fyrir því eigi síðar en unglingurinn verður 17 ára að rétt sé að fresta aðgerðinni.
5. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta tekjutryggingar, 75% kostnaðar, en fyrir aðra elli- og örorkulífeyrisþega 50% kostnaðar, þó ekki fyrir gullfyllingar, krónur eða brýr. Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þessa bótaþega eftir reglum, sem tryggingaráð setur, í allt að 100%.

Tryggingaráð ræður tannlækni sem hefur eftirlit með framkvæmd ákvæða laga þessara er lúta að tannlækningum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hafi tannrétting að lokinni skoðun sannanlega hafist fyrir 1. nóv. 1989 skal henni lokið samkvæmt eldri ákvæðum.

Á árinu 1990 greiðir ríkissjóður tvo þriðju hluta framlags skv. 2. tölul. 2. mgr. 4. gr. og sveitarfélög einn þriðja.

Nd. 454. Lög [250. mál]

um breyting á lögum nr. 104/1988, um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

(Afgreidd frá Nd. 21. des.)

Samhljóða þskj. 406.

Sþ. 455. Tillaga til þingsályktunar [256. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 22. desember 1989 eða síðar ef henta þykir enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 22. janúar 1990.

Sþ. 456. Fyrirspurn [257. mál]

til fjármálaráðherra um störf ríkisskattanefndar.

Frá Birgi Ísl. Gunnarssyni.

1. Hvað bíða mörg mál úrskurðar hjá ríkisskattanefnd?
2. Frá hvaða árum eru þau (sundurliðist)?

Sþ. 457. Skýrsla [258. mál]

iðnaðarráðherra um stöðu og horfur í íslenskum skipaiðnaði.

(Lögð fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

Inngangur.

Staðan á árunum 1986–1989.

Á árinu 1986 voru verkefni allgóð hjá skipasmíðastöðvunum, einkum í endurbótum og viðgerðum. Ljóst var að efla þurfti skipaiðnaðinn og leita leiða til að skipaiðnaðarverkefni færu ekki úr landi í óhóflegum mæli. Vorið 1986 sameinuðust aðilar málmiðnaðarins, þ.e. Samband málm- og skipasmiðja (SMS), Málm- og skipasmiðasamband Íslands (MSÍ) og iðnaðarráðuneytið um stofnun nefndar um þessi málefni. Þessi nefnd hefur verið kölluð K-nefndin.

Á árinu 1987 hallaði nokkuð undan fæti hjá skipasmíðastöðvunum þó að nýsmíðar ykjust töluvert en þau verkefni voru að langmestu leyti unnin erlendis. Því var það mat

K-nefndarinnar að full ástæða væri til að boða til ráðstefnu sem nefnd var „Íslenskur skipaiðnaður staða – framtíð". Var hún haldin í mars það ár og stóðu að henni Félag dráttarbrauta og skipasmiðja, Háskóli Íslands, iðnaðarráðuneytið, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Málm- og skipaamiðasamband Íslands, Samband málm- og skipasmiðja og Verkfræðingafélag Íslands. Ráðstefnan tókst vel og voru mörg brýn mál iðnaðarins rædd og ályktanir og ábendingar sendar stjórnvöldum.

Á árinu 1988 varð enn gífurleg þensla í nýsmíðum erlendis og var aðalástæða þess, eins og árið áður, velgengni sjávarútvegs og hátt raungengi íslensku krónunnar. Íslenskur skipaiðnaður hélt þó sínum hlut en missti af mestum hluta nýsmíðinnar.

Ljóst var í upphafi þessa árs að verulegur samdráttur yrði á árinu bæði á endurbótum og nýsmíðum á þessu ári. Nýsmíðar hafa þó verið allmiklar erlendis en miklu minni innan lands. Á síðari hluta ársins hefur komið í ljós hve alvarlegt ástandið er þegar tvær af stærstu stöðvunum hafa sagt upp hundruðum manna vegna fyrirsjáanlegs verkefnaskorts.

Horfur á næsta ári.

Horfurnar á næsta ári eru því miður enn alvarlegri. Er enn séð fram á samdrátt í verkefnum ef ekkert er að gert. Má gera ráð fyrir að á árinu 1990 verði ein mesta lægð í greininni um árabil en til þess að draga úr henni hafa stjórnvöld hafið ýmsar aðgerðir sem greint verður frá hér á eftir. Mikilvægt er að fram komi að almenn samkeppnisskilyrði innlendra skipasmíðastöðva hafa batnað verulega með hækkandi raungengi krónunnar á undanförnum missirum. Raungengi krónunnar er um þessar mundir 10–15% lægra en það var á fyrri hluta árs 1988 hvort sem miðað er við verðlag eða laun og er það nú svipað og að jafnaði á þessum áratug. Lækkun raungengisins styrkir stöðu innlendra skipasmíðastöðva í samkeppni við erlendar um verkefni á næstunni. Hins vegar er ljóst að verkefnin verða takmörkuð sérstaklega miðað við það sem verið hefur undanfarin ár. Þessar sveiflur í verkefnum og samkeppnisskilyrðum sem má að nokkru rekja til sjávarútvegsins eru skipaiðnaðinum afar erfiðar og er brýnt að reyna að jafna þær.

Appledore – skýrslan.

Aðdragandi.

Í nóvember 1987 var breska ráðgjafarfyrirtækið A.P. Appledore fengið til að gera skipulega úttekt á íslenska skipasmíða- og skipaviðgerðaiðnaðinum. Í júní 1988 var skipuð sérstök verkefnisstjórn sem hafði yfirstjórn og eftirlit verkefnisins með höndum og þá hófst formleg vinna að þessari úttekt. Að áðurnefndri verkefnisstjórn áttu eftirtaldir aðilar aðild: Iðnaðarráðuneytið, sem jafnframt gegndi formennsku, Landssamband iðnaðarmanna/Félag dráttarbrauta og skipasmiðja, Iðnlánasjóður, Iðnþróunarsjóður, Fiskveiðasjóður, Byggðastofnun og Landssamband íslenskra útvegsmanna. Að stærstum hluta var verkið kostað af Iðnlánasjóði og Iðnþróunarsjóði, auk þess af iðnaðarráðuneytinu, Landssambandi iðnaðarmanna, Fiskveiðasjóði og Byggðastofnun. Skýrslan var afhent í apríl á þessu ári.

Markmið.

Markmiðið með verkefninu var að kanna leiðir til að efla samkeppnishæfni innlendra skipasmíðastöðva á þeim sviðum sem styrkleiki og sérstaða þeirra fær sín best notið til lengri tíma með hliðsjón af hagsmunum skipaiðnaðar og útgerðar og þróun í alþjóðasamkeppni.

Tillögur.

Skýrslan er mjög yfirgripsmikil og eru þar saman komnar miklar upplýsingar um stöðu iðnaðarins. Skýrslan er á ensku en helstu atriði og tillögur hennar voru þýdd á íslensku og

gefin út fjölrituð í maí á þessu ári. Nefnist hún „ATHUGUN Á ÍSLENSKA SKIPASMÍÐA- OG SKIPAVIÐGERÐAIÐNAÐINUM MEÐ TILLITI TIL STEFNUMÖRKUNAR". Útgefendur eru iðnaðarráðuneytið og Landssamband iðnaðarmanna. Var skýrslan send alþingismönnum með bréfi iðnaðarráðherra dags. 19. maí sl.

Tillögur skýrslunnar eru tvíþættar, þ.e. gerðar eru tillögur um aðgerðir af hálfu ríkisins og um aðgerðir af hálfu Félags dráttarbrauta og skipasmiðja. Hvorri tillögugerðinni er skipt í tvennt, þ.e. það sem ekki á að gera og það sem á að gera. (Sjá fskj. I með þessari skýrslu.)

Samhliða hinni almennu úttekt hefur A.P. Appledore einnig unnið að sérverkefnum fyrir einstök fyrirtæki í skipasmíðaiðnaði hér á landi.

Þingsályktun frá 6. maí 1989.

Um bætta samkeppnisstöðu innlends skipaiðnaðar.

Alþingi samþykkti þann 6. maí sl. eftirfarandi þingsályktunartillögu:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita allra leiða til að efla og bæta samkeppnisstöðu innlends skipaiðnaðar til að sporna við því að verkefni fari úr landi."

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni „... er því beint til stjórnvalda að þau geri nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að íslenskur skipaiðnaður geti keppt á jafnréttisgrundvelli við þær þjóðir sem í æ ríkara mæli taka að sér íslensk skipaiðnaðarverkefni og skapað fjölda manns atvinnu".

Skipaiðnaðarnefnd.

Skipun nefndar.

Eins og áður er greint frá var á fyrri hluta ársins ljóst að samdráttur væri fram undan í íslenskum skipaiðnaði en þó einkum á næsta ári. Með hliðsjón af þessu og í framhaldi af samþykkt ofangreindrar þingsályktunar skipaði iðnaðarráðherra nefnd um málið.

Nefndin var skipuð 19. júlí 1989 en í skipunarbréfinu segir:

„Iðnaðarráðherra hefur ákveðið að skipa nefnd til að fjalla um og fylgja eftir málefnum skipaiðnaðarins í framhaldi af skýrslu A.P. Appledore um „Athugun á íslenska skipasmíða- og skipaviðgerðaiðnaðinum með tilliti til stefnumörkunar".

Nefndin skal vera til ráðgjafar og fylgjast með framkvæmd tillagna og ábendinga sem fram koma í skýrslunni.

Þá skal nefndin fylgjast með framkvæmd annarra tillagna og aðgerða til eflingar skipaiðnaðinum svo sem markaðssókn erlendis og útgáfu kynningarrits til dreifingar innan lands og utan.

Í nefndina voru skipaðir: Páll Flygenring frá iðnaðarráðuneyti, formaður, Þorleifur Jónsson frá Félagi dráttarbrauta og skipasmiðja, Sigurður G. Ringsted frá Félagi dráttarbrauta og skipasmiðja, Örn Friðriksson frá Málm- og skipasmiðasambandi Íslands, Baldur Pétursson frá iðnaðarráðuneyti, starfar auk þess með nefndinni.

Markaðsátak.

Í maí 1989 var hrundið af stað markaðsátaki í skipanýsmíði og skipaviðgerðum í samvinnu við Landssamband iðnaðarmanna, Landssamband íslenskra útvegsmanna og fleiri aðila.

Þessi vinna er í samræmi við niðurstöður Appledore-skýrslunnar og framangreindrar þingsályktunar um bætta samkeppnisstöðu skipaiðnaðarins.

Fyrstu skref átaksins er útgáfa á kynningarriti um íslenskan skipaiðnað. Bæklingur þessi kom út í síðasta mánuði bæði á íslensku og ensku þar sem hann er ætlaður til dreifingar bæði

innan lands og erlendis. Honum hefur nú þegar verið dreift til íslenskra útgerðaraðila og dreifing erlendis til ákveðinna markhópa er fram undan. Íslenska bæklingnum verður dreift með þessari skýrslu til alþingismanna.

Skipaiðnaðarnefnd leggur til að næsta skref í markaðsátaki verði frekari kynning erlendis á íslenskum skipasmíðastöðvum og öðrum þeim fyrirtækjum sem framleiða vörur og tæki til sjávarúvegs. Það gæti gerst með því móti að útbúið væri heildartilboð í fiskiskip fullbúið til veiða í norðanverðu Atlantshafi og e.t.v. annað tilboð í skip fyrir veiðar í suðlægum höfum. Að slíku heildartilboði stæðu sem flestar af stærri stöðvunum hérlendis, svo og þeir sem framleiða vörur og tæki til sjávarútvegs. Til þess að hrinda slíku átaki í framkvæmd þarf að ráða mann með tækniþekkingu á skipasmíðum og tækjum til sjávarútvegs. Sá sem til þess yrði ráðinn þarf að vera óháður framleiðendum en hafa hæfileika til þess að laða þá til samvinnu um þetta markaðsátak. Eðlilegt er að forusta átaksins væri í höndum Sambands málm- og skipasmiðja. Áætla má að slíkt átak gæti kostað 10–12 m.kr. Brýnt er að það hefjist fljótlega á næsta ári og er það tillaga nefndarinnar að ríkisstjórnin leggi fram 8 m.kr. til þessa verkefnis gegn mótframlagi frá Sambandi málm- og skipasmiðja og Iðnlánasjóði.

Næstu skref í markaðsátaki verða mótuð af skipaiðnaðarnefnd.

Tillögur nefndarinnar.

Nefndin hefur lagt nokkrar tillögur fyrir iðnaðarráðherra í formi minnisblaða. Nefndin hefur haft það vinnulag að fjalla um einstakar tillögur og kynna þær ráðherra jafnóðum. Eru fimm minnisblöð prentuð sem fylgiskjöl með þessari skýrslu. Nefndin mun starfa áfram að tillögugerð með þessum hætti og eru nú til meðferðar hjá nefndinni ýmsar tillögur sem fram voru settar í Appledore-skýrslunni, svo og þær hugmyndir sem iðnaðarráðherra hefur lagt fyrir ríkisstjórn og greint verður frá síðar.

Slippstöðvarstarfshópur.

Sala á raðsmíðatogara.

Í byrjun október sl. skipaði iðnaðarráðherra starfshóp til að aðstoða Slippstöðina við sölu á raðsmíðatogara sem þar hafði lengi verið í smíðum án þess að sala væri tryggð. Í starfshópinn voru tilnefnd: Páll Flygenring frá iðnaðarráðuneyti, Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti, og Svanfríður Jónasdóttir frá fjármálaráðuneyti.

Nýlega tókst Slippstöðinni að selja skipið til fyrirtækisins Meleyri á Hvammstanga með því skilyrði að notuð skip væru tekin sem greiðsla upp í. Annað þeirra er trébátur sem verður úreltur en hitt skipið hyggst Slippstöðin endurbyggja. Leyfa þarf flutning á kvóta yfir á hið nýja skip, tryggja þarf að leyfi fáist til sölu á hinu notaða skipi eftir endurbyggingu þess og ýmis önnur atriði þarf starfshópurinn að aðstoða við að skjótt takist að leysa. Eru góðar horfur á að öll þessi mál leysist á farsælan hátt.

Tillögur iðnaðarráðherra.

Bréf til lánastofnana og fjárfestingarsjóða.

Viðskiptaráðherra ritaði þann 14. júlí sl. öllum bönkum, sparisjóðum og fjárfestingarlánasjóðum bréf þar sem í upphafi var vitnað í nýsamþykkta þingsályktun um bætta samkeppnisstöðu innlends skipaiðnaðar.

Þá segir í bréfinu:

„Í nefndaráliti atvinnumálanefnda sameinaðs þings um tillöguna kemur fram að hún væntir þess að eftirtalin atriði verði höfð í huga við framkvæmd þingsályktunarinnar:

1. Ríkisstjórnin reyni að tryggja að útvegsmenn og opinberir sjóðir semji ekki um nýsmíði skipa eða viðhaldsverkefni án undangengins útboðs þar sem innlendir aðilar keppa á jafnréttisgrundvelli við erlendan skipaiðnað, m.a. hvað snertir meðferð tilboða og fjármagnsfyrirgreiðslu.
2. Tilboð verði metin á viðskiptalegum grundvelli áður en lánveitingar eru ákveðnar.
3. Settar verði staðlaðar reglur um útboð, veðskilmála og tilboð í skipaiðnaðarverkefni.
4. Ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að bankar veiti sambærilegar ábyrgðir vegna skipaiðnaðarverkefna innan lands og veittar eru þegar verkefni eru unnin erlendis.

Viðskiptaráðherra hefur lýst því yfir að hann vilji beita sér fyrir því að jafn aðgangur verði að fjármagni hvort sem skipaiðnaðarverkefni eru unnin hér á landi eða erlendis og hafa í framhaldi af því verið heimilaðar erlendar lántökur í þessu skyni eftir því sem þörf hefur verið á. Varðandi ábyrgðir hefur hann bent á að óeðlilegt sé að innlendir aðilar, sem verið hafa í traustum viðskiptasamböndum, geri kröfur um bankaábyrgðir, en hins vegar verði að leggja áherslu á að bankar og fjárfestingarsjóðir mismuni ekki viðskiptavinum sínum eftir því hvort verkefni eru unnin innan lands eða utan.

Þess er hér með farið á leit við yður að þér gerið allt, sem í yðar valdi stendur, til þess að stuðla að því að skipaiðnaðarverkefni fyrir íslenska útgerðaraðila fari ekki úr landi."

Þá ritaði viðskiptaráðherra bankaráðum allra bankanna og stjórn Sambands íslenskra sparisjóða bréf 27. nóv. sl. þar sem vitnað er í ofangreint bréf frá 14. júlí og m.a. minnt á það atriði í nefndaráliti atvinnumálanefndar sameinaðs þings að „ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að bankar veiti sambærilegar ábyrgðir vegna skipaiðnaðarverkefna innan lands og veittar eru þegar verkefni eru unnin erlendis."

Í þessu síðara bréfi segir m.a.:

„Í framangreindu bréfi, þ.e. bréfinu frá 14. júlí, var m.a. getið þeirrar yfirlýsingar minnar að „óeðlilegt sé að innlendir aðilar, sem verið hafa í traustum viðskiptasamböndum, geri kröfur um bankaábyrgðir, en hins vegar verði að leggja áherslu á að bankar og fjárfestingarsjóðir mismuni ekki viðskiptavinum sínum eftir því hvort verkefni eru unnin innan lands eða utan."

Að gefnu tilefni skulu þessi orð nú ítrekuð og þess er hér með farið á leit við bankaráð að þau gæti þess að eigi sé stuðlað að því að skipaiðnaðarverkefni fyrir íslenska aðila fari úr landi vegna mismunar í fyrirgreiðslu bankanna varðandi ábyrgðir eftir því hvort verkefnin eru unnin af innlendum eða erlendum fyrirtækjum. Skal í því efni vitnað til 5. mgr. 21. gr. viðskiptabankalaga eins og þeim var breytt með lögum nr. 32 12. maí 1989, en þar segir m.a. að bankaráð setji almennar reglur um ábyrgðir banka."

Minnisblað til ríkisstjórnarinnar.

Iðnaðarráðherra lagði ítarlegt minnisblað fyrir ríkisstjórnina 24. nóv. sl. um „Ráðstafanir vegna innlends skipasmíðaiðnaðar" þar sem greint var frá undirbúningi ráðstafana sem unnið er að á vegum iðnaðarráðuneytisins sem grípa mætti til í því skyni að styrkja samkeppnishæfni íslenskra skipasmíðastöðva. Greint var frá að þeirri vinnu hafi verið hraðað á undanförnum vikum vegna þeirra erfiðleika sem við blasa í skipaiðnaði með minnkandi verkefnum í nýsmíði og endurbótum á næstunni.

Þá segir í minnisblaðinu að meðal almennra ráðstafana, sem til greina koma til að styrkja stöðu innlends skipaiðnaðar, séu eftirfarandi:

1. Lánafyrirgreiðsla vegna verkefna hjá innlendum skipasmíðastöðvum verði bætt meðal annars með breytingum á lánareglum Fiskveiðasjóðs Íslands.
2. Leitast verði við að tryggja að lánastofnanir veiti sams konar ábyrgðir vegna verkefna hjá innlendum skipasmíðastöðvum og þær veita vegna verkefna erlendis.
3. Reglum um skipti á notuðum og endurbyggðum skipum verði breytt þannig að innlendum skipasmíðastöðvum verði gert kleift að taka notuð skip upp í kaupin á endurbyggðum skipum.
4. Stjórnvöld beiti sér fyrir því að Landssamband íslenskra útvegsmanna og Samband málm- og skipasmiðja komist að samkomulagi um samræmingu á tilhögun útboða og verksamninga. Fiskveiðasjóði verði falið að framfylgja útboðsreglum við lánveitingar úr sjóðnum.
5. Iðnaðarráðuneyti tilnefni fulltrúa fyrir skipaiðnaðinn í stjórn Fiskveiðasjóðs.
6. Iðnaðarráðuneytið í samvinnu við samtök fyrirtækja í greininni stuðli að samstarfi skipasmíðastöðva um tiltekin stór verkefni.
7. Nýsmíða- og viðgerðarverkefnum opinberra aðila verði flýtt og beint til innlendra skipasmíðastöðva eftir því sem kostur er.
8. Iðnaðarráðuneyti í samvinnu við fyrirtæki í greininni og lánasjóði beiti sér fyrir kynningar- og markaðsátaki fyrir skipasmíðaiðnaðinn jafnt innan lands sem erlendis, m.a. með dreifingu á sérstökum nýútkomnum kynningarbæklingi.
9. Skipasmíðastöðvum verði veitt aðstoð við verkefnaleit erlendis og til þess veitt sérstaklega fé.
10. Heimildir erlendra fiskiskipa til að sækja þjónustu til innlendra aðila verði rýmkaðar.

Tillögur í ríkisstjórn.

Í framhaldi af minnisblaði til ríkisstjórnarinnar frá 24. nóv. sl. lagði iðnaðarráðherra 15. des. sl. eftirfarandi tillögu til ákvörðunar fyrir ríkisstjórnina:

1. Ríkisstjórnin leggi fram 8 m.kr. til sérstaks markaðsátaks erlendis sem felist í því að útbúa heildarsölutilboð í fullbúin fiskiskip.
   Tillaga þessi er nánar reifuð í skýrslunni í kaflanum **Markaðsátak**.
2. Munur á lánahlutfalli til nýsmíði skipa verði aukinn eftir því hvort þau eru smíðuð innan lands eða erlendis sem verði hvati til að skip verði smíðuð innan lands. Gerð er grein fyrir þessari tillögu í minniblaði nr. 4 frá skipaiðnaðarnefnd sem er fylgiskjal með skýrslunni.
3. Ríkisstjórnin stuðli að átaki til hagræðingar og framleiðniaukningar í skipasmíðastöðvum með því að leggja fram 30 m.kr. hvort ár á næstu tveimur árum gegn jafnháu framlagi frá sjóðum og fyrirtækjum. Gerð er grein fyrir þessari tillögu í minnisblaði nr. 5 frá skipaiðnaðarnefnd sem er fylgiskjal með skýrslunni.

Iðnaðarráðherra ráðgerir að flytja tillögu til þingsályktunar um málefni skipaiðnaðarins að loknu þinghléi eftir áramót. Samþykki Alþingi tillöguna er gert ráð fyrir að nauðsynleg fjárframlög fáist vegna þátttöku iðnaðarráðuneytisins í framleiðni- og markaðsátaki fyrir skipaiðnaðinn í fjáraukalögum 1990. Þetta mál hefur verið kynnt fjárveitinganefnd en kom því miður of seint fram til að fá afgreiðslu með fjárlögum 1990.

Flýting á verkefnum fyrir opinbera aðila.

Viðgerð á rannsóknarskipinu Árna Friðrikssyni.

Nýlega fór fram útboð á viðgerð og endurbótum á rannsóknarskipinu Árna Friðrikssyni og bárust eftirtalin tilboð:

		Innlend tilboð M.kr.	Erlend tilboð M.kr.
1	Pólland		43,29
2	England, Appledore		52,71
3	Þorgeir og Ellert	56,52	
4	Stál, Seyðisfirði	57,42	
5	Slippstöðin	57,62	
6	Stálsmiðjan	59,20	
7	Noregur, Flekkefjord		61,30
8	Njarðvík	63,06	
9	Héðinn, Garðabæ	64,90	
10	Danmörk, Karstensen		70,00
11	Danmörk, Alkab		70,40
12	Danmörk, Morsö		75,70
13	England, Tyne Dock		75,70
14	Danmörk, Raum Byberg		80,60
15	Holland, Swev		83,91
16	England, Ritchard		111,00
	Meðaltal	59,80	72,46

Að meðaltali eru erlendu tilboðin 21,2 % hærri en þau íslensku.

Hæsta tilboðið er 96,4 % hærri en lægsta íslenska tilboðið.

Lægsta tilboðið er 23,4 % lægra en lægsta íslenska tilboðið.

Í minnisblaði til ríkisstjórnarinnar dags. 21. nóv. 1989 um að viðgerð á Árna Friðrikssyni verði framkvæmd hér á landi. Í tillögunni segir m.a.:

„Fyrirsjáanlegur verkefnaskortur er í íslenskum skipasmíðaiðnaði á næstu missirum og hefur fjölda starfsmanna skipasmíðastöðva verið sagt upp störfum. Hætta er á því að umtalsvert atvinnuleysi verði í þessari grein ef svo fer sem horfir og jafnframt gæti mikilvæg verkþekking glatast.

Ég hef beðið Þjóðhagsstofnun að áætla hversu stór hluti af greiðslum til íslenskra skipasmíðastöðva félli aftur til ríkissjóðs, bæjarsjóða eða annarra opinberra aðila í formi skatta, tolla, útsvara eða annarra opinberra gjalda ef svo færi að verkið yrði unnið hér á landi og hversu mikið gæti sparast í greiðslum atvinnuleysisbóta.

Í hjálögðu svari Þjóðhagsstofnunar kemur fram að hér er um að ræða fjárhæð sem gæti numið allt að 12–13 milljónum króna. Þessi niðurstaða er þó mjög háð því hversu margir starfsmanna skipasmíðastöðvarinnar, sem fengi þetta verkefni, yrðu að öðrum kosti atvinnulausir um skeið. Ef helmingur þeirra yrði atvinnulaus en hinn helmingurinn fyndi sér annan starfa lækkar þessi fjárhæð í 6–7 milljónir króna.

Vegna hins alvarlega ástands, sem nú er í atvinnumálum víða um land, er allt eins líklegt að það fólk, sem nú hefur verið sagt um störfum í skipasmíðastöðvum, ætti í erfiðleikum með að finna sér önnur störf. Því virðist sem beint og óbeint tekjutap hins opinbera af því að umrætt viðgerðarverkefni fari til útlanda gæti orðið af svipaðri stærðargráðu og munurinn sem virðist vera á erlenda og innlendu tilboðunum í viðgerðirnar á Árna Friðrikssyni. Hér þarf einnig að hafa í huga ýmsan ófyrirséðan kostnað sem jafnan virðist fylgja verkefnum af þessu tagi erlendis."

Í framhaldi af þessu ákvað ríkisstjórnin að endurbætur á Árna Friðrikssyni skyldu fara fram innan lands. Eru allar horfur á að það verk verði unnið í skipasmíðastöð Þorgeirs og Ellerts á Akranesi.

Smíði á mælingaskipi fyrir Landhelgisgæsluna.

Þá hefur útboð á mælingaskipi Landhelgisgæslunnar farið fram. Allmörg tilboð bárust og hefur forstjóra Landhelgisgæslunnar verið falið að hefja samninga við Vélsmiðju Seyðisfjarðar og að skipið verði smíðað þar.

Fylgiskjal I.

Blaðsíður 4, 5, 6 og 7 úr Appledore-skýrslunni: Samandregnar niðurstöður.
Tillögur Appledore um aðgerðir af hálfu ríkisstjórnarinnar.
Tillögur Appledore um aðgerðir af hálfu Félags dráttarbarauta og skipasmiðja.

Fylgiskjal II.

Stöplarit og línurit yfir hlutdeild innlendra og erlendra skipasmíðastöðva í viðgerðum og nýsmíðum, svo og töflur um sama efni.

Fylgiskjal III.

Minnisblöð skipaiðnaðarnefndar nr. 1, 2, 3, 4 og 5 til iðnaðarráðherra.

2: SAMANDREGNAR NIÐURSTÖÐUR. **Fylgiskjal I.**

Rannsókn Appledore á íslenska skipasmíða- og skipaviðgerðaiðnaðinum leiddi í ljós að:

- Íslenski skipasmíða- og skipaviðgerðaiðnaðurinn hefur forskot í togarahönnun og fiskveiðitækni, s.s. fiskvinnslu og frystingu um borð.

- Skipasmíða- og skipaviðgerðaiðnaðurinn sér sjávarútveginum fyrir mikilvægri þjónustu, en sjávarútvegur er megin undirstaða efnahagskerfis Íslands.

- Bent er á, að hrinda þurfi í framkvæmd stefnu fyrir skipasmíða- og skipaviðgerðageirann, annars gæti það haft áhrif á undirstöðu fiskiðnaðarins.

- Gæði íslenskra skipasmíða og skipaviðgerða eru góð en samt sem áður ætti að gera átak í að auka framleiðni.

- Íslenskar skipasmiðjur njóta ekki opinberra styrkja. Styrkir sem erlendar skipasmíðastöðvar bjóða valda því, að þörf fyrir nýsmíðar er nú að mestu leyti fullnægt erlendis.

- Iðnaðurinn líður nú vegna umframafkastagetu þar sem of margar stöðvar eltast við vinnu þá sem fyrir hendi er. Spár gefa til kynna að eftir skammvinna lægð í starfsemi á næstu þremur árum gæti eftirspurn aukist aftur.

- Margar skipasmíðastöðvar eru nú reknar með tapi vegna skorts á verkefnum og óstöðugleika í íslensku efnahagslífi.

- Íslenskar skipasmíðastöðvar hafa verri samkeppnisstöðu vegna kostnaðar við að flytja inn hráefni og tæki erlendis frá.

- Vegna hinna háu launa sem tíðkast í Bandaríkjunum og Kanada gætu verið tækifæri fyrir íslenskar skipasmíðastöðvar til að komast inn á þennan alþjóðamarkað. Ein íslensk skipasmíðastöð hefur þegar tekið að sér vinnu við togarabreytingu fyrir kanadíska aðila.

Með hliðsjón af ofangreindu yfirliti um iðnaðinn voru áhrif fjögurra stefnumarkandi möguleika athuguð:

- að hætta skipasmíðum
- þjóðnýting
- styrkir.
- bætt famleiðni og hagræðing

Sú leið sem valin var og talin best hæfa iðnaðinum, fiskveiðum og íslensku hagkerfi í heild var markaðsþróun, bætt framleiðni og hagræðing. Það athugist, að hagræðing þarf ekki að vera til frambúðar og gæti falið í sér tímabundna "geymslu" (stöðvun/lokun) aðstöðu þar til markaðurinn glæðist. Aðaltillögur Appledore til ríkisstjórnarinnar og Félags dráttarbrauta og skipasmiðja með hliðsjón af þeirri leið sem álitlegust er talin eru settar fram í töflum 2.1. og 2.2.

TAFLA 2.1

TILLÖGUR APA UM AÐGERÐIR AF HÁLFU RÍKISSTJÓRNARINNAR

Það sem ekki á að gera	Það sem gera á
Til langs tíma litið á ekki að veita styrki, þ.e. innleiða ekki styrkjakerfi í iðnaðinn til frambúðar.	Marka stefnu fyrir iðnaðinn.
Taka á sig tap iðnaðarins.	Íhuga að útvega niðurgreiðslur í skamman tíma til að aðstoða við hagræðingu í iðnaðinum.
Varpið ekki vanda skipaiðnaðarins yfir á sjávarútveginn.	Viðurkenna að skipasmíða- og skipaviðgerðaiðnaðurinn gegnir stóru verki innan undirstöðu sjávarútvegsins.
Gera þau mistök að viðhalda umframafkastagetu.	Aðstoða við mótun nákvæmrar markaðsþróunaráætlunar, áætlunar um bætta framleiðni og hagræðingu.
Auka kvóta skipa smíðaðra á Íslandi.	Skipa nefnd til að marka ákveðna stefnu.
Leyfa frekari aukningu aðstöðu í á meðan núverandi ástand varir.	Útvega fjármagnsaðstoð til endurskipulagningar.
Vanmeta þá staðreynd að eftirspurn eftir nýsmíðum hefur verið metin á grundvelli eftirspurnar sem kemur til af kvótakerfi. Með hliðsjón af 30% umframafkastagetu fiskveiðiflotans gæti eftirspurn eftir nýsmíði íslenskra aðila minnkað verulega ef ríkisstjórnin minnkaði stærð flotans í það sem þörfin segir í raun til um.	Útvega fjárhagsaðstoð fyrir markaðsþróun, framleiðniaukningu og endurþjálfun.
	Íhuga að auka lánsfjármagn í 80% af heildar kostnaði við nýsmíðar innanlands.
Vanmeta margföldunaráhrif í efnahagskerfinu. Heildarfjöldi starfa í hættu er töluvert meiri en þau sem lúta beint að starfsemi Félags dráttarbrauta og skipasmiðja.	Íhuga að setja fulltrúa frá skipasmíða/skipaviðgerðaiðnaðinum í stjórn Fiskveiðasjóðs.
	Leyfa 100% bankatryggingar fyrir nýsmíðar hérlendis.
	Íhuga að flýta fyrirhuguðum pöntunum á nýsmíðum til að minnka núverandi skort á eftirspurn.
	Hvetja til sameiningar sem leiðar til hagræðingar.
	Íhuga leiðir til að draga úr afkastagetu á Faxaflóasvæðinu.
	Útvega styrki til að flytja tæki og búnað til helstu valinna skipasmíðamiðstöðva (kjarna).

TAFLA 2.2

TILLÖGUR APA UM AÐGERÐIR AF HÁLFU FDS.

Það sem ekki á að gera	Það sem gera á
Leyfa áhrifamætti athugunarinnar að minnka. Það er mikilvægt að FDS og ríkisstjórnin marki stefnu fyrir iðnaðinn og að Alþingi geri sér grein fyrir vandamálum iðnaðarins.	Aðstoðið ríkisstjórnina við að móta stefnu fyrir iðnaðinn. Aukið samskiptin milli aðila innan FDS, þetta skiptir miklu máli núna.
Byggja beiðni um aðstoð eingöngu á efnahagslegri stöðu skipasmíða- og skipaviðgerðaiðnaðarins. Leggið áherslu á hina víðtækari þýðingu fyrir íslensk efnahagslíf og vinnuna sem iðnaðurinn skapar.	Skipið nefnd til að marka stefnu. Ákveðið eðlilega stærð og uppbyggingu iðnaðarins og þróið nákvæma markaðs-, framleiðni- og hagræðingaráætlun.
Fjárfesta mikið í nýjum vélum sem leið til að auka framleiðni. Mikil aukning í framleiðni gæti náðst með því að gefa meiri gaum að áætlanagerð áður en framleiðsla er hafin og með því að taka upp bættar framleiðsluaðferðir með umtalsvert minni kostnaði.	Biðjið um fjárhagsaðstoð frá ríkisstjórninni til endurskipulagningar og framleiðniaukningar. Takið upp sókndjarfari markaðssetningu. Leggið áherslu á að ná aftur fyrri markaðshlutdeild. Hvetjið til sameiningar stöðva til að auka hagræðingu. Íhugið hugmyndir um að koma á fót fáum stórum skipasmíðakjörnum og beina verkefnum til þeirra. Hvetja til markaðsátaks til að komast inn á fiskiskipamarkað í Bandaríkjunum og Kanada. Biðjið ríkisstjórnina að íhuga að flýta fyrirhuguðum nýsmíðum.

Fylgiskjal II.

ÞRÓUN Á NÝSMÍÐUM OG ENDURBÓTUM SAMTALS, INNANLANDS OG ERLENDIS 1986 – 1990 (í millj. kr. á verðlagi 1988)



Heimild: Þjóðhagsstofnun, 1989 og 1990 = áætlun

ÞRÓUN Á NÝSMÍÐUM OG ENDURBÓTUM SAMTALS, INNANLANDS OG ERLENDIS 1987 – 1990 (BREYTING Í % FRÁ FYRRA ÁRI)



Heimild: Þjóðhagsstofnun, 1989 og 1990 = áætlun

SAMANBURÐUR Á ENDURBÓTUM OG NÝSMÍÐUM SAMTALS, INNANLANDS OG ERLENDIS 1986 – 1990
(í millj. kr. á verðlagi 1988)



Heimild: Þjóðhagsstofnun, 1989 og 1990 = áætlun

SAMANBURÐUR Á ENDURBÓTUM OG NÝSMÍÐUM INNANLANDS OG ERLENDIS 1987 – 1990
(BREYTING Í % FRÁ FYRRA ÁRI)



Heimild: Þjóðhagsstofnun, 1989 og 1990 = áætlun

SAMANBURÐUR Á ENDURBÓTUM OG NÝSMÍÐUM SAMTALS, INNANLANDS OG ERLENDIS 1986 – 1990
(í millj. kr. á verðlagi 1988)



Heimild: Þjóðhagsstofnun, 1989 og 1990 = áætlun

SAMANBURÐUR Á ENDURBÓTUM OG NÝSMÍÐUM SAMTALS, INNANLANDS OG ERLENDIS 1987 – 1990
(BREYTING Í % FRÁ FYRRA ÁRI)



Heimild: Þjóðhagsstofnun, 1989 og 1990 = áætlun

SAMANBURÐUR Á ENDURBÓTUM INNANLANDS OG ERLENDIS 1986 – 1990 (í millj. kr. á verðlagi 1988)



Heimild: Þjóðhagsstofnun, 1989 og 1990 = áætlun

SAMANBURÐUR Á ENDURBÓTUM INNANLANDS OG ERLENDIS 1987 – 1990 (BREYTING Í % FRÁ FYRRA ÁRI)



Heimild: Þjóðhagsstofnun, 1989 og 1990 = áætlun



Heimild: Þjóðhagsstofnun, 1989 og 1990 = áætlun



Heimild: Þjóðhagsstofnun, 1989 og 1990 = áætlun

MARKAÐSHLUTDEILD INNLENDRA OG ERLENDRA AÐILA
Í ENDURBÓTUM 1986 – 1990



Heimild: Þjóðhagsstofnun, 1989 og 1990 = áætlun

MARKAÐSHLUTDEILD INNLENDRA OG ERLENDRA AÐILA
Í NÝSMÍÐUM 1986 – 1990



Heimild: Þjóðhagsstofnun, 1989 og 1990 = áætlun

1. nóv. 1989

YFIRLIT YFIR ÞRÓUN Á NÝSMÍÐI OG ENDURBÓTUM
FISKISKPPA 1986 - 1989
(Í endurbótum er ekki tekið með hefðbundið viðhald)
Í milljónum króna á verðlagi 1988

	1986	1987	1988	1989	1990
NÝSMÍÐI					
Innanlands.....	520	620	830	500	280
Aukning frá fyrra ári í %.....		19%	34%	-40%	-44%
Markaðshlutd.....	58%	25%	24%	21%	35%
Erlendis.....	380	1885	2600	1920	530
Aukning frá fyrra ári í %.....		396%	38%	-26%	-72%
Markaðshlutd.....	42%	75%	76%	79%	65%
SAMTALS NÝSMÍÐI.....	900	2505	3430	2420	810
Aukning frá fyrra ári í %.....		178%	37%	-29%	-67%
Hlutdeild nýsmíði af nýsmíði og endurb. samtals:.....	25%	51%	58%	70%	57%
ENDURBÆTUR (Ekki hefðbundið viðhald)					
Innanlands.....	1450	1160	1300	760	420
Aukning frá fyrra ári í %.....		-20%	12%	-42%	-45%
Markaðshlutd.....	55%	48%	53%	74%	68%
Erlendis.....	1200	1275	1170	270	200
Aukning frá fyrra ári í %.....		6%	-8%	-77%	-26%
Markaðshlutd.....	45%	52%	47%	26%	32%
SAMTALS ENDURBÆTUR..	2650	2435	2470	1030	620
Aukning frá fyrra ári í %.....		-8%	1%	-58%	-40%
Hlutdeild endurbóta af nýsmíði og endurb. samtals:.....	75%	49%	42%	30%	43%
ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI SAMTALS:.....	3550	4940	5900	3450	1430
Aukning frá fyrra ári í %.....		39%	19%	-42%	-59%

Heimild: Þjóðhagsstofnun
Tekið skal fram að tölur fyrir 89 og 90 eru byggðar á áætlunum.

Fylgiskjal III.

2. nóvember 1989

Minnisblað nr. 1

Til: Iðnaðarráðherra
Frá: Skipaiðnaðarnefnd

Skipaiðnaðarnefndin hefur á undanförnum fundum sínum fjallað um tillögur þær sem fram eru settar í skýrslu A.P. Appledore um hugsanlegar aðgerðir af hálfu opinberra aðila til eflingar skipaiðnaðinum. Nefndin áformar að hafa það vinnulag að fjalla um einstakar tillögur og kynna þær ráðherra jafnóðum.

Í þessu fyrsta minnisblaði er sett fram hugmynd að breyttu fyrirkomulagi á endursmíði notaðra skipa og úreldingu þeirra er lökust eru.

I. Lýsing á því fyrirkomulagi sem nú eru í framkvæmd:

Samkvæmt núgildandi reglum fæst heimild til að kaupa nýtt fiskiskip aðeins ef notað fiskiskip er tekið úr rekstri og varanlega af skipaskrá. Nýja skipið má vera nokkuð stærra en það gamla skv. formúlu þar um. (Stækka má um 25-60%). Ennfremur er heimilt að stækka gömul skip. Meining með heimild til stækkunar skipa er sú að búa þarf betur að áhöfn og auka rými fyrir aflameðhöndlun.

Erlendar skipasmíðastöðvar hafa margar hverjar, auk þess að vera styrktar af opinberu fé, tekið gömul fiskiskip sem greiðslu inn á nýsmíði.

Einn aðal galli núverandi kerfis er sá að ef skipasmíðastöð hér á landi byggir nýtt skip þá er nánast ókleyft að taka eldra skip upp í sem greiðslu, eins og stöðvar erlendis gera, þar sem eldra skip eða skip jafnstórt skal skilyrðislaust af skipaskrá áður en lán frá Fiskveiðasjóði eru afgreidd til hins nýja skips. Þetta veldur því að skipasmíðastöðin situr að öllum líkindum uppi með gamla skipið.

Taki skipasmíðastöð gamalt skip upp í, í staðinn fyrir nýsmíði stendur hún eins og reglur eru nú frammi fyrir þrem valkostum:

1. Skipasmíðastöðin þarf að losna við eldra skipið úr landi áður en lán Fiskveiðasjóðs í hið nýja skip er afgreitt. Verð á gömlum skipum erlendis er auk þess oft verulega lágt.

2. Mögulegt er að selja "uppítökuskip" vegna nýsmíði aftur innanlands án nokkurra endurbóta gegn því að annað jafnstórt skip sé tekið uppí. Skipasmíðastöðin stendur jafnt uppi með það skip og hið fyrra.

3. Skipasmíðastöðin getur endurbætt og jafnvel stækkað "uppítökuskip" og selt það aftur innanlands, en þá skal jafnstórt skip og hið endurnýjaða skip var fyrir endurnýjun fara af skipaskrá. Samkvæmt liðum 2 - 3 situr því skipasmíðastöðin alltaf uppi með skip sömu stærðar.

Ef skipasmíðastöðin endurbyggir skipið án stækkunar, er henni óheimilt að taka minna skip upp í og nýta sér hinar almennu stækkunarreglur á þann hátt.

II. Hverju þarf að breyta?

Skapa þarf möguleika á því að íslenskar skipasmíðastöðvar geti tekið minna skip í stað þeirra sem eru endurnýjuð. Með því opnast leið fyrir útgerðir að stækka og endurnýja án þess að fara út í nýsmíði, eða stækkun á fyrri skipum.

Þessi leið myndi tvímælalaust ná mun betur því markmiði að afkastageta flotans aukist ekki við endurnýjun á sama hátt og nú gerist með nýsmíðar. Hinsvegar er ljóst er að núgildandi stækkunarreglur hafa leitt til afkastaaukningar flotans.

Endurnýjun eins og hér er nefnd gæti leitt til þess að einungis allra lökustu skipin færi úr rekstri (sem hlýtur að vera markmið) þannig að úreldingasjóður kæmist af með minna fjármagn, eða gæti úrelt fleiri skip. Slík endurnýjun getur líka aukið gæði og endingu eldri hluta flotans með því að auka möguleika útgerðarinnar að endurnýja. Núverandi fyrirkomulag býður upp á að flotinn verði samsettur af nýjum skipum í annan endann og gömlum vanbúnum skipum í hinn endann. Enda er það yfirleitt betur stæðu útgerðirnar sem ráðast í nýsmíði og úrelda þá kannski "of gott" skip meðan verr settar útgerðir sitja eftir þar sem þær hafa ekki bolmagn til að endurnýja með nýju skipi en gætu hugsanlega endurnýjað með endurbyggðu skipi og ættu þá að hafa sama möguleika til stækkunar vegna aðbúnaðar og aflameðhöndlunar og aðrir.

Núgildandi regla Fiskveiðasjóðs um stækkun ýtir því undir óeðlilega fjárfestingu í nýjum skipum eins og hún er nú, þegar hagkvæmara gæti allt eins verið að endurnýja einungis það gamla með lágmarks tilkostnaði. Endurbygging eldri skipa er hinsvegar það svið sem innlendar skipasmíðastöðvar eru mjög samkeppnishæfar m.a. vegna þess að endurbyggingar eru ekki niðurgreiddar erlendis í sama mæli og nýsmíðar.

Ef heimila á stækkun á fiskiskipum er rökrétt að eins reglur giltu þá bæði um endurnýjun á gömlum skipum eins og við nýsmíðar. Reglur ættu því tvímælalaust að þessu leiti að vera almennar en ekki sértækar um nýsmíði.

MINNISBLAÐ 2

22. nóv. 89

Til: iðnaðarráðherra
Frá: Skipaiðnaðarnefnd

Varðar: Endurskoðun á starfsreglum Fiskveiðasjóðs til aukinnar hagræðingar og sveigjanleika fyrir alla aðila.

Skipaiðnaðaenefnd mælir með að eftirfarandi breytingar verði gerðar á reglum Fiskveiðasjóðs til þess að auðvelda umsóknir um lán til nýsmíða og endurbóta.

I. Núverandi fyrirkomulag:

1. Sjóðurinn auglýsir einu sinni á ári eftir umsóknum, þ.e. í byrjun vetrar og skal þá sótt um vegna framkvæmda árið eftir. Þessar umsóknir eru síðan afgreiddar á fyrstu mánuðum næsta árs á eftir að umsókn er skilað inn. Þetta fyrirkomulag gildir hvort sem um er að ræða smærri eða stærri verkefni. Undantekningar geta þó verið þar á.

   Þetta fyrirkomulag veldur vandræðum hjá viðkomandi aðilum þar sem svo langur tími líður á milli umsókna og svara við þeim. Þannig geta aðilar beðið eftir afgreiðslu umsókna mánuðum saman og fengið hugsanlega nei. Þá þarf að sækja um á ný sem tæki sama tíma, þ.e. allt að ár. Þessi langi tími gerir alla áætlanagerð verulega erfiðari en þyrfti, jafnt fyrir útgerðir sem skipasmíðastöðvar, og getur valdið þessum aðilum verulegu tjóni. Þess skal auk þess getið að töf á afgreiðslu lána frá sjóðnum, getur valdið sambærilegum töfum á afgreiðslu lána frá Byggðastofnun í viðkomandi verkefni. Þessar vinnureglur Fiskveiðasjóðs stangast á við starfsvenjur annara fjárfestingalánasjóða.

2. Fiskveiðasjóður afgreiðir ekki lánsumsóknir nema samningur um verkið fylgi umsókninni. Verulegur kostnaður er þessu samfara þar sem hanna þarf verkið, bjóða það út, meta tilboð og semja við verktaka áður en svar fæst hjá sjóðnum, sem e.t.v. verður neikvætt! Umsóknaraðilar og tilbjóðendur þurfa því oft að kosta miklum fjármunum óháð svari sjóðsins. Þessar vinnureglur stangast einnig á við starfsvenjur annara fjárfestingalánasjóða.

III. Tillögur til úrbóta:

Eftirfarandi myndi bæta verulega samkeppnisstöðu íslenskra skipasmíðastöðva:

1. Fyrir íslenska nýsmíði eða endurbyggingu fari annað skip úr rekstri. Stækkunarreglan gildi eins og fyrir aðrar nýsmíðar.

2. Skipasmíðastöðin tekur gamla skipið sem greiðslu inn á nýsmíðina. Stöðin endurbyggir skipið að eigin mati eða í samráði við væntanlegan kaupanda.

3. Endurbyggða skipið er selt aftur innanlands og heldur sinni stöðu á skipaskrá gegn því að annað gamalt skip fari úr rekstri.

4. Stækkunarreglan gildi á sama hátt fyrir endurbyggða skipið og fyrir nýsmíðar, þannig að hægt verði að taka minna skip upp í, í stað þess endurbætta. Endurbyggð skip haldi stöðu sinni á skipaskrá.

5. Þetta sé hægt að endurtaka meðan kaupandi fæst að endurbyggðu skipi. Síðasta skipið fari af skipaskrá og í úreldingu.

IV. Hvað ávinnst?

1. Verkefni skapast við endurbyggingar.

2. Fleiri geta endurnýjað skip sín með endurbyggðu skipi í stað nýsmíði og fengið þannig betri aðstöðu fyrir áhöfn og fiskmeðhöndlun í hinu endurbyggða skipi.

3. Samkeppnisstaða íslenskra stöðva batnar verulega þar sem hægt er að bjóða útgerðum að taka gömul skip upp í ný eða endurbyggð.

4. Lökustu skipin fara fyrr úr rekstri.

5. Minni fjárþörf Úreldingarsjóðs.

6. Fjárfesting útgerða verður jafnari.

Tillögur til úrbóta:

1. Fiskveiðasjóður taki við umsóknum og afgreiði þær eftir því sem þær berast. Þetta er í samræmi við starfsvenjur annara fjárfestingalánasjóða.

2. Kostnaðar- og arðsemisáætlanir eiga að nægja sem upplýsingar fyrir sjóðinn til að hann geti tekið afstöðu í viðkomandi máli, í stað kostnaðrasamra útboða og verksamninga eins og nú er. Lán verði síðan innt af hendi þegar verksamningar liggja fyrir í samræmi við áðurnefndar kostnaðaráætlanir. Lánin verði afgreidd sem allra fyrst á verktímanum. Þetta er í samræmi við starfsvenjur annara fjárfestingalánasjóða.

3. Ennfremur er það gert að tillögu að Fiskveiðasjóður afgreiði ekki lán til nýsmíða og stórra verkefna erlendis, nema að útboð hafi jafnframt farið fram innanlands.

Megin atriði þessara breytinga er að koma starfsvenjum og reglum Fiskveiðasjóðs í sambærilegt horf og tíðkast hjá öllum öðrum fjárfestingalánasjóðum, enda eðli á starfsemi sjóðsins sambærilegt því sem gerist hjá öðrum fjárfestingalánasjóðum hér á landi.

Með þessum endurbótum á starfsvenjum og reglum Fiskveiðasjóðs skapaðist veruleg hagræðing fyrir alla aðila, án þess þó að það skerði á nokkurn hátt áreiðanleika eða öryggi í starfseminni. Um verulega fjárhagslegan ávinning gæti hinsvegar verið að ræða fyrir alla aðila málsins, ekki síst útgerðir og skipasmíðastöðvar auk Fiskveiðasjóðs sjálfs.

MINNISBLAÐ 3

22 nóv. 89

Til: iðnaðarráðherra
Frá: Skipaiðnaðarnefnd

Varðar: Bankaábyrgð vegna viðskipta útgerða og innlendra stöðva.

I. Helstu gallar núverandi kerfis:

Það hefur oft valdið erfiðleikum að undirbúningi fjármögnunar er ábótavant í viðskiptum útgerða og skipasmíðastöðva. Í lok hvers verks er gjarnan gengið frá uppgjöri með víxlum eða skuldabréfum. Oft lenda síðan þessir samningar í vanskilum með viðeigandi kostnaði og dráttarvöxtum. Þetta er verulegur kostnaður sem um síðir lendir á útgerðinni og hefur um leið í för með sér að óhóflega háar kröfur safnast upp hjá verktökum í skipasmíðaiðnaði. Ógerlegt er fyrir innlenda aðila að fá bankaábyrgð.

Þegar verk eru unnin erlendis virðist unnt að fá bankaábyrgð fyrir viðkomandi verki, þannig að hinn erlendi verktaki fær sína fjármuni fljótt og vel.

II. Tillögur til úrbóta:

Í viðskiptum útgerða og íslenskra skipasmíðastöðva þarf að vera möguleiki á bankaábyrgð til trygginga á greiðslu skuldbindinga. Um leið og það gerðist myndi viðskiptabanki viðkomandi útgerðar jafnframt því að ábyrgjast greiðslur geta séð hvort greiðsluáætlun er raunhæf. Kæmi í ljós að greiðsluáætlun væri óraunhæf myndi bankinn væntanlega gera athugasemd.

Á þennan hátt má gera þessi atriði hagkvæmari fyrir alla aðila málsins. Þetta ætti því að vera hagsmunamál útgerða ekki síður en skipasmíðastöðva.

MINNISBLAÐ 4

14.12.89

Til: iðnaðarráðherra
Frá: skipaiðnaðarnefnd

Varðar: Lánshlutfall til nýsmíði skipa eftir því hvort verk er unnið innanlands eða erlendis.

I. Núverandi fyrirkomulag.

Núverandi reglur Fiskveiðasjóðs kveða á um að til nýsmíða innanlands skal lánshlutfallið vera 65%, en til nýsmíða erlendis 60%. Byggðastofnun lánar ekki til nýsmíða.

Mikilvægt er að auka lánshlutfall í nýsmíði eftir því hvort verk eru unnin innanlands eða erlendis, til að bæta samkeppnisstöðu innlendra skipasmíðastöðva.

Þetta má gera á tvo vegu: Annars vegar með því að auka bil það sem er til þessara aðila í Fiskveiðasjóði eða hins vegar með því að gera Byggðastofnun kleift að sinna þessu hlutverki á svipaðan hátt og þegar um endurbyggingu skipa er að ræða.

II. Tillögur til úrbóta.

1. Auka bil á lánshlutfalli í Fiskveiðasjóði frá 5% eins og það er nú í 15%.

EÐA

2. að gera Byggðastofnun kleift að sinn þessu hlutverki á svipaðan hátt og þegar um endurbyggingu skipa er að ræða.

MINNISBLAÐ 5

14.12.89

Til: iðnaðarráðherra
Frá: skipaiðnaðarnefnd

Varðar: Átak til hagræðingar og framleiðniaukningar hjá skipasmíða- og skipaviðgerðastöðvum.

Í tillögum Appledore er lögð veruleg áhersla á að gert verði hagræðingarátak innan greinarinnar og hjá einstökum fyrirtækjum.

Í framhaldi af tillögum Appledore um aðstoð opinberra aðila við hagræðingarátak í greininni voru kannið þeir möguleikar sem til greina virtust koma í slíku hagræðingarátaki.

Nefndin leggur til að opinberir aðilar kosti hagræðingarverkefni 50% á móti sjóðum 25% og fyrirtækjum 25%. Þannig yrði t.d. unnið að hagræðingu í viðkomandi fyrirtæki þegar það fengi viðunandi verkefni þ.e. nægjanlega stórt, s.s. nýsmíði eða meiriháttar viðgerðir. Þannig mætti ná niður kostnaði með hagræðingu á meðan verk stæði yfir og fyrirtækið nyti þannig aukinnar hagræðingar.

Eftir að slíkt verkefni hefði verið framkvæmt á einum stað þá myndi það einnig nýtast öðrum fyrirtækjum.

Tillaga nefndarinnar:

Nauðsynlegt er að verkefnið verði unnið á árunum 1990 og 1991. Framlag opinberra aðila þarf að vera 30 milljónir hvort ár, gegn samsvarandi upphæð frá sjóðum og fyrirtækjum.

Tryggja þarf því fjármagn til verkefnisins, þannig að hægt verði að hefja skipulegan undirbúning sem fyrst.

Sþ. 458. Frumvarp til fjáraukalaga [100. mál]

fyrir árið 1989.

(Eftir 2. umr. í Sþ., 21. des.)

1. gr.

Áætlað er að eftirtaldar breytingar verði á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1989, sbr. 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1989:

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**3.033.000**
Beinir skattar	200.000	
Óbeinir skattar	1.352.000	
Fjármagnstekjur, vextir	1.365.000	
Aðrar tekjur	116.000	
Gjöld		**8.493.422**
Rekstrarliðir	2.525.538	
Neysla og rekstrartilfærslur	4.521.207	
Fjármagnsgjöld, vextir	820.000	
Fjárfesting	626.677	
Gjöld umfram tekjur		**5.460.422**
Lánahreyfingar		
Afborganir, nettó		160.000
Veitt lán		765.000
Hluta- og stofnfjárframlög		- 135.000
Lánsfjárþörf		**6.250.422**
Lántökur		6.233.786
Ríkisvíxlar	800.000	
Önnur innlend lán	2.258.786	
Erlend lántaka	175.000	
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		- 16.636

2. gr.

Til viðbótar því, sem kveðið er á um í 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1989, sbr. sundurliðun í 3. gr. þessara laga og ákvæði 4. gr., bætist:

	Þús. kr.	Þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	160.000	
01 Forsætisráðuneyti	166.251	
02 Menntamálaráðuneyti	541.637	
03 Utanríkisráðuneyti	69.535	
04 Landbúnaðarráðuneyti	924.140	
05 Sjávarútvegsráðuneyti	115.500	
06 Dómsmálaráðuneyti	198.237	
07 Félagsmálaráðuneyti	- 155.711	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1.870.918	
09 Fjármálaráðuneyti	2.164.341	
10 Samgönguráðuneyti	620.966	
11 Iðnaðarráðuneyti	187.000	
12 Viðskiptaráðuneyti	807.500	
13 Hagstofa Íslands	1.723	
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	821.385	
		8.493.422

3. gr.

Sundurliðun gjalda skv. 2. gr. á viðfangsefni er þessi:

00 Æðsta stjórn ríkisins

	Þús. kr.	Þús. kr.
00-101 Embætti forseta Íslands		
Viðhaldsverkefni:		
5 01 Viðhald fasteigna		50.000
00-201 Alþingi		
Almennur rekstur:		
1 02 Starfskostnaður	13.000	
1 04 Skrifstofu- og alþingiskostnaður	43.000	
1 06 Útgáfukostnaður Alþingistíðinda	4.000	
1 20 Rekstrarkostnaður fasteigna	9.000	
		69.000
Stofnkostnaður:		
6 90 Ýmis stofnkostnaður		4.000
00-202 Ríkisendurskoðun		
Almennur rekstur:		
1 01 Yfirstjórn		9.000
00-301 Ríkisstjórn		
Almennur rekstur:		
1 01 Ríkisstjórn		30.000

01 Forsætisráðuneyti

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

	Þús. kr.	Þús. kr.
Almennur rekstur:		
101 Yfirstjórn	12.307	
140 Gjöf Jóns Sigurðssonar	424	
		12.731
Stofnkostnaður:		
601 Eignakaup		3.520

01-171 Byggðastofnun, framlag

Stofnkostnaður:		
610 Byggðastofnun, Hlutafjársjóður		150.000

02 Menntamálaráðuneyti

02-101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:		
101 Yfirstjórn		11.400
Stofnkostnaður:		
601 Tölvukaup		3.600

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:		
102 Sameiginleg útgjöld	37.350	
103 Rekstur fasteigna	8.900	
111 Læknadeild	6.400	
119 Íþróttakennsla	800	
		53.450

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Viðhaldsverkefni:		
501 Viðhald húseigna		4.900
Stofnkostnaður:		
690 Tæki og búnaður		1.658

02-203 Raunvísindastofnun Háskólans

Almennur rekstur:		
120 Eðlisfræðistofa	3.300	
140 Jarðfræðistofa	813	
		4.113
Stofnkostnaður:		
690 Tækjakaup deilda		626

02-205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi

Stofnkostnaður:	Þús. kr.
6 01 Tækjabúnaður	543

02-210 Háskóli á Akureyri

Almennur rekstur:	
1 01 Háskóli á Akureyri	3.000
Stofnkostnaður:	
6 01 Eignakaup	1.837

02-231 Náttúrufræðistofnun Íslands

Stofnkostnaður:	
6 01 Innréttingar	5.119

02-232 Rannsóknaráð ríkisins

Stofnkostnaður:	
6 01 Endurbætur á húsnæði	1.000

02-276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna

Stofnkostnaður:	
6 01 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	25.000

02-308 Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut

Stofnkostnaður:	
6 01 Endurbætur	2.158

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:	
1 01 Framhaldsskólar, almennt	82.000

02-321 Kennaraháskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1 01 Kennaraháskóli Íslands	1.800

02-331 Íþróttakennaraskóli Íslands

Stofnkostnaður:	
6 50 Nýbygging og tækjakaup	1.899

02-359 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Stofnkostnaður:	
6 01 Íþróttahús	9.700

02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Stofnkostnaður:	
6 10 Verknámshús	1.000

02-501 Tækniskóli Íslands

	Þús. kr.
Stofnkostnaður:	
601 Kennslutæki	416

02-507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík

Stofnkostnaður:	
601 Kennslutæki	37.500

02-515 Iðnnám, almennt

Stofnkostnaður:	
690 Iðnskólar, almennt	700

02-517 Hótel- og veitingaskóli Íslands

Stofnkostnaður:	
601 Innréttingar	1.110

02-562 Leiklistarskóli Íslands

Stofnkostnaður:	
601 Kennslutæki	1.000

02-580 Samvinnuskólinn

Almennur rekstur:	
101 Kennsla	4.280

02-720 Grunnskólar, almennt

Almennur rekstur:	
180 Sérkennsla í grunnskólum, óskipt	3.500

02-871 Unglingaheimili ríkisins

Almennur rekstur:	
101 Unglingaheimili ríkisins	3.500

02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Almennur rekstur:	
101 Lánasjóður íslenskra námsmanna	180.000

02-901 Landsbókasafn Íslands

Almennur rekstur:	
101 Landsbókasafn Íslands	300
Stofnkostnaður:	
601 Bókakaup o.fl.	921

02-903 Þjóðskjalasafn Íslands

Stofnkostnaður:	
601 Innréttingar	4.900

02-904 Safnahúsið við Hverfisgötu

Viðhald:	
501 Viðhald fasteignar	600

02-909 Blindrabókasafn Íslands

	Þús. kr.	Þús. kr.
Almennur rekstur:		
1 01 Blindrabókasafn Íslands		1.680
02-931 Náttúruverndarráð		
Almennur rekstur:		
1 34 Friðlýst svæði, merkingar og eftirlit		1.300
02-973 Þjóðleikhús		
Almennur rekstur:		
1 01 Þjóðleikhús		85.000
02-982 Listir, framlög		
Almennur rekstur:		
1 21 Leikfélag Akureyrar	605	
1 28 Kynning á íslenskri list erlendis	1.025	
1 37 Tónlistarstarfsemi, styrkir	500	
1 80 Listahátíð	3.000	
		5.130
02-989 Ýmis íþróttamál		
Almennur rekstur:		
1 23 Skákmót, styrkir	1.000	
1 30 Bridgesamband Íslands	1.500	
1 40 Ýmis framlög til íþróttamála	5.000	
		7.500
Stofnkostnaður:		
6 13 Íþróttasamband fatlaðra vegna endurhæfingar		6.000
02-991 Húsafriðun		
Stofnkostnaður:		
6 20 Nesstofa		742
02-999 Ýmislegt		
Almennur rekstur:		
1 20 Fundur íþróttaráðherra Evrópu á Íslandi	5.500	
1 31 Geysir í Haukadal	2.600	
1 40 Dimmuborgir	300	
1 81 Málræktarátak	6.000	
1 90 Söfn, styrkir	2.000	
1 92 Ýmis framlög	2.855	
		19.255
Stofnkostnaður:		
6 43 Skriðuklaustur		1.500

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	Þús. kr.	Þús. kr.
1 01 Yfirstjórn	5.100	
1 31 Kvikmyndir og myndbönd, landkynning	2.887	
1 50 Viðskiptaskrifstofa	9.500	
		17.487

03-201 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:		
1 01 Yfirstjórn	2.000	
1 10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	14.687	
1 20 Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	18.313	
		35.000

03-390 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:		
1 21 Framlag til Póllands, matarsendingar		10.000

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:		
1 58 Alþjóðastofnanir, friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Namibíu	6.432	
1 59 Alþjóðastofnanir, friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Angóla	142	
1 60 Alþjóðastofnanir, flóttamannaaðstoð í Namibíu	158	
1 61 Alþjóðastofnanir, samræmingarstarf Sameinuðu þjóðanna í Afganistan o.fl.	158	
1 62 Alþjóðastofnanir, Alþjóðaráð Rauða krossins, Afganistan	158	
		7.048

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-201 Búnaðarfélag Íslands

Almennur rekstur:	
1 01 Yfirstjórn	8.500

04-205 Veiðistjóri

Almennur rekstur:	
1 90 Veiðistjóri	10.700

04-243 Sauðfjárveikivarnir

Almennur rekstur:	
1 01 Sauðfjárveikivarnir	67.620

04-246 Veiðimálastofnunin

	Þús. kr.	Þús. kr.
Almennur rekstur:		
1 40 Laxeldisstöðin í Kollafirði		8.000
Stofnkostnaður:		
6 01 Fasteignir		3.000

04-288 Jarðræktarlög, framlög

Stofnkostnaður:		
6 20 Jarðræktarframlög o.fl.		73.400

04-289 Endurgreiðsla gjalda í landbúnaði

Almennur rekstur:		
1 10 Endurgreiðsla kjarnfóðurgjalds	70.000	
1 20 Endurgreiðsla söluskatts í fiskeldi og loðdýrarækt	73.000	
1 30 Niðurgreiðslur á fóðri í loðdýrarækt	55.000	
		198.000

04-290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir

Almennur rekstur:		
1 01 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir		520.000

04-299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:		
1 22 Ýmis verkefni	28.930	
1 24 Gunnarshús, Skriðuklaustri	390	
		29.320

04-503 Garðyrkjuskóli ríkisins

Stofnkostnaður:		
6 01 Fasteignir, óskipt		600

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-202 Hafrannsóknastofnun

Almennur rekstur:		
1 01 Yfirstjórn		11.400

05-203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

Almennur rekstur:		
1 90 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins		2.600
Stofnkostnaður:		
6 10 Tæki og búnaður		1.500

05-280 Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla

Almennur rekstur:		
1 01 Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla		100.000

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-201 Hæstiréttur

Stofnkostnaður:	Þús. kr.	Þús. kr.
6 01 Tæki og búnaður		618

06-203 Borgardómarinn í Reykjavík

Almennur rekstur:

1 01 Borgardómarinn í Reykjavík		5.000

06-204 Borgarfógetinn í Reykjavík

Almennur rekstur:

1 01 Borgarfógetinn í Reykjavík		5.000

06-206 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:

1 20 Almenn löggæsla		20.000

06-211 Sýslumenn og bæjarfógetar

Viðhaldsverkefni:

5 50 Fasteignir		2.267

06-212 Bæjarfógeti Akranesi

Almennur rekstur:

1 20 Löggæsla		2.400

06-213 Sýslumaður Borgarnesi

Almennur rekstur:

1 20 Löggæsla		4.300

Stofnkostnaður:

6 01 Frágangur lóðar		338

06-214 Sýslumaður og bæjarfógeti Stykkishólmi

Almennur rekstur:

1 20 Löggæsla Stykkishólmi	1.300	
1 21 Löggæsla Grundarfirði	800	
1 24 Löggæsla Ólafsvík og Hellissandi	1.300	
		3.400

06-215 Sýslumaður Búðardal

Almennur rekstur:

1 20 Löggæsla		1.300

06-216 Sýslumaður Patreksfirði

Almennur rekstur:

1 20 Löggæsla		1.100

Stofnkostnaður:

6 10 Viðbygging		7.022

06-217 Bæjarfógeti Bolungarvík

Almennur rekstur:	Þús. kr.	Þús. kr.
1 20 Löggæsla		900

06-218 Sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði

Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla		1.500

06-219 Sýslumaður Hólmavík

Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla		2.300

06-221 Sýslumaður Blönduósi

Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla		4.300

06-222 Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki

Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla		400

06-223 Bæjarfógeti Siglufirði

Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla		2.800
Stofnkostnaður:		
6 10 Nýbygging		2.300

06-224 Bæjarfógeti Ólafsfirði

Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla		900

06-225 Sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri

Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla Akureyri	10.900	
1 21 Löggæsla Dalvík	1.000	
		11.900

06-227 Sýslumaður og bæjarfógeti Seyðisfirði

Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla Seyðisfirði	3.200	
1 21 Löggæsla Vopnafirði	1.600	
		4.800

06-228 Bæjarfógeti Neskaupstað

Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla		1.800

06-229 Sýslumaður og bæjarfógeti Eskifirði

	Þús. kr.	Þús. kr.
Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla Eskifirði og Reyðarfirði	900	
1 21 Löggæsla Egilsstöðum	800	
1 22 Löggæsla Fáskrúðsfirði	400	
1 23 Löggæsla Suðurfjörðum	100	
		2.200
Stofnkostnaður:		
6 21 Lögreglustöð Egilsstöðum		2.972

06-230 Sýslumaður Höfn í Hornafirði

Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla		3.400

06-231 Sýslumaður Vík í Mýrdal

Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla		3.600

06-233 Bæjarfógeti Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla		8.500
Stofnkostnaður:		
6 10 Stjórnsýsluhús	321	
6 20 Innréttingar	3.000	
		3.321

06-234 Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi

Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla		700
Stofnkostnaður:		
6 20 Lögreglustöð		2.154

06-235 Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík

Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla Keflavík og Njarðvík	6.400	
1 21 Löggæsla Grindavík	1.200	
		7.600
Stofnkostnaður:		
6 01 Skrifstofuhúsnæði		5.946

06-236 Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði

Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla Hafnarfirði		7.900
Stofnkostnaður:		
6 01 Fasteign		1.268

06-237 Bæjarfógeti Kópavogi

	Þús. kr.
Almennur rekstur:	
1 20 Löggæsla	9.000
06-244 Fangelsið, Síðumúla 28	
Viðhaldsverkefni:	
5 01 Loftræsting, eldvarnir	1.500
06-251 Landhelgisgæsla Íslands	
Stofnkostnaður:	
6 90 Tæki og búnaður	2.564
06-252 Bifreiðaeftirlit ríkisins	
Almennur rekstur:	
1 01 Bifreiðaeftirlit	13.000
06-281 Dómsmál, ýmis starfsemi	
Stofnkostnaður:	
6 90 Dómsmál, ýmis kostnaður	3.839
06-283 Fangamál, ýmis kostnaður	
Almennur rekstur:	
1 13 Geðlækninga- og sálfræðiþjónusta við refsifanga	6.750
06-301 Biskup Íslands	
Almennur rekstur:	
1 01 Yfirstjórn	5.900
Viðhaldsverkefni:	
5 02 Viðhald bústaðar	2.460
06-302 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar	
Almennur rekstur:	
1 01 Yfirstjórn	1.000
Stofnkostnaður:	
6 01 Búnaður	1.399
06-303 Prestaköll og prófastsdæmi	
Almennur rekstur:	
1 90 Prestar og prófastar	10.000
Stofnkostnaður:	
6 20 Byggingar á prestssetrum	14.619

07 Félagsmálaráðuneyti

07-101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa

	Þús. kr.	Þús. kr.
Almennur rekstur:		
101 Yfirstjórn		700

07-700 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:		
104 Kostnaður skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra		33.800

07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík

Almennur rekstur:		
101 Svæðisstjórn	500	
122 Sambýli, leiguhúsnæði	500	
129 Sambýli Sóleyjargötu	500	
131 Tæknivinnustofa Öryrkjabandalagsins	1.000	
133 Blindrafélagið, körfugerð og blindravinnustofa	3.500	
162 Dagvistun Lyngási	500	
163 Skammtímavistun Víðihlíð 9	500	
174 Meðferðarheimili fyrir þroskahefta	500	
		7.500

07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra

Almennur rekstur:		
101 Svæðisstjórn	1.000	
120 Sambýli Byggðavegi 91	2.000	
121 Sambýli Borgarhlíð 3	1.000	
122 Sambýli Vanabyggð 4c	2.000	
170 Vistheimilið Sólborg	7.000	
190 Ýmis verkefni	10.000	
		23.000

07-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi

Almennur rekstur:		
171 Sólheimar		3.500

07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Almennur rekstur:		
101 Yfirstjórn		4.000

07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra

Stofnkostnaður:		
601 Framkvæmdasjóður fatlaðra		9.039

07-981 Vinnumál

Almennur rekstur:		
190 Ýmislegt		65.000

07-982 Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota

Almennur rekstur:	Þús. kr.	Þús. kr.
1 01 Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota	165.000	
1 10 Orlofsgreiðslur vegna greiðsluerfiðleika fyrirtækja	20.000	
		185.000

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:		
1 31 Félagasamtök, styrkir	1.600	
1 32 Starfsmenntun í atvinnulífinu	4.000	
1 40 Kvennaathvarf í Reykjavík	1.000	
1 90 Ýmis framlög	6.150	
		12.750

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-271 Tryggingastofnun ríkisins

Almennur rekstur:		
1 10 Lífeyristryggingar	48.000	
1 20 Sjúkratryggingar	1.562.000	
1 30 Slysatryggingar	32.000	
		1.642.000

08-324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

Almennur rekstur:	
1 01 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	3.100

08-325 Hollustuvernd ríkisins

Almennur rekstur:	
1 01 Hollustuvernd ríkisins	1.000

08-327 Geislavarnir ríkisins

Almennur rekstur:	
1 01 Geislavarnir	1.330

08-340 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:	
1 90 Önnur starfsemi	500

08-356 Sjúkrahúsið Sauðárkróki

Almennur rekstur:	
1 01 Sjúkrahúsið Sauðárkróki	2.000

08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Stofnkostnaður:	
6 01 Ýmis eignakaup	3.100

08-359 Sjúkrahúsið Húsavík

	Þús. kr.	Þús. kr.
Almennur rekstur:		
1 01 Sjúkrahúsið Húsavík		7.000

08-361 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað

Almennur rekstur:		
1 01 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað		4.000

08-367 Sjúkrahúsið Keflavík

Almennur rekstur:		
1 01 Sjúkrahúsið Keflavík		18.500

08-371 Ríkisspítalar

Almennur rekstur:		
1 10 Legudeildir, svæfinga- og gjörgæsludeild		50.000

08-373 St. Jósefsspítali, Landakoti

Almennur rekstur:		
1 01 St. Jósefsspítali, Landakoti		87.000

08-378 Læknishéraðasjóður

Almennur rekstur:		
1 01 Læknishéraðasjóður		1.017

08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Stofnkostnaður:		
6 60 Tækjakaup, óskipt	1.499	
6 8921 Ólafsvík, hjúkrunarheimili aldraðra	200	
6 8971 Höfn í Hornafirði, hjúkrunarheimili aldraðra	6.097	
6 8972 Vopnafjörður, dvalarheimili	2.500	
6 9023 Hafnarfjörður, H2 og Sólvangur	6.000	
6 9031 Akranes, sjúkrahús	500	
6 9037 Grundarfjörður, H1	515	
6 9041 Ísafjörður, sjúkrahús	10.000	
6 9063 Húsavík, sjúkrahús H2	1.000	
6 9068 Raufarhöfn, H1	200	
6 9072 Vopnafjörður, H1	100	
6 9077 Hólmavík	400	
6 9078 Höfn í Hornafirði, H1, H í Öræfum	757	
6 90801 Laugarás, H2	200	
6 9080 Eyrarbakki H	1.000	
6 9085 Hveragerði, H2	150	
6 9089 Hvolsvöllur, læknisbústaður	1.400	
6 9093 Flateyri, læknabústaður	294	
6 93 Hraunbúð	1.000	
		33.812

08-391 Heilsugæslustöðvar

	Þús. kr.	Þús. kr.
Almennur rekstur:		
1 01 Heilsugæslustöðvar		50.000
08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi		
Almennur rekstur:		
1 90 Ýmis framlög		469
08-471 Gæsluvistarsjóður, framlag		
Stofnkostnaður:		
6 10 Gæsluvistarsjóður		890
08-481 Bindindisstarfsemi		
Almennur rekstur:		
1 40 Átak í áfengisvörnum		2.000
08-501 Skólar heilbrigðisstétta		
Almennur rekstur:		
1 30 Lyfjatækniskóli Íslands		700

09 Fjármálaráðuneyti

09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa		
Almennur rekstur:		
1 01 Yfirstjórn		9.000
09-102 Launaskrifstofa ríkisins		
Almennur rekstur:		
1 01 Launaskrifstofa ríkisins		10.000
09-103 Ríkisbókhald		
Almennur rekstur:		
1 01 Ríkisbókhald		17.000
09-104 Ríkisfjárhirsla		
Almennur rekstur:		
1 01 Ríkisfjárhirsla		4.000
09-202 Skattstofan í Reykjavík		
Almennur rekstur:		
1 01 Skattstofan í Reykjavík		12.000
09-212 Skattstofur, sameiginleg útgjöld		
Almennur rekstur:		
1 01 Skattstofur, sameiginleg útgjöld	80.000	
1 20 Virðisaukaskattur	45.100	
		125.100
Stofnkostnaður:		
6 02 Tölvubúnaður o.fl.		9.000

09-261 Ríkistollstjóri

	Þús. kr.	Þús. kr.
Almennur rekstur:		
1 01 Ríkistollstjóri		17.000

09-481 Útgjöld samkvæmt sérstökum lögum og heimildarlögum

Stofnkostnaður:		
6 01 Útgjöld samkvæmt sérstökum lögum og heimildarlögum		59.000

09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Stofnkostnaður:		
6 10 Laugavegur 166	27.600	
6 20 Stjórnsýsluhús á Ísafirði	5.900	
6 60 Sölvhólsgata 4	1.190	
6 80 Skuggasund 3	10.500	
		45.190

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:		
1 01 Launa- og verðlagsmál		1.315.000
1 30 Endurgreiðsla söluskatts til iðnaðar, sjávarútvegs og fiskeldis		390.000

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:		
1 10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	10.000	
1 11 Skýrsluvélakostnaður vegna launagreiðslna	20.000	
1 12 Skýrsluvélakostnaður vegna tekjubókhalds	40.000	
1 13 Kjarasamningar	12.000	
1 19 Ýmsar endurgreiðslur	23.051	
1 90 Óviss útgjöld	25.000	
		130.051
Stofnkostnaður:		
6 10 Símstöð		25.000

10 Samgönguráðuneyti

10-211 Vegagerð ríkisins

Viðhaldsverkefni:		
5 10 Viðhald vega		100.000
Stofnkostnaður:		
6 10 Nýframkvæmdir		405.000

10-321 Strandferðir, framlög

Almennur rekstur:		
1 10 Skipaútgerð ríkisins	650	
1 2008 Hríseyjarferja	2.707	
		3.357

10-331 Vita- og hafnamálaskrifstofan

	Þús. kr.	Þús. kr.
Almennur rekstur:		
1 01 Vita- og hafnamálaskrifstofan		1.124
Stofnkostnaður:		
6 20 Þjónustumiðstöð		20.000

10-332 Vitastofnun Íslands

Almennur rekstur:		
1 10 Rekstur vita		2.100

10-333 Hafnamál

Stofnkostnaður:		
6 31 Landshafnir, óskipt	50.000	
6 40 Sjóvarnargarðar, Flateyri	6.000	
		56.000

10-341 Siglingamálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:		
1 01 Siglingamálastofnun ríkisins		1.500

10-471 Flugmálastjórn

Almennur rekstur:		
1 30 Reykjavíkurflugvöllur	8.890	
1 40 Flugvalladeild	9.110	
		18.000

10-485 Ýmis framlög

Almennur rekstur:		
1 20 Tilkynningarskylda íslenskra skipa	3.085	
1 33 Öryggismálaskóli sjómanna	7.500	
		10.585

10-651 Ferðamálaráð

Stofnkostnaður:		
6 20 Hótel, framlög		2.800

10-652 Veðurstofa Íslands

Stofnkostnaður:		
6 90 Veðurratsjá o.fl.		7.500

11 Iðnaðarráðuneyti

11-240 Iðnaðarrannsóknir

	Þús. kr.	Þús. kr.
Almennur rekstur:		
1 01 Iðnaðarrannsóknir		5.000

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:		
1 40 Framlag til ullariðnaðar	6.000	
1 45 Framlag til lagmetisiðnaðar	17.000	
		23.000

11-399 Ýmis orkumál

Almennur rekstur:		
1 16 Niðurgreiðsla orkuverðs til fiskiðnaðar	100.000	
1 19 Önnur orkumál	71.000	
		171.000

12 Viðskiptaráðuneyti

12-201 Niðurgreiðslur á vöruverði

Almennur rekstur:	
1 01 Niðurgreiðslur á vöruverði	800.000

12-902 Verðlagsstofnun

Almennur rekstur:	
1 01 Verðlagsstofnun	7.500

13 Hagstofa Íslands

13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1 01 Yfirstjórn	1.723

15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun

15-181 Ríkisbifreiðar, framlag

Stofnkostnaður:	
6 90 Ríkisbifreiðar, framlag	1.385

15-991 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir

Almennur rekstur:	
1 01 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	820.000

4. gr.

Lækkun gjalda skv. 2. og 4. gr. fjárlaga fyrir árið 1989 er eftirfarandi:

	Þús. kr.
00-201 Alþingi	
Stofnkostnaður:	
690 Ýmis stofnkostnaður	2.000
02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	
Viðhaldsverkefni:	
501 Viðhald húseigna	3.000
Stofnkostnaður:	
601 Tæki og búnaður	3.000
02-321 Kennaraháskóli Íslands	
Viðhaldsverkefni:	
501 Fasteign	1.500
02-322 Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands	
Stofnkostnaður:	
601 Lóð og tækjakaup	1.000
02-331 Íþróttakennaraskóli Íslands	
Viðhaldsverkefni:	
501 Viðhald íþróttavalla o.fl.	500
Stofnkostnaður:	
601 Kennslutæki	1.000
02-352 Flensborgarskóli, fjölbraut	
Viðhaldverkefni:	
501 Endurbætur	1.000
02-506 Vélskóli Íslands	
Stofnkostnaður:	
690 Tækjakaup	1.000
02-517 Hótel- og veitingaskóli Íslands	
Stofnkostnaður:	
601 Innréttingar	1.500
02-518 Fiskvinnsluskólinn	
Stofnkostnaður:	
601 Tæki og búnaður	1.000

02-730 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra o.fl.

Stofnkostnaður:	Þús. kr.	Þús. kr.
Vatnsleysuströnd, sundlaug og baðklefar	1.000	
Eyrarsveit, íþróttahús	500	
Patreksfjörður, viðbygging	1.000	
Flateyri, íþróttahús	3.000	
Suðureyri, sundlaug	900	
Súðavík, viðbygging	1.000	
Hólahreppur, kennarabústaður	800	
Skagaströnd, skólastjórabústaður	500	
Breiðdalshreppur	1.700	
Orkusparandi aðgerðir	1.000	
Ófyrirséður kostnaður	- 1.400	
		10.000

02-799 Heyrnleysingjaskólinn

Viðhaldsverkefni:		
5 01 Endurbætur		2.000

02-803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður

Stofnkostnaður:		
Borgarnes	500	
Ísafjörður	1.000	
Hvammstangi	2.000	
Skagaströnd	1.700	
Siglufjörður	800	
Breiðdalsvík	1.000	
Höfn í Hornafirði	1.500	
Grindavík	800	
Ófyrirséður kostnaður	- 3.300	
		6.000

02-902 Þjóðminjasafn Íslands

Viðhaldsverkefni:		
5 01 Húseign við Suðurgötu		2.500

02-903 Þjóðskjalasafn Íslands

Stofnkostnaður:		
6 01 Innréttingar		5.000

04-172 Jarðasjóður

Stofnkostnaður:		
6 01 Jarðasjóður		1.000

04-235 Landgræðsla ríkisins

Stofnkostnaður:		
6 20 Fræverkunarstöð		2.000

06-206 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Viðhaldsverkefni:	Þús. kr.	Þús. kr.
5 60 Aðallögreglustöð, viðhald		3.000

06-211 Sýslumenn og bæjarfógetar

Viðhaldsverkefni:		
5 50 Fasteignir		1.000
Stofnkostnaður:		
6 10 Tæki og búnaður		1.000

06-236 Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði

Stofnkostnaður:		
6 01 Fasteign		1.500

06-251 Landhelgisgæsla Íslands

Stofnkostnaður:		
6 90 Tæki og búnaður		1.500

06-303 Prestaköll og prófastsdæmi

Stofnkostnaður:		
6 20 Byggingar á prestssetrum		2.000

07-271 Byggingarsjóður ríkisins

Stofnkostnaður:		
6 01 Byggingarsjóður ríkisins		500.000

08-350 Sjúkrahúsið Akranesi

Almennur rekstur:		
1 01 Sjúkrahúsið Akranesi		5.500

08-371 Ríkisspítalar

Stofnkostnaður:		
6 60 Stjórnarnefnd, stofnkostnaður	10.000	
6 70 Yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð	15.000	
		25.000

08-385 Framkvæmdasjóður aldraða

Stofnkostnaður:		
6 01 Framkvæmdasjóður aldraða		7.000

09-481 Útgjöld samkvæmt sérstökum lögum og heimildarlögum

Stofnkostnaður:		
6 01 Útgjöld skv. sérstökum lögum og heimildarlögum		3.000

10-333 Hafnamál

Stofnkostnaður:	Þús. kr.	Þús. kr.
6 20 Ferjubryggjur	2.000	
6 30 Hafnarmannvirki og lendingarbætur, óskipt fjárveiting til slysavarna	5.000	
		7.000

11-371 Orkusjóður

Stofnkostnaður:	
6 14 Lánagreiðslur, framlög	12.000

5. gr.

Liðurinn 4.17 í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1989 orðist svo:

Að afhenda hlutaðeigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum eignir landshafnanna í Rifi, Þorlákshöfn og í Keflavík og Njarðvík og greiða í því sambandi allt að 50 milljónum króna til sveitarfélaganna vegna kostnaðar við yfirtökuna á árinu 1989.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 459. Beiðni um skýrslu [259. mál]

frá viðskiptaráðherra um fyrirhuguð kaup Landsbanka Íslands á hlutabréfum Sambands íslenskra samvinnufélaga í Samvinnubankanum hf.

Frá Þorsteini Pálssyni, Kristínu Einarsdóttur, Inga Birni Albertssyni, Friðrik Sophussyni, Birgi Ísl. Gunnarssyni, Þórhildi Þorleifsdóttur, Pálma Jónssyni, Ragnhildi Helgadóttur og Eyjólfi Konráð Jónssyni.

Fjölmiðlar hafa að undanförnu birt á ný fregnir um fyrirhuguð kaup Landsbanka Íslands á hlutabréfum Sambands íslenskra samvinnufélaga í Samvinnubankanum hf. Með skírskotun til almannahagsmuna er málinu tengjast og þeirra umræðna, sem fram hafa farið, er þess óskað að viðskiptaráðherra birti Alþingi skýrslu um málið. Þess er óskað að í skýrslunni verði m.a. gerð grein fyrir eftirtöldum atriðum:

1. Hvert er efni fyrirhugaðs kaupsamnings Landsbanka Íslands á hlutabréfum í Samvinnubankanum hf.? Hvert er kaupverðið og hver eru kjörin? Hvaða skuldbindingar mundi Landsbankinn taka á sig ef kaupin yrðu samþykkt?
2. Í bréfi viðskiptaráðherra, dags. 19. september 1989, er frá því greint að viðskiptaráðuneytið hafi óskað eftir álitsgerðum bankaeftirlits Seðlabanka Íslands og Ríkisendurskoðunar í málinu. Þess er óskað að í skýrslunni verði gerð rækileg grein fyrir þessum álitsgerðum.
3. Hvert var eigið fé Landsbanka Íslands og Samvinnubankans hf. 1. desember 1989? Hvert er hlutfall útlána og ábyrgða þessara tveggja banka af eigin fé vegna Sambands íslenskra samvinnufélaga?
4. Eru líkur á að Landsbanki Íslands og Samvinnubankinn hf. þurfi að afskrifa lán vegna SÍS og fjárhagslega tengdra fyrirtækja?
5. Forsætisráðherra segir í viðtali við Morgunblaðið 17. sept. sl. að hann skilji það þannig að skuld Sambandsins við Samvinnubankann (að upphæð 1.600 millj. kr.) verði „parkerað" í Seðlabankanum í 15 ár. Af þessu tilefni er þess óskað að í skýrslunni verði gerð grein fyrir því hvort bankaeftirlit Seðlabankans hafi, að því er varðar viðskipti Sambands íslenskra samvinnufélaga við Landsbanka Íslands og Samvinnubankann hf., rækt skyldur sínar skv. 15. gr. l. nr. 36 frá 5. maí 1986, um Seðlabanka Íslands.
6. Munu ríkissjóður eða Seðlabanki þurfa að greiða fyrir umræddum viðskiptum og þá með hvaða hætti?

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs þings svo fljótt sem verða má og a.m.k. áður en hugsanleg ákvörðun verður tekin skv. 50. gr. l. nr. 86 frá 4. júlí 1985, um viðskiptabanka.

Alþingi, 21. des. 1989.

Þorsteinn Pálsson.	Kristín Einarsdóttir.	Ingi Björn Albertsson.
Friðrik Sophusson.	Birgir Ísl. Gunnarsson.	Þórhildur Þorleifsdóttir.
Pálmi Jónsson.	Ragnhildur Helgadóttir.	Eyjólfur Konráð Jónsson.

Ed. 460. Frumvarp til laga [260. mál]

um breyting á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

1. gr.

1. og 2. málsl. a-liðar 1. mgr. 3. gr. orðist svo:

0,25% á þann eignarskattsstofn manna, sbr. 80.–82. gr. laga nr. 75/1981, sem er umfram 4.900.000 kr. Skattskylt mark til sérstaks eignarskatts skal breytast samkvæmt skattvísitölu, sbr. 122. gr. greindra laga, í fyrsta sinn á gjaldárinu 1991 samkvæmt skattvísitölu gjaldársins 1991.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu sérstaks eignarskatts á árinu 1990 vegna eigna í lok ársins 1989.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt núgildandi lögum skal skattskylt mark til sérstaks eignarskatts breytast samkvæmt skattvísitölu sbr. 122. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Skattvísitala er ákveðin í fjárlögum fyrir ár hvert. Þar sem ákveðið hefur verið að leggja fram frumvarp til laga um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt liggur fyrir að það verður ekki ákveðin skattvísitala í fjárlögum fyrir árið 1990. Af þessum sökum er nauðsynlegt að hækka skattskylt mark til sérstaks eignarskatts með sérstakri löggjöf. Hér er lagt til að það verði hækkað í samræmi við áætlaðan launa- og verðlagsþróun að undanförnu og á næsta ári.

Nd. 461. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1990.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þrátt fyrir að óvenjulega mikil óvissa ríki um stöðu ríkisfjármála og að tölur breytist frá degi til dags þarf að afgreiða frumvarp til lánsfjárlaga fyrir árið 1990 í slíkum flýti að neðri deild er ætlaður til þess aðeins rúmur sólarhringur.

Það gefur auga leið að á svo skömmum tíma er umfjöllun nefndarinnar um frumvarpið aðeins til málamynda og varla að vænta marktækrar, sjálfstæðrar niðurstöðu — einungis er um að ræða að staðfesta afgreiðslu efri deildar á meðferð málsins.

Af þeim sökum lætur 1. minni hl. nægja að vísa til nefndarálits 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar á þskj. 401.

Það má vera huggun harmi gegn þegar vinnuálag er með þessum brag að lánsfjárlög samþykkt frá Alþingi eiga ugglaust eftir að taka miklum breytingum áður en árið 1990 er allt. Plaggið allt er hvort eð er líkt og skrifað í sand en ekki klappað í stein.

Alþingi, 21. des. 1989.

Þórhildur Þorleifsdóttir.

Sþ. 462. Fyrirspurn [261. mál]

til dómsmálaráðherra um störf bústjóra og skiptastjóra í þrotabúum.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvernig eru menn valdir til bústjóra- og skiptastjórastarfa?
2. Eftir hvaða reglum starfa þeir?
3. Hvernig er eftirliti með störfum þeirra háttað?
4. Hver eru launakjör þeirra og hvernig eru þau ákveðin?
5. Hversu margar beiðnir um gjaldþrotaskipti hafa borist á síðustu tveimur árum? Svar óskast sundurliðað eftir umdæmum landsins og skipt milli
   a. einstaklinga,
   b. fyrirtækja.
6.
   a. Hversu háar fjárhæðir hafa verið greiddar bústjórum og skiptastjórum vegna gjaldþrotaskipta síðustu tvö árin?
   b. Hvernig skiptast þær greiðslur á umdæmi landsins?
7. Hefur dómsmálaráðherra í hyggju að breyta reglum um störf og kjör bú- og skiptastjóra.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur beiðnum um gjaldþrotaskipti farið fjölgandi og umræða um stærstu gjaldþrotin verið áberandi í fjölmiðlum landsins. Í kjölfar þess hafa vaknað spurningar um hlutverk bú- og skiptastjóra og um þær siða- og lagareglur sem ríkja þegar gjaldþrot eru annars vegar.

Í ljósi þeirrar umræðu og þeirra upplýsinga, sem fram hafa komið í fjölmiðlum um störf og kjör skiptastjóra í þrotabúum, er ástæða til að spyrja dómsmálaráðherra þeirra spurninga sem hér eru settar fram.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 463. Fyrirspurn [262. mál]

til fjármálaráðherra um opinber gjöld í gjaldþrotaskiptum.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hversu mikið hefur tapast af opinberum gjöldum í gjaldþrotamálum síðastliðin tvö ár:

a. af söluskatti,
b. af öðrum opinberum gjöldum?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 464. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1990.

Frá Páli Pétursssyni, Eiði Guðnasyni, Guðmundi Ágústssyni og Hjörleifi Guttormssyni.

Við 6. gr. Á eftir 6.1 komi nýr liður sem orðist svo:
Að kaupa dagblöð fyrir skóla, sjúkrahús og aðrar þjónustustofnanir ríkisins, allt að 500 eintökum af hverju blaði umfram það sem veitt er til blaðanna í 4. gr. og í lið 6.1.

Nd. 465. Nefndarálit [232. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og er sammála um að mæla með samþykkt þess. Til viðræðna við nefndina um frumvarpið kom Jón Ögmundur Þormóðsson, skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneytinu.

Alþingi, 21. des. 1989.

Páll Pétursson, form., frsm.	Þórhildur Þorleifsdóttir, fundaskr.	Friðrik Sophusson.
Matthías Bjarnason.	Þórður Skúlason.	Guðmundur G. Þórarinsson.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Nd. 466. Breytingartillögur [69. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1990.

Frá Þórhildi Þorleifsdóttur, Önnu Ólafsdóttur Björnsson, Kristínu Einarsdóttur og Málmfríði Sigurðardóttur.

1. Við 23. gr. Í stað „38.600“ komi: 66.000.
2. Við 24. gr. Greinin falli brott.
3. Við 30. gr. Greinin falli brott.

Nd. 467. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1990.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hafði lítinn tíma til að fjalla um málið. Efnismeðferð var því nær engin. Annar minni hl. stendur þó ekki gegn afgreiðslu málsins fyrir jólahlé.

Fjárlög og lánsfjárlög fyrir árið 1990 einkennast af hallarekstri ríkissjóðs vegna útgjaldaþenslu eins og á þessu ári.

Líkur benda til þess að lánsfjáröflun í ár gangi treglega og ríkissjóður verði að brúa bilið með erlendri lántöku í byrjun næsta árs. Horfur á næsta ári eru enn verri.

Annar minni hl. mun taka afstöðu til einstakra greina frumvarpsins, en situr hjá við málið í heild.

Alþingi, 21. des. 1989.

Friðrik Sophusson, frsm. Matthías Bjarnason.

Ed. 468. Frumvarp til laga [263. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 41/1973.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

1. gr.

4. tölul. 6. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 41/1973, orðist svo:

4. Fyrir brot gegn 2., 3. og 4. mgr. 165. gr., svo og fyrir manndráp, líkamsmeiðingar, frelsissviptingu og önnur ofbeldisverk, sem framin eru í tengslum við brot á þessum ákvæðum, og enn fremur fyrir háttsemi sem alþjóðasamningur frá 23. september 1971 um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna og bókun við hann frá 24. febrúar 1988 taka til. Mál samkvæmt þessum tölulið skal þó aðeins höfða eftir fyrirskipun dómsmálaráðherra.

2. gr.

120. gr. a, sbr. 2. gr. laga nr. 41/1973, orðist svo:

Nú veitir maður vísvitandi rangar upplýsingar eða lætur uppi vísvitandi rangar tilkynningar, sem eru fallnar til að vekja ótta um líf, heilbrigði eða velferð manna um atriði, sem varða loftferðaöryggi eða öryggi í flughöfn, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að þremur árum. Sömu refsingu varðar að útbreiða þess háttar orðróm gegn betri vitund.

3. gr.

Síðasti málsliður 2. mgr. 165. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 41/1973, falli brott.

4. gr.

Við 165. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 41/1973, bætist tvær nýjar málsgreinar, 3. og 4. málsgr., svohljóðandi:

Sömu refsingu og í 2. mgr. þessarar greinar skal sá sæta sem með ofbeldi eða hótun um ofbeldi veitist að mönnum sem staddir eru í flughöfn ætlaðri alþjóðlegri flugumferð, enda valdi verknaður eða sé til þess fallinn að valda almannahættu.

Ákvæði 166., 167. og 169. gr. eiga einnig við um brot á 2. og 3. mgr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Hinn 23. september 1971 var í Montreal gerður alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna. Samkvæmt samningnum ber aðildarríkjum hans að uppfylla ákveðnar skyldur. Þau skuldbinda sig m.a. til að hafa þung refsiviðurlög í

hegningarlögum við ofbeldi í loftfari á flugi, skemmdarverk á loftförum o.fl. og að hafa sérstök ákvæði um refsilögsögu í slíkum málum o.fl.

Samningurinn öðlaðist gildi í janúar 1973. Hann hefur nú verið fullgiltur af rúmlega 100 þjóðum. Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 29. júní 1973, sbr. auglýsingu nr. 13 í C-deild Stjórnartíðinda 1973.

Í febrúar 1988 stóð Alþjóðaflugmálastofnunin, ICAO, fyrir alþjóðlegri ráðstefnu í Montreal í þeim tilgangi að semja bókun við Montreal-samninginn frá 1971, er næði yfir ofbeldisverk í flughöfnum sem notaðar eru fyrir alþjólega flugumferð. Á ráðstefnunni var gengið frá bókun við samninginn og var hann undirritaður af Íslands hálfu. Íslensk þýðing bókunarinnar er birt sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

II.

Um ofbeldisverknaði sem beinast gegn öryggi í alþjóðlegum flugsamgöngum er fjallað í ýmsum alþjóðlegum samningum. Samkvæmt þeim skuldbinda aðildarríki þeirra sig til þess annaðhvort að framselja þá sem fremja slíka verknaði til annars ríkis sem málið varðar eða að sjá til þess að höfðað verði refsimál gegn viðkomandi.

Um flugrán fjallar samningur um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara sem gerður var í Haag 16. desember 1970 (Haag-samningurinn).

Montreal-samningurinn frá 1971 fjallar hins vegar um önnur brot en flugrán, sem beinast gegn öryggi flugsamgangna, svo sem ofbeldis- og skemmdarverk.

Ísland gerðist aðili að báðum þessum samningum árið 1973. Áður en þeir voru fullgiltir var með lögum nr. 41/1973 bætt inn í almenn hegningarlög, nr. 19/1940, ákvæðum til að fullnægja skuldbindingum samkvæmt samningunum um rýmkaða refsilögsögu, flugrán o.fl.

Bæði Haag- og Montreal-samningurinn fjalla um verknaði sem framdir eru um borð í loftförum eða er beint gegn loftförum í notkun. Reynslan hefur sýnt að flughafnir, ætlaðar fyrir almenna alþjóðlega flugumferð, eru stundum vettvangur fyrir aðrar tegundir ofbeldisverka, sem beint er gegn alþjóðlegri flugumferð. Í slíkum tilfellum verða þeir fyrir tjóni sem þar eru fyrir tilviljun staddir þegar verknaður er framinn. Þetta á t.d. við um sprengjuárásir eins og þær sem á þessum áratug voru gerðar á alþjóðaflughafnirnar í Vín og Róm.

Að tillögu laganefndar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO, var ákveðið á þingi hennar haustið 1986 að nefndin skyldi hafa það sem forgangsverkefni að semja uppkast að alþjóðasamningi er fjallaði um ofbeldisverk í flughöfnum ætluðum fyrir almenna alþjóðlega flugumferð.

Nefndin gerði síðan að tillögu sinni að um framangreint atriði yrði fjallað í bókun við Montrealsamninginn. Á ráðstefnu í Montreal í febrúar 1988 var síðan endanlega gengið frá bókuninni og hún lögð fram til undirritunar 24. sama mánaðar. Þann dag var hún þegar undirrituð af fulltrúum 47 ríkja þar á meðal allra Norðurlanda nema Finnlands sem undirritaði hana 16. nóvember 1988.

III.

Áður en framangreind bókun frá 24. febrúar 1988 við Montreal-samninginn frá 1971 er fullgilt af Íslands hálfu er nauðsynlegt að breyta nokkrum greinum almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 41/1973, til þess að tryggja að unnt sé að standa við þær skuldbindingar er af fullgildingu bókunarinnnr leiða.

Í a-lið 2. gr. í bókuninni er fjallað um ofbeldisverk gegn manni „at an airport" og í b-lið sömu greinar um eyðileggingu og alvarlegar skemmdir á"the facilities of an airport", og síðar í sama lið er fjallað um að raska starfsemi „the services of the airport". Í frumvarpi þessu er notað orðið „flughöfn" yfir öll framangreind tilfelli og er sú notkun þess orðs í samræmi við skýringu þess í Íslenskri orðabók Menningarsjóðs 2. útg. 1983, en þar er orðið flughöfn skýrt sem: (stór) flugvöllur með tilheyrandi afgreiðslubyggingum.

Í b-lið 1. mgr. 2. gr. bókunarinnar er fjallað um verknaði sem eru fólgnir í því að eyðileggja eða valda alvarlegum eignaspjöllum á búnaði á eða við flugvelli sem þjóna alþjóðlegri flugumferð eða á loftförum þar stöddum, sem ekki eru í rekstri, eða raska starfsemi þjónustusvæðis slíkrar flughafnar, enda stofni slíkur verknaður eða sé líklegur til að stofna öryggi flughafnar í hættu. Ekki er talið nauðsynlagt að breyta íslenskri hegningarlöggjöf vegna framangreindra ákvæða. Talið er að nægileg refsivernd gegn eignaspjöllum sé fólgin í 257. gr. almennra hegninmgarlaga og ef brot hefur í för með sér almannahættu geti 1. mgr. 165. gr. átt við eða 1. mgr. 4. gr. frumvarps þessa ef ofbeldi eða ofbeldishótun er beitt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er 4. tölul. 6. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1973, breytt á þann veg að refsilögsaga íslenska ríkisins nái til þeirra brota er bókunin tekur til. Auk þess eru gerðar smávægilegar breytingar á núverandi orðalagi.

Um 2. gr.

Með 2. gr. laga nr. 41/1973 var bætt við 120. gr. almennra hegningarlaga nýju ákvæði, 120. gr. a, varðandi vísvitandi rangar upplýsingar eða tilkynningar sem eru til þess fallnar að vekja ótta um líf, heilbrigði eða velferð manna um atriði er varða loftferðaöryggi. Ákvæðið nær einnig til þess að breiða út slíkan orðróm gegn betri vitund.

Í þessari grein frumvarpsins er bætt inn í greinina ákvæðum um að refsiverndin taki einnig til öryggis í flughöfn, en að öðru leyti er greinin óbreytt.

Um 3. gr.

Í frumvarpinu eru þau efnisatriði sem hér eru felld niður flutt til og gerð að sjálfstæðri málsgrein, 4. málsgr., sbr. 4. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Í þessari grein er lagt til að við 165. gr. almennra hegningarlaga verði bætt tveimur nýjum málsgreinum. Tilgangurinn er sá að tryggja að íslensk hegningarlög hafi ótvíræð refsiákvæði að geyma vegna þeirra verknaða er í bókuninni greinir.

Í 1. mgr. greinarinnar er ákvæði um að sömu refsingu og í 2. mgr. 165. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 41/1973, skuli sá sæta sem með ofbeldi eða hótun um ofbeldi veitist að mönnum sem staddir eru í flughöfn ætlaðri alþjóðlegri flugumferð, enda valdi verknaður eða sé til þess fallinn að valda almannahættu.

Samkvæmt greininni er brotavettvangur flughöfn ætluð alþjóðlegri flugumferð. Áður hefur verið skýrt hvernig orðið flughöfn er notað í frumvarpi þessu. Í lögum hér á landi er ekki til skilgreining á flugvelli eða flughöfn sem ætluð er alþjóðlegri flugumferð. Í 1. mgr. 55. gr. loftferðalaga, nr. 34/1964, segir að flugvellir og önnur flugvirki skuli fullnægja þeim kröfum sem flugmálaráðherra setji, enda mæli lög eigi öðruvísi, og í 1. mgr. 63. gr. sömu laga segir að flugvellir, sem ætlaðir eru til almennrar notkunar, þarfnist viðurkenningar flugmálaráðherra.

Í þessari grein er það ekki skilyrði að alþjóðleg flugumferð sé aðaluppistaða í rekstri flughafnar, heldur er nægjanlegt að frá flughöfn sé stunduð reglubundin alþjóðleg flugumferð þótt ferðir kunni að vera strjálar, enda sé brot framið vegna slíks flugs eða í tengslum við það.

Verknaðaraðferðir eru þær sömu og í 2. mgr. greinarinnar, þ.e. ofbeldi eða hótun um ofbeldi. Verknaður þarf að beinast að persónum fyrst og fremst, en ekki einvörðungu að eignum, sbr. hins vegar 1. mgr. 165. gr. og 257. gr. hegningarlaga. Um almannahættu má vísa í greinargerð með XVIII. kafla laganna og 164. gr.

Í 2. mgr. þessarar greinar frumvarpsins er gildandi lokaákvæði 2. mgr. 165. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 3. gr. laga nr. 41/1973, flutt og gert að sjálfstæðri málsgrein, auk þess sem gert er ráð fyrir að þau atriði taki einnig til 1. mgr. þessarar greinar frumvarpsins.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

BÓKUN

til að koma í veg fyrir ofbeldisverk í flughöfnum fyrir almenna alþjóðlega flugumferð, til viðbótar við samning um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna, sem gerður var í Montreal 23. september 1971.

RÍKI, SEM AÐILAR ERU AÐ BÓKUN ÞESSARI,

TELJA, að ólögmætar ofbeldisaðgerðir sem stofna mönnum í hættu eða fallnar eru til að stofna mönnum í hættu í flughöfnum fyrir almenna alþjóðlega flugumferð, eða rekstri slíkra flughafna, grafi undan trausti þjóða heims til öryggis innan þeirra og trufli öryggi og skipulag almennra flugsamgangna til skaða fyrir öll ríki.

TELJA slíkar aðgerðir mikið áhyggjuefni öllum þjóðum, og að til að fyrirbyggja þær sé brýn þörf á viðeigandi úrræðum til að refsa þeim sem brotlegir gerast;

TELJA nauðsynlegt, til að bregðast við slíkum ofbeldisaðgerðum í flughöfnum fyrir almenna alþjóðlega flugumferð, að setja viðbótarreglur við ákvæði samnings til að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna, sem gerður var í Montreal hinn 23. september 1971; og

HAFA ÞVÍ ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:

I. gr.

Bókun þessi er til viðbótar við samning um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna, sem gerður var í Montreal 23. september 1971 (hér eftir nefndur „samningurinn"), og milli aðila að bókuninni skulu hún og samningurinn lesin og túlkuð saman sem einn löggerningur væri.

II. gr.

1. Í 1. gr. samningsins skal bæta nýrri málsgrein, 1. mgr. *bis*:

„1 *bis*. Sá gerist sekur um afbrot, sem á ólögmætan hátt og af ásetningi, með því að nota hvers kyns útbúnað, efni eða vopn:

(a.) beitir ofbeldi gegn einstaklingi í flughöfn fyrir almenna alþjóðlega flugumferð, sem veldur eða fallið er til að valda verulegu líkamstjóni eða bana; eða
(b.) eyðileggur eða veldur alvarlegum skemmdum á búnaði flughafnar fyrir almenna alþjóðlega flugumferð, eða loftfars sem ekki er í rekstri og þar er staðsett, raskar starfsemi flughafnarinnar;

ef verknaðurinn stofnar í hættu eða er fallinn til að stofna í hættu öryggi innan flughafnarinnar."

2. Eftirfarandi orðum skal skotið inn í a-lið 2. mgr. 1. gr. samningsins á eftir orðunum „í 1. mgr.“:

„eða 1. mgr. *bis*.“

III. gr.

1. Við 5. gr. samningsins skal bæta nýrri málsgrein, 2. mgr. *bis*:

„2 *bis*. Sérhvert samningsríki skal einnig gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ná lögsögu yfir þeim afbrotum sem getur í 1. gr. 1. mgr. *bis* og 1. gr. 2. mgr., að því leyti sem síðastnefnd mgr. á við um þessi afbrot, í þeim tilvikum þegar meintur brotamaður dvelur á landsvæði þess ríkis og ríkið framselur hann ekki samkvæmt 8. gr. til þess ríkis sem um getur í a-lið 1. mgr. þessarar greinar.“

IV. gr.

Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar í Montreal 24. febrúar 1988 af hálfu þeirra ríkja sem þátt taka í alþjóðaráðstefnu um loftferðarétt í Montreal 9.–24. febrúar 1988. Eftir 1. mars 1988 skal bókunin liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja í London, Moskvu, Washington og Montreal, uns hún öðlast gildi samkvæmt VI. gr.

V. gr.

1. Bókun þessi er háð fullgildingu af hálfu þeirra ríkja sem hana undirrita.
2. Hvert það ríki sem ekki er aðili að samningnum getur fullgilt bókun þessa ef það fullgildir um leið samninginn eða gerist aðili að honum samkvæmt 15. gr. hans.
3. Fullgildingarskjöl skulu afhent ríkisstjórnum Sovétríkjanna, Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku, eða Alþjóðaflugmálastofnuninni, en þeim er hér með falin varsla þeirra.

VI. gr.

1. Er tíu ríki sem undirritað hafa bókun þessa hafa afhent skjöl sín um fullgildingu hennar, skal hún öðlast gildi á milli þeirra á þrítugasta degi frá því er tíunda fullgildingarskjal var afhent. Gagnvart hverju ríki sem síðar afhendir fullgildingarskjal sitt skal hún öðlast gildi á þrítugasta degi eftir að fullgildingarskjalið var afhent.
2. Um leið og bókun þessi öðlast gildi skal hún skrásett af vörsluaðilum í samræmi við ákvæði 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna og 83. gr. samþykktar um alþjóðaflugmál (Chicago 1944).

VII. gr.

1. Er bókun þessi hefur öðlast gildi skal öllum ríkjum sem ekki hafa undirritað hana heimilt að gerast aðilar að henni.
2. Hvert það ríki sem ekki er aðili að samningnum getur gerst aðili að bókun þessari ef það fullgildir um leið samninginn eða gerist aðili að honum samkvæmt 15. gr. hans.
3. Aðildarskjöl skulu afhent vörsluaðilum, og skal aðild öðlast gildi þrjátíu dögum eftir afhendinguna.

VIII. gr.

1. Hver aðili að bókun þessari getur sagt henni upp með skriflegri tilkynningu til vörsluaðilanna.
2. Uppsögn öðlast gildi að liðnum sex mánuðum frá þeim degi er vörsluaðilar fengu tilkynninguna í hendur.
3. Uppsögn bókunar þessarar skal ekki í sjálfu sér hafa uppsagnaráhrif á samninginn.
4. Uppsögn samningsins af hálfu samningsríkis, eins og honum hefur verið breytt með bókun þessari, skal einnig hafa uppsagnaráhrif á bókun þessa.

IX. gr.

1. Vörsluaðilar skulu án tafar tilkynna öllum ríkjum sem undirritað hafa bókun þessa eða gerst aðilar að henni, og öllum ríkjum sem undirritað hafa samninginn eða gerst aðilar að honum
(a.) um dagsetningu hverrar undirritunar og afhendingar hvers fullgildingar- eða aðildarskjals að bókun þessari, og
(b.) um móttöku hverrar tilkynningar um uppsögn bókunar þessarar, og móttökudag.
2. Einnig skulu vörsluaðilar tilkynna ríkjum þeim er í 1. mgr. segir um gildistökudag bókunar þessarar samkvæmt VI. gr.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað bókun þessa.

GJÖRT í Montreal 23. febrúar 1988 í fjórum jafngildum textum á ensku, frönsku, rússnesku og spönsku, í fjórum frumritum.

Sþ. 469. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1990.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-210 Háskólinn á Akureyri. 101 Almennur rekstur. Fyrir „63.338“ kemur	80.338
2. Við 4. gr. 02-982 121 Leikfélag Akureyrar. Fyrir „12.720“ kemur	27.720
3. Við 4. gr. 11-371 Orkusjóður. Nýr liður: 622 Til háhitarannsókna og könnunar á uppstreymi lífræns gass í Öxarfirði	10.000

Ed. 470. Frumvarp til laga [264. mál]

um breyting á lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983.

Flm.: Jón Helgason, Egill Jónsson, Skúli Alexandersson, Guðmundur Ágústsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir.

1. gr.

Við 1. mgr. 13. gr. laganna bætast þrír nýir málsliðir svohljóðandi: Þó skal veittur afsláttur af gjaldskránni þeim rafveitum sem vegna strjálbýlis eða annarra óviðráðanlegra ástæðna búa við háan dreifingarkostnað þannig að smásöluverð fyrir hverja tegund afnota verði hvergi meira en 5% hærra en vegið meðaltal á landinu öllu. Sama gildir um raforkuverð til upphitunar þar sem verð á öðrum orkugjöfum reiknast einnig inn í meðaltalið. Iðnaðarráðuneytið setur reglur um þessa verðjöfnun og annast framkvæmd hennar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1990, þannig að frá þeim tíma kemur verðjöfnunin til framkvæmda í áföngum og verður að fullu náð samkvæmt ákvæðum 1. gr. hinn 1. júní 1992.

Greinargerð.

Á síðasta þingi var flutt tillaga til þingsályktunar um sameiningu Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins og jöfnun orkuverðs. Samkvæmt þeirri tillögu var gert ráð fyrir að fela ríkisstjórninni að undirbúa lagabreytingu sem fæli í sér sameiningu Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins þar sem jafnframt skyldi kveðið á um að smásöluverð frá þessu nýja fyrirtæki skyldi verða sambærilegt við vegið meðaltal frá öðrum rafveitum. Við fyrri umræðu um þessa tillögu kom fram andstaða við sameiningu þessara stofnana og tillagan hlaut ekki afgreiðslu frá nefnd.

Samkvæmt þessu frumvarpi er farin einfaldari leið til að ná fram jöfnun raforkuverðs. Kveðið er á um að Landsvirkjun skuli veita þeim rafveitum, sem hafa erfiða aðstöðu til dreifingar, nægilegan afslátt af heildsöluverði til þess að smásöluverð fyrir hverja tegund afnota hjá þessum rafveitum verði hvergi meira en 5% hærra en vegið meðaltal á landinu öllu. Hið sama gildi einnig um raforkuverð til upphitunar þar sem verð á öðrum orkugjöfum reiknist einnig inn í meðaltalið.

Landsvirkjun veitir nú Rafmagnsveitum ríkisins og fleiri rafveitum nokkurn afslátt af orkuverði til upphitunar svo að hér er aðeins um að ræða útfærslu á þeirri aðferð sem framkvæmd hefur verið um nokkurt skeið. Landsvirkjun hefur einkarétt á raforkuöflun í landinu og afhendingu orkunnar til dreifiveitna. Það er því eðlilegt að fyrir slík réttindi verði fyrirtækið einnig að taka á sig skyldur og þá ekki síst þær að sjá um að m.a. annars þau héruð, sem Landsvirkjun sækir orkuna fyrst og fremst til, búi við sambærilegt orkuverð og meginhluti þjóðarinnar.

Notendur rafhitunar hjá Rafmagnsveitum ríkisins hafa nú 225 millj. kr. til að lækka orkukostnað um 82 aura kílówattsstundina, niður í 2,20 kr. Er það svipaður hitunarkostnaður og hjá dýrustu hitaveitunum, en hjá Hitaveitu Reykjavíkur er verðið 86 aurar. Rafmagn til heimilisnotkunar er hins vegar um það bil 30% hærra hjá Rafmagnsveitum ríkisins en Rafmagnsveitu Reykjavíkur, en eitthvað minni munur er á iðnaðartaxta. Að nokkru leyti stafar sá munur af því að lögð hefur verið áhersla á að halda niðri verði á rafhitun hjá Rafmagnsveitum ríkisins svo að tiltölulega stærri hluti rekstrarkostnaðarins lendir á heimilistöxtum. En til upphitunar fer nærri helmingur af orkusölu Rafmagnsveitna ríkisins.

Heildarsala Rafmagnsveitna ríkisins til heimilisnotkunar og iðnaðar er aðeins lítill hluti af sölu annarra rafveitna sem selja á lægra verði. Verðmiðlun mundi því valda tiltölulega lítilli hækkun hjá þeim. Af þessum tölum sést að ekki er um svo háar upphæðir að ræða miðað við þann ávinning sem næst að geta selt öllum, hvar sem þeir búa, orkuna á sambærilegu verði frá hinu samtengda orkukerfi. Þar er um svo mikið réttlætismál að ræða. Hvatningin til að kappkosta hagkvæman rekstur er heldur ekki tekin frá einstökum rafveitum þar sem hér skal miða við meðaltal svo að þær, sem bestum árangri ná, munu halda áfram að njóta þess.

Samkvæmt ákvæðum 2. gr. kemur verðjöfnunin til framkvæmda á tímabilinu 1. júní 1990 til 1. júní 1992. Landsvirkjun væntir þess að raungildi heildsöluverðs á raforku haldi áfram að lækka á næstu árum. Með þessari aðlögun á gildistöku ákvæða 1. gr. er ætlast til að þessi raunverðshækkun standi fyrst og fremst undir kostnaði við verðjöfnunina svo að hún valdi ekki beinni hækkun hjá öðrum.

Sþ. 471. Breytingartillögur [100. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1989.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

	Þús. kr.
1. Við 3. gr. Við bætist nýr liður:	
02-977 Þjóðarbókhlaða	
601 Stofnkostnaður	30.000
2. Við 3. gr. 02-871 Unglingaheimili ríkisins. 101 Almennur rekstur.	
Fyrir „3.500“	4.710
3. Við 3. gr. Við bætist nýr liður:	
04-231 Skógrækt ríkisins	
101 Almennur rekstur	887
4. Við 3. gr. 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi. 140 Kvennaathvarf í Reykjavík.	
Fyrir „1.000“ kemur	2.000

Sþ. 472. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1990.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

	Þús. kr.
1. Við 1. gr. Viðskiptareikningar.	
Fyrir „600.000“ kemur	560.000
2. Við 4. gr. 5-290 Veiðieftirlit. 4 Sértekjur.	
Fyrir „57.000“ kemur	28.500

Nd. 473. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1990.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund Indriða H. Þorlákssonhagsýslustjóra, Markús Örn Antonsson útvarpsstjóra, Hörð Vilhjálmsson fjármálastjóra Ríkisútvarpsins, Guðbrand Gíslason frá Kvikmyndasjóði, Má Elísson frá Fiskveiðasjóði, og biskup Íslands, herra Ólaf Skúlason.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með því að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 21. des. 1989.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðmundur G. Þórarinsson, með fyrirvara.	Þórður Skúlason, með fyrirvara.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Nd. 474. Frumvarp til laga [265. mál]

um ábyrgðadeild fiskeldislána.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

1. gr.

Starfa skal sérstök deild við Ríkisábyrgðasjóð, er nefnist ábyrgðadeild fiskeldislána. Þegar ábyrgðadeild hefur hafið fulla starfsemi, en þó eigi síðar en 1. júlí 1990, tekur hún við öllum skuldbindingum og eignum Tryggingasjóðs fiskeldislána sem stofnaður var með lögum nr. 3 frá 13. janúar 1989. Sjóðurinn lýtur stjórn fjármálaráðherra.

2. gr.

Hlutverk ábyrgðadeildar fiskeldislána er að tryggja greiðslu eldislána, sem bankar og aðrar lánastofnanir veita eða útvega innlendum fiskeldisfyrirtækjum, þannig að rekstrar- og eldislán þeirra til fiskeldis geti numið allt að 75% af verðmæti eldisstofns. Skal það gert á þann hátt að deildin veitir sjálfskuldarábyrgð fyrir lánum, að hámarki 37,5% af verðmæti eldisstofns, til viðbótar við þau lán sem bankar og lánastofnanir veita viðkomandi fyrirtæki án ríkisábyrgðar. Heildarlán mega þó aldrei verða hærri en 75% af verðmæti eldisstofns. Heimilt er að veita sjálfskuldarábyrgðir fyrir lánveitingum banka og lánastofnana til hafbeitarfyrirtækja að uppfylltum skilyrðum skv. 2.-4. gr. laga þessara. Skal þá stjórnarnefnd deildarinnar móta sérstakar reglur fyrir veitingu slíkra sjálfsskuldarábyrgða og skulu þær samþykktar af fjármálaráðherra í formi reglugerðar.

3. gr.

Hvert fiskeldisfyrirtæki getur fengið sjálfskuldarábyrgð fyrir allt að 37,5% af verðmæti eldisstofns til eins árs í senn þó aldrei lengur en samtals í þrjú ár. Á næstu þremur árum á eftir lækkar hámarksábyrgð um sem næst þriðjung á hverju ári þar til sjálfskuldarábyrgð sjóðsins hverfur. Hámarkstími sem fyrirtæki getur fengið sjálfskuldarábyrgð í er sex ár. Heimildir til ábyrgðar skulu endurskoðaðar árlega af stjórnarnefnd deildarinnar.

4. gr.

Það er skilyrði fyrir veitingu sjálfskuldarábyrgðar að viðkomandi fiskeldisfyrirtæki fái samningsbundin eldislán frá banka eða öðrum lánastofnunum án ríkisábyrgðar og að fyrirtækið hafi þær vátryggingar sem fullnægja skilyrðum lánastofnunarinnar. Stjórnarnefnd sjóðsins getur sett frekari skilyrði um vátryggingar. Ábyrgðadeildin skal taka veð í eldisstofni fyrir sjálfskuldarábyrgðum sem hún veitir.

5. gr.

Fjármálaráðherra skal skipa þriggja manna stjórnarnefnd, þar af einn formann, til þriggja ára í senn. Jafnframt skulu skipaðir þrír varamenn. Stjórnarnefndin fjallar um allar umsóknir um sjálfskuldarábyrgðir samkvæmt lögum þessum og afgreiðir þær á grundvelli ítarlegs mats á stöðu og rekstraröryggi viðkomandi fyrirtækis. Fyrirtæki koma því aðeins til álita við veitingu sjálfskuldarábyrgða að grundvöllur teljist vera fyrir rekstri þeirra til lengri tíma. Stjórnarnefndin skal samþykkja kjör og form lána sem sjálfskuldarábyrgð er veitt fyrir.

6. gr.

Fjármálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum stjórnarnefndar, þau iðgjöld sem greidd skulu fyrir veitingu sjálfskuldarábyrgða. Iðgjöld skulu við það miðuð að deildin sé rekinn

hallalaus. Tekjuafgangur leggst í sérstakan varasjóð. Skal honum varið til greiðslu þeirra ábyrgðaskuldbindinga sem á ábyrgðadeildina kunna að falla. Ef ekki er fé fyrir hendi í varasjóði til greiðslu krafna þá skal það sem á vantar greitt úr Ríkisábyrgðasjóði.

7. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerðum nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um starfsreglur stjórnarnefndar, vátryggingar, iðgjöld, innlausn krafna, meðferð og innheimtu innleystra krafna og sjálfsskuldarábyrgðir á lánveitingum banka og lánastofnana til hafbeitarfyrirtækja.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög þessi falla úr gildi í árslok 1999. Sama gildir um sjálfskuldarábyrgðir veittar á grundvelli þeirra.

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi 3. málsl. 22. gr., 3. mgr. 22. gr. og setningarhlutinn „og nánari reglur um álagningu og innheimtu gjalda skv. 22. gr. ef til þess kemur“ úr 1. mgr. 23. gr. laga nr. 45/ 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, sbr. lög nr. 3 1989, um breyting á þeim. Skuldaviðurkenningar sem fiskeldisfyrirtæki hafa gefið út vegna áhættugjalds á grundvelli sömu lagaheimilda falla einnig úr gildi. Hinn 1. júlí 1990 fellur úr gildi II. kafli laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, sbr. lög nr. 3/1989, um breyting á þeim.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er gerð tillaga um breytta skipan á eldislánum. Um þetta efni eru í gildi lög nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, með síðari breytingum. Þau lög gera ráð fyrir að Tryggingasjóður fiskeldislána, sem er í vörslu Stofnlánadeildar landbúnaðarins, veiti greiðslutryggingar fyrir eldislánum sem lánastofnanir veita. Greiðslutryggingar Tryggingasjóðs fiskeldislána fela í sér einfalda ríkisábyrgð. Í lögum um hann eru ákvæði um að ekki skuli gripið til greiðslutryggingar, nema tjónabætur dugi ekki til greiðslu á láni og fyrirtæki geti ekki greitt það með öðrum hætti. Þetta þýðir í raun að greiðsluábyrgð kemur ekki til fyrr en eftir að viðkomandi fyrirtæki hefur verið sett í gjaldþrot. Lánastofnanir hafa ekki talið greiðslutryggingar Tryggingasjóðsins nægjanlegar og hefur því verið gripið til þess ráðs að Framkvæmdasjóður veiti einnig sjálfsskuldaábyrgðir fyrir þessum lánum.

Gert er ráð fyrir iðgjaldi fyrir veitingu ábyrgða í núgildandi lögum og svokallaðri „ábyrgð eftirlifenda“ sem felur það í sér að verði halli á sjóðnum eftir fjögur ár skuli hann greiddur a.m.k. að hluta af þeim fyrirtækjum er þá verða starfandi í fiskeldi. Mikil óánægja hefur verið með þetta fyrirkomulag meðal fiskeldisfyrirtækja.

Hér er gert ráð fyrir að þessu kerfi verði breytt. Lagt er til að stofnuð verði ábyrgðadeild fiskeldis sem verði sérstök deild í Ríkisábyrgðasjóði. Þær breytingar, sem hér er lagðar til á núverandi fyrirkomulagi, eru að öðru leyti eftirfarandi:

- Hin nýja ábyrgðadeild veitir sjálfskuldarábyrgðir ríkissjóðs fyrir allt að 37,5% af verðmæti eldisstofns til viðbótar við lán banka, en Tryggingasjóður fiskeldislána veitir aðeins einfalda ríkisábyrgð.
- Horfið er frá því skilyrði að fyrirtæki hafi samningsbundin viðskipti við banka fyrir a.m.k 37,5% af verðmæti eldisstofns. Í stað þess kemur almennt skilyrði um samningsbundin viðskipti.
- Gert er ráð fyrir „sólarlagsákvæðum“, þannig að ríkisábyrgð fyrir lánum hvers fyrirtækis hverfi á sex árum.
- Ábyrgð „eftirlifenda“ fellur niður.

— Í samræmi við það að hér er verið að veita beinar sjálfsskuldaábyrgðir ríkissjóðs fyrir lánum, er deildin vistuð í Ríkisábyrgðarsjóði og er undir forræði fjármálaráðherra. Um leið er lagt til að Tryggingasjóður fiskeldislána verði lagður niður, enda er hlutverki hans lokið eftir að hin nýja skipan kemst á.

Með þessu fyrirkomulagi er fiskeldi tryggð lánafyrirgreiðsla sem er allt að 75% af verðmæti eldisstofns. Þessi skipan felur því í raun í sér bústofnslán sem nokkur umræða hefur verið um. Fyrirtækjum í greininni er tryggð lánafyrirgreiðsla sem er ákveðið hlutfall af bústofni. Lánafyrirgreiðslan hverfur ekki, nema að stofninn hverfi, t.d. vegna þess að fyrirtæki er að hætta rekstri. Til samanburðar má geta þess að aðrar greinar fá yfirleitt afurðalán sem nemur 75% af birgðum. Þær eru hins vegar annars eðlis þar sem ekki er um bústofn að ræða. Lánin geta því farið niður í núll, ef allar birgðir eru seldar jafnvel þótt viðkomandi fyrirtæki sé áfram í fullum rekstri. Sambærileg lán í fiskeldi væru lán út á slátraðan fisk sem ekki hefði verið seldur. Því er litið svo á að bústofnslán séu hluti af eldislánakerfi því sem hér er gerð tillaga um. Í sérstöku ákvæði um stjórnarnefnd er gert ráð fyrir að hún þurfi að samþykkja kjör og form lána sem sjálfsskuldarábyrgð er veitt út á. Þetta er sjálfsagt ákvæði þar sem tryggja þarf að kjör samrýmist ríkisábyrgð. Um leið opnar þetta ákvæði þann möguleika að lán verði með öðrum kjörum en á hefðbundnum afurðalánakjörum banka, t.d. þannig að vaxtatímabil verði lengri en einn mánuður.

Með þeirri skipan sem hér er lögð til ætti lánamálum fiskeldis að vera betur fyrir komið en nú. Kerfið verður einfaldara og samskipti við bankakerfið ættu að verða auðveldari. Með því að afnema kvöðina um veitingu láns frá banka fyrir 37,5% af eldisstofni er búið í haginn fyrir að lífvænleg fyrirtæki, sem nú standa utan bankaviðskipta, geti komist inn í kerfið, en sum þessara fyrirtækja eru það vel stæð að þau þurfa ekki 75% lánafyrirgreiðslu.

Ljóst er að hafbeit lýtur á margan hátt öðrum lögmálum en eiginlegt fiskeldi og fjármögnunarþarfir þess eru aðrar. Þrátt fyrir þetta er veitt almenn heimild til þess að hafbeitarfyrirtæki geti fengið sjálfsskuldarábyrgðir deildarinnar fyrir lánveitingum banka- og lánastofnana. Skilyrði þess er m.a. að fyrirtækin uppfylli skilyrði um bankafyrirgreiðslu sem krefst þess að bankarnir hanni einhvers konar samningsbundið eldislánakerfi fyrir hafbeit. Áður en til veitingar sjálfsskuldarábyrgða fyrir lántökum hafbeitarfyrirtækja kemur er gert ráð fyrir að stjórnarnefnd deildarinnar móti reglur um veitingu slíkra sjálfsskuldarábyrgða sem samþykkist af fjármálaráðherra í formi reglugerðar. Ákvæðið um hafbeit er heimildarákvæði, en felur ekki í sér kvöð. Hvort þetta ákvæði verður notað mun m.a. byggja á mati stjórnarnefndarinnar skv. 5. gr. laganna.

Til að komast hjá því að fiskeldisfyrirtækin festist til frambúðar í kerfi ríkisábyrgða er ákvæði um að ríkisábyrgð sé að hámarki veitt í sex ár fyrir hvert fyrirtæki, þar af hámark þrjú ár með 37,5% ábyrgð. Miðað við allar fyrirliggjandi rekstraráætlanir fiskeldisfyrirtækja er hér um rúman tíma að ræða. Tryggt er að fyrirtækin fái fjármögnun á erfiðasta hjallanum. Eftir það eiga lífvænleg fiskeldisfyrirtæki auðveldlega að geta fjármagnað fyrirtækin með 37,5% eldislánum frá banka og eigin tekjum.

Gert er ráð fyrir því að sjálfskuldarábyrgðir Framkvæmdasjóðs falli niður samhliða því að ábyrgðadeild fiskeldislána veiti fiskeldisfyrirtækjum sjálfskuldaábyrgðir.

Gert er ráð fyrir því að innheimt verði árlegt iðgjald fyrir veitingu sjálfsskuldarábyrgða á svipaðan hátt og nú er gert. Iðgjaldið verði ákveðið af fjármálaráðherra, að fenginni tillögu stjórnarnefndar. Hins vegar er svokallað „eftirlifendagjald“ fellt niður. Kveðið er á um það í sérstöku ákvæði í 8. gr.

Þar sem hér er gerð tillaga um að ábyrgðadeild fiskeldislána veiti sjálfsskuldarábyrgðir fyrir lánum er talið eðlilegt að hún verði vistuð í Ríkisábyrgðarsjóði. Ríkisábyrgðir má ekki veita nema samkvæmt lögum og venja er að fjármálaráðherra sé ákvörðunaraðili um notkun

þeirra á grundvelli laga. Ekki er vitað um fordæmi þess að fagráðuneyti sé ákvörðunaraðili um veitingu sjálfsskuldarábyrgða ríkissjóðs með þessum hætti.

Stjórnarnefnd gegnir mikilvægu hlutverki í þessum tillögum þar sem gert er ráð fyrir að hún samþykki fyrirtæki inn í kerfið á grundvelli ítarlegs mats á stöðu fyrirtækis, rekstraröryggi og því hvort fyrirtækið hafi rekstrargrundvöll til lengri tíma. Mikilvægt er að sú regla myndist strax í upphafi að ákvörðunum hennar verði ekki hnekkt af ráðherra eða ríkisstjórn. Með þessu móti er dregið úr áhættu ríkissjóðs.

Til að tryggja enn frekar að ekki verði um varanlega ríkisábyrgð á fiskeldi að ræða er gert ráð fyrir að lögin falli úr gildi í árslok 1999. Þetta er í samræmi við þá almennu stefnumörkun að draga úr ríkisábyrgðum í atvinnulífinu. Æskilegt er að fyrir þann tíma verði búið að leysa rekstrarfjármögnunarvanda fiskeldis til frambúðar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að ábyrgðadeildin verði vistuð hjá Ríkisábyrgðasjóði og starfsmenn hans sinni störfum fyrir hana. Þá er gert ráð fyrir að deildin yfirtaki skuldbindingar Tryggingasjóðs fiskeldislána, svo og eignir hans, þegar hún hefur hafið fulla starfsemi. Með þessu ákvæði á að tryggja að ekki verði töf á milli þess að ábyrgðardeild fiskeldislána hefur að fullu hafið starfsemi og þess að Tryggingasjóður fiskeldislána er lagður niður. Ábyrgðadeildin lúti stjórn fjármálaráðherra. Þessi skipan mála þykir eðlileg þar sem deildin mun veita sjálfskuldarábyrgðir ríkissjóðs.

Um 2. gr.

Lýst er hlutverki ábyrgðadeildarinnar en það er að tryggja greiðslu eldislána sem bankar og aðrar lánastofnanir veita eða útvega fiskeldisfyrirtækjum. Deildin veitir sjálfskuldarábyrgð fyrir afurðalánum að hámarki 37,5% af verðmæti birgða til viðbótar eldislánum banka eða annarra lánastofnana. Hámarksafurðalán verði þó ekki hærri en 75% af verðmæti eldisstofns og birgða. Með innlendu fiskeldisfyrirtæki er átt við fyrirtæki sem skráð eru og starfrækt hér á landi. Í greininni er heimildarákvæði varðandi veitingu sjálfsskuldarábyrgða á lánveitingum banka og lánastofnana til hafbeitar.

Um 3. gr.

Lagðar eru hömlur á til hve langs tíma ábyrgð er veitt, en hámarkstími er sex ár. Talið er að innan þeirra tímamarka eigi lífvænleg fiskeldisfyrirtæki að geta búið við eigin fjármögnun og bankafyrirgreiðslu. Þá skulu heimildir til að veita greiðsluábyrgð endurskoðaðar árlega af stjórnarnefnd deildarinnar.

Um 4. gr.

Gert er að skilyrði fyrir veitingu sjálfskuldarábyrgðar að fiskeldisfyrirtæki sé í samningsbundnum eldislánaviðskiptum við banka eða aðrar lánastofnanir og hafi vátryggingar sem fullnægja skilyrðum lánastofnana. Sé ástæða til getur stjórnarnefnd deildarinnar sett frekari skilyrði um vátryggingar. Hér gerð sú mikilvæga breyting frá núverandi skipan að afurðalánaviðskipti við banka fyrir 37,5% af verðmæti eldisstofns verði ekki lengur skilyrði fyrir veitingu greiðsluábyrgðar.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra skipi þriggja manna stjórnarnefnd til þriggja ára í senn og þrjá menn til vara. Stjórnarnefnd fjallar um umsóknir um sjálfskuldarábyrgðir samkvæmt lögunum og afgreiðir þær á grundvelli mats á fjárhagslegri og tæknilegri stöðu fiskeldisfyrirtækja, rekstraröryggi og því að viðkomandi fyrirtæki hafi rekstrargrundvöll til lengri tíma. Stjórnarnefndin skal sjá til þess að kjör lána samrýmist því að um ríkisábyrgð er að ræða. Jafnframt opnar þetta ákvæði þann möguleika að lán verði á öðrum kjörum og með öðru formi en hefðbundin afurðalán, t.d. varðandi vaxtatímabil.

Um 6. gr.

Stjórnarnefnd gerir tillögur um iðgjöld og leggur þær fyrir ráðherra til samþykktar. Gert er ráð fyrir að deildin verði rekinn hallalaus. Gerðar eru tillögur um að ráðstafa tekjuafgangi til greiðslu ábyrgðaskuldbindinga sem falla kunna á deildina. Þá er gert ráð fyrir að Ríkisábyrgðasjóður fjármagni ábyrgðadeildina á þeim tímum er fjárhagsleg geta hennar nægir ekki til greiðslu ábyrgðaskuldbindinganna. Þetta ákvæði er í meginatriðum efnislega samhljóða sams konar ákvæði í núgildandi lögum um Tryggingasjóð fiskeldislána. Hins vegar fellur niður sérstakt áhættugjald sem gert er ráð fyrir í núgildandi lögum.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir að nánari útfærslur verði settar í reglugerð.

Um 8. gr.

Lög um Tryggingasjóð fiskeldislána falla úr gildi 1. júlí 1990. Með þessu móti á að vera tryggt að Tryggingasjóðurinn starfi áfram þar til ábyrgðadeild fiskeildislána hefur hafið fulla starfsemi. Hins vegar þykir þörf á að fella nú þegar úr gildi ákveðin ákvæði laga um Tryggingasjóð fiskeldislána, einkum varðandi áhættuiðgjald. Til samræmis við framtíðarskipan þessara mála er gert ráð fyrir að útgefnar skuldaviðurkenningar vegna áhættugjalds falli úr gildi.

Sþ. **475. Skýrsla** [266. mál]

menntamálaráðherra um málræktarátak 1989.

(Lögð fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

Inngangur

Forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir, hvatti landsmenn í áramótaávarpi til að hlúa að máli sínu og sýna því ræktarsemi. Þetta varð kveikjan að hugmynd menntamálaráðherra um átak í málrækt. Hann kallaði saman nokkurn hóp manna á fyrstu mánuðum ársins og bað þá að gera grein fyrir áliti sínu á stöðu íslenskrar tungu og hvað gæti orðið henni til framdráttar.

Menntamálaráðuneytið sendi frá sér fréttatilkynningu hinn 28. mars 1989 (fylgiskj. 1) þar sem dregið er saman það helsta sem kom fram í áliti hópsins. Þar segir svo um stöðu íslenskrar tungu:

Margir hafa nú vaxandi áhyggjur af íslenskri tungu. Ber þar margt til:

a. Þjóðfélagshættir, sem tungan er svo mjög bundin, hafa breyst og ungt fólk í nútímaborgarsamfélagi virðist eiga í erfiðleikum með að tileinka sér hefðbundinn íslenskan orðaforða, orðtök, málshætti, talshætti o.fl.

b. Æ fleiri sækja menntun til annarra þjóðfélaga og tileinka sér starfsreynslu á erlendum málum og orðaforða þar að lútandi.

c. Fjölmiðlun eykst að umfangi og hún verður sífellt alþjóðlegri, og erlendar stöðvar skjóta rótum.

d. Mjög einhæfur og sterkur straumur berst frá enskri tungu og menningu.

e. Móðurmálskennsla virðist ekki skila jafngóðum árangri og vænta mætti.

f. Starfshættir og viðhorf þeirra sem mest hafa beitt sér í málræktarstarfi virðast ekki eiga greiða leið að ungu fólki.

Með þessi atriði í huga — og það að íslensk tunga er einn helsti grundvöllur menningarstarfsemi í landinu — hyggst menntamálaráðuneytið standa fyrir sérstöku *málræktarátaki* á þessu ári. Átakið beinist að þremur höfuðþáttum:

1. Að efla þá málræktarstarfsemi sem fyrir er.

2. Að efna til herferðar í skólum og fjölmiðlum á síðari hluta þessa árs til að auka veg móðurmálsins.

3. Að standa fyrir lagabreytingum og verkefnum í málrækt.

Ákveðið var að ráða mann í hlutastarf til að hafa yfirumsjón með þeim málum sem unnið er að í samvinnu við verkefnisstjórn.

2. apríl var Guðmundur B. Kristmundsson lektor ráðinn til að gegna starfi verkefnisstjóra átaksins. Verkefnisstjórn var skipuð með bréfi hinn 28. apríl 1989. Henni var falið fjórþætt hlutverk:

1. Að gera tillögur um helstu verkefni átaksins.
2. Að veita ráðgjöf um framkvæmd átaksins.
3. Að samræma hugmyndir sem verkefnisstjórn kynnu að berast.
4. Að aðstoða verkefnisstjóra við framkvæmd verksins.

Verkefnisstjórn skipuðu eftirtaldir menn:

Guðrún Halldórsdóttir skólastjóri

Heimir Pálsson deildarstjóri

Hrönn Hilmarsdóttir nemi í íslensku og fulltrúi ÆSÍ í verkefnisstjórn

Kristín Jóhannesdóttir kvikmyndaleikstjóri

Kristján Árnason dósent

Margrét Vallý Jóhannsdóttir fóstra

Matthías Johannessen ritstjóri

Ólína Þorvarðardóttir fréttamaður

Ólöf Þorvaldsdóttir auglýsingahönnuður

Sigurður Konráðsson dósent

Steingrímur Þórðarson framhaldsskólakennari

Þórdís Mósesdóttir grunnskólakennari

Þórunn Blöndal framhaldsskólakennari

Verkefnisstjórn hélt fyrsta fund sinn 24. apríl 1989. Fundir stjórnarinnar urðu 13, auk þess komu smærri hópar stjórnarmanna saman til funda.

Fyrsta verk stjórnarinnar var að skilgreina hlutverk sitt, átta sig á umfangi verksins og semja drög að verkefnaskrá. Stjórn og verkefnisstjóra varð fljótlega ljóst að hér var um mikið starf að ræða og átakið varð að snerta hvern þjóðfélagsþegn. Markhópurinn var því ekki afmarkaður eins og yfirleitt er þegar áróðri eða tilmælum er beint til fólks. Stjórnin varð að hafa tvennt í huga, breidd markhópsins og það að dreifa kröftunum ekki um of svo lítið yrði úr verki á öllum vígstöðvum.

Skipta má aðgerðum í þrjá meginflokka þó naumast séu skörp skil á milli þeirra:

1. Hvatningar og tilmæli

2. Fræðsla

3. Rannsóknir og fræðistörf

Verkefnisstjórn lauk störfum 30. nóvember 1989 og skilaði skýrslu þann dag. Hér á eftir verður gerð nokkur grein fyrir störfum verkefnisstjórnar og verkefnisstjóra. Einnig verður fjallað um stöðu íslensks máls og hvernig að því er búið og settar fram tillögur að viðfangsefnum sem varða málrækt og nauðsynlegt er að hrinda í framkvæmd að mati verkefnisstjóra og stjórnarmanna.

1. Málvernd, málhreinsun, málvöndun, málrækt

Áhugi Íslendinga á máli sínu kemur víða fram í fornum ritum. Menn virðast fara að hugsa um málrækt jafnskjótt og þeir fara að greina málið sem sérstakt tungumál. Nægir þar að nefna höfund Fyrstu málfræðiritgerðarinnar, Snorra Sturluson, Ólaf Þórðarson hvítaskáld og Guðbrand Þorlaksson biskup. Allir hafa þeir lagt íslensku máli ómetanlegt lið.

Nútíminn í sögu íslenskrar málræktar hefst á 19. öld. Síðan hefur ýmislegt verið rætt og ritað um íslenska tungu. Hugtökin *málvernd, málhreinsun, málvöndun* og *málrækt* hafa verið mönnum töm á tungu. Það er þó fátt um skilgreiningar á þessum hugtökum og því erfitt að átta sig á hvað nákvæmlega er átt við þegar þau eru notuð. Þó má ráða af notkun þeirra að í hugtakinu málvernd felist að málið skuli verndað frá öllu sem kann að spilla því. Einnig má skilja það svo að okkur beri að varðveita málið og forða því frá breytingum. Þegar rætt er um málhreinsun virðist hins vegar lögð sú merking í hugtakið að þegar hafi margt óæskilegt borist inn í málið og því beri að eyða úr málinu öllu því sem þar á ekki heima samkvæmt þeim reglum sem miðað er við. Í málvöndun virðist felast bæði málvernd og málhreinsun. Auk þess nær hún til þess að vanda beri alla málnotkun. Hugtakið tengist því fremur málnotanda sem persónu en tvö hin fyrstnefndu. Málrækt er það hugtak sem er víðtækast og jafnframt einna óljósast. Menn virðast sætta sig einna best við það nú um stundir. Það er ef til vill vegna þess að hljómur þess er jákvæður, það bendir til vaxtar og þroska. Málrækt virðist ná til margs þess sem fyrrnefndu hugtökin hafa að geyma en auk þess felst í því viðleitni til málbóta með hvaða hætti sem er.

Aðstandendur þess átaks sem hér er gerð grein fyrir tóku mið af síðasttalda hugtakinu. Þeir hafa kostað kapps um að stefna umræðu um íslenskt mál og málrækt inn á jákvæðar brautir og leitast við að vekja áhuga þjóðarinnar á máli sínu og hlutverki þess. Þessi afstaða hefur mælst vel fyrir og vakið nokkra athygli. Ef til vill hefur náðst til stærri hóps vegna hennar.

Reynt hefur verið að höfða til hvers Íslendings sem málnotanda og málræktanda. Bent hefur verið á að sá sem ræktar mál sitt verður að hafa þrennt í huga:

Í fyrsta lagi gerir hann sér grein fyrir því að málið er menningararfur sem honum ber að afhenda þeirri kynslóð sem tekur við. Það er honum metnaðarmál að sá arfur hafi vel ávaxtast í umsjá hans og sé ekki rýrari en þegar hann tók við honum. Hann gerir sér einnig grein fyrir því að þessi menningararfur á stærstan þátt í því að hann telur sig Íslending, alinn upp í íslenskri menningu og íslenskri hugsun.

Í öðru lagi gerir hann sér grein fyrir því að málið er miðill og tæki til samskipta. Með því geta menn fræðst af öðrum, frætt aðra, skipst á skoðunum, deilt og tjáð tilfinningar sínar. Þannig getur hann haft áhrif á umhverfi sitt, þjóð sína og samferðamenn og verið virkur þátttakandi í lýðræðisþjóðfélagi.

Í þriðja lagi gerir hann sér grein fyrir því að málið hjálpar honum til að koma skipan á hugsun sína, gera honum grein fyrir því sem hann kann og hvað hann kann ekki og hvers hann þarfnast. Því betur sem hann ræktar mál

sitt og verður færari um að beita því á hugsun sína, þeim mun betur nýtir hann það sem honum hefur hlotnast í andlegum efnum. Á þennan hátt tengir málið manninn við sjálfan sig, umhverfi sitt og þjóð sína.

Málið leikur þvílíkt hlutverk í lífi þjóðar og einstaklinga að það væri óbætanlegt skemmdarverk ef við höfnuðum því á einhvern hátt, til dæmis með því að gleyma hlutverki þess og því að það er eins og gróður sem sífellt þarf næringu og umönnun.

2. Málrækt 1989 — helstu viðfangsefni

2.1 Hvatningar og tilmæli

Umræða um íslenskt mál er oft neikvæð. Menn reyna að finna það sem að er í máli en geta þess ekki sem vel er sagt. Verkefnisstjórn telur að þessar aðferðir séu ekki vel til þess fallnar að auka trú manna á sjálfum sér sem málnotendum og áhuga þeirra á málinu. Því var jákvæðum tilmælum beint með ýmsu móti til Íslendinga um að hugsa um mál sitt, vanda það og njóta þess að tala það. Merki málræktarátaksins var og valið með það fyrir augum að þar væri gefinn glaðlegur tónn í umræður.

2.1.1 Ávarp forseta Íslands

Forseti hóf málræktarátak 17. júní 1989 á tilmælum til þjóðarinnar. Þau voru birt í flestum stærstu fjölmiðlum landsins. Velvilji þeirra sýndi þá þegar hvern hug fjölmiðlamenn báru til átaksins.

Ávarpið vakti mikla athygli og varð til þess að ýmsir höfðu samband við verkefnisstjóra og komu á framfæri góðum athugasemdum og tillögum.

2.1.2 Hvatningarorð í fjölmiðlum

Málrækt 1989 birti í sumar í blöðum, útvarpi og sjónvarpi stuttar almennar ábendingar í málfarsefnum, svonefnd *örskot*. Þetta mæltist vel fyrir og allmargir foreldrar höfðu orð á því að ábendingarnar hefðu orðið tilefni til umræðna á heimilum. Þá mátti heyra í þær vitnað í fjölmiðlum. Ef til vill ætti að halda þessu áfram.

2.1.3 Tilmæli til bæjar- og sveitarstjóra

Málrækt 1989 sendi bæjar- og sveitarstjórum bréf, kynnti átakið og fór fram á aðstoð. Mælst var til þess að minnst yrði á mikilvægi málsins í ávarpi 17. júní og það markaði upphaf átaksins í öllum byggðum landsins.

2.1.4 Tilmæli til starfsfólks skóla og dagvista

Skólastjórum og forstöðumönnum dagvista var sent bréf með tilmælum um að halda móðurmálsviku dagana 23.–27. október. Þar með hófst mikið starf sem lauk í umræddri viku og vakti verðskuldaða athygli. Nánar verður fjallað um móðurmálsviku síðar í þessum kafla.

2.1.5 Tilmæli til fræðslustjóra

Verkefnisstjóri kom á fund fræðslustjóra sem haldinn var í Borgarnesi í september. Þar fór hann þess á leit við þá að þeir hvettu skóla til að taka þátt í móðurmálsviku og sinna málrækt svo sem kostur væri. Þeir tóku málaleitan vel og hafa sýnt áhuga sinn í verki.

2.1.6 Hvatningarorð á umbúðum

Plastprent hf fór þess á leit við Málrækt 1989 að fyrirtækið fengi að prenta hvatningarorð á plastpoka ásamt merki Málræktar. Ýmis fyrirtæki kostuðu prentunina og var þeirra getið á umbúðunum.

Plastos hf hafði samband við Málrækt og fór fram á að birta á umbúðum hvatningarorð í þágu málræktar. Viðskiptavinir fyrirtækisins höfðu farið fram á þetta. Svo virðist nú sem ýmsir telji það bæta ímynd fyrirtækis ef það sinnir tungunni. Ýmsar auglýsingar sem birst hafa undanfarna mánuði staðfesta þetta. Dæmi eru um að fyrirtæki hafi birt beygingu á nafni sínu í auglýsingu eða komið fram með nýtt íslenskt heiti á vöru sem almennt hefur borið erlent heiti.

2.1.7 Barnabókavika Félags íslenskra bókaútgefenda og Ríkisútvarpsins

Ríkisútvarpið, Félag íslenskra bókaútgefenda og menntamálaráðuneytið efndu í samvinnu við Málrækt 1989 og fleiri aðila til barnabókaviku í útvarpinu dagana 22.–28. október. Vikan var í tengslum við móðurmálsviku í skólum. Fjöldi barna og fullorðinna kom í útvarpshúsið við Efstaleiti þessa viku og útvarp og sjónvarp fluttu mikið efni fyrir börn og fullorðna um börn og bækur. Bókasöfn í landinu lögðu sérstaka áherslu á að laða börn að bóklestri. Þótti þetta vel takast og er stefnt að því að efna til slíkra daga aftur.

Menntamálaráðuneytið og Félag íslenskra bókaútgefenda efndu til ritgerðasamkeppni í grunnskólum af tilefni málræktarátaks og barnabókaviku.

2.2 Fræðsla

Stór þáttur í starfi Málræktar 1989 fólst í fræðslu. Hér verður reynt að geta þess helsta sem fram fór á þeim vettvangi. Ekki verður getið fjölmargra viðtala og fámennra fræðslufunda þar sem fjallað var um málrækt og máluppeldi.

2.2.1 Blaðagreinar um stofnanir

Síðastliðið sumar voru birtar í blöðum greinar um þær stofnanir sem annast rannsóknir á íslensku máli og ýmsa þjónustu í málfarsefnum. Greinarnar fjölluðu um Stofnun Árna Magnússonar, Íslenska málstöð og Orðabók Háskóla Íslands. (Sjá dæmi á fylgiskjali 3.) Einnig var birt grein um nýskipan íslenskunáms í Háskóla Íslands.

2.2.2 Réttritunarorðabók

Námsgagnastofnun og Íslensk málnefnd gáfu út Réttritunarorðabók handa grunnskólum. Íslensk málstöð sá um útgáfuna. Ákveðið var að Málrækt 1989 og Námsgagnastofnun gæfu öllum 11 ára börnum í landinu þessa bók. Þessi gjöf mæltist afar vel fyrir og reynslan, sem þegar hefur fengist af þessari ráðstöfun, bendir til þess að ef til vill ættu yfirvöld að stefna að því að gefa einum árgangi í skólum bók á ári hverju.

2.2.3 Hlustendaþáttur í útvarpi

Málrækt 1989 og Ríkisútvarpið stóðu fyrir því að einu sinni í viku var *Þjóðarsálin* á rás 2 lögð undir íslenskt mál. Var sá háttur hafður á í 10 vikur. Mjög mikið var hringt til umsjónarmanns og komust færri að en vildu. Ljóst er að þörf er á þjónustu af þessu tagi en ef til vill væri hentugra að hlustendur gætu hringt til umsjónarmanns fyrir útsendingu svo betra færi gæfist á að svara spurningum þeirra.

2.2.4 Bibba á Brávallagötunni
Aðstandendur Málræktar 1989 ákváðu að gera tilraun með gamanþætti um íslenskt mál fyrir útvarp. Tuttugu þættir voru samdir og sendir út á haustmánuðum. Markmiðið með þessum þáttum var að ná til fólks sem að jafnaði hlustar ekki á leiðbeiningarþætti um íslenskt mál. Þættirnir áttu að vera í senn hvatning og kennsla.

Mikið var talað um þessa þætti manna í milli og sýndist sitt hverjum. Þó eru ánægjuraddir mun fleiri og ýmislegt bendir til þess að þetta hafi heppnast vonum framar. Það er full ástæða til að mæla með því að vinsælir skemmtikraftar verði fengnir til liðs við málræktarmenn í framtíðinni.

2.2.5 Móðurmálsátak kennara
Málrækt 1989, Kennaraháskóli Íslands, kennslumiðstöð Námsgagnastofnunar, skólaþróunardeild menntamálaráðuneytisins, Samtök móðurmálskennara, Fóstrufélag Íslands, Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis og Fræðsluskrifstofa Reykjanessumdæmis efndu til móðurmálsátaks fóstra og kennara í grunn- og framhaldsskólum dagana 28.–30. ágúst. Dagskráin var liður í undirbúningi fyrir móðurmálsviku. Húsfyllir var dag hvern og ætla má að um 800 manns hafi sótt fræðslufundi. Hlutar úr dagskrá voru fluttir á haustþingum kennara og verkefnisstjóri heimsótti öll fræðsluumdæmi.

Fyrirlestrar verða gefnir út á næstunni í Skímu, blaði Samtaka móðurmálskennara. Málrækt 1989 styrkir þá útgáfu. Stefnt er að því að senda öllum skólum og ýmsum opinberum stofnunum eintak af blaðinu án endurgjalds.

2.2.6 Fundir verkefnisstjóra
Verkefnisstjóri var beðinn um að halda fyrirlestra um málrækt og málræktarátak víða um land. Hann heimsótti kennara í öllum fræðsluumdæmum og flutti fyrirlestra á þingi Félags skólastjóra fámennra skóla, fundi skólastjóra á Vesturlandi og ræddi málræktarátak og móðurmálsviku á fundi fræðslustjóra. Þá hefur hann haldið erindi á fundum foreldrafélaga bæði í grunnskólum og á dagvistum. Nokkur félagasamtök hafa haft samband við verkefnisstjóra og beðið hann að koma á fundi. Þá hafa einstaklingar og smærri hópar haft samband við hann og beðið um ábendingar og leiðsögn.

2.2.7 Barnabókavika
Áður er getið barnabókaviku Félags íslenskra bókaútgefenda, Ríkisútvarpsins, Málræktar 1989 og fleiri. Á vegum hennar fór fram fræðsla um börn og bækur, bæði í útvarpi og sjónvarpi. Meðal annars voru á dagskrá útvarps sex fyrirlestrar um börn og bækur og sýndur var í sjónvarpi þáttur um sama efni. Þá var á dagskrá ýmiss konar efni handa börnum um lestur bóka. Þar tók Barnaútvarpið virkan þátt í umræðunni. Nánari upplýsingar um barnabókaviku er að finna í greinargerð Guðna Olgeirssonar námstjóra (fylgiskj. 2).

2.2.8 Móðurmálsvika í skólum og dagvistum
Áður er getið móðurmálsviku í skólum og dagvistum. Hún var haldin í flestum skólum og dagvistum dagana 23.–27. október. Ætla má að um 40.000 börn og unglingar hafi tekið þátt í málræktarstarfi þessa viku og ljóst er af samtölum við ýmsa foreldra að íslenskt mál hefur verið áberandi umræðu-

efni á heimilum þessa viku.

Verkefnisstjóra hafa borist ýmis gögn úr skólum sem greina frá afar fjölþættu og áhugaverðu málræktarstarfi. Skólar hafa nú verið beðnir um að senda fræðsluskrifstofum lýsingar af starfinu þessa viku. Þess er vænst að það geti orðið vísir að eins konar málræktarbanka á fræðsluskrifstofum. Skólar geta þá sótt þangað hugmyndir að verkefnum þegar þörf er á.

2.2.9 Bæklingur um málþroska og máluppeldi ungra barna

Lítill bæklingur um máluppeldi barna frá fæðingu til fimm ára mun koma út í desember. Þess er vænst að hann geti orðið foreldrum að góðu gagni. Það er nú viðurkennd staðreynd að máluppeldi ungra barna ræður afar miklu um gengi þeirra síðar á lífsleiðinni. Því miður hefur því verið allt of lítill gaumur gefinn til þessa. Foreldrar verða að eiga kost á fræðslu um málörvun og máluppeldi og þær stofnanir sem mennta fóstrur, þroskaþjálfa og kennara verða að geta sinnt þessum málum af kostgæfni, bæði í endurmenntun og grunnnámi.

2.3 Rannsóknir og fræðistörf

Eitt af hlutverkum Málræktar 1989 var að styrkja það málræktarstarf sem fyrir er í landinu og hvetja til rannsókna á sviði málræktar. Í ljós kom að töluverður áhugi er á rannsóknum á móðurmáli og huga þarf vel að því í framtíðinni hvernig unnt er að styðja við bakið á fræðimönnum. Vænta má mikils af málræktarsjóði sem nú er verið að stofna á vegum Íslenskrar málnefndar. Hér á eftir er getið þeirra verkefna sem Málrækt 1989 styrkir.

2.3.1 Tíðniorðabók

Á Orðabók Háskóla Íslands er nú verið að vinna að því að taka saman svokallaða tíðniorðabók. Um 500.000 orð verða greind í orðflokka og beygingarmyndir. Upphaf hverrar setningar verður merkt og greiningaratriðin skráð á þann hátt að möguleikar verði opnir fyrir margs konar úrvinnslu, ekki aðeins varðandi stök orð heldur einnig varðandi orðasambönd, heilar setningar og frásagnir. Gerð verða yfirlit yfir tíðni orða og málfræðiatriða og samantektir af ýmsu tagi. Þegar hefur verið samið tölvuforrit sem notað verður til að greina orðin, orðflokka þeirra, beygingarmyndir og fallstýringu.

2.3.2 Málefli

Fjórir höfundar eru að gera tilraun með þyngdargreint námsefni handa nemendum framhaldsskóla. Undanfarin ár hefur nemendum framhaldsskóla fjölgað mjög og nú fer stór hluti hvers árgangs í framhaldsskóla að loknu námi í grunnskóla. Þetta veldur því að mikil þörf er á námsefni sem hentar hópi nemenda með misjafna kunnáttu í móðurmáli. Þetta er í fyrsta sinn sem námsefni af þessu tagi er reynt í móðurmáli hér á landi.

2.3.3 Handbók um talmál og máluppeldi

Nú er verið að taka saman handbók um talmál og máluppeldi handa fóstrum, kennurum, kennara- og fóstrunemum, foreldrum og öðrum uppalendum. Í bókinni verða almennar, fræðilegar og hagnýtar upplýsingar um mál-

töku barna, málörvun og kennslu talaðs máls í forskóla og á grunnskólastigi. Tilgangurinn er sá að efla með þessu ræktun íslenskrar tungu og auðvelda fólki að sinna um máluppeldi.

2.3.4 Rannsókn á töluðu máli og mállýskum
Um nokkurt skeið hefur staðið yfir rannsókn á talmáli og mállýskum. Um er að ræða afar umfangsmikið verk sem veita mun dýrmætar upplýsingar um talað mál og breytingar sem orðið hafa á því undanfarið. Niðurstöður úr þessari rannsókn hafa þegar verið birtar að hluta en nauðsynlegt er að henni fari að ljúka.

2.4 Samstarf
Málrækt 1989 átti gott samstarf við margar stofnanir og einstaklinga. Sá árangur sem kann að verða af átakinu er ekki síst þessari samvinnu að þakka. Hér verður ekki gerð grein fyrir öllum sem komu við sögu en einungis nefndar fáeinar stofnanir.

2.4.1 Menntamálaráðuneyti
Málrækt 1989 hefur verið í góðu samstarfi við starfsfólk menntamálaráðuneytis og notið þar velvilja og góðrar fyrirgreiðslu.

2.4.2 Kennaraháskóli Íslands
Starfsmenn Kennaraháskólans hafa með ýmsu móti lagt Málrækt 1989 lið. Einkum má nefna móðurmálsátak sem áður er getið. Þar tóku kennarar virkan þátt í starfinu og fluttu fyrirlestra og kenndu á fræðslufundum um málrækt, bæði í Reykjavík og úti á landi. Þá hefur verkefnisstjóri notið mikils velvilja í stofnuninni og starfsfólk ætíð verið reiðubúið til aðstoðar.

2.4.3 Námsgagnastofnun
Námsgagnastofnun tók virkan þátt í móðurmálsátaki sem áður er getið. Hún átti einnig drjúgan þátt í því að unnt var að gefa 11 ára börnum Réttritunarorðabók. Þá hefur stofnunin tekið að sér að annast útgáfu á handbók um talað mál og máluppeldi.

Starfsmenn kennslumiðstöðvar hafa unnið óeigingjarnt starf í þágu Málræktar.

2.4.4 Íslensk málstöð
Verkefnisstjóri hefur setið nokkra fundi hjá Íslenskri málstöð. Þar hefur meðal annars verið rætt um málræktarstarf almennt og hvernig unnt sé að styrkja það. Væntanlegan málræktarsjóð hefur mjög borið á góma í þeim umræðum og menn hafa velt fyrir sér hlutverki hans og rekstri.

2.4.5 Æskulýðssamband Íslands
Stjórn Æskulýðssambands Íslands hafði þegar sett málrækt á stefnuskrá sína þegar verkefnisstjórn Málræktar var skipuð. Málrækt styrkti framtak hennar svolítið og birti hún hvatningarorð í fjölmiðlum í sumar og stóð fyrir samkeppni í grunnskólum um slagorð og myndir í þágu málræktar.

2.4.6 Fræðsluvarp
Framkvæmdastjóri fræðsluvarps lét taka upp umræðuþátt um málrækt sem var sýndur í sjónvarpi. Allmargir þættir um íslenskt mál voru gerðir á vegum Fræðsluvarps á síðasta ári. Voru þeir ýmist fyrir útvarp eða sjónvarp. Nokkrir sjónvarpsþáttanna voru endursýndir í október. Það er augljóst að Fræðsluvarp getur gegnt veigamiklu hlutverki í málrækt og máluppeldi þjóðarinnar.

2.4.7 Félag íslenskra bókaútgefenda
Málrækt átti gott samstarf við Félag íslenskra bókaútgefenda, einkum í sambandi við barnabókaviku sem áður er getið. Félagið er 100 ára um þessar mundir og hélt upp á afmælið með þeim hætti sem áður er lýst og kemur fram í fylgiskjali 2.

2.4.8 Ríkisútvarp, hljóðvarp og sjónvarp
Málrækt 1989 var ætíð vel tekið í ríkisfjölmiðlunum og áttu þeir eflaust töluverðan þátt í því hve greiðlega gekk að koma tilmælum og fræðslu á framfæri. Ríkisútvarpið átti einnig drjúgan þátt í barnabókaviku og margir starfsmenn unnu þar mikið og gott starf.

2.4.9 Aðrir fjölmiðlar
Málrækt átti gott samstarf við ýmsa fjölmiðla og þeir sýndu málræktarstarfinu áhuga. Dagblöð, útvarp og sjónvarp birtu hvatningarorð Málræktar endurgjaldslaust og fjölluðu töluvert um málræktarstarf. Ekki verður annað séð en að á fjölmiðlum starfi margt fólk sem áhuga hefur á máli sínu og vill því vel.

2.5 Skýrsla
Skýrslu þessa sömdu verkefnisstjórn og verkefnisstjóri. Þar sem Kristján Árnason dósent hvarf af landi brott meðan á skýrslugerð stóð var Eiríkur Rögnvaldsson dósent fenginn til liðs við verkefnisstjórn og samdi hann kafla 3.5 um Háskóla Íslands.

3. Móðurmál og skólastarf

3.0 Námsgreinin móðurmál

Í íslenskum skólum er unnið merkilegt málræktarstarf og má í meginatriðum segja að öll móðurmálskennsla sem þar fer fram lúti með einum eða öðrum hætti markmiðum málræktar. Í þeim köflum sem hér fara á eftir er hins vegar lögð á það áhersla að benda á með hvaða móti helst sé unnt að styrkja máluppeldi skólanna og auðvelda kennurum að gegna hlutverki sínu sem uppalendur á þessu sviði sem öðrum.

Þegar spurt er um markmið og inntak námsgreinarinnar móðurmáls í íslenska skólakerfinu verður stundum fátt um svör. Yfirleitt virðist ekki horft á hana sem samfellt ferli heldur fremur sem aðskilin ferli eins og fram kemur í því að samin er sérstök námskrá fyrir grunnskóla og önnur handa framhaldsskólum en uppeldisáætlun dagvistanna ætlað að duga fyrir grunninn. Svipuð tilhneiging kemur fram í viðhorfum margra kennara og fjölda annarra sem líta á námsgreinina móðurmál sem tvær aðskildar greinar, íslenska málfræði og íslenskar bókmenntir.

Hið eiginlega uppeldi til máls fer fram á heimilum, í leikskóla (dagvist), grunnskóla og framhaldsskóla og verður að vera samfellt.

Eðlilegt væri að gera greinarmun á tvenns konar námslengd í grunn- og framhaldsskólum. Annars vegar er ljóst að samkvæmt grunnskólalögum gildir hér níu ára skólaskylda. Hins vegar er ljóst að samkvæmt lögum um ýmsar iðngreinar og aðrar starfsgreinar, sem og lögum um sérskóla og háskóla, gildir einnig 11–13 ára námsskylda. Ekki skiptir máli greinarinnar vegna hvað þessi námsskylda skiptist á margar skólastofnanir heldur að horft sé á námið sem samfellu.

Ljóst er að námsgreinin móðurmál hefur mikla sérstöðu í skólum. Sumt af því orðaði Matthías Jónasson ágætlega þegar hann sagði í bók sinni *Nám og kennsla* árið 1971 (bls. 240):

> Móðurmálið er einstætt meðal annarra námsgreina. Barnið er enginn byrjandi í því, þegar það kemur fyrst í skóla. Daglegt mál leikur því á tungu. Það hefir vald á öllum tilbrigðum samræðunnar: að spyrja, hlusta, svara og lýsa hlut eða atburði í orðum. Áreynslulaust myndar það formréttar setningar og flóknar málsgreinir. Sambærileg þekking í hverri annarri námsgrein myndi kosta langvarandi kennslu og stranga þjálfun. Í annan stað er móðurmálið kennslumál skólans; á því fara fram samtöl nemenda og kennara, á því eru skráðar flestar kennslubækur — eða að minnsta kosti skýringar við efni þeirra — og loks beita nemendur móðurmálinu til að setja fram úrlausnir sínar.

Reyndir móðurmálskennarar geta bætt ýmsu við um þessa sérstöðu en mikilvæg sýnist sú afleiðing hennar að allir geta haft meira og minna rökstudda skoðun á því hvernig kenna beri greinina. Þetta er raunar sérstaða sem oft hefur reynst óþægur ljár í þúfu þegar bryddað hefur verið upp á nýjungum í móðurmálskennslu hérlendis því engar aðrar námsgreinar hafa mátt sæta sambærilegum fordómum. Á sama hátt er líklega oftar spurt í kennslustund-

um í móðurmáli en öðrum námsgreinum hvers vegna sé eiginlega verið að kenna þetta. Skýringin er vitanlega sú að allir hafa á tilfinningunni að þeir kunni móðurmálið og ættu því ekki að þurfa neina kennslu í því.

Þá skal og á það bent að til þess að nauðsynleg samfella og heild skapist í námi verða kennarar annarra námsgreina en móðurmáls að gera sams konar kröfur um málnotkun og vandaðan frágang máls (t.d. stafsetningu) og eðlilegt þykir að gera innan greinarinnar sjálfrar. Það verður þverbrestur í uppeldi ef nemendur venjast á þá hugsun að það sé eingöngu í móðurmálstímum eða „íslenskustílum" sem rækt þurfi að leggja við málið og meðferð þess; í öðrum greinum megi láta vaða á súðum.

Menntamálaráðuneytið þarf því að hafa forgöngu um að kennarar og sérfræðingar semji heildstæða námskrá sem taki til alls þroskaferilsins frá leikskóla til loka framhaldsskóla. Takist vel til ættu um leið að fást skynsamlegar ábendingar um röð námsþátta og vægi einstakra hjálpargreina (t.d. málfræði, málsögu, setningafræði, stílfræði, bókmenntafræði, bókmenntasögu o.s.frv.) á hverju skólastigi. Jafnframt væri eðlilegt að ráðuneytið legði ríka áherslu á að *allir kennarar eru móðurmálskennarar.*

3.1 Leikskóli

3.1.1 Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili — markmið og leiðir

Í júní 1982 skipaði menntamálaráðherra nefnd til að semja áætlun um uppeldisstörf á dagvistarheimilum, sbr. lög nr. 40/1981. Þar segir svo m.a.:

> Starfsáætlunin skal byggja á fræðilegum grunni í samræmi við þá þekkingu sem menn hafa á barnasálfræði og uppeldissfræði og með hliðsjón af álitsgerðum sem hafa verið lagðar fram af ýmsum aðilum sem ráðuneytið hefur leitað álits hjá.

Árið 1985 var svo gefin út á vegum menntamálaráðuneytisins *Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili. Markmið og leiðir.*

Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili er fyrsta ritið er menntamálaráðuneytið hefur látið gera sem er ætlað að vera grundvallarrammi um innra starf á dagvistarheimilum, námskrá fyrir dagvistarheimili.

Nefndin lagði til að unnið yrði áfram að gerð fræðsluefnis fyrir starfsfólk og foreldra. Árið 1987 gaf menntamálaráðuneytið út *Uppeldisáætlun sem leiðarvísir. Fylgirit með uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili.* Tilgangur ritsins var fyrst og fremst sá að vekja starfsfólk til umræðu um meginþætti uppeldisstarfsins á dagvistarheimilum. Árið 1989 kom svo út *Myndsköpun ungra barna. Frá kroti til táknmyndar* og er nánari útfærsla á því sem sett er fram um myndsköpun í uppeldisáætluninni.

3.1.2 Mál og málörvun

Í kaflanum um mál og málörvun er fjallað um málið sem boðskiptatæki og segir þar m.a.: „Málþroski og vitþroski eru samofnir þroskaþættir sem hafa gagnkvæm áhrif. Í frumbernsku og á forskólastigi er lagður grundvöllur að málþroska barna. Er því ljóst að á þessu sviði gegna dagvistarheimili miklu hlutverki."

a) *Samtöl.* Sérstök áhersla er lögð á þörf barnanna fyrir að tala við aðra um

hluti og atburði. Þau segja frá því sem þeim er hugleikið og túlka verk sín með orðum, einnig er lögð áhersla á leikræna tjáningu og spuna.

Í undirbúnum samtals- og samverustundum skal miðla skipulögðu fræðsluefni, jafnframt skal sjá til þess að öllum börnum gefist kostur á að tjá sig og leggja sitt til málanna.

b) *Bókmenntir.* Lögð er áhersla á barnabókmenntir og þroskandi hlutverk þeirra en þær eru mikilvægt hjálpartæki í málörvun barnanna. Í uppeldisstarfinu skulu ævintýri, þulur og kvæði skipa veglegan sess.

c) *Lestur.* Þeim áhuga sem börn á forskólaaldri fá smám saman fyrir bókstöfum og texta bóka ber fóstrum að halda við og örva. Bent er á að svokölluð LTG-aðferð sé mjög í samræmi við þá stefnu sem lögð er til grundvallar uppeldisstarfinu á dagvistarheimilum þar sem áhersla er lögð á frumkvæði, virkni og áhuga barnsins.

3.1.3 Máluppeldi á dagvistarheimilum.

Víða á dagvistarheimilum er lögð sérstök áhersla á markvisst máluppeldi. Þar er fyrst og fremst unnið með mál og hugsun barna og þannig eru þau undirbúin á kerfisbundinn hátt undir frekara nám. Í upphafi leitast fóstrur við að greina uppeldisumhverfi barnanna. Kennsluaðferðir fóstra taka mið af leik og starfi barnahópsins og byggja á forsendum einstaklingsins.

Þjóðsögur, þulur, kvæði og ævintýri eru vinsæll efniviður. Þessi verk vekja áhuga barnanna auk þess sem þau orð, orðasambönd og merkingar orða er þar koma fyrir verka hvetjandi á ímyndunaraflið. Forvitni vaknar og þar með löngun til að vita meira. Nauðsynlegur þáttur ferlisins eru umræður um það sem lesið er og börnin eru hvött til að spinna áfram út frá eigin skilningi og getu. Fóstran skráir samtöl og hugmyndir barnanna jafnóðum. Textinn er svo lesinn fyrir þau strax. Börnin fylgjast með þegar fóstran skráir textann og smám saman uppgötva þau að hver stafur hefur sitt hljóð og hvert orð er samsett úr ákveðnum hljóðum. Börnin uppgötva að hægt er að geyma samtöl og hugmyndir í rituðu máli og læra að leita aftur í textann og vinna áfram með þær hugmyndir sem þar eru geymdar. Textarnir eru einnig skoðaðir með tilliti til hugtaka og orðaforða.

Haldnir eru fundir með börnunum þar sem þau koma á framfæri hugmyndum sínum og skoðunum. Fram hefur komið að mikill áhugi er meðal barnanna á að semja sögur, ljóð og leikrit.

Afrakstur af þessum vinnubrögðum kom vel í ljós á sýningu sem haldin var á verkum barnanna í tengslum við námskeiðsdaginn í ágúst síðastliðnum. Þar voru verk sem þau höfðu samið upp úr sögum og ljóðum og síðast en ekki síst frumsamin. Þarna kom einnig fram að börnin léku sér með orð, orðtök og hugtök bæði í myndverkum og í leikrænni tjáningu.

Þetta ljóð varð til eftir heimsókn 5 ára barna á myndlistarsýningu:

Regnbogafossinn rennur og rennur
hann fellur á milli steinanna.
Okkur líður vel,
þegar við horfum á Regnbogafossinn.

3.1.4 Sérkennsla

Á undanförnum árum hefur það færst mjög í vöxt að læknar og aðrir

sérfræðingar mæli með að börn sem eiga við ýmiss konar mál- eða talörðugleika að stríða séu þjálfuð á dagvistarheimilum.

3.1.5 Námsgögn

Fóstrur líta á *Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili* sem námskrá fyrir það uppeldis- og kennslustarf sem þær sinna. Því er mjög brýnt að haldið sé áfram nánari útfærslu á einstökum þáttum áætlunarinnar um móðurmálið.

Fóstrur byggja nær eingöngu á þeim námsgögnum sem þær sjálfar búa til ásamt þeim leikföngum og kennslutækjum sem til eru á hverjum stað.

3.1.6 Dagvistardeild menntamálaráðuneytisins

Í menntamálaráðuneytinu starfar aðeins einn starfsmaður að dagvistarmálum, deildarstjóri dagvistardeildar.

3.1.7 Þróunarsjóður

Árið 1989 verður í fyrsta skipti úthlutað út þróunarsjóði á vegum menntamálaráðuneytisins til dagvistarheimila. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að þróunarverkefnum í leikskólum eða dagheimilum, s.s. nýjungum, tilraunum og nýbreytni í uppeldisstarfi. Fóstrur fagna mjög tilkomu þessa sjóðs og binda miklar vonir við hann í framtíðinni.

3.1.8 Samstarf dagvistarheimila og grunnskóla

Menntamálaráðuneytið gerir ekki ráð fyrir formlegu samstarfi dagvistarheimila og grunnskóla. Fóstrur og kennarar leggja áherslu á að komið sé á formlegri, markvissri samvinnu og það tryggði samfellu í fræðslu og uppeldi barnanna.

Í *Aðalnámskrá grunnskóla* kemur fram að eitt af meginmarkmiðum í námi yngstu grunnskólabarnanna skuli vera samfella í uppeldi eins og kveðið er á um í *Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili.* Til þess að svo megi verða þurfi starfsfólk grunnskóla og dagvistarheimila að hafa með sér samstarf.

Það samstarf sem nú er milli ákveðinna dagvistarheimila og grunnskóla er sprottið af frumkvæði og áhuga kennara og fóstra.

3.1.9 Menntun fóstra

Fósturskóli Íslands er starfræktur á framhaldsskólastigi. Skólinn hefur því ekki rannsóknarskyldur né heldur hefur hann beitt sér fyrir þróunarverkefnum um móðurmálskennslu eða máluppeldi forskólabarna. Af þessum sökum er ljóst að skólinn getur ekki verið nægilega markviss í því hlutverki sínu að búa fóstrur undir að sinna móðurmálskennslu forskólabarna.

Umhugsunarvert er að einungis hálf staða íslenskukennara er heimiluð við Fósturskóla Íslands.

3.1.10 Endurmenntun

Fóstrur þurfa að eiga kost á endurmenntun sambærilegri við þá sem kennarar fá til að þær geti endurnýjað menntun sína og fylgst með nýjungum í móðurmálskennslu.

3.1.11 Tillögur

- Menntamálaráðuneytið beiti sér hið fyrsta fyrir faglegri ráðgjöf í móðurmálskennslu á forskólastigi og verði hún tengd þeim fræðsluumdæmum sem nú eru starfandi í landinu.
- Hraðað verði útgáfu sérrits um mál- og talörvun forskólabarna.
- Sérstakt átak verði gert í námsgagnagerð fyrir börn með mál- eða talgalla.
- Stuðlað verði að rannsóknum á máltöku og málörvun forskólabarna og þess gætt að fóstrur eigi þess kost að nýta sér þær í starfi sínu.
- Fóstrum verði sem fyrst boðið upp á endurmenntunarnámskeið í móðurmálskennslu forskólabarna.
- Dagvistardeild menntamálaráðuneytisins verði efld verulega hið allra fyrsta. M.a. með því að ráða starfsfólk tímabundið til þess að sinna ýmsum þróunar- og rannsóknarverkefnum um móðurmálskennslu forskólabarna.
- Komið verði á fót námsgagnastofnun fyrir forskóla, helst í tengslum við grunnskólann.
- Safnað verði saman þeim námsgögnum og kennslutækjum í móðurmálskennslu sem fóstrur hafa tekið saman og gert.
- Menntamálaráðuneytið beiti sér fyrir formlegu, markvissu samstarfi dagvistarheimila og grunnskóla. Gera verður ráð fyrir þessu samstarfi í skipulagi skólastarfsins á báðum skólastigum.
- Fósturskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands verði sameinaðir. Þannig verði tryggð samfella í uppeldi og menntun barna í landinu. Vísað er í tillögur starfshópa um „Framtíðarskipan fóstrumenntunar á Íslandi" unnar að beiðni menntamálaráðherra og skilað í maí 1989. Einnig er vísað til samþykktar fulltrúaráðs Fóstrufélags Íslands frá 10. nóv. 1988.
- Sérstaklega skal hér bent á tillögu að réttindanámi aðstoðarfólks á dagvistarheimilum sem koma fram í skýrslunni um *Framtíðarmenntun fóstra á Íslandi*. Það er áhyggjuefni hversu fátt starfsfólk á dagvistarheimilum hefur hlotið uppeldis- eða kennslumenntun og er þar af leiðandi ekki eins vel fært um að sinna móðurmálskennslu forskólabarna og vert væri.
- Að lokum er sú tillaga sett fram að heitinu **dagvistarheimili** verði breytt í **leikskóla** og með því hnykkt á því að stofnanirnar séu menntastofnanir en ekki geymslustaðir.

3.2 Grunnskóli

3.2.0 Inngangur

Í maí 1989 kom út *Aðalnámskrá grunnskóla* þar sem sett eru fram meginmarkmið í móðurmálsnámi og kveðið nánar á um þau til að marka ramma námsgreinarinnar í grunnskólum.

> Í skólastarfi á að ríkja fjölbreytni í vinnubrögðum. Við val á kennsluaðferðum og viðfangsefnum verður að taka tillit til markmiða sem stefnt er að, aldurs, þroska og getu nemenda sem í hlut eiga hverju sinni, eðlis viðfangsefnis og námsumhverfis (*Aðalnámskrá grunnskóla*, 15).

3.2.1 Aðalnámskrá grunnskóla

Í hinni nýju *Aðalnámskrá grunnskóla*, sem kom út í maí 1989, segir:

> Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins.

Breyttir þjóðfélagshættir og mikil notkun fjölmiðla auka líkur á að börn verði óvirkir viðtakendur ytri áhrifa. Nauðsynlegt er að í grunnskólum sé brugðist við þessum breyttu aðstæðum. Í *Aðalnámskrá grunnskóla* eru m.a. eftirfarandi meginmarkmið íslenskukennslu:

Að því skal stefnt að nemendur:

- nái valdi á frumþáttum móðurmáls, þ.e. töluðu máli og hlustun, lestri og ritun, svo sem þroski þeirra leyfir, og rækti með sér virðingu fyrir málinu
- geti tjáð skoðanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á glöggu og auðugu máli, töluðu og rituðu, og geti auk þess gert sig skiljanlega á annan hátt, t.d. með leikrænni tjáningu, og fái tækifæri til að láta sköpunargáfu og frásagnargleði njóta sín.

Áhersla er lögð á talað mál og hlustun, lestur, bókmenntir, ritun og málfræði. Bent er á ýmis viðfangsefni og leiðir til að ná þessum markmiðum og gert er ráð fyrir að nemendur kynnist allmörgum hugtökum.

Nú reynir á að nemendur hafi greiðan aðgang að námsefni, orðabókum og öðrum hjálpargögnum um mál og merkingu þess. Nauðsynlegt er að þeir hafi aðgang að góðu skólasafni og geti notað tölvur sem hjálpartæki í náminu, m.a. við ritvinnslu.

3.2.2 Forgangsverkefni í skólamálum

Menntamálaráðuneytið bað fjölmarga aðila um hugmyndir að verkefnum sem brýnt væri að vinna að í skólamálum á næstu árum. Erindið var sent til um 750 aðila, þ. á m. fagfélaga og allra grunnskóla á landinu. 355 svör bárust og gefa þau glöggar hugmyndir um óskir sem geta orðið forsenda markvissrar umræðu og stefnumótunar.

Niðurstaða varð sú að námsgögn komu í fyrsta sæti. Fjölbreytt námsgögn eru forsenda þess að hægt sé að koma til móts við þarfir allra eins og *Aðalnámskrá grunnskóla* kveður á um. Breyttar þjóðfélagsaðstæður og minni lestur á heimilum verða til þess að auka verður framboð á bókum í skólasöfnum svo kennarar geti haft áhrif á þessa þróun, enda varð efling bókasafna ofarlega á lista.

3.2.3 Námsgögn

Í *Aðalnámskránni* kemur fram að námsgögn þurfa að höfða til nemenda og vera fjölbreytt og þannig úr garði gerð að þau nýtist mismunandi einstak-

lingum og mismunandi kennsluaðferðum.

Nefndir og starfshópar hafa starfað á vegum menntamálaráðuneytisins og Námsgagnastofnunar og skilað áliti um ástand mála. Hér skal vikið að meginniðurstöðum þessara hópa:

a) *Staðan í námsefnisgerð Námsgagnastofnunar.* Á árunum 1988 og 1989 hafa starfshópar á vegum Námsgagnastofnunar unnið að því að safna, skoða námsefni og afla upplýsinga vegna útgáfu á nýju námsefni í móðurmáli og endurskoðunar á eldra efni. Starfshópar þessir hafa lokið störfum og skilað áliti þar sem tillögur og hugmyndir eru m.a. byggðar á hinni nýju námskrá. Lögð hefur verið áhersla á markmið *Aðalnámskrár* og þar er m.a. minnst á einstakar greinar móðurmálsins, þ.e. talað mál, lestur, bókmenntir, ritun og málfræði.

b) *Álit starfshóps um námsefni í íslensku fyrir byrjendur (6–9 ára).* „Starfshópurinn leggur til að samdar verði þrjár handbækur fyrir kennara, ein um talfærni (talað mál og hlustun), önnur um lestur og sú þriðja um ritun. Auk þess var talið æskilegt að taka saman foreldrahandbók um þessa þætti. Talið er eðlilegast að menntamálaráðuneytið gefi slíka bók út.“ Með þessu áliti fylgja ýmsar tillögur að fjölbreytilegu nemendaefni.

Starfshópurinn fór yfir þá skrá sem til er hjá Námsgagnastofnun um námsefni fyrir þennan aldurshóp og gerði tillögur um breytingar sem koma fram í nefndarálitinu. Lögð er áhersla á heildstætt námsefni sem höfði til ýmissa þátta móðurmálsins, þar sem unnt verði að beita ólíkum kennsluaðferðum og miða kennsluna við hæfi hvers og eins nemanda. Talið er brýnt að færa móðurmálsefni þessa aldurshóps í nútímalegt horf sem stenst kröfur menntamálaráðuneytis og Námsgagnastofnunar.

c) *Álit starfshóps um námsefni í íslensku fyrir 4.–6. bekk.* Hópurinn tók saman gróft yfirlit yfir það námsefni sem nú er til fyrir þennan aldurshóp og leggur áherslu á útgáfu nýs efnis og endurskoðun á eldra efni. Hópurinn skoðaði einnig móðurmálsefni í nágrannalöndunum sem hafa mætti til hliðsjónar.

Bent er á nokkrar bækur sem koma til móts við hinar breyttu kröfur. Einnig leggur starfshópurinn áherslu á fjölnota nemendaefni þar sem hugsað er um eina handbók í 3.–4. bekk, aðra handbók í 5. bekk og hina þriðju í 6. bekk. Enn fremur er nauðsynlegt að gefa út handbækur fyrir kennara, m.a. um lestur, bókmenntir, ritun, málfræði og námsmat. Fram komu tillögur um einnota nemendabækur þar sem fengist yrði við afmarkaðri þætti en í fjölnotaefninu. Þessu efni þarf að fylgja hlustunarefni, myndbönd, efni á veggspjöldum o.fl.

Ýmsar aðrar hugmyndir koma fram í nefndarálitinu. Starfshópurinn leggur til að mikið sé aukið við bókmenntaefni, m.a. frá öðrum útgefendum.

Nauðsynlegt er að tekið verði mið af kröfum í *Aðalnámskrá grunnskóla.* Leggja verður áherslu á að litið verði á móðurmálið sem eina heild en ekki afmarkaða þætti sem tengjast lítið eða ekkert innbyrðis.

d) *Nefnd um móðurmálsbækur í 7.-9. bekk.* Nefndin telur æskilegast að taka saman þrjár móðurmálsbækur, eina fyrir hvern árgang unglingastigsins, þar sem verði blandað efni sem tengi saman grundvallarþætti móðurmálskennslunnar, þ.e. talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Einnig bendir nefndin á að æskilegt sé að gefin verði út kennarahand-

bók þar sem verða kennsluleiðbeiningar, ábendingar um ítarefni og fleira.

Greinargerðinni, sem skilað var í ágúst 1989, fylgdu tillögur að kennsluefni í móðurmáli fyrir 7., 8. og 9. bekk. Einnig fylgdu nokkrar hugmyndir að efni í kennarahandbók.

e) *Starfshópur um mælt mál og máluppeldi.* Starfshópur þessi skilaði skýrslu í febrúar 1989 með tillögum um Handbók um máluppeldi og talað mál.

Í handbókinni skal m.a. vera sérstakur kafli um íslenskan framburð og lagt til að ritið *Um íslenskan framburð* eftir Guðmund Kristmundsson o.fl. verði lagt til grundvallar. Í bókinni eiga og að vera kaflar um máltöku og máluppeldi og hvers konar málörvun. Auk þess er ráðgerður ítarlegur kafli um flutning talaðs máls, hlustun o.fl.

f) *Skýrsla um stöðu Námsgagnastofnunar og framtíðarþróun.* Nefnd um Námsgagnstofnun hefur sent frá sér skýrslu þar sem horft er til framtíðar. Þar kemur fram afstaða nefndarinnar til þess hlutverks sem hún hefur, þ.e. „að sjá skólum fyrir sem bestum og fullkomnustum náms- og kennslugögnum".

Vandi Námsgagnastofnunar vegna útgáfu og endurnýjunar er m.a. sá að stór hluti efnis er þegar of gamall auk þess sem efni úreldist sífellt hraðar. Mikill skortur er á námsefni og um val milli námsefnisflokka er ekki að ræða í móðurmáli nema að nokkru í bókmenntum. Námsefnisflokka vantar sem í er misþungt efni fyrir alla nemendur í blönduðum almennum bekkjum.

Í *Aðalnámskrá,* sem tók gildi 28. apríl, eru kröfur um ný námsgögn sem ekki eru til (sjá *Skýrslu* bls. 44–45).

Nauðsynlegt er að nemendur og kennarar hafi val um nokkra námsefnisflokka, hafi val á misþungu efni svo bæði sé hægt að koma til móts við seinfæra nemendur og dugmikla. Einnig þarf að gefa út námsefni fyrir fatlaða nemendur með miklar sérkennsluþarfir. Nefnd Námsgagnastofnunar leggur áherslu á að þáttur þróunar og nýsköpunar verði fastur liður í námsgagnagerð.

Nefndin leggur til að skólum verði gert kleift að fá úthlutað efni frá öðrum útgefendum og hefur hug á að kanna möguleika á samstarfi við aðrar útgáfur um útgáfu námsefnis.

g) *Könnun á þörf fyrir sérkennsluefni.* Árið 1988 kom út skýrsla á vegum Námsgagnastofnunar þar sem fjallað var um sérkennslu sérstaklega. Sendir voru út spurningalistar í samráði við sérkennslufulltrúa fræðsluskrifstofanna og með vitund skólaþróunardeildar menntamálaráðuneytis. Gerð er grein fyrir meginviðhorfum sem fram komu í könnuninni.

M.a. komu fram óskir um móðurmálsverkefni með blönduðu efni sem höfðar til unglinga. Stafsetningarverkefni þurfa að vera á nútímamáli. Það vantar meira af stuttu spennandi lestrarefni fyrir seinfæra nemendur og nemendur sem eiga við lestrarörðugleika að etja. Einnig vantar lestrarbækur fyrir stálpaða nemendur sem enn glíma við byrjunaratriði lestrarnámsins. Bent er á að umrita þurfi margar kennslubækur eigi heyrnskertir nemendur að hafa af þeim gagn.

Brýn þörf er á myndefni og kennsluforritum sem þjóna þeim tilgangi að auka orðaforða og málþroska, örva rökhugsun, ákvarðanatöku o.s.frv.

3.2.4 Framtíðin

a) *Þróunarsjóður grunnskóla.* Stofnaður hefur verið þróunarsjóður grunnskóla á vegum menntamálaráðuneytisins og skal veitt í hann fé á fjárlögum ár hvert. Tilgangur hans er að stuðla að þróunarverkefnum í grunnskólum landsins. Átt er við nýjungar, tilraunir og nýbreytni í námsefni, kennsluaðferðum, námsmati og skipulagi náms og kennslu í grunnskólum.

Nauðsynlegt er að standa vel að málum og væri gott ef ákveðinn hópur tæki sig saman og hvetti móðurmálskennara til dáða. Þessi hópur gæti t.d. verið á vegum Samtaka móðurmálskennara og ráðuneytisins og hefði með höndum ráðgjöf og aðstoð við þá sem hafa í huga að taka þátt í þróunarstarfi. Nokkur verkefni hafa þegar fengið styrk úr þróunarsjóði. Úthlutun fór fram í fyrsta skipti nú í haust.

b) *Fagstjórar og árgangastjórar.* Haustið 1989 var sú nýbreytni tekin upp í grunnskólum að ráðnir voru fagstjórar og árgangastjórar og ber að fagna þeirri nýjung. Fagstjórar hafa ýmist það hlutverk að vera fagstjórar síns skóla eða fagstjórar ákveðinna bekkjardeilda innan skólans. Þeir skulu vinna með árgangastjórum og sameiginlega sjá þeir svo um að mörkuð verði heildarstefna í móðurmáli sem og öðrum greinum. Það er nauðsynlegt að upplýsingar berist milli bekkjardeilda og í framhaldi af þessu starfi verður svo útbúin skólanámskrá. Það er til mikilla hagsbóta fyrir skólastarfið í landinu að ábyrgur aðili innan hvers skóla hafi yfirumsjón yfir ákveðnum þætti og geti komið með tillögur til úrbóta að eigin frumkvæði eða þegar til hans er leitað.

Fagstjórar geta síðan haft samráð við aðra fagstjóra í umdæminu og leitað nýrra hugmynda hjá ýmsum aðilum.

3.2.5 Námsmat

Í *Aðalnámskrá grunnskóla* segir m.a. um námsmat:

> Megintilgangur námsmats er að örva nemendur og hjálpa þeim við námið. Námsmat fer ekki eingöngu fram í lok námstímans heldur er það einn af föstum þáttum skólastarfs, órjúfanlegt frá námi og kennslu. Mörg markmið eru þess eðlis að einungis huglægu mati verður við komið. Niðurstöður námsmats verða því að byggjast jöfnum höndum á huglægu mati kennara og á formlegum aðferðum, s.s. prófum og könnunum.

a) *Könnunarpróf.* Mikilvægt er að hafa könnunarpróf á ýmsum stigum grunnskólans. Má benda á að ekki er eðlilegt að prófað verði eingöngu í hlutlægum þáttum. Málnotkun, hvers konar ritun og túlkun á texta, er þáttur sem nauðsynlegt er að kanna í slíkum prófum. Einnig er nauðsynlegt að senda sýnispróf út í skólana. Nauðsynlegt er að ákveðnir aðilar sjái um að semja þessi próf og samræma mat.

b) *Samræmd próf.* Samræmt próf verði áfram í íslensku í 9. bekk í apríl. Nauðsynlegt er að hafa í huga mismunandi hæfileika nemenda til náms. Í grunnskólalögum og *Aðalnámskrá* er eitt af aðalmarkmiðum að koma til móts við þarfir hvers og eins. Það má t.d. gera með því að hafa fleiri valþætti á samræmdu prófi, þ.e. allir reyni að tileinka sér ákveðinn kjarna, og valið væri síðan miðað við mismunandi þarfir og getu nemenda.

c) *Minni kennsluskylda.* Ef sinna á móðurmálskennslu samkvæmt kröfum *Aðalnámskrár* ber ráðuneytinu að sjá til þess að kennsluskylda móðurmálskennara sé minnkuð frá því sem nú er.

3.3 Framhaldsskóli

3.3.1 Breyttur framhaldsskóli

Íslenskt menntakerfi hefur tekið miklum breytingum síðastliðna áratugi og aukist mjög að umfangi. Til skamms tíma var framhaldsmenntun í landinu í föstum skorðum og miðlaði fyrst og fremst bókviti. Enn eru ekki liðnir þrír áratugir síðan Menntaskólinn við Hamrahlíð, fyrsti framhaldsskólinn með áfangasniði, var stofnaður og elsti fjölbrautaskólinn, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, er aðeins 14 ára gamall. Nú eru fjölbrautaskólar í meirihluta framhaldsskóla í landinu auk heföbundinna menntaskóla og sérskóla. Í grófum dráttum má segja að námsefni og yfirferð þess sé með svipuðum hætti í flestum þessara skóla en umtalsverður munur er á skipulagi þeirra og skólabrag.

Í reglugerð frá árinu 1988 er kveðið á um að framhaldsskólinn skuli opinn öllum þeim er lokið hafa grunnskólanámi. Í skýrslu Efnahags- og framfarastofnunar Sameinuðu þjóðanna (1987) kemur fram að 40% nemenda heltist úr lestinni á þremur árum í framhaldsskóla (bls. 22). Af því má m.a. draga þann lærdóm að stór hluti nemenda á framhaldsskólastigi fái ekki kennslu við sitt hæfi.

Framhaldsskólanum er skylt að taka tillit til þessara breyttu aðstæðna og þar með til breyttrar eigin stöðu. Mikil ásókn er í háskólanám og atvinnulífið krefst æ meiri sérhæfingar. Langstærstur hluti nemenda heldur áfram námi eftir að grunnskóla lýkur og er því nær lagi að tala um 11–13 ára skólaskyldu hér á landi en 9 ára. Þetta leiðir til þess að nemendahópurinn í framhaldsskólum nú er sundurleitari en áður var og skólinn verður að bregðast við því.

Eitt af því sem framhaldsskólinn þarf að gera er að auka tengsl skóla og heimila. Slík tengsl þykja sjálfsögð í grunnskólum en minna hefur verið um þau í framhaldsskólum. Að undanförnu hafa þó allmargir framhaldsskólar boðið foreldrum og aðstandendum nemenda í skólana til að ræða við kennara og skólastjórnendur. Sú þróun er jákvæð.

Svör stjórnvalda við breyttum aðstæðum í framhaldsskóla koma m.a. fram í nýlegri skýrslu menntamálaráðuneytisins (*Um innra starf framhaldsskóla.* 1989). Þar eru reifaðar hugmyndir um breytta heildarskipun náms í framhaldsskólum og nýjar námsleiðir auk þess sem gefin eru fyrirheit um aukna þjónustu við nemendur, þróunarstarf í skólum og þjónustumiðstöð, svo fátt eitt sé nefnt. Ýmsar tillögur, sem tíundaðar eru í skýrslunni, þarfnast nánari útfærslu en óhætt er að lýsa ánægju með margt af því sem þar er lagt til enda verði sveigjanleiki meiri en nú er og miklu meiri áhersla lögð á tengsl skóla og atvinnulífs. Ýmislegt sem hér verður drepið á er samhljóða því sem þar kemur fram og hljóta tillögurnar að fá við það aukið vægi.

3.3.2 Viðfangsefni í móðurmálskennslu í framhaldsskólum

Í áfangakerfi er nokkuð mismunandi eftir brautum hvað nemendur taka

marga áfanga í íslensku. Þó má segja að flestum sé gert að taka 14–17 einingar til stúdentsprófs og víða að auki áfanga í framsögn, upplestri og flutningi talaðs máls (Tjá 102). Sums staðar bætist líka við sérstakur áfangi í undirstöðuatriðum almennrar málfræði (Mál 102) þar sem höfuðáhersla er lögð á það sem að gagni má koma við nám í erlendum málum.

Í hefðbundnum bekkjarskólum er varið til íslenskukennslu 4–4 1/2 stund á viku að jafnaði í 4 ár auk áfanga í munnlegri tjáningu.

Í iðnskólum taka nemendur 4 einingar í íslensku og í Meistaraskólanum bætast við 2 einingar.

Í grófum dráttum má segja að í framhaldsskólum sé fengist við skriflega og munnlega tjáningu, stafsetningu og ritun, bókmenntafræði og hefðbundna málfræði (beygingarfræði, setningafræði, stílfræði, hljóðfræði og málsögu). Þá er lesin bókmenntasaga og valdir textar frá upphafi til okkar tíma.

3.3.3 Lýst eftir heildarstefnu

Í skýrslu Efnahags- og framfarastofnunar Sameinuðu þjóðanna (1987) er bent á að framhaldsskólastigið skorti mest „ákveðna og formlega stefnu" (bls. 21) og hver framhaldsskóli sé í raun dálítill „heimur út af fyrir sig" (bls. 23). Auðvelt er leiða að því rök að þetta stefnuleysi framhaldsskólanna endurspeglist í móðurmálskennslunni. Markmiðslýsingar í námskrá eru óljósar og ekki ríkir fullt samkomulag um inntak námsgreinarinnar, markmið eða leiðir.

Meiri samvinna milli skólastiga og milli framhaldsskólanna innbyrðis væri spor í rétta átt og myndi stuðla að því að litið væri á móðurmálsnámið sem samfellt ferli, allt frá forskóla til loka framhaldsskóla. Sá skilningur er m.a. forsenda fyrir eðlilegu þróunarstarfi, t.d. í námsefnisgerð, og er brýnt að ráðin verði bót á. Fyrsta skrefið væri að semja samfellda námskrá fyrir öll skólastigin.

3.3.4 Inntak móðurmálskennslu

Flestir munu sammála um að kennsla í móðurmáli eigi að gera nemendur að góðum málnotendum, gera þá hæfari til að tjá sig í ræðu og riti og nota málið af öryggi. Til þess að því markmiði verði náð þarf að huga vel að einstökum námsþáttum og tengslunum milli þeirra.

Töluvert vantar á að hægt sé að tala um móðurmálskennsluna sem samfellda heild. Námsþáttum hættir til að einangrast, menn kenna t.d. bókmenntir og málfræði án þess að huga að því að önnur greinin styðji hina og oft án þess að huga að raunverulegu markmiði með slíkri kennslu. Ef markmiðin eru óljós hjá þeim sem kenna má einnig ætla að þau séu nemendum fjarlæg.

Inntak móðurmálskennslu og vægi milli einstakra námsþátta er líka misjafnt eftir skólum og hefur ekki breyst til muna frá fyrstu tíð þrátt fyrir þjóðfélagsbyltingu og breyttan nemendahóp í framhaldsskólum. Þessu þarf að breyta. Skólar gegna mikilvægara uppeldishlutverki nú en áður og framhaldsskólinn getur ekki skorast undan því hlutverki. Hann verður að taka við þar sem grunnskólanum sleppir og rækja sitt máluppeldi á þann hátt að nýtist sem best í því samfélagi sem við sjáum fyrir okkur í næstu framtíð.

3.3.5 Námsefnisgerð

Eins og málum er nú háttað er samning námsefnis í móðurmáli fyrir framhaldsskólastig handahófskennd. En vegna þess að heildarstefnu skortir í greininni getur þetta tilviljanakennda framboð á námsefni stýrt því hvað kennt er í móðurmáli.

Ekkert gæðaeftirlit er með námsefni fyrir framhaldsskólastigið. Kennarar eiga oft frumkvæði að samningu námsefnis og vinna gjarnan að henni í stopulum frístundum og leyfum. Engin trygging er fyrir því að höfundar nýti sér niðurstöður þeirra rannsókna sem gerðar hafa verið í greininni eða í uppeldisfræðum. Afleiðingin er sú að mörg kennslukver sem hafa verið notuð á undanförnum árum eru uppsuða úr gömlu námsefni og standast ekki nútímakröfur um kennsluefni.

Til að bæta úr því ástandi sem hér er lýst þyrfti að ráða námstjóra fyrir framhaldsskólastigið (sjá 3.3.9). Í verkahring hans væri eftirlit og kynning á kennsluefni, umsjón með smiðju (kennslumiðstöð) þar sem kennarar gætu kynnt hugmyndir sínar og miðlað öðrum af reynslu sinni.

Hér er lagt til að komið verði á fót ráðgjafahópi innan greinarinnar, hópi sem höfundar og útgefendur geta borið verk sín undir og fengið umsögn um, bæði á vinnslustigi og þegar það er fullsamið. Í umsögninni ætti að felast gæðamat sem kennarar gætu byggt val sitt á. Eðlilegt er að í hópnum verði starfandi kennarar á skólastiginu og í Háskóla Íslands (bæði úr íslensku og uppeldisfræði) og e.t.v. fulltrúi þess aldurshóps sem bókin er ætluð. Mikilvægt er að slík nefnd verði alltaf skipuð starfandi kennurum og að hún tengist Samtökum móðurmálskennara.

Námsefnisnefnd, sem menntamálaráðuneytið hefur nýlega komið á fót, gæti e.t.v. tengst ráðgjafahópi eins og hér er lýst.

Mikill misbrestur er á því að málfar á kennslubókum sé sniðið að þroska nemenda. Brýnt er að finna aðferðir til að þyngdargreina texta. Slíkar rannsóknir myndu nýtast vel höfundum kennslubóka í öllum greinum, ekki aðeins í móðurmáli. Í framhaldi af því má benda á að rannsóknir á innra starfi framhaldsskólans vantar tilfinnanlega, t.d. á viðhorfum nemenda og kennara til einstakra greina svo eitthvað sé nefnt. Erlendar rannsóknir geta gefið ákveðnar vísbendingar en duga oft skammt á íslenskan veruleika. Auknar rannsóknir væru mikill fengur fyrir námsbókahöfunda auk þess sem þær gætu stuðlað að nýjungum í kennsluháttum.

Ekki verður fjallað um námsbækur án þess að minnast á að verð kennslubóka og annars efnis, sem notað er til móðurmálskennslu, er mjög hátt og veldur því að nemendur reyna að komast hjá því að kaupa bækur. Við þessu þarf að bregðast. Það mætti e.t.v. gera með aukinni kiljuútgáfu á helstu bókmenntaverkum auk þess sem hið opinbera kæmi til móts við kennslubókahöfunda með því að greiða höfundum laun meðan samning námsefnis stendur yfir og tæki þannig á sig hluta útgáfukostnaðarins.

3.3.6 Hagsbætur fyrir kennara og nemendur

Kjarabarátta kennara undanfarin misseri hefur mjög sett mark sitt á alla umræðu um skólamál. Fagleg umræða hefur aftur á móti verið lítil og ómarkviss og tortryggni hefur ríkt milli kennara og viðsemjenda þeirra um kaup og kjör. Óhætt er að segja að sú barátta hafi gert loft allt lævi blandið og

eitrað út frá sér. Mjög er aðkallandi að kennurum verði gert kleift að efla faglega skólamálaumræðu til muna.

Kennsluskylda á framhaldsskólastigi er nú 26 stundir á viku en lækkar samkvæmt kjarasamningi um eina vikustund eftir 10 ára starf og um aðra eftir 15 ára starf. Lægst verður hún 17 stundir á viku er kennarar hafa náð 60 ára aldri.

Mikil heimavinna er að sliga marga móðurmálskennara. Henni þarf að mæta með afslætti af kennsluskyldu (sjá Skýrslu starfskjaranefnda KÍ og HÍK 1987).

Fjöldi nemenda í hverjum áfangahópi eða bekkjardeild er mjög mismunandi en stefnt er að því að í hverjum hópi séu ekki fleiri en 25 nemendur. Oft er misbrestur á því í framkvæmd. Í áföngum þar sem sinnt er munnlegri og skriflegri tjáningu þurfa hópar að vera minni, þar mega nemendur ekki vera fleiri en 15 talsins. Samtök móðurmálskennara hafa farið fram á við menntamálaráðuneytið að þeim hópum verði haldið innan þessara marka og verða skólarnir að gera sitt til að svo megi verða. Þá er einnig brýnt að stundaskrár nemenda verði heillegri en víða er raunin til þess að tími þeirra fari síður til spillis.

Í flestum framhaldsskólum eru allgóð bókasöfn en víða skortir á að þeim sé haldið við og þau efld til að standa undir þeim kröfum sem til þeirra verður að gera. Þá er tækjaskortur mjög tilfinnanlegur í mörgum skólum.

Óvíða í framhaldsskólum er aðstaða kennara og nemenda þannig að þeir geti unnið störf sín í skólanum og stórkostlegar umbætur þurfa að eiga sér stað eigi að ná því markmiði. Minna má á að flestir kennarar leggja í kostnað við kaup fagtímarita, vinnuaðstaðan er á heimilum þeirra og sjálfir leggja þeir til tölvur og pappír sem notaður er við undirbúning og verkefnagerð.

3.3.7 Kennaramenntun

Menntun móðurmálskennara í framhaldsskólum fer fram í Háskóla Íslands — annars vegar í greininni sjálfri, hins vegar í uppeldis- og kennslufræðum. Í báðum deildum hafa mál þokast til betri vegar nú síðustu misserin. B.A.-námið hefur verið endurskipulagt og verður ekki betur séð en að nýja fyrirkomulagið ætti að nýtast kennurum betur en hið eldra. Í uppeldis- og kennslufræði hefur verið brugðist við kröfum um að tengja uppeldisþáttinn betur kennslugreinunum sjálfum og hefur kennslufræði móðurmáls verið á stundaskrá undanfarin misseri.

Skólaárið 1988–1989 var boðið upp á nokkur námskeið í sérstöku viðbótarnámi í íslensku fyrir verðandi kennara. Þessi námskeið hafa verið endurskoðuð í ljósi reynslunnar. Sjálfsagt er að reyna að tengja námskeiðin sem best því sem gert er í kennslufræði greinarinnar í uppeldis- og kennslufræðihlutanum.

Kennaramenntun fæst ekki í eitt skipti fyrir öll. Tryggt þarf að vera að kennarar geti fylgst með í sinni grein og tileinkað sér nýjungar í kennsluháttum. Endurmenntunarnámskeið myndu nýtast best ef þau væru skipulögð með góðum fyrirvara og færu fram á skólatíma. Þannig gætu þau orðið eðlilegur og sjálfsagður hluti kennslustarfsins.

Þeir kennarar sem vilja auka við menntun sína ættu að geta fengið launað leyfi án þess að uppfylla kröfur þær sem nú eru gerðar um starfsaldur. Í stað

þess mætti herða kröfur um viðbótarmenntun á þann hátt að skilyrði sé að ljúka sama einingafjölda og þarf til að fá lánshæft nám.

3.3.8 Fagmennska í starfi

Víða hefur komið fram í því sem á undan fer að stefnuleysi og óljós markmið hái námsgreininni móðurmáli. Líklegt er að þetta stefnuleysi komi ekki síst niður á faglegum vinnubrögðum. Kennari verður að hafa yfirsýn yfir heildina og vita hvað nemandi hefur lært áður og hvert hann stefnir til þess að hægt sé að sinna starfinu með faglegri reisn. Erfitt er að fá slíka yfirsýn á meðan svo lítil samvinna er milli skólastiga og svo lítil samfella í móðurmálsnáminu.

Fagvitund kennara mótast ekki í eitt skipti fyrir öll, hún þarf stöðugt áreiti og stöðuga ögrun. Þess vegna þarf að stuðla að því að kennarar geti prófað nýjungar og unnið að þróunarverkefnum án þess að bæta þeim ofan á erilsamt og illa launað kennslustarf.

Lág laun valda því líka að kennarar kenna oft langt fram yfir kennsluskyldu sem er þó í grein eins og móðurmáli alltof mikil. Þetta verður vitaskuld ekki til að efla fagvitundina auk þess sem það rýrir virðingu fyrir stéttinni.

3.3.9 Þjónustumiðstöð og námstjóri

Um nokkurt árabil hefur námstjóri í íslensku starfað fyrir grunnskólann á vegum menntamálaráðuneytisins. Hlutverk hans hefur m.a. verið að halda fundi með móðurmálskennurum og kynna þeim nýjungar, miðla upplýsingum og taka við hugmyndum frá kennurum, m.ö.o. vera n.k. tengiliður milli kennara og ráðuneytis, hafa yfirsýn og halda utan um kennsluna.

Á framhaldsskólastigi er enginn námstjóri eða nokkur sem fylgist nákvæmlega með því sem gert er í móðurmálskennslu. Það er mikið hagsmunamál móðurmálskennara að efla samtök sín, t.d. með því að fastráða námstjóra í íslensku sem hefði svipað hlutverk með höndum og námstjóri á grunnskólastigi (sjá líka 3.3.5). Auk þess þyrfti námstjóri á framhaldsskólastigi að sjá um kennslumiðstöð, þjónustumiðstöð og gagnabanka sem kennarar gætu lagt inn í og tekið út úr eftir þörfum. Augljóst hagræði og styrkur yrði af slíku fyrir kennara, ekki síst í fámennum skólum. Námstjóri gæti líka haft með höndum það starf að sjá um að gerð yrði heildarúttekt á kennsluaðferðum í móðurmálskennslu og miðlað til kennara því sem bitastæðast væri, bæði hérlendis og erlendis. Samtök móðurmálskennara hafa bent yfirvöldum menntamála á þörfina fyrir námstjóra og beðið um fyrirgreiðslu.

3.3.10 Öldungadeildir

Við fjölmarga framhaldsskóla eru starfræktar öldungadeildir en þar er námsefni það sama og í áföngum dagskólanna. Yfirferð námsefnis er þó allajafna á tvöföldum hraða miðað við dagskóla og þjálfun nemenda því af skornum skammti. Vitaskuld er þetta skipulag öldungadeildanna hugsað til að nýta tímann sem best enda er gert ráð fyrir að nemendur öldungadeilda stundi launavinnu jafnhliða náminu. Hins vegar hníga engin rök í þá átt að fullorðið fólk eigi auðveldara með að tileinka sér námsefni á skemmri tíma og með minni þjálfun en þeir sem yngri eru. Því er nauðsynlegt að geta boðið nem-

endum öldungadeilda upp á mismunandi námshraða. Það kallar á aukið kennsluhúsnæði eða endurskipulagningu þess sem fyrir er. Einnig þyrfti að fjölga kennurum við deildirnar til þess að þessi leið yrði fær. Hér má benda á að skólahúsnæði stendur sums staðar ónotað á kvöldin og víða standa skólar auðir hluta sumars. Þann tíma mætti nýta m.a. til fjölbreyttrar fullorðinsfræðslu og námskeiðahalds.

3.3.11 Skólasaga

Það kom vel í ljós við undirbúning þessa kafla að erfitt getur verið að nálgast upplýsingar um skólastarf.

Í sumum eldri skólanna hafa verið gefnar út skólaskýrslur frá fyrstu tíð og eru þær ómetanleg heimild um skólastarf fyrri tíma. Enn eru gefnar út skólaskýrslur en útgáfan er oft nokkrum árum á eftir tímanum og ekki er fullt samræmi í hvað skráð er í hverjum skóla. Hér er lagt til að skólum verði gert skylt að taka saman árlega skýrslu um starfsemi sína og leggja á þann hátt drög að skólasögu framtíðarinnar.

3.3.12 Hugmyndir og tillögur: Samantekt

Hér verða dregnar saman tillögur og drepið á það helsta sem nefnt er hér að framan. (Tölur innan sviga vísa í kaflanúmer.)

- Heildarstefnu og markmið vantar í móðurmálskennslu og þörf er á meiri samvinnu milli einstakra skóla og skólastiga. (3.3.3 og 3.3.4)
- Langflestir nemendur halda áfram námi eftir að grunnskóla lýkur. Framhaldsskólanum er skylt að endurskoða hlutverk sitt í ljósi breyttra aðstæðna. (3.3.1)
- Skort á faglegri umræðu má vafalaust að einhverju leyti rekja til langvarandi launastríðs og óhóflegrar yfirvinnu kennara. Tryggja verður kennurum mannsæmandi grunnlaun og þar með vinnufrið í framtíðinni. (3.3.6)
- Lækka þarf kennsluskyldu móðurmálskennara til að gera þeim kleift að sinna heimavinnu sómasamlega. (3.3.6)
- Efla þarf rannsóknir á íslensku máli, á kennslu greinarinnar og á viðhorfum til móðurmálsins og námsgreinarinnar. (3.3.5)
- Búa þarf nemendum og kennurum vinnuaðstöðu í skólunum. (3.3.6)
- Þess verði gætt að nemendahópar séu hæfilega stórir svo komið verði til móts við þarfir hvers og eins. (3.3.6)
- Endurmenntunarnámskeið verði skipulögð á skólatíma og gert verði ráð fyrir þeim í stundaskrá vetrarins. Á þann hátt gætu þau orðið eðlilegur hluti skólastarfsins. (3.3.7)
- Skilyrði um lengd starfsaldurs til að fá launað leyfi verði fellt niður. Í stað þess mætti auka námskröfur í launuðu leyfi. (3.3.8)
- Brýnt er að koma á fót gæðaeftirliti með námsefni. (3.3.5)
- Efla þarf bókasöfn framhaldsskólanna. (3.3.6)
- Auka þarf þjónustu við öldungadeildir, t.d. með því að bjóða upp á mismunandi námshraða. (3.3.10)

- Auka þarf tengsl heimila og framhaldsskóla. (3.3.1)
- Skrá þarf sögu framhaldsskólanna jafnóðum og hún gerist. (3.3.11)

3.4 Kennaraháskóli Íslands

3.4.0 Inngangur

Kennaraháskóli Íslands annast lögum samkvæmt menntun grunnskólakennara. Enginn efast um að íslenska er mikilvægust allra námsgreina á því skólastigi. Hún er grundvallarþáttur allrar kennslu í grunnskólum. Kennaraháskóli Íslands ber því mikla ábyrgð. Mikils er um vert að vel takist til um menntun kennara og að þeir verði vel hæfir til þess að gegna starfi sínu.

Í þessum kafla verður fjallað um nám, kennslu og rannsóknir í Kennaraháskóla Íslands og þær breytingar sem ganga munu í garð á næstunni. Einnig verður rætt um hvaða stefnu beri að fylgja í íslenskukennslu, tengsl Kennaraháskóla Íslands við önnur skólastig og Háskóla Íslands, og loks vikið að hagnýtum hlutum, t.d. bókakosti, bókasafni og aðbúnaði kennara og nemenda. Alltaf verður íslenska í Kennaraháskóla Íslands í brennipunkti.

3.4.1 Yfirlit yfir kennslu í Kennaraháskóla Íslands

Íslenska er veigamikill þáttur í almennu kennaranámi. Það er nú skipulagt sem þriggja ára nám en það verður fjögurra ára nám þegar bráðabirgðaákvæði 11. kafla laga um Kennaraháskóla Íslands (nr. 29/1988) hafa tekið gildi. Námi þessu lýkur með B.Ed.-prófi. Í náminu er íslenska kennd í kjarna (5–7 einingar) og sem valgrein (15 einingar). Einnig hafa íslenskukennarar haft með höndum ýmsa aðra kennslu í B.Ed.-námi, t.d. aðferðafræði við ritgerðasmíð og leiðbeiningar í tengslum við námsverkefni.

Endurmenntunardeild hefur jafnan í boði nokkur námskeið í íslensku. Ríka áherslu ber að leggja á að stórefla endurmenntun móðurmálskennara.

Verkmenntakennarar í framhaldsskólum hafa nokkur undanfarin ár átt kost á námi til kennsluréttinda. Þar hefur nokkuð verið fjallað um tiltekna þætti íslensks máls.

Nám fyrir starfandi leiðbeinendur í grunnskólum hefur verið starfrækt nokkur undanfarin ár (sk. réttindanám). Þetta nám er miðað við almenna kennaranámið (B.Ed.-nám) og þarna er því m.a. kennd íslenska sem valgrein.

3.4.2 Breytingar á almennu kennaranámi

Í nýju lögunum um Kennaraháskóla Íslands, sem nefnd eru hér á undan, er m.a. gert ráð fyrir að almennt kennaranám lengist í fjögur ár. Íslenskukennarar í Kennaraháskóla Íslands vænta þess að hið nýja skipulag veiti svigrúm til að efla verulega íslenskukennslu í kennaranámi. Þar er einkum átt við íslensku í kjarna og sem valgrein. Ekki hefur verið gengið frá skiptingu greina í kjarna en íslenskukennarar hafa rætt þetta mál í sinn hóp og kynnt skólanum þær hugmyndir. Það er skoðun margra að skólar þurfi nú að sinna máluppeldi í ríkari mæli en áður. Því má vænta þess að allir sjái þörfina á stórauknu íslenskunámi í Kennaraháskóla Íslands. Einnig er ljóst að þörf á fleiri fastráðnum kennurum er þegar orðin knýjandi og eykst enn í kjölfar gildistöku nýrra laga.

3.4.3 Hvað ætti að felast í kennslu?
Í ljósi þeirra hugmynda sem raktar voru hér á undan verður að gera mjög yfirgripsmiklar kröfur til kennara í grunnskólum. Menntun þeirra í íslensku máli og bókmenntum verður að ná til sem flestra sviða. Ekki er ástæða til að sérhæfa almenna grunnskólakennara um of en þeir verða að hafa nokkuð djúpstæða þekkingu á mörgum sviðum. Verða nú taldir nokkrir þættir sem verður að sinna.

a) *Málbeiting.* Vald kennaranema á íslensku máli í ræðu og riti verður að efla. Í þessum þætti er fólgin þjálfun sem krefst töluverðs tíma.

b) *Kunnátta í máli.* Kunnáttu í máli er þörf til að styrkja málbeitingu. Þar er átt við þekkingu á málkerfi íslenskrar tungu og notkun hennar í samfélaginu með hliðsjón af íslenskri málstefnu.

c) *Máltaka og máluppeldi.* Máltöku og málþroska þarf að gera ítarleg skil. Einkum er átt við lýsingu á því hvernig börn læra að tala og þeim aðstæðum sem áhrif hafa á máluppeldi í samfélagi nútímans.

d) *Bókmenntir.* Kynna þarf íslenskar bókmenntir með hliðsjón af þörfum barna og unglinga. Ævintýri og þjóðsögur verða að skipa þar veglegan sess en einnig þarf að fjalla um fornbókmenntir og samtímaefni.

e) *Kennslufræði móðurmáls.* Leggja þarf ríka áherslu á móðurmálskennslu, og lestri í víðum skilningi verður að gera rækileg skil. Einnig þarf að leggja áherslu á tal og ritun. Þessir þættir krefjast mikillar þjálfunar en þeir eru ekki síður kennslufræðilegir og verða að tengjast æfingakennslu.

Hér er aðeins tæpt á helstu atriðum. Fleira mætti nefna, t.d. fræðslu um sögu íslenskrar tungu og fræðilega kennslu í lögmálum málbreytinga.

3.4.4 Markmið náms
Markmið íslenskukennslu í Kennaraháskóla Íslands eru almenn, þ.e. að gera kennara að hæfum málnotendum sem auk þess eru færir um að miðla kunnáttu sinni til nemenda í grunnskóla. Þeir þurfa að búa yfir það mikilli þekkingu á íslensku máli að þeir séu öruggir í kennslustund.

Þá er nauðsynlegt að Kennaraháskóli Íslands marki stefnu í málfarslegum efnum þar sem tekið verður mið af almennri málstefnu með þarfir grunnskólans að leiðarljósi. Sem dæmi má nefna að kennari í framtíðinni þarf að geta lagað sig að breyttum aðstæðum í samfélaginu, nýjum kröfum og öðrum þörfum.

3.4.5 Námsefni og námsefnisgerð
Námsefni, sem sérstaklega er miðað við þarfir kennslu í íslensku í Kennaraháskóla Íslands, er mjög takmarkað. Þetta á við um bókmenntir, málfræði og kennslufræði móðurmáls. Á þessum vettvangi er því gríðarlega mikið starf framundan. Brýnt er að sem fyrst verði farið að huga að námsefnisgerð. Ekki er þess að vænta að úr verði bætt fyrr en lagi verði komið á aðbúnað kennara og fjárveitingar komi til í auknum mæli. Í mörgum tilvikum vantar grunnrannsóknir til þess að úr námsefnisgerð geti orðið.

3.4.6 Kennaraháskóli Íslands er vísindastofnun
Starf íslenskukennara í Kennaraháskóla Íslands felst í rannsóknum auk kennslu og stjórnunarstarfa. Nauðsynlegt er að marka rannsóknarstefnu fyrir

skólann. Leggja þarf drög að verkefnum með langtímamarkmið í huga. Einn kostur er að setja á laggirnar rannsóknarstofnun í íslensku máli og bókmenntum. Stofnun af þessu tagi hefði ugglaust næg verkefni og gæti orðið vísindastarfi mjög til framdráttar. En slíkar hugmyndir eiga erfitt uppdráttar á meðan jafn fáir fastráðnir kennarar eru við kennslu og raun ber vitni. Þessi staðreynd háir mjög öllu starfi við skipulag íslenskunáms.

3.4.7 Tengsl Kennaraháskóla Íslands við grunnskóla o.fl.

Tengsl Kennaraháskóla Íslands við grunnskóla, skólaþróunardeild, Námsgagnastofnun og fræðsluskrifstofur eru og hafa verið náin. Þörf er á að sú skipan haldist. Kennaraháskóli Íslands verður að vera í nánum tengslum við alla sem starfa í þágu grunnskólans með einum eða öðrum hætti. Auk þeirra stofnana sem þegar eru taldar má nefna Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála og Samtök móðurmálskennara. Loks er að geta þess að íslenskukennarar í Kennaraháskóla Íslands hafa allmikil tengsl við starfandi kennara í grunnskóla, t.d. með því að kenna á endurmenntunarnámskeiðum og í réttindanámi.

Tengsl Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands hafa verið minni en æskilegt er. Full ástæða er til að ætla að á þessu verði breyting á næstu misserum enda má búast við að aukin samvinna þessara stofnana geti orðið hvorum tveggja til góðs.

3.4.8 Bókasafn

Hlutverk bókasafns Kennaraháskólans er fyrst og fremst að styðja skólann í því að skila hlutverki sínu eins og best verður á kosið. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að í safninu sé lögð mikil áhersla á eftirfarandi atriði:

- Að hafa á boðstólum fræðilegan og hagnýtan safnkost sem miðast við starfsemi stofnunarinnar. Efni þetta þarf að uppfylla ítrustu kröfur notenda bæði vegna kennslu og rannsókna.
- Að styðja sérstaklega þá kennslu sem miðar að því að temja kennaranemum góðar námsvenjur, efla sjálfstæði þeirra í öflun og meðferð heimilda og veita þeim öryggi til þess að miðla slíkri reynslu til nemenda sinna.
- Að veita skjóta og faglega þjónustu.

Safnið er fyrst og fremst ætlað nemendum og starfsliði Kennaraháskólans. Kennaranemar í reglulegu samfelldu námi nota það að sjálfsögðu mest en ýmsir hópar, sem stunda réttindanám eða sérhæfðara nám, notfæra sér í æ ríkara mæli þjónustu þess. Þess utan koma nemendur úr öðrum sérskólum, stúdentar úr Háskóla Íslands og aðrir námsmenn er hyggja á uppeldis- og kennslustörf. Kennarar á öllum skólastigum, fræðsluskrifstofur og aðrar stofnanir menntakerfisins nota sér einnig á ýmsan hátt þjónustu safnsins.

Í safninu eru nú um 50.000 skráð gögn. Stærsti hlutinn er bækur. Mest áhersla er lögð á rit um uppeldis- og menntamál en jafnframt er reynt að safna einhverju í öllum öðrum greinum sem kenndar eru við skólann. Þar standa íslenskan og Íslandssagan best að vígi.

Fjárskortur háir nokkuð starfsemi safnsins og einnig eru starfsmenn í færra lagi miðað við þá þjónustu sem ætlast er til að safnið veiti.

3.4.9 Aðbúnaður kennara og nemenda
Vinnuaðstaða kennara er nú um stundir með þeim hætti að ekki er unnt að sinna fræðistörfum. Þau verða að fara fram annars staðar. Slíkt er auðvitað ekki samboðið Kennaraháskóla Íslands. Von er á að úr þessu rætist á næstu árum. Þangað til ríkir neyðarástand.

Nemendur þyrftu að hafa aðgang að sérstakri íslenskustofu. Þar þurfa að vera allar kennslubækur og önnur námsgögn sem notuð eru við móðurmálskennslu í grunnskólum. Þegar ekki fer fram kennsla í stofunni eiga þeir að geta unnið þar að ritgerðum og verkefnum með öll nauðsynleg hjálpargögn við höndina.

3.5 Háskóli Íslands

3.5.1 Skipan íslenskunáms
Við heimspekideild Háskóla Íslands er hægt að leggja stund á íslensku til B.A.-prófs og cand.mag.-prófs í framhaldi af því. B.A.-námið er talið þriggja ára nám og metið til 93 eininga. Flestir eru þó 3 1/2–4 ár að ljúka B.A.-prófi. Hægt er að taka íslensku sem einu grein til B.A.-prófs (90 einingar), sem aðalgrein til 60 eininga og sem aukagrein til 30 eininga.

Að loknu B.A.-prófi geta þeir sem hafa tekið íslensku sem aðalgrein (til 60 eða 90 eininga) sest á kandídatsstig í málfræði eða bókmenntum. Einnig veitir nám í íslensku sem aukagrein og almennum málvísindum sem aðalgrein rétt til setu á kandídatsstigi í málfræði. Nám í íslensku sem aukagrein og almennri bókmenntafræði sem aðalgrein veitir rétt til setu á kandídatsstigi í bókmenntum. Kandídatsnámið er sett upp sem tveggja ára nám (60 einingar) en fæstir ljúka því á skemmri tíma en þremur árum.

Námið skiptist í námskeið sem flest eru metin til 5 eininga (1/6 hluti fulls ársnáms) en nokkur þó til 7 1/2 einingar og önnur til 2 1/2 einingar. Á hverjum vetri eru í boði u.þ.b. 150 einingar í íslensku til B.A.-prófs, þar af um 60–70 í málfræði en 80–90 í bókmenntum. Sum þessara námskeiða eru skyldunámskeið, sem allir nemendur verða að taka, en önnur eru valfrjáls. Þeir sem taka íslensku sem aukagrein (30 einingar) eiga lítið sem ekkert val, verða að taka 15 einingar í málfræði og 15 í bókmenntum, í tilteknum námskeiðum.

Þeir sem taka íslensku sem aðalgrein (til 60 eða 90 eininga) þurfa að taka 40 eininga kjarna. Þar er um að ræða þrjú skyldunámskeið (20 einingar) í málfræði og önnur þrjú (einnig 20 einingar) í bókmenntum. Í þessum námskeiðum er ætlast til að nemendur fái yfirsýn yfir helstu hugtök og rannsóknaraðferðir almennra málvísinda og almennrar bókmenntafræði, og öðlist staðgóða yfirlitsþekkingu á íslenskum bókmenntum og bókmenntasögu, íslensku máli og málsögu frá fornöld til nútímans.

Auk þess þurfa allir sem taka íslensku sem aðalgrein að skrifa B.A.-ritgerð í íslenskri málfræði eða bókmenntum. Ritgerðin er yfirleitt metin til 5 eininga en þeir sem taka íslensku til 90 eininga geta þó skrifað 10 eininga B.A.-ritgerð.

Það sem er umfram 45 einingar (40 eininga kjarna + 5 eininga ritgerð) er síðan valfrjálst, 15 einingar hjá þeim sem taka íslensku til 60 eininga, 45 einingar hjá þeim sem taka hana til 90 eininga. Hægt er að taka eingöngu

bókmenntanámskeið, eingöngu málfræðinámskeið eða blöndu af hvoru tveggja.

3.5.2 Kennaramenntun

Það er skoðun flestra eða allra kennara í íslensku að B.A.-nám í íslensku, hvort heldur er til 60 eða 90 eininga, veiti hvergi nærri nóga undirstöðu til íslenskukennslu á framhaldsskólastigi. Á sínum tíma var lögum um embættisgengi kennara breytt gegn vilja heimspekideildar og samtaka framhaldsskólakennara. Það er augljóst ósamræmi í því að um sama leyti og nám kennara fyrir grunnskólastig var lengt um 3 ár skyldu kröfur um nám framhaldsskólakennara stórminnkaðar. Nú er verið að lengja nám grunnskólakennara enn um eitt ár og er það þá orðið jafnlangt og nám framhaldsskólakennara (þrjú ár til B.A.-prófs og að auki eitt ár í uppeldis- og kennslufræði).

Það hefur líka stundum verið gagnrýnt af starfandi kennurum að ekki væri nógu mikið hugsað fyrir þörfum þeirra í B.A.-náminu. Uppeldis- og kennslufræðinámið væri heldur ekki nógu hagnýtt, m.a. vegna þess að það tengdist einstökum greinum svo lítið. Háskólakennarar í íslensku hafa hins vegar bent á að B.A.-námið er og á að vera fræðilegt undirstöðunám en ekki starfsnám. Þess vegna sé ekkert svigrúm til að taka inn í það námskeið eða þætti sem séu sérstaklega til þess fallin að búa nemendur undir ákveðin störf, hvort heldur það sé kennsla eða annað.

3.5.3 „Fjórða árið"

Til að bregðast við augljósum þörfum verðandi kennara ákváðu íslenskukennarar við Háskólann snemma árs 1988 að gera tilraun með að bjóða upp á sérstakt *fjórða árs nám* í íslensku. Það var hugsað annars vegar sem viðbótarnám fyrir þá sem væru í þann veginn að ljúka B.A.-prófi og hefðu hug á að leggja fyrir sig kennslu en teldu sig skorta undirbúning. Hins vegar var haft í huga að þetta gæti gagnast sem endurmenntun fyrir starfandi kennara.

Þetta nám hófst síðan haustið 1988. Það var samsett úr 6 námskeiðum, alls 30 einingum. Þrjú þeirra voru ný: *Meðferð talaðs máls, Málfræði í framhaldsskólum* og *Bókmenntakennsla í framhaldsskólum*. Þrjú námskeiðanna höfðu áður talist til B.A.-námsins en var nú breytt að nokkru leyti — að vísu mismikið — til að þau hentuðu kennurum og kennaraefnum betur. Þetta voru námskeiðin *Meðferð ritaðs* máls (áður *Hagnýt málfræði*), *Stílfræði* og *Rannsóknaraðferðir og ritgerðasmíð*.

Óhætt er að segja að þessi tilraun hafi tekist misjafnlega. Að flestum námskeiðanna var allgóð aðsókn en eitt þeirra (*Stílfræði*) féll þó niður vegna fæðar nemenda. Í flestum hinna námskeiðanna var blanda af nemendum úr B.A.-námi og starfandi kennurum. Einkum var síðarnefndi hópurinn fjölmennur í *Meðferð talaðs máls*. Námskeiðin fengu misjafna dóma, en flest munu þau þó hafa skilað árangri. Þannig má nefna að hópur nemenda í námskeiðinu *Málfræði í framhaldsskólum* samdi drög að nýju kennsluefni, svonefndu *Málefli*, sem nú er verið að gera tilraunir með í Menntaskólanum við Hamrahlíð og virðist lofa góðu (sjá 2.3.2).

Þegar ráðist var í þessa tilraun með viðbótarnám var það gert án nokkurrar aukafjárveitingar. Í staðinn var framboð valnámskeiða á B.A.-stigi minnkað.

Hins vegar var tekið fram að það yrði ekki hægt að gera til frambúðar og því yrðu auknar fjárveitingar að koma til ef þessi skipan ætti að halda áfram. Aukið fé fékkst ekki og því varð að draga saman seglin í vetur. Í stað 30 eininga í fyrra eru nú aðeins 18 einingar sem teljast til viðbótarnáms fyrir kennara og kennaraefni. Það eru námskeiðin *Meðferð talaðs máls* (sem nú er 3 einingar í stað 5), *Meðferð ritaðs máls* og *Móðurmálskennsla*, sem varð til við sameiningu námskeiðanna *Málfræði í framhaldsskólum* og *Bókmenntakennsla í framhaldsskólum*. Aðsókn að þeim námskeiðanna sem haldin eru nú á haustmisseri virðist þokkaleg.

3.5.4 Nýskipan íslenskunáms

Haustið 1988 unnu tvær nefndir kennara og nemenda að tillögum um nýskipan íslenskunámsins. Önnur þeirra lagði til að skipan B.A.-námsins yrði talsvert endurskoðuð og komu þær tillögur til framkvæmda í haust. Að sjálfsögðu er lítil reynsla komin á hina nýju skipan en meginhugmyndin að baki henni var að skapa heildstæðara grunnnám þar sem tryggt væri að engir meginþættir yrðu útundan. Síðan gæti hver og einn byggt ofan á þennan grunn eftir eigin vali.

Upp úr starfi hinnar nefndarinnar spruttu tillögur um breytingu á reglugerð Háskólans, þar sem m.a. er gert ráð fyrir að viðbótarnám það fyrir kennaraefni sem áður var lýst verði fest í sessi, og tekið verði upp framhaldsnám í íslensku til svonefnds M.Ed.-prófs. Í því eiga að felast 30 einingar í íslensku, sem samanstandi af námskeiðum sem þyki sérstaklega henta verðandi kennurum og auk þess 30 einingar í uppeldis- og kennslufræðum, núverandi nám eða önnur námskeið sem félagsvísindadeild viðurkennir.

Þessar tillögur voru samþykktar samhljóða á deildarfundi í heimspekideild í maí sl. og sendar rakleitt til háskólaráðs en þar eru þær enn til meðferðar.

Það er skoðun þeirra sem að málinu standa að mjög brýnt sé að þessar tillögur komist til framkvæmda. Reynslan sýnir að fáir fara í kandídatsnám í íslenskri málfræði eða bókmenntum og fæstir þeirra koma til kennslu í framhaldsskólum að námi loknu. Sérstakt framhaldsnám fyrir kennara ætti að geta orðið til að efla virðingu kennarastarfsins og auka áhuga á því meðal íslenskunema auk þess sem þeir sem því lykju ættu að verða mun betur undir það búnir að kenna íslensku á framhaldsskólastigi.

Þessi nefnd lagði enn fremur fram tillögur um að tekið yrði upp nám til doktorsprófs í íslenskri málfræði og íslenskum bókmenntum. Þetta hefur lengi verið til umræðu en aldrei komist á verulegan rekspöl. Þótt öllum sé hollt að víkka sjóndeildarhringinn með námsdvöl erlendis er ljóst að bestu skilyrði til framhaldsnáms í íslensku hljóta að vera á Íslandi og það ætti að vera þjóðinni metnaðarmál að koma á og halda uppi slíku námi. Í tillögum nefndarinnar var gert ráð fyrir að sameina kosti námsdvalar erlendis og framhaldsnáms hér heima þannig að eins árs fullt nám við erlendan háskóla skyldi vera þáttur í doktorsnáminu. Þessar tillögur voru einnig samþykktar samhljóða í heimspekideild í maí og sendar háskólaráði þar sem þær munu vera enn.

3.5.5 Kennsla í fjölmiðlun

Haustið 1988 starfaði einnig nefnd, skipuð af menntamálaráðuneytinu, sem

m.a. átti að móta hugmyndir um kennslu í fjölmiðlun við Háskóla Íslands. Hún lagði fram tillögur þar sem gert var ráð fyrir u.þ.b. 45 eininga námi sem færi fram bæði innan félagsvísindadeildar og í íslensku í heimspekideild. Við gerð nýrrar námsskipanar í íslensku sl. vetur var tekið tillit til þessara áforma. Einhverra hluta vegna hafa þau þó ekki komist í framkvæmd.

3.5.6 Tillögur um framhald

Nauðsynlegt er að gera allt sem hægt er til að koma þessu þrennu á rekspöl: sérstöku kennaranámi, doktorsnámi og námi í fjölmiðlun. Það þýðir auðvitað að veita þarf nauðsynlegu fé til Háskólans þannig að hægt sé að fara myndarlega af stað með þetta. Þó er rétt að benda á að ekkert af þessu á að þurfa að kosta ýkja mikið. Meginatriðið er að háskólayfirvöld og menntamálaráðuneytið beiti sér í þessu máli. Kennarar og nemendur í íslensku hafa haft frumkvæðið og nú þurfa aðrir að bregðast myndarlega við til að Háskólinn fái sinnt því forystuhlutverki sem honum ber í menntun kennara og fræðimanna í íslensku. Án góðra kennara og góðra fræðimanna verður ekki stunduð öflug málrækt.

3.6 Fullorðinsfræðsla

3.6.1 Móðurmál og fullorðinsfræðsla

Elstu fullorðinsfræðslustofnanir, sem nú starfa á Íslandi, eiga hálfrar aldar sögu að baki en þær eru Námsflokkar Reykjavíkur, stofnaðir 1939, og Bréfaskólinn, stofnaður 1940. Þessar stofnanir munu báðar frá fyrstu tíð hafa haft kennslu móðurmáls á námskrá sinni.

Alllengi var íslenskukennsla einnig iðkuð í samvinnu Ríkisútvarpsins og Bréfaskólans en féll niður við breyttar aðstæður. Nú býður Bréfaskólinn nám á grunnskólastigi í stafsetningu og málfræði og sækja það bæði ungir og gamlir nemendur. Í Námsflokkum Reykjavíkur er það föst venja að halda uppi kennslu í íslensku sem móðurmáli í frístundaflokknum (þ.e. próflausu námi), hversu fáir nemendur sem skrá sig, en í aðra flokka þarf tilskilinn lágmarksfjölda. Þótt þessi venja sé nefnd hér, er það næsta fágætt að ekki innritist tilskilinn lágmarksfjöldi nemenda í íslenskuhópana. (Meðalstærð hópa þarf að vera 10 en að lágmarki 6 og hámark er 16.)

Kennsluefni frístundahópa hefur fyrst og fremst verið stafsetning og málfræði þó að tjáning hafi einnig oft verið á dagskrá og sé það enn. Kvöldskóli Kópavogs og Námsflokkar Hafnarfjarðar hafa báðir íslenskukennslu á námskrá sinni og í frjálsu námi er þar fyrst og fremst um að ræða stafsetningu og málfræði og mun svo vera um flesta námsflokka á landinu.

Allmargir fullorðnir einstaklingar hafa sótt og sækja til Námsflokka Reykjavíkur eftir aðstoð við að læra að lesa því svo virðist að alltaf hafi nemendur seytlað í gegnum skólakerfisbergið án þess að ná tökum á þessari undirstöðugrein og er þá alls ekki alltaf lesblindu um að kenna. Reynt er að halda uppi lestrarkennslu en ekki unnt að taka við öllum sem sækja um aðstoð.

Reglugerð frá 1988 kveður á um að öllum nemendum, sem lokið hafa grunnskólanámi, sé heimilt að setjast í framhaldsskóla. Einnig er þar eldra ákvæði um að nemendur, sem orðnir eru 18 ára, hafi rétt til hins sama. Hið

síðarnefnda ákvæði byggist að sjálfsögðu á þeirri hugmynd að fullorðið fólk geri sér grein fyrir því sjálft hvort það sé fært um að takast á við framhaldsskólanám. Þetta ákvæði hefur stundum verið misskilið af fólki og það vænst kennslu sem hæfði hinum stutta skólabakgrunni sínum en svo mun sjaldnast vera. Námsflokkar Reykjavíkur hafa reynt að koma til móts við þetta fólk og boðið upp nám á 7. og 8. bekkjar stigi í móðurmáli og fleiri greinum. Ár hvert sækja um það bil 50–60 nemendur þessa kennslu og fara síðan í 9. bekkjar námsefni og fornámspróf, þ.e. 0–áfanga á framhaldsskólastigi. Kennslustundafjöldi er 5 st. á viku í eitt misseri, þ.e. tvær annir alls. Námsefni er stafsetning, málfræði og bókmenntir.

Þar að auki bjóða Námsflokkarnir öldungadeildarnám samkvæmt námskrá þeirri sem menntamálaráðuneytið hefur látið gera fyrir fyrstu tvö ár framhaldsskólans og gildir sama um það nám og öldungadeildarnám í framhaldsskólum, þó þannig að í áföngum sem veita 2 einingar eru 3 kennslustundir í stað tveggja. Um öldungadeildir er fjallað að öðru leyti í kaflanum um framhaldsskóla (sbr. 3.3.10).

Fræðsluvarpið hóf feril sinn með kennslu í íslensku á framhaldsskólastigi. *Málið og meðferð þess* er titillinn á námsefninu. Um er að ræða fjóra valáfanga sem alls eru metnir til sjö eininga. Fjölbrautaskóli Suðurlands er samstarfsaðili Fræðsluvarpsins í þessu verkefni.

Tómstundaskólinn býður fræðslu í greinaskrifum, gerð viðtala, uppsetningu og vinnslu fréttabréfa, framsögn og upplestri sem og fornum bókmenntum. Á haustönn er Sturlunga lesin og farið í ferðalag um söguslóðir.

Leiðsögn býður nemendum námshjálp í íslensku á ýmsum stigum, allt eftir því hvers óskað er.

Í ritaraskóla Mímis munu vera um 160 nemendur og þeir fá kennslu í stafsetningu og málfræði. Stjórnunarskólinn býður einnig kennslu í réttritun. Rétt er að geta þess að Námsflokkar Reykjavíkur, Kvöldskólinn í Kópavogi, Námsflokkar Hafnarfjarðar, Málaskólinn Mímir og Bréfaskólinn hafa einnig á námskrá sinni umfangsmikla kennslu í íslensku fyrir útlendinga. Flestir þessara útlendinga dvelja um stundarsakir á Íslandi en aðrir dvelja hér ævilangt og verður íslenskan þá þeirra annað mál.

Engin heildarstefna hefur enn verið mörkuð um fullorðinsfræðslu á Íslandi en unnið er að lagafrumvarpi um fullorðinsfræðslu. Ráðning deildarstjóra í menntamálaráðuneytið til að fjalla um þennan málaflokk sérstaklega er fagnaðarefni.

Í fullorðinsfræðslu ræður eftirspurn framboði og er það áberandi að fólk sækist einkum eftir að læra að rita og tjá móðurmálið skriflega. Fyrir nokkrum árum var mjög sóst eftir námi í tali og munnlegri tjáningu en dregið hefur úr þeirri eftirspurn og er það miður því að fátt bendir til að færni fólks hafi aukist á þeim sviðum. Eftirspurn eftir námi er ætíð dálítið sveiflukennd og tískubundin. Væri þörf á að gera átak í þessu efni og efla skilning fólks á þörfinni fyrir að það bæti hina munnlegu færni sína.

Námsefni er yfirleitt hið sama í fullorðinsfræðslu og skólum því um annað er tæpast að velja.

Kennarar eru að öðru jöfnu sóttir í raðir kennara í framhaldsskólum eða efstu bekkjum grunnskóla. Sárafáir kennarar á Íslandi hafa lært kennslufræði fullorðinna og væri verðugt að koma á fót slíkri fræðslu við KHÍ eða HÍ.

3.6.2 Hugmyndir og tillögur

- Efla þarf fræðslu í munnlegri tjáningu og gera átak til að fá fólk til náms í að bæta framburð og framsögn.
- Efla ber deild þá í menntamálaráðuneytinu sem fer með fullorðinsfræðslu svo að þar verði einnig veitt kennslufræðileg þjónusta og ráðgjöf.
- Koma þarf á fastri kennslu í kennslufræði fullorðinna hér á landi.

Að öðru leyti vísast til hugmynda og tillagna í kaflanum um framhaldsskóla.

3.7 Áhersluefni í móðurmálskennslu og skólastarfi

Í undanfarandi köflum hefur verið bent á ýmis atriði sem leggja verður kapp á að bæta og skulu hin helstu rifjuð upp hér:

1. Samin verði námskrá sem lýsi máltöku og málþroska sem samfelldu ferli og setji námsgreininni móðurmáli skilgreind markmið á öllum skólastigum. Í námskrá verði tekið sérstakt tillit til þess að skólum er nú ætlað að sinna hlutverki sem eldra samfélagsform leysti innan veggja heimilisins. Við þær aðstæður varðar miklu að tengja máluppeldi heimila og skóla eins vel saman og nokkur kostur er.

2. Tryggt verði með skipulegum aðgerðum, t.d. markvissri fækkun nemenda í námshópum þar sem þess er þörf, að sem flestir nemendur fái kennslu við sitt hæfi á hvaða skólastigi og í hvaða skólagerð sem er.

3. Séð verði til þess á öllum skólastigum að námsefni sé fjölbreytt og þyngdargreint þannig að það standi ekki í vegi fyrir því að hver nemandi fái kennslu við sitt hæfi.

4. Með skipulegum hætti verði tryggt að smám saman verði til námsefni sem svari öllum þeim meginmarkmiðum sem námsgreininni móðurmáli verða sett.

5. Sjá þarf til þess að námsgagnaskortur og hefðir í kennaramenntun standi ekki í vegi fyrir því að áhersla sé lögð á þátt talaðs máls.

6. Tryggja þarf með einum eða öðrum hætti að haft sé eftirlit með námsefni á öllum skólastigum.

7. Kennurum á öllum skólastigum verði tryggð vinnuaðstaða til þess að sinna verkum sínum í skólum og jafnframt verði móðurmálskennurum sköpuð kjaraskilyrði til þess, t.d. með því að veita umtalsverðan kennsluafslátt vegna yfirferðar skriflegra verkefna.

8. Lögð verði áhersla á að búa skólasöfn með þeim hætti að þau geti orðið miðstöðvar í skólastarfinu.

9. Tryggð verði þjónusta við móðurmálskennara á öllum skólastigum. Meðal annars verði stofnaðar þjónustudeildir fyrir leikskóla og fram-

haldsskóla og gegni þær sambærilegu hlutverki og Kennslumiðstöð fyrir grunnskóla.

10. Lögð verði áhersla á fjárveitingar til rannsókna svo að fáist vísindalegur grunnur að fagmannlegri móðurmálskennslu.

11. Séð verði til þess að móðurmálskennarar eigi kost á símenntun bæði sem kennarar og sérfræðingar í kennslugrein sinni. Símenntunarnámskeið verði eðlilegur hluti starfsins og skipulögð á skólatíma og með nægilegum fyrirvara til þess að unnt sé að gera ráð fyrir þeim í skólastarfinu.

12. Bætt verði úr skorti á handbókum og leiðbeiningum fyrir foreldra og efnt til námskeiða til að auðvelda þeim máluppeldi barna sinna. Hér ætti skipuleg fjarkennsla að geta komið að góðum notum.

13. Efla þarf kennaramenntun bæði í Kennaraháskóla og Háskóla Íslands og stuðla með því að traustri fagmennsku móðurmálskennara.

4. Fjölmiðlar og málfar

4.1 Blöð og ljósvaki

Fjölmiðlarnir tímarit, dagblöð, hljóðvarp og sjónvarp, fylla sífellt meira af tómstundum landsmanna. Það liggur því í augum uppi að sú íslenska sem þar er borin á borð muni hafa veruleg áhrif á íslenska málþróun á næstu mannsöldrum. Þó svo börn læri ekki mál af því einu að hlusta á hljóðmiðla eða horfa á sjónmiðla er deginum ljósara að allt það sem fyrir þeim er haft í máli hefur áhrif á það sem þau telja eðlilegt að taka sér í munn eða festa á blað.

Íslenskir fjölmiðlar hafa lengi látið sig mál og málnotkun miklu varða. Mætti þar frá fyrri tíð nefna baráttu manna eins og Jóns Ólafssonar ritstjóra og Björns Jónssonar, sem lengstum var kenndur við Ísafold, fyrir stafsetningu dagblaðanna, en síðast þess framtaks Ríkisútvarpsins að ráða sérstakan málfarsráðunaut til að fylgjast með málfari starfsmanna og gera tillögur um úrbætur. Afrakstur þess starfs má m.a. sjá í samstarfi Ríkisútvarpsins og Morgunblaðsins um útgáfu bókarinnar *Málfar í fjölmiðlum* (1989).

Einstakir fjölmiðlar hafa gert mikilvægar tilraunir til þess að bæta málfar eða leggja áherslu á mikilvægi tungunnar í blaðamennsku. Flest dagblaðanna og báðar sjónvarpsstöðvarnar hafa til dæmis ráðið sér fólk til lengri eða skemmri tíma til þess að aðstoða starfsmenn við málrækt sína.

Allt hefur þetta verið góðra gjalda vert og spor í rétta átt. Hins vegar er þess að gæta að í raun vita menn varla hvernig þeir geta brugðist við nýjum og nýjum vanda sem meðal annars stafar af nýrri tækni. Skal fátt eitt nefnt:

- Dagblöð eru núorðið unnin miklu hraðar en fyrr á öldinni. Það telst til undantekninga ef blaðamenn fá raunverulega tíma til að vanda til ritstarfa sinna. Hraðinn leiðir ósjálfrátt til fátæklegra málfars en ella mætti vænta, menn sælast til að nota kunnar ritklifanir og máltuggur. Um þessar mundir eru t.d. allir „í stakk búnir“ til einhvers (eða „ekki í stakk búnir“) svo eitt dæmi sé nefnt.
- Mjög fer í vöxt að notuð séu segulbandstæki þegar blaðamenn taka viðtöl. Síðan er textinn oft skrifaður því sem næst orðrétt eftir segulbandinu. Þetta leiðir til þess að talmálseinkenni verða mikil og breytir það með vissum hætti hinu formlega málsniði sem íslenskt ritmál hefur haft um aldir.
- Ljósvakafjölmiðlar, sem svo eru nefndir, byggja dagskrár sínar æ meir á beinum útsendingum. Við þær aðstæður getur enginn krafist þess að talað sé gullaldarmál — mismæli og almennar ambögur hljóta ávallt að fljóta með. Kemur þá að litlu haldi að hafa málfarsráðunauta því engum er ætlandi að geta talað langtímum saman án þagna og hafa sífellt eitthvað merkilegt að segja með meitluðu tungutaki. Þarna hefur orðið grundvallarbreyting á fáum árum. Allt frá stofnun ríkisútvarps árið 1930 til allra síðustu ára var talað mál í útvarpi flutt eftir undirbúnum skrifuðum texta. Þangað mátti því leita sér fyrirmynda um vandað og formlegt málsnið.

- Leggja verður mikla rækt við framburð í ljósvakamiðlum. Margir telja sig heyra þess merki að áherslubreytingar séu að verða í máli ýmissa þeirra sem þar taka til máls, t.d. hefur verið bent á varhugavert óskýrmæli o.s.frv.
- Í öllum fjölmiðlum er geysimikið um þýtt eða endursagt efni. Fæstir sem þar starfa hafa fengið umtalsverða tilsögn í þýðingum eða vanist við þær áður. Ber af þeim sökum stundum nokkuð á þýðingarblæ á fjölmiðlatextum og jafnvel má sjá þess ljós dæmi að þýðingarnar hafi áhrif á frumsaminn texta. Meðal alkunnra ásteytingarsteina eru orðaleppar eins og „talandi um þetta, þá dettur mér í hug ...“ (e. „talking about“ o.s.frv.).
- Fjölmargir fréttamenn fjölmiðla hafa hlotið menntun sína í erlendum skólum og eru því oft illa undir það búnir að tjá hugsun sína og annarra á eðlilegu og kjarngóðu íslensku máli. Aðrir, t.d. þeir sem tækjum stjórna á sjónvarpsstöðvum, búa við erlend íðorð og tala sín á milli á vinnustað mjög slangurborið mál. Það gefur auga leið að smám saman getur það haft veruleg áhrif á málvitund.
- Margt hefur verið rætt á undanförnum misserum um nauðsyn þess að talsetja sjónvarpsefni fyrir yngstu áhorfendurna. Skal undir það tekið hér, einkum í ljósi þess að ein erlend tunga, enska, er yfirgnæfandi í sjónvarpsefni hérlendis. Hins vegar er áreiðanlega enn brýnna að efla innlenda dagskrárgerð því erlendar kvikmyndir með íslensku tali halda áfram að miðla erlendri menningu, ekki íslenskri, til þeirra sem á þær horfa.
- Í tónlistardagskrám útvarpsstöðva er of algengt að gengið sé út frá því sem sjálfsögðum hlut að íslenskir hlustendur skilji eina erlenda tungu, ensku. Titlar sönglaga og jafnvel glefsur úr textum eru þulin án þýðingar og þar með látið að því liggja að sjálfsagt sé að Íslendingar skilji ensku.

Á öllum þessum sviðum er átaks þörf. Það er vissulega fagnaðarefni ef mikil áhersla verður lögð á íslensku í skipulagi fjölmiðlanáms við Háskóla Íslands. Hins vegar er einnig full þörf á að gefa fjölmiðlafólki kost á símenntun á þessu sviði og er hvatt til þess að fela einhverri skólastofnun (einhverjum stofnunum) að skipuleggja námskeið fyrir starfsmenn fjölmiðla þegar þess væri óskað. Framlag ríkisins þyrfti ekki að vera annað en að leggja til þessa skipulagsstofnun en hver fjölmiðill sæi síðan um að kosta sín námskeið. Góð byrjun gæti verið að blása til málstofu þar sem sérfræðingar og þeir sem á vettvangi starfa bæru saman bækur sínar um markmið og leiðir.

Mikilvægt er einnig að stuðla eftir megni að útgáfu hvers konar handbóka um mál og málnotkun. Vegna dagblaðanna væri og skynsamlegt að gefa gaum að tölvutæku efni sem völ er á, þar sem nær allt það sem blaðamenn skrifa er skráð beint á tölvu og getur þá verið hagkvæmt að geta flett upp í tölvuskrá til að fá leiðbeiningar um málnotkun. Erlendis fer í vöxt að út séu gefnar orðabækur á disklingum, hérlendis eru kunn forrit eins og „Prentvillupúkinn“ (eftir Friðrik Skúlason), og vel mætti hugsa sér að handbækur fengjust gefnar út á þessu formi. Á upplýsingaöld hinni síðari er ekki vansa-

laust ef menn eiga ekki aðgang að leiðbeiningum í hverri þeirri mynd sem tæknin gerir mögulega.

4.2 Auglýsingar og kynningarefni

Ógrynni auglýsinga og kynningarefnis í fjölbreyttri mynd er haldið að landsmönnum á hverjum degi. Þetta efni er áberandi og þannig sett fram að það höfðar til barna og unglinga. Oft er miklu kostað til í umbúnaði, vinsælir einstaklingar fengnir til þess að flytja texta og klifað á setningum til þess að boðskapurinn fari ekki framhjá neinum. Orð og setningar festast þannig í minni fólks, ekki síst barna, og þegar við bætist að líf kynningarefnis er oftast lengra en annars fjölmiðlaefnis liggur í hlutarins eðli að áhrifamáttur málfars er mikill og mjög brýnt að það sé til fyrirmyndar. Börn trúa því og treysta að það sem fullorðna fólkið ber á borð fyrir þau í fjölmiðlum sé gott og gilt og undir þessu trausti ber að rísa.

Auglýsendur vanda texta misjafnlega í kynningarefni sínu. Flest er vel gert en sumt miður. Þeir sem hafa atvinnu af gerð kynningarefnis leggja yfirleitt metnað sinn í vandað og frjótt málfar. Það lýtur þó stundum í lægra haldi fyrir öðrum lögmálum:

- Það virðist trú meðal hóps fólks að íslensk heiti séu óhæf á söluvöru. Þeim finnst eigin tunga ekki hæfa. Spyrja má hvort afdalamennskan sé ekki vandamál þessarar hugsunar fremur en málið. Erlend vöruheiti eru notuð í íslenskum texta, skrifuð með útlenskri stafsetningu og borin fram og beygð að útlendri hefð. Þessi erlendu orð og fyrirtækjaheiti blasa við á áberandi ljósaskiltum svo vart má á milli sjá hvort gengið er á íslenskri götu eða erlendri. Að hluta til má rekja þessa þróun til notkunar erlendra skrásettra vörumerkja en um þau gilda ákveðnar reglur.
- Útlit texta er á stundum látið ráða yfir reglum málsins. Dæmi um það er þegar orði er skipt milli lína án þess að notað sé bandstrik, stór stafur notaður í stað lítils eða öfugt og eðlilegri beygingu sleppt.
- Orðanotkun og orðaforði er oft fátæklegri en efni standa til vegna ótta einstakra auglýsenda við að almenningur skilji ekki nema algengustu orð. Sá ótti ætti að vera ástæðulaus ef textinn er nægilega lýsandi að öðru leyti.
- Sum fyrirtæki og stofnanir virðast telja sér skylt að nota stirt og jafnvel illskiljanlegt mál sem einkennist af mörgum samsettum nafnorðum. Vafasamt er að þannig auglýsingar nái jafngóðum árangri og texti á eðlilegu máli.

Fyrirtækjum, stofnunum og fólki sem vinnur að gerð kynningarefnis er bent á ábyrgð þeirra varðandi meðferð íslensks máls. Sú ábyrgð felur í sér að vera aldrei vond fyrirmynd, vera sífellt vakandi yfir þessari mikilvægu menningararfleifð sem okkur hefur verið falið að rækta og skila óskaddaðri til næstu kynslóðar.

5. Málræktarstofnanir

Nokkrar stofnanir á Íslandi hafa það meginhlutverk að fást við íslenskt mál. Í þeim hópi eru Orðabók Háskóla Íslands, Íslensk málstöð, Stofnun Árna Magnússonar og Málvísindastofnun Háskóla Íslands. Í þessum stofnunum fer fram umfangsmikið vísindastarf og þær veita einnig margháttaða þjónustu. Þær eru sjálfstæðar stofnanir þótt þær séu tengdar Háskóla Íslands.

Komið hefur fram í starfi Málræktar 1989 mikil þörf fyrir málfarslega þjónustu. Fólk spyr um rétt mál og rangt eða gott mál og vont. Það spyr um merkingu orða og orðasambanda, biður um ráð vegna heita á vöru eða stofnun og dæmi eru um það að forstöðumenn stofnana spyrji um námskeið fyrir starfsfólk. Engin ein stofnun virðist hafa allt þetta á sinni könnu. Ástæða er til að athuga í hverju þjónusta áðurnefndra stofnana er fólgin, hvort ástæða er til að samræma hana eða samtengja á einhvern hátt og hvað vantar svo unnt sé að bæta þjónustuna.

Orðabók Háskólans og Íslensk málstöð veita almenningi einna mesta þjónustu. Þessar stofnanir hafa þó ýmsu öðru að gegna og vert væri að styðja betur við þjónustuhlutverk þeirra. Orðabók Háskóla Íslands er vísindaleg orðfræðistofnun. Hún skiptist í fimm deildir, orðtökudeild, ritstjórnardeild, talmálsdeild, tölvudeild og þýðingadeild en í síðasttöldu deildinni er unnið að sérstökum verkefnum fyrir aðila utan Orðabókar. Meginverkefni Orðabókar er að vinna að orðasöfnun og undirbúningi útgáfu sögulegrar orðabókar yfir íslenskt mál frá upphafi prentaldar á Íslandi og fram á okkar daga.

Orðabók Háskólans gaf nýlega út *Orðsifjabók* Ásgeirs Blöndals Magnússonar. Auk þess er unnið að útgáfu tveggja stórra orðabóka, sögulegrar sagnorðabókar og orðtíðnibókar og hafinn er undirbúningur að fræðilegri útgáfu orðfræðirita. Þá hefur síðustu árin farið fram undirbúningur að margþættri útgáfustarfsemi og stofnunin gefur út tímaritið *Orð og tungu*.

Mjög margt fólk hefur samband við Orðabók Háskólans til að koma á framfæri vitneskju um orð. Einnig fer þeim stöðugt fjölgandi sem leita aðstoðar í málfarsefnum. Það virðist mikil þörf fyrir þjónustu af þessu tagi og tvímælalaust er hún til góðs fyrir íslenska málrækt. Því þarf að leggja áherslu á að gera stofnuninni kleift að sinna þessu verki í mun meira mæli en nú er (sjá nánar fylgiskjal 3).

Vorið 1989 var gerð breyting á lögum um Íslenska málnefnd frá 1985 sem tekur gildi 1. janúar 1990. Nefndarmenn verða nú fimmtán í stað fimm áður.

Hlutverk nefndarinnar er að vinna að eflingu íslenskrar tungu og varðveislu hennar í ræðu og riti. Henni er ætlað að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um íslenskt mál, veita opinberum stofnunum og almenningi leiðbeiningar um málfarsleg efni og gangast fyrir kynningarfundum og námskeiðum. Þá hefur Íslensk málnefnd samvinnu við orðanefndir félaga og stofnana, aðstoðar við val nýrra orða og nýyrðasmíð.

Íslensk málstöð er skrifstofa og framkvæmdastofnun málnefndarinnar og rekin af henni í samvinnu við Háskóla Íslands. Málfarsráðgjöf við almenning er eitt af verkefnum Íslenskrar málstöðvar og er öllum heimilt að nýta sér þá þjónustu.

Málstöðinni er sérstaklega ætlað að fylgjast með þróun íðorðabanka í öðrum löndum, undirbúa slíkan banka hér og sjá um rekstur hans. Málstöðin heldur uppi sambandi við allar starfandi orðanefndir í landinu, milli tuttugu og þrjátíu að tölu. Málstöðin sér um útgáfu af ýmsu tagi. Þar er helst að geta ritraðar Íslenskrar málnefndar en í henni hafa komið út fjórar bækur: *Tölvuorðasafn*, (1. og 2. útg.) *Orðaskrá úr uppeldis- og sálarfræði* og *Réttritunarorðabók handa grunnskólum*. Þá gefur málnefndin út tímaritið *Málfregnir*.

Íslensk málstöð hefur miklu hlutverki að gegna. Nauðsynlegt er að styrkja hana að mun sem þjónustustofnun við almenning, fyrirtæki og stofnanir. Þá er nauðsynlegt að hvetja starfsstéttir til að stofna orðanefndir. Dæmi eru um að orðanefndir eigi óhægt um vik vegna féleysis.

Nú er unnið að stofnun málræktarsjóðs sem verða mun í umsjá Íslenskrar málnefndar. Nefndin leggur áherslu á að sjóðurinn hafi víðtækt hlutverk og geti orðið til stuðnings hvers konar málræktarstarfsemi í landinu. Verkefnisstjóri Málræktar hefur orðið áþreifanlega var við þörf fyrir styrk til einstaklinga og stofnana sem eru að vinna að góðum hlutum en hafa ekki bolmagn til að ljúka verki eða koma því á framfæri. Málræktarsjóður gæti orðið hvati til öflugs málræktarstarfs í landinu. Það er þó vitaskuld háð því hvernig til tekst með fjáröflun.

6. Málrækt 1989 — tilraun til mats

Nú hefur verið getið helstu þátta sem starf Málræktar 1989 hefur snert frá 17. júní síðastliðnum til þessa dags. Það er ekki auðvelt verk að meta hvernig til hefur tekist. Þar hlýtur mat að vera meira eða minna huglægt og byggt á tilfinningu þess fólks sem staðið hefur fyrir átakinu. Ekki hefur verið gerð nein tilraun til að meta á hlutlægan máta hvernig til hefur tekist. Verkefnisstjórn kom með þá hugmynd að fá Félagsvísindastofnun til að kanna hug þjóðarinnar til málsins. Ekki hefur enn verið ráðist í það verk en vissulega væri það forvitnilegt og gæti gefið frekari vísbendingar um hvernig best væri að standa að málræktarstarfi í náinni framtíð.

Á undanförnum mánuðum hefur safnast saman töluverð þekking um íslenska málrækt, áhuga þjóðarinnar á máli sínu og síðast en ekki síst ýmislegt sem gæti gefið vísbendingar um hvernig haga ætti málræktarstarfi í framtíðinni. Það er von þeirra sem að átakinu standa að sú þekking birtist meðal annars í þessari skýrslu.

Þær heimildir sem liggja fyrir fá menn til að efast svolítið um þann dökka lista sem birtur er í fréttatilkynningu ráðuneytisins og vitnað er í fremst í þessari skýrslu (sjá líka fylgiskjal 1). Þjóðin virðist hafa mikinn og einlægan áhuga á máli sínu. Ef mæla má styrk í liðsafla er málið á grænni grein. Þó er ljóst að ýmislegt virðist órætt og ógert í íslenskri málrækt og margt leitar á hugann í lok málræktarátaks.

Þegar rætt er um nauðsyn málræktar eru rökin oftast neikvæð. Íslensk tunga er talin á heljarþröm, flest er illa sagt á vondu máli. Mál fjölmiðla er vont. Mál barna og unglinga er vont. Öllu fer aftur í málfarsefnum. Afar sjaldan er talað um fallegt mál og hvað það sé gaman að komast skemmtilega að orði. Afleiðing þessa er sú að fjöldi fólks telur gott mál einungis koma úr munni fáeinna fræðimanna sem leggja stund á íslenskt mál. Margir virðast ekki treysta sér til að skrifa bréf til stofnana og einstaklinga til að vekja athygli á einhverju málefni eða leita réttar síns. Þessu verður að snúa til jákvæðari áttar og það reyndu aðstandendur Málræktar 1989. Telja verður nauðsynlegt að samtök atvinnulífsins standi fyrir fræðslu um íslenskt mál í ræðu og riti fyrir félaga sína og leggja verður áherslu á fullorðinsfræðslu. Slíkar aðgerðir eru til að treysta lýðræði þessarar þjóðar.

Þegar rætt er um það sem að er í máli nefna menn líklega oftast erlendar slettur og stafsetningarvillur í texta. Vissulega er hvort tveggja hvimleitt og ber að sporna við því. Við þurfum þó að gæta okkar á því að láta ekki þau atriði ein taka alla orku okkar og áhuga til málræktar því þarna eru á ferðinni augljósustu atriðin, þau sem flestir sjá og gera sér grein fyrir og ættu því að geta auðveldlega lagfært í máli sínu. Þar þarf fyrst og fremst leiðbeiningar og hvatningar. Hins vegar er ástæða til að óttast önnur atriði sem dýpra liggja og erfiðara er að koma auga á. Þar er átt við ýmislegt sem snertir framburð, setningaskipan og röklegt samhengi í máli. Það þarf að veita slíkum atriðum meiri eftirtekt.

Oft er klifað á því að margt fari úrskeiðis í máli barna og unglinga. Minna er rætt um það hver annast máluppeldi þessara hópa. Líklega þarf að beina

áróðri og fræðslu í vaxandi mæli til fólks á aldrinum 20 til 50 ára. Þetta fólk hefur mest áhrif á börn. Það hefur einnig mest áhrif úti í atvinnulífinu. Það stofnar fyrirtæki sem sum hver hljóta erlend nöfn. Það flytur inn eða skapar nýja þekkingu og tækni sem þarfnast nýrra orða. Þetta er fólkið sem mest er áberandi í fjölmiðlum og er í sviðsljósinu í viðskiptum og þjónustu. Þarna á íslensk málrækt mikið verk fyrir höndum. Telja verður nauðsynlegt að fræða foreldra um mál og máluppeldi. Þá þyrftu félög atvinnurekenda og launþega að sameinast um að gefa fólki sínu færi á að rækta mál sitt með ýmsu móti. Það mun skila sér vel í starfi.

Fjölmiðlar eru oft sakaðir um að spilla málinu. Sjáfsagt er sumt réttmætt í þessum ásökunum og ekki má gleyma því að fjölmiðlar eru þær stofnanir sem nota málið mest allra stofnana og eru þjóðinni fordæmi í þeim efnum. Ekki verður því á móti mælt að margt er þar vel sagt á góðu íslensku máli. Við verðum að gæta okkar á að nota ekki fjölmiðla sem blóraböggul og firra okkur ábyrgð á málinu. Margt má betur fara í fjölmiðlum og fjölmiðlafólk þarf að vera sér mun betur meðvitað um ábyrgð sína. Fjölmiðlar verða að gera meiri kröfur til sjálfra sín, einkum verða þeir að sinna betur þjálfun starfsfólks en þar er einnig komið til kasta menntakerfisins. Ungt fólk sem hyggur á nám í fjölmiðlun verður að eiga kost á góðu námi á Íslandi. Fólk sem notar fjölmiðla þarf einnig að læra að gera réttmætar kröfur til þeirra. Á þann hátt getur það haft áhrif á þá.

Margir hafa með réttu töluverðar áhyggjur af áhrifum alþjóðlegra fjölmiðla á mál og menningu þjóðarinnar en geta lítið að gert þar sem fjölmiðlun virðir engin landamæri. Ástæða er þó til að dást að hugrekki íslenskra fjölmiðla. Á mælikvarða heimsins eru fyrirtæki hér svo smá að undrun sætir en metnaður sumra þeirra er hins vegar mikill. Það eina sem við getum gert í flóði alþjóðlegra sjónvarpsstöðva er að gera enn betur en hingað til. Þýða þarf texta og talsetja myndir og síðast en en ekki síst þarf að framleiða mun meira af íslensku efni en gert er. Við vitum að það er ætíð vinsælasta efnið. Þetta kostar fé en ekki má gefast upp á að finna færar leiðir svo unnt sé að framleiða mikið af góðu íslensku efni.

Móðurmálskennsla í skólum hefur ekki farið varhluta af umræðum um stöðu íslensks máls og málræktar. Það er oft með ólíkindum hve menn eru ónákvæmir í umfjöllun sinni. Ýmsir halda því blákalt fram að móðurmálskennslu hafi hrakað en hafa þá hvorki nýjar athuganir til að styðjast við né eldri athuganir til samanburðar. Hvað þá að þeir taki mið af ýmsum þjóðfélagsbreytingum sem kunna að hafa áhrif í þessum efnum. Við þyrftum að fara að kanna ástandið í skólum okkar svo unnt sé að svara athugasemdum og bæta úr þar sem á skortir. Það er nauðsynlegt að fjalla sífellt um kennslu íslensks máls í skólum. Það eiga kennarar, fóstrur, foreldrar og þjóðin öll að gera. En sú umræða verður að vera uppbyggjandi og málefnaleg. Móðurmálskennsla verður aldrei fullkomin frekar en önnur mannanna verk en það er mikilvægt að stefna alltaf að því að bæta hana. Hún má ekki staðna. Margt vantar til að sinna móðurmálskennslu eins og vert væri. Menn verða þó að gera eins og þeir geta á hverjum tíma því börnin bíða ekki eftir betri tíð. Hins vegar verða þeir sem móðurmálskennslu annast að gera sér grein fyrir hvað á skortir svo kennslan geti orðið markviss og láta yfirvöld vita. Þeim ber hins vegar skylda til að búa þannig að móðurmálskennslunni að

hún geti borið sem bestan árangur.

Rannsóknir eru forsendur breytinga og því er nauðsynlegt að vinna markvisst að því að efla rannsóknir á íslensku máli og kennslu þess. Nú er unnið að mjög viðamikilli rannsókn á vegum Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála á lestrarhæfni 9 og 14 ára grunnskólanemenda. Rannsóknin er liður í alþjóðlegri rannsókn á læsi. Ein skýrsla hefur verið gefin út á vegum stofnunarinnar um lestrarhæfni 15 ára unglinga og er hún byggð á rannsókn sem unnið var að fyrir skömmu. Þá er verið að vinna að umfangsmikilli rannsókn á stafsetningu nemenda í lok grunnskóla og í framhaldsskólum. Það verk er komið vel á veg.

Nefnd á vegum menntamálaráðherra vinnur að tillögum að könnunum og rannsóknarverkefnum á lesskilningi og orðaforða í grunn- og framhaldsskólum. Nefndin mun ljúka störfum í lok nóvember 1989.

Það er því ljóst að margt er í deiglu og að mörgu unnið og ber að fagna því um leið og menn eru hvattir til að halda vöku sinni og láta ekki íslenskri málrækt lokið þótt lokið sé starfi verkefnisstjórnar Málræktar 1989.

Fylgiskjal 1.

Frétt frá menntamálaráðuneytinu

28. mars 1989

MÁLRÆKTARÁTAK

Margir hafa nú vaxandi áhyggjur af íslenskri tungu. Ber þar margt til:

a. Þjóðfélagshættir, sem tungan er svo mjög bundin, hafa breyst og ungt fólk í nútímaborgarsamfélagi virðist eiga í erfiðleikum með að tileinka sér hefðbundinn íslenskan orðaforða, orðtök, málshætti, talshætti o.fl.
b. Æ fleiri sækja menntun til annarra þjóðfélaga og tileinka sér starfsreynslu á erlendum málum og orðaforða þar að lútandi.
c. Fjölmiðlun eykst að umfangi og hún verður sífellt alþjóðlegri, og erlendar stöðvar skjóta rótum.
d. Mjög einhæfur og sterkur straumur berst frá enskri tungu og menningu.
e. Móðurmálskennsla virðist ekki skila jafngóðum árangri og vænta mætti.
f. Starfshættir og viðhorf þeirra sem mest hafa beitt sér í málræktarstarfi virðast ekki eiga greiða leið að ungu fólki.

Með þessi atriði í huga – og það að íslensk tunga er einn helsti grundvöllur menningarstarfsemi í landinu – hyggst menntamálaráðuneytið standa fyrir sérstöku **málræktarátaki** á þessu ári. Átakið beinist að þremur höfuðþáttum:

1. Að efla þá málræktarstarfsemi sem fyrir er.
2. Að efna til herferðar í skólum og fjölmiðlum á síðari hluta þessa árs til að auka veg móðurmálsins.
3. Að standa fyrir lagabreytingum og verkefnum í málrækt.

Til þess að hafa yfirumsjón með þessu málræktarátaki mun ráðuneytið ráða til starfa verkefnisstjóra í hlutastarf sem hafi yfirumsjón með þeim málum sem unnið er að í samvinnu verið verkefnisstjórn.

Megináherslur beinast að eftirtöldum þáttum:

1. FJÖLMIÐLAR

Efnt verður til samstarfs við fjölmiðla um málræktarátakið og verður það eitt meginviðfangsefni verkefnisstjórnarinnar. Leitað verður samstarfs við fjölmarga aðila um fjölmiðlaátakið, þar á meðal samtök móðurmálskennara, blaðamanna og rithöfunda. Einnig verður leitað til íslenskunema og auglýsingastofa svo nokkuð sé nefnt.

2. UNGA FÓLKIÐ

Sérstök áhersla verður lögð á þátt skólanna og á að ná til yngstu kynslóðarinnar.

a) Efnt verður til **móðurmálsviku** í öllum skólum landsins, grunnskólum og framhaldsskólum.
b) Æskulýðssamband Íslands gengst fyrir átaki í haust undir kjörorðinu „Íslenska – það er málið".
c) Ráðuneytið mun beita sér fyrir **„móðurmálsskóla"** fyrir yngstu börnin og verður hann ætlaður börnum á forskólaaldri á svipaðan hátt og umferðarskólinn.
d) Gerð verður áætlun um **talsetningu alls barnaefnis í sjónvarpi** og stefnt að því að allt barnaefni verði á íslensku máli.
e) Settur verður á fót **móðurmálshópur kennaranema og kennara.**
f) Í samráði við félag móðurmálskennara verður unnið að **endurskoðun íslenskunámsins í framhaldsskólunum.**
g) Ráðuneytið mun beina því til Námsgagnastofnunar og skólaþróunardeildar menntamálaráðuneytisins að samið verði kennsluefni, einhvers konar **móðurmálsleikir á tölvu,** sem yrði í senn til þess fallið að virkja tölvuáhuga barna og máltilfinningu og áhuga á móðurmálinu.

h) Sett verði reglugerð um námsefni, þar sem m.a. verði skýr ákvæði um vandaða meðferð móðurmáls (í kjölfar aðalnámskrár).

3. ÍSLENSK MÁLNEFND

Íslensk málnefnd og skrifstofa hennar, Íslensk málstöð, gengst fyrir margvíslegri starfsemi sem tengist málrækt. Má segja að málstöðin sé og eigi að vera **miðstöð íðorðasmíði** og **málræktarstarfs** í landinu. Út hafa komið á vegum stofnunarinnar **íðorðaskrár,** auk þess sem málnefndin gefur út **Málfregnir,** sem koma út tvisvar á ári. Lagt er til að við málstöðina verði komið á fót starfi **íðorðaritara** sem hafi það sérstaka verkefni að aðstoða við gerð og útgáfu íðorðasafna. Að öðru leyti er óhjákvæmilegt að efla starfsemi málstöðvarinnar.

Íslensk málnefnd gengst fyrir ráðstefnu 22. apríl 1989 undir yfirskriftinni **Íslenskt mál og menning á öld gervitungla.**

4. HÁSKÓLAR/SAMTÖK MÓÐURMÁLSKENNARA

Fjölmargir aðilar, opinberir aðilar jafnt sem einkaaðilar og samtök, beita sér nú fyrir mikilvægum málræktarverkefnum. Í því sambandi skal bent á eftirfarandi:

Háskóli Íslands.

Í Háskóla Íslands og stofnunum tengdum honum fer fram vinna sem er málræktarstarfinu mjög mikilvæg. Í nokkur ár hafa farið fram **rannsóknir á íslenskum framburði.** Niðurstöður úr þessum rannsóknum hafa verð birtar að hluta í tímaritsgreinum og koma þar fram upplýsingar sem eru mjög mikilvægar fyrir málræktarstarfið. Efnissöfnun þessarar rannsóknar er svo til lokið og úrvinnsla komin allnokkuð á veg. Ráðuneytið mun gera ráðstafanir til þess að Málvísindastofnun geti lokið þessu verkefni sem fyrst og gefið út niðurstöðurnar.

Um þessar mundir er unnið að **endurskoðun íslenskunámsins í Háskólanum** þannig að námið verði hagnýtara. Lögð verður meiri áhersla á menntun íslenskukennara en áður var. Ennfremur er stefnt að því að tengja kennsluna meira málræktarstarfinu. Þessar breytingar á skipulagi íslenskunámsins tengjast einnig að nokkru **fjölmiðlakennslu í Háskólanum,** en sérstök nefnd starfar að því að gera tillögur um skipulag þess. Eðlilegt þykir að í tengslum við þessar nýjungar verði komið á fót nýrri stöðu **lektors í hagnýtri málfræði** við heimspekideild.

Hjá Orðabók Háskólans er nú í undirbúningi margvísleg – og afar mikilvæg – útgáfa. Þar má nefna **orðasifjabók Ásgeirs Blöndals Magnússoanr** sem koma mun út á þessu ári. Ennfremur er þar unnið að útgáfu eldri orðabóka, **orðabókar Gunnlaugs Oddsonar, orðabókar Guðmundar Andréssonar** og **útgáfu tíðniorðabókar.** Telja má að útgáfa tíðniorðabókarinnar tengist málræktarstarfinu sérstaklega þar sem upplýsingar úr henni mundu nýtast sérlega vel í skólastarfi, sérstaklega stafsetningarkennslu.

Kennaraháskólinn.

Kennaraháskóli Íslands annast um menntun móðurmálskennara á grunnskólastigi og á undanförnum árum hefur umfjöllun um íslenskt mál verið aukin þar eftir föngum.

Nýlega hefur verð ráðinn **prófessor í íslensku** við Kennaraháskólann.

Um 10 ára skeið hefur farið þar fram **rannsókn á máltöku barna á forskólastigi,** m.a. á félagslegum þætti í málþroska.

Kennaraháskólinn hefur einnig sinnt sérstaklega þætti bókmennta í máluppeldi og er stefnt að því að koma saman **kennarahandbók í bókmenntakennslu.**

Kennaraháskóli Íslands hyggst í samvinnu við ýmsar aðrar stofnanir gangast fyrir útgáfu **handbókar um máluppeldi og kennslu talaðs máls.** Þessu efni fylgir væntanlega hljóðefni og myndbönd.

Í tengslum við Kennaraháskólann og Menntaskólann við Hamrahlíð hafa Baldur Sigurðsson og Steingrímur Þórðarson kennarar unnið um nokkurt skeið að **könnun á árangri stafsetningarkennslu.** Þessar rannsóknir eru mjög gagnlegar og hefur ráðuneytið þegar stutt þær með sérstöku framlagi.

Samtök móðurmálskennara.

Samtök móðurmálskennara annast **útgáfu Skímu,** málgagns samtakanna. Þetta er öflugt félag sem hefur 800 félaga.

Ráðuneytið mun leita samstarfs við Samtök móðurmálskennara bæði að því er varðar samskiptin við fjölmiðla og um framkvæmd móðurmálsvikunnar sem áður er getið um.

Þá verður myndaður starfshópur um **móðurmálsmenntun kennaranema** og **endurskoðað íslenskunám í framhaldsskólum.**

5. FÉLAGASAMTÖK

Ýmis félagasamtök hafa á undanförnum árum sinnt málræktarstarfi. Í því sambandi má nefna flugfólk, verkfræðinga, eðlisfræðinga, lækna og fleiri aðila. Nauðsynlegt er að styðja við bakið á þessu starfi í samvinnu við Íslenska málnefnd, samanber þær tillögur sem annars staðar eru nefndar um íðorðaritara.

6. MÁLRÆKTARSJÓÐUR

Endurskoðuð verða lög um Íslenska málnefnd eins og áður getur og er m.a. gert ráð fyrir því að fleiri aðilar tengist henni.

Rætt hefur verið um að leggja fram **frumvarp til laga um málræktarsjóð** er verði í vörslu málnefndar. Málræktarsjóður verði framkvæmdasjóður og verðlaunasjóður. Þangað verði hægt að sækja um lán eða styrki til útgáfu verka sem teljast mega styðja íslenska tungu og menningu.

7. VERKEFNI Á VEGUM EINKAAÐILA

Auk þeirra verkefna sem opinberir aðilar vinna að hafa einkaaðilar í undirbúningi margvísleg verkefni sem telja má að þjóni beint og óbeint málræktarátakinu. Í því sambandi má nefna:

Ýmis útgáfufyrirtæki hafa gefið út rit sem nýtast í íslenskri málrækt, m.a. orðabækur og handbækur. Ráðuneytið telur að þörf sé á útgáfu **málnotkunarbókar** sem nýtast mundi áhugasömum almenningi, kennurum og fleirum. Til greina kemur að útgáfufyrirtæki annist útgáfuna, og væri eðlilegt að haft yrði samráð við Íslenska málnefnd. Unnið er m.a. að **skólaorðabók Iðunnar fyrir grunnskóla og Alfræðibók á vegum Arnar og Örlygs.**

Auk þeirra verkefna sem hér hafa verið nefnd eru fjölmargir aðilar með í undirbúningi margvísleg verkefni sem beint eða óbeint geta verið hluti af því verkefni sem hér um ræðir. Má í því sambandi nefna móðurmálsverkefni í fjölda grunnskóla og framhaldsskóla. Verður leitað samráðs við þessa aðila alla eins og frekast er kostur.

Fylgiskjal II.

Börn og bækur, barnabókavika 22.-28. október 1989.

Yfirlit

Börn og bækur var yfirskrift barnabókaviku í skólum, á bókasöfnum og í fjölmiðlum 22.-28. október sl.

Félag íslenskra bókaútgefenda er 100 ára á þessu ári. Af því tilefni hafði félagið áhuga á að efna til barnabókaviku í samvinnu við ýmsa aðila. Undirbúningur hófst í júní og voru ýmsir kallaðir til fundar um þessa hugmynd. Má þar nefna fulltrúa frá Ríkisútvarpinu, menntamálaráðuneytinu, bókaútgefendum, rithöfundum, Barnabókaráðinu (IBBY), almenningsbókasöfnum og skólasöfnum og Málrækt '89.

Það var ljóst strax í upphafi að áhugi á þessu verkefni var mikill. Á fyrsta fundinum í Útvarpshúsinu 22. júní var ákveðið að halda barnabókaviku á sama tíma og sérstök móðurmálsvika væri í skólum, þ.e. 23. -27. okt. samkvæmt tilmælum frá Málrækt '89. Síðar var ákveðið að opnunarhátíð barnabókavikunnar yrði haldin sunnudaginn 22. október í Útvarpshúsinu og henni lyki laugardaginn 28. okt. á bókasöfnum.

Stofnuð var 3ja manna framkvæmdanefnd úr þeim hópi sem var í undirbúningsnefnd og skyldi hún leiða undirbúningsvinnuna. Í nefndina voru valin:

Björn Gíslason framkvæmdastjóri Félags íslenskra bókaútgefenda.

Sigríður Ragna Sigurðardóttir dagskrárfulltrúi barna- og unglingaefnis hjá RÚV-Sjónvarpi.

Guðni Olgeirsson námstjóri í menntamálaráðuneytinu.

Framkvæmdanefndin hélt fjölmarga fundi með ýmsum aðilum til að undirbúa vikuna. Nefndin fann hvarvetna mikinn áhuga á þessu verkefni og er ánægjulegt til þess að vita. Félag íslenskra bókaútgefenda lét útbúa veggspjald til að kynna vikuna og vakti það óskipta athygli.

Nú verður greint frá því helsta sem gert var þessa viku í október:

Útvarpshús og fjölmiðlar

Opnunarhátið

Barnabókavikan hófst í Útvarpshúsinu við Efstaleiti sunnudaginn 22. október með opnunarhátíð. Það var þröng á þingi í húsinu þennan dag, bæði börn og fullorðnir. Forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir ávarpaði gesti og Guðrún Ágústdóttir aðstoðarmaður menntamálaráðherra opnaði sýningu á bókum fyrir börn og unglinga í Útvarpshúsinu. Nokkrir aðrir héldu og stutt ávörp. Margt var til skemmtunar, hljóðfæraleikur, söngur, leiksýningar í Brúðubílnum og kunnar persónur úr Stundinni okkar litu inn. Opnunarhátíðin vakti mikla athygli í fjölmiðlum og þótti takast mjög vel. Vert er að vekja athygli á sýningu á myndum úr íslenskum barnabókum sem verður opin til jóla í Útvarpshúsinu.

Bókasýning

Grunnskólanemendum var boðið að kynna sér Útvarpið og skoða bókasýninguna alla vikuna fram til föstudags. Ungir leikarar lásu upp úr bókum fyrir börnin. Yfirleitt voru 60-90 barna hópar í húsinu í einu, samtals 6-7 hópar á dag. Eftirspurn var það mikil að í stað 5 daga sýningar urðu þeir 9 þegar upp var staðið. Það lætur nærri að u.þ.b. 4500 grunnskólanemendur, einnig nokkrir af forskólastigi og úr framhaldsskólum, hafi séð þessa bókasýningu og hlýtt á upplestur. Þessar heimsóknir tókust vel en stundum lá við að of mörg börn væru í húsinu á sama tíma. Bókasýningin var einnig opin almenningi helgina 28.-29. október og komu þá u.þ.b. 3000 manns á sýninguna.

Dagskrá fjölmiðla

Efni tengt vikunni var víða í dagskrá Útvarps og Sjónvarps. Aðrir fjölmiðlar gerðu vikunni einnig nokkur skil. Það væri að æra óstöðugan að telja upp alla þá dagskrárliði sem tengdust vikunni og verður það ekki gert í þessu yfirliti. Hér er aðeins vakin athygli á því að landsmálablöðin sýndu þessu máli mörg hver sérstaka alúð og fjölluðu ítarlega um það sem efst var á baugi í byggðarlaginu í sambandi við barnabókavikuna og Málrækt '89.

Skólar og dagvistir

Samkeppni í grunnskólum

Félag íslenskra bókaútgefenda og menntamálaráðuneytið efndu til samkeppni meðal grunnskólanemenda um ritgerð, smásögu eða ljóð um efnið **Börn og bækur** eða **Heimur án bóka**. Félag íslenskra bókaútgefenda veitir vegleg bókaverðlaun í þremur aldursflokkum (6-8 ára, 9-12 ára og 13-15 ára) fyrir bestu ritgerðir, smásögur og ljóð. Vegna óska frá kennurum var skilafrestur framlengdur til 20. nóvember. Margir hafa látið í ljósi ánægju með þessa samkeppni sem hafi skapað mikla umræðu víða í skólum. Þegar þetta er skrifað (20. nóv.) hafa verk borist frá u.þ.b. 50 skólum og fær dómnefndin álitlegan bunka af verkum til að meta.

Skólasöfn

Vitað er til þess að mörg skólasöfn voru með sérstakan viðbúnað þessa viku, bæði í tengslum við barnabókavikuna og móðurmálsvikuna sem var á sama tíma. Undirbúningsnefndin gerði ekki sérstakar ráðstafanir til að virkja skólasöfnin nema með hvatningarbréfi og veggspjaldi sem dreift var til safnanna og skóla. Þeim tilmælum var og beint til skólastjóra að þeir hyggðu sérstaklega að nýtingu á skólasafninu þessa viku. Bókfulltrúi ríkisins sendi þeim einnig hvatningarbréf.

Dagvistir

Framkvæmdanefndin sendi forstöðumönnum barnaheimila um allt land hvatningarbréf um að efna til umræðu meðal foreldra um börn og bækur, lestur barna og lestur fyrir börn. Eins voru forstöðumenn hvattir til að hafa samband við almenningsbókasöfn og kynna sér dagskrána þar. Ekki er annað vitað en að barnaheimili hafi almennt tekið þátt í þessu átaki.

Rithöfundar

Þessa viku gerðu rithöfudar víðreist til að lesa upp úr bókum sínum og kynna þær; í grunnskólum, á almenningsbókasöfnum, á dagvistum, í bókaverslunum og víðar. Ekki hefur verið tekið saman til hvað margra barna rithöfundar hafi náð þessa viku en dæmi eru um að rithöfundur hafi talað við 1000 börn þessa viku.

Það er rétt að það komi fram í þessari greinargerð að rithöfundar tóku fullt gjald fyrir kynningar þessa viku samkvæmt bókun sem gerð var á fundi í stjórn rithöfundasambandsins. Ýmsir létu í ljósi óánægju með þann framgang mála, því í mörgum tilvikum hafa stofnanir tæpast bolmagn til að greiða fyrir slíkar kynningar og styrkir hrökkva skammt í því sambandi.

Almenningsbókasöfn

Bókafulltrúi ríkisins var í undirbúningsnefnd vikunnar og sendi bréf til allra bókasafna þar sem barnabókavikan var kynnt. Einnig fengu almenningsbókasöfnin blöðung með ýmsum hugmyndum til þess að örva lestur barna og unglinga.

Bókasöfn gerðu margt til að örva lestur barna og unglinga þessa viku. Of langt mál væri að telja það allt upp hér en m.a. má nefna að sögustundum var víða fjölgað, barnadeildir voru kynntar, rithöfundakynningar, fyrirlestrar, leiksýningar, tónleikar og veitingar voru í boði. Ný sambönd mynduðust milli barnaheimila og bókasafna, útlán jukust og lánþegum fjölgaði, nýjar og gamlar barnabækur voru keyptar og aðstaða barna í bókasöfnum var víða bætt.

Opið hús var í almenningsbókasöfnum víðsvegar um land síðasta dag barnabókavikunnar, laugardaginn 28. október. Misjafnt er látið af þeim degi. Minni þátttaka var á höfuðborgarsvæðinu heldur en búist var við en þar var margt annað að gerast þennan dag og opnunarhátíðin í Útvarpshúsinu sunnudeginum áður hefur eflaust sett strik í reikninginn. Aðra sögu er að segja af landsbyggðinni því þar var víða mjög góð þátttaka.

Samkvæmt yfirliti frá Bókafulltrúa og fréttum frá mörgum bókasöfnum úr öllum landsfjórðungum var mikil ánægja með barnabókavikuna sem var lyftistöng fyrir bókasöfnin. Öllum ber saman um að þetta hafi verið mjög mikil vinna fyrir bókaverðina en reglulega skemmtileg og gefandi. Þessi vika væri frumraun og ætti næsta barnabókavika að vera auðveldari í framkvæmd.

Heimili og foreldrafélög

Undirbúningsnefnd tók saman lítin blöðung um barnabókavikuna, **Börn og bækur**. Félag íslenskra bókaútgefenda sá um að prenta hann og menntamálaráðuneytið dreifði í skólana. Mælst var til þess að öllum grunnskólanemendum yrði afhentur þessi blöðungur og færi hann síðan á heimilin. Með þessu móti hugðist undirbúningsnefndin ná til allra foreldra barna á grunnskólaaldri. Vonandi hefur blöðungurinn minnt foreldra á mikilvægi bóka.

Skólastjórar voru með bréfi hvattir til þess að efna til umræðu meðal foreldra um börn og bækur vegna þess að heimilin gegna veigamiklu hlutverki í sambandi við lestur barna og unglinga. Undirbúningsnefndin taldi að viðfangsefnið börn og bækur væri kjörið fyrir foreldra- og kennarafélög, t.d. efni í fræðslufundi og tilefni til að stuðla að auknum bókakosti skólanna.

Ekki er mikið vitað almennt um viðbrögð við þessari hvatningu til heimila og foreldrafélaga. Þó er vitað að einstaka foreldrafélög hafa haldið fræðslufundi um börn og bækur og hafa hug á því að halda bókakynningar í skólanum sínum.

Að lokum

Þegar á heildina er litið verður ekki annað sagt en að barnabókavikan, **Börn og bækur**, hafi tekist mjög vel. Það er með ólíkindum hversu mikill áhugi var hvarvetna á þessu átaki og hversu mikla grósku mátti merkja þessa viku. Undirbúningsnefndin vann mjög vel saman og náði að skapa það andrúmsloft og spennu fyrir barnabókavikunni sem til þurfti. Ekki er annað vitað en almennur áhugi sé á að halda áfram á sömu braut á næstu árum þótt þá verði ekki formlegt málræktarátak.

Sþ. 476. Fjáraukalög [100. mál]

fyrir árið 1989.

(Afgreidd frá Sþ. 21. des.)

1. gr.

Áætlað er að eftirtaldar breytingar verði á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1989, sbr 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1989:

Rekstrarreikningur	Þús. kr.	Þús. kr.
Tekjur		**3.033.000**
Beinir skattar	200.000	
Óbeinir skattar	1.352.000	
Fjármagnstekjur, vextir	1.365.000	
Aðrar tekjur	116.000	
Gjöld		**8.493.422**
Rekstrarliðir	2.525.538	
Neysla og rekstrartilfærslur	4.521.207	
Fjármagnsgjöld, vextir	820.000	
Fjárfesting	626.677	
Gjöld umfram tekjur		**5.460.422**
Lánahreyfingar		
Afborganir, nettó		160.000
Veitt lán		765.000
Hluta- og stofnfjárframlög		- 135.000
Lánsfjárþörf		**6.250.422**
Lántökur		6.233.786
Ríkisvíxlar	800.000	
Önnur innlend lán	2.258.786	
Erlend lántaka	175.000	
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		- 16.636

2. gr.

Til viðbótar því, sem kveðið er á um í 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1989, sbr. sundurliðun í 3. gr. þessara laga og ákvæði 4. gr., bætist:

		Þús. kr.	Þús. kr.
00	Æðsta stjórn ríkisins	160.000	
01	Forsætisráðuneyti	166.251	
02	Menntamálaráðuneyti	541.637	
03	Utanríkisráðuneyti	69.535	
04	Landbúnaðarráðuneyti	924.140	
05	Sjávarútvegsráðuneyti	115.500	
06	Dómsmálaráðuneyti	198.237	
07	Félagsmálaráðuneyti	- 155.711	
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1.870.918	
09	Fjármálaráðuneyti	2.164.341	
10	Samgönguráðuneyti	620.966	
11	Iðnaðarráðuneyti	187.000	
12	Viðskiptaráðuneyti	807.500	
13	Hagstofa Íslands	1.723	
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	821.385	
			8.493.422

3. gr.

Sundurliðun gjalda skv. 2. gr. á viðfangsefni er þessi:

00 Æðsta stjórn ríkisins

	Þús. kr.	Þús. kr.
00-101 Embætti forseta Íslands		
Viðhaldsverkefni:		
5 01 Viðhald fasteigna		50.000
00-201 Alþingi		
Almennur rekstur:		
1 02 Starfskostnaður	13.000	
1 04 Skrifstofu- og alþingiskostnaður	43.000	
1 06 Útgáfukostnaður Alþingistíðinda	4.000	
1 20 Rekstrarkostnaður fasteigna	9.000	
		69.000
Stofnkostnaður:		
6 90 Ýmis stofnkostnaður		4.000
00-202 Ríkisendurskoðun		
Almennur rekstur:		
1 01 Yfirstjórn		9.000
00-301 Ríkisstjórn		
Almennur rekstur		
1 01 Ríkisstjórn		30.000

01 Forsætisráðuneyti

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa		
Almennur rekstur:		
1 01 Yfirstjórn	12.307	
1 40 Gjöf Jóns Sigurðssonar	424	
		12.731
Stofnkostnaður:		
6 01 Eignakaup		3.520
01-171 Byggðastofnun, framlag		
Stofnkostnaður:		
6 10 Byggðastofnun, Hlutafjársjóður		150.000

02 Menntamálaráðuneyti

	Þús. kr.	Þús. kr.
02-101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa		
Almennur rekstur:		
101 Yfirstjórn		11.400
Stofnkostnaður:		
601 Tölvukaup		3.600
02-201 Háskóli Íslands		
Almennur rekstur:		
102 Sameiginleg útgjöld	37.350	
103 Rekstur fasteigna	8.900	
111 Læknadeild	6.400	
119 Íþróttakennsla	800	
		53.450
02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum		
Viðhaldsverkefni:		
501 Viðhald húseigna		4.900
Stofnkostnaður:		
690 Tæki og búnaður		1.658
02-203 Raunvísindastofnun Háskólans		
Almennur rekstur:		
120 Eðlisfræðistofa	3.300	
140 Jarðfræðistofa	813	
		4.113
Stofnkostnaður:		
690 Tækjakaup deilda		626
02-205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi		
Stofnkostnaður:		
601 Tækjabúnaður		543
02-210 Háskóli á Akureyri		
Almennur rekstur:		
101 Háskóli á Akureyri		3.000
Stofnkostnaður:		
601 Eignakaup		1.837
02-231 Náttúrufræðistofnun Íslands		
Stofnkostnaður:		
601 Innréttingar		5.119

	Þús. kr.
02-232 Rannsóknaráð ríkisins	
Stofnkostnaður:	
601 Endurbætur á húsnæði	1.000
02-276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	
Stofnkostnaður:	
601 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	25.000
02-308 Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut	
Stofnkostnaður:	
601 Endurbætur	2.158
02-319 Framhaldsskólar, almennt	
Almennur rekstur:	
101 Framhaldsskólar, almennt	82.000
02-321 Kennaraháskóli Íslands	
Almennur rekstur:	
101 Kennaraháskóli Íslands	1.800
02-331 Íþróttakennaraskóli Íslands	
Stofnkostnaður:	
650 Nýbygging og tækjakaup	1.899
02-359 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	
Stofnkostnaður:	
601 Íþróttahús	9.700
02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	
Stofnkostnaður:	
610 Verknámshús	1.000
02-501 Tækniskóli Íslands	
Stofnkostnaður:	
601 Kennslutæki	416
02-507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík	
Stofnkostnaður:	
601 Kennslutæki	37.500
02-515 Iðnnám, almennt	
Stofnkostnaður:	
690 Iðnskólar, almennt	700
02-517 Hótel- og veitingaskóli Íslands	
Stofnkostnaður:	
601 Innréttingar	1.110

	Þús. kr.
02-562 Leiklistarskóli Íslands	
Stofnkostnaður:	
601 Kennslutæki	1.000
02-580 Samvinnuskólinn	
Almennur rekstur:	
101 Kennsla	4.280
02-720 Grunnskólar, almennt	
Almennur rekstur:	
180 Sérkennsla í grunnskólum, óskipt	3.500
02-871 Unglingaheimili ríkisins	
Almennur rekstur:	
101 Unglingaheimili ríkisins	4.710
02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	
Almennur rekstur:	
101 Lánasjóður íslenskra námsmanna	180.000
02-901 Landsbókasafn Íslands	
Almennur rekstur:	
101 Landsbókasafn Íslands	300
Stofnkostnaður:	
601 Bókakaup o.fl	921
02-903 Þjóðskjalasafn Íslands	
Stofnkostnaður:	
601 Innréttingar	4.900
02-904 Safnahúsið við Hverfisgötu	
Viðhald:	
501 Viðhald fasteignar	600
02-909 Blindrabókasafn Íslands	
Almennur rekstur:	
101 Blindrabókasafn Íslands	1.680
02-931 Náttúruverndarráð	
Almennur rekstur:	
134 Friðlýst svæði, merkingar og eftirlit	1.300
02-973 Þjóðleikhús	
Almennur rekstur:	
101 Þjóðleikhús	85.000
02-977 Þjóðarbókhlaða	
Stofnkostnaður:	
601 Þjóðarbókhlaða	30.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
02-982 Listir, framlög		
Almennur rekstur:		
1 21 Leikfélag Akureyrar	605	
1 28 Kynning á íslenskri list erlendis	1.025	
1 37 Tónlistarstarfsemi, styrkir	500	
1 80 Listahátíð	3.000	
		5.130
02-989 Ýmis íþróttamál		
Almennur rekstur:		
1 23 Skákmót, styrkir	1.000	
1 30 Bridgesamband Íslands	1.500	
1 40 Ýmis framlög til íþróttamála	5.000	
		7.500
Stofnkostnaður:		
6 13 Íþróttasamband fatlaðra vegna endurhæfingar		6.000
02-991 Húsafriðun		
Stofnkostnaður:		
6 20 Nesstofa		742
02-999 Ýmislegt		
Almennur rekstur:		
1 20 Fundur íþróttaráðherra Evrópu á Íslandi	5.500	
1 31 Geysir í Haukadal	2.600	
1 40 Dimmuborgir	300	
1 81 Málræktarátak	6.000	
1 90 Söfn, styrkir	2.000	
1 92 Ýmis framlög	2.855	
		19.255
Stofnkostnaður		
6 43 Skriðuklaustur		1.500

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa		
Almennur rekstur:		
1 01 Yfirstjórn	5.100	
1 31 Kvikmyndir og myndbönd, landkynning	2.887	
1 50 Viðskiptaskrifstofa	9.500	
		17.487
03-201 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli		
Almennur rekstur:		
1 01 Yfirstjórn	2.000	
1 10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	14.687	
1 20 Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	18.313	
		35.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
03-390 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi		
Almennur rekstur:		
1 21 Framlag til Póllands, matarsendingar		10.000
03-401 Alþjóðastofnanir		
Almennur rekstur:		
1 58 Alþjóðastofnanir, friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Namibíu	6.432	
1 59 Alþjóðastofnanir, friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Angóla	142	
1 60 Alþjóðastofnanir, flóttamannaaðstoð í Namibíu	158	
1 61 Alþjóðastofnanir, samræmingarstarf Sameinuðu þjóðanna í Afganistan o.fl.	158	
1 62 Alþjóðastofnanir, Alþjóðaráð Rauða krossins, Afghanistan	158	
		7.048

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-201 Búnaðarfélag Íslands		
Almennur rekstur:		
1 01 Yfirstjórn		8.500
04-205 Veiðistjóri		
Almennur rekstur:		
1 90 Veiðistjóri		10.700
04-231 Skógrækt ríkisins		
Almennur rekstur:		
1 01 Skógrækt ríkisins		887
04-243 Sauðfjárveikivarnir		
Almennur rekstur:		
1 01 Sauðfjárveikivarnir		67.620
04-246 Veiðimálastofnunin		
Almennur rekstur:		
1 40 Laxeldisstöðin í Kollafirði		8.000
Stofnkostnaður:		
6 01 Fasteignir		3.000
04-288 Jarðræktarlög, framlög		
Stofnkostnaður:		
6 20 Jarðræktarframlög o.fl		73.400

	Þús. kr.	Þús. kr.
04-289 Endurgreiðsla gjalda í landbúnaði		
Almennur rekstur:		
1 10 Endurgreiðsla kjarnfóðurgjalds	70.000	
1 20 Endurgreiðsla söluskatts í fiskeldi og loðdýrarækt	73.000	
1 30 Niðurgreiðslur á fóðri í loðdýrarækt	55.000	
		198.000
04-290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir		
Almennur rekstur:		
1 01 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir		520.000
04-299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi		
Almennur rekstur:		
1 22 Ýmis verkefni	28.930	
1 24 Gunnarshús, Skriðuklaustri	390	
		29.320
04-503 Garðyrkjuskóli ríkisins		
Stofnkostnaður:		
6 01 Fasteignir, óskipt		600

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-202 Hafrannsóknastofnun		
Almennur rekstur:		
1 01 Yfirstjórn		11.400
05-203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins		
Almennur rekstur:		
1 90 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins		2.600
Stofnkostnaður:		
6 10 Tæki og búnaður		1.500
05-280 Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla		
Almennur rekstur:		
1 01 Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla		100.000

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-201 Hæstiréttur		
Stofnkostnaður:		
6 01 Tæki og búnaður		618
06-203 Borgardómarinn í Reykjavík		
Almennur rekstur:		
1 01 Borgardómarinn í Reykjavík		5.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
06-204 Borgarfógetinn í Reykjavík		
Almennur rekstur:		
101 Borgarfógetinn í Reykjavík		5.000
06-206 Lögreglustjórinn í Reykjavík		
Almennur rekstur:		
120 Almenn löggæsla		20.000
06-211 Sýslumenn og bæjarfógetar		
Viðhaldsverkefni:		
550 Fasteignir		2.267
06-212 Bæjarfógeti Akranesi		
Almennur rekstur:		
120 Löggæsla		2.400
06-213 Sýslumaður Borgarnesi		
Almennur rekstur:		
120 Löggæsla		4.300
Stofnkostnaður:		
601 Frágangur lóðar		338
06-214 Sýslumaður og bæjarfógeti Stykkishólmi		
Almennur rekstur:		
120 Löggæsla Stykkishólmi	1.300	
121 Löggæsla Grundarfirði	800	
124 Löggæsla Ólafsvík og Hellissandi	1.300	
		3.400
06-215 Sýslumaður Búðardal		
Almennur rekstur:		
120 Löggæsla		1.300
06-216 Sýslumaður Patreksfirði		
Almennur rekstur:		
120 Löggæsla		1.100
Stofnkostnaður:		
610 Viðbygging		7.022
06-217 Bæjarfógeti Bolungarvík		
Almennur rekstur:		
120 Löggæsla		900
06-218 Sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði		
Almennur rekstur:		
120 Löggæsla		1.500

06-219 Sýslumaður Hólmavík	Þús. kr.	Þús. kr.
Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla		2.300
06-221 Sýslumaður Blönduósi		
Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla		4.300
06-222 Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki		
Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla		400
06-223 Bæjarfógeti Siglufirði		
Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla		2.800
Stofnkostnaður:		
6 10 Nýbygging		2.300
06-224 Bæjarfógeti Ólafsfirði		
Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla		900
06-225 Sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri		
Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla Akureyri	10.900	
1 21 Löggæsla Dalvík	1.000	
		11.900
06-227 Sýslumaður og bæjarfógeti Seyðisfirði		
Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla Seyðisfirði	3.200	
1 21 Löggæsla Vopnafirði	1.600	
		4.800
06-228 Bæjarfógeti Neskaupstað		
Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla		1.800
06-229 Sýslumaður og bæjarfógeti Eskifirði		
Almennur rekstur:		
1 20 Löggæsla Eskifirði og Reyðarfirði	900	
1 21 Löggæsla Egilsstöðum	800	
1 22 Löggæsla Fáskrúðsfirði	400	
1 23 Löggæsla Suðurfjörðum	100	
		2.200
Stofnkostnaður:		
6 21 Lögreglustöð Egilsstöðum		2.972

	Þús. kr.	Þús. kr.
06-230 Sýslumaður Höfn í Hornafirði		
Almennur rekstur:		
120 Löggæsla		3.400
06-231 Sýslumaður Vík í Mýrdal		
Almennur rekstur:		
120 Löggæsla		3.600
06-233 Bæjarfógeti Vestmannaeyjum		
Almennur rekstur:		
120 Löggæsla		8.500
Stofnkostnaður:		
610 Stjórnsýsluhús	321	
620 Innréttingar	3.000	
		3.321
06-234 Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi		
Almennur rekstur:		
120 Löggæsla		700
Stofnkostnaður:		
620 Lögreglustöð		2.154
06-235 Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík		
Almennur rekstur:		
120 Löggæsla Keflavík og Njarðvík	6.400	
121 Löggæsla Grindavík	1.200	
		7.600
Stofnkostnaður:		
601 Skrifstofuhúsnæði		5.946
06-236 Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði		
Almennur rekstur:		
120 Löggæsla Hafnarfirði		7.900
Stofnkostnaður:		
601 Fasteign		1.268
06-237 Bæjarfógeti Kópavogi		
Almennur rekstur:		
120 Löggæsla		9.000
06-244 Fangelsið, Síðumúla 28		
Viðhaldsverkefni:		
501 Loftræsting, eldvarnir		1.500

	Þús. kr.
06-251 Landhelgisgæsla Íslands	
Stofnkostnaður:	
6 90 Tæki og búnaður	2.564
06-252 Bifreiðaeftirlit ríkisins	
Almennur rekstur:	
1 01 Bifreiðaeftirlit	13.000
06-281 Dómsmál, ýmis starfsemi	
Stofnkostnaður:	
6 90 Dómsmál, ýmis kostnaður	3.839
06-283 Fangamál, ýmis kostnaður	
Almennur rekstur:	
1 13 Geðlækninga- og sálfræðiþjónusta við refsifanga	6.750
06-301 Biskup Íslands	
Almennur rekstur:	
1 01 Yfirstjórn	5.900
Viðhaldsverkefni:	
5 02 Viðhald bústaðar	2.460
06-302 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar	
Almennur rekstur:	
1 01 Yfirstjórn	1.000
Stofnkostnaður:	
6 01 Búnaður	1.399
06-303 Prestaköll og prófastsdæmi	
Almennur rekstur:	
1 90 Prestar og prófastar	10.000
Stofnkostnaður:	
6 20 Byggingar á prestssetrum	14.619

07 Félagsmálaráðuneyti

07-101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	
Almennur rekstur:	
1 01 Yfirstjórn	700
07-700 Málefni fatlaðra	
Almennur rekstur:	
1 04 Kostnaður skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra	33.800

07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík	Þús. kr.	Þús. kr.
Almennur rekstur:		
1 01 Svæðisstjórn	500	
1 22 Sambýli, leiguhúsnæði	500	
1 29 Sambýli Sóleyjargötu	500	
1 31 Tæknivinnustofa Öryrkjabandalagsins	1.000	
1 33 Blindrafélagið, körfugerð og blindravinnustofa	3.500	
1 62 Dagvistun Lyngási	500	
1 63 Skammtímavistun Víðihlíð 9	500	
1 74 Meðferðarheimili fyrir þroskahefta	500	
		7.500
07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra		
Almennur rekstur:		
1 01 Svæðisstjórn	1.000	
1 20 Sambýli Byggðavegi 91	2.000	
1 21 Sambýli Borgarhlíð 3	1.000	
1 22 Sambýli Vanabyggð 4c	2.000	
1 70 Vistheimilið Sólborg	7.000	
1 90 Ýmis verkefni	10.000	
		23.000
07-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi		
Almennur rekstur:		
1 71 Sólheimar		3.500
07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins		
Almennur rekstur:		
1 01 Yfirstjórn		4.000
07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra		
Stofnkostnaður:		
6 01 Framkvæmdasjóður fatlaðra		9.039
07-981 Vinnumál		
Almennur rekstur:		
1 90 Ýmislegt		65.000
07-982 Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota		
Almennur rekstur:		
1 01 Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota	165.000	
1 10 Orlofsgreiðslur vegna greiðsluerfiðleika fyrirtækja	20.000	
		185.000
07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi		
Almennur rekstur:		
1 31 Félagasamtök, styrkir	1.600	
1 32 Starfsmenntun í atvinnulífinu	4.000	
1 40 Kvennaathvarf í Reykjavík	2.000	
1 90 Ýmis framlög	6.150	
		12.750

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-271 Tryggingastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	Þús. kr.	Þús. kr.
1 10 Lífeyristryggingar	48.000	
1 20 Sjúkratryggingar	1.562.000	
1 30 Slysatryggingar	32.000	
		1.642.000

08-324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

Almennur rekstur:

1 01 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	3.100

08-325 Hollustuvernd ríkisins

Almennur rekstur:

1 01 Hollustuvernd ríkisins	1.000

08-327 Geislavarnir ríkisins

Almennur rekstur:

1 01 Geislavarnir	1.330

08-340 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:

1 90 Önnur starfsemi	500

08-356 Sjúkrahúsið Sauðárkróki

Almennur rekstur:

1 01 Sjúkrahúsið Sauðárkróki	2.000

08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Stofnkostnaður:

6 01 Ýmis eignakaup	3.100

08-359 Sjúkrahúsið Húsavík

Almennur rekstur:

1 01 Sjúkrahúsið Húsavík	7.000

08-361 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað

Almennur rekstur:

1 01 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	4.000

08-367 Sjúkrahúsið Keflavík

Almennur rekstur:

1 01 Sjúkrahúsið Keflavík	18.500

08-371 Ríkisspítalar

Almennur rekstur:

1 10 Legudeildir, svæfinga- og gjörgæsludeild	50.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
08-373 St. Jósefsspítali, Landakoti		
Almennur rekstur:		
1 01 St. Jósefsspítali, Landakoti		87.000
08-378 Læknishéraðasjóður		
Almennur rekstur:		
1 01 Læknishéraðasjóður		1.017
08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir		
Stofnkostnaður:		
6 60 Tækjakaup, óskipt	1.499	
6 8921 Ólafsvík, hjúkrunarheimili aldraðra	200	
6 8971 Höfn í Hornafirði, hjúkrunarheimili aldraðra	6.097	
6 8972 Vopnafjörður, dvalarheimili	2.500	
6 9023 Hafnarfjörður, H2 og Sólvangur	6.000	
6 9031 Akranes, sjúkrahús	500	
6 9037 Grundarfjörður, H1	515	
6 9041 Ísafjörður, sjúkrahús	10.000	
6 9063 Húsavík, sjúkrahús H2	1.000	
6 9068 Raufarhöfn, H1	200	
6 9072 Vopnafjörður, H1	100	
6 9077 Hólmavík	400	
6 9078 Höfn í Hornafirði, H1, H í Öræfum	757	
6 90801 Laugarás, H2	200	
6 9080 Eyrarbakki H	1.000	
6 9085 Hveragerði, H2	150	
6 9089 Hvolsvöllur, læknisbústaður	1.400	
6 9093 Flateyri, læknabústaður	294	
6 93 Hraunbúð	1.000	
		33.812
08-391 Heilsugæslustöðvar		
Almennur rekstur:		
1 01 Heilsugæslustöðvar		50.000
08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi		
Almennur rekstur:		
1 90 Ýmis framlög		469
08-471 Gæsluvistarsjóður, framlag		
Stofnkostnaður:		
6 10 Gæsluvistarsjóður		890
08-481 Bindindisstarfsemi		
Almennur rekstur:		
1 40 Átak í áfengisvörnum		2.000
08-501 Skólar heilbrigðisstétta		
Almennur rekstur:		
1 30 Lyfjatækniskóli Íslands		700

09 Fjármálaráðuneyti

09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa

	Þús. kr.	Þús. kr.
Almennur rekstur:		
1 01 Yfirstjórn		9.000

09-102 Launaskrifstofa ríkisins

Almennur rekstur:		
1 01 Launaskrifstofa ríkisins		10.000

09-103 Ríkisbókhald

Almennur rekstur:		
1 01 Ríkisbókhald		17.000

09-104 Ríkisfjárhirsla

Almennur rekstur:		
1 01 Ríkisfjárhirsla		4.000

09-202 Skattstofan í Reykjavík

Almennur rekstur:		
1 01 Skattstofan í Reykjavík		12.000

09-212 Skattstofur, sameiginleg útgjöld

Almennur rekstur:		
1 01 Skattstofur, sameiginleg útgjöld	80.000	
1 20 Virðisaukaskattur	45.100	
		125.100
Stofnkostnaður:		
6 02 Tölvubúnaður o.fl		9.000

09-261 Ríkistollstjóri

Almennur rekstur:		
1 01 Ríkistollstjóri		17.000

09-481 Útgjöld samkvæmt sérstökum lögum og heimildarlögum

Stofnkostnaður:		
6 01 Útgjöld samkvæmt sérstökum lögum og heimildarlögum		59.000

09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Stofnkostnaður:		
6 10 Laugavegur 166	27.600	
6 20 Stjórnsýsluhús á Ísafirði	5.900	
6 60 Sölvhólsgata 4	1.190	
6 80 Skuggasund 3	10.500	
		45.190

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:		
1 01 Launa- og verðlagsmál	1.315.000	
1 30 Endurgreiðsla söluskatts til iðnaðar, sjávarútvegs og fiskeldis		390.000

09-999 Ýmislegt

	Þús. kr.	Þús. kr.
Almennur rekstur:		
1 10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	10.000	
1 11 Skýrsluvélakostnaður vegna launagreiðslna	20.000	
1 12 Skýrsluvélakostnaður vegna tekjubókhalds	40.000	
1 13 Kjarasamningar	12.000	
1 19 Ýmsar endurgreiðslur	23.051	
1 90 Óviss útgjöld	25.000	
		130.051
Stofnkostnaður:		
6 10 Símstöð		25.000

10 Samgönguráðuneyti

10-211 Vegagerð ríkisins

Viðhaldsverkefni:		
5 10 Viðhald vega		100.000
Stofnkostnaður:		
6 10 Nýframkvæmdir		405.000

10-321 Strandferðir, framlög

Almennur rekstur:		
1 10 Skipaútgerð ríkisins	650	
1 2008 Hríseyjarferja	2.707	
		3.357

10-331 Vita- og hafnamálaskrifstofan

Almennur rekstur:		
1 01 Vita- og hafnamálaskrifstofan		1.124
Stofnkostnaður:		
6 20 Þjónustumiðstöð		20.000

10-332 Vitastofnun Íslands

Almennur rekstur:		
1 10 Rekstur vita		2.100

10-333 Hafnamál

Stofnkostnaður:		
6 31 Landshafnir, óskipt	50.000	
6 40 Sjóvarnargarðar, Flateyri	6.000	
		56.000

10-341 Siglingamálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:		
1 01 Siglingamálastofnun ríkisins		1.500

	Þús. kr.	Þús. kr.
10-471 Flugmálastjórn		
Almennur rekstur:		
1 30 Reyjavíkurflugvöllur	8.890	
1 40 Flugvalladeild	9.110	
		18.000
10-485 Ýmis framlög		
Almennur rekstur:		
1 20 Tilkynningarskylda íslenskra skipa	3.085	
1 33 Öryggismálaskóli sjómanna	7.500	
		10.585
10-651 Ferðamálaráð		
Stofnkostnaður:		
6 20 Hótel, framlög		2.800
10-652 Veðurstofa Íslands		
Stofnkostnaður:		
6 90 Veðurratsjá o.fl		7.500

11 Iðnaðarráðuneyti

11-240 Iðnaðarrannsóknir		
Almennur rekstur:		
1 01 Iðnaðarrannsóknir		5.000
11-299 Iðja og iðnaður, framlög		
Almennur rekstur:		
1 40 Framlag til ullariðnaðar	6.000	
1 45 Framlag til lagmetisiðnaðar	17.000	
		23.000
11-399 Ýmis orkumál		
Almennur rekstur:		
1 16 Niðurgreiðsla orkuverðs til fiskiðnaðar	100.000	
1 19 Önnur orkumál	71.000	
		171.000

12 Viðskiptaráðuneyti

12-201 Niðurgreiðslur á vöruverði		
Almennur rekstur:		
1 01 Niðurgreiðslur á vöruverði		800.000
12-902 Verðlagsstofnun		
Almennur rekstur:		
1 01 Verðlagsstofnun		7.500

13 Hagstofa Íslands

13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa

	Þús. kr.
Almennur rekstur:	
101 Yfirstjórn	1.723

15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun

15-181 Ríkisbifreiðar, framlag

Stofnkostnaður:	
690 Ríkisbifreiðar, framlag	1.385

15-991 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir

Almennur rekstur:	
101 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	820.000

4. gr.

Lækkun gjalda samkvæmt 2. og 4. gr. fjárlaga fyrir árið 1989 er eftirfarandi:

00-201 Alþingi

	Þús. kr.
Stofnkostnaður:	
690 Ýmis stofnkostnaður	2.000

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Viðhaldsverkefni:	
501 Viðhald húseigna	3.000
Stofnkostnaður:	
601 Tæki og búnaður	3.000

02-321 Kennaraháskóli Íslands

Viðhaldsverkefni:	
501 Fasteign	1.500

02-322 Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands

Stofnkostnaður:	
601 Lóð og tækjakaup	1.000

02-331 Íþróttakennaraskóli Íslands

Viðhaldsverkefni:	
501 Viðhald íþróttavalla o.fl	500
Stofnkostnaður:	
601 Kennslutæki	1.000

02-352 Flensborgarskóli, fjölbraut

Viðhaldverkefni:	Þús. kr.	Þús. kr.
501 Endurbætur		1.000

02-506 Vélskóli Íslands

Stofnkostnaður:

690 Tækjakaup		1.000

02-517 Hótel- og veitingaskóli Íslands

Stofnkostnaður:

601 Innréttingar		1.500

02-518 Fiskvinnsluskólinn

Stofnkostnaður:

601 Tæki og búnaður		1.000

02-730 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra o.fl.

Stofnkostnaður:

Vatnsleysuströnd, sundlaug og baðklefar	1.000	
Eyrarsveit, íþróttahús	500	
Patreksfjörður, viðbygging	1.000	
Flateyri, íþróttahús	3.000	
Suðureyri, sundlaug	900	
Súðavík, viðbygging	1.000	
Hólahreppur, kennarabústaður	800	
Skagaströnd, skólastjórabústaður	500	
Breiðdalshreppur	1.700	
Orkusparandi aðgerðir	1.000	
Ófyrirséður kostnaður	- 1.400	
		10.000

02-799 Heyrnleysingjaskólinn

Viðhaldsverkefni:

501 Endurbætur		2.000

02-803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður

Stofnkostnaður:

Borgarnes	500	
Ísafjörður	1.000	
Hvammstangi	2.000	
Skagaströnd	1.700	
Siglufjörður	800	
Breiðdalsvík	1.000	
Höfn í Hornafirði	1.500	
Grindavík	800	
Ófyrirséður kostnaður	- 3.300	
		6.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
02-902 Þjóðminjasafn Íslands		
Viðhaldsverkefni:		
5 01 Húseign við Suðurgötu		2.500
02-903 Þjóðskjalasafn Íslands		
Stofnkostnaður:		
6 01 Innréttingar		5.000
04-172 Jarðasjóður		
Stofnkostnaður:		
6 01 Jarðasjóður		1.000
04-235 Landgræðsla ríkisins		
Stofnkostnaður:		
6 20 Fræverkunarstöð		2.000
06-206 Lögreglustjórinn í Reykjavík		
Viðhaldsverkefni:		
5 60 Aðallögreglustöð, viðhald		3.000
06-211 Sýslumenn og bæjarfógetar		
Viðhaldsverkefni:		
5 50 Fasteignir		1.000
Stofnkostnaður:		
6 10 Tæki og búnaður		1.000
06-236 Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði		
Stofnkostnaður:		
6 01 Fasteign		1.500
06-251 Landhelgisgæsla Íslands		
Stofnkostnaður:		
6 90 Tæki og búnaður		1.500
06-303 Prestaköll og prófastsdæmi		
Stofnkostnaður:		
6 20 Byggingar á prestssetrum		2.000
07-271 Byggingarsjóður ríkisins		
Stofnkostnaður:		
6 01 Byggingarsjóður ríkisins		500.000
08-350 Sjúkrahúsið Akranesi		
Almennur rekstur:		
1 01 Sjúkrahúsið Akranesi		5.500

08-371 Ríkisspítalar	Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:		
6 60 Stjórnarnefnd, stofnkostnaður	10.000	
6 70 Yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð	15.000	
		25.000

08-385 Framkvæmdasjóður aldraðra		
Stofnkostnaður:		
6 01 Framkvæmdasjóður aldraðra		7.000

09-481 Útgjöld samkvæmt sérstökum lögum og heimildarlögum		
Stofnkostnaður:		
6 01 Útgjöld skv. sérstökum lögum og heimildarlögum		3.000

10-333 Hafnamál		
Stofnkostnaður:		
6 20 Ferjubryggjur	2.000	
6 30 Hafnarmannvirki og lendingarbætur, óskipt fjárveiting til slysavarna	5.000	
		7.000

11-371 Orkusjóður		
Stofnkostnaður:		
6 14 Lánagreiðslur, framlög		12.000

5. gr.

Liðurinn 4.17 á 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1989 orðist svo:

Að afhenda hlutaðeigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum eignir landshafnanna í Rifi, Þorlákshöfn og í Keflavík og Njarðvík og greiða í því sambandi allt að 50 milljónir króna til sveitarfélaganna vegna kostnaðar við yfirtökuna á árinu 1989.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 477. Tillaga til þingsályktunar [267. mál]

um breytta tilhögun við afgreiðslu fjárlaga.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

Alþingi ályktar að breyta þurfi tilhögun við afgreiðslu fjárlaga þannig að fjárlög verði framvegis afgreidd fyrir þinglausnir á vori. Eins verði kannað hvort rétt sé að flytja til fjárlagaárið. Fjárveitinganefnd er falið að ganga frá drögum að frumvarpi þar að lútandi fyrir þinglausnir 1990.

Greinargerð.

Alþingi lendir jafnan í tímaþröng með afgreiðslu fjárlaga fyrir jól og áramót. Þessu tímaleysi fylgja margvísleg vandamál fyrir Alþingi og alþingismenn.

Í fyrsta lagi leiðir tímaþröngin til þess að alþingismönnum gefst síður tækifæri til að kynna sér þingmál til hlítar og brjóta þau til mergjar. Vinna í þingnefndum skilar ekki þeim árangri sem þarf. Fyrir bragðið er þingheimur ekki nægilega vel heima í hverju máli.

Í öðru lagi fylgir þessu mikil vinna hjá þingmönnum í fjárveitinganefnd Alþingis á haustmánuðum. Þannig gefst nefndarmönnum ekki nægilegur tími til að sinna öðrum þingstörfum eins og lög gera ráð fyrir.

Í þriðja lagi kallar þessi skorpuvinna á meiri yfirvinnu og mikið álag hjá starfsfólki Alþingis, fjármálaráðuneytis, Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, Ríkisendurskoðunar og fleiri stjórnardeilda.

Síðast en ekki síst býður þessi staða því heim að Alþingi lendir inn í hringiðu óvandaðra vinnubragða í skammdeginu. Hópar þingmanna nota sér stöðuna til að knýja fram niðurstöður í óskyldum málum.

Eins og málum er nú háttað við fjárlagagerð þarf að samþykkja mörg lagafrumvörp fyrir næstu áramót til að fjárlögin öll taki gildi. Ríkisstjórnin hefur öflugan meiri hluta á Alþingi og því er það vilji þingsins að mál þessi verði að lögum að lokinni umfjöllun í þingflokkum og þingnefndum.

Tímaþröngin um áramót færir aftur á móti hópum þingmanna vopn í hendur sem þeir nota sér vægast sagt á ódýran hátt. Í því sambandi leyfir flutningsmaður sér að vitna í frétt í Morgunblaðinu frá 19. des. sl. Þar telur Ólafur G. Einarsson, formaður þingflokks sjálfstæðismanna, upp ýmsa afarkosti sem sjálfstæðismenn settu Alþingi til þess að þingmenn fengju lokið nauðsynlegum störfum fyrir jól. Þar segir þingmaðurinn orðrétt:

„Þetta er skilyrði af okkar hálfu ef á að vera hægt að halda hér áfram í sæmilegri sátt og ljúka þingi fyrir jól.“

Í sömu frétt er talað við Guðmund Bjarnason heilbrigðisráðherra þar sem hann telur líklegt að fallið verði frá nokkrum hugmyndum hans um heilbrigðismál. Þannig er ljóst að svokölluð skilyrði formanns þingflokks sjálfstæðismanna eru strax farin að hafa þvingandi áhrif á störf Alþingis.

Nú kunna skilyrði og afarkostir af þessu tagi að hafa misjöfn áhrif á þingmenn. En flutningsmanni líður eins og gísl í höndum flugræningja, enda fara slíkir hópar oft á kreik um jól í bæði sæmilegri og ósæmilegri sátt. Þannig miðar þessi tillaga ekki síst að því að losa Alþingi úr klóm pólitískra hryðjuverkamanna um jól.

Þann skamma tíma, sem flutningsmaður hefur setið á Alþingi, hefur hann stundum heyrt talað um virðingu Alþingis í ræðustóli. Oft er þessu slegið fram í málflutningi þegar rök eru á þrotum.

Það má vel spyrja nú hvort afarkostir af því tagi, sem Alþingi eru settir, séu samboðnir þeirri virðingu sem þingheimur vill halda.

Nd. 478. Breytingartillögur [69. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1990.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (FrS, MB).

1. Við 26. gr. Greinin orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 22. gr. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árinu 1990 vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna að hálfu í ríkissjóð.
2. Við 34. gr. Í stað „5%“ komi: 4%.
3. Við 35. gr. Í stað „15%“ komi: 10%.

Ed. 479. Nefndarálit [251. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39/1988, um bifreiðagjald.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Leggur meiri hl. til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 22. des. 1989.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Guðrún Agnarsdóttir, með fyrirvara.
Eiður Guðnason.		Skúli Alexandersson.

Ed. 480. Lög [208. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 22. des.)

Samhljóða þskj. 430.

Ed. 481. Nefndarálit [251. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39/1988, um bifreiðagjald.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þar sem efni frumvarpsins miðar að því að ríkisstjórnin fái svigrúm til þess að hækka bifreiðagjald þegar Alþingi kemur saman að nýju, en skattar eru þegar óhóflega háir, leggur minni hl. til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 22. des. 1989.

Halldór Blöndal, frsm.	Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 482. Nefndarálit [218. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið. Leggur hún til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru í meðförum neðri deildar.

Alþingi, 22. des. 1989.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Salome Þorkelsdóttir, fundaskr., með fyrirvara.	Guðmundur H. Garðarsson, með fyrirvara.
Guðrún Agnarsdóttir, með fyrirvara.	Margrét Frímannsdóttir.	Karl Steinar Guðnason.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Ed. 483. Nefndarálit [178. mál]

um frv. til l. um veiðieftirlitsgjald.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið. Leggur meiri hl. til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru í meðförum neðri deildar.

Alþingi, 22. des. 1989.

Stefán Guðmundsson, form., frsm. Danfríður Skarphéðinsdóttir, fundaskr. Guðmundur H. Garðarsson.

Jóhann Einvarðsson. Karl Steinar Guðnason.

Nd. 484. Breytingartillögur [69. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1990.

Frá Páli Péturssyni.

1. Við 23. gr. Í stað „38.600“ komi 48.600.
2. Við 30. gr. Í stað „160.000“ komi 205.000.

Sþ. 485. Tillaga til þingsályktunar [268. mál]

um flugmálaáætlun árin 1990–1993.

(Lögð fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

Alþingi ályktar skv. I. kafla laga nr. 31/1987 að árin 1990–1993 skuli framkæmdum í flugmálum hagað samkvæmt eftirfarandi flugmálaáætlun.

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1990	1991	1992	1993
1.1. Markaðar tekjur:				
*1. Flugvallagjald	298	336	387	445
*2. Eldsneytisgjald	42	46	53	61
3. Lendingargjöld	40	45	51	59
4. Loftferðaeftirlitsgjöld	15	17	20	23
5. Leigugjöld	23	26	30	34
6. Þjónustugjöld	30	34	39	45
7. Aðrar tekjur	14	16	18	21
	462	520	598	688
1.2. Önnur framlög:				
1. ICAO-tekjur	171	193	222	255
2. Framlag úr ríkssjóði	459	515	592	681
Samtals	1092	1228	1412	1624

* Tekjur sem bundnar eru til framkvæmda í flugmálum samkvæmt lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

II. SKIPTING ÚTGJALDA
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1990	1991	1992	1993
2.1. Rekstur:				
1. Yfirstjórn	57	64	73	84
2. Loftferðaeftirlit	30	34	39	45
3. Reykjavíkurflugvöllur	94	105	121	139
4. Flugvalladeild	143	161	186	213
5. Flugleiðsöguþjónusta	88	99	113	131
6. Flugumferðarþjónusta	169	190	218	251
7. Alþjóðaflugþjónusta	171	193	222	255
	752	846	972	1118
2.2. Áætlunarflugvellir I:				
1. Flugbrautir og stæði	85	105	100	120
2. Byggingar	49	15	0	0
3. Fjarskipta- og veðurmælitæki	1	1	0	18
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	0	0	0	0
5. Snjóhreinsibúnaður	7	0	37	0
6. Aðflugs- og rafbúnaður	2	0	1	92
7. Ljósabúnaður	0	0	0	13
8. Bundið slitlag	0	58	101	57
	144	179	239	300
2.3. Áætlunarflugvellir II:				
1. Flugbrautir og stæði	14	0	0	0
2. Byggingar	16	23	0	0
3. Fjarskipta- og veðurmælitæki	0	0	0	21
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	0	0	2	0
5. Snjóhreinsibúnaður	3	14	43	0
6. Aðflugs- og rafbúnaður	1	0	9	74
7. Ljósabúnaður	0	0	0	0
8. Bundið slitlag	36	0	0	0
	70	37	54	95
2.4. Áætlunarflugvellir III:				
1. Flugbrautir og stæði	60	0	0	0
2. Byggingar	28	49	0	0
3. Fjarskipta- og veðurmælitæki	0	0	0	0
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	0	50	0	0
5. Snjóhreinsibúnaður	0	0	25	0
6. Aðflugs- og rafbúnaður	0	6	27	0
7. Ljósabúnaður	0	0	0	0
8. Bundið slitlag	0	0	0	0
	88	105	52	0

	1990	1991	1992	1993
2.5. Aðrir flugvellir og lendingarstaðir:				
1. Óskipt	24	26	31	38
2.6. Flugleiðsögu- og flugumferðarþjónusta:				
1. Óskipt	14	17	20	23
2.7. Til leiðréttinga og brýnna verkefna:				
	0	18	44	50
Samtals	1092	1228	1412	1624

III. FLOKKUN FLUGVALLA

3.1 Áætlunarflugvellir I.
Reykjavíkurflugvöllur, Akureyrarflugvöllur, Egilsstaðaflugvöllur, Alexandersflugvöllur við Sauðárkrók og Húsavíkurflugvöllur.

3.2 Áætlunarflugvellir II.
Ísafjarðarflugvöllur, Vestmannaeyjaflugvöllur, Patreksfjarðarflugvöllur og Hornafjarðarflugvöllur.

3.3 Áætlunarflugvellir III.
Grímseyjarflugvöllur, Siglufjarðarflugvöllur, Vopnafjarðarflugvöllur, Flateyrarflugvöllur, Bíldudalsflugvöllur, Norðfjarðarflugvöllur, Þingeyrarflugvöllur, Þórshafnarflugvöllur, Suðureyrarflugvöllur, Gjögursflugvöllur, Bakkafjarðarflugvöllur, Borgarfjarðarflugvöllur, Ólafsfjarðarflugvöllur, Raufarhafnarflugvöllur, Breiðdalsvíkurflugvöllur, Kópaskersflugvöllur, Fáskrúðsfjarðarflugvöllur, Rifsflugvöllur, Blönduósflugvöllur, Stykkishólmsflugvöllur, Hólmavíkurflugvöllur og Grundarfjarðarflugvöllur.

3.4 Aðrir flugvellir og lendingarstaðir.
Arngerðareyri, Búðardalur, Bær, Djúpivogur, Hella, Ingjaldssandur, Kirkjubæjarklaustur, Melgraseyri, Reykhólar, Reykjahlíð, Reykjanes, Sandskeið/Kapelluhraun, Selfoss og Vík. Álftaver, Bakki, Berjanesfitjar, Bolungarvík, Borgarnes, Breiðabólstaður, Dagverðará, Einholtsmelar, Fagurhólsmýri, Flúðir, Geysir, Grímsstaðir, Gunnarsholt, Herðubreiðalindir, Hnausar, Hólakot, Hrafnseyri, Hrauneyjarfoss, Húsafell, Hveravellir, Kaldármelar, Kerlingarfjöll, Króksfjarðarnes, Krókstaðamelar, Melanes, Múlakot, Narfastaðamelar, Núpur, Nýidalur, Sandármelar, Sandur, Selárdalur, Seyðisfjörður, Skálavatn, Skógarsandur, Sprengisandur, Stórholt, StóriKroppur, Svínafell, Tálknafjörður, Þórisós og Þórsmörk.

IV. SUNDURLIÐUN VERKEFNA
(Fjárhæð í m.kr.)

	1990	1991	1992	1993
4.1. Reykjavík				
1. Tækjageymsla	26,0			
2. Hitamælar	1,0			
3. Vararafmagn	2,4			
4. Malbik		58,0	101,6	57,1
5. Sanddreifari			4,5	
6. Markviti			0,7	
7. Stefnusendir				46,0
8. Skyggnismælir				2,6
9. Skýjahæðarmælir				5,0
	29,4	58,0	106,8	110,7
4.2. Akureyri				
1. Snjóblásari	7,0			
2. Hitamælir		1,0		
3. Bremsumælir			3,3	
4. Stefnusendir				23,0
5. Skyggnismælir				1,3
6. Skýjahæðarmælir				5,0
	7,0	1,0	3,3	29,3

	1990	1991	1992	1993
4.3. Egilsstaðir				
1. Flugbraut	85,0	105,0		
2. Flugstöð	15,0	15,0		
3. Flugbrautarlenging			100,0	
4. Snjóblásari			10,0	
5. Flugbrautarsópur			13,0	
6. Bremsumælir			4,0	
7. Stefnusendir				23,0
	100,0	120,0	127,0	143,0
4.4. Sauðárkrókur				
1. Tækjageymsla	8,0			
2. Bremsumælir			2,0	
3. Skyggnismælir				1,3
4. Skýjahæðamælir				2,5
5. Aðflugsljós				12,8
	8,0	0,0	2,0	16,6
4.5. Ísafjörður				
1. Flugbraut	4,0			
2. Vörubifreið, tönn		14,0		
3. Bremsumælir			2,0	
4. Vararafmagn			1,5	
5. Skyggnismælir				1,3
6. Skýjahæðarmælir				5,0
	4,0	14,0	3,5	6,3
4.6. Vestmannaeyjar				
1. Bundið slitlag	36,1			
2. Tækjageymsla	8,0			
3. Snjósópur	3,0		9,0	
4. Radíóviti	1,0			
5. Snjóplógur			4,3	
6. Sanddreifari			1,0	
7. Bremsumælir			2,0	
8. Vararafmagn			1,5	
9. Stefnusendir				18,0
10. Skyggnismælir				1,3
11. Skýjahæðarmælir				2,5
	48,1	0,0	17,8	21,8
4.7. Patreksfjörður				
1. Tækjageymsla	8,0			
2. Öryggissvæði	4,0			
3. Björgunarbátur			1.0	
4. Snjóplógur			4,3	
5. Snjóblásari			2,6	
6. Sanddreifari			1,0	
7. Bremsumælir			2,0	
8. Vararafmagn			1,5	
9. Stefnusendir				9,9
10. Fjarlægðarmælir				5,0
11. Skyggnismælir				1,3
12. Skýjahæðarmælir				2,5
	12,0	0,0	12,4	18,7

	1990	1991	1992	1993
4.8. Húsavík				
1. Flugbraut, lenging	4,0			
2. Tækjageymsla		13,0		
3. Snjóblásari			1,0	
4. Bremsumælir			2,0	
5. Radíóviti			1,0	
6. Markviti			0,7	
7. Vararafmagn			1,5	
8. Stefnusendir				18,0
9. Skyggnismælir				1,3
10. Skýjahæðarmælir				2,5
	4,0	13,0	6,2	21,8
4.9. Hornafjörður				
1. Flugbraut	1,5			
2. Tækjageymsla		10,0		
3. Björgunarbátur			1,0	
4. Snjóplógur			4,3	
5. Snjóblásari			2,6	
6. Sanddreifari			1,0	
7. Snjósópur			2,0	
8. Bremsumælir			2,0	
9. Vararafmagn			1,5	
10. Stefnusendir				23,0
11. Skyggnismælir				1,3
12. Skýjahæðarmælir				2,5
	1,5	10,0	14,4	26,8
4.10. Grímsey				
1. Flugbraut	8,0			
2. Slökkvibúnaður		5,0		
3. Radíóviti		1,0		
4. Markviti			0,7	
5. Sanddreifari			1,0	
	8,0	6,0	1,7	0,0
4.11. Siglufjörður				
1. Tækjageymsla	1,5			
2. Sanddreifari			1,0	
3. Markviti			0,7	
4. Vararafmagn			1,5	
	1,5	0,0	3,2	0,0
4.12. Vopnafjörður				
1. Hlað	3,0			
2. Tækjageymsla	5,0			
3. Sanddreifari			1,0	
	8,0	0,0	1,0	0,0
4.13. Flateyri				
1. Farþegaskýli	4,0			
2. Hlað	4,0			
3. Tækjageymsla		2,5		
4. Slökkvibúnaður		5,0		
5. Sanddreifari			1,0	
6. Vararafmagn			1,5	
	8,0	7,5	2,5	0,0

	1990	1991	1992	1993
4.14. Bíldudalur				
1. Tækjageymsla		2,5		
2. Slökkvibúnaður		5,0		
3. Sanddreifari			1,0	
4. Vararafmagn			1,5	
	0,0	7,5	2,5	0,0
4.15. Norðfjörður				
1. Öryggissvæði	6,0			
2. Tækjageymsla	1,5			
3. Radíóviti		1,0		
4. Vararafmagn			1,5	
	7,5	1,0	1,5	0,0
4.16. Þingeyri				
1. Sanddreifari			1,0	
2. Vararafmagn			1,5	
3. Radíóviti		1,0		
	0,0	1,0	2,5	0,0
4.17. Þórshöfn				
1. Flugbraut	12,0			
2. Tækjageymsla		2,5		
3. Slökkvibúnaður		5,0		
4. Farþegaskýli		10,0		
5. Radíóviti		1,5		
6. Sanddreifari			1,0	
7. Markviti			0,7	
	12,0	19,0	1,7	0,0
4.18. Suðureyri				
1. Sandgeymsla	2,0			
2. Sanddreifari			1,0	
	2,0	0,0	1,0	0,0
4.19. Gjögur				
1. Flugbraut	5,0			
2. Tækjageymsla		10,0		
3. Slökkvibúnaður		5,0		
4. Radíóviti		1,0		
5. Snjóplógur			4,3	
6. Snjóblásari			2,6	
7. Sanddreifari			1,0	
8. Markviti			0,7	
9. Vararafmagn			1,5	
	5,0	16,0	10,1	0,0
4.20. Borgarfjörður eystri				
1. Öryggissvæði	3,0			
2. Slökkvibúnaður		5,0		
3. Tækjageymsla		2,5		
4. Sanddreifari			1,0	
5. Markviti			0,7	
6. Vararafmagn			1,5	
	3,0	7,5	3,2	0,0

	1990	1991	1992	1993
4.21. Raufarhöfn				
1. Sandgeymsla	2,0			
2. Öryggissvæði	3,0			
3. Tækjageymsla		1,0		
4. Radíóviti		1,0		
5. Sanddreifari			1,0	
	5,0	2,0	1,0	0,0
4.22. Breiðdalsvík				
1. Tækjageymsla		2,5		
2. Slökkvibúnaður		5,0		
3. Sanddreifari			1,0	
4. Radíóviti			1,0	
5. Markviti			0,7	
6. Vararafmagn			1,5	
	0,0	7,5	4,2	0,0
4.23. Kópasker				
1. Hlað, öryggissvæði	4,0			
2. Tækjageymsla		10,0		
3. Slökkvibúnaður		5,0		
4. Snjóblásari			2,6	
5. Sanddreifari			1,0	
6. Radíóviti			1,0	
7. Markviti			0,7	
8. Vararafmagn			1,5	
	4,0	15,0	6,8	0,0
4.24. Rif				
1. Radíóviti			1,0	
2. Markviti			0,7	
	0,0	0,0	1,7	0,0
4.25. Blönduós				
1. Tækjageymsla		2,5		
2. Sanddreifari			1,0	
3. Radíóviti			1,0	
	0,0	2,5	2,0	0,0
4.26. Stykkishólmur				
1. Öryggissvæði	6,0			
2. Tækjageymsla		2,5		
3. Slökkvibúnaður		5,0		
4. Sanddreifari			1,0	
5. Radíóviti			1,0	
6. Vararafmagn			1,5	
	6,0	7,5	3,5	0,0

	1990	1991	1992	1993
4.27. Hólmavík				
1. Öryggissvæði	6,0			
2. Farþegaskýli	8,0			
3. Slökkvibúnaður		5,0		
4. Sanddreifari			1,0	
5. Markviti			0,7	
	14,0	5,0	1,7	0,0
4.28. Grundarfjörður				
1. Farþegaskýli	4,0			
	4,0	0,0	0,0	0,0
4.29. Aðrir flugvellir og lendingarstaðir				
1. Óskipt	24,0	26,0	30,8	38,0
	24,0	26,0	30,8	38,0
4.30. Flugleiðsögu- og flugumferðarþjónusta				
1. Óskipt	14,0	17,0	20,0	23,0
	14,0	17,0	20,0	23,0
4.31. Til leiðréttinga og brýnna verkefna	0,0	18,0	44,0	50,0
Samtals	340,0	382,0	440,0	506,0

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

0. INNGANGUR

Samkvæmt I. kafla 1. gr. laga nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til fram kvæmda í flugmálum, er hér lögð fram endurskoðuð flugmálaáætlun fyrir árin 1990–1993. Áætlun þessi er lögð fram á áætluðu meðalverðlagi ársins 1990 og spá Flugmálastjórnar um verðlagsþróun til ársloka 1993. Þannig er gert ráð fyrir 12,5% hækkun milli áranna 1990–1991 opg 15% hækkun milli áranna 1991–1992 og 1992–1993. Rekstrarliðir áætlunarinnar fyrir árið 1990 eru settir fram á áætluðu áramótaverðlagi 1989–1990.

Aðeins er gert ráð fyrir útgjöldum til framkvæmda í flugmálum samkvæmt mörkuðum tekjustofnum, þ.e. flugvallagjaldi og eldsneytisgjaldi.

Afkoma Flugmálastjórnar á undanförnum árum hefur verið mjög góð. Önnur rekstrargjöld og stofnkostnaður hafa nánast verið í samræmi við fjárheimildir, en laun hafa farið talsvert fram úr fjárheimildum og er skýringin fyrst og fremst sú að stofnunin hefur þurft að inna af hendi ýmsa þjónustu án þess að stöðuheimildir hafi verið til staðar og yfirvinna hefur verið talsvert meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Hins vegar hafa sértekjur vegna reksturs orðið töluvert hærri en fjárlög ætluðu og hefur það bjargað afkomunni á undanförnum árum. Þegar litið er á síðasta fimm ára tímabil hafa laun og önnur rekstrargjöld orðið neikvæð miðað við fjárheimildir um 126.606 þús. kr. en stofnkostnaður og sértekjur jákvæðar um 118.175 þús. kr. (sjá töflu I og II).

Horfur eru á að rekstrarafkoma Flugmálastjórnar fyrir árið 1989 verði mjög slæm (sjá súlurit nr. 1). Áætlað er að heildarfjárvöntun verði um það bil 100 milljónir.

Laun fara verulega úr böndum, eins og fyrr er skortur á stöðuheimildum, og yfirvinna hjá stofnuninni hefur verið skorin enn meira niður við fjárlagagerð ársins 1989. Þá hefur kostnaður við snjómokstur fyrri hluta ársins aldrei verið eins mikill og er nú þegar kominn verulega umfram heildaráætlun ársins. Alvarlegast er þó að við ákvörðun á sértekjum vegna reksturs á fjárlögum ársins er boginn spenntur það hátt að vafi leikur á því, þrátt fyrir hækkanir á gjaldskrám, að tekjurnar náist, en sértekjurnar eiga að hækka um 62,1% frá fjárlögum fyrra árs á meðan laun hækka aðeins um 8,4% og önnur rekstrargjöld um 14,5%. (sjá töflur I og II).

Þetta hefur leitt af sér að lausafjárstaða stofnunarinnar hefur verið mestallt árið mjög slæm og hætta á að það traust, sem stofnunin hefur öðlast hjá sínum viðskiptavinum á undanförnum árum, geti brugðist.

Það hefur í för með sér verulegan kostnað í formi dráttarvaxta og ekki síst að erfitt verður að ná eins hagkvæmum samningum og tekist hefur á undanförnum árum um ýmis verk bæði í rekstri og framkvæmdum.

Á undanförnum árum hefur verið gert verulegt átak í hagræðingu hjá einstökum deildum stofnunarinnar sem skilað hefur árangri. Þjónusta hefur aukist verulega en mannafli að sama skapi mjög lítið, en því hefur verið mætt með aukinni yfirvinnu starfsmanna (sjá súlurit nr. 2).

Súlurit 1.




BORGARFJÖRÐUR EYSTRI
NORÐFJÖRÐUR
BREIÐDALSVÍK
VOPNAFJÖRÐUR
BAKKAFJÖRÐUR
ÞÓRSHÖFN
RAUFARHÖFN
EGILSSTAÐIR
HÖRNAFJÖRÐUR
KÓPASKER
HÚSAVÍK
GRÍMSEY
AKUREYRI
SIGLUFJÖRÐUR
ÓLAFSFJÖRÐUR
SAUÐÁRKRÓKUR
BLÖNDUÓS
GJÖGUR
HÓLMAVÍK
REYKJANES
ÍSAFJÖRÐUR
SUÐUREYRI
FLATEYRI
ÞINGEYRI
BÍLDUDALUR
PATREKSFJÖRÐUR
STYKKISHÓLMUR
RIF/ÓLAFSVÍK
REYKJAVÍK
VESTMANNAEYJAR

Tafla I.

LAUN

Þús. kr.	Fjárlög	%	Heimild	%	Reikningur	%	Mismunur	Launa-vísitala	%
1984	94.246		100.104		109.345		< 8.241>	725	
1985	122.978	30.5	145.022	43.4	152.624	39.6	< 7.602>	973	34.2
1986	166.952	35.7	174.340	20.2	200.731	31.5	<26.391>	1247	28.6
1987	205.179	22.9	259.053	48.6	298.685	48.8	<39.632>	1615	29.5
1988	315.710	53.9	328.743	26.9	371.312	24.3	<42.569>	2070	28.2
1989	342.108	8.4	337.381	2.6					
							<124.435>		

ÖNNUR REKSTRARGJÖLD

Þús. kr.	Fjárlög	%	Heimild	%	Reikningur	%	Mismunur	Lánskjara-vísitala	%
1984	75.653		75.653		84.527		<8.874>	895	
1985	101.039	33.6	108.389	43.3	110.936	31.2	<2.547>	1169	30.6
1986	140.732	39.3	134.524	24.1	123.487	11.3	11.037	1457	24.6
1987	145.050	3.1	145.050	7.8	149.527	21.1	<4.477>	1711	17.4
1988	177.080	22.1	189.476	30.6	186.786	24.9	2.690	2111	23.4
1989	202.690	14.5	211.466	11.6				2569*	21.7
							<2.171>		

Tafla II.

STOFNKOSTNAÐUR

Þús. kr.	Fjárlög	Heimild	Reikningur	Mismunur
1984	64.300	64.300	63.736	564
1985	61.000	64.000	63.525	475
1986	61.000	67.457	73.891	<6.434>
1987	79.400	149.558	112.435	37.123
1988	256.500	256.500	270.769**	<14.269>
1989	272.000			
				17.459

** 25 millj. kr. vegna flugmálaáætlunar ráðstafað.

SÉRTEKJUR VEGNA REKSTURS

Þús. kr.	Fjárlög	%	Reikningur	%	Mismunur
1984	15.677		23.480		7.803
1985	31.367	100.1	42.905	82.7	11.538
1986	45.969	46.5	62.042	44.6	16.073
1987	61.015	32.7	104.402**	28.0	43.387
			<79.402>		
1988	95.797	57.0	117.712	48.3	21.915
1989	155.260	62.1			
					100.716

** 25 millj. kr. vegna flugmálaáætlunar.

I. MARKAÐAR TEKJUR

Samkvæmt lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, eru tekjur af flugvallagjaldi og eldsneytissölu bundnar til framkvæmda í flugmálum.

Aðrar markaðar tekjur eru beinar rekstrartekjur stofnunarinnar, þ.e. lendingargjöld, loftferðaeftirlitsgjöld, leigugjöld og önnur þjónustugjöld.

Við áætlun um tekjur af flugvallagjaldi þarf að styðjast við farþegaspá. Þessi farþegaspá er byggð á rauntölum fyrstu níu mánaða þessa árs og síðustu þriggja mánaða síðasta árs. Gert er ráð fyrir í spánni 2% samdrætti í utanlandsflugi og 4% í innanlandsflugi.

Farþegaspá – Utanlandsflug.

(2 börn = 1 farþegi)

	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.	Samtals
Flugleiðir	28.000	42.100	73.300	34.100	177.500
Arnarflug	4.500	9.200	15.000	4.600	33.300
Aðrir	50	1.850	2.600	100	4.600
Alls	32.550	53.150	90.900	38.800	215.400

Farþegaspá – Innanlandsflug.

(2 börn = 1 farþegi)

	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.	Samtals
Flugleiðir	56.400	60.400	72.900	52.800	242.500
Arnarflug	3.700	4.000	3.700	3.400	14.800
Flugfélag Norðurlands	4.800	6.200	4.200	3.600	18.800
Flugfélag Austurlands	200	600	500	600	1.900
Flugfélagið Ernir	800	2.300	1.400	750	5.250
Aðrir	1.000	1.400	2.000	1.050	5.450
Alls	66.900	74.900	84.700	62.200	288.700

Við áætlun á sölu á flugvélaeldsneyti er stuðst við rauntölur sama tímabil, en ekki gert ráð fyrir samdrætti.

Spá vegna eldsneytissölu 1989.
(Magn í lítrum.)

	Flugbensín	Flugsteinolía
Janúar	143.000	2.790.000
Febrúar	167.000	2.783.000
Mars	138.000	2.724.000
Apríl	231.000	2.895.000
Maí	228.000	3.869.000
Júní	352.000	5.388.000
Júlí	367.000	6.820.000
Ágúst	281.000	6.504.000
September	227.000	5.170.000
Október	135.000	2.900.000
Nóvember	135.000	2.800.000
Desember	120.000	2.700.000
	2.524.000	47.343.000

Samkvæmt 15. gr. laganna er ráðherra heimilt að hækka gjaldskrá vegna eldsneytisgjalds og flugvallagjalds frá grunntöxtum, þ.e. flugvélabensín 1.30 kr. á l, þotueldsneyti 0.65 kr. á l, flugvallagjald innan lands 100 kr. á farþega og utan lands 750,- kr. á farþega, allt að þeirri hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar. Grunntaxtar gjaldanna eru miðaðir við vísitölu í janúar 1986, þ.e. 250 stig. Byggingarvísitala í október 1989 er 492 stig eða 97% hærri. Það jafngildir að flugvallagjald í utanlandsflugi væri 1.475,- kr., en er í dag 1.150 kr.

Súlurit 2.



II. SKIPTING ÚTGJALDA

2.1 Rekstur.

Eins og fyrr er getið hefur rekstrarafkoma flugmálastjórnar verið nokkuð góð á undanförnum árum, eða frá árinu 1984. Sigið hefur verulega á ógæfuhliðina á þessu ári vegna óraunhæfs niðurskurðar á yfirvinnueiningum í fjárlögum þessa árs og stofnunin hefur ekki fengið heimildir fyrir nokkrum nauðsynlegum stöðugildum.

Rekstrarútgjöld borin saman við rekstrarfjárlög að frádregnum sértekjum árin 1980–1988.

Ár (þús. kr.)	Rekstrar-fjárlög	Rekstrar-útgjöld	Hlutfall
1988	422.422	440.386	104
1987	343.088	343.810	100
1986	264.980	262.176	99
1985	222.044	220.655	99
1984	161.080	170.392	106
1983	82.830	102.739	124
1982	34.214	61.778	181
1981	24.319	38.959	160
1980	18.705	28.234	151



2.1.1 Yfirvinna.

Yfirvinna hjá Flugmálastjórn hefur á undanförnum árum verið vaxandi með auknum umsvifum, svo sem aukinni flugumferð og aukinni þjónustu. Á sama tíma hefur stöðuheimildum mjög lítið fjölgað.

Eftirfarandi sýnir yfirvinnueiningar frá árinu 1977–1988 og samkvæmt fjárlögum 1989.

Ár	Einingar	Hlutfall af 1977
1977	156.669	100.0
1978	151.366	96.6
1979	136.885	87.4
1980	144.054	91.9
1981	147.920	94.4
1982	151.727	96.8
1983	159.461	101.8
1984	153.972	98.3
1985	170.870	109.1
1986	167.951	107.2
1987	191.220	122.1
1988	189.537	120.1
*1989	134.329	85.7

* Samkvæmt fjárlögum.

Eins og sjá má er yfirvinna samkvæmt fjárlögum ársins 1989 134.329 einingar eða því sem næst eins og raunar yfirvinna var árið 1979. Þegar skoðaðar eru aðrar stærðir í rekstri stofnunarinnar árið 1979 og bornar saman við árið 1988 kemur eftirfarandi í ljós.

	1979	1988	Hækkun
Flugumferð	51.892	134.934	160.0%
Fjöldi starfsmanna	165	196	18.8%
Yfirvinnueiningar	136.885	189.537	38.5%

Ef stofnunin hefði fengið þau stöðugildi sem beðið var um við fjárlagatillögugerð á undanförnum árum er mjög sennilegt að yfirvinnueiningar hefðu ekki hækkað sem þessu nemur.

Skipting yfirvinnu eftir verkefnum 1988.

1.	Fastir umsamdir og unnir yfirv.t. vegna vakta o.fl.	66.995 tímar	35.4%
2.	Vegna afleysinga	34.635 tímar	18.3%
3.	Vegna rekstrarstjórnunar, þjálfunar o.fl.	14.832 tímar	7.8%
4.	Vegna veikinda	13.904 tímar	7.3%
5.	Vegna fastra umsaminna yfirvinnutíma	8.645 tímar	4.6%
6.	Vegna áætlunarfl. eftir að dagv. eða vakt lýkur	8.487 tímar	4.5%
7.	Vegna framkvæmda	8.325 tímar	4.4%
8.	Vegna flugs á laugard.- sunnud.- og helgidögum	8.153 tímar	4.3%
9.	Vegna viðhalds	7.557 tímar	4.0%
10.	Vegna ICAO- og Keflavíkurverkefna	3.296 tímar	1.7%
11.	Vegna ræstinga	2.998 tímar	1.6%
12.	Vegna snjómoksturs	2.790 tímar	1.5%
13.	Vegna flugs TF-DCA	2.630 tímar	1.4%
14.	Vegna 10 tíma hvíldar	2.075 tímar	1.1%
15.	Vegna vöntunar upp á stöðugildi	1.471 tímar	0.8%
16.	Vegna leiguflugs	1.351 tímar	0.7%
17.	Vegna sjúkraflugs	1.147 tímar	0.5%
18.	Vegna öryggisvörslu o.fl.	246 tímar	0.1%
	Alls	189.537 tímar	100.0%

Skipting yfirvinnu einstakra deilda eftir verkefnum 1988.

		Yfir-stjórn	Flugleið-sögubj.	Flugum-ferðarþj.	Flug-vallarþj.	Loftferða-eftirlit	Alls
1.	Fastir umsamdir og unnir yfirv.t. vegna vakta o.fl.	33	1.504	50.866	12.660	1.932	66.995
2.	Vegna afleysinga			29.205	5.430		34.635
3.	Vegna rekstrarstjórnunar, þjálfunar o.fl.	1.764	2.317	4.624	2.236	3.891	14.832
4.	Vegna veikinda		199	11.129	2.576		13.904
5.	Vegna fastra umsaminna yfirvinnutíma	6.005	1.680		960		8.645
6.	Vegna áætlunarfl. eftir að dagv. eða vakt lýkur			2.646	5.841		8.487
7.	Vegna framkvæmda		1.439		6.886		8.325
8.	Vegna flugs á laugard.-, sunnud.- og helgidögum			149	8.004		8.153
9.	Vegna viðhalds		4.862	101	2.594		7.557
10.	Vegna ICAO- og Keflavíkurverkefna		3.296				3.296
11.	Vegna ræstinga				2.998		2.998
12.	Vegna snjómoksturs				2.790		2.790
13.	Vegna flugs TF-DCA		2.630				2.630
14.	Vegna 10 tíma hvíldar			509	1.353	213	2.075
15.	Vegna vöntunar upp á stöðugildi				1.471		1.471
16.	Vegna leiguflugs				1.351		1.351
17.	Vegna sjúkraflugs			423	724		1.147
18.	Vegna öryggisvörslu o.fl.				246		246
	Alls	7.802	17.927	99.652	58.120	6.036	189.537

YFIRVINNA SEM ER GREIDD AF ÖÐRUM EÐA GEFUR AF SÉR TEKJUR

Flugumferðarþjónusta greidd af ICAO	52.578 tímar
Viðhald vegna ICAO og Keflavíkur	3.296 tímar
Flug TF-DCA	2.630 tímar
Yfirvinna greidd af flugrekstraraðilum	5.337 tímar
Samtals	63.841 tímar

YFIRVINNA SEM EKKI VERÐUR SPÖRUÐ NEMA MEÐ LEIÐUM SEM HAFA ÖNNUR ÚTGJÖLD Í FÖR MEÐ SÉR

Vegna afleysinga	18.179 tímar
Vegna veikinda	7.895 tímar
Vegna framkvæmda	8.325 tímar
Vegna ræstinga	2.998 tímar
Vegna snjómoksturs	2.790 tímar
Vegna vöntunar upp á stöðugildi (½ stöður)	1.471 tímar
Samtals	41.658 tímar

YFIRVINNA, ÞAR SEM SPARNAÐUR HEFUR Í FÖR MEÐ SÉR SKERT ÖRYGGI

Vegna sjúkraflugs	1.147 tímar
Vegna viðhalds flugleiðsögutækja	4.862 tímar
Vegna þjálfunar	4.461 tímar
Vegna öryggisvörslu o.fl.	246 tímar
Samtals	10.716 tímar

YFIRVINNA, ÞAR SEM SPARNAÐUR HEFUR Í FÖR MEÐ SÉR UPPSTOKKUN Á SAMNINGUM

Fastir umsamdir og unnir yfirvinnutímar vegna vakta o.fl.	36.882 tímar
Vegna fastra umsaminna yfirvinnutíma	8.645 tímar
Samtals	45.527 tímar

YFIRVINNA, ÞAR SEM SPARNAÐUR HEFUR Í FÖR MEÐ SÉR SKERÐINGU Á ÞJÓNUSTU

Vegna áætlunarflugs eftir að dagvinnu eða vakt lýkur	8.487 tímar
Vegna flugs á laugard.-, sunnud.- og helgidögum	8.153 tímar
Vegna leiguflugs	1.351 tímar
Vegna 10 tíma hvíldar	2.075 tímar
Yfirvinna greidd af flugrekstraraðilum	<5.337> tímar
Samtals	14.729 tímar

YFIRVINNA, ÞAR SEM STOFNUNIN GETUR HUGSANLEGA SPARAÐ, ÞÓ AÐ TAKMÖRKUÐU LEYTI

Vegna rekstrarstjórnunar	10.371 tímar
Vegna viðhalds	2.695 tímar
Samtals	13.066 tímar

2.1.2 Orsök ráðninga starfsmanna utan heimilda

Eins og áður er getið hefur á undanförnum árum verið sótt um fleiri stöðugildi fyrir hinar ýmsu deildir stofnunarinnar til að mæta auknu umfangi í rekstrinum, svo sem aukinni flugumferð, aukinni þjónustu við flugrekstraraðila o.fl. Ekki hefur verið tekið tillit til þessara beiðna nema í mjög litlum mæli, en engu að síður hefur stofnunin séð sig knúna til að mæta þessu með ráðningu nokkurra starfsmanna utan heimildar.

FLUGUMFERÐARÞJÓNUSTA

Kjarninn í mönnun flugumferðarþjónustu á undanförnum árum hafa verið starfsmenn sem hófu störf fyrir og um árið 1950. Þessir starfsmenn eru nú margir að hætta störfum vegna aldurs, einnig hafa orðið afföll vegna veikinda og dauðsfalla. Þar sem það tekur 3–4 ár að fullmennta flugumferðarstjóra til starfa þá hefur ekki verið komist hjá því að ráða starfsfólk til náms í flugumferðarstjórn til þess að taka við og er ráðning allra, sem enn eru utan heimilda nú tilkomin af þessu og enn fremur vegna stóraukinnar flugumferðar, en hún hefur aukist um 70% síðustu fimm árin og á síðasta ári, 1988 var aukningin 17%. Þrátt fyrir það, að á þetta hafi verið bent í fjárlagatillögum stofnunarinnar undanfarin ár, hafa ekki fengist fleiri stöðuheimildir. Stofnunin hefur samt sem áður verið knúin til þess að ráða fólk til flugumferðarþjónustu, m.a. með tilliti til III. gr. 1 tölul. í samningi Íslands við Alþjóðaflugmálastofnunina ICAO, þar sem segir:

Ríkisstjórn Íslands skal annast þjónustuna og viðhalda henni úrfallalaust af röggsemi. „(The Goverment of Iceland shall operate and maintain the service without interruption, in an efficient manner etc.)".

Þessar kröfur hefði ekki verið unnt að uppfylla nema með ráðningu þeirra manna, sem nú eru án heimilda, þrátt fyrir miklar tækniframfarir sem vissulega hafa einnig komið til góða. Enn fremur skal bent á að laun flugumferðarstjóra við Alþjóðaflugþjónustuna eru að fullu endurgreidd af erlendum aðilum.

AÐALSKRIFSTOFA

Vegna aukins vinnuumfangs og hagræðingar í sambandi við afleysingar í sumarleyfum var ráðið í eitt starf á aðalskrifstofu og telur stofnunin það mun hagkvæmara en að ráða afleysingafólk í hverju tilviki.

ORÐABÓK

Við flugorðasafn starfa nú 1,6 starfsmaður. Til þessa starfs var stofnað samkvæmt fyrirmælum frá ráðuneyti sem þó hefur ekki fengist viðurkennt við fjárlagagerð, en stofnunin orðið að greiða launin.

REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR

Í fyrra kom upp krafa frá öryggisnefnd Félags íslenskra atvinnuflugmanna um að slökkviliðsbifreið væri ætíð í viðbragðsstöðu úti á flugvelli á þeim tíma sem áætlunarflug stæði yfir. Á þessa kröfu var fallist af öryggisástæðum, en það hafði í för með sér að ráða varð viðbótarstarfskraft við símavörslu á slökkvistöð frá kl. 0800–2400.

FLUGVALLADEILD

Þrátt fyrir endurteknar umsóknir undanfarin ár hefur ekki fengist heimild til ráðningar flugvallarvarða á fimm flugvelli. Stjórnvöld hafa þó heimilað áætlunarflug um þessa flugvelli. Vegna öryggiskrafna og þar á þessum flugvöllum eru mannvirki og fleiri verðmæti hefur stofnunin ekki talið sér annað fært en að hafa starfsmenn á þeim og ef svo væri ekki yrði jafnvel að loka þeim.

Vegna flugmálaáætlunar og mikillar aukningar skrifstofuvinnu vegna hennar varð ekki hjá því komist að ráða starfsmann til þess að annast þau störf.

LOFTFERÐAEFTIRLIT

Mjög mikil aukning í flugvélaeign landsmanna hefur haft í för með sér aukið álag á skrifstofu Loftferðaeftirlitsins og varð ekki við það ráðið á annan hátt en að bæta þar við manni í ½ starf.

2.2 FRAMKVÆMDIR

Við skiptingu útgjalda vegna framkvæmda var í meginatriðum stuðst við þá reglu sem skýrsla flugmálanefndar gerir ráð fyrir um forgangsröðun verkefna.

Örfáar breytingar eru þó gerðar til hagræðis eins og að ljúka þeim verkefnum sem þegar er byrjað á. Þó er gerð ein veigamikil breyting, samkvæmt tillögu flugráðs, þverbraut á Hornafjarðarflugvelli er frestað, en gert ráð fyrir framkvæmdum við bundið slitlag á Vestmannaeyjaflugvelli á árinu 1990. Þá er einnig frestað frekari framkvæmdum við flugvellina á Bakkafirði, Fáskrúðsfirði og Ólafsfirði.

Ákveðið er að lengja Húsavíkurflugvöll í a.m.k. 1800 metra á árinu 1990 og flyst hann þar með í flokkinn Áætlunarflugvellir I. Líklegt má telja að mikilvægi vallarins fyrir framþróun í atvinnulífi aukist í framtíðinni og má sem dæmi nefna hugsanlegan útflutning á ferskum eldisfiski og möguleika í ferðaþjónustu, en sem kunnugt er eru margir af þekktustu ferðamannastöðum landsins í næsta nágrenni. Þessi framkvæmd er einföld í sniðum, land er fyrir hendi og kostnaður við lenginguna einungis mældur í fáeinum milljónum króna. Í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í flugmálum frá því í febrúar sl. er gert ráð fyrir að framkvæmdir við Egilsstaðaflugvöll taki mið af því að þar verði lagður flugvöllur miðað við ýtrustu afkastagetu tveggja hreyfla þotna og þarfir almenns farþegaflugs. Í framhaldi af því er gert ráð fyrir lengingu flugvallarins í allt að 2700 metra á árunum 1992 og 1993.

Forgangsröðun framkvæmda byggist á niðurstöðu sem öryggisnefnd Félags íslenskra atvinnuflugmanna, flugmálastjórn og flugráð urðu sammála um og flugmálanefnd ákvað að gera að sinni tillögu.

Forgangsröðun framkvæmda.

Forgangur:	Verkefni:

1. Flugbraut og hlað með fullgerðu malaryfirlagi, en stærð þeirra verði í samræmi við hönnunarákvæði ICAO Annex 14.
2. Öryggissvæði verði eftir því sem unnt er hættulaus og í samræmi við hönnunarákvæði ICAO Annex 14.
3. Hindranir verði eftir því sem unnt er fjarlægðar eða merktar. Athafnasvæði flugvalla verði girt.

Forgangur:	Verkefni:
4.	Flugvallarbyggingar, þ.e. aðstaða fyrir flugumferðarþjónustu, tækjageymslu og farþegaskýli, verði byggð í áföngum.
5.	Búnaður flugumferðarþjónustu, þ.e. símasamband, VHF-fjarskiptatæki, vindmælir, loftþrýstimælir, hitamælir og segulband, verði fyrir hendi.
6.	Slökkvi- og björgunarbúnaður verði samkvæmt ákvæðum ICAO Annex 14.
7.	Snjóhreinsibúnaður, þ.e. snjóruðningstæki, sanddreifarar og hemlunarmælar, verði fyrir hendi, eða tilsvarandi aðkeypt þjónusta.
8.	Blindaðflugsbúnaður með tilheyrandi monitor-búnaði og vararafmagni verði í samræmi við ákvæði ICAO Annex 10. Radíóviti (NDB) með markvitum og/eða fjarlægðarmæli (DME) þar sem við verður komið og réttlætanlegt getur talist. Stefnusendir (ILS eða tilsvarandi hluti MLS) þar sem við verður komið og réttlætanlegt getur talist. Aðflugshallasendir (GS eða tilsvarandi hluti MLS) þar sem æskileg eru blindflugsmörk undir 300 feta skýjahæð og 1,5 km flugskyggni og réttlætanlegt getur talist.
9.	Ljósabúnaður í samræmi við ákvæði ICAO Annex 14. PAPI- eða APAPI aðflugshallaljós, hindranaljós, flugbrautarljós og aðflugsljós í samræmi við tilsvarandi aðflug flugvallarins.
10.	Malbik eða tilsvarandi varanlegt yfirborð, á öll athafnasvæði flugvéla.

Enn fremur var áætlunarflugvöllum raðað í forgangsröð eftir því hve mikilvægu hlutverki einhver tiltekinn flugvöllur gegnir í flugsamgöngukerfinu, og voru þrír þættir notaðir til að ákvarða þessa forgangsröð fyrir áætlunarflugvelli, þ.e.:

- Verkefnaþáttur, þar sem m.a. er tekið tillit til hlutverks vallarins sem tengipunkts í flugsamgöngukerfinu.
- Flutningur um flugvöllinn sem hlutfall af heildarloftflutningum á landinu.
- Einangrun svæðisins sem flugvöllurinn þjónar.

Heildarflutningar um íslenska áætlunarflugvelli 1977–1986.
(Keflavíkurflugvöllur undanskilinn.)

Ár:	Flughreyfingar:	Farþegar:	Vörur/póstur(tonn):
1977	150.220	555.103	12.393
1978	149.724	590.120	11.821
1979	152.498	590.737	11.999
1980	167.223	600.111	9.569
1981	155.971	598.297	9.154
1982	176.939	580.291	8.443
1983	143.922	536.931	8.248
1984	162.704	566.073	8.253
1985	191.181	630.218	9.430
1986	176.584	650.477	8.487
1987	173.367	684.287	9.878
1988	173.141	646.790	9.332

Í kafla IV SUNDURLIÐUN VERKEFNA er fjárveitingum skipt eftir forgangsröðun verkefna og flugvöllum raðað í forgangsröð. Hlutverk Reykjavíkurflugvallar sem miðstöðvar í flugsamgöngukerfinu er augljós, en alls fara rúmlega 40% allra flugflutninga um þennan flugvöll.

Heildaryfirlit yfir farþegafjölda
um flugvelli landsins



Áætlunarflugvellir I



Áætlunarflugvellir II



Áætlunarflugvellir III

Farþegafjöldi 1987 og 1988



Flugmálaáætlun, framkvæmdir, verðlag október 1989.

Viðmiðun	Fjöldi	Verkefni	Verðlag Jan. 1986	Vísitala/ gengi	Verðlag okt. 1989 Millj. kr.
Byggingarvísitala	38	Flugrein/Flugbraut	277.7	492/250	546.5
Byggingarvísitala	25	Stæði, akbrautir	48.6	492/250	95.6
Byggingarvísitala	21	Flugstöðvar	53.9	492/250	106.1
Byggingarvísitala	24	Tækjageymslur	75.7	492/250	149.0
USD	19	Fjarskiptatæki	4.0	62.39/41.22	6.0
USD	11	Vindmælar/Hitamælir	1.5	62.39/41.22	2.3
USD	3	Loftþrýstimælir	0.3	62.39/41.22	0.5
Byggingarvísitala	26	Segulbönd	3.8	492/250	7.5
Sterlingspund	36	Slökkvibúnaður	65.1	98.15/60.55	105.5
USD	5	Björgunarbúnaður	1.7	62.39/41.22	2.6
DEM	9	Snjóplógar	36.0	33.87/18.56	65.7
DEM	8	Snjóblásarar	14.0	33.87/18.56	25.5
DEM	24	Sanddreifarar	18.8	33.87/18.56	34.1
DKK	9	Brautarsópar	27.2	8.72/5.03	47.2
USD	8	Bremsumælar	11.2	62.39/41.22	16.9
Byggingarvísitala	15	Raflögn	10.9	492/250	21.4
Sterlingspund	22	Vararafmagn	27.7	98.15/60.55	44.9
USD	16	Radíóvitar/Radar	34.2	62.39/41.22	51.7
CAD	6	NDB-Monitor	0.6	53.18/29.98	1.0
USD	13	Markvitar	5.2	62.39/41.22	7.9
USD	7	Stefnusendir – MLS	86.6	62.39/41.22	131.1
CAD	1	Fjarlægðarmælir	2.7	53.18/29.98	4.8
FRF	8	Skyggnismælir	6.3	9.98/6.03	10.4
FRF	8	Skýjahæðarmælir	15.1	9.98/6.03	25.0
ST-pund	30	Flugbrautarljós	96.5	98.15/60.55	156.4
Sterlingspund	18	Aðflugshallaljós	22.4	98.15/60.55	36.3
Sterlingspund	2	Aðflugsljós	13.8	98.15/60.55	22.4
Sterlingspund	3	Leiðarljós	7.0	98.15/60.55	11.4
Sterlingspund	18	Leifturljós	20.7	98.15/60.55	33.5
Sterlingspund	10	Hindranaljós	8.4	98.15/60.55	13.6
Sterlingspund	20	Flugvallarljósvitar	8.2	63.94/60.55	13.3
Byggingarvísitala	28	Bundið slitlag	425.2	492/250	836.8
Byggingarvísitala	1	Sérverkefni Egilsstfl.	161.5	492/250	317.8
Byggingarvísitala	1	Sérverkefni Reykjavíkur-flugv., malbik	87.9	492/250	173.0
Byggingarvísitala	1	Sérverkefni Reykjavíkur-flugv., flugstöð	262.0	492/250	515.6
Byggingarvísitala	1	Flugleiðsögu-búnaður og annað	87.6	492/250	172.4
			2.030.0		3.811.7

Skipting útgjalda á verkefni.

Verkefni (millj. kr.):	1990	Hlutf.	1991	Hlutf.	1992	Hlutf.	1993	Hlutf.
Flugbrautir og stæði	159	46.8%	105	27.5%	100	22.7%	120	23.7%
Byggingar	93	27.3%	87	22.8%	0		0	
Fjarskipta- og veðurmælitæki	1	0.3%	1	0.2%	0		39	7.7%
Slökkvi- og björgunarbúnaður	0		50	13.1%	2	0.5%	0	
Snjóhreinsibúnaður	10	2.9%	14	3.7%	105	23.8%	0	
Aðflugs- og rafmagnsbúnaður	3	0.9%	5	1.3%	37	8.5%	166	32.8%
Ljósabúnaður	0		0		0		13	2.6%
Bundið slitlag	36	10.6%	58	15.2%	101	22.9%	57	11.3%
Aðrir flugvellir og lendingarstaðir	24	7.0%	26	6.8%	31	7.0%	38	7.5%
Flugleiðsögu- og flugumferðarþj.	14	4.2%	17	4.5%	20	4.6%	23	4.5%
Til leiðréttinga og brýnna verkefna	0		19	4.9%	44	10.0%	50	9.9%
Samtals	340	100%	382	100%	440	100%	506	100%

Ed. 486. Lög [210. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 22. des.)

Samhljóða þskj. 368.

Sþ. 487. Tillaga til þingsályktunar [269. mál]

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt nr. 159 um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra.

(Lögð fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 159 um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra sem gerð var á 69. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf 20. júní 1983.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Í skýrslum félagsmálaráðherra um árleg þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) hefur komið fram að uppbygging stofnunarinnar er með nokkuð öðrum hætti en annarra alþjóðastofnana sem Ísland á aðild að. Það sem einkum skapar Alþjóðavinnumálastofnuninni sérstöðu er seta fulltrúa ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks í stjórnum og nefndum stofnunarinnar og þátttaka þeirra í Alþjóðavinnumálaþinginu. Til skýringar má taka setu á Alþjóðavinnumálaþinginu. Samkvæmt stofnskrá ILO eiga fjórir fulltrúar rétt á að taka þátt í afgreiðslu þingsins, tveir fulltrúar ríkisstjórnar hlutaðeigandi aðildarríkis, einn fulltrúi atvinnurekenda og einn fulltrúi launafólks. Öll starfsemi stofnunarinnar byggist á samstarfi þessara þriggja aðila.

Eitt af mikilvægustu verkefnum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf er undirbúningur afgreiðslu Alþjóðavinnumálaþingsins á alþjóðasamþykktum og tillögum sem fyrst og fremst taka til aðstæðna í atvinnulífi og á vinnumarkaði. Alþjóðavinnumálaþingið hefur samtals afgreitt 169 alþjóðasamþykktir og 177 tillögur. Sumar þeirra hafa verið endurskoðaðar með nýjum samþykktum. Ísland hefur fullgilt 14 og stendur á því sviði langt að baki nágrannalöndunum, einkum öðrum Norðurlöndum.

Líkja má tillögum ILO við reglugerðir sem settar eru með stoð í lögum. Ekki er unnt að fullgilda tillögur og eru þær þar af leiðandi ekki skuldbindandi. Þær eru ítarlegri en samþykktirnar. Litið er á tillögu sem nánari útfærslu á alþjóðasamþykkt eða sem tilmæli til aðildarríkjanna um stefnumótun á ákveðnu sviði.

Markmið samþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er að setja reglur um afmörkuð svið vinnumála, félagsmála eða mannréttinda. Með fullgildingu axlar aðildarríki tvíþætta skyldu. Annars vegar að vinna að framkvæmd ákvæða hlutaðeigandi samþykktar og hins vegar að samþykkja að haft sé alþjóðlegt eftirlit með framkvæmdinni. Samkvæmt 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skal aðildarríki senda alþjóðavinnumálaskrifstofunni reglulega skýrslu um aðgerðir sem það hefur gripið til í því skyni að hrinda í framkvæmd ákvæðum samþykktarinnar. Samkvæmt gildandi reglum skal taka þessar skýrslur saman annað hvert ár og senda alþjóðavinnumálaskrifstofunni. Sérfræðinganefnd á hennar vegum fer yfir skýrslur aðildarríkjanna og birtir niðurstöðu sína í árlegri skýrslu sem er til umfjöllunar í einni af fastanefndum Alþjóðavinnumálaþingsins. Frá því Ísland gerðist aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar árið 1945 hefur félagsmálaráðuneytið borið ábyrgð á samningu skýrslna um framkvæmd samþykkta sem Ísland hefur fullgilt.

Aðdragandinn að afgreiðslu Alþjóðavinnumálaþingsins á samþykkt nr. 159 um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra má rekja til ársins 1981. Á nóvemberfundi sínum það ár ákvað stjórnarnefnd ILO að taka starfsendurhæfingu til almennrar umræðu á vinnumálaþinginu árið 1982 þar sem þess yrði freistað að varpa ljósi á allar hliðar þessa málefnis. Árið eftir yrði stefnt að afgreiðslu viðauka við tillögu nr. 99 um atvinnuþjálfun fatlaðra manna frá árinu 1955. Með þessari ákvörðun var viðurkennd sú breyting sem hafði átt sér stað á 25 árum á viðhorfum til málefna fatlaðra.

Í þingnefndum sem störfuðu á 68. og 69. Alþjóðavinnumálaþinginu var samstaða um það mat að nauðsynlegt væri að endurskoða kröfur Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á þessu sviði. Upphaflega var stefnt að því að afgreiða nýja tillögu. Í almennum umræðum í þingnefndinni kom upp ágreiningur um þetta á milli fulltrúa atvinnurekenda og fulltrúa launafólks. Fulltrúar þeirra síðarnefndu lögðu áherslu á að stefnt yrði að afgreiðslu samþykktar og tillögu. Einungis með þeim hætti væri hægt að vinna markvisst að bættri stöðu fatlaðra til að njóta starfsendurhæfingar. Fulltrúar atvinnurekenda og fulltrúar nokkurra ríkisstjórna voru þeirrar skoðunar að einungis tillaga væri nægilega sveigjanleg til að hafa jákvæð áhrif á ólíkar aðstæður fatlaðra í hinum ýmsu löndum. Niðurstaðan varð sú að 69. Alþjóðavinnumálaþingið afgreiddi bæði samþykkt þá sem hér er leitað eftir heimild til að fullgilda og tillögu. Samþykktin er birt sem fylgiskjal I og tillagan sem fylgiskjal II.

Þótt fullgilding samþykktarinnar ein sér bæti ekki aðstöðu fatlaðra manna til að njóta starfsendurhæfingar og fá hentuga vinnu hvetur hún stjórnvöld til að móta stefnu í þessum málum og hrinda henni í framkvæmd. Samþykktin miðar að því að stjórnvöld stuðli að því að fatlaðir einstaklingar geti verið virkir þátttakendur í þjóðlífinu með sama hætti og aðrir einstaklingar. Með fullgildingu samþykktarinnar er ekki verið að leggja neinar kvaðir á aðila vinnumarkaðarins. Eftir því sem fleiri lönd fullgilda samþykktina er stuðlað að því að bæta stöðu fatlaðra ekki aðeins á Íslandi heldur einnig í öðrum löndum.

Ekki er gert ráð fyrir því að breyta þurfi lögum né setja ný lög til að fylgja eftir ákvæðum samþykktarinnar hér á landi. Í því sambandi má benda á II. og VI. kafla laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, og e-lið 8. gr. laga nr. 18/1985, um vinnumiðlun.

Umrædd samþykkt var send fjórum aðilum til umsagnar, Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og samstarfsnefnd um málefni fatlaðra. Í samstarfsnefndinni eiga sæti fulltrúar Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra, Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Landssamtakanna Þroskahjálpar.

Alþýðusamband Íslands og Samstarfsnefnd um málefni fatlaðra mæla með því að samþykktin verði fullgilt fyrir Íslands hönd.

Vinnuveitendasamband Íslands mælir hins vegar gegn fullgildingu. Meginrök Vinnuveitendasambandsins eru þau að samþykktin bæti ekki réttarstöðu fatlaðra. Umsögn barst ekki frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Hinn 1. janúar 1989 höfðu eftirtalin 23 ríki fullgilt samþykktina: Antigua og Barbuda, Argentína, Danmörk, Egyptaland, Ekvador, El Salvador, Finnland, Grikkland, Holland, Írland, Júgóslavía, Kína, Kípur, Malaví, Malta, Noregur, Perú, San Marínó, Sviss, Svíþjóð, Tékkóslóvakía, Sovétríkin, Ungverjaland og Úrúgvæ.

Athugasemdir við einstaka kafla samþykktarinnar.

Um I. kafla.

Í 1. gr. samþykktarinnar er fjallað um skilgreiningar og gildissvið. Í umræðum í þingnefnd á Alþjóðavinnumálaþinginu voru fulltrúar sammála um skilgreiningu á hugtakinu „fatlaður". Í nefndinni var ítarlega rætt um gildissvið. Töldu ýmsir rétt að fjalla um fötlun og umhverfi og á hvern hátt þjóðfélagsaðstæður skerða kosti fatlaðra. Meiri hluti þingnefndarinnar var andvígur því að kveða á um þessi atriði í greininni þar sem það gæti takmarkað gildissvið samþykktarinnar.

Í 4. tölul. er lögð áhersla á að ákvæði samþykktarinnar taki til allra hópa fatlaðra.

Um II. kafla.

Kjarni samþykktarinnar kemur fram í II. kafla hennar. Í nefndinni ríkti einhugur um það að fatlaðir hefðu sömu tækifæri og ófatlaðir til að njóta menntunar og fá atvinnu. Þessi grundvallarregla kemur fram í 4. gr. Í 2. gr. kemur fram sú skylda aðildarríkis, sem hefur fullgilt samþykktina, að móta og hrinda í framkvæmd og endurskoða með ákveðnu millibili stefnu ríkisins í starfsendurhæfingu og atvinnumálum fatlaðra.

Um III. kafla.

Kveðið er á um aðgerðir á landsvísu til þróunar starfsendurhæfingar og vinnumiðlunar fyrir fatlaða í þessum kafla. Samkvæmt 7. gr. hvílir sú skylda á aðildarríki samþykktarinnar að gera ráðstafanir til þess að koma á fót og gera úttekt á starfskynningu, starfsþjálfun, vinnumiðlun, atvinnu og annarri skyldri þjónustu til að gera fötluðum kleift að tryggja sér starf við hæfi og eiga sömu framavonir og aðrir.

Um IV. kafla.

Fjórði kaflinn hefur að geyma lokaákvæði þar sem fram koma m.a. ákvæði um gildistöku, uppsögn og fleiri atriði sem þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Fylgiskjal I.

Samþykkt nr. 159 um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, er kom saman til 69. þingsetu sinnar í Genf hinn 1. júní 1983, eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

vísar til gildandi alþjóðastaðla í Tillögunni um starfsendurhæfingu fatlaðra frá 1955 og Tillögunnar um starfsfræðslu og starfsþjálfun sem þætti í þróun vinnuafls frá 1975,

vísar til þess að síðan Tillagan frá 1955 um starfsendurhæfingu fatlaðra tók gildi hafa umtalsverðar framfarir orðið í viðhorfum til

Convention no. 159 Concerning Vocational Rehabilitation and Employment (Disabled Persons).

The General Conference of the International Labour Organisation,

Having been convened at Geneva by the Governing Body of the International Labour Office and having met in its Sixty-ninth Session on 1 June 1983, and

Noting that since adoption of the Vocational Rehabilitation (Disabled) Recommendation, 1955, significant developments have occurred in the understanding of rehabilitation needs, the scope and organisation of rehabilitation services, and the law and practice of

þarfar á endurhæfingu, til umfangs og skipulags endurhæfingarþjónustu og laga og aðgerða margra aðildarríkja hvað varðar málefni sem sú tillaga tekur til,

hefur til hliðsjónar að allherjarþing Sameinuðu þjóðanna lýsti árið 1981 alþjóðaár fatlaðra undir kjörorðinu „full hlutdeild og jafnrétti“ og að víðtækri alþjóðaframkvæmdaáætlun er ætlað að tryggja raunhæfar aðgerðir á alþjóðavettvangi og í hverju landi til að gera að veruleika „fulla hlutdeild“ fatlaðra í samfélaginu og „jafnrétti“ þeim til handa,

telur að með framförum þessum sé orðið tímabært að setja nýja alþjóðastaðla um þessi mál sem miða að því að tryggja öllum hópum fatlaðra í dreifbýli sem þéttbýli sömu tækifæri og meðhöndlun hvað varðar atvinnu og aðlögun að samfélaginu,

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar varðandi starfsendurhæfingu, sem er fjórða mál á dagskrá þingsins,

hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar,

gerir það í dag hinn 20. júní 1983 eftirfarandi samþykkt sem nefna má Samþykkt um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra, 1983:

I. KAFLI
Skilgreining og gildissvið.

1. gr.

1. Í þessari samþykkt á hugtakið „fatlaður“ við um einstakling sem hefur verulega skerta möguleika til að tryggja sér starf við hæfi, halda því og vinna sig upp vegna viðurkenndrar líkamlegrar eða andlegrar fötlunar.

many Members on the questions covered by that Recommendation, and

Considering that the year 1981 was declared by the United Nations General Assembly the International Year of Disabled Persons, with the theme "full participation and equality" and that a comprehensive World Programme of Action concerning Disabled Persons is to provide effective measures at the international and national levels for the realisation of the goals of "full participation" of disabled persons in social life and development, and of "equality", and

Considering that these developments have made it appropriate to adopt new international standards on the subject which take account, in particular, of the need to ensure equality of opportunity and treatment to all categories of disabled persons, in both rural and urban areas, for employment and integration into the community, and

Having decided upon the adoption of certain proposals with regard to vocational rehabilitation which is the fourth item on the agenda of the session, and

Having determinded that these proposals shall take the form of an international Convention,

adopts this twentieth day of June of the year one thousand nine hundred and eighty-three the following Convention, which may be cited as the Vocational Rehabilitation and Employment (Disabled Persons) Convention, 1983:

Part I. Definition and Scope

Article 1

1. For the purposes of this Convention, the term "disabled person" means an individual whose prospects of securing, retaining and advancing in suitable employment are substantially reduced as a result of a duly recognised physical or mental impairment.

2. Samkvæmt þessari samþykkt ber hverju aðildarríki að líta svo á að tilgangurinn með endurhæfingu sé að gera fötluðum manni kleift að tryggja sér starf við hæfi, halda því og vinna sig upp og stuðla þannig að aðlögun eða enduraðlögun að þjóðfélaginu.

3. Ákvæðum þessarar samþykktar ber hverju aðildarríki að beita með aðgerðum sem eru í samræmi við ríkjandi aðstæður og starfshætti hverrar þjóðar.

4. Ákvæði þessarar samþykktar taka til allra hópa fatlaðra.

2. For the purposes of this Convention, each Member shall consider the purpose of vocational rehabilitation as being to enable a disabled person to secure, retain and advance in suitable employment and thereby to further such a person's integration or reintegration into society.

3. The provisions of this Convention shall be applied by each Member through measures which are appropriate to national conditions and consistent with national practice.

4. The provisions of this Convention shall apply to all categories of disabled persons.

II. KAFLI
Reglur um starfsendurhæfingu og stefnu í atvinnumálum fatlaðra.

2. gr.

Hvert aðildarríki skal í samræmi við aðstæður í landinu, starfshætti og möguleika, móta, hrinda í framkvæmd og endurskoða með ákveðnu millibili stefnu ríkisins í starfsendurhæfingu og atvinnumálum fatlaðra.

3. gr.

Umrædd stefna skal miða að því að tryggja að allir hópar fatlaðra hafi aðgang að endurhæfingarstarfsemi við sitt hæfi og að því að fjölga atvinnutækifærum fyrir fatlaða á hinum almenna vinnumarkaði.

4. gr.

Umrædd stefna skal byggð á þeirri reglu að fatlað launafólk hafi sömu tækifæri og launafólk almennt. Þess skal gætt að vinnandi fatlaðir, karlar og konur, hljóti sömu tækifæri og meðhöndlun. Ekki skal líta svo á að með sérstökum jákvæðum aðgerðum, sem miða að því að fatlað launafólk hljóti sömu tækifæri og meðhöndlun, sé verið að mismuna öðru launafólki.

5. gr.

Hafa ber samráð við samtök atvinnurekenda og launafólks um framkvæmd um-

Part II. Principles of Vocational Rehabilitation and Employment Policies for Disabled Persons

Article 2

Each Member shall, in accordance with national conditions, practice and possibilities, formulate, implement and periodically review a national policy on vocational rehabilitation and employment of disabled persons.

Article 3

The said policy shall aim at ensuring that appropriate vocational rehabilitation measures are made available to all categories of disabled persons, and at promoting employment opportunities for disabled persons in the open labour market.

Article 4

The said policy shall be based on the principle of equal opportunity between disabled workers and workers generally. Equality of opportunity and treatment for disabled men and women workers shall be respected. Special positive measures aimed at effective equality of opportunity and treatment between disabled workers and other workers shall not be regarded as discriminating against other workers.

Article 5

The representative organisations of employers and workers shall be consulted on the

ræddrar stefnu og hvaða aðgerðum skal beita til þess að auka samvinnu og samræmingu meðal þeirra opinberu aðila og einkaaðila sem tengjast endurhæfingarstarfsemi. Heildarsamtök fatlaðra og samtök sem starfa fyrir fatlaða skulu einnig höfð með í ráðum.

III. KAFLI
Aðgerðir á landsvísu til þróunar starfsendurhæfingar og vinnumiðlunar fyrir fatlaða.

6. gr.

Hvert aðildarríki skal með lögum eða reglugerðum eða hverjum þeim aðgerðum öðrum, sem eru í samræmi við aðstæður og venjur í landinu, gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að hrinda í framkvæmd 2., 3., 4. og 5. gr. þessarar samþykktar.

7. gr.

Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu gera ráðstafanir til þess að koma á fót og gera úttekt á starfskynningu, starfsþjálfun, vinnumiðlun, atvinnu og annarri skyldri þjónustu til að gera fötluðum kleift að tryggja sér starf, halda því og vinna sig upp: þá þjónustu sem fyrir hendi er fyrir launafólk almennt skal nota með nauðsynlegum breytingum þegar hægt er og við á.

8. gr.

Gera skal ráðstafanir til þess að stuðla að því að stofnuð verði og byggð upp starfsendurhæfingarþjónusta og vinnumiðlun fyrir fatlaða í dreifbýli og í afskekktum sveitarfélögum.

9. gr.

Hvert aðildarríki skal stefna að því að tryggja að endurhæfingarráðgjafar og annað menntað starfsfólk, sem sér um starfskynningu, starfsmenntun, vinnumiðlun og atvinnu fatlaðra, hljóti þjálfun og sé tiltækt.

implementation of the said policy, including the measures to be taken to promote co-operation and co-ordination between the public and private bodies engaged in vocational rehabilitation activities. The representative organisations of and for disabled persons shall also be consulted.

PART III. ACTION AT THE NATIONAL LEVEL FOR THE DEVELOPMENT OF VOCATIONAL REHABILITATION AND EMPLOYMENT SERVICES FOR DISABLED PERSONS

Article 6

Each Member shall, by laws or regulations or by any other method consistent with national conditions and practice, take such steps as may be necessary to give effect to Articles 2, 3, 4 and 5 of this Convention.

Article 7

The competent authorities shall take measures with a view to providing and evaluating vocational guidance, vocational training, placement, employment and other related services to enable disabled persons to secure, retain and advance in employment; existing services for workers generally shall, wherever possible and appropriate, be used with necessary adaptations.

Article 8

Measures shall be taken to promote the establishment and development of vocational rehabilitation and employment services for disabled persons in rural areas and remote communities.

Article 9

Each Member shall aim at ensuring the training and availability of rehabilitation counsellors and other suitably qualified staff responsible for the vocational guidance, vocational training, placement and employment of disabled persons.

IV. KAFLI
Lokaákvæði.

10. gr.

Formlegar fullgildingar þessarar samþykktar skulu sendar forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

11. gr.

1. Samþykkt þessi skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem látið hafa forstjóra skrá fullgildingar sínar.

2. Hún skal öðlast gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.

3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

12. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Hvert aðildarríki sem fullgilt hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabils, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni annað tíu ára tímabil, og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

13. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skrásetningu

PART IV. FINAL PROVISIONS

Article 10

The formal ratifications of this Convention shall be communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration.

Article 11

1. This Convention shall be binding only upon those Members of the International Labour Organisation whose ratifications have been registered with the Director-General.

2. It shall come into force twelve months after the date on which the ratifications of two Members have been registered with the Director-General.

3. Thereafter, this Convention shall come into force for any Member twelve months after the date on which its ratification has been registered.

Article 12

1. A Member which has ratified this Convention may denounce it after the expiration of ten years from the date on which the Convention first comes into force, by an act communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration. Such denunciation shall not take effect until one year after the date on which it is registered.

2. Each Member which has ratified this Convention and which does not, within the year following the expiration of the period of ten years mentioned in the preceding paragraph, exercise the right of denunciation provided for in this Article, will be bound for another period of ten years and, thereafter, may denounce this Convention at the expiration of each period of ten years under the terms provided for in this Article.

Article 13

1. The Director-General of the International Labour Office shall notify all Members of the International Labour Organisation of

allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar forstjóri tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar sem honum berst skal hann vekja athygli þeirra á hvaða dag samþykktin öðlist gildi.

14. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar samkvæmt 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

15. gr.

Þegar stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta hennar.

16. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að meira eða minna leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg, þá skal:

a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt **ipso jure** hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæði 12. gr. hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerist;

b. aðildarríkjum er ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi.

2. Þessi samþykkt skal hvað sem öðru líður halda gildi sínu eins og hún er að formi til og efni hvað snertir þau aðildarríki sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

the registration of all ratifications and denunciations communicated to him by the Members of the Organisation.

2. When notifying the Members of the Organisation of the registration of the second ratification communicated to him, the Director-General shall draw the attention of the Members of the Organisation to the date upon which the Convention will come into force.

Article 14

The Director-General of the International Labour Office shall communicate to the Secretary-General of the United Nations for registration in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations full particulars of all ratifications and acts of denunciation registered by him in accordance with the provisions of the preceding Articles.

Article 15

At such times as it may consider necessary the Governing Body of the International Labour Office shall present to the General Conference a report on the working of this Convention and shall examine the desirability of placing on the agenda of the Conference the question of its revision in whole or in part.

Article 16

1. Should the Conference adopt a new Convention revising this Convention in whole or in part, then, unless the new Convention otherwise provides:

(a) the ratification by a Member of the new revising Convention shall *ipso jure* involve the immediate denunciation of this Convention, notwithstanding the provisions of Article 12 above, if and when the new revising Convention shall have come into force;

(b) as from the date when the new revising Convention comes into force this Convention shall cease to be open to ratification by the Members.

2. This Convention shall in any case remain in force in its actual form and content for those Members which have ratified it but have not ratified the revising Convention.

17. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Article 17

The English and French versions of the text of this Convention are equally authoritative.

Fylgiskjal II.

Tillaga nr. 168 um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, er kom saman til 69. þingsetu sinnar í Genf hinn 1. júní 1983, eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

vísar til gildandi alþjóðastaðla í Tillögunni um starfsendurhæfingu fatlaðra frá 1955,

vísar til þess að síðan tillagan frá 1955 um starfsendurhæfingu fatlaðra tók gildi hafa umtalsverðar framfarir orðið í viðhorfum til þarfar á endurhæfingu, til umfangs og skipulags endurhæfingarþjónustu og laga og aðgerða margra aðildarríkja hvað varðar málefni sem sú tillaga tekur til,

hefur til hliðsjónar að allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna lýsti árið 1981 alþjóðaár fatlaðra undir kjörorðinu „full hlutdeild og jafnrétti“ og að víðtækri alþjóðaframkvæmdaáætlun er ætlað að tryggja raunhæfar aðgerðir á alþjóðavettvangi og í hverju landi til að gera að veruleika „fulla hlutdeild“ fatlaðra í samfélaginu og „jafnrétti“ þeim til handa,

telur að með framförum þessum sé orðið tímabært að setja nýja alþjóðastaðla um þessi mál sem miði að því að tryggja öllum hópum fatlaðra í dreifbýli sem þéttbýli sömu tækifæri og sömu meðhöndlun hvað varðar atvinnu og aðlögun að samfélaginu,

Recommendation no. 168 Concerning Vocational Rehabilitation and Employment (Disabled Persons)

The General Conference of the International Labour Organisation,

Having been convened at Geneva by the Governing Body of the International Labour Office and having met in its Sixty-ninth Session on 1 June 1983, and

Noting the existing international standards contained in the Vocational Rehabilitation (Disabled) Recommendation, 1955, and

Noting that since the adoption of the Vocational Rehabilitation (Disabled) Recommendation, 1955, significant developments have occurred in the understanding of rehabilitation needs, the scope and organisation of rehabilitation services, and the law and practice of many Members on the questions covered by that Recommendation, and

Considering that the year 1981 was declared by the United Nations General Assembly the International Year of Disabled Persons, with the theme "full participation and equality" and that a comprehensive World Programme of Action concerning Disabled Persons is to provide effective measures at the international and national levels for the realisation of the goals of "full participation" of disabled persons in social life and development, and of "equality", and

Considering that these developments have made it appropriate to adopt new international standards on the subject which take account, in particular, of the need to ensure equality of opportunity and treatment to all categories of disabled

persons, in both rural and urban areas, for employment and integration into the community, and

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar varðandi starfsendurhæfingu sem er fjórða mál á dagskrá þingsins,

Having decided upon the adoption of certain proposals with regard to vocational rehabilitation which is the fourth item on the agenda of the session, and

hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í tillöguformi til viðbótar Samþykkt um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra, 1983 og Tillögu um starfsendurhæfingu fatlaðra, 1955,

Having determined that these proposals shall take the form of a Recommendation supplementing the Vocational Rehabilitation and Employment (Disabled Persons) Convention, 1983, and the Vocational Rehabilitation (Disabled) Recommendation, 1955,

gerir það í dag hinn 20. júní 1983 eftirfarandi tillögu sem nefnist Tillaga um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra, 1983:

adopts this twentieth day of June of the year one thousand nine hundred and eighty-three the following Recommendation, which may be cited as the Vocational Rehabilitation and Employment (Disabled Persons) Recommendation, 1983.

I. KAFLI

Skilgreining og gildissvið.

1. Við framkvæmd þessarar tillögu og Tillögunnar um starfsendurhæfingu fatlaðra frá 1955 ættu aðildarríki að líta svo á að hugtakið „fatlaður“ sé notað um einstakling sem hefur verulega skerta möguleika til að tryggja sér starf við hæfi, halda því og vinna sig upp vegna viðurkenndrar líkamlegrar eða andlegrar fötlunar.

2. Við framkvæmd þessarar tilögu og Tillögunnar um starfsendurhæfingu fatlaðra frá 1955 ættu aðildarríki að líta svo á að tilgangurinn með starfsendurhæfingu, eins og kveðið er á um í síðari tillögunni, sé að gera fötluðum manni kleift að tryggja sér starf við hæfi, halda því og vinna sig upp og þannig sé stuðlað að aðlögun hans eða enduraðlögun að samfélaginu.

3. Ákvæðum þessarar tillögu ætti hvert aðildarríki að beita með aðgerðum sem eru í samræmi við ríkjandi aðstæður og starfshætti í landinu.

I. Definitions and Scope

1. In applying this Recommendation, as well as the Vocational Rehabilitation (Disabled) Recommendation, 1955, Members should consider the term "disabled person" as meaning an individual whose prospects of securing, retaining and advancing in suitable employment are substantially reduced as a result of a duly recognised physical or mental impairment.

2. In applying this Recommendation, as well as the Vocational Rehabilitation (Disabled) Recommendation, 1955, Members should consider the purpose of vocational rehabilitation, as defined in the latter Recommendation, as being to enable a disabled person to secure, retain and advance in suitable employment and thereby to further such a person's integration or reintegration into society.

3. The provisions of this Recommendation should be applied by Members through measures which are appropriate to national conditions and consistent with national practice.

4. Allir hópar fatlaðra ættu að eiga aðgang að starfsendurhæfingu.

5. Þegar verið er að skipuleggja og láta í té þjónustu vegna starfsendurhæfingar og vinnu fatlaðra ætti, hvenær sem hægt er, að nota með nauðsynlegum breytingum þá starfsráðgjöf, starfsþjálfun, vinnumiðlun, atvinnu og aðra tengda þjónustu sem fyrir hendi er fyrir launafólk á hinum almenna vinnumarkaði.

6. Starfsþjálfun ætti að hefja svo fljótt sem auðið er. Í því skyni ættu heilbrigðiskerfi og aðrar stofnanir sem bera ábyrgð á læknisfræðilegri og félagslegri endurhæfingu að hafa fasta samvinnu við þá sem bera ábyrgð á starfsendurhæfingu.

4. Vocational rehabilitation measures should be made available to all categories of disabled persons.

5. In planning and providing services for the vocational rehabilitation and employment of disabled persons, existing vocational guidance, vocational training, placement, employment and related service for workers generally should, wherever possible, be used with any necessary adaptations.

6. Vocational rehabilitation should be started as early as possible. For this purpose, health-care systems and other bodies responsible for medical and social rehabilitation should co-operate regularly with those responsible for vocational rehabilitation.

II. KAFLI

Starfsendurhæfing og atvinna.

7. Fatlaðir ættu að hafa sömu tækifæri og hljóta sömu meðhöndlun og aðrir hvað það snertir að fá starf, halda því og vinna sig upp í starfi sem er í samræmi við eigið val og hæfni þegar því verður við komið.

8. Þegar komið er á fót starfsendurhæfingu og ráðningarþjónustu fyrir fatlaða ætti að virða regluna um jöfn tækifæri og meðhöndlun hvað varðar vinnandi karla og konur.

9. Ekki skal líta svo á að með sérstökum jákvæðum aðgerðum, sem miða að því að fatlað launafólk hljóti sömu meðferð og meðhöndlun og annað launafólk, sé verið að mismuna öðru launafólki.

10. Gera ætti ráðstafanir til að skapa fötluðum atvinnutækifæri sem eru sambærileg við gildandi atvinnu- og launakjör á hinum almenna vinnumarkaði.

11. Slíkar ráðstafanir, að viðbættum þeim sem taldar eru upp í VII. kafla Tillögunnar um starfsendurhæfingu fatlaðra, ættu að taka til þess:

a. að gerðar verði viðeigandi ráðstafanir til þess að skapa atvinnutækifæri á hinum almenna vinnumarkaði, m.a. að at-

II. Vocational Rehabilitation and Employment Opportunities

7. Disabled persons should enjoy equality of opportunity and treatment in respect of access to, retention of and advancement in employment which, wherever possible, corresponds to their own choice and takes account of their individual suitability for such employment.

8. In providing vocational rehabilitation and employment assistance to disabled persons, the principle of equality of opportunity and treatment for men and women workers should be respected.

9. Special positive measures aimed at effective equality of opportunity and treatment between disabled workers and other workers should not be regarded as discriminating against other workers.

10. Measures should be taken to promote employment opportunities for disabled persons which conform to the employment and salary standards applicable to workers generally.

11. Such measures, in addition to those enumerated in Part VII of the Vocational Rehabilitation (Disabled) Recommendation, 1955, should include:

(a) appropriate measures to create job opportunities on the open labour market, including financial incentives to employ-

vinnurekendum verði veitt fjárhagsleg hvatning til þess að örva þá til að sjá fötluðum fyrir þjálfun og síðan atvinnu, og einnig til að gera breytingar sem sanngjarnar megi teljast á vinnustöðum, í verkhönnun, á tækjum og vélbúnaði og í skipulagi til þess að auðvelda slíka þjálfun og starfsráðningu;

b. að veitt verði opinber aðstoð til þess að koma á fót ýmiss konar verndaðri vinnu fyrir fatlað fólk sem ekki á greiðan aðgang að almennum vinnumarkaði;

c. að hvatt verði til samstarfs milli verndaðra vinnustaða og verkstæða um málefni varðandi skipulagningu og stjórnun til þess að bæta vinnuaðstöðu þeirra starfsmanna sem fatlaðir eru og, þegar við verður komið, til þess að aðstoða við að búa þá undir vinnu við eðlilegar aðstæður;

d. að veitt verði opinber aðstoð til starfsþjálfunar, starfsráðgjafar, verndaðrar vinnu og ráðningarþjónustu fyrir fatlaða sem félög reka;

e. að hvatt verði til stofnunar og þróunar samvinnufélaga fatlaðra og fyrir fatlaða sem, ef við á, standa opin launafólki almennt;

f. að veitt verði opinber aðstoð til að koma á fót og byggja upp smáiðnað, samvinnuverkstæði og önnur verkstæði af fötluðum og fyrir fatlaða (sem, ef við á, standa opin launafólki almennt), svo framarlega sem slíkir vinnustaðir uppfylla lágmarkskröfur;

g. að fjarlægð verði í áföngum, ef nauðsynlegt er, efnisleg fyrirstaða, hindranir í samgöngum og tálmar sem snerta umferð, aðgang að húsakynnum og frjálst svigrúm á stöðum þar sem þjálfun fatlaðra fer fram og þeir starfa; taka ætti mið af stöðlum, eftir því sem við á, í nýjum opinberum byggingum og búnaði;

ers to encourage them to provide training and subsequent employment for disabled persons, as well as to make reasonable adaptations to workplaces, job design, tools, machinery and work organisation to facilitate such training and employment;

(b) appropriate government support for the establishment of various types of sheltered employment for disabled persons for whom access to open employment is not practicable;

(c) encouragement of co-operation between sheltered and production workshops on organisation and management questions so as to improve the employment situation of their disabled workers and, wherever possible, to help prepare them for employment under normal conditions;

(d) appropriate government support to vocational training, vocational guidance, sheltered employment and placement services for disabled persons run by non-governmental organisations;

(e) encouragement of the establishment and development of co-operatives by and for disabled persons and, if appropriate, open to workers generally;

(f) appropriate government support for the establishment and development of small-scale industry, co-operative and other types of production workshops by and for disabled persons (and, if appropriate, open to workers generally), provided such workshops meet defined minimum standards;

(g) elimination, by stages if necessary, of physical, communication and architectural barriers and obstacles affecting transport and access to and free movement in premises for the training and employment of disabled persons; appropriate standards should be taken into account for new public buildings and facilities;

h. að auðveldaðar verði, þegar hægt er og við á, samgöngur til og frá endurhæfingar- og vinnustöðum í samræmi við þarfir fatlaðra;

i. að hvatt verði til að upplýsingum sé dreift þegar dæmi eru þess að vel hafi tekist til og aðlögun fatlaðra að starfi hafi tekist vel;

j. að veitt verði undanþága frá álagningu hvers konar skatta og annarra gjalda sem lögð eru á við innflutning eða síðar eru lögð á sérstaka hluti, efni til þjálfunar eða tækjabúnað fyrir endurhæfingarstöðvar, vinnustaði, atvinnurekendur og fatlaða og á sérstök hjálpartæki og búnað sem með þarf til þess að aðstoða fatlaða við að tryggja sér starf og halda því;

k. að gerðar verði ráðstafanir varðandi hlutastörf og aðra vinnutilhögun í samræmi við getu fatlaðra sem ekki hentar að byrja í fullu starfi og fullt starf hentar ef til vill aldrei;

l. að framkvæmdar verði rannsóknir og hægt verði að nota niðurstöður þeirra í sambandi við ýmsar tegundir fötlunar til þess að auðvelda þátttöku fatlaðra í almennu atvinnulífi;

m. að veitt verði, eftir því sem við á, opinber aðstoð til að útiloka þann möguleika að misnotkun eigi sér stað innan ramma starfsendurhæfingar og verndaðrar vinnu og til þess að auðvelda flutning út á hinn almenna vinnumarkað.

12. Þegar gerðar eru áætlanir varðandi aðlögun eða enduraðlögun fatlaðra að atvinnulífi og samfélagi ætti að taka tillit til hvers konar þjálfunar, þar á meðal, þar sem nauðsynlegt er og við á, starfsundirbúnings og þjálfunar, þjálfunar á sérsviðum, þjálfunar í daglegum störfum, í lestri og skrift og á öðrum sviðum sem falla undir starfsendurhæfingu.

13. Til þess að tryggja aðlögun eða enduraðlögun fatlaðra að almennu atvinnulífi og um leið að samfélaginu ætti að taka mið af hver þörfin er fyrir sérstaka aðstoð, þar með talið að láta í té aðstoð, tækjabúnað og

(h) wherever possible and appropriate, facilitation of adequate means of transport to and from the places of rehabilitation and work according to the needs of disabled persons;

(i) encouragement of the dissemination of information on examples of actual and successful instances of the integration of disabled persons in employment;

(j) exemption from the levy of internal taxes or other internal charges of any kind, imposed at the time of importation or subsequently on specified articles, training materials and equipment required for rehabilitation centres, workshops, employers and disabled persons, and on specified aids and devices required to assist disabled persons in securing and retaining employment;

(k) provision of part-time employment and other job arrangements, in accordance with the capabilities of the individual disabled person for whom full-time employment is not immediately, and may not ever be, practicable;

(l) research and the possible application of its results to various types of disability in order to further the participation of disabled persons in ordinary working life;

(m) appropriate government support to eliminate the potential for exploitation within the framework of vocational training and sheltered employment and to facilitate transition to the open labour market.

12. In devising programmes for the integration or reintegration of disabled persons into working life and society, all forms of training should be taken into consideration; these should include, where necessary and appropriate, vocational preparation and training, modular training, training in activities of daily living, in literacy and in other areas relevant to vocational rehabilitation.

13. To ensure the integration or reintegration of disabled persons into ordinary working life, and thereby into society, the need for special support measures should also be taken into consideration, including the provi-

viðvarandi þjónustu, til þess að gera fötluðum kleift að tryggja sér starf við hæfi, halda því og vinna sig upp.

14. Fylgjast ætti með starfsendurhæfingu fatlaðra til þess að meta árangur hennar.

III. KAFLI

Þátttaka í samfélaginu.

15. Starfsendurhæfingarþjónustu ætti að skipuleggja og starfrækja bæði í þéttbýli og dreifbýli og í afskekktum byggðarlögum með eins mikilli samfélagslegri þátttöku og kostur er, einkum með þátttöku fulltrúa atvinnurekenda, launafólks og samtaka fatlaðra.

16. Samfélagslega þátttöku í skipulagningu starfsendurhæfingarþjónustu ætti að auðvelda með vandlega skipulögðum almennum upplýsingum í þeim tilgangi:

a. að fræða fatlaða og, ef þurfa þykir, fjölskyldur þeirra um rétt þeirra og tækifæri á vinnumarkaðnum; og

b. að yfirstíga fordóma, rangtúlkanir og viðhorf sem eru andsnúin ráðningu fatlaðra til starfa og aðlögun þeirra eða enduraðlögun að samfélaginu.

17. Forustumenn sveitarfélaga og hópar, þar á meðal fatlaðir og samtök þeirra, ættu að hafa samvinnu við stjórnvöld sem fara með heilbrigðismál, félagsmál, vinnumál, menntamál og verkalýðsmál og önnur hlutaðeigandi stjórnvöld, til þess að kanna þarfir fatlaðra í samfélaginu og tryggja, þegar hægt er, að fatlaðir eigi hlutdeild að starfsemi og þjónustu sem almenningi stendur til boða.

18. Starfsendurhæfingu og vinnumiðlun fyrir fatlaða ætti að aðlaga ríkjandi stefnu í samfélagsþróun og fá til þess, þar sem við á, fjárhagslega, efnislega og tæknilega aðstoð.

19. Opinbera viðurkenningu ættu þau sjálfboðaliðasamtök að hljóta sem hafa getið sér sérstaklega góðan orðstír fyrir að veita starfsendurhæfingarþjónustu og fyrir að gera

sion of aids, devices and ongoing personal services to enable disabled persons to secure, retain and advance in suitable employment.

14. Vocational rehabilitation measures for disabled persons should be followed up in order to assess the results of these measures.

III. Community Participation

15. Vocational rehabilitation services in both urban and rural areas and in remote communities should be organised and operated with the fullest possible community participation, in particular with that of the representatives of employers', workers' and disabled persons' organisations.

16. Community participation in the organisation of vocational rehabilitation services for disabled persons should be facilitated by carefully planned public information measures with the aims of:

(a) informing disabled persons, and if necessary their families, about their rights and opportunities in the employment field; and

(b) overcoming prejudice, misinformation and attitudes unfavourable to the employment of disabled persons and their integration or reintegration into society.

17. Community leaders and groups, including disabled persons themselves and their organisations, should co-operate with health, social welfare, education, labour and other relevant government authorities in identifying the needs of disabled persons in the community and in ensuring that, wherever possible, disabled persons are included in activities and services available generally.

18. Vocational rehabilitation and employment services for disabled persons should be integrated into the mainstream of community development and where appropriate receive financial, material and technical support.

19. Official recognition should be given to voluntary organisations which have a particulary good record of providing vocational rehabilitation services and enabling disabled

fötluðum kleift að aðlagast eða enduraðlagast atvinnulífi samfélagsins.

IV. KAFLI
Starfsendurhæfing í dreifbýli.

20. Gera ætti sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja að fatlaðir í dreifbýli og í afskekktum byggðarlögum hljóti sams konar starfsendurhæfingarþjónustu og með sömu skilyrðum og veitt er í þéttbýli. Uppbygging slíkrar þjónustu ætti að vera óaðskiljanlegur þáttur í almennri byggðastefnu í dreifbýli.

21. Í þessu skyni ætti, þar sem við á, að gera ráðstafanir til þess:

a. að fela þeirri starfsendurhæfingarþjónustu sem fyrir er í byggðarlaginu eða, sé hún ekki fyrir hendi, starfsendurhæfingarþjónustu á þéttbýlissvæðum að vera miðstöð endurþjálfunar starfsfólks í dreifbýli;

b. að koma á fót hreyfanlegum starfsendurhæfingarsveitum til þess að þjóna fötluðum í dreifbýli og starfa sem miðstöðvar fyrir dreifingu upplýsinga um þjálfun og atvinnutækifæri fyrir fatlaða í dreifbýli;

c. að þjálfa fólk í dreifbýli sem vinnur að félagslegum umbótum og byggðaþróun í starfsaðferðum við endurhæfingu;

d. að afla lána, framlaga eða tækja og efnis til að hjálpa fötluðum í dreifbýli til að koma á fót samvinnufélögum og stjórna þeim eða vinna á eigin vegum við heimilisiðnað eða jarðrækt, handiðn eða önnur störf;

e. að samræma aðstoð við fatlaða þeirri byggðaþróun sem er fyrir hendi eða áætluð;

f. að auðvelda fötluðum að komast yfir húsnæði innan hóflegrar fjarlægðar frá vinnustaðnum.

persons to be integrated or reintegrated into the worklife of the community.

IV. Vocational Rehabilitation in Rural Areas

20. Particular efforts should be made to ensure that vocational rehabilitation services are provided for disabled persons in rural areas and in remote communities at the same level and on the same terms as those provided for urban areas. The development of such services should be an integral part of general rural development policies.

21. To this end, measures should be taken, where appropriate, to:

(a) Designate existing rural vocational rehabilitation services or, if these do not exist, vocational rehabilitation services in urban areas as focal points to train rehabilitation staff for rural areas;

(b) establish mobile vocational rehabilitation units to serve disabled persons in rural areas and to act as centres for the dissemination of information on rural training and employment opportunities for disabled persons;

(c) train rural development and community development workers in vocational rehabilitation techniques;

(d) provide loans, grants or tools and materials to help disabled persons in rural communities to establish and manage co-operatives or to work on their own account in cottage industry or in agricultural, craft or other activities;

(e) incorporate assistance to disabled persons into existing or planned general rural development activities;

(f) facilitate disabled persons' access to housing within reasonable reach of the workplace.

V. KAFLI

Þjálfun starfsliðs.

22. Að viðbættum sérþjálfuðum endurhæfingarráðgjöfum og sérfræðingum ætti að gefa öllum sem tengjast starfsendurhæfingu fatlaðra og stuðla að fjölgun atvinnutækifæra kost á þjálfun eða kynningu á endurhæfingarmálefnum.

23. Þeir sem starfa við starfsráðgjöf, starfsþjálfun og ráðningar launafólks almennt ættu að hafa næga þekkingu á fötlun og þeim hömlum sem hún setur og þekkingu á stoðþjónustu sem fáanleg er til þess að auðvelda fötluðum efnahagslega og félagslega aðlögun. Slíku fólki ætti að veita tækifæri til að endurnýja þekkingu sína og auka reynslu sína á þessu sviði.

24. Þjálfun, menntun og laun fólks sem starfar við starfsendurhæfingu og þjálfun fatlaðra ættu að vera sambærileg við það sem gerist um fólk sem starfar við almenna starfsþjálfun og hefur svipaðar skyldur og ber svipaða ábyrgð; tækifæri til stöðuhækkana ættu að vera sambærileg fyrir báða sérfræðingahópana og hvetja ætti til þess að starfsmenn flytjist til milli starfsendurhæfingar og almennrar starfsþjálfunar.

25. Þar sem við á ætti hluti af almennri þjálfun starfsfólks í starfsendurhæfingu á vernduðum vinnustöðum og verkstæðum að vera þjálfun í verkstæðisstjórn og í framleiðslu og markaðssetningu.

26. Þegar ekki er tiltækt nægilega margt starfsfólk við starfsendurhæfingu ætti að kanna hvort gera eigi ráðstafanir til að fræða og þjálfa aðstoðarmenn og aukafólk í endurhæfingu. Slíka aðstoðarmenn og aukafólk ætti þó ekki að ráða til frambúðar í stað starfsfólks með fullkomna þjálfun. Þegar mögulegt er ætti að gera ráðstafanir til frekari þjálfunar slíks starfsfólks til þess að gera það jafnhæft þjálfuðu starfsliði.

27. Þar sem við á ætti að stuðla að því að komið verði á fót í héruðum og sveitum

V. Training of Staff

22. In addition to professionally trained rehabilitation counsellors and specialists, all other persons who are involved in the vocational rehabilitation of disabled persons and the development of employment opportunities should be given training or orientation in rehabilitation issues.

23. Persons engaged in vocational guidance, vocational training and placement of workers generally should have an adequate knowledge of disabilities and their limiting effects, as well as a knowledge of support service available to facilitate a disabled person's integration into active economic and social life. Opportunities should be provided for such persons to update their knowledge and extend their experience in these fields.

24. The training, qualifications and remuneration of staff engaged in the vocational rehabilitation and training of disabled persons should be comparable to those of persons engaged in general vocational training who have similar duties and responsibilities; career opportunities should be comparable for both groups of specialists and transfers of staff between vocational rehabilitation and general vocational training should be encouraged.

25. Staff of vocational rehabilitation, sheltered and production workshops should receive, as part of their general training and as appropriate, training in workshop management as well as in production and marketing techniques.

26. Wherever sufficient numbers of fully trained rehabilitation staff are not available, measures should be considered for recruiting and training vocational rehabilitation aides and auxiliaries. The use of such aides and auxiliaries should not be resorted to as a permanent substitute for fully trained staff. Wherever possible, provision should be made for further training of such personnel in order to integrate them fully into the trained staff.

27. Where appropriate, the establishment of regional and subregional vocational re-

þjálfunarmiðstöðvum fyrir starfsfólk sem vinnur við starfsendurhæfingu.

28. Starfsfólk sem vinnur við starfskynningu, starfsþjálfun og vinnumiðlun fyrir fatlaða ætti að hafa rétta þjálfun og reynslu til að kunna skil á hreyfivandamálum sem fatlað fólk kann að eiga við að stríða og ætti eftir bestu getu að koma til móts við þarfirnar sem af þeim skapast.

29. Þar sem við á ætti að gera ráðstafanir til þess að hvetja fatlaða til að taka þátt í þjálfun fyrir fólk sem vinnur við starfsendurhæfingu og auðvelda aðgang þeirra að starfi á endurhæfingarsviðinu.

30. Samráð ætti að hafa við fatlaða og samtök þeirra um uppbyggingu, ráðstafanir og þjálfunaráætlanir fyrir starfsfólk sem vinnur við starfsendurhæfingu.

habilitation staff training centres should be encouraged.

28. Staff engaged in vocational guidance, vocational training, placement and employment support of disabled persons should have appropriate training and experience to recognise the motivational problems and difficulties that disabled persons may experience and, within their competence, deal with the resulting needs.

29. Where appropriate, measures should be taken to encourage disabled persons to undergo training as vocational rehabilitation personnel and to facilitate their entry into employment in the rehabilitation field.

30. Disabled persons and their organisations should be consulted in the development, provision and evaluation of training programmes for vocational rehabilitation staff.

VI. KAFLI
Framlag samtaka atvinnurekenda og launafólks til uppbyggingar starfsendurhæfingarþjónustu.

31. Samtök atvinnurekenda og launafólks ættu að taka upp stefnu sem miðar að því að auka þjálfun fatlaðra og skapa þeim hentuga atvinnu til jafns við aðra launþega.

32. Samtök atvinnurekenda og launafólks ættu í samráði við fatlaða og samtök þeirra að geta lagt sitt af mörkum til að móta stefnu varðandi skipulag og uppbyggingu starfsendurhæfingarþjónustu og til þess að gera rannsóknir og tillögur um lagasetningu á þessu sviði.

33. Hvenær sem hægt er og við á ættu fulltrúar samtaka atvinnurekenda, launafólks og fatlaðra að eiga sæti í nefndum og ráðum starfsendurhæfingar- og þjálfunarstöðva sem fatlað fólk notar og þar sem teknar eru ákvarðanir um stefnu og tæknileg atriði með tilliti til þess að tryggja að áætlanir um starfsendurhæfingu séu í samræmi við þarfir mismunandi þátta efnahagslífsins.

VI. The Contribution of Employers' and Workers' Organisations to the Development of Vocational Rehabilitation Services

31. Employers' and workers' organisations should adopt a policy for the promotion of training and suitable employment of disabled persons on an equal footing with other workers.

32. Employers' and workers' organisations, together with disabled persons and their organisations, should be able to contribute to the formulation of policies concerning the organisation and development of vocational rehabilition services, as well as to carry out research and propose legislation in this field.

33. Wherever possible and appropriate, representatives of employers', workers' and disabled persons' organisations should be included in the membership of the boards and committees of vocational rehabilitation and training centres used by disabled persons, which make decisions on policy and technical matters, with a view to ensuring that the vocational rehabilitation programmes correspond to the requirements of the various economic sectors.

34. Hvenær sem hægt er og við á ættu fulltrúar atvinnurekenda og launafólks í fyrirtækinu að hafa samvinnu við viðkomandi sérfræðinga um að athuga möguleika á starfsendurhæfingu og úthlutun starfa til fatlaðra sem ráðnir eru á vegum þess fyrirtækis og um að veita atvinnu öðrum sem eru fatlaðir.

35. Hvenær sem hægt er og við á ætti að hvetja fyrirtæki til að stofna eða viðhalda eigin starfsendurhæfingarþjónustu, þar með talin ýmiss konar vernduð vinna, í nánu samstarfi við starfsendurhæfingarstöðvar sveitarfélaga og annarra aðila.

36. Hvenær sem hægt er og við á ættu samtök atvinnurekenda að gera ráðstafanir til:

a. að veita meðlimum sínum ráðleggingar varðandi starfsendurhæfingarþjónustu sem hægt væri að veita fötluðu launafólki;
b. að hafa samvinnu við nefndir og stofnanir sem stuðla að enduraðlögun fatlaðra að virku atvinnulífi, t.d. með því að veita upplýsingar um vinnuaðstæður og starfskröfur sem fatlaðir verða að uppfylla;
c. að veita meðlimum sínum ráðleggingar um lagfæringar sem hægt væri að gera fyrir fatlað launafólk á skyldustörfum eða vegna breytinga á kröfum sem gerðar eru í sambandi við störf við hæfi;
d. að veita meðlimum sínum ráðleggingar í því sambandi að athuga hvaða áhrif endurskipulagning framleiðsluaðferða kynni að hafa til þess að fatlaðir séu ekki settir til rangra starfa af vangá;

37. Hvenær sem hægt er og við á ættu samtök launafólks að gera ráðstafanir til:

a. að stuðla að þátttöku fatlaðra í umræðum á vinnustað og í starfsmannaráðum eða í hverjum þeim hópi öðrum sem er málsvari launafólks;
b. að gera tillögur um leiðbeiningar varðandi starfsendurhæfingu og vernd launafólks sem verða fyrir fötlun af völdum veikinda eða slyss, hvort heldur það er í sambandi við vinnu eður ei, og hafa

34. Wherever possible and appropriate, employers and workers' representatives in the undertaking should co-operate with appropriate specialists in considering the possibilities for vocational rehabilitation and job reallocation of disabled persons employed by that undertaking and for giving employment to other disabled persons.

35. Wherever possible and appropriate, undertakings should be encouraged to establish or maintain their own vocational rehabilitation services, including various types of sheltered employment, in close co-operation with community-based and other rehabilitation services.

36. Wherever possible and appropriate, employers' organisations should take steps to:

(a) advise their members on vocational rehabilitation service which could be made available to disabled workers;
(b) co-operate with bodies and institutions which promote the reintegration of disabled persons into active working life by providing, for instance, information on working conditions and job requirements which disabled persons have to meet;
(c) advise the members on adjustments which could be made for disabled workers to the essential duties or requirements of suitable jobs;
(d) advise their members to consider the impact that reorganising production methods might have, so that disabled persons are not inadvertently displaced.

37. Wherever possible and appropriate, workers' organisations should take steps to:

(a) promote the participation of disabled workers in discussions at the shop-floor level and in works councils or any other body representing the workers;
(b) propose guidelines for the vocational rehabilitation and protection of workers who become disabled through sickness or accident, whether work-related or not, and have such guidelines included

slíkar leiðbeiningar í gagnkvæmum samningum, reglugerðum og gerðardómsúrskurðum eða öðrum viðkomandi löggerningum;

c. að veita ráðleggingar um tilhögun á vinnustað hvað viðkemur fötluðum starfsmönnum, þar á meðal um starfsaðlögun, sérstakt verkskipulag, reynsluþjálfun og ráðningar og um setningu starfsstaðla;

d. að taka vandamál samfara starfsendurhæfingu og ráðningu fatlaðra til umræðu á fundum stéttarfélaga og gera meðlimum þeirra grein fyrir vandamálum og möguleikum í sambandi við endurhæfingu og ráðningu fatlaðra með útgáfustarfsemi og námskeiðahaldi.

in collective agreements, regulations, arbitration awards or other appropriate instruments;

(c) offer advice on shop-floor arrangements affecting disabled workers, including job adaptation, special work organisation, trial training and employment and the fixing of work norms;

(d) raise the problems of vocational rehabilitation and employment of disabled persons at trade union meetings and inform their members, through publications and seminars, of the problems of and possibilites for the vocational rehabilitation and employment of disabled persons.

VII. KAFLI
Framlag fatlaðra og samtaka þeirra til uppbyggingar starfsendurhæfingarþjónustu.

38. Til viðbótar þátttöku fatlaðra, fulltrúa þeirra og samtaka, sem vísað er til í 15., 17., 30., 32. og 33. gr. þessarar tillögu, ættu aðgerðir, sem miða að því að veita fötluðum og samtökum þeirra hlutdeild í uppbyggingu endurhæfingarþjónustu, að taka til:

a. hvatningar fatlaðra og samtaka þeirra til að byggja upp starfsemi í samfélaginu sem miðar að því að endurhæfa fatlaða til starfa í þeim tilgangi að glæða atvinnumöguleika þeirra og auðvelda þeim að aðlagast eða enduraðlagast samfélaginu;

b. ríkisaðstoðar, eftir því sem við á, til þess að efla þróun samtaka fatlaðra og samtaka fyrir fatlaða og auka afskipti þeirra af starfsendurhæfingu og vinnumiðlun, einnig aðstoðar í gerð þróunaráætlana í sambandi við sjálfsbaráttu fatlaðra.

VII. The Contribution of Disabled Persons and Their Organisations to the Development of Vocational Rehabilitation Services

38. In addition to the participation of disabled persons, their representatives and organisations in rehabilitation activities referred to in Paragraphs 15, 17, 30, 32 and 33 of this Recommendation, measures to involve disabled persons and their organisations in the development of vocational rehabilitation services should include:

(a) encouragement of disabled persons and their organisations to participate in the development of community activities aimed at vocational rehabilitation of disabled persons so as to further their employment and their integration or reintegration into society;

(b) appropriate government support to promote the development of organisations of and for disabled persons and their involvement in vocational rehabilitation and employment services, including support for the provision of training programmes in self-advocacy for disabled persons;

c. viðeigandi aðstoðar ríkisvaldsins við þessi félagasamtök til skipulagningar kennsluáætlana sem sýna jákvæða mynd af getu fatlaðra.

VIII. KAFLI
Starfsendurhæfing samkvæmt almannatryggingakerfi.

39. Við framkvæmd ákvæða þessarar tillögu ættu aðildarríki enn fremur að fara eftir ákvæðum 35. gr. Samþykktar um lágmark félagslegs öryggis, 1952, 26. gr. Samþykktar um bætur vegna vinnuslysa, 1964 og 13. gr. Samþykktar um örorkubætur, ellilaun og dánarbætur frá 1967, að svo miklu leyti sem þau eru ekki bundin af ákvæðum sem sett hafa verið við fullgildingu þessara gjörninga.

40. Hvenær sem hægt er og við á ættu almannatryggingakerfi að sjá um eða leggja sitt af mörkum til að skipuleggja, byggja upp og fjármagna þjálfun, vinnumiðlun, áætlanir um vinnu (þar með talin vernduð vinna) og starfsendurhæfingarþjónustu fyrir fatlaða ásamt endurhæfingarráðgjöf.

41. Þessar áætlanir og aðgerðir ættu einnig að vera fötluðum hvatning til að leita sér vinnu sem með tímanum auðveldar aðgang að hinum almenna vinnumarkaði.

IX. KAFLI
Samræming.

42. Gera ætti ráðstafanir, að svo miklu leyti sem þurfa þykir, til að tryggja að stefna og áætlanir varðandi starfsendurhæfingu séu í samræmi við stefnu og áætlanir í félagslegri og efnahagslegri þróun (þar með taldar vísindarannsóknir og hátækni) hvað varðar stjórn vinnumála, almenna stefnu í atvinnumálum og stöðuhækkanir, starfsþjálfun, félagslega aðlögun, samvinnufélög, almannatryggingar, samstarfsaðila, byggðaþróun, smáiðnað og handiðnað, öryggi og hollustu á vinnustað, bættar aðferðir og skipulag vinnu eftir þörfum einstaklingsins og bættar vinnuaðstæður.

(c) appropriate government support to these organisations to undertake public education programmes which project a positive image of the abilities of disabled persons.

VIII. Vocational Rehabilitation under Social Security Schemes

39. In applying the provisions of this Recommendation, Members should also be guided by the provisions of Article 35 of the Social Security (Minimum Standards) Convention, 1952, of Article 26 of the Employment Injury Benefits Convention, 1964, and of Article 13 of the Invalidity, Old-Age and Survivors' Benefits Convention, 1967, in so far as they are not bound by obligations arising out of ratification of these instruments.

40. Wherever possible and appropriate, social security schemes should provide, or contribute to the organisation, development and financing of training, placement and employment (including sheltered employment) programmes and vocational rehabilitation services for disabled persons, including rehabilitation counselling.

41. These schemes should also provide incentives to disabled persons to seek employment and measures to facilitate a gradual transition into the open labour market.

IX. Co-ordination

42. Measures should be taken to ensure, as far as practicable, that policies and programmes concerning vocational rehabilitation are co-ordinated with policies and programmes of social and economic development (including scientific research and advanced technology) affecting labour administration, general employment policy and promotion, vocational training, social integration, social security, co-operatives, rural development, small-scale industry and crafts, safety and health at work, adaptation of methods and organisation of work to the needs of the individual and the improvement of working conditions.

Ed. 488. Frumvarp til lánsfjárlaga [69. mál]

fyrir árið 1990.

(Eftir 3. umr. í Nd., 22. des.)

Samhljóða þskj. 427 með þessum breytingum:

23. gr. hljóðar svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 8. gr. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum eigi nema hærri fjárhæð en 48.600 þús. kr. á árinu 1990.

30. gr. hljóðar svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 10. gr. laga nr. 82/1989, um málefni aldraðra, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs aldraðra eigi vera hærra en 205.000 þús. kr. á árinu 1990.

Nd. 489. Lög [229. mál]

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 91/1989.

(Afgreidd frá Nd. 22. des.)

Samhljóða þskj. 405.

Nd. 490. Lög [232. mál]

um breytingu á lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

(Afgreidd frá Nd. 22. des.)

Samhljóða þskj. 307.

Ed. 491. Lánsfjárlög [69. mál]

fyrir árið 1990.

(Afgreidd frá Ed. 22. des.)

Samhljóða þskj. 488, sbr. 427.

Ed. 492. Lög [251. mál]

um breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald.

(Afgreidd frá Ed. 22. des.)

Samhljóða þskj. 409.

Ed. 493. Lög [178. mál]

um veiðieftirlitsgjald.

(Afgreidd frá Ed. 22. des.)

Samhljóða þskj. 452.

Ed. 494. Lög [218. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 22. des.)

Samhljóða þskj. 453.

Nd. 495. Frumvarp til skipulags- og byggingarlaga. [270. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið laganna.

Markmið laga þessara er að móta byggð landsmanna eftir fyrir fram og faglega gerðum áætlunum og gæðakröfum og fella hana að náttúru landsins og hagkvæmri nýtingu auðlinda þess. Leitast skal við að tryggja það að íbúðabyggð og atvinnurekstri sé skapað gott umhverfi og að byggingar landsmanna og önnur mannvirki standist settar lágmarkskröfur um styrk, endingu, útlit, hagkvæmni og velferð þeirra sem byggingarnar eða mannvirkin nota.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum merkir:

Skipulagsáætlun. Áætlun þar sem í texta og myndum er gerð grein fyrir ákvörðunum um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulags byggðar og forsendum þeirra ákvarðana. Skipulagsáætlun skiptist í landsskipulag, svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag.

Landsskipulag. Skipulagsáætlun sem tekur til einstakra þátta er varða landið allt eða landshluta, samgangna, fjarskipta, orkuveitna, þróunar atvinnuvega, landnotkunar, landnýtingar og byggðar í meginatriðum. Hlutverk landsskipulags er m.a. að vera grundvöllur fyrir gerð svæðisskipulags og fyrir aðgerðir stjórnvalda sem gerðar eru til að beina byggðaþróun í ákveðinn farveg.

Svæðisskipulag. Skipulagsáætlun sem tekur yfir tvö eða fleiri sveitarfélög eða heilan landshluta. Svæðisskipulag skal gert í því skyni að samræma byggðaþróun á grundvelli landsskipulags og til þess að samræma ákvarðanir um landnotkun samkvæmt aðalskipulagi aðliggjandi sveitarfélaga.

Aðalskipulag. Skipulagsáætlun sem byggð er á stefnu sveitarstjórnar að því er varðar landnotkun, nýtingu lands, meginumferðaræðar og þróun byggðar í sveitarfélaginu.

Deiliskipulag. Skipulagsáætlun sem nær yfir einstaka bæjarhluta, hverfi eða reiti innan ramma aðalskipulags þar sem nánari grein er gerð fyrir landnotkun, nýtingu lands, gatnaskipulagi, fyrirkomulagi byggingar og annarri mannvirkjagerð.

Nýtingarhlutfall. Hlutfall milli samanlagðs gólffletar húss og lóðarstærðar.

Mæliblað. Uppdráttur sem sýnir legu og stærð lóðar, byggingarreit og kvaðir á lóð.

II. KAFLI

Stjórn skipulags- og byggingarmála.

3. gr.

Gerð og framkvæmd skipulagsáætlana.

Gerð og framkvæmd svæðisskipulags, aðalskipulags og deiliskipulags er í höndum sveitarstjórna. Gerð og framkvæmd landsskipulags er á vegum ríkisins. Sveitarstjórnum til ráðuneytis skulu vera byggingar- og skipulagsnefndir, skipulags- og byggingarfulltrúar og annað sérhæft starfslið.

4. gr.

Skipulags- og byggingarnefndir. Sérhæft starfslið.

Í hverju sveitarfélagi með 700 íbúa eða fleiri skal starfa sérstök skipulags- og byggingarnefnd og sérhæft starfslið á sviði skipulags- og byggingarmála. Heimilt er sveitarstjórn að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að starfandi skulu tvær nefndir á hennar vegum og fjalli önnur um skipulagsmál en hin um byggingarmálefni.

Sveitarfélög með færri íbúa en 700 skulu mynda byggðasamlög með nágrannasveitarfélögum um skipulags- og byggingarmál, þar á meðal með því að mynda sameiginlega nefnd, sem fjallar um skipulags- og byggingarmál á starfssvæði sínu í samræmi við ákvæði laga þessara, þannig að eigi verði færri en 500 íbúar á starfssvæðinu og ráða til starfa sérhæft starfslið á því sviði. Á sama hátt er sveitarfélagi með fleiri íbúa en 700 heimilt að stofna til sameiginlegrar nefndar með öðru eða öðrum sveitarfélögum. Sameiginleg nefnd skal gera tillögu um afgreiðslu mála til hvorrar eða hverrar sveitarstjórnar um sig. Um fjölda nefndarmanna og skiptingu kostnaðar við skipulags- og byggingareftirlitið skal nánar ákveðið í stofnsamþykktum viðkomandi byggðasamlags.

5. gr.

Yfirumsjón skipulags- og byggingarmála.

Félagsmálaráðuneytið fer með yfirumsjón skipulags- og byggingarmála. Ráðuneytinu til aðstoðar er stjórn Skipulags- og byggingarstofnunar ríkisins, er nefnist skipulagsstjórn og framkvæmdastjóri hennar sem hefur starfsheitið skipulagsstjóri ríkisins.

6. gr.

Skipulags- og byggingarstofnun ríkisins.

Skipulags- og byggingarstofnun ríkisins skal í samvinnu við aðra opinbera aðila fara með gerð landsskipulags og í samvinnu við sveitarstjórnir stuðla að gerð skipulagsáætlana, jafnt svæðis-, aðal- og deiliskipulags og reglubundinni endurskoðun þeirra. Stofnunin skal hafa umsjón með því að sveitarstjórnir og einstaklingar fari eftir gildandi skipulagsáætlunum og byggingarákvæðum. Hún skal einnig veita skipulags- og byggingarnefndum sveitarfélaga ráðgjöf. Þá skal stofnunin stuðla að rannsóknum á sviði skipulags- og byggingarmála í samvinnu við aðrar stofnanir og hagsmunaaðila.

Stofnunin skal annast heimildaöflun og varðveislu gagna á sviði skipulagsmála og hún skal láta framkvæma eftir því sem þörf krefur mælingar og kortagerð til afnota við gerð skipulagsáætlana í samráði við sveitarstjórnir.

Þá skal stofnunin beita sér fyrir útgáfu fræðslurita á sviði skipulags- og byggingarmála og hún skal árlega gera skýrslu um störf sín og þróun skipulags- og byggingarmála hérlendis.

Kostnaður við rekstur stofnunarinnar greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Skipulagsstjórn.

Skipulagsstjórn skipa fimm menn. Eru þrír skipaðir af ráðherra eftir tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga en tveir án tilnefningar. Tveir þeirra sem skipaðir eru eftir tilnefningu og annar þeirra sem skipaður er án tilnefningar skulu hafa menntun á sviði skipulags- og byggingarmála. Stjórnarmenn eru skipaðir til fjögurra ára. Varamenn eru skipaðir á sama hátt. Félagsmálaráðherra skipar formann og varaformann.

Skipulagsstjórn skal ásamt skipulagsstjóra vera opinberum aðilum til ráðuneytis um allt sem skipulags- og byggingarmál varðar, eiga frumkvæði að skipulagningu og endurskipulagningu byggðar þar sem hún telur þess þörf, beita sér fyrir stöðlum um gerð og búnað byggingar og upplýsingastarfsemi er varða skipulagsmál og gerð bygginga og hún skal fjalla um stjórn og skipulag stofnunarinnar og um starfs- og rekstraráætlanir fyrir hana og gera tillögur um þau efni til ráðherra ef stjórninni þykir ástæða til eða eftir þeim er leitað.

Stjórnin skal gera tillögur til ráðherra um staðfestingu skipulagsáætlana og hún skal eftir beiðni hans gera tillögur um meðferð ágreiningsmála á sviði skipulags- og byggingarmála sem vísað er til úrskurðar ráðherra. Hún skal einnig gera viðeigandi ráðstafanir ef hún telur að brotið sé gegn ákvæðum laga þessara.

8. gr.

Skipulagsstjóri.

Skipulagsstjóri fer með daglega stjórn Skipulags- og byggingarstofnunar ríkisins. Hann skal hafa sérmenntun á sviði skipulags- og byggingarmála. Ráðherra skipar skipulagsstjóra að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar og skal hann skipaður til sex ára í senn.

Skipulagsstjóri á sæti á fundum skipulagsstjórnar og undirbýr afgreiðslu mála. Hann annast samskipti við aðra opinbera aðila á sviði skipulags- og byggingarmála og ber ábyrgð á stofnuninni gagnvart ráðuneyti.

III. KAFLI

Skipulag byggðar.

9. gr.

Skipulagsskylda.

Öll sveitarfélög eru skipulagsskyld. Skipulag skal ná til allra bygginga ofan jarðar og neðan og annarra mannvirkja sem áhrif hafa á útlit umhverfis byggðarinnar.

Óheimilt er að hefja byggingarframkvæmdir nema að fengnu framkvæmdaleyfi sem skal vera í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag. Sömuleiðis er óheimilt að hefja efnistöku eða jarðrask nema að fengnu samþykki sveitarstjórnar. Sveitarstjórn getur sett skilyrði um hvernig ganga skuli frá námum að efnistöku lokinni.

Nú er aðalskipulag ekki fyrir hendi og er þá gerð samgöngumannvirkja, dreifikerfis orku, vatns og fjarskipta og orkuvera háð samþykki sveitarstjórna og skipulagsstjórnar. Sé

deiliskipulag eigi fyrir hendi af sveitarfélagi eða hluta þess, getur sveitarstjórn að fengnum meðmælum skipulagsstjórnar leyft einstakar byggingarframkvæmdir sem um kann að verða sótt. Slík leyfi má binda skilyrðum.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er eigi skylt að gera deiliskipulag um þær byggingar á lögbýlum, sem nauðsynlegar eru til búvöruframleiðslu, þ.e. íbúðarhús bænda, gripahús, véla- og fóðurgeymslur og gróðurhús, en umsóknum um byggingarleyfi skal fylgja afstöðuuppdráttur, þar sem m.a. er sýnd tenging við vegi, nærliggjandi byggingar og lagnir. Byggingar á kirkjustöðum skal þó ávallt gera í samræmi við áður gert deiliskipulag.

10. gr.

Reglugerð um gerð skipulagsáætlana.

Ráðherra skal að fengnum tillögum skipulagsstjóra og skipulagsstjórnar setja reglugerð um gerð skipulagsáætlana. Þar skal m.a. kveðið á um mælikvarða, gerð og frágang skipulagsuppdrátta, hver vera skuli efnisskipan greinargerða með skipulagsáætlun og hvaða lágmarkskröfur gildi um einstaka þætti skipulagsáætlana.

11. gr.

Aðalskipulag.

Aðalskipulag skal gert fyrir öll sveitarfélög. Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir þeirri byggð sem þegar er risin og atvinnuháttum ásamt öðrum skipulagsforsendum fyrir stefnu sveitarstjórnar um landnotkun, þéttleika og þróun byggðar næstu 20 árin.

Á þéttbýlisstöðum skal sýna landnotkun, skiptingu í íbúðarsvæði, atvinnu- og þjónustusvæði og ákveða nýtingarhlutfall á þeim svæðum. Þá skal sýna endurnýjunarsvæði í byggðinni, útivistarsvæði, svæði fyrir opinberar byggingar, meginumferðarkerfi, höfuðlagnir aðrennslis og frárennslis, lagnir orkuveitna og fjarskiptakerfa, flugvallarsvæði, hafnarsvæði, jarðhitasvæði, verndarsvæði vatnsbóla, náttúruminja og sögulegra minja, efnistökusvæði og svæði fyrir sorphauga.

Í strjálbýli skal auk þess gera grein fyrir framtíðarhorfum í landbúnaði og hvar gera skuli ráð fyrir t.d. skógrækt, fiskeldisstöðvum, loðdýrabúum og orlofs- og sumarbústaðabyggð.

Stefnt skal að skynsamlegri notkun náttúruauðlinda, gæta umhverfissjónarmiða og stuðla að umhverfisvernd og varðveislu menningarsögulegra minja eftir því sem unnt er. Þar sem um er að ræða byggðahverfi þar sem fara saman húsaþyrpingar, sem æskilegt er talið að vernda og aðrar sögulegar og menningarlegar minjar, skal gera áætlun um hverfisvernd.

Þess skal gætt að aðalskipulag sveitarfélags samræmist svæðisskipulagi, ef gert hefur verið.

Áður en gerð eða endurskoðun aðalskipulags er hafin ber sveitarstjórn að semja greinargerð um helstu forsendur og markmið sem að er stefnt með skipulagsgerðinni.

Sveitarstjórn ber að kynna greinargerðina fyrir íbúum sveitarfélagsins og kappkosta að fá fram ábendingar og athugasemdir um efni hennar. Ábendingum og athugasemdum skal skilað til sveitarstjórnar innan tilskilins frests sem ekki má vera skemmri en þrjár vikur. Greinargerðin skal einnig send skipulagsstjórn til kynningar. Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt umsögn um framkomnar ábendingar og athugasemdir kynnir hún íbúum sveitarfélagsins afstöðu sína.

Áður en sveitarstjórn tekur endanlega afstöðu til aðalskipulagstillögu eða meiri háttar breytinga á henni skal hún auglýsa opna fundi fyrir íbúa í sveitarfélaginu þar sem tillagan er kynnt og íbúunum gefinn kostur á að bera fram sjónarmið sín um tillöguna eða einstaka þætti

hennar. Að lokinni kynningu skal tillagan lögð fyrir sveitarstjórn til fyrri umræðu að undangenginni umfjöllun skipulags- og byggingarnefndar.

Sveitarstjórn hefur við fyrri umræðu m.a. til hliðsjónar þær ábendingar og athugasemdir við tillöguna, sem fram kunna að hafa komið á kynningarfundum, og sendir síðan skipulagsstjórn tillögu að aðalskipulagi til umfjöllunar með beiðni um heimild til að auglýsa hana í samræmi við ákvæði 12. gr. Skipulagsstjórn fjallar síðan um tillöguna. Hafi skipulagsstjórn engar athugasemdir að gera við tillöguna skal hún auglýst óbreytt. Geri skipulagsstjórn hins vegar athugasemdir við tillöguna þar eð hún fullnægi ekki settum kröfum til aðalskipulags eða hún stangist á við svæðisskipulag eða aðalskipulag aðliggjandi sveitarfélaga skal hún endursenda tillöguna sveitarstjórn og leita samkomulags um breytingar. Náist eigi samkomulag innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst skipulagsstjórn er sveitarstjórn engu að síður heimilt að auglýsa tillöguna en þá skal geta í auglýsingu þeirra athugasemda sem skipulagsstjórn hefur gert við tillöguna.

12. gr.

Auglýsing aðalskipulagstillögu.

Sveitarstjórn er skylt að auglýsa íbúum sveitarfélags tillögu að aðalskipulagi á þann hátt sem venja er um auglýsingar stjórnvalda á staðnum. Enn fremur skal birta auglýsingu um tillöguna í Lögbirtingablaði.

Í auglýsingu skal tilgreina til hvaða svæðis tillagan nái, hvar uppdrættir ásamt fylgiskjölum séu til sýnis og hvað lengi, en það skal eigi vera skemmri tími en fjórar vikur. Í auglýsingu skal almenningi og stofnunum boðið að gera athugasemdir við tillöguna innan ákveðins frests sem eigi skal vera skemmri en sex vikur frá birtingu auglýsingar. Jafnframt skal tekið fram hvert skila skuli athugasemdum og að þeir sem eigi geri athugasemdir við auglýsta tillögu innan tilskilins frests teljist samþykkja hana.

13. gr.

Umfjöllun um athugasemdir.

Þegar frestur til að gera athugasemdir við aðalskipulagstillögu er liðinn skal sveitarstjórn fjalla um tillöguna á nýjan leik að undangenginni umfjöllun skipulags- og byggingarnefndar. Skal við þá umfjöllun m.a. taka afstöðu til þeirra athugasemda við tillöguna sem borist hafa. Senda skal niðurstöðu síðari umræðu í sveitarstjórn til skipulagsstjórnar innan fjögurra vikna frá fundi sveitarstjórnar ásamt afriti af þeim athugasemdum er bárust við tillöguna. Skipulagsstjórn skal þá fjalla um niðurstöðu sveitarstjórnar og síðan gera tillögu til ráðherra um staðfestingu aðalskipulagsins eða synjun á slíkri staðfestingu, en aðalskipulag eða breyting á því tekur eigi gildi nema að fenginni staðfestingu ráðherra.

Tillaga skipulagsstjórnar um synjun staðfestingar skal rökstudd með greinargerð þar sem m.a. komi fram hvort formgallar séu á afgreiðslu sveitarstjórnar, hvort aðalskipulag sé í ósamræmi við settar kröfur um gerð þess eða hvort með því sé freklega gengið á rétt einstaklinga, hagsmuni nágrannabyggða eða ríkisins. Komi slík tillaga fram frá skipulagsstjórn skal ráðherra leita umsagnar sveitarstjórnar áður en hann tekur ákvörðun í málinu.

14. gr.

Frestun á gerð eða staðfestingu skipulagsáætlunar.

Sveitarstjórn er heimilt með samþykki skipulagsstjórnar að fresta um ákveðið árabil, þó ekki lengur en um tíu ár í senn, gerð aðalskipulagsáætlunar fyrir ákveðið svæði enda sé svæðið

í eigu eða umráðum sveitarfélagsins eða aðila sem samþykkja þá tilhögun. Þá getur sveitarstjórn ákveðið með sama hætti frestun á gerð aðalskipulags fyrir tiltekið svæði án samþykkis landeigenda ef sérstök óvissa ríkir um þýðingarmikil atriði sem haft geta veruleg áhrif á framkvæmd skipulagsins.

Ráðherra getur að tillögu skipulagsstjórnar frestað staðfestingu á aðalskipulagi fyrir ákveðið landssvæði, þó ekki lengur en tíu ár í senn, ef nauðsyn þykir bera til vegna almannahagsmuna svo sem vegna óvissu um væntanleg samgöngumannvirki eða vegna þess að nauðsynlegt er að samræma betur skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga. Slík svæði skal auðkenna á uppdrætti.

15. gr.

Endurskoðun aðalskipulagsáætlunar.

Eigi sjaldnar en á fimm ára fresti skulu sveitarstjórnir taka til umfjöllunar hvort forsendur aðalskipulagsáætlunar hafi breyst það verulega að ástæða sé til endurskoðunar. Skal tilkynna skipulagsstjóra um umfjöllunina og gefa honum tækifæri til að koma athugasemdum sínum á framfæri. Komist sveitarstjórn að þeirri niðurstöðu að ástæða sé til endurskoðunar aðalskipulagsáætlunar fer um málsmeðferð sem um gerð nýs aðalskipulags væri að ræða.

16. gr.

Óveruleg breyting á aðalskipulagi.

Nú óskar sveitarstjórn eftir því að gerð verði breyting á staðfestu aðalskipulagi sem er það óveruleg að ekki er talin ástæða til meðferðar samkvæmt framanskráðu og skal þá gera rökstudda tillögu til skipulagsstjórnar um breytinguna. Tillögunni skal fylgja yfirlýsing sveitarstjórnar um að hún taki að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Ef skiplagsstjórn samþykkir breytinguna tilkynnir hún það ráðuneytinu sem sér um að auglýsa breytinguna í Stjórnartíðindum.

17. gr.

Deiliskipulag.

Deiliskipulag skal gera yfir tiltekin svæði innan marka aðalskipulags. Þar skal gera nánari grein fyrir eintökum atriðum aðalskipulagsins.

Á uppdrætti og/eða í greinargerð deiliskipulags skal m.a. sýna: legu og breidd gatna og gangstíga, torg, húsalínur, lóðamörk, byggingarreiti, húsahæðir, bifreiðageymslur og bifreiðastæði, opin svæði, leikvelli og önnur útivistarsvæði. Í deiliskipulagi skal gera grein fyrir nýtingarhlutfalli og skipulags- og byggingarskilmálum á hverjum reit.

Við gerð deiliskipulags skal taka sérstakt tillit til sérþarfa barna, fatlaðra og aldraðra eftir því sem aðstæður leyfa. Auðkenna má sérstaklega svæði á áberandi stöðum, svo sem við torg og aðalgötur og ákveða að leyfi til byggingar þar sé háð samþykki skipulagsstjórnar.

Sé um deiliskipulag eldri byggðar að ræða skal sérstaklega gera verndunarskipulag fyrir þau svæði sem samkvæmt aðalskipulagi, sbr. 11. gr., falla undir hverfisvernd og sérstaklega skal gera grein fyrir húsum sem falla undir V. kafla þjóðminjalaga, nr. 88/1989.

18. gr.

Um skipulag eldri hverfa.

Sveitarstjórnir hafa forgöngu um könnun á því hvort hagkvæmt sé og æskilegt að fram fari í sveitarfélaginu endurnýjun bæjarhluta, byggingarreits eða smærri eininga í því skyni að

umhverfi verði bætt og húsnæði lagfært, þannig að fullnægi ákvæðum gildandi byggingarreglugerðar m.a. með tilliti til útivistarmöguleika og umferðar eftir því sem við getur átt.

Sveitarstjórn skal boða til fundar með eigendum þeirra fasteigna sem málið varðar og að því búnu skal eftir atvikum láta gera drög að nýju deiliskipulagi fyrir þá einingu sem til umfjöllunar er. Skal þá að nýju boða til fundar þar sem eigendum og íbúum viðkomandi fasteigna skal gefinn kostur á að tjá sig um drögin. Að því búnu skal eftir atvikum gera fullnaðartillögu að deiliskipulagi og kynna hana samkvæmt ákvæðum 20. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að fengnu samþykki ráðherra að láta fara fram eignarnám til framkvæmdar á deiliskipulagi samkvæmt þessu ákvæði.

19. gr.

Deiliskipulag að ósk landeigenda.

Nú er land í einkaeign og eigandi óskar eftir því við sveitarstjórn að það eða hluti þess verði skipulagt sem byggingarlóðir í samræmi við aðalskipulag. Verði sveitarstjórn við slíkum tilmælum skal landeiganda skylt að láta endurgjaldslaust af hendi við sveitarfélagið til almenningsþarfa, t.d. gatna, torga og leikvalla, land sem svarar til ⅓ af heildarflatarmáli þess lands sem heimild sveitarstjórnar nær til. Ef um orlofs- eða sumarbústaðahverfi er að ræða skal landeigandi láta endurgjaldslaust af hendi það land sem nauðsynlegt er til sameiginlegra þarfa eigenda eða notenda bústaðanna.

Ef landeigandi ræður ekki yfir nægu landi umfram lóð eða lóðir getur sveitarstjórn heimilað að hann leysi sig undan kvöð þessari með því að greiða andvirði þess sem á vantar samkvæmt mati dómkvaddra manna.

Sveitarstjórn getur bundið heimild skv. 1. mgr. því skilyrði að greitt verði fullt gatnagerðargjald í sveitarsjóð samkvæmt þeim reglum sem gilda í sveitarfélaginu.

20. gr.

Kynning deiliskipulagstillögu.

Við gerð deiliskipulags fyrir byggð svæði skal eins og kostur er leita eftir sjónarmiðum íbúa á svæðinu að því er varðar mótun byggðarinnar.

Þegar deiliskipulagstillögu er lokið og sveitarstjórn hefur að undangenginni umfjöllun skipulags- og byggingarnefndar samþykkt hana við fyrri umræðu skal tillagan höfð opinberlega til sýnis fyrir íbúa sveitarfélagsins í þrjár vikur samfleytt. Sýningin skal auglýst á þann hátt sem venja er um opinberar tilkynningar í sveitarfélaginu og jafnframt í Lögbirtingablaði. Í auglýsingunni skal almenningi og stofnunum boðið að gera athugasemdir við tillöguna innan ákveðins frests sem eigi skal vera skemmri en fimm vikur frá birtingu auglýsingar. Jafnframt skal tekið fram hvert skila skuli athugasemdum og að þeir sem eigi geri athugasemdir við auglýsta tillögu innan tilskilins frests teljist samþykkja hana. Tillagan skal jafnframt send Skipulags- og byggingarstofnun ríkisins til kynningar.

21. gr.

Samþykkt og gildistaka deiliskipulags.

Þegar frestur til að gera athugasemdir við deiliskipulagstillögu er liðinn skal sveitarstjórn fjalla um tillöguna á nýjan leik að undangenginni umfjöllun skipulags- og byggingarnefndar. Skal við þá umfjöllun m.a. taka afstöðu til þeirra athugasemda við tillöguna sem borist hafa.

Deiliskipulag tekur ekki gildi fyrr en það hefur verið samþykkt af sveitarstjórn við síðari umræðu og jafnframt verið samþykkt af Skipulags- og byggingarstofnun ríkisins. Er samþykki

stofnunarinnar til staðfestingar því að deiliskipulag sé í samræmi við gildandi aðalskipulag og það samrýmist þeim kröfum sem gerðar eru til deiliskipulagsáætlana í lögum þessum og reglugerð settri samkvæmt þeim.

Stofnunin getur óskað eftir lagfæringum á deiliskipulagi en samþykki hún ekki deiliskipulag skal synjunin rökstudd með greinargerð til sveitarstjórnar og ráðherra. Tekur deiliskipulag þá ekki gildi, en sveitarstjórn getur áfrýjað synjun stofnunarinnar til skipulagsstjórnar með greinargerð. Kveður skipulagsstjórn þá upp endanlegan úrskurð í málinu.

22. gr.

Staðfesting ráðherra á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn getur óskað eftir staðfestingu ráðherra á deiliskipulagi og fer þá um málsmeðferð á sama hátt og um aðalskipulag væri að ræða, sbr. 13. gr. Skylt er að óska eftir staðfestingu ráðherra ef um er að ræða deiliskipulag fyrir eldri hverfi í þéttbýli sem fyrirhugað er að endurbyggja að einhverju eða öllu leyti eða deiliskipulag á landi í einkaeign og einhverjir eigenda óska þess.

Hafi deiliskipulag verið staðfest af ráðherra fer um endurskoðun þess sem um gerð og endurskoðun aðalskipulags væri að ræða.

23. gr.

Breytingar á samþykktu deiliskipulagi.

Ef sveitarstjórn samþykkir að breyta samþykktu deiliskipulagi og breytingin er innan ramma staðfests aðalskipulags skal nágrönnum, sem hagsmuna eiga að gæta, sérstaklega tilkynnt um fyrirhugaða breytingu og þeim gefinn kostur á að tjá sig um hana skriflega innan frests sem eigi skal vera skemmri en þrjár vikur frá því að tilkynning er send. Jafnframt skal hafa breytingartillöguna opinberlega til sýnis í sveitarfélaginu og auglýsa það á þann hátt sem venja er um auglýsingar stjórnvalda á staðnum. Tekið skal fram í auglýsingu, hvert skila skuli athugasemdum við tillöguna og að þeir, sem eigi geri athugasemdir við auglýsta tillögu innan tilskilins frests, teljist samþykkja breytingartillöguna. Sveitarstjórn skal við síðari umræðu að undangenginni umfjöllun skipulags- og byggingarnefndar fjalla um þær athugasemdir sem borist hafa. Samþykkt um breytingu á deiliskipulagi skal síðan senda Skipulags- og byggingarstofnun ríkisins til samþykkis ásamt greinargerð um innsendar athugasemdir og afstöðu sveitarstjórnar til þeirra. Breyting á deiliskipulagi tekur gildi þegar stofnunin hefur samþykkt hana en synji hún samþykkis fer um málsmeðferð samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 21. gr.

24. gr.

Svæðisskipulag.

Sveitarstjórnir á ákveðnu landssvæði geta sameiginlega óskað eftir því við ráðherra að gert verði svæðisskipulag til að samræma þróun byggðar og aðalskipulag sveitarfélaga á svæðinu. Samþykki ráðherra skal bundið því skilyrði, að sveitarstjórnir skuldbindi sig til þess að viðeigandi hluti svæðisskipulagsins fái sömu meðferð og endurskoðun aðalskipulags í hverju sveitarfélagi um sig. Skipulags- og byggingarstofnun ríkisins skal hafa frumkvæði að gagnaöflun og boða til stofnfundar samstarfsnefndar sveitarfélaganna um gerð slíks svæðisskipulags.

Sveitarstjórnir skulu fyrir fram gera samkomulag um tilnefningu og atkvæðavægi fulltrúa í samstarfsnefnd og skiptingu milli sveitarfélaganna á hluta þeirra í kostnaði við starf hennar en ákvarðanir nefndarinnar um efni máls skulu jafnóðum lagðar fyrir skipulags- og byggingar-

nefnd hvers sveitarfélags. Skipulagsstjórn skipar formann samstarfsnefndar án tilnefningar og er hann án atkvæðisréttar í nefndinni.

Samstarfsnefnd skal í upphafi starfa sinna gera tillögu til ráðherra að starfsreglum fyrir nefndina. Að fenginni umsögn skipulagsstjórnar skal ráðherra staðfesta starfsreglurnar eða synja staðfestingar. Synji ráðherra staðfestingar skal samstarfsnefnd gera nýja tillögu innan tveggja vikna frá úrskurði ráðherra.

Í svæðisskipulaginu skal gera grein fyrir þeirri byggð sem risin er á svæðinu, atvinnuháttum og öðrum skipulagsforsendum. Þá skal gera grein fyrir stefnu sveitarstjórnanna um landnotkun og þróun byggðar til næstu 20 ára, m.a. með tilliti til þéttbýliskjarna, orlofsbyggðar, landbúnaðar, náttúruverndar og útivistar. Þess skal gætt að í svæðisskipulagi sé tekið mið af ákvörðunum sem fengið hafa landsskipulagsmeðferð, sbr. 27. gr.

Þegar samstarfsnefnd hefur samþykkt tillögu að svæðisskipulagi skal auglýsa tillöguna skv. 12. gr. Þegar samstarfsnefnd hefur fjallað um innsendar athugasemdir sendir hún sveitarstjórnum þær ásamt umsögn sinni um þær og endanlegri tillögu nefndarinnar að svæðisskipulagi.

Sveitarstjórn skal fjalla um tillögu samstarfsnefndar og gefa umsögn um hana innan sex vikna. Telst sveitarstjórn hafa samþykkt tillöguna ef umsögn berst eigi innan tilskilins frests.

Samstarfsnefnd skal taka afstöðu til breytingartillagna og umsagna sveitarstjórna og senda skipulagsstjórn endanlega tillögu til umfjöllunar, en skipulagsstjórn gerir síðan tillögu um staðfestingu svæðisskipulags til ráðherra.

Svæðisskipulag skal endurskoða á átta ára fresti, ef tillögur um slíkt koma fram í sveitarstjórn á svæðinu. Ef tillaga um endurskoðun svæðisskipulags, sem fram kemur í sveitarstjórn á svæðinu, hefur engin áhrif á aðalskipulag annarra sveitarfélaga getur sveitarstjórn með samþykki skipulagsstjórnar fjallað um breytinguna á sama hátt og um endurskoðun á gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins væri að ræða.

25. gr.

Ágreiningur um aðalskipulag á mörkum sveitarfélaga.

Nú er aðalskipulag tveggja samliggjandi sveitarfélaga eða tillögur um aðalskipulag eigi í samræmi hvað snertir umferðaræðar, staðsetningu þjónustumiðstöðva o.fl. og skal skipulagsstjórn þá beina því til viðkomandi sveitarstjórna að þær geri samkomulag um nauðsynlegar breytingar á aðalskipulagi hvors sveitarfélags um sig. Er skipulagsstjórn heimilt að gefa sveitarstjórnunum frest í allt að 12 mánuði til þess að ná samkomulagi um samræmt aðalskipulag á mörkum sveitarfélaganna.

Náist eigi slíkt samkomulag getur skipulagsstjórn gert tillögu að svæðisskipulagi er nær yfir mörk sveitarfélaganna og skal auglýsa hana með venjulegum hætti skv. 12. gr.

Skipulagsstjórn fjallar síðan um innsendar athugasemdir og afstöðu sveitarstjórnanna og gerir síðan tillögu til ráðherra um staðfestingu svæðisskipulagsins. Ef ráðherra staðfestir slíkt svæðisskipulag er það bindandi á sama hátt og um staðfest aðalskipulag væri að ræða og verður því eigi breytt, nema samkomulag sé milli viðkomandi sveitarfélaga um breytinguna.

Til frekari ráðgjafar um ágreining um aðalskipulag á mörkum sveitarfélaga er ráðherra heimilt að skipa þriggja manna fagráð þar sem einn er skipaður samkvæmt tilnefningu Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands, annar samkvæmt tilnefningu Lagastofnunar Háskóla Íslands og þriðji samkvæmt tilnefningu Arkitektafélags Íslands.

26. gr.

Landsskipulag.

Skipulags- og byggingarstofnun skal í samvinnu við aðra opinbera aðila beita sér fyrir að gert verði landsskipulag á hinum ýmsu sviðum. Skal hún afla gagna og aðgangs að gagnasöfnum annarra opinberra aðila á því sviði, svo sem Byggðastofnunar, Búnaðarfélags Íslands, Fasteignamats ríkisins, Fiskifélags Íslands, Hagstofu Íslands, Hafnamálastofnunar, Landgræðslu ríkisins, Landsvirkjunar, Póst- og símamálastofnunar og Vegagerðar ríkisins.

27. gr.

Landsskipulagsmeðferð.

Ef opinbert mannvirki nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag, svo sem lagning þjóðvegar utan þéttbýlis, orkuveitu eða fjarskiptalínu, getur sú stofnun, sem ábyrgð ber á framkvæmdum, óskað eftir að lega mannvirkisins fái landsskipulagsmeðferð.

Landsskipulagsmeðferð er fólgin í því að lega viðkomandi mannvirkis er auglýst í samvinnu við viðkomandi sveitarstjórnir sem um breytingu á aðalskipulagi væri að ræða.

Skal þá birta auglýsingu ásamt uppdráttum í hverju sveitarfélagi um sig í samræmi við ákvæði 12. gr. og jafnframt auglýsa tillöguna í Lögbirtingablaði.

Að lokinni auglýsingu fjallar skipulagsstjórn um innsendar athugasemdir og afgreiðslu sveitarstjórna og gerir að því loknu tillögu til ráðherra um staðfestingu skipulagstillögunnar. Ef ráðherra fellst á tillögu skipulagsstjórnar skal hin staðfesta lega hafa sama gildi og staðfest aðalskipulag.

28. gr.

Eftirlit með gerð skipulagsáætlana.

Ef sveitarstjórn lætur undir höfuð leggjast að ganga frá tillögu að aðalskipulagi innan hæfilegs frests sem skipulagsstjórn setur er skipulagsstjórn heimilt að fengnu samþykki ráðherra að láta semja tillögu að aðalskipulagi á kostnað viðkomandi sveitarsjóðs.

Skipulagsstjórn sendir aðalskipulagstillöguna síðan til sveitarstjórnar, sem skal gefa umsögn sína innan sex vikna. Ef umsögn berst eigi innan tilskilins frests telst sveitarstjórn hafa samþykkt tillöguna. Að því búnu felur skipulagsstjórn sveitarstjórn að auglýsa tillöguna opinberlega og fer um frekari meðferð hennar skv. 12.–14. gr.

29. gr.

Eftirlit með framkvæmd skipulagsáætlana.

Sveitarstjórnir bera ábyrgð á því að hvarvetna sé byggt í samræmi við gildandi skipulag. Skipulagsstjóra og starfsmönnum Skipulags- og byggingarstofnunar ríkisins ber að hafa eftirlit með starfi þeirra, skipulags- og byggingarnefnda og skipulags- og byggingarfulltrúa að þessu leyti.

Nú telur skipulagsstjóri að byggingarleyfi brjóti í bága við staðfest aðalskipulag eða samþykkt deiliskipulag og skal hann þá leita úrskurðar ráðherra um hvort byggingarleyfi skuli fellt úr gildi. Ef skipulagsstjóri leitar úrskurðar samkvæmt framansögðu er óheimilt að hefja eða halda áfram framkvæmdum samkvæmt nefndu byggingarleyfi, uns úrskurður ráðherra liggur fyrir, en leita skal ráðherra áður umsagnar skipulagsstjórnar og viðkomandi sveitarstjórnar sem skulu gefa umsagnir sínar innan hæfilegs frests sem ráðherra setur.

30. gr.

Óleyfileg mannvirki fjarlægð.

Nú kemur í ljós að skipulagsákvæði eru brotin og getur þá sveitarstjórn eða ráðuneytið hlutast til um að mannvirki, sem tvímælalaust brjóta í bága við gildandi skipulag, verði fjarlægð á kostnað eiganda.

31. gr.

Landmælingar.

Á öllum þéttbýlisstöðum og öðrum stöðum, sem skipulagsstjóri ákveður, skal mæla svæði það sem byggð nær yfir og eigi minna land umhverfis en ætla má að fullnægi eðlilegum vexti byggðarinnar næstu 25 ár. Sveitarstjórn ákveður í samráði við skipulagsstjóra hvar mælingar, myndataka úr lofti og endurskoðun eldri mælinga skuli fram fara hverju sinni.

Umráðamönnum lands og lóða er skylt að leyfa mælingamönnum umferð um lönd og lóðir eftir því sem þörf krefur vegna mælinga og leyfa þeim að setja föst merki (hæðarmerki á hús og merki á jörðu), þar sem slíkt er nauðsynlegt, enda sé það ekki til lýta eða tjóns.

Ráðherra setur í reglugerð nánari reglur um gerð, mælikvarða og frágang uppdrátta samkvæmt þessari grein.

32. gr.

Lóðaskrár.

Sveitarstjórnir skulu láta gera skrá yfir allar jarðir, lönd og lóðir innan sveitarfélagsins. Skal gefa öllum götum, vegum og torgum í sveitarfélaginu nöfn og tölusetja öll lönd og lóðir við aðliggjandi veg eða götu.

Í reglugerð sem ráðherra setur í samráði við skipulagsstjórn, Fasteignamat ríkisins og Hagstofu Íslands, skal kveðið nánar á um skráningu lóða og fasteigna og gerð og frágang lóðaskrár, sbr. og 1., 5. og 9. gr. laga nr. 94 20. maí 1976, um skráningu og mat fasteigna.

33. gr.

Skipting landa og lóða.

Óheimilt er að skipta jörðum, löndum eða lóðum eða breyta landamerkjum og lóðamörkum nema samþykki sveitarstjórnar komi til.

Áður en sveitarstjórn veitir slíkt samþykki fyrir byggingarlóðir skal liggja fyrir samþykkt deiliskipulag svo og nafn götu og númer, en aðrar nýafmarkaðar landareignir skulu hafa nafn og númer til skrásetningar í lóðaskrá, sbr. 32. gr.

Sveitarstjórn getur krafist þess að gerður sé fullnægjandi uppdráttur af hinum nýafmörkuðu lóðum eða löndum til afnota fyrir lóðaskrá og þinglýsingarstjóra.

34. gr.

Forkaupsréttur sveitarstjórna að fasteignum.

Sveitarstjórn getur með sérstakri samþykkt áskilið sér forkaupsrétt að tilteknum fasteignum innan sveitarfélagsins ef hún telur slíkt nauðsynlegt af skipulagsástæðum. Samþykkt um forkaupsrétt skal senda ráðherra til staðfestingar og skal þinglýsa henni sem kvöð á hlutaðeigandi fasteignir.

Eigendur fasteigna þeirra, er slíkar samþykktir taka til, skulu skyldir til að bjóða sveitarstjórn að ganga inn í kaup fasteigna við sölu þeirra á sama verði og með sömu kjörum og stendur til boða hjá öðrum aðilum. Innan fjögurra vikna frá því að sveitarstjórn er boðið að neyta forkaupsréttar skal hún segja til um hvort hún vill neyta réttarins eða eigi. Svari sveitarstjórn eigi boði eiganda fasteignar innan tilskilins frests skal líta svo á að forkaupsrétti sé hafnað.

35. gr.

Heimildir til eignarnáms.

Heimilt er sveitarstjórn að fengnum meðmælum skipulagsstjórnar og með samþykki ráðherra að taka eignarnámi landssvæði eða fasteignir innan sveitarfélagsins ef nauðsynlegt er talið vegna fyrirsjáanlegrar og eðlilegrar þróunar sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn er og heimilt að fengnum meðmælum skipulagsstjórnar og með samþykki ráðherra að taka eignarnámi einstakar fasteignir eða hluta fasteignar ef þess gerist nauðsyn vegna framkvæmda á deiliskipulagi. Það gildir einnig um óbyggðar lóðir innan þeirrar landspildu sem deiliskipulag nær til.

Heimilt er sveitarstjórn að taka eignarnámi með sömu skilyrðum og tilgreind eru í 1. mgr. efnisnámur sem nauðsynlegar eru til framkvæmda á staðfestum eða samþykktum skipulagsáætlunum í sveitarfélaginu. Séu slíkar efnisnámur í öðru sveitarfélagi þarf samþykki sveitarstjórnar í því sveitarfélagi til þess að eignarnám nái fram að ganga.

Náist ekki samkomulag milli umráðamanna fasteigna um endurbyggingu byggingarreits eða hluta hans samkvæmt samþykktu deiliskipulagi eða milli sveitarstjórnar og umráðamanna í slíku tilviki og getur sveitarstjórn þá, að fengum meðmælum skipulagsstjórnar og með samþykki ráðherra, tekið einstakar fasteignir á byggingarreitnum eignarnámi.

Um framkvæmd eignarnáms fer eftir reglum laga nr. 11/1973 og ákvæðum 36. gr.

36. gr.

Eignarnámsbætur.

Við ákvörðun eignarnámsbóta fyrir óbyggt land, sbr. 1. mgr. 35. gr., skal m.a. taka tillit til verðs sambærilegs lands á almennum markaði og hver arður af viðkomandi landspildu hefur verið við eðlilega notkun fram að eignarnámi hennar. Eigi skal miða eignarnámsbætur við ætlað framtíðarverð landspildunnar vegna aðgerða eignarnámstaka.

37. gr.

Verðrýrnun fasteigna vegna framkvæmdar skipulags.

Nú rýrnar lóð verulega við framkvæmd skipulags þannig að hún nýtist eigi til sömu nota og áður að mati dómkvaddra manna og skal þá greiða bætur, ef eigandi (umráðamaður) getur sýnt fram á, að hann verði fyrir tjóni af þessum sökum. Verði lóð ónothæf til byggingar að mati dómkvaddra manna er sveitarstjórn skylt að kaupa lóðina ef eigandi krefst þess. Náist ekki samkomulag um bætur eða kaupverð skal það ákveðið af matsnefnd eignarnámsbóta, sbr. lög nr. 11 6. apríl 1973.

Nú er ákveðin á staðfestum skipulagsuppdrætti tiltekin lega götu eða vegar eða að ákveðið svæði skuli tekið til almenningsnota eða húsahverfi til endurnýjunar og slíkt veldur því að mati dómkvaddra manna að eigandi fasteignar getur ekki nýtt hana eins og eðlilegt er miðað við allar aðstæður, m.a. hagnýtingu fasteigna í næsta nágrenni og á hann þá rétt á bótum. Ef eigandi krefst er sveitarstjórn skylt að kaupa eignina og verði ekki samkomulag um verð skal það úrskurðað af matsnefnd eignarnámsbóta.

Við ákvörðun bóta vegna skipulagsaðgerða skal taka tillit til þeirrar verðhækkunar sem þær kunna að hafa í för með sér á viðkomandi eign. Ef talið er að verðhækkunin sé jafnmikil eða meiri en bótaskylt tjón skal engar bætur greiða. Enn fremur ber að miða við eftirtalin atriði í sambandi við ákvörðun bóta: Hvort nýtt skipulag hefur áhrif nú þegar eða síðar á verðmæti eignarinnar, hverjar kröfur eru gerðar um nýtingarhlutfall, húsahæðir, bifreiðastæði, leiksvæði barna, opin svæði o.s.frv. að því er snertir sambærilegar eignir, enn fremur

hvort skipulagið gerir viðhorf fasteignarinnar gagnvart götu hagstæðara eða óhagstæðara en áður var o.s.frv. Þá ber og að miða við þann arð sem eðlileg notkun eignarinnar gefi af sér.

Sá sem telur sig eiga rétt á bótum samkvæmt þessari grein skal senda kröfu sína til sveitarstjórnar innan tilskilins frests sem sveitartjórn ber að auglýsa með þeim hætti sem venja er um auglýsingar stjórnvalda á hverjum stað. Fresturinn má ekki vera skemmri en átta vikur.

Allar bætur samkvæmt lögum þessum skulu greiddar úr sveitarsjóði.

38. gr.

Ákvæði um greiðslu kostnaðar.

Kostnaður við mælingar, loftljósmyndun og kortagerð skv. 6. og 31. gr. skiptist til helminga milli Skipulags- og byggingarstofnunar og hlutaðeigandi sveitarfélags eða sveitarfélaga.

Kostnaður við gerð skipulagsáætlana greiðist sem hér segir:

a. Kostnaður við gerð landsskipulags greiðist að fullu af viðkomandi stofnunum svo sem Vegagerð ríkisins, Póst- og símamálastofnun og Landsvirkjun eftir því sem við á í hverju tilviki.
b. Kostnaður við gerð svæðisskipulags greiðist af Skipulags- og byggingarstofnun ríkisins að öðru leyti en því að hlutaðeigandi sveitarfélög bera kostnað af starfi fulltrúa sinna í samvinnunefndum um svæðisskipulag.
c. Kostnaður við gerð aðalskipulags sveitarfélaga með færri en 700 íbúa greiðist að ¾ af Skipulags- og byggingarstofnun ríkisins og að ¼ af hlutaðeigandi sveitarfélagi samkvæmt fyrir fram gerðri áætlun og samningi hverju sinni.
d. Kostnaður við gerð aðalskipulags sveitarfélaga með fleiri en 700 íbúa greiðist að hálfu af Skipulags- og byggingarstofnun ríkisins og að hálfu af hlutaðeigandi sveitarstjórn samkvæmt fyrir fram gerðri áætlun og samningi hverju sinni.
e. Kostnaður við gerð deiliskipulags greiðist úr sveitarsjóði.
f. Nú annast sveitarstjórn gerð og reglulega endurskoðun aðalskipulags annaðhvort með eigin sérmenntuðum starfsmönnum eða sérmenntuðum ráðgjöfum á sviði skipulagsmála og er þá heimilt samkvæmt ákvörðun skipulagsstjórnar að greiða hlutaðeigandi sveitarsjóði árlega helming heildarkostnaðar sveitarstjórnar við skipulagsvinnuna, þó eigi hærri fjárhæð en nemur helmingi þeirra gjalda sem greiðast af gjaldskyldum eignum í sveitarfélaginu skv. 39. gr. enda er þá eigi um frekari greiðslur að ræða samkvæmt ákvæðum c–e-liða þessarar greinar.

39. gr.

Skipulagsgjald.

Til þess að standa straum af kostnaði og framkvæmd skipulags- og byggingarmála skal innheimta í ríkissjóð sérstakt gjald er nefnist skipulagsgjald. Skipulagsgjald nemur 3‰ — þremur af þúsundi — af endurstofnverði fasteignamats hverrar nýbyggingar sem reist er.

Skipulagsgjald fellur í gjalddaga þegar lokaúttekt mannvirkis hefur farið fram og hún hefur verið tilkynnt til innheimtumanns ríkissjóðs. Það hefur lögveð í eigninni og gengur fyrir öllum öðrum veðkröfum er á henni hvíla. Innheimta má gjaldið með lögtaki.

Auk skipulagsgjalds, sem um ræðir í 1. mgr., skal árlega greiða úr ríkissjóði til framkvæmda samkvæmt lögum þessum eigi lægri fjárhæð en sem nemur helmingi skipulagsgjalda næstliðins árs.

IV. KAFLI

Mannvirkjagerð.

40. gr.

Gildissvið ákvæða þessa kafla.

Ákvæði þessa kafla taka til hvers konar bygginga ofan jarðar og neðan og annarra mannvirkja sem áhrif hafa á umhverfið. Undanþegin ákvæðunum eru þó götur, vegir og brýr, flugbrautir, holræsi, dreifikerfi orku, vatns og fjarskipta svo og hafnarmannvirki og virkjunarmannvirki, enda séu þessi mannvirki byggð á vegum opinberra aðila og hönnun þeirra framkvæmd af sérfræðingum á viðkomandi sviði. Ákvæðin ná þó til varanlegra húsbygginga sem gerðar eru í tengslum við þessar framkvæmdir.

Mannvirki, sem undanþegin eru ákvæðum þessa kafla, skulu byggð í samræmi við skipulagsákvæði skv. III. kafla laga þessara. Óski skipulags- og byggingarfulltrúi þess skulu honum afhentir til varðveislu uppdrættir viðkomandi mannvirkja.

Leiki vafi á því, innan marka hvaða sveitarfélags mannvirki sé, úrskurðar ráðherra hvaða byggingaryfirvöld skuli fjalla um gerð mannvirkisins.

41. gr.

Byggingarreglugerð.

Ráðherra setur almenna byggingarreglugerð þar sem nánar er kveðið á um hin ýmsu fyrirmæli og reglur þessa kafla. Hin almenna byggingarreglugerð nær til landsins alls.

Í byggingarreglugerð skal mælt fyrir um hvernig háttað skuli undirbúningi, gerð, tæknilegum frágangi og viðhaldi bygginga og annarra mannvirkja sem lög þessi taka til. Í byggingarreglugerð skal kveðið á um þær kröfur sem gerðar eru varðandi m.a. undirstöður, byggingarefni, burðarþol, einangrun gegn kulda, raka og hávaða, loftræstingu, lagnir, birtu svo og um hollustuhætti og eldvarnir að því leyti sem ekki er kveðið á um slíkt annars staðar. Þá skulu í byggingarreglugerð vera ákvæði um þær lágmarkskröfur sem gerðar eru varðandi einstaka hluta byggingar og mismunandi tegundir bygginga, aðgengi hreyfihamlaðra, grenndarkynningu, aðstöðu og umgengi á vinnustöðum, gróður og frágang lóða. Enn fremur skal í byggingarreglugerð kveðið á um hönnunargögn og löggildingu hönnuða, viðurkenningu, réttindi og skyldur byggingarstjóra og iðnmeistara, hvernig háttað skuli byggingareftirliti, verksviði skipulags- og byggingarfulltrúa, gjöldum fyrir byggingarleyfi, mælingar, úttektir og vottorð sem skipulags- og byggingarfulltrúi lætur í té og hvernig þau skuli innheimt. Í byggingarreglugerð skal kveðið á um framkvæmd lokaúttektar.

Í byggingarreglugerð skal skýra orð og hugtök sem þar er fjallað um og orkað geta tvímælis, svo sem um stærðir og byggingarstig mannvirkja. Þar skal einnig vísað til gildandi íslenskra staðla um tæknilega útfærslu og fleira sem snýr að mannvirkjum og heimilt er að vísa til sérsviðssamninga, túlkunarskjala og samræmdra Evrópustaðla sem ráðherra hefur samþykkt að tillögu Iðntæknistofnunar Íslands og Staðlaráðs í tengslum við samstarf um stöðlun í Vestur-Evrópu milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Evrópubandalagsins og innan Evrópusamtaka um setningu staðla (CEN og CENELEC).

Sveitarstjórn getur sett staðbundna samþykkt með viðbótarreglum við þær er hin almenna byggingarreglugerð hefur að geyma. Þar má m.a. fjalla um sérstakar kröfur til byggingar vegna snjóflóða- eða jarðskjálftahættu, vegna friðunar eldri byggðar og trjágróðurs, um girðingar umhverfis lóðir og um uppsetningu auglýsingaskilta og um önnur atriði er ráðast af staðbundnum aðstæðum eða viðhorfum. Einnig má þar setja sérstök ákvæði um

atriði er varða staðbundna stjórn byggingarmála í sveitarfélaginu. Hafi sveitarfélög myndað byggðasamlag um eftirlit með skipulags- og byggingarmálum geta þau sameiginlega sett samþykkt samkvæmt þessari málsgrein.

Staðbundnar byggingarsamþykktir skal senda til staðfestingar ráðuneytis og að henni fenginni birta þær í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt skal kynna þær sérstaklega í viðkomandi sveitarfélagi.

42. gr.

Hlutverk skipulags- og byggingarnefnda.

Skipulags- og byggingarnefndir fara með skipulags- og byggingarmál undir yfirstjórn sveitarstjórna og ráðuneytis.

Óheimilt er að hefja gerð mannvirkja sem ákvæði kafla þessa ná til, sbr. 49. gr., án heimildar viðkomandi skipulags- og byggingarnefndar. Sama gildir um niðurrif mannvirkja.

Nefndin fjallar um leyfisumsóknir sem berast og gerir tillögu um endanlega úrlausn þeirra til viðkomandi sveitarstjórnar. Nefndin skal hafa eftirlit með því að hvarvetna í umdæmi hennar sé byggt í samræmi við samþykkt skipulag, lagaákvæði og reglugerðir um skipulags- og byggingarmál.

Heimilt er sveitarstjórn eða sveitarstjórnum að fela skipulags- og byggingarnefnd önnur störf á sviði skipulags- og byggingarmála svo sem að afgreiða endanlega ýmis leyfi um aðgerðir sem um er fjallað í hinni almennu byggingarreglugerð eða fyrir er mælt um í staðbundinni byggingarsamþykkt.

43. gr.

Fundir skipulags- og byggingarnefnda.

Skipulags- og byggingarnefnd skal halda reglulega fundi a.m.k. einu sinni í mánuði, svo framarlega sem erindi liggja fyrir til afgreiðslu. Nefndin skal halda gerðabók þar sem skráð eru móttekin erindi og hvaða afgreiðslu þau fá. Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

Nefndinni er skylt að rökstyðja synjanir á erindum sem nefndinni berast en ályktanir hennar skal bera undir sveitarstjórn til samþykktar eða synjunar á næsta fundi hennar eftir að skipulags- og byggingarnefnd hefur afgreitt mál frá sér. Hafi sveitarstjórn ekki tekið ályktun byggingarnefndar til afgreiðslu innan tveggja mánaða frá því að hún var gerð telst hún samþykkt.

Áður en leyfi er veitt fyrir nýbyggingu, viðbyggingu eða breytingu á húsi í þegar byggðu hverfi eða verulegri breytingu á notkun húss, skal nágrönnum, sem skipulags- og byggingarnefnd telur að hagsmuna eigi að gæta, gefinn kostur á að tjá sig um fyrirhugaða framkvæmd innan þess frests sem nefndin setur.

Rísi ágreiningur milli sveitarstjórnar og nefndarinnar um afgreiðslu máls getur skipulags- og byggingarnefnd vísað málinu til úrskurðar ráðherra sem þá sker úr að fenginni umsögn skipulagsstjórnar. Slíkur úrskurður getur þó aðeins tekið til formhliðar máls og lögmætis ákvörðunar.

Telji einhver rétti sínum hallað með ályktun nefndarinnar eða sveitarstjórnar er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðar ráðherra innan mánaðar frá því að honum varð kunnugt um ályktunina. Skal ráðherra þá kveða upp úrskurð sinn um ágreininginn innan tveggja mánaða að fenginni umsögn hlutaðeigandi sveitarstjórnar og skipulagsstjórnar, sem skila skulu umsögn sinni innan mánaðar frá því að þeim barst beiðni um hana.

Ráðherra er að kröfu kæranda heimilt að leggja fyrir skipulagsstjórn eða sveitarstjórn að láta stöðva framkvæmdir þar til úrskurður liggur fyrir og má fylgja þeirri stöðvun eftir með lögregluvaldi. Slík stöðvun má þó eigi standa lengur en í þrjá mánuði.

44. gr.

Sérhæft starfslið skipulags- og byggingarnefnda.

Skipulags- og byggingarfulltrúi skal hafa sérmenntun á tæknisviði frá háskóla eða tækniskóla. Hann skal hafa minnst tveggja ára starfsreynslu sem skipulags- og byggingarnefnd metur gilda.

Fáist ekki maður í stöðu skipulags- og byggingarfulltrúa sem fullnægi skilyrðum 1. mgr. má ráða í stöðuna tímabundið mann með minni menntun á sviði skipulags- eða byggingarmála og minnst tveggja ára starfsreynslu.

Staðgenglar skipulags- og byggingarfulltrúa skulu eftir því sem unnt er fullnægja skilyrðum 1. mgr. Skipulags- og byggingarnefnd skal ákveða þær náms- og reynslukröfur sem gerðar eru til annars starfsliðs.

Tilkynna skal Skipulags- og byggingarstofnun ríkisins um breytingar í stöðum skipulags- og byggingarfulltrúa.

Aðili, sem gegnir starfi skipulags- eða byggingarfulltrúa við gildistöku laga þessara, telst fullnægja settum menntunar- og reynslukröfum í skilningi þeirra meðan hann gegnir því starfi.

45. gr.

Störf skipulags- og byggingarfulltrúa.

Skipulags- og byggingarfulltrúi er framkvæmdastjóri skipulags- og byggingarnefndar. Hann veitir móttöku umsóknum og öðrum erindum sem berast til nefndarinnar. Hann undirbýr fundi hennar og þau mál sem þar verða fram lögð. Hann ákveður hvort mál skuli lagt fram sem fyrirspurn eða fullgild umsókn. Hann gengur úr skugga um að skipulagsuppdrættir séu í innbyrðis samræmi og að aðaluppdrættir að byggingum séu í samræmi við samþykktar skipulagsáætlanir.

Skipulags- og byggingarfulltrúi ákveður hvaða hönnunargögn skulu lögð fram vegna framkvæmdaleyfis. Hann gengur úr skugga um að þau séu í samræmi við þær reglur er gilda um viðkomandi framkvæmd og hann áritar uppdrætti um samþykkt á þeim. Hann gefur út byggingarleyfi, framkvæmdaleyfi, og leyfi til niðurrifs mannvirkja og annast eftirlit með því að allar framkvæmdir við byggingar og önnur mannvirki séu í samræmi við samþykkta uppdrætti. Hann annast úttektir einstakra þátta byggingarframkvæmda eftir því sem nauðsyn krefur svo og lokaúttekt fullbyggðs mannvirkis og gefur út vottorð þar um, allt eftir því sem nánar er kveðið á um í byggingarreglugerð.

Skipulags- og byggingarfulltrúi skal annast um að öll gögn, sem ákvarðanir skipulags- og byggingarnefndar eru byggð á, séu tryggilega varðveitt. Hann skal einnig annast skráningu fasteigna og önnur störf sem honum eru falin samkvæmt lögum og reglugerðum eða af sveitarstjórn.

46. gr.

Réttarstaða starfsmanna skipulags- og byggingarnefnda.

Starfsmönnum skipulags- og byggingarnefndar er óheimilt að leggja eigin uppdrætti að byggingu eða öðru mannvirki fyrir skipulags- og byggingarnefnd í hlutaðeigandi byggingarnefndarumdæmi nema sérstaklega standi á, enda hafi nefndin fyrirfram veitt samþykki sitt hverju sinni.

Nánari ákvæði um erindisbréf skipulags- og byggingarfulltrúa, verksvið hans og skyldur og réttarstöðu gagnvart byggingaryfirvöldum og byggingaraðilum skulu sett í byggingarreglugerð.

47. gr.

Eftirlit með byggingarframkvæmdum.

Meðlimum skipulags- og byggingarnefndar, skipulags- og byggingarfulltrúa og starfsmönnum hans skal heimill aðgangur að mannvirki sem er í byggingu til eftirlits með framkvæmdum.

Liggi rökstuddur grunur fyrir um að fullbyggðu mannvirki sé verulega áfátt með tilliti til ákvæða laga og reglugerða um byggingarmál skal skipulags- og byggingarfulltrúa og starfsmönnum hans heimill aðgangur þar til eftirlits. Slíkt eftirlit skal aðeins framkvæmt á almennum vinnutíma. Sé mannvirki verulega áfátt getur byggingarfulltrúi veitt aðila hæfilegan frest til úrbóta að viðlögðum dagsektum.

Nú er ásigkomulagi, frágangi, notkun, umhverfi eða viðhaldi húss eða annars mannvirkis þannig farið að verulega ábótavant sé eða hætta stafi af að dómi skipulags- og byggingarfulltrúa og skal hann þá gera eiganda (umráðamanni) þess aðvart og leggja fyrir hann að bæta úr því sem áfátt er.

Sinni eigandi (umráðamaður) ekki áskorun skipulags- og byggingarfulltrúa um úrbætur innan ákveðins frests, sem ekki má vera styttri en sex vikur, fer um málsmeðferð skv. 67. gr.

48. gr.

Kröfur til hönnunar og efnisvals.

Skipulags- og byggingarfulltrúa er heimilt þegar um vandasama hönnun er að ræða, að eigin mati, að óska eftir sérstökum prófreikningum hönnunar á kostnað byggjanda frá sérstökum prófhönnuðum, sem skipulags- og byggingarfulltrúi viðurkennir. Heimilt er ráðherra að gefa út sérstakar reglur um viðurkenningu prófhönnuða og kröfur sem til þeirra eru gerðar.

Telji skipulags- og byggingarfulltrúi ástæðu til getur hann krafið framleiðendur og byggingarefnissala um vottorð frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins eða hliðstæðum stofnunum um að timbur, steinsteypa, stál, bendistál og annað byggingarefni, byggingarhlutar og einingahús, sem viðkomandi hefur til sölu, standist gæðakröfur samkvæmt byggingarreglugerð og viðurkenndum gæðastöðlum.

Framleiðandi verksmiðjuframleiddra húseininga eða einingahúsa skal hafa reglubundið gæðaeftirlit með framleiðslunni og ber tíu ára ábyrgð á göllum sem fram kunna að koma á þessari vöru og rekja má til hönnunar hennar eða framleiðslu.

Skipulags- og byggingarfulltrúa er heimilt að krefjast sérstakra eftirlitsmanna þegar um byggingu meiri háttar mannvirkja er að ræða. Einnig getur hann krafist þess að hönnuðum sé falið eftirlit með byggingarframkvæmdum þegar um óvenjulega eða nýja byggingartækni er að ræða.

Skipulags- og byggingarfulltrúa er heimilt, telji hann ástæðu til, að krefjast álagsprófunar mannvirkis eftir að það hefur verið reist til staðfestingar burðarþoli. Standist mannvirkið ekki eðlilega álagsprófun skal skipulags- og byggingarfulltrúi gefa byggjanda ákveðinn frest til að gera nauðsynlegar umbætur. Að öðrum kosti getur hann látið bæta úr því sem áfátt er á kostnað byggjanda.

49. gr.

Byggingarleyfi.

Óheimilt er að grafa grunn, reisa hús, rífa hús, breyta því, burðarkerfi þess, formi, svipmóti eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki sem lög þessi taka til, nema að fengnu leyfi viðkomandi skipulags- og byggingarnefndar.

Sá sem óskar leyfis skv. 1. mgr. skal senda um það skriflega umsókn til hlutaðeigandi skipulags- og byggingarnefndar ásamt nauðsynlegum hönnunargögnum og skilríkjum, þar með talið samþykki meðeigenda ef um sameign er að ræða. Í byggingarreglugerð skal kveðið nánar á um hvaða önnur gögn skuli fylgja leyfisumsókn og hvernig frá umsókn og uppdráttum skuli gengið.

Skipulags- og byggingarfulltrúi getur veitt lóðarhafa heimild til að kanna jarðvegsgerð á byggingarlóð.

Í umfjöllun skipulags- og byggingarnefndar um niðurrif og breytingar á húsum og öðrum mannvirkjum skal gætt ákvæða V. kafla þjóðminjalaga, nr. 88/1989.

Framkvæmdir skv. 1 mgr. skulu ætíð vera í samræmi við ákvæði III. kafla laga þessara.

50. gr.

Staðfesting sveitarstjórnar.

Byggingarleyfi veitir heimild til nýbyggingar eða breytingar húss eða annars mannvirkis sem lög þessi taka til. Byggingarleyfið veitir ekki heimild til framkvæmda og takmarkast við samþykkta aðaluppdrætti og fylgigögn þeirra. Gefa má út byggingarleyfi þegar eftirtöldum skilyrðum hefur verið fullnægt:

1. Sveitarstjórn hefur staðfest samþykkt skipulags- og byggingarnefndar um veitingu byggingarleyfis og skipulags- og byggingarfulltrúi hefur áritað aðaluppdrætti.
2. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld svo sem tengigjöld og gatnagerðargjöld hafi verið greidd samkvæmt settum reglum eða um greiðslu þeirra samið.

Staðfesting skv. 1. tölul. fellur úr gildi hafi byggingarleyfi ekki verið gefið út innan 12 mánaða frá samþykkt sveitarstjórnar.

51. gr.

Skyldur sveitarfélags.

Þegar byggingarleyfi hefur verið gefið út fyrir nýbyggingu á skipulögðu svæði í þéttbýli er sveitarstjórn skylt að sjá um að götur, rafmagn, vatn og holræsi séu fyrir hendi, eftir því sem þörf er á, nema sérstakur fyrirvari hafi verið gerður á.

52. gr.

Framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdaleyfi veitir heimild til framkvæmda í samræmi við byggingarleyfi. Standi sérstaklega á má veita leyfi til einstakra þátta byggingarframkvæmda og takmarkast leyfið þá hverju sinni við samþykkt hönnunargögn. Framkvæmdaleyfi skal vera skriflegt og heimilt að gefa það út þegar eftirtöldum skilyrðum hefur verið fullnægt:

1. Byggingarfulltrúi hefur áritað burðarþols-, kerfis- og deiliuppdrætti.
2. Byggingarstjóri og iðnmeistarar hafa undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sína á leyfðum framkvæmdum.

Hvorki byggingarleyfi né framkvæmdaleyfi veitir heimild til aðgerða sem brjóta í bága við samþykkt skipulag og ákvæði laga og reglugerða eða rétt annarra.

53. gr.

Gildistími byggingar- og framkvæmdaleyfis.

Byggingarleyfi fellur úr gildi ef framkvæmdaleyfi hefur ekki verið gefið út og byggingarframkvæmdir hafnar innan 12 mánaða frá samþykkt sveitarstjórnar. Byggingarframkvæmdir teljast hafnar í þessu sambandi þegar undirstöður hafa verið gerðar.

Nú stöðvast byggingarframkvæmdir í eitt ár eða lengur og getur skipulags- og byggingarnefnd þá fellt úr gildi þann hluta framkvæmdaleyfisins sem ekki er farið að nota.

Hafi byggingarframkvæmdir stöðvast í tvö ár hið skemmsta getur sveitarstjórn að tillögu skipulags- og byggingarnefndar ákveðið málsmeðferð skv. 66. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að setja í byggingarskilmála strangari reglur um byggingarhraða.

54. gr.

Hönnunargögn.

Hönnunargögn bygginga og annarra mannvirkja, sem heyra undir þessi lög, greinast í uppdrætti og fylgiskjöl. Uppdrættir greinast í aðaluppdrætti, burðarþolsuppdrætti, kerfisuppdrætti og deiliuppdrætti. Til fylgiskjala heyra m.a. forsendur og útreikningar.

Aðaluppdrættir skulu gera grein fyrir svipmóti mannvirkis, innra skipulagi, skipulagi lóðar, staðsetningu, stærð og útliti og hvernig það fellur að næsta umhverfi og samþykktu deiliskipulagi.

Burðarþolsuppdrættir skulu gera grein fyrir burðarkerfi mannvirkis.

Kerfisuppdrættir skulu sýna eðli, fyrirkomulag og frágang innri sem ytri þjónustukerfa, svo sem brunavarnarkerfa og lagnakerfa svo og hvers konar boð-, stjórn- og rafkerfa.

Deiliuppdrættir gera nánar grein fyrir einstökum þáttum mannvirkja, innra skipulagi og skipulagi lóðar.

Í byggingarreglugerð skal kveða nánar á um kröfur varðandi hönnunargögn.

55. gr.

Áritun hönnuða.

Uppdráttur mannvirkis skal bera með sér hver hafi hannað.

Uppdráttur mannvirkis skal undirritaður af löggiltum hönnuði á því sviði sem við á. Hinn löggilti hönnuður tekur þar með á sig ábyrgð á að hannað sé í samræmi við lög og reglugerðir um byggingarmál.

Uppdráttur mannvirkis skal áritaður af löggiltum hönnuði sem tekið hefur að sér samræmingu þeirra uppdrátta sem mannvirkið verður byggt eftir. Hinn löggilti hönnuður tekur þar með á sig ábyrgð á að uppdráttur sé í samræmi við aðaluppdrætti og burðarþolshönnun.

Allir hönnuðir, sem leggja uppdrætti fyrir byggingarnefnd skv. 24. gr., skulu hafa ábyrgðartryggingu samkvæmt nánari ákvæðum í byggingarreglugerð.

56. gr.

Varðveisla uppdrátta.

Varðveita skal á öruggan hátt í skjalasafni viðkomandi skipulags- og byggingarfulltrúa a.m.k. eitt eintak af öllum samþykktum uppdráttum.

Uppdrættir, samþykktir og áritaðir af skipulags- og byggingarfulltrúa skulu ætíð liggja fyrir á byggingarstað og vera eftirlitsmönnum aðgengilegir.

57. gr.

Löggilding hönnuða.

Rétt til að leggja fram uppdrætti vegna byggingar- eða framkvæmdaleyfis hafa þeir sem til þess hafa hlotið löggildingu ráðherra. Þeir sem hlotið höfðu þennan rétt fyrir gildistöku þessara laga teljast einnig löggiltir hönnuðir.

Sérhver arkitekt, byggingarfræðingur, tæknifræðingur, verkfræðingur, innanhússhönnuður eða landslagshönnuður, sem sækir um löggildingu sem hönnuður samkvæmt lögum þessum, skal hafa hlotið heimild ráðherra til starfsheitis síns samkvæmt lögum nr. 73/1968.

Sérhver umsækjandi skal í námi hafa sérhæft sig á viðkomandi löggildingarsviði og öðlast starfsreynslu hjá löggiltum aðila á sviðinu. Starfsreynslutími skal ekki vera skemmri en þrjú ár, þar af minnst tvö ár hér á landi. Í vottorði um starfsreynslu skal gerð grein fyrir þeim verkefnum sem umsækjandi hefur unnið að á starfsreynslutímanum.

Sérhver umsækjandi skal hafa staðist próf í íslenskri skipulags- og byggingarlöggjöf ásamt tilheyrandi reglugerðum.

Ráðherra skipar, til fjögurrra ára í senn, nefnd þriggja manna sér til aðstoðar varðandi mat á sérnámi og starfsreynslu umsækjanda skv. 3. mgr., svo og framkvæmd og mat prófs skv. 4. mgr. Einn nefndarmanna skal tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Félag byggingarfulltrúa tilnefnir einn og einn skal skipaður án tilnefningar. Í reglugerð skal nánar kveðið á um mat á hæfni umsækjenda, framkvæmd prófs og um prófgjöld.

58. gr.

Löggilding á sérsviði.

Arkitektar geta hlotið löggildingu sem hönnuðir aðaluppdrátta. Sama gildir um byggingarverkfræðinga, byggingartæknifræðinga og byggingarfræðinga, enda hafi þeir öðlast a.m.k. fimm ára starfsreynslu.

Byggingarverkfræðingar og byggingartæknifræðingar geta hlotið löggildingu sem hönnuðir burðarþolsuppdrátta.

Verkfræðingar og tæknifræðingar með viðkomandi sérmenntun geta fengið löggildingu sem hönnuðir á hvers konar boðveitum, rafkerfum og raflögnum í mannvirkjum, vatns-, hita- og frárennsliskerfum, loftræstikerfum og lýsingarkerfum.

Arkitektar, byggingarfræðingar, verkfræðingar, tæknifræðingar, innanhússhönnuðir og landslagshönnuðir geta fengið löggildingu, sem hönnuðir deiliuppdrátta, hver á sínu sviði.

59. gr.

Umsjón með byggingarframkvæmdum.

Við stjórn framkvæmda við gerð hvers mannvirkis skal vera ábyrgur einstaklingur er nefnist byggingarstjóri. Byggingarstjórar geta orðið:

1. Húsasmíða- og múrarameistarar sem uppfylla skilyrði 60. gr.
2. Arkitektar, byggingarverkfræðingar, byggingartæknifræðingar og byggingarfræðingar sem hlotið hafa löggildingu skv. 57. og 58 gr.

Iðnmeistari við byggingu mannvirkis getur jafnframt verið byggingarstjóri.

Byggingarstjóri er framkvæmdastjóri byggingarframkvæmda. Hann ræður iðnmeistara í upphafi verks með samþykki eiganda eða samþykkir ráðningu þeirra. Samsvarandi gildir um uppsögn iðnmeistara. Að öðru leyti fer um umboð byggingarstjóra, verksvið hans og ábyrgð gagnvart eiganda byggingarframkvæmda eftir samningi þeirra á milli. Í byggingarreglugerð skulu vera nánari ákvæði um slíkan samning.

Byggingarstjóri skal hafa ábyrgðartryggingu samkvæmt nánari ákvæðum í sérstakri reglugerð sem ráðherra gefur út, sbr. 61. gr.

Byggingarstjóri ber ábyrgð gagnvart skipulags- og byggingarnefnd og öðrum aðilum á því að framkvæmdir séu í samræmi við samþykkta uppdrætti, lög og reglugerðir um byggingarmál. Hann gerir byggingarfulltrúa viðvart um lok úttektarskyldra verkþátta.

Áður en byggingarframkvæmdir hefjast skal byggingarstjóri undirrita yfirlýsingu um ábyrgð sína. Við lok framkvæmda staðfestir byggingarstjóri að byggt hafi verið í samræmi við samþykkta uppdrætti, lög og reglugerðir.

Hætti byggingarstjóri sem framkvæmdastjóri mannvirkjagerðar áður en verki er lokið skal það tilkynnt skipulags- og byggingarfulltrúa. Byggingarframkvæmdir skulu þá stöðvaðar uns nýr byggingarstjóri er ráðinn. Gera skal úttekt á þeim verkhluta sem lokið er og skal fráfarandi og aðkomandi byggingarstjóri undirrita hana ef þess er kostur ásamt skipulags- og byggingarfulltrúa.

Ábyrgð nýs byggingarstjóra gagnvart byggingarnefnd takmarkast við þá verkþætti sem unnið er að eftir að hann hefur störf.

60. gr.

Iðnmeistarar.

Iðnmeistari ber ábyrgð gagnvart eiganda byggingarframkvæmda á að þeir verkþættir, sem hann tekur að sér að hafa umsjón með, séu unnir í samræmi við viðurkennda verkhætti, samþykkta uppdrætti, lög og reglugerðir. Skal hann áður en hann kemur til verksins staðfesta ábyrgð sína fyrir skipulags- og byggingarnefnd.

Nefndin viðurkennir þá meistara í umdæmi sínu sem hún telur hæfa til þess að taka á sig ábyrgð á einstökum verkþáttum við byggingarframkvæmdir. Geta þeir iðnmeistarar, sem hafa fullgilt meistarabréf og hafa lokið prófi frá meistaraskóla, hlotið slíka viðurkenningu, enda séu þeir starfandi sem iðnmeistarar. Nánar skal kveðið á um menntun, starfsreynslu, réttindi og skyldur iðnmeistara í byggingarreglugerð.

Hætti iðnmeistari umsjón með framkvæmdum áður en verki er lokið skal byggingarstjóri sjá um að nýr iðnmeistari taki við störfum án tafar.

Framkvæmd við þá verkþætti, sem fráfarandi iðnmeistari bar ábyrgð á og hafði umsjón með, skulu stöðvaðar þar til nýr iðnmeistari hefur undirritað ábyrgðaryfirlýsingu. Skal gera úttekt á þeim verkþáttum er fráfarandi iðnmeistari hefur haft umsjón með og skal úttekt undirrituð bæði af fráfarandi iðnmeistara og hinum nýja, ef þess er kostur. Nýr iðnmeistari ber ábyrgð á þeim verkþáttum sem unnir eru eftir að hann tók við starfi.

Verði byggingarstjóri eða iðnmeistari uppvís að því að sinna ekki fullri umsjón með verkframkvæmd skal skipulags- og byggingarnefnd veita honum áminningu. Sé um ítrekaða eða alvarlega vanrækslu að ræða getur nefndin svipt hann viðurkenningu.

Ákvæði þessarar greinar hagga í engu réttindum og skyldum iðnmeistara samkvæmt iðnaðarlögum, nr. 42/1978.

61. gr.

Leyfisgjöld.

Í sérstakri reglugerð, sem ráðherra gefur út að fenginni tillögu Sambands íslenskra sveitarfélaga, skal kveðið á um byggingarleyfisgjöld, þ.e. gjöld fyrir leyfi til að reisa, stækka eða breyta byggingarmannvirki. Enn fremur skal þar kveðið á um gjöld fyrir útmælingu, eftirlit, úttektir og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té.

Gjöld skv. 1. mgr. renna í sveitarsjóð eða til byggðasamlags og skulu þau breytast í samræmi við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar eftir nánari ákvörðun sveitarstjórnar.

62. gr.

Greiðsla leyfisgjalda.

Í byggingarreglugerð skal kveðið á um innheimtu byggingarleyfisgjalda.

Verði vanskil á greiðslu byggingarleyfisgjalda getur skipulags- og byggingarfulltrúi neitað að gefa vottorð um viðkomandi mannvirki. Gjaldfallin gjöld má innheimta með lögtaki.

V. KAFLI

Viðurlög.

63. gr.

Framkvæmdir sem brjóta í bága við skipulag eða eru án leyfis.

Ef ákvæði skipulagsáætlunar eru brotin, byggingarframkvæmd hafin án þess að aeyfi sé fengið fyrir henni, ef byggt er á annan hátt en leyfi stendur til eða ef bygging er tekin til annarra nota en byggingar- og skipulagsnefnd hefur heimilað, varðar það sektum. Enn fremur getur skipulags- og byggingarfulltrúi fyrirskipað stöðvun slíkrar framkvæmdar tafarlaust og mælt fyrir um að jarðrask skuli fært í fyrra horf, að bygging eða byggingarhluti skuli fjarlægður og er lögreglu skylt að aðstoða við slíkar aðgerðir ef þörf krefur. Gera skal skipulags- og byggingarnefnd grein fyrir slíku máli svo fljótt sem við verður komið.

Með mál, sem upp koma samkvæmt grein þessari, skal fara með að hætti opinberra mála.

Sveitarsjóður á endurkröfu á byggingaraðila á öllum kostnaði sem hann hefur haft af ólöglegri mannvirkjagerð og á sveitarsjóður lögveð fyrir endurgreiðslukröfu sinni í öllu efni sem komið er í hina óleyfðu byggingarframkvæmd.

64. gr.

Úrræði skipulags- og byggingarnefndar gagnvart brotum hönnuða.

Ef hönnuður, sem fengið hefur löggildingu skv. 57. eða 58. gr., leggur fyrir skipulags- og byggingarnefnd uppdrátt þar sem brotið er í bága við ákvæði laga þessara, skipulagsáætlunar eða reglugerðar settri samkvæmt þeim, getur nefndin veitt honum áminningu. Hafi nefndin veitt hönnuði áminningu skal tilkynna ráðherra um það. Sama gildir ef um ítrekað brot er að ræða og ef nefndin telur reynslu sýna að hönnuður sé óhæfur til þess að leggja uppdrætti fyrir skipulags- og byggingaryfirvöld til samþykktar.

Ráðherra getur veitt hönnuði áminningu og við ítrekað brot svipt hann löggildingu skv. 57. eða 58. gr. um tiltekinn tíma eða fyrir fullt og allt. Áður en ráðherra tekur ákvörðun um sviptingu löggildingar skal hann leita umsagnar hönnuðar og nefndar þeirrar sem fyrir er mælt um í 57. gr.

65. gr.

Úrræði skipulags- og byggingarnefndar gagnvart brotum byggingarstjóra og iðnmeistara.

Ef byggingarstjóri eða iðnmeistari, sem ábyrgð ber á byggingarframkvæmdum, brýtur ákvæði laga, reglugerða eða samþykkta um skipulags- og byggingarmálefni, getur skipulags- og byggingarnefnd veitt honum áminningu.

Ef brot er ítrekað eða alvarlegt, getur skipulags- og byggingarnefnd svipt hann viðurkenningu skv. 59. eða 60. gr.

66. gr.

Refsiábyrgð.

Ef hönnuður, byggingarstjóri eða iðnmeistari gerast sekir um alvarleg brot á lögum þessum eða reglugerðum og samþykktum settum samkvæmt þeim varðar það sektum og skal um slík mál fara að hætti opinberra mála. Í refsimáli skal gefa sveitarstjórn kost á að bera fram endurgjaldskröfu sem sveitarsjóður hefur haft vegna brotsins.

67. gr.

Aðgerðir til að knýja fram úrbætur.

Ef aðili sinnir ekki fyrirmælum skipulags- og byggingarfulltrúa eða skipulags- og byggingarnefndar innan þess frests sem sveitarstjórn setur getur hún ákveðið dagsektir þar til úr verður bætt. Hámark dagsekta skal ákveðið í byggingarreglugerð. Dagsektir renna í sveitarsjóð. Skjóta má slíkum málum til dómstóla.

Skipulags- og byggingarnefnd getur látið vinna verk sem hún hefur lagt fyrir að unnið skyldi á kostnað þess sem vanrækt hefur að vinna verkið.

Dagsektir og kostnað skv. 1. og 2. mgr. má innheimta með lögtaki.

VI. KAFLI

Gildistökuákvæði.

68. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1990. Jafnframt falla þá úr gildi skipulagslög, nr. 19 21. maí 1964, með síðari breytingum, og byggingarlög, nr. 54. 16. maí 1978.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr. laganna um skipunartíma skipulagsstjóra eiga eigi við um þann sem gegnir starfinu við gildistöku laga þessara.

II.

Ákvæði laga þessara skulu ekki hafa áhrif á viðurkenningu byggingaryfirvalda til handa iðnmeisturum og byggingarstjórum sem viðurkenndir eru til þess að standa fyrir framkvæmdum hver á sínu sviði við gildistöku laganna.

III.

Á meðan varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna, sbr. lög nr. 110/1951, er í gildi fer utanríkisráðherra með yfirstjórn skipulags- og byggingarmála á auglýstum varnarsvæðum í samræmi við ákvæði laga nr. 106/1954 og gegnir þeim störfum varðandi skipulags- og byggingarmál á þeim svæðum sem falin eru ráðherra samkvæmt lögum þessum. Ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim eiga við um skipulags- og byggingarmál á varnarsvæðum eftir því sem við getur átt, en í stað skipulags- og byggingarnefnda samkvæmt lögum þessum skipar utanríkisráðherra fimm manna nefnd, sem fer með skipulags- og byggingarmál fyrir varnarsvæðin.

Skipulags- og byggingarnefnd varnarsvæða skal í starfi sínu hafa náið samráð við Skipulags- og byggingarstofnun ríkisins og forsvarsmenn þeirra sveitarfélaga sem hlut geta átt að máli og ráðherra leita umsagna skipulagsstjórnar eftir því sem við á.

Utanríkisráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra skipaði 12. apríl 1989. Var nefndinni falið að semja frumvarp til laga sem næði bæði til skipulags- og byggingarmála og hafa við það hliðsjón af fyrirliggjandi frumvörpum um hvorn málaflokk um sig.

Í nefndinni áttu sæti: Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri, formaður, Sigurgeir Sigurðsson bæjarstjóri, Guðmundur G. Þórarinsson alþingismaður og Guðrún Helgadóttir alþingismaður.

Með nefndinni störfuðu Stefán Thors skipulagsstjóri og Hólmfríður Snæbjörnsdóttir deildarlögfræðingur sem var ritari nefndarinnar.

Frumvörp þau, sem vísað var til í skipunarbréfi nefndarinnar, eru í fyrsta lagi frumvarp til skipulagslaga frá því í júní 1986. Var það samið af starfshópi undir forsæti Hallgríms Dalbergs ráðuneytisstjóra. Það var lagt fyrir Alþingi veturinn 1986-1987, en varð þá ekki útrætt. Haustið 1987 var starfshópi falið að yfirfara frumvarpið í ljósi athugasemda og breytingartillagna sem fyrir lágu og hafði starfshópurinn gert nokkrar breytingar á frumvarpinu er hann lauk störfum hinn 18. nóvember 1987.

Í öðru lagi var vísað til frumvarps til byggingarlaga sem samið var af nefnd er félagsmálaráðherra skipaði hinn 11. ágúst 1987. Var Stefán Thors formaður nefndarinnar. Nefndin skilaði frumvarpinu ásamt athugasemdum við það til ráðherra hinn 8. mars 1988.

Í umfjöllun um framangreind frumvörp hafa komið fram skiptar skoðanir um ýmis atriði þeirra. Þá var á það bent að eðlilegra væri að fjalla um skipulags- og byggingarmál í sömu lögum, enda væri hér um verkefni að ræða sem á margan hátt séu samslungin. Í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi hafa t. d. skipulags- og byggingarlög verið felld í einn lagabálk á síðustu árum. Ráðherra féllst á þau sjónarmið að æskilegt væri að sameina lagaákvæði um skipulags- og byggingarmál í einum lagabálki, jafnframt því sem stefnt væri að því að samræma meðferð þessara mála jafnt hjá sveitarstjórnum og hjá Skipulagi ríkisins. Þá óskaði ráðherra einnig eftir því að nefndin íhugaði þær athugasemdir sem komið hafa fram við efni frumvarpanna frá ýmsum aðilum, ekki síst frá sveitarstjórnum og samtökum þeirra.

Lög um skipulagsmál voru fyrst sett hér á landi árið 1921. Á þeim voru gerðar breytingar á árunum 1926, 1932 og 1938. Lögin voru leyst af hólmi af núgildandi skipulagslögum, nr. 19 frá 1964, en á þeim hafa verið gerðar breytingar á árinu 1972, 1974 og 1978.

Lög um byggingarmál eru nr. 54 frá 1978 og tóku þau gildi 1. janúar 1979. Þau komu í stað nokkurra laga og tilskipana frá eldri tíð þar sem heimild var veitt til þess að stofna byggingarnefndir og setja staðbundnar byggingarsamþykktir, en meginbreytingin, sem gerð var með lögunum, er sú að samkvæmt þeim var sett byggingarreglugerð sem gildir fyrir landið allt. Upphaflega reglugerðin er nr. 292/1979, en á henni hafa nokkrum sinnum verið gerðar breytingar.

Kröfur til skipulags byggðar og um gæði bygginga hafa aukist mikið á síðustu árum jafnframt því sem þekking á skipulagsmálum hefur aukist mikið. Tekið er tillit til fleiri sjónarmiða við gerð skipulagsáætlana sem fjalla um heildarbyggð hvers sveitarfélags og einnig við gerð skipulagsáætlana sem gilda fyrir afmarkaða hluta byggðarinnar. Það sjónarmið er nú ríkjandi að með vönduðum skipulagsáætlunum megi bæta lífsumhverfi þjóðarinnar og spara jafnt heimilum, atvinnulífi og opinberum aðilum mikinn kostnað. Stærstur hluti þéttbýlis hér á landi á sér ekki langan aldur og stærstur hluti íbúðar- og atvinnuhúsnæðis hefur risið á

síðustu fimm áratugum. Á næstu áratugum má reikna með aukinni áherslu á endurnýjun eldri byggðahverfa jafnframt því sem auknar kröfur verða gerðar til vandaðs undirbúnings við skipulagningu nýrra hverfa. Þá verður væntanlega lögð mun meiri áhersla á gerð svæðisskipulags eftir því sem byggð landsmanna þéttist og setja þarf ný ákvæði í löggjöf sem stuðla að lausn deilumála sem upp kunna að koma um skipulagsáætlanir á mörkum sveitarfélaga.

Á sama hátt og aukin áhersla er nú lögð á vandaðar skipulagsáætlanir hafa kröfur til bygginga aukist mikið með aukinni velmegun og tæknikunnáttu þjóðarinnar. Gerðar eru strangar kröfur til styrkleika og endingar bygginga og jafnframt til innra skipulags og ytra umhverfis þeirra. Byggingar eiga að veita gott skjól gegn óblíðri veðráttu, þær eiga að stuðla að góðu heilsufari og ánægjulegu samfélagi. Byggingarnar þurfa að standast jarðskjálfta og útlit þeirra þarf að falla að heildaryfirbragði viðkomandi byggðahverfis.

Óhætt er að fullyrða nýbyggingar hér á landi séu nú með þeim vönduðustu, sem þekkjast, enda þótt enn megi þar betur gera.

Frumvarp þetta er samið með það í huga að meðferð skipulags- og byggingarmála verði einfölduð og það staðfestir frumkvæði og ábyrgð sveitarfélaga í þessum málaflokkum. Frumvarpið afmarkar verksvið Skipulags ríkisins á nýjan hátt og breytir nafni þessi og hlutverki. Það fjallar einnig um rétt einstaklinga og lögaðila við skipulagsaðgerðir og veitir þeim kost á hraðvirkri úrskurðarleið í deilumálum.

Frumvarpið skiptist í sex kafla, en þeir eru í fyrsta lagi almenn ákvæði, í öðru lagi ákvæði um stjórn skipulags- og byggingarmála, í þriðja lagi ákvæði um skipulag byggðar, í fjórða lagi ákvæði um mannvirkjagerð, í fimmta lagi ákvæði sem hafa að geyma viðurlög og í sjötta lagi eru ákvæði um gildistöku laganna o.fl.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Um 1. gr.

Í fyrstu grein, sem er nýmæli, er gerð grein fyrir þeim markmiðum sem liggja að baki lagasetningunni. Þetta er m.a. gert til þess að leggja áherslu á þær faglegu kröfur sem gerðar eru til áætlunargerðar og hönnunar á sviði skipulags- og byggingarmála.

Um 2. gr.

Í greininni eru skilgreind helstu hugtök um skipulagsmál sem notuð eru í frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að önnur hugtök, sem fyrir koma í lögunum, verði nánar útskýrð í reglugerð eftir því sem ástæða þykir til.

Um II. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um stjórn skipulags- og byggingarmála. Samkvæmt núgildandi skipulagslögum er það hlutverk skipulagsstjórnar að samþykkja tillögu að skipulagi, sem skipulagsstjóri hefur gert, og senda hana til viðkomandi sveitarstjórnar til umsagnar. Þannig hefur frumkvæði og ábyrgð á gerð skipulagsáætlana fyrst og fremst verið skipulagsstjórnar og skipulagsstjóra að forminu til þótt sveitarfélögin hafi á síðari árum í raun tekið til sín frumkvæði og framkvæmd á þessu sviði í auknum mæli.

Með frumvarpinu er sú breyting lögð til að frumkvæði og forræði varðandi gerð skipulagsáætlana verði ótvírætt fært til sveitarstjórna. Skipulagsáætlanir um þróun og mótun

byggðar eru stjórntæki sveitarstjórnar og því er eðlilegt að þau taki við því hlutverki, jafnframt því sem þau tryggi eftirlit með því að mannvirkjagerð falli að skipulagsáætlunum og þeim almennu gæðakröfum sem gerðar eru til bygginga á hverjum tíma.

Um 3. gr.

Í greininni er ákveðin sú verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga að gerð og framkvæmd svæðisskipulags, aðalskipulags og deiliskipulags sé í höndum sveitarstjórna. Gerð og framkvæmd landsskipulags sé hins vegar á vegum ríkisins (ríkisstofnana), enda er þar um að ræða skipulag framkvæmda sem ná til margra sveitarfélaga og skipulagssvæða.

Um 4. gr.

Hér er fjallað um stjórn og eftirlit sveitarfélaga á sviði skipulags- og byggingarmála. Í flestum stærri sveitarfélögum landsins eru nú starfandi sérstakar skipulagsnefndir sem eru ráðgjafarnefndir sveitarstjórna. Þær styðjast við almenn ákvæði sveitarstjórnarlaga, en í gildandi skipulagslögum eru hins vegar engin ákvæði um slíkar nefndir. Í gildandi byggingarlögum er hins vegar ákvæði um að í hverju sveitarfélagi skuli eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar kjósa byggingarnefnd, þó þannig að nágrannasveitarfélög geti haft samvinnu um kosningu svæðisbyggingarnefndar. Slík svæðisbyggingarnefnd hefur aðeins verið kosin á einu svæði, þ.e. í Eyjafirði.

Þar sem tvær nefndir eru starfandi á sviði skipulags- og byggingarmála er verkaskipting þeirra sú að byggingarnefnd fjallar um einstök byggingarleyfi sem sótt er um á grundvelli gildandi skipulagáætlunar, en skipulagsnefnd fjallar um gerð og breytingar á skipulagsáætlunum og veitir umsagnir um hvort tilteknar framkvæmdir séu í samræmi við skipulagsáætlun. Þar sem ekki hafa verið kosnar sérstakar skipulagsnefndir hafa byggingarnefndir fjallað um skipulagsmál.

Samkvæmt frumvarpinu geta þær sveitarstjórnir í þéttbýlissveitarfélögum, sem kosið hafa tvær nefndir haft þá skipan áfram svo og aðrar sveitarstjórnir tekið hana upp, en meginreglan er hins vegar sú að hafa skal eina nefnd er fjalli bæði um skipulagsmál og byggingarmál.

Sveitarfélag með 700 íbúa eða fleiri skal hafa skipulags- og byggingarnefnd og er heimilt að stofna sameiginlega nefnd með nágrannasveitarfélagi eða félögum.

Sveitarfélögum með færri en 700 íbúa er hins vegar skylt að stofna byggðasamlag samkvæmt sveitarstjórnarlögum með öðrum sveitarfélögum um skipulags- og byggingarmál, þar á meðal með stofnun sameiginlegrar nefndar sveitarfélaganna og með ráðningu sameiginlegs starfsliðs. Með þessu móti er stefnt að því að tryggja faglega umfjöllun og markvisst eftirlit á sviði skipulags- og byggingarmála í öllum sveitarfélögum landsins.

Um 5. gr.

Greinin skýrir sig sjálf, en þar er vitnað til stofnunar, stjórnar og framkvæmdastjóra sem nánar er gerð grein fyrir í 6.–8. gr. Yfirstjórn skipulags- og byggingarmála hefur verið hjá félagsmálaráðuneytinu, en nú eru komnar fram tillögur um að flytja þann málaflokk til umhverfismálaráðuneytis sem stofnað yrði.

Um 6. gr.

Í þessari grein er lögð til nafnbreyting á Skipulagi ríkisins, en í núverandi nafni stofnunarinnar þykir ekki felast rétt ábending um starfsvið hennar. Í samræmi við útvíkkað starfssvið hennar og aukna áherslu á hlutverk hennar varðandi byggingartæknileg atriði, er lagt til að hún heiti framvegis Skipulags- og byggingarstofnun ríkisins. Hlutverk hennar er síðan nánar skilgreint í greininni. Meðal annars er það nýmæli tekið upp að stofnunin skuli beita sér fyrir rannsóknum á sviði skipulags- og byggingarmála og eftirlits-, ráðgjafar- og leiðbeiningarhlutverk hennar er undirstrikað.

Um 7. gr.

Í þessari grein er skipan skipulagsstjórnar breytt og hlutverk hennar nánar skilgreint en áður. Felld er niður seta tiltekinna embættismanna í stjórninni, en hún á sér sögulegar ástæður. Þegar skipulagslög voru fyrst sett árið 1921 var húsameistari ríkisins eini háskólamenntaði arkitekt landsins, en vegamálastjóri einn af örfáum verkfræðingum. Það þótti því heillaráð að lögfesta setu þeirra í skipulagsnefnd ríkisins, eins og skipulagsstjórn þá hét, auk prófessorsins í heilbrigðisfræðum við Háskóla Íslands, Guðmundar Hannessonar, sem sýnt hafði skipulagsmálum sérstakan áhuga. Með breytingu á lögunum árið 1938 var ákveðið að vitamálastjóri, sem jafnframt var hafnarmálastjóri landsins, skyldi eiga sæti í nefndinni í stað prófessorsins er þá hafði náð aldurshámarki starfsmanna ríkisins. Með setningu núgildandi laga var svo nafni nefndarinnar breytt í „Skipulagsstjórn ríkisins“ og stjórnarmönnum fjölgað í fimm þannig að auk fyrrgreindra embættismanna sitja í stjórninni tveir menn til viðbótar, sem skipaðir eru af ráðherra, þar af annar samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Ekki þarf að taka fram að aðstæður eru nú gjörbreyttar frá setningu fyrstu laganna um skipulagsmál hvað snertir sérfræðiþekkingu á sviði skipulags- og byggingarmála og þróun undanfarinna ára hefur gengið í þá átt að embættismenn sitji ekki í nefndum og ráðum með hliðstætt hlutverk og hér um ræðir.

Lagt er til að í skipulagsstjórn sitji fimm menn, sem er óbreytt frá núverandi skipan, og að fulltrúarnir séu allir skipaðir af ráðherra, en með hliðsjón af því að sveitarfélögin hafa samkvæmt frumvarpinu meginhlutverki að gegna á sviði skipulags- og byggingarmála er lagt til að í stjórninni sitji þrír fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveir fulltrúar skipaðir án tilnefningar.

Í skilgreiningu á hlutverki skipulagsstjórnar kemur m.a. fram að hún skuli fjalla um stjórn og skipulag Skipulags- og byggingarstofnunar ríkisins og um starfs- og rekstraráætlanir fyrir hana og gera tillögur um þau efni til ráðherra eftir því sem ástæða er til eða eftir er leitað.

Af hálfu sveitarstjórnarmanna hefur stundum komið fram að skipulagsstjórn sé óþörf og fela eigi sveitarstjórnum alfarið að fara með stjórn skipulags- og byggingarmála. Nefndin sem frumvarpið samdi er hins vegar þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að hafa þann hátt á yfirstjórn þessara mála, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, sökum nauðsynjar á faglegum eftirlits- og úrskurðaraðila og þörfinni á því að móta samræmda málsmeðferð hjá hinum 213 sveitarstjórnum landsins.

Um 8. gr.

Hér eru lagðar til þær breytingar varðandi skipun í embætti skipulagsstjóra að tekið er fram að hann skuli hafa sérmenntun á sviði skipulags- og byggingarmála, en í núgildandi lögum eru ekki gerðar sérstakar menntunarkröfur. Jafnframt er gerð sú breyting að hann skuli skipaður til sex ára í senn, en nú gildir æviráðning um skipun í embættið.

Um III. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um skipulag byggðar og er hann byggður á efni þess frumvarps til nýrra skipulagslaga sem áður er getið og jafnframt tekið tillit til ýmissa athugasemda, sem borist hafa um frumvarpið.

Um 9. gr.

Greinin er í samræmi við gildandi lög að öðru leyti en því að efnistaka og jarðrask eru lögð að jöfnu við byggingarframkvæmdir og kveðið er á um að sé aðalskipulag ekki fyrir hendi þurfi samþykki sveitarstjórnar og skipulagsstjórnar fyrir gerð samgöngumannvirkja, dreifikerfis orku, vatns- og fjarskipta svo og orkuvera. Einnig eru þau sérákvæði er gilda um lögbýli þrengd á þann hátt að þau gilda aðeins um byggingar sem tengjast búvöruframleiðslu og þau gilda ekki um kirkjustaði.

Um 10. gr.

Í 13. gr. gildandi skipulagslaga eru taldir upp ýmsir þættir skipulagsáætlana sem kveða á nánar um í reglugerð, þar á meðal um að öldruðu og fötluðu fólki sé gert auðvelt að komast leiðar sinnar o.s.frv. Kröfur til skipulagsáætlana hafa verið að þróast og þær taka breytingum í tímans rás. Því þykir ekki heppilegt að telja upp einstök atriði, sem taka á tillit til í lögunum, en hins vegar verði kveðið á um tæknilega útfærslu skipulagsáætlana í reglugerð.

Um 11., 12. og 13. gr.

Efnislega eru þessar þrjár greinar frumvarpsins í samræmi við 17. og 18. grein núgildandi skipulagslaga, en nýmæli eru ákvæði 11. gr. um að gera skuli aðalskipulag fyrir öll sveitarfélög landsins og ákvæði um hvernig staðið skuli að kynningu aðalskipulags fyrir íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Samkvæmt gildandi lögum er einungis krafist aðalskipulags fyrir þéttbýlisstaði, en breyttir þjóðfélagshættir hafa í för með sér þörf á aðalskipulagi fyrir öll sveitarfélög. Má þar nefna staðsetningu orlofsbyggða, iðnreksturs og þjónustumiðstöðva í strjálbýli. Við mótun þessara greina frumvarpsins hefur verið leitast við að einfalda málsmeðferð frá þeim tillögum sem komið hafa fram í fyrri tillögum til nýrra skipulagslaga.

Kynningu, auglýsingu, afgreiðslu og staðfestingu aðalskipulagsáætlunar samkvæmt frumvarpingu má skipta niður í fimm áfanga:

1. Greinargerð um forsendur.

Áður en gerð eða endurskoðun aðalskipulags er hafin, lætur sveitarstjórn semja greinargerð um helstu forsendur og markmið sem stefnt er að. Efni greinargerðarinnar er kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum og þeim gefinn kostur á að tjá sig innan þriggja vikna.

2. Kynning á afstöðu sveitarstjórnar. Opnir fundir.

Sveitarstjórn og starfslið hennar vinna úr innkomnum athugasemdum og lætur vinna tillögu að aðalskipulagi á grundvelli þeirrar úrvinnslu. Þegar tillaga liggur fyrir er hún kynnt á opnum fundi eða fundum.

3. Heimild til auglýsingar.

Með hliðsjón af þeim athugasemdum og ábendingum sem fram kunna að hafa komið við tillögurnar er hún endurskoðuð eftir því sem ástæða þykir til og síðan lögð fyrir sveitarstjórn til samþykktar. Samþykki sveitarstjórn tillöguna er hún send skipulagsstjórn með ósk um heimild til þess að auglýsa hana samkvæmt lögum. Skipulagsstjóri og samstarfsmenn hans fara yfir tillöguna og leggja síðan tillögu fyrir skipulagsstjórn um meðferð málsins. Samþykki skipulagsstjórn heimild til auglýsingar, er tillagan auglýst til sýnis í fjórar vikur og tekið fram að þeir sem ekki geri athugasemdir teljist samþykkja hana.

4. Afgreiðsla skipulagsstjórnar.

Að loknum fresti til að skila inn athugasemdum fjallar sveitarstjórn um aðalskipulagstillöguna á nýjan leik ásamt því að taka afstöðu til þeirra athugasemda sem kunna að hafa borist. Aðalskipulagstillagan ásamt athugasemdum og afgreiðslu sveitarstjórnar er síðan send skipulagsstjórn með ósk um að tillagan verði afgreidd til ráðherra til staðfestingar.

5. Staðfesting.

Sjái skipulagsstjórn enga galla á afgreiðslu sveitarstjórnar sendir hún tillöguna til staðfestingar ráðherra og fallist ráðherra á þá tillögu er birt um það auglýsing í Stjórnartíðindum. Þar með fær aðalskipulagsáætlunin stöðu reglugerðar sem skylt er að fara eftir.

Geri skipulagsstjórn tillögu til ráðherra um synjun á staðfestingu aðalskipulagstillögu skal það nánar rökstutt í greinargerð og skal ráðherra leita umsagnar sveitarstjórnar áður en hann tekur ákvörðun í málinu.

Um 14. gr.

Ákvæði 1. mgr. er efnislega í samræmi við 20. gr. gildandi skipulagslaga.

Ákvæði 2. mgr. er nýmæli, en það veitir ráðherra heimild til að fresta staðfestingu á aðalskipulagi fyrir ákveðið landsvæði vegna almannahagsmuna eða vegna ósamræmis milli skipulagsáætlana aðliggjandi sveitarfélaga.

Um 15. gr.

Ákvæði um endurskoðun skipulagsáætlana hafa ekki verið í skipulagslögum, en í skipulagsreglugerð hafa verið ákvæði um að eigi sjaldnar en á fimm ára fresti skuli aðalskipulag tekið til endurskoðunar. Hér er um lykilatriði að ræða ef aðalskipulagsáætlun á að vera virkt stjórntæki sveitarstjórna og eðlilegt þykir að ákvæði um reglubundna endurskoðun sé að finna í skipulagslögunum sjálfum.

Um 16. gr.

Þessi grein er samhljóða 2. og 3. mgr. 19. gr. núgildandi skipulagslaga. Nauðsynlegt er að hafa slíkt ákvæði í því skyni að hægt sé að gera minni háttar breytingar án þess að með þær þurfi að fara skv. 11.–13. gr. Við framkvæmd aðalskipulags koma oft upp tilvik þar sem breyta þarf minni háttar atriðum.

Um 17. gr.

Hér er fjallað um deiliskipulag, þar skilgreint og tiltekið í aðalatriðum til hvaða þátta það skuli ná. Hér er um að ræða lágmarkskröfur, en deiliskipulag getur tekið til fleiri atriða. Mikilvægt er að sveitarstjórnir setji ekki strangari skipulagsskilmála en raunhæft er að staðið

verði við. Kveðið er á um að tekið skuli sérstakt tillit til sérþarfa barna, fatlaðra og aldraðra við gerð deiliskipulagsáætlunar og að gætt skuli ákvæða um húsafriðun sem nú er að finna í nýjum þjóðminjalögum.

Samsvarandi ákvæði hafa verið í skipulagsreglugerð, en réttara þykir að þau séu í skipulagslögum.

Um 18. gr.

Eins og getið er um í inngangi þessara athugasemda er núverandi byggð landsmanna tiltölulega ung, en í vaxandi mæli munu koma upp hugmyndir um endurnýjun á skipulagi eldri hverfa í því skyni að bæta umhverfi þeirra og húseignir og að ná fram bættri nýtingu á þeim þjónustustofnunum sveitarfélaga sem þegar eru risnar. Mikilvægt er því að í skipulagslögum séu lögfestar verklagsreglur um gerð skipulagsáætlana fyrir eldri hverfi.

Í 23.–25. gr. núgildandi laga eru ákvæði um framkvæmd skipulags eldri hverfa, en á þau ákvæði hefur aldrei reynt. Þar er m.a. mælt fyrir um stofnun félags þeirra eigenda eða umráðamanna sem hagsmuna eiga að gæta við endurbyggingu byggingarreits. Ákvæðin þykja ófullkomin og ekki til þess fallin að leysa þau vandamál sem óhjákvæmilega koma upp við endurskipulagningu eldri hverfa.

Samkvæmt frumvarpinu er horfið frá félagsstofnun og reiknað með því að eftir að sveitarstjórn hefur kannað hvort æskilegt sé að fram fari endurnýjun tiltekins bæjarhluta þannig að skipulag hans fullnægi kröfum nýrra skipulagsákvæða, sem gerðar eru, boði sveitarstjórn til fundar með eigendum, sem málið varðar, og láti síðan í framhaldi af því gera drög að deiliskipulagstillögu. Einnig er sveitarstjórn veitt eignarnámsheimild til þess að auðvelda framkvæmd á samþykktu skipulagi fyrir eldri hverfi.

Í 11. gr. frumvarpsins er ákvæði um að þar sem saman fari húsaþyrpingar sem æskilegt er talið að vernda og aðrar sögulegar og menningarlegar minjar skuli gera áætlun um hverfisvernd. Fyrir svæði sem hljóta hverfisvernd þarf að gera verndunarskipulag auk þess sem gera þarf grein fyrir þeim húsum sem falla undir V. kafla þjóðminjalaga nr. 88/1989.

Um 19. gr.

Þessi grein er efnislega í samræmi við 30. gr. gildandi skipulagslaga. Sú breyting er þó gerð að verði sveitarstjórn við tilmælum landeiganda um að land hans verði skipulagt sem byggingarlóðir láti hann sveitarfélaginu endurgjaldslaust af hendi ⅓ hluta þess lands sem heimildin nær til. Samkvæmt gildandi ákvæðum skal landeigandi láta af hendi ⅓ af heildarflatarmáli þeirra byggingarlóða sem heimildin nær til, en reynslan sýnir að það er allsendis ófullnægjandi.

Það á þó ekki við um orlofs- og sumarbústaðasvæði og því er bætt við ákvæði um að þar skuli landeigandi láta af hendi endurgjaldslaust land það sem nauðsynlegt er til sameiginlegra þarfa eða notenda orlofsbústaðanna.

Um 20. gr.

Um kynningu deiliskipulags hafa ekki verið sérstök ákvæði í lögum en sama regla hefur verið látin gilda hvað það varðar og um aðalskipulag væri að ræða. Hér er gerð deiliskipulags einfölduð. Hana skal hafa til sýningar fyrir almenning í þrjár vikur og jafnframt skal auglýsa eftir athugasemdum innan fimm vikna frá birtingu auglýsingar um sýninguna. Senda skal tillöguna Skipulags- og byggingarstofnun ríkisins til kynningar.

Um 21. gr.

Hér er fjallað um meðferð á deiliskipulagstillögu eftir að frestur til að gera athugasemdir við hana er liðinn. Deiliskipulag tekur ekki gildi fyrr en það hefur verið samþykkt af sveitarstjórn við seinni umræðu og jafnframt verið áritað af Skipulags- og byggingarstofnun ríkisins til staðfestingar því að það sé í samræmi við staðfest aðalskipulag, lög og aðrar reglur. Þá er í greininni mælt fyrir um meðferð máls ef stofnunin synjar samþykki á deiliskipulagstillögu.

Um 22. gr.

Eftir að gerð og meðferð deiliskipulagstillagna hefur verið einfölduð svo sem að framan greinir kunna að koma upp tilvik þar sem sveitarstjórn kann að vilja festa deiliskipulag sérstaklega í sessi, t.d. í sambandi við miðbæjarskipulag, sem mikið hefur verið lagt í, en sem langan tíma mun taka að framkvæma. Í frumvarpinu er því lagt til að sveitarstjórn geti óskað eftir því að deiliskipulagið verði staðfest af ráðherra og fær það þá sömu meðferð og um aðalskipulagstillögu væri að ræða, þ.e. tryggt er að allar breytingar á skipulaginu fái mjög ítarlega umfjöllun. Slík meðferð deiliskipulagstillögu er áskilin þegar um er að ræða deiliskipulag fyrir eldri hverfi í þéttbýli, enda fær sveitarfélag þá sérstakar eignarnámsheimildir og einnig ef um er að ræða deiliskipulag lands í einkaeign og einhverjir eigenda óska þess.

Hafi deiliskipulagsáætlun verið staðfest af ráðherra fer um breytingar á henni sem um aðalskipulag væri að ræða.

Um 23. gr.

Í þessari grein er fjallað um breytingar á samþykktu deiliskipulagi og er þar um nokkra einföldun að ræða frá þeim reglum sem nú gilda. Auglýst skal eftir athugasemdum við breytinguna og skal sveitarstjórn við aðra umræðu í sveitarstjórn taka afstöðu til innsendra athugasemda. Breytingin er síðan send Skipulags- og byggingarstofnun ríkisins og fær þar sömu meðferð og við gerð deiliskipulags.

Um 24. gr.

Með vaxandi byggð, nýjum og fullkomnum samgönguæðum og nýjum viðhorfum á sviði atvinnumála hefur skapast þörf fyrir gerð skipulags er nái yfir heilt hérað eða nokkur sveitarfélög í senn. Ákvæði um svæðisskipulag eru í 3. og 12. gr. núgildandi skipulagslaga, og hefur talsvert verið unnið eftir þeim. Hér er gert ráð fyrir að nágrannasveitarfélög óski sameiginlega eftir því að gert verði svæðisskipulag til þess að samræma þróun byggðar og aðalskipulag sveitarfélaga á svæðinu. Síðan er í greininni gerð tillaga að verklagsreglum um gerð svæðisskipulagsins og skýra þær sig sjálfar. Svæðisskipulag skal háð staðfestingu ráðherra og skal það endurskoðað á átta ára fresti ef tillögur um slíkt koma fram í sveitarstjórn á svæðinu. Staðfest svæðisskipulag hefur sama gildi og staðfest aðalskipulag og verður því að taka tillit til þess við gerð eða breytingar á aðalskipulagsáætlun.

Um 25. gr.

Ágreiningur um aðalskipulag á mörkum sveitarfélaga hefur reynst erfiður úrlausnar og því þykir nauðsynlegt að lögfest verði skýr ákvæði um það hvernig með verði farið. Er skipulagsstjórn falið að leysa málið með því í fyrsta lagi að beina því til viðkomandi

sveitarstjórna að þær geri með sér samkomulag um málið innan tiltekins frests. Ef það leiðir ekki til lausnar á deilunni getur skipulagsstjórn gert tillögu að svæðisskipulagi sem nær yfir mörk sveitarfélaganna og er nánar mælt fyrir um meðferð tillögunnar í greininni. Framangreind heimild skipulagsstjórnar mundi væntanlega leggja þrýsting á sveitarstjórnir að ná viðunandi niðurstöðu í málinu með samningum sín á milli.

Um 26. gr.

Fjölmargar stofnanir ríkisins hafa framkvæmdir á sinni könnu sem ná til landsins alls. Nauðsynlegt er að samræmis sé gætt milli áætlana um þessar framkvæmdir og skipulagsáætlana sveitarfélaga. Því er í greininni mælt fyrir um að Skipulags- og byggingarstofnun skuli beita sér fyrir gerð landsskipulags á ýmsum sviðum, en nefna má að gerð samgöngumannvirkja, aðflutningsæða við orkudreifingu og fjarskiptalagnir getur lagt kvaðir á skipulagsáætlanir sveitarfélaga.

Um 27. gr.

Hér er fjallað um ákvörðun á legu opinberra mannvirkja sem ná yfir fleiri en eitt sveitarfélag. Nauðsynlegt er að ákveðnar verklagsreglur komist á um slíkar ákvarðanir. Samkvæmt frumvarpinu skal staðfesta slíka legu og hún hafa sama gildi og staðfest aðalskipulag.

Um 28. gr.

Grein þessi er nýmæli og fjallar um úrræði skipulagsstjórnar ef sveitarstjórnir láta undir höfuð leggjast að ganga frá tillögu að aðalskipulagi.

Um 29. gr.

Greinin fjallar um ábyrgð sveitarstjórna á því að byggt sé í samræmi við gildandi skipulag og um eftirlit skipulagsstjóra og starfsmanna Skipulags- og byggingarstofnunar ríkisins með því að farið sé eftir réttum reglum að þessu leyti ásamt úrræðum þeirra til að knýja fram rétta framkvæmd.

Um 30. gr.

Greinin er sambærileg við 6. gr. núgildandi skipulagslaga, en orðalag einfaldað.

Um 31. gr.

Greinin samsvarar 7.–9. grein núgildandi laga og skýrir sig sjálf.

Um 32. gr.

Greinin samsvarar 32. gr. núgildandi laga, en er ítarlegri.

Um 33. gr.

Greinin samsvarar 31. gr. núgildandi laga, en er ítarlegri.

Um 34. gr.

Greinin samsvarar 26. gr. núgildandi laga, en er ítarlegri.

Um 35. gr.

Greinin samsvarar 27. og 28. gr. núgildandi laga, en bætt er við heimild til þess að taka eignarnámi efnisnámur sem nauðsynlegar eru til framkvæmda á staðfestum og samþykktum skipulagsáætlunum.

Um 36. gr.

Hér er fjallað um ákvörðun eignarnámsbóta fyrir óbyggt land, en ekki er fjallað um það efni í núgildandi skipulagslögum. Nefndin sem frumvarpið samdi telur að skortur á skýrum reglum um þetta atriði hafi leitt af sér verulegt ósamræmi í ákvörðun eignarnámsbóta á liðnum árum og er greinin sett til þess að bæta þar úr. Nefndin telur rökrétt að miða beri við verð á sambærilegu landi á almennum markaði og hver arður af viðkomandi landspildu hefur verið við eðlilega notkun fram að eignarnámi landsins. Ekki beri að miða eignarnámsbætur við ætlað framtíðarverð landsins vegna aðgerða eignarnámstaka og án kostnaðar fyrir eignarnámsþola.

Um 37. gr.

Hér er fjallað um skaðabætur til eigenda fasteigna vegna röskunar sem framkvæmd skipulagsáætlunar hefur fyrir þá. Er um sambærileg ákvæði að ræða og nú eru lögfest í 29. gr. skipulagslaga.

Um 38. gr.

Um þetta efni er fjallað í 33. og 34. gr. núgildandi laga. Í frumvarpinu er lagt til að settar séu skýrari reglur um kostnaðarskiptingu vegna skipulagsmála og jafnframt er hér um nokkrar breytingar að ræða frá núgildandi skipan.

Lagt er til að kostnaður við landsskipulag greiðist að viðkomandi stofnunum svo sem Vegagerð ríkisins eða Pósti og síma, en kostnaður við svæðisskipulag greiðist að mestu af Skipulags- og byggingarstofnun ríkisins.

Lagt er til að Skipulags- og byggingarstofnun ríkisins greiði ¾ kostnaðar við gerð aðalskipulags ef sveitarfélag hefur færri en 700 íbúa, en ½ kostnaðar ef íbúafjöldi er hærri en 700 hvort tveggja samkvæmt fyrir fram gerðri áætlun og samþykki hverju sinni. Sveitarsjóðir greiða það sem á vantar.

Lagt er til að kostnaður við gerð deiliskipulags greiðist úr sveitarsjóði.

Þá er lagt til að heimilt sé að greiða sveitarstjórn, sem annast gerð og reglulega endurskoðun aðalskipulags með eigin sérmenntuðum starfsmönnum eða með samningi við sérmenntaða ráðgjafa, helming heildarkostnaðar sveitarstjórnar við skipulagsvinnuna, þó eigi hærri fjárhæð en nemur helmingi þeirra skipulagsgjalda, sem greiðast í sveitarfélaginu, enda komi þá ekki til greiðslur samkvæmt öðrum liðum sem greint er frá hér að framan.

Um 39. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að skylt sé að leggja á skipulagsgjald, en samkvæmt núgildandi lögum er það aðeins heimild ráðherra til slíkrar álagningar. Heimildin hefur hins vegar verið notuð frá upphafi og er álagningarprósenta óbreytt samkvæmt frumvarpinu. Þá er lagt til að ríkissjóður greiði árlega framlag til skipulagsmála sem nemi eigi lægri fjárhæð en sem nemur helmingi skipulagsgjalda næstliðins árs. Er þetta óbreytt fyrirkomulag frá núgildandi lögum.

Um IV. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um mannvirkjagerð og er hann í meginatriðum sniðinn eftir því frumvarpi til nýrra byggingarlaga sem vísað var til í skipunarbréfi nefndarinnar.

Um 40. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 1. gr. núgildandi byggingarlaga. Að gefnu tilefni er þó tekið fram að auk vega séu brýr undanþegnar ákvæðum laganna og því bætt við að mannvirki undanþegin ákvæðum laganna skuli byggð á vegum opinberra aðila og undir eftirliti sérfræðinga. Þá er því einnig bætt við núgildandi ákvæði að óski byggingarfulltrúi þess skuli honum afhentir til varðveislu uppdrættir viðkomandi mannvirkis. Þessu er bætt við greinina til að tryggja möguleika á virku byggingareftirliti.

Mörk sveitarfélaga eru sums staðar óviss í óbyggðum og hafa komið upp mál þar sem deilur hafa risið um það í hvaða sveitarfélagi tiltekin byggingarframkvæmd sé. Því er kveðið á um það í greininni að leiki vafi á því innan marka hvaða sveitarfélags mannvirki sé úrskurði ráðherra hvaða byggingaryfirvöld skuli fjalla um gerð mannvirkisins.

Um 41. gr.

Fyrri hluti þessar greinar (1. og 2. mgr.) er að mestu leyti samhljóða 4. gr. gildandi byggingarlaga. Þær viðbætur eru þó gerðar að í byggingarreglugerð skuli vera ákvæði um mismunandi tegundir bygginga, grenndarkynningu, aðstöðu og umgengni á vinnustöðum, gróður og frágang lóða, hönnunargögn og réttindi og skyldur byggingarstjóra og iðnmeistara.

Vegna aukins samstarfs um setningu staðla á ýmsum tæknilegum sviðum milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Evrópubandalagsins og innan samtakanna CEN og CENELEC er í 3. mgr. sú viðbót að auk þess að í byggingarreglugerð skuli vísað til gildandi íslenskra staðla um tæknilega útfærslu og fleiri atriði, sem varða mannvirkjagerð, sé heimilt að vísa til sérsviðssamninga, túlkunarskjala og samræmdra Evrópustaðla að tillögu Iðntæknistofnunar Íslands, en í tengslum við hana starfar svokallað Staðlaráð Íslands sem kemur fram fyrir hönd Íslendinga í samstarfinu um samræmingu staðla. Unnið er að gerð frumvarps til laga um staðlamál hér á landi þar sem staða staðlaráðsins verður nánar skilgreind. Við endanlega afgreiðslu frumvarps þessa þarf að taka tillit til þeirrar skipanar sem ákveðin verður í þeim lögum.

Í 4. mgr. er kveðið á um að sveitarstjórn geti sett staðbundna samþykkt með viðbótarreglum við hina almennu reglugerð. Þetta er gert til þess að koma til móts við kröfur sem stafa af sérstökum staðháttum svo sem vegna hættu á snjóflóðum eða jarðskjálfta, vegna friðunar eldri byggðar og trjágróðurs, girðinga umhverfis lóðir, uppsetningu auglýsingaskilta o.fl.

Um 42. gr.

Hlutverk skipulags- og byggingarnefnda verður víðtækara en byggingarnefndanna samkvæmt núgildandi byggingarlögum því auk þess að fjalla um byggingarmál og gera tillögur til sveitarstjórnar um afgreiðslu þeirra fjallar nefndin um stefnumörkun í skipulagsmálum og gerð skipulagsáætlana.

Um 43. gr.

Þessi grein er að mestu samhljóða 8. gr. núgildandi byggingarlaga með þeirri breytingu að nánari ákvæði eru um afgreiðslu mála í skipulags- og byggingarnefnd og málsmeðferð þegar

óskað er úrskurðar ráðherra um ágreining milli sveitarstjórnar og nefndarinnar um afgreiðslu máls. Nýmæli er að skýrt er kveðið á um að slíkur úrskurður taki aðeins til formhliðar máls og lögmætis ákvörðunar, enda kemur ráðherra hér í stað stjórnsýsludómstóls en ekki í stað stjórnvalds, sbr. 1. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

Lagt er til í frumvarpinu að frestur til málskots til ráðherra sé styttur úr þremur mánuðum í einn mánuð og að frestur ráðherra til að kveða upp úrskurð sé styttur úr þremur mánuðum í tvo mánuði. Umsagnaraðilar, sem ráðherra leitar til, skulu skila áliti sínu innan mánaðar. Þessar breytingar eru lagðar til í því skyni að stytta réttaróvissu sem oft getur orðið kostnaðarsöm.

Þá er það nýmæli að ráðherra er heimilt að kröfu kæranda og að fenginni umsögn skipulagsstjórnar að leggja fyrir skipulags- og byggingarnefnd að stöðva þar framkvæmdir, sem kæra fjallar um, þó ekki lengur en í þrjá mánuði.

Um 44. gr.

Í 21. gr. gildandi byggingarlaga eru gerðar þær kröfur að byggingarfulltrúi skuli vera arkitekt, byggingarfræðingur, byggingartæknifræðingur eða byggingarverkfræðingur. Í strjálbýli er heimilt að ráða búfræðikandidat úr tæknideild búnaðarháskóla í stöðu byggingarfulltrúa. Í frumvarpinu eru gerðar þær almennu kröfur til skipulags- og byggingarfulltrúa að hann skuli hafa sérmenntun á tæknisviði frá háskóla eða tækniskóla og hann skuli hafa minnst tveggja ára starfsreynslu sem skipulags- og byggingarnefnd tekur gilda. Fáist ekki maður í stöðuna með fullnægjandi menntun er þó heimilt að ráða tímabundið mann með minni menntun.

Um 45. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 22. gr. gildandi byggingarlaga. Gerður er greinarmunur á byggingarleyfi og framkvæmdaleyfi og er hann nánar skýrður í athugasemdum við 52. gr. frumvarpsins.

Um 46. gr.

Þessi grein er að mestu samhljóða 6. mgr. 12. gr. gildandi byggingarlaga og kveður á um að skipulags- og byggingarfulltrúa og starfsmönnum hans sé óheimilt að gera uppdrætti að byggingu eða öðru mannvirki í hlutaðeigandi umdæmi nema sérstaklega standi á, enda hafi nefndin þá fyrirfram veitt leyfi sitt hverju sinni. Ástæður þessa eru augljóslega þær að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og óeðlileg vinnubrögð við framkvæmd opinbers eftirlits.

Um 47. gr.

Þessi grein er í aðalatriðum samhljóða 25., 26. og 27. gr. gildandi byggingarlaga.

Um 48. gr.

Greinin er nýmæli og liður í hertu byggingareftirliti. Er skipulags- og byggingarfulltrúa veitt heimild til þess í sérstökum tilvikum að óska eftir prófreikningum hönnunar frá sérstökum prófhönnuðum, en þar er um að ræða viðurkennda sérfræðinga á sviði hönnunar, t.d. varðandi styrkleika bygginga gagnvart jarðskjálftum. Er gert ráð fyrir að ráðherra geti

gefið út sérstakar reglur um viðurkenningu slíkra prófhönnuða og um kröfur sem til þeirra eru gerðar, en dæmi eru um slíkt fyrirkomulag í nágrannaríkjum okkar.

Þá er í greininni einnig heimild til að krefja framleiðendur og byggingarefnissala um vottorð frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins eða hliðstæðum stofnunum um að söluvörur þeirra standist gæðakröfur byggingarreglugerðar, krefjast má sérstakra eftirlitsmanna með framkvæmdum við meiri háttar mannvirkjagerð og krefjast má álagsprófunar mannvirkis eftir að það hefur verið reist.

Um 49. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 1., 2. og 3. mgr. 9. gr. og 11. gr. gildandi byggingarlaga. Bætt hefur verið við ákvæði um að skipulags- og byggingarfulltrúi geti heimilað lóðarhafa könnun jarðvegsgerðar á byggingarlóð þótt framkvæmdaleyfi sé ekki fengið. Þetta er gert m.a. til að koma til móts við þörf á upplýsingum um jarðveg sem nota þarf við hönnun mannvirkis.

Um 50. gr.

Þessi grein er í aðalatriðum samhljóða 4., 5., 7. og 8. mgr. 9. gr. gildandi byggingarlaga. Ákvæði um yfirlýsingu um ábyrgð á framkvæmdum er fært í 52. gr. þessa frumvarps. Byggingarleyfi veitir ekki heimild til framkvæmda jafnvel þótt það hafi verið staðfest í sveitarstjórn, þar þarf framkvæmdaleyfi einnig að koma til, sbr. 52. gr.

Um 51. gr.

Greinin er samhljóða 10. gr. í gildandi byggingarlögum.

Um 52. gr.

Greinin er nýmæli. Byggingarleyfi, sem veitt er út á aðaluppdrætti, veitir ekki heimild til framkvæmda, heldur þarf einnig að koma til sérstakt framkvæmdaleyfi, en það tryggir að fullnægjandi burðarþols-, kerfis- og deiliuppdrættir hafi verið gerðir og að byggingarstjóri og iðnmeistarar hafi verið ráðnir til verksins og að þeir hafi undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sína á leyfðum framkvæmdum.

Í undantekningartilvikum er þó heimilt að veita framkvæmdaleyfi til einstakra þátta byggingarframkvæmda eins og til dæmi til þess að grafa grunn eða hefja steypuvinnu þótt mannvirkið hafi ekki verið fullhannað í smáatriðum.

Um 53. gr.

Greinin fjallar um það hvenær byggingarleyfi falli úr gildi og er hún að mestu samhljóða núgildandi 15. gr. byggingarlaga. Þær breytingar eru lagðar til að byggingarleyfi falli úr gildi ef framkvæmdaleyfi hefur ekki verið gefið út og byggingarframkvæmdir hafnar innan 12 mánaða frá samþykkt sveitarstjórnar.

Um 54. gr.

Greinin ásamt fjórum næstu greinum um hönnunargögn er nýmæli og kemur í stað 12. gr. í gildandi byggingarlögum, sem er um margt óljóst varðandi uppdrætti og löggildingu hönnuða. Í gildandi lögum eru nefndir aðaluppdrættir og séruppdrættir án þess að fram komi

átt. Þá er í sömu grein tekið fram að rétt til að gera aðaluppdrætti og séruppdrætti af húsum og öðrum mannvirkjum geti hlotið arkitektar, byggingafræðingar, tæknifræðingar og verkfræðingar hver á sínu sviði, án þess að viðkomandi svið séu skilgreind.

Í þessari grein frumvarpsins eru hönnunargögn skilgreind sem uppdrættir og fylgiskjöl. Uppdrættir eru síðan greindir í aðaluppdrætti, burðarþolsuppdrætti, kerfisuppdrætti og deiliuppdrætti. Þessar fjórar ólíku gerðir uppdrátta eru skilgreindar og tekið fram að kröfur varðandi hönnunargögn verði nánar settar fram í byggingarreglugerð.

Um 55. gr.

Tvær fyrstu málsgreinar þessarar greinar um áritun á uppdrætti og ábyrgð á þeim eru í samræmi við 4. og 5. mgr. 12. gr. gildandi byggingarlaga.

Í 3. mgr. er hins vegar það nýmæli lagt til að uppdráttur skuli áritaður af löggiltum hönnuði sem tekið hefur að sér samræmingu þeirra uppdrátta, sem mannvirkið verður byggt eftir, en um það eru ákvæði í gildandi byggingarreglugerð.

Í 4. mgr. er það nýmæli lagt til að hönnuðir sem leggja uppdrætti fyrir byggingarnefnd skuli hafa ábyrgðartryggingu sem nánar sé mælt fyrir um í byggingarreglugerð. Sambærileg ákvæði hafa á síðustu árum verið lögfest í nýrri löggjöf varðandi fasteignasala og verðbréfasala, en markmið þeirra er að tryggja að viðskiptavinir geti sótt skaðabætur til sjálfstætt starfandi aðila sem valda þeim tjóni með mistökum í starfi sínu.

Um 56. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 7. mgr. 12. gr. gildandi laga, en leitast er við að gera orðalag ótvíræðara.

Um 57. gr.

Greinin er í samræmi við 1. mgr. 12. gr. gildandi laga, en sú breyting er gerð á orðalagi að í stað „gera uppdrátt“ kemur „leggja fram uppdrátt“.

Skilgreint er almennt hvaða skilyrðum hönnuðir þurfa að fullnægja áður en þeir geta öðlast rétt til löggildingar. Hönnuðir þurfa að hafa hlotið heimild ráðherra til starfsheitis, sérhæft sig á viðkomandi sviði og öðlast starfsreynslu hjá löggiltum aðila. Meginreglan er sú að umsækjendur þurfa að hafa þriggja ára starfsreynslu. Þá skal umsækjandi hafa staðist próf í íslenskri skipulags- og byggingarlöggjöf ásamt tilheyrandi reglugerðum.

Til að aðstoða ráðherra við mat á sérnámi og starfsreynslu og framkvæmd og mat prófs er lagt til að ráðherra skipi prófnefnd til fjögurra ára í senn. Felld er niður krafa um umsögn stéttarfélaga og skipulagsstjórnar.

Um 58. gr.

Greinin er nýmæli, en í henni er skilgreint nánar hverjir geti hlotið löggildingu sem hönnuðir og þá til hvaða uppdráttagerðar. Varðandi aðaluppdrætti er lagt til að sú regla sé viðhöfð að löggildingu geti hlotið arkitektar. Byggingarfræðingar, byggingartæknifræðingar og byggingarverkfræðingar geti einni hlotið löggildingu til aðaluppdráttar enda hafi þeir öðlast fimm ára starfsreynslu í starfi hjá löggiltum aðila á því sviði.

Lagt er til að byggingartæknifræðingar og byggingarverkfræðingar geti hlotið löggildingu sem hönnuðir burðarþolsuppdrátta enda hafi þeir sérhæft sig á því sviði og hlotið starfsreynslu í starfi hjá löggiltum aðila á sama sviði.

Lagt er til að tæknifræðingar og verkfræðingar geti hlotið löggildingu sem hönnuðir kerfisuppdrátta enda hafi þeir sérhæft sig á því sviði og hlotið starfsreynslu í starfi hjá löggiltum aðila á sama sviði.

Innanhússhönnuðir og landslagshönnuðir hafa ekki áður verið nefndir í byggingarlöggjöf og hafa því hvorki þurft eða getað hlotið löggildingu. Báðar starfsstéttir hafa nú fengið lögverndun á starfsheiti sínu og gilda um þá sams konar reglur og þær starfsstéttir sem áður eru upp taldar í grein þessari. Lagt er til að innanhússhönnuðir geti fengið löggildingu til að leggja fram deiliuppdrætti að innra skipulagi bygginga og að landslagshönnuðir geti fengið löggildingu til að leggja fram deiliuppdrætti að skipulagi lóðar.

Um 59. gr.

Í þessari grein og í 60. gr. er fjallað um sama efni og nú er fjallað um í 16.–19. gr. byggingarlaga. Hertar eru til muna kröfur um byggingarstjórn og er sett það skilyrði að við gerð hvers mannvirkis skuli vera einn ábyrgur aðili, sem nefnist byggingarstjóri, en um það er aðeins heimildarákvæði í gildandi lögum. Tekið er fram hverjir geti orðið byggingarstjórar, en frá setningu núgildandi laga árið 1978 hefur þeim aðilum mjög fjölgað sem uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til byggingarstjóra samkvæmt frumvarpinu.

Ákvæði um verksvið byggingarstjóra er samhljóða 17. gr. núgildandi laga, en nýmæli er að í byggingarreglugerð skuli kveðið á um samning milli byggingarstjóra og eiganda byggingarframkvæmda. Þá er það einnig nýmæli að byggingarstjóri skuli hafa ábyrgðartryggingu og vísast um það efni til athugasemda við 55. gr.

Ákvæði um ábyrgð byggingarstjóra er að mestu samhljóða 1. mgr. 18. gr. núgildandi laga. Bætt er við ákvæði um að byggingarstjóri skuli við lok framkvæmda staðfesta að byggt hafi verið í samræmi við samþykkta uppdrætti, lög og reglugerðir.

Í greininni eru einnig ákvæði um hvernig staðið skuli að málum ef byggingarstjóri hættir áður en verki er lokið, þ.e. með úttekt á þeim verkhluta sem lokið er og samþykki fráfarandi og aðkomandi byggingarstjóra.

Um 60. gr.

Í þessari grein, sem er nýmæli, er fjallað um ábyrgð iðnmeistara gagnvart eiganda byggingarframkvæmda og skipulags- og byggingarnefnd og hverjir geti hlotið viðurkenningu skipulags- og byggingarnefndar til að taka á sig slíka ábyrgð.

Ákvæði eru um það hvernig staðið skuli að málum ef iðnmeistari hættir áður en verki er lokið, þ.e. með úttekt á þeim verkhluta sem lokið er og með samþykki fráfarandi og aðkomandi iðnmeistara.

Ákvæði um meint brot byggingarstjóra eða iðnmeistara er efnislega í samræmi við 33. gr. núgildandi laga. Verði byggingarstjóri eða iðnmeistari uppvís að því að sinna ekki umsjónarskyldu sinni með framkvæmd verks getur skipulags- og byggingarnefnd svipt hann viðurkenningu sinni fyrirvaralaust.

Um 61. og 62. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða VII. kafla núgildanda byggingarlaga.

Um V. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um ábyrgð aðila og viðurlög við brotum á lögum þessum og reglugerðum sem settar eru í samræmi við þau.

Um 63. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 31. gr. núgildandi byggingarlaga að öðru leyti en því að hún nær einnig til atriða er varða skipulagsáætlanir.

Um 64. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 32. gr. núgildandi byggingarlaga að breyttu breytanda.

Um 65. gr.

Í þessari grein er fjallað um heimild skipulags- og byggingarnefnda til þess að beita áminningum og sviptingu löggildingar ef byggingarstjórar eða iðnmeistarar gerast sekir um brot á ákvæðum laga og reglugerða um skipulags- og byggingarmál.

Um 66. gr.

Hér er fjallað um refsiábyrgð hönnuða, byggingarstjóra og iðnmeistara.
Með slík mál skal farið að hætti opinberra mála.

Um 67. gr.

Hér er fjallað um aðgerðir skipulags- og byggingaryfirvalda til þess að knýja fram úrbætur með beitingu dagsekta eða með því að láta vinna verk á kostnað þess sem vanrækt hefur að vinna verkið.

Um VI. kafla.

Um 68. gr.

Gildistökuákvæðið er samið með hliðsjón af því að í júnímánuði 1990 taka nýjar sveitarstjórnir við starfi í sveitarfélögum landsins.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði I og II skýra sig sjálf, en ákvæði laganna eru ekki afturvirk.

Ákvæði III er sett til þess að ákvarða nánar meðferð skipulags- og byggingarmála á varnarsvæðum. Samkvæmt lögum nr. 106, 17. desember 1954 skal sá ráðherra, er falin er framkvæmd varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna er löggiltur var með lögum nr. 110/1951, fengin meðferð málaflokka á varnarsvæðum, sem ella eru fengnir öðrum ráðherrum til meðferðar. Í lögunum er ekki getið um hlutverk sveitarstjórna þeirra sveitarfélaga sem hafa varnarsvæði innan marka sinna.

Af gefnu tilefni þykir rétt að setja í frumvarpið ótvíræð ákvæði um þetta efni sem segja má að séu í samræmi við þá skipan mála er tekin var upp með setningu reglugerðar nr. 75 frá 15. mars 1982 um skipulagsmál á varnarsvæðunum. Samkvæmt reglugerðinni skipar utanríkisráðherra fimm manna nefnd er fer með skipulags- og byggingarmál innan varnarsvæðanna og skal hún í starfi sínu hafa samráð við skipulagsstjórn ríkisins og fyrirsvarsmenn viðkomandi sveitarfélaga.

Sþ. **496. Fjárlög** [1. mál]

fyrir árið 1990.

(Afgreidd frá Sþ. 22. des.)

A-HLUTI
Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana

1. gr.

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

Rekstrarreikningur	Þús. kr.	Þús. kr.
Tekjur		**91 544 900**
Beinir skattar	16 390 000	
Óbeinir skattar	68 732 300	
Fjármunatekjur, vextir	4 205 000	
Aðrar tekjur	2 217 600	
Gjöld:		
Rekstrarliðir		**85 942 968**
Samneysla	41 645 649	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	39 669 378	
- Sértekjur stofnana	-4 497 059	
Fjármagnsgjöld, vextir	9 125 000	
Jöfnuður		5 601 932
Fjárfesting		**9 288 545**
Stofnkostnaður	5 090 075	
Fjármagnstilfærslur	4 198 470	
Gjöld umfram tekjur		**3 686 613**
Lánahreyfingar		
Afborganir		2 220 000
Afborganir af teknum lánum	5 700 000	
- Innheimtar afborganir af veittum lánum	-3 480 000	
Veitt lán		2 350 000
Til B-hluta ríkissjóðs	2 350 000	
Hluta- og stofnfjárframlög		160 000
Viðskiptareikningar		560 000
Útstreymi umfram innstreymi	560 000	
Íslandsdeild fjallaði um bréf frá upplýsingastofu Háskóla Íslands um nám erlendis. Tilefni bréfsins var að íslenskir námsmenn, sem sótt hafa um inngöngu í háskóla í Svíþjóð, hafa í auknum mæli fengið synjun. Íslandsdeild lýsti á fundinum áhyggjum vegna þessarar þróunar. Ólafur G. Einarsson minnti á að hann hefði borið fram fyrirspurn á 37. þingi Norðurlandaráðs um möguleika þess að sömu reglur yrðu látnar gilda fyrir íslenska og danska stúdenta, sem sæktu um skólavist í Danmörku, og að svar danska menntamálaráðherrans hefði verið jákvætt, en þó ekki falið í sér neitt loforð um úrbætur. Íslandsdeild ákvað að beina þeim tilmælum til menntamálaráðherra Íslands að hann leitaði lausnar á vandamáli þessu á fyrirhuguðum fundi með menntamálaráðherra Svíþjóðar og að málinu yrði auk þess fylgt eftir í Norðurlandaráði.

Haldinn var á vegum Íslandsdeildar undirbúningsfundur fyrir ráðstefnu forsætisnefndar Norðurlandaráðs um mengun sjávar sem haldin var í Kaupmannahöfn 16.–18. október. Þá

ráðstefnu sóttu fulltrúar 15 þjóðþinga í Evrópu og Kanada. Fulltrúar á ráðstefnunni sameinuðust um lokaskjal þar sem m.a. var bent á nauðsyn þess að sem flestar þjóðir staðfestu hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Sem fulltrúar Alþingis sóttu ráðstefnuna Páll Pétursson, Friðjón Þórðarson, Guðrún Helgadóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir og Jón Sæmundur Sigurjónsson. Auk þess sat Ólafur G. Einarsson ráðstefnuna sem fulltrúi í forsætisnefnd Norðurlandaráðs. Jón Ólafsson haffræðingur var meðal sérfræðinga á ráðstefnunni.

Haldinn var fundur með Hannesi Hafstein, ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins, um undirbúning samningsviðræðna EFTA og Evrópubandalagsins. Var sá fundur haldinn til undirbúnings aukaþings Norðurlandaráðs 14. nóvember í Mariehamn, um Norðurlönd og þróunina í Evrópu.

Íslandsdeild fjallaði um erindi sem barst henni frá umboðsmanni Alþingis. Tilefni þess var að dönskum stúdent búsettum á Íslandi hafði verið synjað um námslán úr Lánasjóði íslenskra námsmanna til náms í þriðja landi. Það var álit umboðsmanns að synjun þessi væri ekki í samræmi við 2. gr. Helsinkisáttmálans, en í henni er kveðið á um að samningsaðilar (þ.e. ríkisstjórnir norrænu ríkjanna) skuli vinna að því að ríkisborgarar Norðurlanda, sem dveljast á Norðurlöndum utan heimalands síns, njóti svo sem framast er unnt sömu réttarstöðu og ríkisborgarar dvalarlandsins. Meðferð málsins í Íslandsdeild er ekki lokið.

Utanríkismálanefnd sendi til umsagnar Íslandsdeildar tillögu til þingsályktunar um ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1989. Íslandsdeild hefur ekki haldið fund síðan málið barst henni.

3. Forsætisnefnd Norðurlandaráðs.

3.1.

Á 37. þingi Norðurlandaráðs, 27. febrúar til 3. mars 1989, var sænski þingmaðurinn Karin Söder kjörinn forseti Norðurlandaráðs. Aðrir fulltrúar í forsætisnefnd voru kjörnir dönsku þingmennirnir Ivar Hansen og Anker Jörgensen, finnsku þingmennirnir Ilkka-Christian Björklund og Elsi Hetemäki-Olander, íslensku þingmennirnir Ólafur G. Einarsson og Páll Pétursson, norsku þingmennirnir Kjell Magne Fredheim og Jan P. Syse og sænski þingmaðurinn Grethe Lundblad. Í samræmi við ákvörðun Finnlandsdeildar Norðurlandaráðs 19. maí gekk Mats Nyby inn í forsætisnefnd í stað Ilkka-Christians Björklund og 8. desember tóku Thea Knutzen og Bjarne Mörk Eidem sæti Jans P. Syse og Kjells Magne Fredheim.

Forsætisnefnd hélt þrettán fundi á starfsárinu og tvær ákvarðanir voru teknar bréflega (per capsulam). Nefndin hélt tvo fundi með forsætisráðherrum Norðurlanda, tvo fundi með samstarfsráðherrum landanna, einn fund með formönnum fastanefnda ráðsins og einn fund með sambandsstjórn norrænu félaganna.

4. Fastanefndir Norðurlandaráðs.

4.1. Laganefnd.

Á tímabilinu frá 1. janúar til 31. desember 1989 hélt laganefnd átta fundi. Auk þes hélt nefndin tvo fundi með ráðherranefnd Norðurlanda, í janúar með jafnréttisráðherrum og í nóvember með dómsmálaráðherrum. Formaður nefndarinnar var Eiður Guðnason og varaformaður danski þingmaðurinn, Helge Adam Möller.

Forsætisnefnd fól laganefnd að semja drög að reglum um kjör í trúnaðarstöður Norðurlandaráðs fyrir 1. október, sbr. 2.1. að framan. Laganefnd lagði fram tillögur sínar að loknum fundi á Íslandi í lok júní. Hún lagði m.a. til að landsdeildirnar tilnefndu þrjá til fjóra mögulega fulltrúa í forsætisnefnd, að stofnuð yrði kjörnefnd til að undirbúa kjör í trúnaðarstöður, að reglu stærstu leifar yrði beitt við kjörið og að fulltrúum í forsætisnefnd yrði fjölgað úr tíu í ellefu, og væri ellefta sætið uppbótarsæti. Að lokinni umfjöllun um tillögur laganefndar

ákvað forsætisnefnd á fundi í Reykjavík 10.–11. desember að fela ný skipaðri skipulagsnefnd að gera tillögur um framtíðarskipan þessara mála en ákvað að við kjör í trúnaðarstöður á 38. þingi ráðsins skyldi kjörinn áheyrnarfulltrúi auk hinna tíu reglulegu fulltrúa, stofnuð skyldi kjörnefnd skipuð einum fultrúa frá hverjum flokkahópi og að beitt skyldi d'Hondt-reglunni við skiptinguna.

Að öðru leyti mótaðist starf laganefndarinnar að miklu leyti af málum varðandi þróunina í Evrópu og auknum alþjóðasamskiptum Norðurlandaráðs. Nefndin fjallaði m.a. um skýrslu alþjóðanefndar Norðurlandaráðs um alþjóðlegt starf Norðurlandaráðs og um starfsáætlun ráðherranefndar um Evrópumálin.

Nefndin hafði til umfjöllunar átta þingmannatillögur og mun meðferð þeirra allra líklega ljúka fyrir 38. þing ráðsins. Um þrjár tillagnanna mun nefndin ekki fjalla efnislega þar sem þær falla innan starfssviðs hinnar nýskipuðu skipulagsnefndar.

Aðrar tillögur, sem liggja fyrir nefndinni, eru um beinar kosningar í Norðurlandaráð, aukið alþjóðasamstarf í jafnréttismálum, gentækni, merkingu norrænna vara með tilliti til mengunar, um Finnland, Noreg og Svíþjóð sem sameiginlegt umsjónarsvæði stórra rándýra og samnorræna löggjöf um meðferð vopna. Auk þess var þremur tillögum vísað til nefndarinnar til umsagnar.

Á fundi nefndarinnar með jafnréttisráðherrum var m.a. rætt um samstarfsáætlun ráðherranefndarinnar um jafnréttismál og hvernig fylgja skyldi eftir jafnréttisráðstefnunni Nordisk Forum.

Á fundi nefndarinnar með dómsmálaráðherrum var rætt um nauðsyn þess að Norðurlönd verði áfram sameiginlegt vegabréfasvæði, nýja norræna áætlun um löggjafarsamstarf og samræmingu norrænnar löggjafar og löggjafar Evrópubandalagsins.

Nefndin bauð fulltrúum norræna Samaráðsins til fundar 31. janúar. Þar var m.a. rætt um norrænan umboðsmann Sama og norrænan milliríkjasamning um málefni Sama. Nefndin hélt 14. febrúar fund með sérfræðingi um ólöglega notkun lyfja í íþróttum. Einnig hélt nefndin 26. september fund með sérfræðingum um Evrópubandalagsrétt. Þann fund sótti meðal annarra sérfræðinga Stefán Már Stefánsson prófessor.

4.2. Menningarmálanefnd.

Á tímabilinu frá 1. janúar til 31. desember 1989 hélt nefndin átta fundi. Auk þess hélt hún fund með menningar- og menntamálaráðherrum Norðurlanda. Vinnuhópur, sem nefndin skipaði, hélt fund til að undirbúa fund nefndarinnar með menntamálaráðherrunum.

Formaður nefndarinnar var danski þingmaðurinn J.K. Hansen og varaformaður Valgerður Sverrisdóttir.

Starf nefndarinnar mótaðist á árinu, eins og starf laganefndar, allmikið af aukningu hins alþjóðlega starfs Norðurlandaráðs. Nefndin hefur lagt áherslu á að rækt verði lögð við menningarsamstarfið í því evrópska og norræna samræmingarstarfi sem nú á sér stað. Hún hefur og bent á mikilvægi norræns málasamstarfs, mikilvægi þess að háskólapróf frá einu norrænu landi séu viðurkennd í öðrum, mikilvægi þess að NORDPLUS-samstarfið og norrænt samstarf á sviði rannsókna og vísinda verði styrkt.

Varðandi fjárlög ráðherranefndarinnar fyrir árið 1990 benti nefndin sérstaklega á nauðsyn þess að fjárveitingar til menningarmála verði ekki skornar niður þó að það starf tengist ekki beint Evrópuþróuninni. Í því sambandi benti nefndin á að væri samstarfi því á sviði menningar- og menntamála, sem tengdist Evrópuþróuninni, gefinn forgangur, þyrfti að auka fjárveitingar til þess að annað samstarf um menningar- og menntamál liði ekki fyrir það.

Auk þeirra þriggja þingmannatillagna á sviði nefndarinnar sem lagðar voru fyrir aukaþing Norðurlandaráðs í Mariehamn (sjá lið 5), hefur nefndin lokið umfjöllun og samþykkt nefndarálit um þrjár þingmannatillögur. Fyrir 38. þing ráðsins í Reykjavík er búist

við að nefndin ljúki umfjöllun um fjórar ráðherranefndartillögur. Efni þeirra er m.a. samstarfsáætlun um norræna tungu, nýjar reglur fyrir norræna rannsóknaráðið og nýjar reglur fyrir Norræna menningarsjóðinn. Í tengslum við umfjöllun nefndarinnar um samstarfsáætlunina um norræna tungu mun hún m.a. taka til athugunar stöðu íslenskrar og finnskrar tungu í norrænu samstarfi.

Á fundi nefndarinnar með mennta- og menningarmálaráðherrunum í apríl var m.a. rætt um norrænu samstarfsáætlunina um menningarmál. Var þar sérstaklega fjallað um Norræna menningarsjóðinn, fjölmiðlamál og menningar- og íþróttamál.

Nefndin fékk á fundi í september upplýsingar um menningarár UNESCO, upplýsingar um álit norræna háskólamannaráðsins á m.a. norrænni viðurkenningu háskólaprófa, samnorrænni menntun til doktorsprófs og á evrópskum rannsóknarstyrkjum. Á sumarfundi nefndarinnar skýrði fulltrúi frá NORDVISION frá nýrri skýrslu um starfsemi NORDVISION. Á grundvelli þeirra upplýsinga hefur nefndin lagt til að ráðherranefndin leiti fullnægjandi lausna á vandamálum varðandi greiðslu fyrir höfundarétt við sendingar sjónvarpsefnis, sem framleitt er í einu norrænu landi, til annarra norrænna landa.

4.3. Félags- og umhverfismálanefnd.

Á tímabilinu frá 1. janúar til 31. desember hélt nefndin sjö fundi og tvo fundi með ráðherranefnd Norðurlanda, annan með umhverfismálaráðherrum og hinn með þeim ráðherrum sem fara með málefni varðandi vinnuvernd. Formaður nefndarinnar var finnski þingmaðurinn Marjatta Väänänen og varaformaður norski þingmaðurinn Svein Alsaker. Fulltrúi Íslands í nefndinni var Páll Pétursson.

Á fundi nefndarinnar með ráðherrum þeim sem fara með vinnuverndarmálefni var rætt um norræna milliríkjasamninginn um aðbúnað á vinnustöðum og vinnuvernd, en hann var undirritaður í júní 1989. Einnig var rætt um ráðherranefndartillögu þá sem var í undirbúningi um norræna samstarfsáætlun um sama mál. Á fundi nefndarinnar með umhverfismálaráðherrunum var rætt um fjórar ráðherranefndartillögur sem voru í undirbúningi, samstarfsáætlunin gegn mengun sjávar, samstarfsáætlun gegn loftmengun, samstarfsáætlun um meðferð sorps og tillögu um fjárfestingar til umhverfisverndar í Austur-Evrópu.

Norðurlandaráð samþykkti á aukaþinginu í Mariehamn tvenn tilmæli frá félags- og umhverfismálanefnd í tilefni þingmannatillagna frá fulltrúum alþjóðanefndar ráðsins. Efni tilmælanna var annars vegar að stofnaður yrði evrópskur umhverfisverndarsjóður og að gerð yrði áætlun um fjármögnun útflutnings tækniþekkingar til landa utan Norðurlanda og var Austur-Evrópa höfð sérstaklega í huga.

Í yfirlýsingu sinni til aukaþingsins í Mariehamn um starfsáætlun ráðherranefndarinnar, „Arbeidsprogram Norden i Europa 1989–1992", lagði nefndin til að gerð yrði samstarfsáætlun um réttindi Norðurlandabúa á Norðurlöndum og að samræma ætti enn frekar löggjöf landanna um félagsleg málefni og um umhverfisvernd. Með vísan til skýrslu Bruntlandsnefndarinnar taldi nefndin rétt að Norðurlönd ynnu að alheimsáætlun um verndun skóga og að verja ætti fjármunum í norrænu fjárlögunum til verndunar skóga.

Nefndin fjallaði á árinu um fjölda þingmannatillagna sem lagðar verða fyrir 38. þing ráðsins í Reykjavík, m.a. um útflutning á sorpi, um að olíuflutningaskip skuli hafa tvöfaldan botn, um þjónustu við fatlaða gegnum símakerfið, um samnorrænar rannsóknir á skaðsemi amalgams, um réttindi barna, um félagslega aðstöðu samkynhneigðra og um samstarfsáætlun gegn atvinnuleysi ungs fólks. Umfjöllun er lokið um aðeins eina tillögu.

Fulltrúar nefndarinnar tóku þátt í alþjóðaráðstefnu forsætisnefndar um mengun sjávar í október (sjá lið 2.2.). Ritari nefndarinnar tók þátt í fundi á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn um stefnu í heilbrigðismálum. Ritarinn tók og þátt í alþjóðlegum fundi í ágúst í Tallinn um málefni fatlaðra og í fyrsta fundi evrópsku heilbrigðisráðherranna í Frankfurt í desember.

4.4. Samgöngumálanefnd.

Á tímabilinu frá 1. janúar til 31. desember hélt nefndin átta fundi. Auk þess hélt nefndin einn fund með ráðherrum þeim sem fara með umferðarmál og umferðaröryggismál, einn fund með samstarfsráðherrum og einn með ferðamálaráðherrum. Formaður nefndarinnar var sænski þingmaðurinn Elver Jonsson og varaformaður, finnski þingmaðurinn, Sakari Knuuttila. Fulltrúi Íslands í nefndinni var Óli Þ. Guðbjartsson. Guðrún Agnarsdóttir tók við störfum hans í nefndinni í september þegar Óli tók sæti í ríkisstjórn Íslands.

Þremur þingmannatillögum var á árinu vísað til nefndarinnar til meðferðar. Efni þeirra varðaði bætt kjör eftirlaunaþega, fatlaðra og ungs fólks í norrænu millilandaflugi, bætta ferðamöguleika heyrnarskertra og flugsamgöngur þvert yfir miðjan Skandinavíuskaga og til Finnlands. Umfjöllun um þessar tillögur er ekki lokið.

Á fundi nefndarinnar á Álandseyjum í maí með ferðamálaráðherrum og ferðamálanefnd ráðherranefndarinnar og sérfræðingum um ferðamál var rætt um nýju norrænu áætlunina um ferðamál, norrænt ferðamálaátak í Bandaríkjunum og ferjusamgöngur til og frá Álandseyjum.

Á fundi nefndarinnar með ráðherrum þeim sem fara með umferðarmál og umferðaröryggismál var m.a. rætt um starf á Norðurlöndum að bættu umferðaröryggi, umferð og umhverfi, áætlun um fjárfestingu til að bæta innra skipulag samgöngukeðja á Norðurlöndum og fjárveitingar til umferðamála á fjárlögum ráðherranefndar Norðurlanda.

Nefndin hafði á starfsárinu samband við fjölda norrænna nefnda til að fylgjast almennt með starfi þeirra. Einnig bauð nefndin fjölda sérfræðinga á fundi sína. Þeir gerðu m.a. grein fyrir járnbrautasamgöngum í Svíþjóð, ferjusamgöngum milli Svíþjóðar, Finnlands og Álandseyja, símamálum í Mið-Finnlandi, tölvumálum og samgöngum yfir Eyrarsund.

4.5. Efnahagsmálanefnd.

Efnahagsmálanefd hélt tíu fundi á starfsárinu og tvo fundi með ráðherranefnd Norðurlanda, annan með fjármálaráðherrum landanna og hinn með þeim ráðherrum sem fara með þróunarmál. Einnig hélt nefndin fund um þróunaraðstoð þar sem einn ráðherra mætti. Formaður nefndarinnar var norski þingmaðurinn Anders Talleraas og varaformaður til 12. október Arne Gadd sem hætti þá þingmennsku. Hans Gustavsson tók við varaformennsku efnahagsmálanefndar. Fulltrúar Íslands í nefndinni voru Hjörleifur Guttormsson og Þorsteinn Pálsson.

Á tímabilinu frá lokum 37. þings ráðsins og til áramóta 1989/1990 hafði nefndin lokið af sinni hálfu meðferð sex þingmannatillagna og fjögurra ráðherranefndartillagna. Tvær tillagnanna, sem báðar fjölluðu um alþjóðamál, komu til meðferðar á aukaþinginu í Mariehamn.

Haustið 1989 hélt nefndin námsstefnu í Visby á Gotlandi um þróunina í Evrópu og norrænt efnahagssamstarf. Í námsstefnunni tóku þátt u.þ.b. 50 þingmenn auk fulltrúa frá atvinnulífinu, stéttarfélögum og alþjóðlegum samtökum (EFTA, Evrópubandalaginu og SEV).

Þingmannatillögu um Norðurlönd sem kjarnorkuvopnalaust svæði var vísað til nefndarinnar. Nefndin lagði til að Norðurlandaráð aðhefðist ekkert í tilefni tillögunnar, með vísan til þess að fyrir því væri hefð að Norðurlandaráð fjallaði ekki um öryggismál. Nefndin lagði einnig til að Norðurlandaráð aðhefðist ekkert í tilefni þingmannatillögu um fiskistofnana með vísan til þess að efni hennar félli innan samstarfsáætlunar þeirrar um fiskveiðimál sem samþykkt var á 37. þingi ráðsins.

Fyrir nefndinni liggur þingmannatillaga um samræmingu við Evrópubandalagið og byggðamál. Sú tillaga kemur til meðferðar á fundum nefndarinnar í janúar, en þá verður einnig lögð fyrir nefndina ráðherranefndartillaga um norræna samstarfsáætlun um byggðamál. Á sama fundi mun nefndin fjalla um þingmannatillögur um stuðning við landbúnað sem

skaðar ekki umhverfið og um verndun norrænna skóga. Nefndin mun fjalla um þessar síðastnefndu tillögur í tengslum við ráðherranefndartillögu um endurskoðaða samstarfsáætlun um landabúnað og skógrækt.

Auk ofannefndra ráðherranefndartillagna verður líklega vísað til nefndarinnar eftir áramót 1989/1990 ráðherranefndartillögum um aukningu á verkefnalánum Norræna fjárfestingarbankans og tillögu um samstarf við Austur-Evrópu um fjárfestingu í tækni sem ekki skaðar umhverfið.

Á fundi nefndarinnar um þróunaraðstoð, þar sem Kirsti Kolle Gröndahl, þróunaraðstoðarráðherra Noregs, mætti, var m.a. fjallað um framkvæmd norrænu samstarfsáætlunarinnar um þróunarmál, stofnun sérstakrar ráðherranefndar ráðherra þeirra sem fara með mál varðandi þróunaraðstoð og um þróunaraðstoð við Namibíu.

Á fundi nefndarinnar með fjármálaráðherrum Norðurlanda var m.a. skýrt frá efnahagsástandi landanna og úttekt sem gerð hafði verið á framkvæmd samstarfsáætlunarinnar um efnahagsmál.

4.6. Fjárlaga- og eftirlitsnefnd.

Á starfsárinu hélt nefndin sjö fundi og níu manna vinnuhópur þeirra nefndarmanna, sem ekki eiga sæti í öðrum nefndum, hélt einnig sjö fundi. Nefndin hélt einn fund með samstarfsráðherrum Norðurlanda. Formaður nefndarinnar frá 1. janúar til 3. mars var danski þingmaðurinn Ivar Hansen. Þann 3. mars tók sænski þingmaðurinn Wiggo Komstedt við formennsku, en hann hafði frá ársbyrjun og fram til þess tíma gegnt varaformennsku í nefndinni. Þá tók sænski þingmaðurinn Per Olof Håkansson við varaformennsku. Fulltrúar Íslands í nefndinni voru Ólafur G. Einarsson og Eiður Guðnason sem sat þar sem formaður laganefndar.

Í áliti nefndarinnar um áætlun ráðherranefndar fyrir árið 1989 (C2/1989) kom fram sú skoðun hennar að ný og kostnaðarfrek verkefni á vegum ráðherranefndarinnar ættu ekki að leiða til þess að önnur verkefni yrðu skorin niður; að tekjuafgangur ársins 1987 ætti ekki að renna aftur til ríkissjóða landanna, heldur að nýtast til annarra norrænna verkefna; að gefa ætti í áætlun ráðherranefndarinnar upplýsingar um áætluð fjárútlát vegna fyrirhugaðra verkefna, og sama ætti að gilda um fyrirhugaðar norrænar samstarfsáætlanir, og að verkefni á sviði menningarmála, þróunar, rannsókna, umhverfismála og umferðaröryggis hefðu áfram forgang.

Á aukaþingi Norðurlandaráðs í Mariehamn í nóvember, sem haldið var til umfjöllunar um Norðurlönd og þróunina í Evrópu, var einnig tekin afstaða til norrænna fjárlaga ársins 1990. Nefndin lagði í nefndaráliti sínu áherslu á að fjárlagatillagan ætti að vera skýr og aðgengileg og liggja fyrir eigi síðar en í september fyrir upphaf fjárlagaársins. Nefndin hitti danska samstarfsráðherrann Thor Pedersen á fundi og ræddi við hann um fjárlögin og uppsetningu þeirra. Nefndin hefur á árinu fjallað um starfsgrundvöll sinn og er þeirrar skoðunar að samsetning nefndarinnar, en þar sitja formenn hinna fastanefndanna, auk níu fulltrúa, sem ekki eiga sæti í öðrum nefndum, sé þess eðlis að erfitt sé fyrir nefndina að sinna því hlutverki sínu að samræma fjárlagatillögur hinna nefndanna og leggja fram sameiginlega fjárlagatillögu fyrir hönd ráðsins. Nefndin hefur því í bréfi til forsætisnefndarinnar lagt til að annaðhvort verði fulltrúum í nefndinni fækkað niður í þá níu, sem ekki eiga sæti í öðrum nefndum, eða að þessir níu myndi fastan vinnuhóp sem undirbúi öll erindi sem fyrir nefndina eru lögð.

Nefndin bauð til sín á fund í október fulltrúum frá fjárlaganefnd Evrópuþingsins til að fá upplýsingar um hvernig fjárlagaundirbúningi Evrópuþingsins væri háttað.

Nefndin ákvað í febrúar að kanna sérstaklega starfsemi NORDINFO (Norræna vísindaupplýsingabankans) og norrænt samstarf um neytendamál. Þessar kannanir eru hluti þess

eftirlitsstarfs sem nefndinni ber að sinna. Könnun nefndarinnar á starfsemi NORDINFO er lokið og hafa tillögur nefndarinnar um starfsemi NORDINFO verið sendar menningarmálanefnd Norðurlandaráðs.

Könnuninni um samstarfið á sviði neytendamála er einnig lokið, en markmið hennar var að komast að raun um hvernig verkefni, sem embættismannanefndin um neytendamál hefði látið framkvæma, hefðu nýst, og til hve stórs hóps fengnar niðurstöður hefðu borist.

5. Aukaþing Norðurlandaráðs í Mariehamn.

Norðurlandaráð hélt aukaþing í þriðja sinn 14. nóvember 1989 í Mariehamn. Það var fyrst og fremst haldið til að fjalla um tillögur varðandi Norðurlönd og þróunina í Evrópu, en jafnframt voru fjárlög ráðherranefndar Norðurlanda fyrir árið 1990 afgreidd.

Á dagskrá var starfsáætlun ráðherranefndar Norðurlanda „Arbeidsprogram Norden i Europa 1989–1992", sex þingmannatillögur, sem allar vörðuðu einhver svið norræns samstarfs, sem snerta Evrópuþróunina, auk fjárlagatillagna ráðherranefndar Norðurlanda.

Þingið hófst með stuttu ávarpi forseta Norðurlandaráðs, *Karin Söder*, þar sem hún í upphafi fjallaði um hinar öru þjóðfélagsbreytingar í Austur-Evrópu sem gerðu það enn brýnna en fyrr að meta áhrif þróunarinnar í Evrópu á norrænt samstarf. Hún kvað starfsáætlun ráðherranefndarinnar, „Arbeidsprogram Norden i Europa 1989–1992", mikilvæga í því tilliti. Hún fjallaði og um skýrslu alþjóðanefndar Norðurlandaráðs og drap á helstu tillögur sem þar voru lagðar fram, t.d. um gagnkvæma norræna viðurkenningu á prófum, aukin nemenda- og kennaraskipti, fjárstuðning til umhverfismála í Austur-Evrópu og norrænan umboðsmann. Í lok ræðu sinnar las hún upp samþykkt sem forsætisnefnd Norðurlandaráðs hafði gert sama dag um aukin samskipti við Austur-Evrópu. Helstu atriði þeirrar samþykktar eru að allt árið 1989 hafi aukin samskipti við austur-evrópsku nágrannalöndin verið á dagskrá forsætisnefndar og að ræða Gorbatsjovs í Finnlandia-húsinu 26. október hafi sýnt enn frekar hversu mikilvægt mál þetta væri. Samþykktin fól og í sér ákvörðun um að aðalritari forsætisnefndar færi til Moskvu til að undirbúa samskipti fulltrúa í Norðurlandaráði og þingmanna í æðsta ráði Sovétríkjanna og kanna á hvaða sviðum samstarf hentaði best og hvernig þessi samskipti gætu farið fram. Forsætisnefnd hafði jafnframt ákveðið að leggja til að þjóðþing Norðurlanda tilnefndu í samráði sendinefnd til að stofna til samskipta þinganna við æðsta ráðið og styrkja samskiptin við Austur-Evrópu, sérstaklega nálægustu norðlægu svæðin. Í lok ræðu sinnar fjallaði hún um fimmtán þjóða ráðstefnu Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn í október um mengun sjávar. Hún kvað ráðstefnuna, sem samhljóða hafði samþykkt lokaskjal um margvíslegar aðgerðir til að sporna við mengun sjávar, hafa verið mikilvæga.

Júlíus Sólnes samstarfsráðherra, formaður ráðherranefndar Norðurlanda, ræddi í upphafi ræðu sinnar þróunina í Austur-Evrópu og viðræður EFTA og Evrópubandalagsríkjanna. Hann kvað starfsáætlun ráðherranefndarinnar, „Arbeidsprogram Norden i Europa 1989–1992", vera afrakstur nokkurra ára starfs sem hafi haft það markmið að afmarka þau svið sem hentuðu fyrir norrænt samstarf með tilliti til þróunarinnar í Evrópu. Þetta starf hefði og leitt til þess að norrænt samráð um mál, sem eru á dagskrá varðandi væntanlega samninga Fríverslunarbandalags Evrópu og Evrópubandalagsins, er nú haft í ráðherranefnd Norðurlanda. Hann kvað starfsáætlunina og vera afleiðingu samspils við Norðurlandaráð og þá ekki síst við alþjóðanefnd Norðurlandaráðs, og hefði það samstarf verið til fyrirmyndar. Til stæði að leggja fram endurskoðaða starfsáætlun í desember með nánari upplýsingum um það starf sem hafið væri og einnig það sem til stæði. Hann kvað mat ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs á því hvaða verkefni skyldu hafa forgang falla saman í stórum dráttum.

Hann kvað það vera meðal forgangsverkefna að fjarlægja þær hindranir, sem enn þá væru, fyrir frjálsu flæði á vörum og þjónustu milli norrænu ríkjanna, ásamt því að standa vörð

um vegabréfafrelsi á Norðurlöndum. Hann kvað ráðherranefnd Norðurlanda að svo stöddu vera í vafa um réttmæti tillagna alþjóðanefndar Norðurlandaráðs um stofnun embættis norræns umboðsmanns með svo miklu víðara starfssvið en lagt hefði verið til í samstarfsáætluninni um efnahagsmál. Varðandi tillögu alþjóðanefndar um Evrópuréttarstofnun vísaði hann til þess álits efnahagsmálanefndar að kanna þyrfti nánar ýmis svið tengd því máli áður en tekin yrði afstaða. Í lok ræðu sinnar kvað hann það hafa komið fram í nefndarálitum margra nefnda ráðsins um starfsáætlunina að aukning fjárveitinga til norræns samstarfs um Evrópumálin mætti ekki leiða til minni fjárveitinga til annars norræns samstarfs. Hann kvað ráðherranefndina vera sammála því að öðru norrænu samstarfi yrði haldið áfram, en samstarfið um Evrópumálin hefði forgang og af því hlyti að leiða að vissan samdrátt á öðrum sviðum.

Eiður Guðnason, formaður flokkahóps sósíaldemókrata í Norðurlandaráði, kvað samskipti við meginland Evrópu hafa verið talin mikilvæg á Norðurlöndum allt frá víkingaöld og ekki væri það síður mikilvægt nú á tímum að Norðurlönd einangruðust ekki. Þróunin í Evrópu hefur jafnvel á sumum sviðum þvingað fram aukið norrænt samstarf, t.d. um að aflétta viðskiptahindrunum innan Norðurlanda. Hann kvað flokkahóp sósíaldemókrata styðja samningsviðræður EFTA og Evrópubandalagsins og ekki telja tímabært að taka afstöðu til þess hvað gera skyldi ef þær samningaviðræður reyndust árangurslausar.

Hann lýsti fyrir hönd flokkahóps sósíaldemókrata ánægju yfir þróuninni í Austur-Evrópu og kvað áhuga þeirra á norrænum sósíaldemókrötum greinilegan. Hann kvað og aukin samskipti þingmanna á Norðurlöndum við þingmenn í Austur-Evrópu þýðingarmikil. Norðurlandaráð, sem væri samstarfsvettvangur fimm fullvalda ríkja, ætti að þróa samskipti við samstarfssamtök í Austur-Evrópu sérstaklega á sviði umhverfis- og menningarmála. Af hálfu sósíaldemókratíska flokkahópsins væru samskipti við lýðræðisöfl í þessum ríkjum talin mikilvæg.

Hann kvað þing norrænu launþegasamtakanna 1986 hafa samþykkt yfirlýsingu um mikilvægi norræns efnahagssamstarfs fyrir þróunina í Evrópu. Þær tillögur, sem þar hefðu verið lagðar fram, væru afar mikilvægar með tilliti til samninganna við Evrópubandalagið, t.d. um samræmda evrópska stefnu í efnahagsmálum til að örva iðnþróun og fjárfestingu á sviði samgangna, orkumála og umhverfisverndar, sameiginlega evrópska stefnu í samningum innan GATT, og aukið samstarf á sviði umhverfisverndar, rannsókna og tækniþróunar. Varðandi þróunina í Evrópu kvað hann nauðsynlegt að huga sérstaklega að félagslegu hliðinni. Í lok ræðu sinnar benti hann á mikilvægi þess að norrænt samstarf væri þróttmikið, með því væri sótt fram á við og það hefði ekki að markmiði að einangra Norðurlönd. Þetta ætti að hafa að leiðarljósi í samskiptum við Vestur- og Austur-Evrópu, t.d í ECE og í starfi EFTA.

Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra kvað þetta aukaþing vera sögulegt. Það væri nú talið nauðsynlegt að boða til aukaþings til umræðna um stöðu Norðurlanda vegna hins fyrirhugaða efnahagssvæðis í Evrópu. Þetta sýndi mikilvægi málsins. Forsætisráðherra lýsti aðdraganda og gangi viðræðna EFTA og Evrópubandalagsins. Hann kvað það skoðun nefndar þeirrar, sem stofnuð var í apríl sl. og í eiga sæti háttsettir embættismenn frá EFTA og Evrópubandalagsríkjunum, að samkomulag væri um að EFTA-ríkin væru tilbúin til undirbúningsviðræðna við Evrópubandalagið um stofnun evrópsks efnahagssvæðis sem EFTA og Evrópubandalagið ættu aðild að sem tvö sjálfstæð bandalög. Embættismannanefndin teldi það líklegra að um yrði að ræða fríverslunarsvæði en tollabandalag. Forsætisráðherra kvað mikla vinnu fram undan og ljóst að sum EFTA-ríkjanna hefðu á vissa fyrirvara. Íslendingar mundu m.a. leggja áherslu á fríverslun með fisk. Þeir mundu ekki heldur viðurkenna yfirþjóðlegt vald stofnana, yfirráð yfir náttúruauðlindum á landi eða í sjó eða óheft aðstreymi vinnuafls ef hætta yrði á ójafnvægi. Með vísan til mikilvægis þess að sameina Vestur-Evrópu í sterka efnahaglega heild taldi forsætisráðherra rétt að samþykkja 19. desember nk. að ganga

til samninga eins og ákveðið hefði verið. Í lok ræðu sinnar minnti hann á að EFTA hefði ákveðið að koma á fríverslun með fisk innan aðildarríkja sinna frá 1. júlí 1990. Þetta kvað forsætisráðherra dæmi um jákvætt samstarf, og lýsti ánægju yfir þeim skilningi á málstað Íslendinga sem það sýndi.

Hjörleifur Guttormsson spurði forsætisráðherra að því hvaða niðurstöðu „fimmta nefnd", sem er ein fimm undirbúningsnefnda fyrir samningsviðræðurnar, hefði komist, sem mundi tryggja að ekki kæmi til yfirþjóðlegs valds.

Steingrímur Hermannsson kvað það rétt hjá Hjörleifi Guttormssyni að EFTA-ríkin væru sammála um að semja ekki um að veita neinum stofnunum yfirþjóðlegt vald. Vafalaust væri að starf það, sem biði, varðandi það hvernig ákvarðanatökum í framtíðinni yrði háttað afar vandasamt, en engar ákarðanir hefðu verið teknar þar að lútandi. Þetta yrði jafnvel erfiðasti, en jafnframt mikilvægasti hluti viðræðnanna. Þær hæfust líklega í byrjun næsta árs.

Í tilefni ræðu danska innanríkisráðherrans og norræna samstarfsráðherrans Thor Pedersen kvað *Hjörleifur Guttormsson* hann hafa talað um hindranir milli EFTA og Evrópubandalagsríkjanna, sem þyrfti að rjúfa, og þar á meðal aðgang að fiskimiðum. Hjörleifur óskaði skýringa á því hve langt Danir og Evrópubandalagið teldu nauðsynlegt að ganga í að opna fiskimið, ekki bara Íslands, heldur einnig Noregs, Færeyja o.fl. EFTA-ríkja, fyrir fiskiskipaflotum Evrópubandalagsríkjanna. *Thor Pedersen* kvaðst í tilefni spurningarinnar taka fram að til umræðu væri að styrkja Norðurlönd, bæði út á við og inn á við með því að fjarlægja hindranir, og í því fælist einnig vilji til að fjarlægja takmarkanir, eða með öðrum orðum viðurkenning á því að þegar til lengdar lætur borgar sig fyrir allar þjóðir að opna sem mest. Í því felst og viðurkenning á því að frímiðar eru ekki gefnir út í alþjóðlegu samstarfi, allir þurfa að leggja sitt af mörkum, einnig á sviði fiskveiða.

Hjörleifur Guttormsson fjallaði í upphafi ræðu sinnar um breytingar í Austur-Evrópu og tók undir þau orð Gorbatsjovs að tímabili eftirstríðsáranna væri nú lokið. Hann taldi Norðurlandaráð eiga að bregðast skjótt við hugmyndunum þeim, sem Gorbatsjov lagði fram í Helsinki, um aukin samskipti við Sovétríkin. Hjörleifur lagði m.a. til að fulltrúar Norðurlandaráðs, t.d. forsætisnefnd þess og nefndarformenn, færu til Moskvu til fundar við æðsta ráð Sovétríkjanna og síðan færu sendinefndir til Eystrasaltsríkjanna og Karelíu, og að fulltrúum þessara ríkja yrði boðið sem áheyrnarfulltrúum á Norðurlandaráðsþingið í Reykjavík. Hann harmaði að forsætisnefnd hefði ekki tekið ákvörðun um þetta. Hann kvaðst hafa efasemdir um stofnun evrópsks efnahagssvæðis og vísaði til fyrirvara sinna um fjármagnsflutninga og fjármagnsþjónustu í nefndaráliti efnahagsmálanefndar um starfsáætlun ráðherranefndarinnar, „Arbeidsprogram Norden i Europa 1989–1992". Þessar hugmyndir fælu í sér að reglur Evrópubandalagsins um innri markað yrðu yfirfærðar á Norðurlönd. Hann kvaðst ekki álíta að hin svonefnda „Two Pillars Approach" væri hagkvæm fyrir EFTA-ríkin vegna þess að áherslur ríkjanna væru svo ólíkar innbyrðis. Sum þeirra byggðu t.d. á aðild að Evrópubandalaginu. Hagsmunir Íslendinga sem fiskveiðiþjóðar og skandinavískra fjölþjóðlegra fyrirtækja færu heldur ekki saman. Hann kvað yfirþjóðlegt vald í vissu tilliti felast í hugmyndunum um evrópsk efnahagssvæði. Það væri og ólýðræðislegt að undirbúningstími fyrir viðræðurnar væri svo skammur. Hann kvað Norðurlandaþjóðirnar eiga að vera opnar fyrir öðrum lausnum en þeim sem leiddu þær beint í biðsal Evrópubandalagsins sem stefndi mörgum norrænum lausnum í hættu.

Í lok ræðu sinnar lýsti hann stuðningi við tillögu alþjóðanefndar Norðurlandaráðs um stofnun fastanefndar í Norðurlandaráði um alþjóðamál.

Þorsteinn Pálsson kvað rof Berlínarmúrsins sýna hve nefndarálit og skýrslur skipta í raun litlu um samskipti fólks. Rof múrsins væri sögulegur viðburður sem veitti Þjóðverjum ný tækifæri, það opnaði einnig nýja möguleika fyrir þau lýðræðisríki sem berðust fyrir frjálsri

sameinaðri Evrópu. Hann kvað það nærtækt dæmi að Norðurlandaþjóðirnar styddu Eystrasaltsríkin sem hefðu verið innlimuð í Sovétríkin með valdi. Eystrasaltsríkjunum bæri því sjálfum að ákveða hvernig samskiptum þeirra við önnur ríki skyldi háttað, slíkar ákvarðanir ætti ekki að taka í Moskvu.

Hann kvað þær breytingar, sem eiga sér stað í Austur-Evrópu, undir forustu Gorbatsjovs, verða á sömu forsendum og lýðræðisríkin byggja á, þar eiga ekki að verða neinar málamiðlanir. Það verður að finna leiðir til samstarfs við ríki Austur-Evrópu. Það sem er að gerast getur haft í för með sér breytingar í varnar- og öryggismálum, en jafnvægið má ekki raskast því að það gæti eyðilagt þá þróun sem nú á sér stað. Þróunin í Austur-Evrópu gerir það að verkum að flýta þarf þeim viðræðum sem nú eru í gangi milli EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins um evrópskt efnahagssvæði. Áður fyrr tryggðu ríki hagsmuni sína með landvinningum, en nú gerist það best með fríverslunarsamningum, m.a. um vörur, fjármagn og þjónustu. Á þessum sviðum eiga Norðurlönd að samræma löggjöf sína. Litlum þjóðum er nauðsyn að taka þátt í þessari þróun, en það getur þó verið nauðsynlegt að tillit sé tekið til sérstöðu einstakra þjóða. Auk þess er ljóst að það alþjóðlega samstarf, sem nú er á döfinni, verður ekki byggt upp nema tunga og menning þeirra þjóða, sem að því standa, sé virt.

Óli Þ. Guðbjartsson dómsmálaráðherra kvað þróun mála síðan í vor í Evrópu hafa orðið mun hraðari en talið hefði verið. Hann benti á að fiskveiðar væru grundvöllur íslensks efnahagslífs og að 60% útflutningsverðmæta Íslendinga færu til Evrópubandalagsins. Þetta sýndi hve þessi markaður væri verðmætur fyrir Íslendinga. Hann kvað sig, og þá Íslendinga, sem væru í vafa um hag þess að auka efnahagssamvinnu við Evópubandalagið, vera þeirrar skoðunar að slík samvinna væri fyrst og fremst til hagsbóta fyrir stórþjóðir hins þéttbýla meginlands Evrópu. Ísland yrði einungis verstöð yst úti í hafi.

Hann áleit þó að fleiri teldu nauðsynlegt að auka frelsi á þeim fjórum sviðum, sem eru grundvöllur samninga EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins. Gagnkvæm vöru- og fjármagnsskipti, frjáls flutningur fólks, tækniþekking og menningarleg samskipti eru jákvæð ef jafnframt er tekið tillit til sérstöðu strjálbýlla landa.

Við umræðu á þinginu um þingmannatillögu um stofnun norrænna upplýsingaskrifstofa í Brussel og Moskvu, sem menningarmálanefnd Norðurlandaráðs hafði lagt til að yrði felld, bað *Hjörleifur Guttormsson* sem einn flutningsmanna tillögunnar, með vísan til breyttra aðstæðna, um að lögð yrði undir atkvæði upprunalega tillagan. Það var gert, en tillaga menningarmálanefndar um að fella þingmannatilöguna var samþykkt með 54 atkvæðum gegn 21.

Einn Íslendingur, *Júlíus Sólnes*, samstarfsráðherra, tók þátt í umræðum þingsins um fjárlögin. Í máli hans kom m.a. fram að álit ráðherranefndar Norðurlanda og fjárlaga- og eftirlitsnefndar Norðurlandaráðs um norræn fjárlög ársins 1990 félli í aðalatriðum saman. Starfsáætlunin, „Arbeidsprogram Norden i Europa 1989–1992", ætti að beggja dómi að hafa forgang. Hann kvað ráðherranefndina geta fallist á mörg atriði sem fjárlaga- og eftirlitsnefnd hefði sett fram og sagði það vera von ráðherranefndar Norðurlanda að hinar nýju reglur um fjárlögin, sem beitt yrði í fyrsta sinn við fjárlög ársins 1991, gæfu Norðurlandaráði betri möguleika en hingað til á málefnalegum skoðanaskiptum við ráðherranefndina um efni fjárlaganna.

6. Tillögur lagðar fram af fulltrúum í Íslandsdeild á tímabilinu frá lokum 37. þings Norðurlandaráðs og til loka ársins 1989.

Hjörleifur Guttormsson var meðflutningsmaður þingmannatillögu um norrænar upplýsingaskrifstofur í Brussel og Moskvu.

Eiður Guðnason var fyrsti flutningsmaður þingmannatillögu um aukið alþjóðasamstarf að jafnréttismálum.

Valgerður Sverrisdóttir var meðflutningsmaður þingmannatillögu um merkingu norrænna vara með tilliti til mengunar.

Ólafur G. Einarsson og Páll Pétursson voru meðflutningsmenn tillögu um framkvæmd nokkurra tillagna sem alþjóðanefnd Norðurlandaráðs hafði lagt fram í lokaskýrslu sinni (m.a. um stofnun embættis norræns umboðsmanns, gagnkvæma viðurkenningu á loka- og hlutaprófum, auknar fjárveitingar til NORDPLUS-verkefnisins og stofnun evrópsks umhverfisverndarsjóðs).

Sþ. 501. Tillaga til þingsályktunar [272. mál]

um setningu reglna um stjórnir peningastofnana.

Flm.: Kristín Einarsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson,
Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir,
Málmfríður Sigurðardóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa fjögurra manna nefnd sem hafi það hlutverk að endurskoða lög og reglur að því er varðar setu manna í stjórnum bankastofnana, sjóða eða annarra lánastofnana í því skyni að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.

Nefndin verði skipuð eftir tilnefningu bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, Lagastofnunar Háskóla Íslands, Sambands íslenskra bankamanna auk eins án tilnefningar.

Nefndin skili áliti eigi síðar en 1. september 1990.

Greinargerð.

Skömmu eftir kosningu í sameinuðu þingi í desember 1989 í bankaráð Landsbanka Íslands kom fram gagnrýni á val fulltrúa Kvennalistans, Kristínar Sigurðardóttur, og efasemdir um að seta hennar í ráðinu samrýmdist störfum hennar sem innheimtustjóra hjá Kaupþingi hf.

Kvennalistakonur ákváðu að fara þess á leit við forseta Alþingis að kanna hjá til þess hæfum aðilum hvort seta fulltrúa Kvennalistans í bankaráði Landsbankans gæti á einhvern hátt talist óeðlileg eða andstæð lögum um viðskiptabanka. Forsetar Alþingis leituðu eftir áliti skrifstofustjóra Alþingis, Sigurðar Líndals lagaprófessors og bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Álitsgerðir þessara þriggja aðila eru fylgiskjöl með tillögunni.

Álitsgerðirnir eru hver með sínu móti og niðurstöður ekki samhljóða. Í þeim öllum er þó rakanna leitað í lögfræðilegum skilgreiningum á almennu hæfi og sérstöku hæfi til opinberra starfa.

Sú umfjöllun, sem orðið hefur af þessu tilefni, og sér í lagi sú staðreynd að niðurstöðurnar eru svo mismunandi sem raun ber vitni, hefur leitt glöggt í ljós að reglur um þessi efni eru alls ófullnægjandi. Þetta varðar bæði reglur um sérstök tilvik þar sem eðlilegt er að stjórnvaldshafi víki sæti í ákveðnu máli, svo og um almennt hæfi til að sitja í stjórn viðkomandi stofnunar. Í lögum um viðskiptabanka eru t.d. engin ákvæði um almenn hæfisskilyrði þeirra sem taka sæti í bankaráðum. Í 33. gr. viðskiptabankalaganna er kveðið á um hvenær bankaráðsmenn mega ekki taka þátt í meðferð máls. Ákvæði eins og fram koma í þessari grein þarf að útfæra betur og setja skýrari reglur um það hvenær hætta er á hagsmunaárekstrum vegna setu manna í stjórnum banka, sjóða og annarra lánastofnana. Þau álit, sem gefin hafa verið vegna hugsanlegra hagsmunaárekstra bankaráðsmanns og starfsmanns verðbréfafyrirtækis, sýna að menn eru ekki á einu máli um hvaða fyrirtæki eru í samkeppni á fjármálasviðinu.

Af þessu er ljóst að setja þarf skýr lagaákvæði og reglur þurfa að vera fyrir hendi um hæfi manna til að sitja í stjórnum banka, sjóða og annarra lánastofnana. Þetta er ekki síður

mikilvægt með tilliti til þeirra dæma sem dregin hafa verið fram í umræðunni um val á fulltrúa Kvennalistans í bankaráð Landsbankans og kemur m.a. fram í áliti bankaeftirlitsins. Lagaákvæði og reglur geta þó ekki skorið úr um öll atriði. Þess utan verður að treysta á siðgæðisvitund viðkomandi og aðhald frá vakandi almenningsáliti.

Kvennalistakonum finnst það varða miklu að sú umfjöllun, sem nú hefur orðið um þessi efni, leiði til úrbóta svo að dregið verði úr hættu á hagsmunaárekstrum svo sem frekast er unnt.

Fylgiskjal I.

Friðrik Ólafsson:

Álitsgerð til forseta Alþingis.
(3. janúar 1990.)

Kosning Kristínar Sigurðardóttur
í bankaráð Landsbanka Íslands.

Tilefni þessarar álitsgerðar er bréf þingflokks Kvennalistans til forseta sameinaðs Alþingis, dags. 28. des. sl., þar sem þess er farið á leit að forsetar Alþingis kanni það hjá til þess hæfum aðilum hvort seta fulltrúa Kvennalistans, Kristínar Sigurðardóttur, í bankaráði Landsbanka Íslands geti á einhvern hátt talist óeðlileg eða andstæð lögum um viðskiptabanka.

Þess er óskað að niðurstaða liggi fyrir eins fljótt og unnt er.

Bréfið er undirritað af Kristínu Halldórsdóttur f.h. þingflokks Kvennalistans.

Málavextir eru þeir að á fundi í sameinuðu þingi hinn 21. des. sl. var Kristín Sigurðardóttir kosin í bankaráð Landsbankans af hálfu Kvennalistans frá og með 1. janúar 1990. Kristín starfar hjá Kaupþingi hf. sem á í samkeppni við Landsbankann á verðbréfamarkaðinum og hefur kosningin af þeim sökum sætt gagnrýni vegna hættu á hagsmunaárekstrum.

Hér verður að gera smáútúrdúr til að vekja athygli á óheppilegum vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið við kosningar í ráð og nefndir á Alþingi. Þótt ítrekað hafi verið vakin á því athygli hefur ekki enn fengist tekið upp það verklag að á listunum, sem lagðir eru fram, séu gefnar upplýsingar um heimili, stöðu og starfsvettvang þeirra sem tilnefndir eru. Fyrir skrifstofu Alþingis hefur oft hlotist af því ærin fyrirhöfn og vinna að grafa upp þessar upplýsingar til að geta sent út tilkynningar um kosningarnar til viðkomandi aðila.

Auk þess hefur svo venjan verið sú að listarnir eru afhentir forseta sameinaðs Alþingis rétt áður en kosning fer fram og ekkert tóm gefst því til að kanna hvort þar kunni að vera einhverjir hnökrar á. Með því að fá skrifstofu Alþingis í hendur listana með hæfilegum fyrirvara gæfist ráðrúm til að yfirfara þessi atriði og í það minnsta koma á framfæri ábendingu um agnúa sem á tilnefningu kynnu að vera. Nú sýnist vera kjörið tækifæri til að gera bragarbót í þessum efnum og koma á skipulegri vinnubrögðum til að nauðsynleg yfirsýn fáist yfir þessi mál í framtíðinni.

Reglur um hæfisskilyrði í íslenskum rétti eru ekki burðugar og hefur þetta leitt til verulegrar réttaróvissu um framkvæmdina. Er því löngu orðið tímabært að setja hér á landi heildstæða löggjöf á þessu sviði.

Áður en lengra er haldið verður í stuttu máli leitast við að gera grein fyrir þeim reglum sem taldar eru gilda á þessu sviði í íslenskum rétti og jafnframt lýst greiningu hæfisskilyrða í

almennt hæfi annars vegar og *sérstakt hæfi* hins vegar. Það skal tekið fram að af skiljanlegum ástæðum beinist umfjöllunin hér fyrst og fremst að fjölskipuðum stjórnarvöldum, svo sem ráðum og nefndum, enda þótt á engan hátt sé verið að undanskilja einmenningsstjórnvöld.

Almennt hæfi. Sérstakt hæfi.

Með almennu hæfi er annars vegar átt við þau skilyrði sem lög áskilja fyrir því að menn geti fengið opinbert starf og haldið því, hins vegar það skilyrði að viðkomandi hafi fengið fullgilda löggildingu til starfans, þ.e. sé skipaður, settur, ráðinn eða eftir atvikum kosinn. Hér á eftir er það fyrst og fremst hið fyrrgreinda sem athyglin beinist að.

Almennu hæfi er stundum skipt niður í *jákvætt* hæfi og *neikvætt. Jákvæðu skilyrðin* eiga að tryggja það að stjórnvaldshafi sé búinn þeim persónulegu kostum, andlegum sem líkamlegum, að hann geti tekið hlutlæga ákvörðun við meðferð mála í stjórnsýslunni. *Neikvæðu skilyrðin* eiga hins vegar að tryggja það *að fyrir fram sé minni hætta á því að stjórnvaldshafi sé í slíkum tengslum við þau úrlausnarefni sem kunna að verða lögð fyrir hann að draga megi í efa hlutlægni hans við meðferð þeirra mála.* Eins og sjá má af þessari skilgreiningu er það einkum þetta síðara atriði sem athyglin beinist að í sambandi við mál Kristínar Sigurðardóttur.

Aðalréttarheimildir um jákvæð og neikvæð hæfisskilyrði er að finna í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954. Auk þess er að finna hæfisskilyrði á víð og dreif í lögum, sem þá ýmist árétta sömu skilyrðin og í lögum nr. 38/1954, eða gera aðrar og oft auknar kröfur vegna sérstakra starfa.

Ýmis sérsjónarmið koma til athugunar um fjölskipuð stjórnvöld sökum þess að fleiri standa að undirbúningi og ákvörðun máls, en eins og áður segir eru það einkum fjölskipuð stjórnvöld sem eru til umfjöllunar hér.

Um *jákvæð hæfisskilyrði* má taka sem dæmi áskilnað um aldur, lögræði, ríkisborgararétt, menntun, kunnáttu, búsetu o.s.frv. til að geta tekið við opinberri stöðu.

Að því er varðar *neikvæð hæfisskilyrði* er einkum um tvennt að ræða sem getur hamlað því að viðkomandi geti tekið við opinberri stöðu:

1. Ósamrýmanleg störf.
2. Bann við aðild að fjölskipuðum stjórnvöldum.

Þótt stjórnsýsluhafi sé þeim persónulegu kostum búinn sem lög áskilja kann tengslum hans við fyrirliggjandi mál að vera svo farið að hætta sé á að hann fái ekki litið hlutlaust á þau. Við þessu vandamáli er brugðist á eftirfarandi hátt:

Í fyrsta lagi, eins og raunar er áður komið fram, með því að reyna að tryggja það að fyrir fram sé minni hætta á því að stjórnsýsluhafi sé í slíkum tengslum við úrlausnarefni þau sem kunna að verða lögð fyrir hann að draga megi í efa hlutlægni hans við meðferð þeirra mála. Þetta er m.a. gert með því að banna honum að hafa á hendi tiltekin störf eða aukastörf og koma þannig í veg fyrir starfstengsl við mál sem kunna að verða lögð fyrir stjórnsýsluhafann. Neikvæðar hæfisreglur af þessu tagi duga þó ekki einar sér til að tryggja það á öllum sviðum að stjórnsýsluhafi sé ekki í slíkum tengslum við mál að ekki megi draga í efa hlutlægni hans við meðferð þeirra.

Þegar svo er komið sögu taka við reglur um *sérstakt hæfi* stjórnvalds, en þær grípa inn í hvenær sem stjórnsýsluhafi er vanhæfur við meðferð á tilteknu og fyrirliggjandi máli vegna tengsla sinna við það eða aðila þess.

Ef tekin eru nokkur dæmi úr lögum til að átta sig betur á greiningunni í *almennt hæfi* annars vegar, sem aftur skiptist niður í jákvæð hæfisskilyrði og neikvæð hæfisskilyrði, og svo hins vegar *sérstakt hæfi*, liggur beinast við að tína til þau lagaákvæði sem er að finna í lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

Í 17. gr. laganna segir svo:

„Bankastjórum, aðstoðarbankastjórum og útibússtjórum er óheimilt nema að fengnu leyfi bankaráðs að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema lög kveði á um annað."

Þetta er dæmi um ósamrýmanleg störf skv. 1. tölul. neikvæðra hæfisskilyrða undir *almennt hæfi*.

Í 3. mgr. 38. gr. laganna segir svo:

„Skoðunarmaður viðskiptabanka má ekki eiga sæti í bankaráði, vera starfsmaður bankans eða starfa í þágu hans að öðru en endurskoðun."

Þetta er dæmi um bann við aðild að fjölskipuðum stjórnvöldum skv. 2. tölul. neikvæðra hæfisskilyrða undir *almennt hæfi*. Lagaákvæðið miðar að því að þeir aðilar, sem hafa eftirlit með stofnunum og fyrirtækjum, sitji ekki í stjórn þeirra. Þeir gætu á þann hátt komist í þá aðstöðu að þurfa að taka ákvörðun um eða endurskoða eigin gerðir.

Í 2. mgr. 33. gr. laganna segir svo:

„Bankaráðsmenn skulu ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga hlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í. Sama máli gegnir um þátttöku bankaráðsmanna í meðferð máls er varða aðila sem þeim eru tengdir, persónulega eða fjárhagslega."

Þetta er dæmi um sérstakt hæfi stjórnvalds til meðferðar einstaks fyrirliggjandi máls. Hér er um atriði að tefla sem kynnu að valda vanhæfi í þessu ákveðna máli.

Í lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka, er ekki að finna neitt ákvæði sem fjallar um *almennt hæfi* til að taka sæti í bankaráði. Af því má væntanlega ályktа um þau viðhorf löggjafans að hann hafi ekki viljað festa niður ákveðnar reglur um almenn hæfisskilyrði manna til setu í bankaráði. Þær yrðu að vera sveigjanlegri en t.d. reglurnar um almenn hæfisskilyrði bankastjóra, sbr. 17. gr. laganna.

Álit.

Með skírskotun til þess sem að framan er rakið verður svar undirritaðs við bréfi Kvennalistans þetta:

Seta Kristínar Sigurðardóttir í bankaráði Landsbankans getur að mínu mati ekki talist andstæð lögum nr. 86/1985, um vipskiptabanka, enda skortir þar bein lagaákvæði um almennt hæfi til setu í bankaráðum, svo sem áður er lýst.

Það verður hins vegar að teljast óeðlilegt þegar virt eru almenn lagarök og þær reglur sem taldar eru gilda um þessi efni hér á landi að starf Kristínar hjá Kaupþingi geti samrýmst setu hennar í bankaráði Landsbankans. Einungis sú staðreynd að vera í aðstöðu til að miðla upplýsingum, enda þótt ekki séu bornar brigður á trúnaðinn, hlýtur að vega þyngst í þessum efnum.

Fylgiskjal II.

Sigurður Líndal:

Um lögmæti þess að deildarstjóri innheimtudeildar verðbréfafyrirtækis sitji í bankaráði ríkisviðskiptabanka.

(14. janúar 1990.)

Inngangur.

Með bréfi dags. 2. janúar sl. fór Guðrún Helgadóttir, forseti sameinaðs Alþingis, þess á leit við mig að ég léti í té álit á því hvort það geti á einhvern hátt talist óeðlilegt eða andstætt

lögum um viðskiptabanka að fulltrúi Kvennalistans, Kristín Sigurðardóttir, sitji í bankaráði Landsbanka Íslands, sbr. bréf þingflokks Samtaka um kvennalista dags. 28. desember 1989.

Samkvæmt þessu er álitaefnið tvíþætt:

1. Hvort seta Kristínar Sigurðardóttur í bankaráði Landsbanka Íslands geti á einhvern hátt talist óeðlileg.
2. Hvort seta hennar í bankaráðinu geti á einhvern hátt talist andstæð lögum um viðskiptabanka.

Rétt þykir að leita fyrst svars við síðari liðnum — hvort það fari í bága við lög um viðskiptabanka að Kristín Sigurðardóttir sitji í bankaráði Landsbanka Íslands.

Tilefni þessa máls er starf hennar sem deildarstjóri innheimtudeildar Kaupþings hf., en einn megintilgangur félagsins er að annast verðbréfaviðskipti. Starfar það á grundvelli laga nr. 20/1989 um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði. Hávöxtunarfélagið hf. er verðbréfasjóður, sbr. 18. gr. laganna, sem starfar í nánum tengslum við Kaupþing hf. Landsbanki Íslands er ríkisviðskiptabanki, sem starfar á grundvelli laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, sbr. lög nr. 32/1989 og lög nr. 120/1989. Landsbréf hf. — verðbréfamarkaður Landsbankans — er að langmestu leyti eign bankans, en félagið starfar á grundvelli laga nr. 20/1989.

Er hér álitaefnið hvort framangreint deildarstjórastarf Kristínar Sigurðardóttur sé þess eðlis að seta hennar í bankaráði Landsbankans geti á einhvern hátt talist andstæð lögum.

Verðbréfaviðskipti sem þáttur í starfsemi viðskiptabanka.

Í áðurgreindum lögum um viðskiptabanka segir í 4. gr. að hlutverk viðskiptabanka sé að hafa á hendi hvers konar viðskiptabankastarfsemi eins og hún sé skilgreind í IV. kafla laganna. Önnur starfsemi sé þeim óheimil. Í þeim kafla er starfsemi viðskiptabanka nánar lýst í 26. gr.:

Starfsemi viðskiptabanka er fólgin í geymslu og ávöxtun fjár, miðlun á peningum og annarri þjónustustarfsemi sem er í eðlilegum tengslum við slík viðskipti.

Viðskiptabönkum og öðrum, sem til þess hafa sérstaka lagaheimild, er einum heimilt að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar.

Í öðrum greinum þessa kafla eru nánari ákvæði um starfsemi viðskiptabanka sem þarflaust er að rekja hér.

Ákvæði 4. og 26. gr. eru mjög rúmt og almennt orðuð. Í 26. gr. er starfseminni lýst svo að hún sé fólgin í *ávöxtun fjár, miðlun á peningum* og *annarri þjónustustarfsemi* sem sé í *eðlilegum tengslum* við slík viðskipti. Þetta rúma orðalag getur sem best tekið til verðbréfaviðskipta sem hafa það að markmiði að geyma fé, ávaxta það og miðla því. Í greinargerð með frumvarpi til viðskiptabankalaganna kemur og í ljós að gert er ráð fyrir að verðbréfamiðlun sé þáttur í starfsemi viðskiptabanka.

Segir um það í athugasemdum við 4. gr.:

„Öðrum aðilum en viðskiptabönkum er samkvæmt frumvarpinu óheimilt að reka viðskiptabankastarfsemi. Þeim er hins vegar heimilt að hafa með höndum starfsemi sem felur í sér ákveðna þætti viðskiptabankastarfsemi eða er hliðstæð slíkri starfsemi. Í þessu sambandi má t.d. nefna verðbréfaviðskipti og afborgunarkaup.“ (Alþt. 1984–85. 107. lþ. A: þskj. 695.)

Í athugasemdum við 26. gr. laganna er vitnað til 5. gr. laga um Landsbanka Íslands, nr. 11/1961, þar sem hlutverki hans er lýst, en í c-lið þeirrar greinar er kaup og sala verðbréfa talin meðal hlutverka hans. Einnig er þar vitnað til 9. gr. laga um Verslunarbanka Íslands nr. 46/1960, en þar er lýst verkefnum hans. Í 5. tölul. er kaup og sala skuldabréfa ríkis-, bæjar- eða sveitarfélaga, eða annarra tryggra og auðseljanlegra verðbréfa talin meðal verkefna hans. Var í frumvarpinu gert ráð fyrir að hugtakið viðskiptabankastarfsemi yrði skilgreint með öðrum hætti en gert hefði verið, í þeim tilgangi að bönkum yrði auðveldað að laga starfsemi sína að breyttum kröfum og aðstæðum á hverjum tíma. Síðan sagði í athugasemdunum:

„Eftir sem áður verður þó starfsemin að vera fólgin í geymslu og ávöxtun fjár og miðlun á peningum, sbr. orðalag málsgreinarinnar. Einnig verður önnur þjónustustarfsemi banka að standa í tengslum við viðskipti sem tengjast slíkri starfsemi.“

Skilgreining frumvarpsins á viðskiptabankastarfsemi felur í sér alla þá þætti sem falla nú almennt undir hugtakið, þar á meðal verðbréfaviðskipti. Ákvæðinu er með öðrum orðum ekki ætlað að þrengja almennt starfsvettvang viðskiptabanka frá því sem verið hefur. Engu að síður er ætlast til að hugtakið verði skýrt þröngt. (Alþt. 1984–85. 107. lþ. A: þskj. 695.)

Það er því ljóst að verðbréfaviðskipti eru samkvæmt núgildandi lögum um viðskiptabanka innan starfssviðs slíkra banka.

Landsbanki Íslands hefur haft með höndum slík viðskipti og sérstök deild, verðbréfaviðskipti, annast þennan þátt starfseminnar. Þann 5. júlí 1989 var stofnað sérstakt verðbréfafyrirtæki, Landsbréf hf., og yfirtók það viðskipti áðurnefndrar deildar um síðustu áramót, 1989–90. Í samþykktum Landsbréfa hf. segir að tilgangur þess sé að annast verðbréfaviðskipti í samræmi við lög nr. 20/1989. Tekur það til allra þátta verðbréfaviðskipta eins og þeim er lýst í 2. mgr. 11. gr. laganna. Er félagið að 95 hundraðshlutum eign Landsbankans, en að tæpum fimm hundraðshlutum eign Veðdeildar Landsbankans. Þrír hluthafar til viðbótar eiga örlitla hluti. Í samþykktum félagsins er svo mælt að Landsbankinn hafi heimild til að leysa til sín hluti annarra hluthafa í félaginu þegar breyting sú á hlutafélagalögum taki gildi í marsmánuði 1990 er heimili að lágmarksfjöldi hluthafa í hlutafélagi verði tveir í stað fimm.

Verðbréfafyrirtæki.

Í áðurgreindum athugasemdum við 4. gr. laga um viðskiptabanka er tekið fram að öðrum aðilum sé heimilt að hafa með höndum starfsemi sem feli í sér ákveðna þætti viðskiptabankastarfsemi og eru þar sérstaklega nefnd verðbréfaviðskipti. Um þau hafa verið sett lög nr. 20/1989 sem áður eru nefnd.

Kaupþing hf. er verðbréfafyrirtæki sem starfar á grundvelli þeirra laga samkvæmt leyfi viðskiptaráðherra, sbr. 1. mgr. 11. gr. Er það stofnað 18. október 1982 og er að rúmum helmingi í eigu Péturs Blöndal framkvæmdastjóra þess, en að tæpum helmingi í eigu níu sparisjóða.

Í samþykktum Kaupþings hf. segir svo um um tilgang félagsins:

„Tilgangur félagsins er sá að annast verðbréfamiðlun og bjóða fram sérfræði-, rannsóknar- og upplýsingaþjónustu um slík viðskipti, veita sölutryggingu á markaðsverðbréfum, annast fjárvörslu fyrir einstaklinga og lögaðila, reka verðbréfasjóði og skylda starfsemi.“

Eins og áður segir er Hávöxtunarfélagið hf. verðbréfasjóður sem starfar í sjálfstæðum sjóðsdeildum. Er það almenningshlutafélag, óháð Kaupþingi hf., í eigu 70 aðila. Kaupþing hf. annast daglegan rekstur félagsins, umsýslu eigna þess og allra sjóðsdeilda samkvæmt sérstökum samningi. Kaupþing hf. sér um innheimtu bréfa í eigu sjóðsdeildanna og annast að öllu leyti fjárreiður þeirra og bókhald.

Af þessu má vera ljóst að verðbréfaviðskipti eru bæði á starfssviði Landsbanka Íslands, nánar tiltekið Landsbréfa hf. sem er að mestu leyti eign bankans og Kaupþings hf.

Starfssvið deildarstjóra innheimtudeildar.

Kristín Sigurðardóttir er deildarstjóri innheimtudeildar Kaupþings hf. eins og þegar hefur verið tekið fram. Hún hefur í stórum dráttum lýst starfi sínu þannig:

Deildarstjóri hefur yfirumsjón með verkefnum innheimtudeildar þar sem auk hennar eru tveir starfsmenn í fullu starfi og einn í hálfu. Aðalverkefni deildarinnar er að innheimta skuldabréf, en einnig víxla og fjárhæðir samkvæmt kaupsamningum. Bréf þau, sem nú eru til innheimtu, eru um 17.000 talsins og af ólíku tagi: ríkisskuldabréf, bankabréf, bréf tryggð með

veði, bréf með sjálfsskuldarábyrgð. Sum bréfin eru verðtryggð, önnur án slíkrar tryggingar. Yfir 97% þessara bréfa bera hreyfanlega vexti sem eru meðalvextir Seðlabanka Íslands.

Bréfin eru eign fjögurra sjóða og innan við 500 einstaklinga og eru í fjárvörslu Kaupþings hf. Sérstök deild í fyrirtækinu, vörsludeild, sér um þennan þátt í starfsemi þess.

Þegar skuldabréf kemur til innheimtu er því gefið númer, tekið af því heilafrit og frumriti komið fyrir í traustri geymslu. Númerað afritið er síðan skráð í innheimtukerfið, skráning lesin yfir og bókuð. Þegar líður að gjalddaga eru sendir út gíróseðlar og greiða flestir skuldarar á gjalddaga eða skömmu síðar. Ef tvær vikur líða án þess að greiðsla berist er ítrekun send í nafni lögmanna, en undirrituð af deildarstjóra innheimtudeildar. Þar er skuldara gefinn kostur á að greiða skuld innan viku, ella verði bætt við innheimtukostnaði sem tilgreindur er. Langflestir skuldarar greiða á þessu stigi. Þeir sem hafa ekki greitt þegar mánuður er liðinn frá gjalddaga fá sent innheimtubréf sem er harðorðara og lögsókn boðuð. Að lokum er haft símasamband við skuldara. Innheimtudeild sér um alla innheimtu þar til komið er að því að stefna skuldara eða beiðast uppboðs.

Þegar greiðslur berast eru þær skráðar á bréfin og lagðar inn á reikning eigenda.

Mestur tími af starfi deildarstjóra fer í að ræða við skuldara sem vilja semja um greiðslu skulda sinna og skýra mál sín. Einnig er deildarstjóra ætlað að fylgjast með uppboðum og sjá um að lögmenn fái uppreiknaða stöðu bréfa og frumrit þeirra ef þörf krefur. Deildarstjóra ber einnig að sitja reglulega fundi með lögmönnum sem falið hefur verið að halda áfram innheimtu skuldabréfa og fara með þeim yfir stöðu mála.

Framkvæmdastjóri Kaupþings hf. hefur upplýst að auk þessa sitji deildarstjóri innheimtudeildar vikulega fundi innráðs sem sé honum til ráðuneytis við ákvarðanatöku um innri málefni félagsins. Starfi ráðið við hlið útráðs sem sjái um ytri málefni þess, nánar tiltekið samskipti við viðskiptamenn. Ráð þessi séu skipuð deildarstjórum Kaupþings hf. og fyrirsvarsmönnum stoðdeilda þess — markaðsstjóra, lögfræðingi, tölvufræðingi og innri endurskoðanda.

Þegar virt er það sem hér segir um starfssvið deildarstjóra Kaupþings hf., hversu umfangsmikil starfsemin er og þá sérstaklega það, sem segir um tengsl hans við skuldara og fundi með lögmönnum, er ljóst að deildarstjóri hlýtur að kynnast vel hag viðskiptamanna Kaupþings hf. og þá ekki síst skilvísi þeirra og greiðslugetu. Þetta eru mikilvægar og verðmætar upplýsingar við rekstur verðbréfafyrirtækis. Með setu í innráði Kaupþings hf. verður ekki betur séð en deildarstjórinn eigi þess kost að fylgjast náið með flestum eða öllum innri málefnum félagsins.

Þá ber að hafa hér í huga að deildarstjóra eins og öðrum starfsmönnum verðbréfafyrirtækja er skylt að gæta þagmælsku um öll viðskipti sem þeir hafa milligöngu um og um persónulega hagi viðskiptamanna sem þeir öðlast vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls og helst sú þagnarskylda þótt látið sé af starfi, sbr. 3. mgr. 13. gr. og 7. gr. laga um verðbréfaviðskipti.

Bankaráð Landsbanka Íslands.

Í lögum um viðskiptabanka segir þetta í 9. gr. um yfirstjórn bankanna: „Yfirstjórn ríkisviðskiptabanka er í höndum viðskiptaráðherra og bankaráða, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.“

Þessari yfirstjórn bankaráða virðist samkvæmt lögunum mega skipta í tvo meginþætti, annars vegar beina yfirstjórn og hins vegar yfirumsjón og eftirlit.

Bein yfirstjórn bankaráða lýsir sér í ákvörðunarvaldi á tilteknum sviðum. Þannig ákveður bankaráð hvort stofna skuli útibú og hvar þau skuli vera, sbr. c-lið 21. gr. og 3. gr. Bankaráð ræður bankastjóra og segir þeim upp starfi; í samráði við ráðherra víkur bankaráð þeim úr starfi ef þeir brjóta af sér, sbr. 11. gr. Það ákveður laun bankastjóra og önnur ráðningarkjör,

svo og eftirlaun; það setur bankastjórum erindisbréf og ákveður verkaskiptingu þeirra, sbr. 12. gr. Bankaráð ákveður hver skuli taka sæti af hálfu bankans í stjórn stofnunar eða atvinnufyrirtækis nema lög kveði á um annað, sbr. 13. gr. Einnig ræður það tiltekna yfirmenn og segir þeim upp starfi; því er og heimilt að ráða aðstoðarbankastjóra, sbr. 19. gr. Bankaráð ákveður hverjum skuli heimilt að rita firma banka, sbr. 20. gr. Þá tekur bankaráð ákvörðun um ýmis málefni sem varða rekstur banka, sölu og veðsetningu fasteigna sem bankinn á, kaup og sölu hlutabréfa og annarra eignarhluta í félögum sem bankinn á, samruna banka við aðrar lánastofnanir, afskriftir af útlánum, ráðstöfun tekjuafgangs til varasjóðs og annarra sjóða, bankaráð ákvarðar vexti banka og gjaldskrá þjónustugjalda, setur almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir banka, sbr. 21. gr. og 2. gr. laga nr. 32/1989. Þá setur bankaráðið reglur um viðskipti starfsmanna við bankann, sbr. 1. mgr. 33. gr.

Yfirumsjónar- og eftirlitshlutverk bankaráða er nánar skilgreint í 18. gr., en þar segir:

„Bankaráð hefur yfirumsjón með málefnum viðskiptabanka í samræmi við lög þessi, reglugerð eða samþykktir. Bankaráð hefur einnig með höndum almennt eftirlit með með rekstri bankans."

Til þess að bankaráð geti gegnt þessari skyldu er svo greint í 3. mgr. 24. gr. að bankastjórn skuli reglulega gefa upplýsingar um rekstur og hag bankans á bankaráðsfundum.

Nátengdar þessu umsjónar- og eftirlitshlutverki eru ýmsar starfsskyldur sem lúta að veitingu upplýsinga. Ráðherra getur hvenær sem er krafið bankaráð upplýsinga um rekstur og hag bankans, sbr. 10. gr. Bankaráði er skylt að veita skoðunarmanni allar umbeðnar upplýsingar sem unnt er að láta í té, sbr. 5. mgr. 40. gr., og bankaráði ber þegar í stað að tilkynna bankaeftirlitinu ef ástæða er til að ætla að eigið fé bankans sé undir því lágmarki sem ákveðið er í 36. gr., sbr. 45. gr. Þá undirritar bankaráð ársreikning ásamt bankastjórum, sbr. 2. mgr. 38. gr.

Samkeppni og hagsmunaárekstrar.

Ljóst er af því sem nú hefur verið rakið að bæði Landsbanki Íslands og Kaupþing hf. annast verðbréfaviðskipti. Landsbankinn hefur að vísu kosið að stofna sérstakt verðbréfafyrirtæki, Landsbréf hf., án þess að séð verði að lög hafi knúið til þess. Í 2. mgr. 11. gr. laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði er berum orðum tekið fram að einkaréttur verðbréfafyrirtækja með fullgildu rekstrarleyfi raski ekki rétti innlánsstofnana, viðskiptabanka og sparisjóða til að reka slíka starfsemi, enda sé um að ræða viðskiptabanka- og sparisjóðsstarfsemi eða þjónustustarfsemi sem sé í eðlilegum tengslum við hana. Fyrirvarinn í lokin er svo óljós að vandséð er að hve miklu leyti hann takmarkar verðbréfaviðskipti viðskiptabanka.

Eins og áður segir eru Landsbréf hf. að langmestu leyti í eigu Landsbankans og félagið annast þann þátt viðskiptabankastarfseminnar sem lýtur að verðbréfaviðskiptum. Það verður að telja andstætt lögum um viðskiptabanka að banki geti stofnað sjálfstæð félög um tiltekna þætti í eðlilegri starfsemi og þannig dregið þá undan yfirstjórn, yfirumsjón og eftirliti bankaráðs. Í 13. gr. viðskiptabankalaganna ákveður bankaráð reyndar hver skuli taka sæti af hálfu bankans í stjórn stofnunar eða atvinnufyrirtækis. Hefur bankaráðið því ítök um stjórn fyrirtækisins. Að einhverju leyti kann hlutafélagaformið að takmarka yfirstjórn bankaráðsins, en þó alls ekki svo að stjórn Landsbréfa hf. verði talin bankaráði óviðkomandi. Annars er ekki þörf á að ræða þetta álitaefni frekar hér. Á hinu leikur enginn vafi að bankaráðsmönnum ber að hafa sams konar yfirumsjón og eftirlit með starfsemi Landsbréfa hf. og bankanum sjálfum.

Landsbanki Íslands (Landsbréf hf.) og Kaupþing hf. eru samkvæmt þessu keppinautar bæði beint og óbeint á verðbréfamarkaði og þar hljóta að geta risið hagsmunaárekstrar af ýmsu tagi.

Hér að framan hefur verksviði bankaráðs verið skipt í tvo meginflokka: beina yfirstjórn og ákvarðanatöku annars vegar og yfirumsjón og eftirlit hins vegar.

Verður ekki betur séð en hagsmunaárekstrar, beinir eða óbeinir, geti orðið milli Landsbankans og Kaupþings hf. á flestum þeim sviðum þar sem bankaráð hefur beina yfirstjórn á hendi og er ætlað að taka ákvarðanir um einstök málefni. Sérstaklega sýnist þetta geta orðið um mótun vaxtastefnu og ákvarðanir þar að lútandi, en á fjármagnsmarkaði keppa bankar og fjármálafyrirtæki um fé til starfsemi sinnar, svo sem best má marka af auglýsingum. Sama virðist geta gerst þegar bankaráð ákveður að selja hlutabréf og aðra eignarhluta í félögum sem bankinn á aðild að, einnig þegar ákveðið er að afskrifa útlán.

Við þetta bætist svo það að flestar almennar upplýsingar um rekstur og hag bankans og viðskiptamanna hans, sem bankaráðsmenn fá sem yfirumsjónar- og eftirlitsmenn, hljóta eðli málsins samkvæmt að koma keppinaut á verðbréfamarkaði að notum.

Hér ber að hafa í huga að þagnarskylduákvæðin í 25. gr. viðskiptabankalaganna og 13., sbr. 7. gr. laganna um verðbréfaviðskipti, hljóta öðrum þræði að vera sett til að vernda samkeppnisaðstöðu banka og verðbréfafyrirtækja.

Staða deildarstjóra Kaupþings hf.

Hér að framan hefur starfi deildarstjóra Kaupþings hf. verið lýst og sú ályktun dregin að hann eigi þess kost að fylgjast náið með hag viðskiptamanna félagsins, ekki síst skilvísi þeirra og greiðslugetu. Vegna setu í bankaráði Landsbankans á hann þess einnig kost að fylgjast með hag viðskiptamanna bankans og því hvernig þar er staðið að innheimtu og hvern árangur hún ber.

Með setu í innráði Kaupþings hf. verður ekki annað séð en deildarstjórinn geti einnig fylgst grannt með öllum innri málefnum Kaupþings hf., rekstri þess og hag, stefnu, fyrirætlunum og ákvörðunum stjórnenda. Með setu í bankaráði Landsbankans berast deildarstjóranum reglulega upplýsingar um rekstur og hag bankans, hann tekur þátt í stefnumótun og mörgum mikilvægum ákvörðunum eins og lýst er að framan.

Deildarstjórinn sem hefur beina atvinnuhagsmuni af því að störf hans beri árangur er settur í þá aðstöðu að búa yfir vitneskju um málefni keppinautar atvinnurekanda síns sem hann kann að hafa persónulega hagsmuni af að nýta sér. Hann hefur einnig verið kosinn til einnar af æðstu trúnaðarstöðum við stofnun sem kynni að hafa hag af vitneskju um málefni atvinnuveitanda hans.

Hér er augljóslega stöðug hætta á hagsmunaárekstrum sem hlýtur að setja deildarstjóranum sífelldlega í vanda og tæplega er unnt að ætlast til að hann geri sér alltaf grein fyrir. Er ljóst að stjórn Kaupþings hf. hefur fullan skilning á þessum vanda, en í yfirlýsingu frá henni dags. 27. desember 1989 segir þetta m.a.:

„Þegar fréttist af þessum áformum (að kjósa Kristínu Sigurðardóttur í bankaráð Landsbankans) hafði Kaupþing nokkrar efasemdir um að deildarstjóri þess tæki þátt í stjórnun annars fyrirtækis sem óbeint á í samkeppni við Kaupþing. Kaupþing hefur verið í fararbroddi með nýjungar á verðbréfamarkaði hér á landi og því gæti frumkvæði Kaupþings nýst Landsbankanum. Eftir viðtal við deildarstjórann var efasemdum eytt enda fullur trúnaður við þennan starfsmann."

Í litlu landi eins og Íslandi fer ekki hjá því að fólki með sérþekkingu séu falin margs konar trúnaðarstörf, sem oft skarast á ýmsa vegu. Hér reynir á siðferðisstyrk viðkomandi einstaklinga og trúnað þeirra við umbjóðendur sína. Ef viðkomandi gerir sér grein fyrir hvar mismunandi hagsmunir liggja getur hann rækt störf sín án þess að misbjóða hagsmunum þeirra, sem velja hann til starfa.

Einn af bankastjórum Landsbankans hefur gagnrýnt þessa kosningu harðlega.

Það verkefni liggur hér ekki fyrir að taka afstöðu til þess hvernig forráðamenn Kaupþings hf. eiga að bregðast við í þessu máli og því verður ekki fjölyrt um það.

Almennt um stjórnsýsluhæfi.

Landsbanki Íslands er ríkisviðskiptabanki og ber ríkissjóður ábyrgð á öllum skuldbindingum hans, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga um viðskiptabanka. Eins og aðrir ríkisviðskiptabankar lýtur Landsbankinn stjórn bankaráðs sem Alþingi kýs. Þannig á bankaráðið í umboði Alþingis hlutdeild í þeim þætti framkvæmdarvaldsins sem lýtur að fjárstjórn ríkisins. Í þessum skilningi er bankaráðið stjórnsýslustofnun.

Stjórnsýsluhæfi er tvíþættrar merkingar. Annars vegar tekur það til þeirra hæfisskilyrða sem menn þurfa að fullnægja til að gegna stjórnsýslustarfi, sbr. 3. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Er hér talað um almennt hæfi. Hins vegar merkir orðið hæfi til þess að fara með einstakt mál og taka ákvörðun í því. Er þá talað um sérstakt hæfi.

Almennt hæfi er skilgreint með jákvæðum hætti þar sem áskilið er að stjórnsýsluhafar séu gæddir þeim einstaklingsbundnu kostum að þeir geti á hlutlægan hátt tekið ákvörðun eftir málefnum. Í lögum eru tiltekin skilyrði fyrir því að maður geti fengið opinbert starf og haldið því og þeim verður að fullnægja; auk þess verður stjórnsýsluhafi að hafa löglega heimild til starfs síns, þ.e. skipun, ráðningu eða kosningu. Einnig er almennt hæfi skilgreint með neikvæðum hætti þannig að sett eru skilyrði sem fyrir fram eiga að draga úr hættu á því að stjórnsýsluhafi sé svo tengdur úrlausnarefnum sem fyrir hann eru lögð að draga megi í efa óhlutdrægni hans við meðferð og afgreiðslu mála. Heimild yfirboðara til að banna aukastörf sem ósamrýmanleg teljast aðalstarfi er dæmi um þetta, sbr. 34. gr. laga nr. 38/1954.

Sérstakt hæfi er áskilið þar sem aðstæður kunna að vera slíkar að stjórnsýsluhafi megi ekki eiga hlut að meðferð einstaks máls þótt hann fullnægi almennum hæfisskilyrðum. Hann kann að hafa þeirra hagsmuna að gæta við úrlausn málsins eða vera tengdur því með öðrum hætti, þannig að hann megi ekki um það fjalla af þeirri hlutlægni sem áskilja verður. Almennar skráðar réttarreglur eru ekki til um sérstakt hæfi, en víða í löggjöfinni er vikið að hæfi einstakra stjórnsýsluhafa.

Vanhæfisástæðum má samkvæmt þessu skipta í tvo meginflokka, almennt og sérstakt vanhæfi. Almennt vanhæfi lýsir sér þannig að tilteknar aðstæður eru fyrir fram taldar hafa þau áhrif á þann sem um mál fjallar að líklegt sé að hann fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu — mál kann til dæmis að varða um of hagsmuni sjálfs hans eða náinna vandamenn hans. Hér reynir á það sem kallað er neikvæð hæfisskilyrði og áður er lýst. Sérstakt vanhæfi lýsir sér þannig að ekki er vitað fyrir fram um tengsl manns við einstakt málsefni eða þá sem við það eru riðnir. Slíkt hlýtur iðulega að bera við þar sem ekki er unnt að sjá allt fyrir sem vanhæfi kann að valda þannig að ástæður verði fyrir fram tæmandi taldar. Verður þá að meta sérstaklega með hliðsjón af viðeigandi lagareglum hvort stjórnsýsluhafi eigi slíkra hagsmuna að gæta við meðferð tiltekins máls að hætta sé á að hann glepjist af því og mál fái ekki rétta meðferð. (Um stjórnsýsluhæfi er skilmerkileg greinargerð eftir Björn Þ. Guðmundsson í Lögbókinni þinni, 2. útg., 1989, bls. 439.)

Hér verður að vekja athygli á því að ekki er verið að leggja dóm á trúnað, siðferðisstyrk eða heiðarleika þess einstaklings sem hlut á að máli hverju sinni þegar rætt er um almennt og sérstakt vanhæfi. Öll áhersla liggur á því hvort tiltekin tengsl manns við úrlausnarefni séu þess eðlis að hætta sé á að þau glepji fyrir honum. Reynsla kynslóðanna hefur sýnt mönnum að á slíku er alltaf nokkur hætta og því hefur verið leitast við að móta almennar reglur í stað þess að leggja sérstakt mat á hvern mann.

Almennt og sérstakt hæfi bankaráðsmanna — þagnarskylda.

Í viðskiptabankalögunum eru fá ákvæði um almennt vanhæfi til setu í bankaráði ríkisviðskiptabanka. Hvorki bankastjórar né skoðunarmenn mega þó sitja í bankaráði, sbr. 4. mgr. 24. gr. og 3. mgr. 40. gr., en að öðru leyti eru ekki ákvæði um almennt vanhæfi til setu

þar. Hins vegar er mælt fyrir um sérstakt vanhæfi bankaráðsmanna, eða vanhæfi þeirra til meðferðar einstaks máls í 2. mgr. 33. gr., sjá 3. gr. laga nr. 32/1989, og hljóðar það svo:

„Bankaráðsmenn skulu ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga hlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í. Sama gildir um þátttöku bankaráðsmanna í meðferð máls er varðar aðila sem eru þeim tengdir, persónulega eða fjárhagslega."

Þá er bankaráðsmönnum ekki heimilt að koma fram sem umboðsaðilar annarra gagnvart bankastjórn, sbr. 3. mgr. 33. gr. og 3. gr. laga nr. 32/1989.

Loks ber að árétta að bankaráðsmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptamanna bankans og um önnur atriði er þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins og helst þagnarskylda þótt bankaráðsmaður hafi látið af starfi, sbr. 25. gr.

Lagaleg staða deildarstjóra Kaupþings hf. í bankaráði.

Augljóst er að deildarstjóra Kaupþings hf. er óheimilt að taka þátt í meðferð máls sem varðar viðskipti sem Kaupþing hf. kann að eiga við Landsbankann. Honum er einnig óheimilt að taka þátt í meðferð máls er varðar Kaupþing hf. með öðrum hætti, sbr. 2. mgr. 33. gr. laga um viðskiptabanka og 3. gr. laga nr. 32/1989, um breytingu á þeim lögum.

Eins og fyrr segir eru bankaráðsmenn í senn stjórnendur og eftirlitsmenn. Í lögum um viðskiptabanka er gert ráð fyrir að þeir taki talsverðan þátt í sjálfri bankastjórninni eins og að framan er lýst. Um það má vafalaust deila hvort sú skipan sé heppileg, en hitt er víst að hún magnar frekar hættu á hagsmunaárekstrum en ella, ef bankaráðin væru einungis til yfirumsjónar og eftirlits.

Líklegt má telja og raunar fullvíst að deildarstjórinn yrði að víkja svo oft af fundi bankaráðs vegna sérstaks vanhæfis til meðferðar einstakra mála, oft mjög mikilvægra, að honum yrði mjög torvelt að starfa með eðlilegum hætti í bankaráðinu. Við svo búið sýnist óhjákvæmilegt að álykta að starf deildarstjórans hjá Kaupþingi hf., eitt sér, hljóti að hafa þau áhrif á stöðu hans og starf í bankaráði Landsbankans að engar líkur séu á því að hann geti rækt þau á svo trúverðugan hátt sem áskilja verður. Með því að gegna ósamrýmanlegu starfi sé hann almennt vanhæfur til að sitja í bankaráðinu.

Nú hafa ekki verið leiddar í lög hér á landi neinar almennar vanhæfisreglur í stjórnsýslu. Á hinn bóginn eru ákvæði um vanhæfi í ýmsum samböndum mjög víða í löggjöfinni, m.a. um ósamrýmanleg störf. Í ritgerðinni „Almennt vanhæfi stjórnsýsluhafa" eftir Pál Hreinsson og Ingvar Þóroddsson í Úlfljóti, tímariti laganema 39. árg. 1986, bls. 249–50, er rakinn fjöldi lagaákvæða þar sem stjórnsýsluhöfum eru bönnuð tiltekin störf, venjulega aukastörf, sem teljast ósamrýmanleg aðalstarfi. Að baki þessum ákvæðum býr bersýnilega sú hugsun að stjórnsýsluhafa verði ekki komið í þá aðstöðu að sífellt megi efast um hlutlægni hans.

Má samkvæmt þessu telja það óvefengjanlega meginreglu í íslenskri stjórnsýslu að stjórnsýsluhafi sé almennt vanhæfur ef hann auk stjórnsýslustarfs síns gegnir annarri stöðu sem fyrirsjáanlegt er að valdi tíðum hagsmunaárekstrum eða hættu á slíkum árekstrum, enda séu þeir þess eðlis að hann mætti ekki um mál fjalla sökum sérstaks vanhæfis.

Hér má minna á að nauðsynlegt hefur þótt að setja í lög um viðskiptabanka reglur um almennt vanhæfi bankastjóra til að sitja í bankaráði. Þegar staða þeirra er skoðuð sem gegna trúnaðarstörfum í fjármálafyrirtækjum sýnast sömu rök eiga við um vanhæfi.

Ekki hefur verið aðstaða til að kanna svo að heitið geti erlend lög um þetta efni. Vegna margra alda sambands Íslands og Danmerkur stendur íslenskur réttur næst hinum danska. Því þótti rétt að huga að skipan mála þar og láta við það sitja. Er skemmst frá að segja að niðurstaðan yrði þar hin sama og hér er lýst (sjá Carl Aage Nörgaard og Jens Garde:

Forvaltningsret – Sagsbehandling, 3. udg. 1988, bls. 63, og Bent Christensen: Nævn og raad, 1958, bls. 175 og áfram, einkum 191).

Því hefur verið hreyft, t.d. í yfirlýsingu stjórnar Kaupþings hf. sem vitnað er til hér að framan, að vegna fámennis þjóðarinnar fari ekki hjá því að fólki með sérþekkingu séu falin margs konar trúnaðarstörf. Er það raunar kunnara en frá þurfi að segja að hér á landi gegna menn iðulega mörgum trúnaðarstörfum. Af þeim sökum er það algeng skoðun að því séu nokkur takmörk sett hversu langt megi ganga í að setja reglur um almennt vanhæfi á sviði stjórnsýslustarfa (sjá Ólafur Jóhannesson: Stjórnarfarsréttur, 2. útg., 1974, bls. 40 og 42). Þá hefur því verið haldið fram að hingað til hafi það ekki verið talið valda almennu vanhæfi þótt bankaráðsmenn hafi jafnframt setið í stjórn annarra banka og sparisjóða eða í stjórn fyrirtækja sem væru meðal stærstu skuldara hlutaðeigandi banka.

Umdeilanlegar venjur sem brjóta í bága við góða og heilbrigða stjórnarhætti verða almennt ekki taldar æskilegar fyrirmyndir til frambúðar. Jafnframt er rétt að minna á að mikil breyting hefur orðið á fjármagnsmarkaði, m.a. meira frjálsræði en áður, fjölbreyttari kostir ávöxtunar og harðari samkeppni hvers konar fjármálafyrirtækja. Allt er þetta tilefni til endurmats, m.a. á hæfisskilyrðum bankaráðsmanna. Þar að auki er almennt nauðsynlegt að herða á hæfisskilyrðum í stjórnsýslu hér á landi.

Niðurstaða.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaðan sú að Kristín Sigurðardóttir deildarstjóri innheimtudeildar Kaupþings hf. teljist almennt vanhæf til að sitja í bankaráði Landsbanka Íslands samkvæmt grundvallarreglum íslensks stjórnarfarsréttar. Er þá um leið svarað fyrri þætti þess sem um var spurt, hvort seta hennar í bankaráði geti á einhvern hátt talist óeðlileg.

Fylgiskjal III.

Seðlabanki Íslands,
bankaeftirlit:

ÁLITSGERÐ
um hæfi Kristínar Sigurðardóttur
til setu í bankaráði Landsbanka Íslands.

1. Inngangur.

Með bréfi, dags. 8. janúar 1990, óskaði forseti sameinaðs Alþingis, fyrir hönd forseta Alþingis, eftir því að bankaeftirlit Seðlabanka Íslands léti „... forsetum Alþingis í té lögfræðilega álitsgerð um það hvort starf Kristínar Sigurðardóttur hjá Kaupþingi hf. samrýmist setu hennar í bankaráði Landsbankans."

Eftirfarandi er álitsgerð bankaeftirlitsins. Efnisskipan verður þannig háttað:

II. kafli: Almennt um hæfi stjórnvaldshafa.
III. kafli: Hæfisskilyrði bankaráðsmanna samkvæmt lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka.
IV. kafli: Lög nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.
V. kafli: Heildarniðurstaða.

2. Almennt um hæfi stjórnvaldshafa.

Þegar rætt er um hæfi stjórnvaldshafa er greint á milli svokallaðs *almenns hæfis* annars vegar og svo *sérstaks hæfis* hins vegar.

A. Almennt hæfi.

Með *almennu hæfi* er annars vegar átt við lögmælt skilyrði fyrir því að geta fengið opinbert starf og haldið því og hins vegar að stjórnvaldshafi hafi fullgilda löggildingu til viðkomandi starfa, eftir atvikum samkvæmt skipun, setningu, ráðningu eða kjöri. Almenn hæfisskilyrði til að geta fengið stöðu í þjónustu ríkisins er að finna í lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Auk þess kunna að vera í öðrum lögum ákvæði varðandi einstaka flokka starfsmanna ríkisins og halda slík ákvæði þá gildi sínu.

Innan skilgreiningarinnar á almennu hæfi er oft greint milli svonefndra *jákvæðra* og *neikvæðra* hæfisskilyrða.

a1. *Jákvæð hæfisskilyrði.*

Jákvæðum hæfisskilyrðum er ætlað að tryggja, eftir því sem kostur er, að stjórnvaldshafi sé búinn þeim persónulegu kostum, andlegum sem líkamlegum, að hann geti tekið hlutlæga ákvörðun við meðferð mála í stjórnsýslu sinni. Dæmi slíkra jákvæðra hæfisskilyrða er að finna í 3. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þar sem gerðar eru almennar kröfur um aldur, lögræði, heilbrigði, kunnáttu og fleiri atriði.

a2. *Neikvæð hæfisskilyrði.*

Neikvæðum hæfisskilyrðum er ætlað að draga fyrir fram úr hættu á því að stjórnvaldshafi sé í slíkum tengslum við úrlausnarefni sem lögð kunna að verða fyrir hann að draga megi í efa hlutlægni hans við meðferð þeirra mála. Er reynt að ná þessum markmiðum með því að leggja bann við eða takmarka heimildir stjórnvaldshafa til að gegna tilteknum aukastörfum eða jafnvel að banna tilteknum aðilum aðild að fjölskipuðum stjórnvöldum. Dæmi slíkra neikvæðra hæfisskilyrða eru t.d. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 38/1954 og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 86/1985.

Sérstaklega skal tekið fram að lög nr. 38/1954 virðast ekki eiga við um það tilvik sem um ræðir, sbr. 1. gr. laganna, enda telst seta viðkomandi í bankaráði Landsbanka Íslands ekki aðalstarf.

B. Sérstakt hæfi.

Með sérstöku hæfi sjórnvaldshafa er átt við hæfi viðkomandi til meðferðar *einstaks máls* sem er til úrlausnar hjá viðkomandi stjórnvaldshafa.

Um sérstakt hæfi eru engin almenn ákvæði í íslenskum lögum. Slík skilyrði er hins vegar að finna í ýmsum sérlögum á tilteknum sviðum, svo sem 2. mgr. 33. gr. laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 32/1989, um breytingu á þeim lögum.

3. Hæfisskilyrði viðskiptabankalaga.

Í framhaldi af því sem rakið hefur verið liggur næst fyrir að kanna hæfisskilyrði viðskiptabankalaga, nr. 86/1985, sbr. lög nr. 32/1989, sem eru sérlög á því sviði sem um ræðir. Verður eingöngu vikið að hæfisskilyrðum laganna varðandi bankaráðsmenn. Samhengis vegna og til fróðleiks verður þó áður vikið lauslega að eldri rétti varðandi þessi atriði.

a. Eldri réttur.

Fyrir gildistöku núgildandi laga um viðskiptabanka var löggjöf á þessu sviði ekki samræmd, heldur giltu sérstök lög fyrir hvern viðskiptabanka um sig. Um Landsbanka Íslands giltu lög nr. 11 frá 29. mars 1961. Í 2. mgr. 9. gr. þeirra laga var að finna almennt hæfisskilyrði varðandi bankaráðsmenn og varamenn þeirra. Var það á þá leið að þeir skyldu vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík að þeim væri auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem væri. Önnur almenn hæfisskilyrði voru ekki sett. Engin ákvæði voru í lögum nr. 11/1961, um sérstakt hæfi bankaráðsmanna Landsbanka Íslands.

b. Lög nr. 86/1985.

b1. *Almenn hæfisskilyrði bankaráðsmanna.*

Í lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka, er ekki að finna ákvæði sem fela í sér almenn hæfisskilyrði til þess að taka sæti í bankaráði viðskiptabanka. Það virðist því ljóst að Kristín Sigurðardóttir nýtur almenns hæfis til að taka setu í bankaráði Landsbankans, enda til þess kjörin af þar til bærum aðila eftir þeim reglum sem um slíkt kjör gilda.

Á það skal bent í þessu sambandi að fyrir því eru fordæmi að jafnframt setu í bankaráði viðskiptabanka í eigu ríkisins hafi sami aðili, samtímis, verið í stjórn sparisjóðs. Þess eru jafnvel dæmi að bankastjóri viðskiptabanka hafi jafnframt setið sem aðalmaður í bankaráði Seðlabanka Íslands auk þess sem fyrrverandi deildarstjóri Kaupþings hf. var kjörinn varamaður í bankaráð Seðlabankans á sama tíma og hann gegndi deildarstjórastöðu hjá fyrrnefndu félagi og var auk þess leyfishafi til verðbréfamiðlunar fyrir hönd félagsins. Þá gegnir sami aðili nú stöðu deildarstjóra hjá Landsbréfum hf., dótturfyrirtæki Landsbanka Íslands, og er jafnframt kjörinn varamaður í bankaráði Seðlabanka Íslands.

b2. *Sérstök hæfisskilyrði.*

Í 2. mgr. 33. gr. laga nr. 86/1985, eins og því ákvæði var breytt með 1. mgr. 3. gr. laga nr. 86/1985, eins og því ákvæði var breytt með 1. mgr. 3. gr. laga nr. 32/1989, er nú að finna ákvæði um hæfi bankaráðsmanna til meðferðar einstaks máls. Ákvæðið hljóðar svo:

„Bankaráðsmenn skulu ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga hlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í. Sama gildir um þátttöku bankaráðsmanna í meðferð máls er varðar aðila sem eru þeim tengdir, persónulega eða fjárhagslega."

Ítrekað skal að sérstakt hæfi lýtur að hæfi til meðferðar einstaks máls og hefur út af fyrir sig ekki áhrif á almennt hæfi viðkomandi til að gegna tilteknum starfa. Þvert á móti verður að meta hvert einstakt tilvik sjálfstætt með hliðsjón af eðli þess og þeim lagaákvæðum sem gilda á viðkomandi sviði.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum um starfssvið Kristínar Sigurðardóttur hjá Kaupþingi hf. kann vel að vera að hún teldist vanhæf á grundvelli 2. mgr. 33. gr. laga nr. 86/1985, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 32/1989, til meðferðar einstaks fyrirliggjandi máls, enda varði niðurstöður þess hagsmuni vinnuveitanda hennar sérstaklega og verulega.

Á hinn bóginn ber þó að hafa í huga að samkvæmt lögum um viðskiptabanka er bankaráðum ætlað að taka ýmsar ákvarðanir sem ekki verður séð að snerti hagsmuni vinnuveitanda Kristínar Sigurðardóttur með sérstökum eða verulegum hætti fremur en ótiltekinn fjölda viðskiptamanna bankans.

Varhugavert hlýtur að teljast að draga svo almennar ályktanir af reglum um sérstakt vanhæfi án beinnar lagaheimildar að jafna megi því til almenns vanhæfis. Slíkt kynni að orka verulega tvímælis og verða talin óhæfileg skerðing á stjórnarskrárbundnu atvinnufrelsi einstaklinga, sbr. 69. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands.

4. Lög nr. 20/1989.

Sem kunnugt er gilda sérstök lög um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, nr. 20/1989. Þar sem umræddur bankaráðsmaður er starfsmaður verðbréfafyrirtækis þótti rétt að kanna sérstaklega hvort þau lög geymdu ákvæði sem girtu fyrir setu viðkomandi í bankaráði eða tækju til úrlausnarefnisins með öðrum hætti. Svo reyndist ekki vera.

5. Heildarniðurstaða.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið er niðurstaða bankaeftirlits Seðlabanka Íslands sú að Kristín Sigurðardóttir teljist ekki vanhæf til setu í bankaráði Landsbanka Íslands.

Reykjavík, 16. janúar 1989.

Þórður Ólafsson. *Jóhann Albertsson.*

Sþ. 502. Fyrirspurn [273. mál]

til dómsmálaráðherra um ályktun Alþingis um akstur utan vega.

Frá Þórhildi Þorleifsdóttur.

Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis frá 11. maí 1988 um akstur utan vega?

Sþ. 503. Fyrirspurn [274. mál]

til heilbrigðisráðherra um skýrslu um orkunotkun og kostnað við orkukaup í nýbyggingu Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur.

1. Með hvað hætti hefur athugun og skýrslu Verkfræðistofunnar Vistu, sem gerð var síðastliðið sumar á vegum heilbrigðisráðuneytisins, um mögulegar leiðir til sparnaðar í orkunotkun og orkukaupum Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði, verið fylgt eftir?
2. Hefur heilbrigðisráðherra í hyggju að láta gera sams konar athuganir á orkunotkun annarra sjúkrahúsa í landinu?

Sþ. 504. Fyrirspurn [275. mál]

til utanríkisráðherra um mengunarvarnir á Gunnólfsvíkurfjalli.

Frá Málmfríði Sigurðardóttur.

1. Hefur verið flutt olía í olíugeyma á Gunnólfsvíkurfjalli?
2. Ef svo er, er það með vitund og vilja ráðuneytisins og heilbrigðisyfirvalda?
3. Hver hefur haft eftirlit með mengunarvörnum á Gunnólfsvíkurfjalli til þessa?

Sþ. 505. Fyrirspurn [276. mál]

til viðskiptaráðherra um stjórnir og ráð peningastofnana ríkisins.

Frá Þórhildi Þorleifsdóttur, Önnu Ólafsdóttur Björnsson, Danfríði Skarphéðinsdóttur, Guðrúnu Agnarsdóttur, Kristínu Einarsdóttur og Málmfríði Sigurðardóttur.

Hverjir sitja í stjórnum og ráðum peningastofnana ríkisins og hvaða öðrum störfum gegna þeir? Tilgreind skulu bæði aðalstörf og aukastörf eins nákvæmlega og unnt er, einkum ef þau tengjast öðrum fjármálafyrirtækjum.

Með peningastofnun er átt við, auk Seðlabanka og viðskiptabanka, helstu opinbera sjóði og lánastofnanir.

Sömu upplýsinga er óskað um 10 stærstu sparisjóði landsins.

Upplýsingar óskast tilgreindar um yfirstandandi kjörtímabil viðkomandi stjórna og ráða og tvö kjörtímabil þar á undan.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 506. Svar [228. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Guðna Ágústssonar um yfirtekin lán Útvegsbankans.

Spurt er:

1. *Hversu hárri fjárhæð nema þær skuldbindingar, þar á meðal lífeyrisskuldbindingar, sem ríkissjóður tók á sig við sölu Útvegsbankans?*

Svar:

	Millj. kr. Verðlag 17. maí 1987
a. Neikvætt eigið fé á uppgjörsdegi 1. maí 1987	384,0
b. Viðbótarafskriftir vegna biðreiknings	298,9
c. óinnheimtar kröfur áætlaðar	– 100,0
Samtals vegna útlána	582,9
d. Lífeyrisskuldbindingar Eftirlaunasjóðs starfsmanna Útvegsbanka Íslands, áætlaðar	550,0
Alls	1.132,9

Hækkun lánskjaravísitölu frá maímánuði 1987 til ársloka 1989 er 63,8%. Þannig nema framangreindar skuldbindingar á verðlagi desembermánaðar sl. um 1.850,0 millj. kr.

Spurt er:

2. *Hversu mikið af útistandandi útlánum Útvegsbankans fylgdu ekki með til kaupenda bankans? Hversu mikið af þessum útlánum skiptist eftir meðfylgjandi flokkun og hversu há er fjárhæðin í hverjum flokki fyrir sig:*
   a. *sjávarútvegur,*
   b. *verslun,*
   c. *skipafélög,*
   d. *iðnrekstur,*
   e. *flugfélög,*
   f. *þjónusta hvers konar önnur en að framan greinir?*

   Þess er farið á leit að innan hvers flokks verði greint frá framreiknaðri upphæð skulda og áfallins kostnaðar þriggja stærstu skuldara, hvers um sig.

Svar:

Með lögum nr. 7/1987, um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands, segir í a-lið 1. gr.: „Að leggja Útvegsbanka Íslands, þ.e. eignir, skuldir og skuldbindingar bankans, til hins nýja hlutafélagsbanka, sbr. þó 2. mgr. 6. gr." Í lagagreininni segir enn fremur að stefna skuli að því að hlutafé hlutafélagsbankans verði allt að 1.000 milljónir króna. Þá segir m.a. í 4. gr. nefndra laga: „Viðskiptaráðherra skal skipa sérstaka matsnefnd til að meta eiginfjárstöðu Útvegsbanka Íslands miðað við þann dag sem hlutafélagsbanki skv. 1. gr. yfirtekur hann, sbr. 1. mgr. 12. gr."

Samkvæmt framansögðu gera lögin ráð fyrir að Útvegsbanki Íslands hf. yfirtaki öll útlán Útvegsbanka Íslands eftir að fram hafi farið mat á virði eigna og skulda, þar á meðal útlánum Útvegsbanka Íslands við stofnun hins nýja hlutafélagsbanka.

Niðurstaða matsnefndar um eigið fé Útvegsbanka Íslands á yfirtökudegi er að það sé neikvætt um 384 millj. kr. Í þeim hluta skýrslu matsnefndar, er fjallar um afskriftir útlána bankans, segir m.a.:

„Hinn 29. desember 1987 var gerður samningur milli ríkissjóðs og Útvegsbanka Íslands hf. um að færa skuldbindingar tiltekinna lánþega að frádregnum afskriftum útlána á sérstakan viðskiptareikning hjá Útvegsbanka Íslands hf. Samningur þessi var gerður strax og fyrir lá niðurstaða matsnefndar um afskriftaþörf vegna skulda þessara lánþega. Eru fjárhæðir, sem færðar eru á viðskiptareikninginn, í samræmi við niðurstöðu matsnefndar. Samtala skuldbindinga, sem hér um ræðir, nemur tæplega 976 millj. kr., að frádregnum afskriftum. Endanlegt uppgjör þeirra útlána, sem færð eru á hinn sérstaka viðskiptareikning, á síðan að fara fram í síðasta lagi í árslok 1988 samkvæmt nánari ákvæðum í samningum.

Greinargerð matsnefndar um afskriftir útlána til einstakra lánþega kemur fram í sérstöku fylgiskjali. Þar sem gert er ráð fyrir að álit matsnefndar verði birt og með hliðsjón af ákvæðum laga um bankaleynd, sbr. 25. gr. laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, er greinargerð um sérstakar afskriftir útlána aðskilin frá meginefni álits matsnefndar.

Sumir lánþegar, sem falla undir sérstakar afskriftir útlána, eru gjaldþrota. Flestir aðrir eru á barmi gjaldþrots eða svo illa á vegi staddir fjárhagslega að rekstrarstöðvun eða greiðsluþrot blasir við. Við ákvörðun afskrifta útlána varð nefndin því að meta virði trygginga sem bankinn hafði 30. apríl 1987. Afskriftaþörf er þannig mismunur á annars vegar skuldbindingum lánþegans og hins vegar virði trygginga, að teknu tilliti til áhvílandi veðkrafna á undan veðkröfum bankans."

Sú tilhögun að setja ákveðinn fjölda viðskiptavina Útvegsbanka Íslands á svokallaðan biðreikning byggðist á því að veruleg taphætta væri fyrir hendi og ef matsnefndin hefði átt að leggja endanlegt mat á útlán hefði orðið um verulegar afskriftir að ræða til viðbótar sem hefði

komið fram í enn neikvæðari eiginfjárstöðu bankans á yfirtökudegi. Þar með hefði skuldabréf útgefið af ríkissjóði orðið hærra til að mæta enn neikvæðari eiginfjárstöðu bankans.

Í upphaflegu samkomulagi var gert ráð fyrir að biðreikningnum yrði lokað um áramótin 1988–1989, en þá ákváðu báðir aðilar að þar sem ekki væri lokið endanlegu uppgjöri fjölda stórra mála, sem tilheyrðu biðreikningi, skyldi samkomulagið gilda út árið 1989. Niðurstaða á uppgjöri biðreikningsins í árslok 1989 sýnir tæplega 300 millj. kr. viðbótarafskrift og hafa því heildarafskriftir útlána orðið um 716 millj. kr. miðað við verðlag í aprílmánuði 1987 í stað 416 millj. kr. afskrifta við uppgjör á Útvegsbanka Íslands í aprílmánuði 1987. Er þá ekki tekið tillit til óinnheimtra krafna sem áætlaðar eru um 100 millj. kr.

Spurt er:

3. *Hvert er álit skilanefndar Útvegsbankans á raunvirði þeirra útlána Útvegsbankans er ekki fylgdu með í sölu ríkisins á bankanum og féllu til ríkissjóðs?*

Svar:

Þessu er til að svara. Eins og fram kemur hér að framan tók Útvegsbanki Íslands hf. yfir öll útlán Útvegsbanka Íslands frá 1. maí 1987 eftir að fram hafði farið mat á virði þeirra eins og lög nr. 7/1987 gerðu ráð fyrir, að teknu tilliti til samkomulags aðila um svonefndan biðreikning. Við lokauppgjör biðreiknings í árslok 1989 voru nokkur mál sem ekki var með öllu lokið innheimtu á, svo sem úthlutun úr þrotabúum, mál í innheimtu hjá lögfræðingum og sala fasteigna sem gengið höfðu til bankanna vegna nauðungarsölu. Andvirði framangreindra mála komu ríkissjóði til góða og áætlað er að 100 millj. kr. verði það lágmark sem kemur í ríkissjóð í þessu sambandi. Þá voru í nokkrum tilvilkum yfirtekin útlán af ríkissjóði samkvæmt sérstöku samkomulagi. Áætla má að raunvirði þeirra útlána geti verið á bilinu 40–50 millj. kr.

Spurt er:

4. *Hver er kostnaður orðinn við störf skilanefndar Útvegsbankans?*

Svar:

Unnið er nú að lokauppgjöri og gert er ráð fyrir að því ljúki í lok þessa mánaðar. Alþingismenn munu fá í hendur sérstaka skýrslu um lokauppgjörið þar sem m.a. mun fram koma heildarkostnaður vegna starfa og uppgjörs í tengslum við Útvegsbanka Íslands.

Sþ. 507. Fyrirspurn [277. mál]

til forsætisráðherra um reglur um greiðslu kostnaðar á fundaferðum ráðherra.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

Hvaða reglur gilda um greiðslu kostnaðar við almenna stjórnmálafundi og kynningarfundi á vegum einstakra ráðherra í nafni ráðuneyta, þar með talinn auglýsingakostnaður?

Sþ. 508. Fyrirspurn [278. mál]

til utanríkisráðherra um útflutning á ferskum fiski.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvaða reglur hafa gilt um útflutningsleyfi og framsal þeirra?
2. Hversu margar umsóknir bárust um útflutningsleyfi á sl. ári?

3. Hvaða einstaklingar og fyrirtæki fengu leyfi til útflutnings á ferskum fiski í gámum á sl. ári:
   a. hve oft hver aðili,
   b. hve mikið magn hver aðili,
   c. á hvaða tíma hver aðili?
4. Hvernig sundurliðast þessi útflutningur:
   a. fiskur sem seldur er millilíðalaust frá veiðiskipum,
   b. fiskur frá fiskvinnslustöðvum,
   c. fiskur frá fiskmörkuðum?
5. Hverjir af þessum aðilum hafa framselt leyfi og til hverra? Er ráðuneytinu kunnugt um hvort greiðslur hafa tíðkast fyrir framsal útflutningsleyfa? Ef svo er, um hvaða greiðslur er þar að ræða?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 509. Tillaga til þingsályktunar [279. mál]

um aðstoð við gjaldþrota fólk og eignalaust.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna nú þegar á hvern hátt er hægt að aðstoða fólk sem verður gjaldþrota eða eignalaust á Íslandi. Könnun þessari skal lokið fyrir þinglausnir vorið 1990.

Greinargerð.

Um tvö þúsund bú voru tekin til gjaldþrotaskipta á síðasta ári en um eitt þúsund árið 1988. Spáð er svipuðum fjölda gjaldþrota árið 1990 og jafnvel enn fleiri. Hér er um að ræða bæði fyrirtæki og einstaklinga en bú þeirra eru þó í miklum meiri hluta. Stór hópur Íslendinga missir líka allar eigur sínar um þessar mundir þó að bú þeirra séu ekki tekin til skiptameðferðar.

Það má áætla að ein vísitölufjölskylda sé á bak við hvert gjaldþrot. Þannig snerta gjaldþrot og eignamissir síðustu ára tugþúsundir Íslendinga. Gjaldþrota fólk heldur áfram að vera fólk þó að bú þess sé tekið til skipta. Eignalaust fólk heldur líka áfram að vera fólk þó að það tapi eigum sínum.

Gjaldþrot eru af misjöfnum toga spunnin. Sumir verða gjaldþrota af því að þeir reisa sér hurðarás um öxl í viðskiptum eða í daglegu lífi. Samkvæmt upplýsingum frá borgarfógetanum í Reykjavík vex stöðugt sá hópur ungs fólks sem á mál í skiptameðferð þar sem það kaupir of mikið af lausafjármunum með afborgunarkjörum. Þannig ýta viðskiptahættir í þjóðfélaginu undir gjaldþrot hjá ungu fólki.

Aðrir verða gjaldþrota vegna ábyrgða sem þeir axla fyrir vini og vandamenn eða í viðskiptum á milli fyrirtækja og einstaklinga. Má í því sambandi nefna hlut banka og lánastofnana sem lána stöðugt út á nafn ábyrgðarmanna frekar en getu skuldara til að standa í skilum. Mál er að setja lög til að sporna við þess háttar lánastarfsemi.

Enn aðrir verða gjaldþrota vegna keðjuverkandi áhrifa og gjaldþrota annarra sem þeim eru að öðru leyti ekki skyld. Þannig gerist nú æ algengara að gjaldþrot eins fyrirtækis valdi gjaldþroti eða missi eigna hjá fyrirtækjum sem eiga hjá því peninga. Alltaf missir nokkur

hópur fólks bú sitt og eignir vegna óreglu og óreiðu og því miður færist í vöxt að fólk notar sér gjaldþrot á vafasaman hátt í viðskiptum.

Háir vextir ýta þó öðrum þáttum frekar undir gjaldþrot hjá fólki og fyrirtækjum og gífurlegan eignamissi. Á meðan okurvextir gera vaxtagjöld að hæsta kostnaðarlið í bókhaldi fyrirtækja hljóta laun fólksins að verða aukaatriði í rekstrinum. Í kjölfarið fylgja hærri skattar en nokkru sinni fyrr og nú síðast ranglátir eignarskattar. Hvert fyrirtækið á fætur öðru gefst upp og lokar eða er tekið til skipta. Fólkið missir atvinnu sína og eigur vegna vaxta og skattheimtu og nú síðast bættist við skelfilegur matarskattur. Þetta er hörmuleg þróun sem grefur hratt undan eignarrétti fólksins í landinu; grefur undan þreki þess og trú á ættjörðina.

Gjaldþrotum fylgir ekki bara tap eigna fyrir þolendur heldur líka mikil röskun á stöðu og högum gjaldþrota fólks og einkum og sér í lagi á högum fjölskyldu þess og ástvina. Áhyggjum af þessu tagi fylgja svefnlausar nætur og margs konar lasleiki og sjúkdómar sem geta auðveldlega dregið fólk til dauða. Þunglyndi og brostnar vonir hafa leitt fólk út í að svipta sig lífi.

Lítil börn vaxa úr grasi við aukna spennu og vonleysi, verða bæld í umgengni við önnur börn og þola oft miskunnarlausa áreitni í skólum. Rosknir foreldrar og aðrir ástvinir rata í miklar raunir á efri árum þegar æskilegt er að um hægist hjá eldra fólki. Þannig snertir hvert gjaldþrot marga Íslendinga á mismunandi hátt. Það má ætla að gjaldþrot síðustu tveggja ára og yfirstandandi árs snerti beint meira en tuttugu og fimm þúsund manns.

Gjaldþrot er í rauninni nútímavergangur. En nú eru miklu fleiri Íslendingar á vergangi en þegar pestir og móðuharðindi urðu til þess að fólk flosnaði upp á sínum tíma. Vergangur heyrir því ekki sögunni til hér á landi þrátt fyrir allt tal um stóraukna velferð í nútímaþjóðfélagi, nema síður væri.

Gjaldþrot leiða nú til þess að stöðugt fleiri landsmenn hugsa sér að flytja til annarra landa með fjölskyldur sínar og óvíst hve margir koma aftur til baka. Fjöldinn allur er þegar lagður af stað. Þjóðfélagið má ekki við því að missa fólk úr landi á þennan hátt. Það er fyrsta skylda hins opinbera að búa þegnum sínum viðunandi þjóðfélag og sérstaklega þegar áföll dynja yfir. Skemmst er að minnast aðstoðar vegna náttúruhamfara í Vestmannaeyjum og áttu þó mun færri Íslendingar um sárt að binda þá en nú er vegna gjaldþrota.

Þáttur ríkis og sveitarfélaga er líka stór í gjaldþrotum einstaklinga. Gjaldheimtur og opinberir innheimtumenn biðja líklega um flest gjaldþrotaskipti hjá einstaklingum hér á landi, oft vegna smáupphæða, til þess að afskrifa megi skattaskuldir fólks og slétta þannig út dálka í reikningum hins opinbera. Oftar en ekki eru þessar skattaskuldir vegna áætlunar á gjaldendur en ekki vegna raunverulegra tekna. Þess vegna er ábyrgð hins opinbera líka stór.

Því er lagt til að ríkisstjórnin kanni þegar í stað á hvern hátt þjóðfélagið getur brugðist við gjaldþrotum þegna sinna. Oft hefur gjaldþrota fólk ýmis réttindi sem það veit ekki af og þarf þá að upplýsa það um. Eins er oft brotinn á fólki réttur á ýmsan hátt án þess að því sé það ljóst. Gjaldþrota fólk hefur stofnað með sér samtök, G-samtökin, og Alþingi hefur viðurkennt þau með framlagi á fjárlögum. Flutningsmaður telur því rétt að fjármálaráðherra ráði til sín fulltrúa úr hópi gjaldþrota fólks í þessum samtökum svo að ráðherra og ríkisstjórn kynnist þessum málaflokki frá fyrstu hendi.

Gjaldþrot eru enn þá feimnismál á Íslandi en því verður að breyta. Gjaldþrota fólk verður sjálfkrafa annars eða þriðja flokks við missi eigna og stöðu í þjóðfélaginu en því verður að breyta. Gjaldþrota fólk líður miklar kvalir á sál og líkama og margir missa heilsuna og láta jafnvel lífið. Ástvinir þjást með og sérstaklega börnin sem oft bera harm sinn í hljóði. Þessum kvölum verður að linna. Gjaldþrot á aðeins að taka til eigna manna en ekki til persónu þeirra. Þess vegna þarf ný viðhorf og ný lög.

Þjóðfélag, sem tekur ekki á þessum vanda, er og verður annars eða þriðja flokks þjóðfélag.

Sþ. 510. Fyrirspurn [280. mál]

til sjávarútvegsráðherra um fiskiskip í smíðum erlendis.

Frá Eiði Guðnasyni.

1. Hve mörg fiskiskip eru nú í smíðum erlendis fyrir íslenska aðila?
2. Hver er stærð þessara skipa?
3. Til hvaða veiða eru þessi skip ætluð?
4. Til hvaða útgerðarstaða munu þessi skip fara?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 511. Fyrirspurn [281. mál]

til landbúnaðarráðherra um niðurskurð vegna riðuveiki.

Frá Elínu R. Líndal.

1. Hefur riða verið staðfest á nýjum svæðum sl. þrjú ár? Ef svo er, þá hvar?
2. Hafa áður þekkt riðusvæði stækkað með nýjum tilfellum sl. þrjú ár? Ef svo er, þá hver?
3. a. Hjá hve mörgum bændum hefur riðuniðurskurður verið framkvæmdur og hver er heildartala fjárins?
   b. Hjá hve mörgum er bótasamningi lokið?
   c. Hversu margir hafa hafið sauðfjárbúskap að nýju?
4. Hefur bótasamningi eða framkvæmd hans verið breytt síðan skipulegur niðurskurður hófst?
5. Er verðgildi bótanna sambærilegt nú og við upphaf baráttunnar við riðuveiki?
6. Ætlar landbúnaðarráðherra að beita sér fyrir einhverjum breytingum á framkvæmd niðurskurðar eða bótasamninga?

Sþ. 512. Fyrirspurn [282. mál]

til utanríkisráðherra um viðbrögð ríkisstjórnarinnar í framhaldi af yfirlýsingu forsætisráðherra um brot sendiherra Bandaríkjanna á 41. gr. Vínarsáttmálans.

Frá Þorsteini Pálssyni.

Hefur ríkisstjórnin litið á yfirlýsingu forsætisráðherra í umræðum á Alþingi 21. des. 1989, um að sendiherra Bandaríkjanna hafi farið út fyrir þau mörk sem hefð og 41. gr. Vínarsáttmálans setja sendimönnum erlendra ríkja, sem markleysu eða hafa einhver viðbrögð verið ákveðin í framhaldi af henni?

Sþ. 513. Fyrirspurn [283. mál]

til forsætisráðherra um afstöðu ríkisstjórnarinnar til fréttatilkynningar utanríkisráðuneytisins um málefni Panama.

Frá Þorsteini Pálssyni.

1. Hvenær varð ríkisstjórnin við þeirri ósk menntamálaráðherra, sem hann bar fram í umræðum á Alþingi 22. des. 1989, að hún fjallaði um þá afstöðu sem fram kemur í fréttatilkynningu utanríkisráðuneytisins nr. 111 og birtist þann sama dag?
2. Hver var afstaða einstakra ríkisstjórnarflokka í málinu?
3. Hefur afstöðu ríkisstjórnarinnar verið breytt frá því sem fram kemur í nefndri fréttatilkynningu?

Sþ. 514. Fyrirspurn [284. mál]

til viðskiptaráðherra um afgreiðslu erlends gjaldeyris til einstaklinga.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hvaða reglur gilda um leyfilegar upphæðir í erlendum gjaldeyri sem einstaklingar sækja um vegna utanlandsferða?
2. Eru sambærilegar reglur í gildi varðandi afgreiðslu erlends gjaldeyris með greiðslukortum?
3. Hve háa fjárhæð afgreiddu bankar og sparisjóðir í ferðagjaldeyri árin 1988 og 1989?
4. Hversu mikil upphæð í erlendum gjaldeyri fór á sama tíma gegnum greiðslukortafyrirtækin?

Nd. 515. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Umsagnir bárust frá Bjarna Guðleifssyni, dr. sci., Búnaðarfélagi Íslands, Dýralæknafélagi Íslands, eiturefnanefnd, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, félagsmálaráðuneytinu, Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Geislavörnum ríkisins, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Heilbrigðisfulltrúafélagi Íslands, Hinu íslenska náttúrufræðafélagi, Hollustuvernd ríkisins, iðnaðarráðuneytinu, Jarðfræðafélagi Íslands, landbúnaðarráðuneytinu, Landgræðslu ríkisins, landlækni, röntgendeildum Landspítalans, Borgarspítalans og Landakotsspítala, Landvernd, Líffræðistofnun Háskólans, menntamálaráðuneytinu, Náttúruverndarráði, Orkustofnun, Rannsóknaráði ríkisins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, samgönguráðuneytinu, Siglingamálastofnun ríkisins, Skógrækt ríkisins, Skógræktarfélagi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Veðurstofu Íslands, Vinnueftirliti ríkisins, vísindaráði, yfirdýralæknunum í Reykjavík og Þjóðminjasafni Íslands.

Flestir eru sammála um að bæta þurfi yfirstjórn umhverfismála hér á landi, en greinir á um leiðir að því markmiði. Meiri hl. nefndarinnar telur rétt að stofnað verði sjálfstætt umhverfisráðuneyti þar sem víðtæk samstaða er um slíka ákvörðun. Með þessu frumvarpi er ekki ákveðið hvaða málaflokkar né stofnanir skuli heyra undir umhverfisráðuneyti, heldur

eingöngu að það skuli stofnað og að umhverfisráðherra skipi nefnd til að semja frumvarp til laga um umhverfisvernd. Til þess að svo megi vera er nauðsynlegt að fella brott úr frumvarpinu seinni tölulið ákvæðis til bráðabirgða, en meiri hl. nefndarinnar telur rétt að ræða það í tengslum við 128. mál, um yfirstjórn umhverfismála. Einnig þarf að breyta gildistökuákvæði frumvarpsins, en í því er gert ráð fyrir að lögin öðlist gildi um síðustu áramót. Flytur meiri hl. nefndarinnar því breytingartillögur á sérstöku þingskjali og leggur til að frumvarpið verði samþykkt þannig breytt.

Alþingi, 25. jan. 1990.

Jón Kristinsson, form., frsm. Guðni Ágústsson. Björn Gíslason.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Nd. 516. Breytingartillögur [129. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar (JK, GuðnÁ, BGísl, AðB).

1. 2. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
2. Síðari töluliður ákvæðis til bráðabirgða falli brott.

Nd. 517. Frumvarp til laga [285. mál]

um bann við að farga matvælum.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

1. gr.

Bannað er að fleygja matvælum á Íslandi, urða þau eða brenna, kasta í sjó innan fiskveiðilögsögu, eða í ár og vötn, eða farga þeim á annan hátt hverju nafni sem nefnast.

2. gr.

Með orðinu matvæli í lögum þessum er átt við viðurkennd matvæli til manneldis sem að öllu jöfnu fást keypt í verslunum og sölustöðum með verslunarleyfi, veitingaleyfi eða önnur opinber leyfi. Gildir þá einu hvort um er að ræða fisk og annað sjávarfang, vatnafiska úr sjó, ám eða vötnum; ávexti og grænmeti úr jörðu, af trjám eða úr gróðurhúsum; kjöt af dilkum, nautpeningi, hestum, svínum eða alifuglum og villibráð; af nýslátruðu eða frosið, reykt eða geymt á annan hátt; nýmjólk og mjólkurafurðir hvers konar og nýlenduvörur allar; önnur matvæli en að framan greinir og ekki eru talin hér upp, innlend eða innflutt, enda séu matvælin bæði ósýkt og óskemmd, ólöskuð að öðru leyti og söluhæf samkvæmt lögum og reglugerðum þar að lútandi. Sölutími sé ekki runninn út og engin ástæða til að ætla annað en um boðlega neysluvöru sé að ræða.

3. gr.

Bannað er að farga matvælum skv. 2. gr. til að halda uppi verði þeirra til neytenda, vinnslustöðva, kaupmanna og annarra, eða til að rýma til fyrir nýjum birgðum.

Bannað er að farga sjávarafla sem veiddur er af áhöfnum fiskiskipa hvers konar sem hafa leyfi íslenskra stjórnvalda til fiskveiða og löndunar hér á landi. Sama gildir um önnur skip sem heimildir hafa til að veiða í íslenskri fiskveiðilögsögu. Bannið gildir um hvers konar sjávarfang sem berst um borð í veiðiferðum skipanna og allt bendir til að sé boðleg söluvara til íslenskra neytenda eða til útflutnings. Með allan veiddan afla ber að koma að landi.

Á sama hátt er bannað að farga öllum öðrum matvælum nema til að losna við ónýta neyslu- eða söluvöru, enda sé það verk unnið samkvæmt úrskurði heilbrigðisfulltrúa, dýralækna, fiskmatsmanna eða annarra eftirlitsmanna hins opinbera á þessu sviði og þeim heimilt að fylgjast með þegar matvælunum er fargað.

4. gr.

Ef framleiðandi, ræktandi eða kaupmaður matvæla eða annar leyfishafi stendur frammi fyrir því að birgðir af matvælum hlaðast upp án þess að hann nái að selja þau á frjálsum markaði ber honum að gefa neytendum kost á að bjóða í vöruna á meðan hún er enn söluhæf.

5. gr.

Dómsmálaráðuneytið skal setja reglugerð um nánari útfærslu á lögunum, þar á meðal um undanþágur sem taka til smyglvarnings og annarra matvæla sem farga þarf samkvæmt öðrum lögum. Lögin taka ekki til eðlilegrar rýrnunar um borð í veiðiskipum, hjá ræktendum, vinnslustöðvum, kaupmönnum, veitingahúsum og öðrum framleiðendum matvæla. Enn fremur skal í reglugerðinni kveðið nánar á um refsingu við brotum á lögunum. Þá skal í reglugerð kveðið á um hvernig selja á neytendum vörur skv. 4. gr.

6. gr.

Viðurlög samkvæmt lögunum eru sektir sem nema a.m.k. tvöföldu andvirði þeirra matvæla sem fargað er í bága við lögin og mest tíföldu við írekað brot. Við ákvörðun sektar skal miðað við verð á þeim degi sem brot var framið. Ef sök er sönnuð en ekki unnt að meta andvirði hins fargaða á auðveldan hátt skal beita sektum sem ekki eru lægri en ein milljón króna. Við ítrekað brot skal brotamaður jafnframt sviptur rekstrarleyfum sínum, vinnsluleyfum, veiðileyfum, verslunarleyfum eða öðrum þeim leyfum sem heimila honum að meðhöndla matvæli. Heimilt er að dæma brotamenn í varðhald eða fangelsi til vara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er glæpsamlegt að fleygja mat. Þetta frumvarp er flutt til að sporna við því að matvælum sé fleygt til að halda uppi verði og til að koma í veg fyrir að afla sé kastað fyrir borð eða matvælum fargað í öðrum tilgangi en að losna við ónýtan mat.

Það kemur alltaf öðru hverju fyrir að framleiðendur matvæla farga birgðum sínum til að halda uppi verði og rýma fyrir nýjum sendingum. Þannig voru mörg tonn af dilkakjöti urðuð á sorphaugum Reykjavíkur fyrir nokkrum árum. Bílhlöss af tómötum fóru sömu leið og fleiri dæmi eru til.

Menn, sem eru kunnugir fiskveiðum við landið, hafa sagt opinberlega frá því að smáfiski sé fleygt fyrir borð í veiðiferðum. Alltaf berast mönnum öðru hverju til eyrna sögur af þessu tagi. Sömu sögu er að segja um ýmis önnur matvæli sem fargað er í öðrum tilgangi en að losna við ónýta vöru.

Þetta gengur ekki lengur. Það er glæpsamlegt að fleygja mat. Íslendingar hafa að vísu nóg að bíta og brenna þessa stundina en stutt er síðan matur var munaður hér á landi og óvíst hvað

framtíðin ber í skauti sér. Margt eldra fólk man því tímana tvenna og trúir ekki að óskemmdum mat sé fleygt á öskuhaugana eða fyrir borð; það trúir ekki eigin eyrum.

Matvæli eru dýr hér á landi bæði vegna of mikils kostnaðar við framleiðslu og of mikils innflutnings hjá fámennri þjóð. Þá er verði haldið háu með óhóflegum matarskatti og er sú stefna andstæð þeim markmiðum sem flestar aðrar menningarþjóðir keppa að. Þess vegna veitir landsmönnum ekki af þeim matvælum sem þeir framleiða og geta framleitt. Ef birgðir af matvælum hrannast upp í landinu er sjálfsagt að fólk fái að kaupa þær á lægra verði, á uppboði eða fái þær jafnvel að gjöf. Allt er betra en að fleygja þeim og með lagni er hægt að nýta hvert bein sem dregið er úr sjó.

Hér skal að vísu fúslega viðurkennt að ofát er jafnslæmt fyrir þjóðina og sultur. Best er meðalhófið en það næst seint með þeim öfgum að fleygja óskemmdum mat á öskuhaugana eða fyrir borð.

Sþ. 518. Tillaga til þingsályktunar [286. mál]

um hagræðingu í utanríkisþjónustunni.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að hagræða þegar í stað í utanríkisþjónustunni og leggja áherslu á utanríkisviðskipti. Sameina skal sendiráð á mikilvægustu stöðum og leggja önnur niður, opna ný sendiráð á nýjum markaðssvæðum og fjölga kjörræðismönnum. Enn fremur skal gefa íslenskum ríkisborgurum kost á að reka sendiráð landsins. Verkinu skal að fullu lokið í árslok 1990.

Greinargerð.

Það er dýrt að vera sjálfstæð smáþjóð. Íslendingar halda úti tólf sendiráðum auk heimasendiherra og kostar sú þjónusta nærri 350 millj. kr. samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1990. Með sama hlutfalli þyrftu Bandaríkin 13.000 sendiráð fyrir sig.

Því er lagt til að sendiráð verði sameinuð eins og hér segir:

1. Sendiráð á Norðurlöndum.

Þau eru nú á eftirtöldum stöðum og er varið til þeirra þessum upphæðum á fjárlögum 1990 (í þús. kr.):

	Þús. kr.
Kaupmannahöfn	25.343
Stokkhólmur	19.993
Ósló	23.558
Samtals	68.894

Hér er lagt til að sendiráðin þrjú verði sameinuð í eitt sendiráð í Kaupmannahöfn. Íslenskum ríkisborgurum verði gefinn kostur á að reka sendiráðin í Stokkhólmi og Ósló fyrir eigin reikning gegn því að kosta líka einn verslunarfulltrúa á hvorum stað. Að öðru leyti ráði þeir fyrirkomulagi sjálfir innan marka reglugerðar sem utanríkisráðuneytið setur um rekstur sendiráða á þennan hátt. Takist ekki að bjóða sendiráðin tvö út með þessu móti verða þau lögð niður uns útboðið tekst.

Kjörræðismönnum verði fjölgað verulega á Norðurlöndum í samræmi við helstu viðskiptahagsmuni þjóðarinnar. Þannig sparast a.m.k. 20–30 millj. kr. árlega án þess að dragi úr reisn eða þjónustu við Íslendinga nema síður væri. Það eru líka peningar og þá má nota til að efla utanríkisþjónustuna annars staðar.

2. Sendiráð í Vestur-Evrópu.

	Þús. kr.
London	27.660
Bonn og Evrópuráðið	19.276
París, OECD og UNESCO	33.356
Brussel og EB	25.970
NATO	27.245
Genf og EFTA	29.422
Samtals	162.929

Samtals eru því sex sendiráð eða aðsetur sendisveita í Vestur-Evrópu. Sendisveitin hjá NATO skal hér undanþegin enda lítur flutningsmaður á veru Íslendinga í Atlantshafsbandalaginu sem hluta af vörnum þjóðarinnar en ekki hluta af viðskiptum hennar hvað sem öðrum kann að finnast.

Hin sendiráðin fimm skal sameina í eitt sendiráð á meginlandi Evrópu. Þar koma bæði Brussel og París helst til greina en bíða verður eftir niðurstöðum í samningum EFTA- og EB-landa um sameiginlegan Evrópumarkað áður en það verður ákveðið. Með þeim breytingum hverfur líka þörfin fyrir sendisveitir í höfuðstöðvum bæði EB og EFTA.

Íslenskum ríkisborgurum skal gefinn kostur á að reka þau sendiráð sem eftir standa á sama hátt og að framan greinir. Þá skal einnig stórfjölgað í liði kjörræðismanna í Vestur-Evrópu. Með þessu móti má spara a.m.k. um 75 millj. kr.

3. Sendiráð í Austur-Evrópu.

Þar er nú eitt sendiráð:

	Þús. kr.
Moskva	27.354

Ekki er lagt til að því verði breytt um sinn. Rétt er að fylgjast með þróun mála í Austur-Evrópu en hún er bæði spennandi og merkileg. Ljóst er að þar mun opnast gífurlega stór markaður sem gerir kröfur til sömu lífskjara og á Vesturlöndum. Á næstu árum fær Austur-Evrópa mikið lánsfé frá Vesturlöndum og þróunarstyrki. Íslendingar verða strax að bregðast við og leita þar nýrra markaða fyrir vöru og þjónustu.

Ef þungi viðskiptanna færist yfir á önnur lönd austan gamla járntjaldsins er rétt að færa sendiráðið til sem því nemur. Að öðru leyti skal kannað rækilega hvort bjóða eigi út sendiráð í þessum löndum og tilnefna kjörræðismenn. Ekki er því gert ráð fyrir að hér sparist peningar að svo komnu máli og má vel reikna með auknum útgjöldum í Austur-Evrópu til að afla nýrra viðskipta.

4. Sendiráð í Ameríku.

Þar er núna eitt sendiráð í Bandaríkjunum, í Washington, og sendisveit í New York hjá Sameinuðu þjóðunum:

	Þús. kr.
Washington	30.773
New York og Sameinuðu þj.	41.234
Samtals	72.007

Hér er lagt til að sendiráðið í Washington verði flutt til New York enda ekki langt á milli borganna og þörfin fyrir sendisveit er brýnni hjá Sameinuðu þjóðunum. Þá er rétt að kanna hvort hafa þarf sendiherra í Washington vegna siðareglna utanríkisráðuneytisins eða hvort búseta í New York fullnægir slíkum kröfum. Þá skal athuga hvort bjóða á sendiráðið út og fjölga kjörræðismönnum í Bandaríkjunum og Kanada.

Hins vegar er rétt að kanna hvort opna þurfi sendiráð vegna nýrra viðskiptahagsmuna í löndum Suður- og Mið-Ameríku. Nota má þá peninga, sem sparast við sameininguna í Bandaríkjunum, til að hrinda því í framkvæmd. Þess vegna er ekki gert ráð fyrir sparnaði í Ameríku á þessu stigi. Skipa þarf kjörræðismenn um endilanga álfuna.

5. Sendiráð í Afríku, Asíu og Ástralíu.

Þar eru nú engin sendiráð. En þar hafa svokallaðir heimasendiherrar gegnt störfum og er kostnaður við störf þeirra færður undir annan gjaldalið í fjárlögum:

	Þús. kr.
Almennt	17.700

Rétt er að opna strax sendiráð í Japan til að þjóna hinum gríðarstóra markaði í Austurlöndum fjær. Á sama hátt þarf að opna sendiráð í Austurlöndum nær til að þjóna auðugum markaði arabalandanna. Þá er rétt að hefja þegar í stað könnun á viðskiptum með vörur og þjónustu til landa Afríku og Ástralíu auk annarra svæða í Asíu.

Jafnframt þarf að fjölga stórlega kjörræðismönnum í þessum stóru heimsálfum og vel má kanna hvort íslenskir ríkisborgarar vilji reka sendiráð á þessum slóðum.

Þannig verður væntanlega ekki um sparnað að ræða heldur má búast við auknum útgjöldum til að vinna nýja markaði fyrir þjóðina.

Flutningsmaður telur að með þessu móti sé hægt að spara háar fjárhæðir í utanríkisþjónustunni en síðan megi verja því fé til að auka hana verulega í öðrum löndum heimsins og afla þar nýrra markaða fyrir íslenska þjóð. Þannig nýtist áfram sama fjárhæð en þjónustan vex margfalt að sama skapi.

Ed. 519. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til l. um laun forseta Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. jan. 1990.

Jón Helgason, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Salome Þorkelsdóttir.	Ey. Kon. Jónsson.	Jóhann Einvarðsson.
	Danfríður Skarphéðinsdóttir.	

Sþ. 520. Tillaga til þingsályktunar [287. mál]

um afnám sérstakra togveiðiheimilda fyrir Vestfjörðum.

Flm.: Guðmundur Ágústsson.

Alþingi ályktar að skora á sjávarútvegsráðherra að endurnýja ekki heimild til togveiða á sérstökum svæðum fyrir Vestfjörðum, sbr. C-lið 1. gr. reglugerðar nr. 417 29. ágúst 1989.

Greinargerð.

Sérstakar heimildir fyrir togveiðar umfram ákvæði B-, F-, og G-liða 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976 voru að sögn fyrst gefnar út í tilraunaskyni í september 1984 og hafa verið endurnýjaðar árlega síðan.

C-liður reglugerðarinnar, sem fjallar um sérstakar togveiðar fyrir Vestfjörðum, var meðal annars settur í þeim tilgangi að nýta betur flatfisk innan almennra togveiðimarka, á mörgum stöðum allt að fjögurra mílna mörkunum.

Smábátar á Vestfjörðum hafa að verulegu leyti stundað línuveiðar á þessum miðum en eftir að togskip komu þangað hafa smábátarnir orðið annaðhvort að leggja lóðir sínar innan fjögurra mílna markanna, við rýran hlut, eða sækja allt að 20–30 sjómílur á haf út til að forðast veiðislóð togskipanna. Augljóst er að þetta hefur stóraukna hættu í för með sér fyrir útgerð og áhafnir smærri báta ef óveður brestur á eins og títt er á þeim árstíma sem reglugerðin gildir, eða frá október til loka desember ár hvert. Á sama hátt má benda á lýjandi og kostnaðarsama sókn smábáta á svo fjarlæg mið.

Á síðustu árum hefur því verið haldið fram að hlutur flatfisks í afla þeirra togskipa, sem þessar veiðar stunda, hafi dregist verulega saman og meginuppistaðan í afla þeirra sé nú ýsa og þorskur. Einnig hefur verið á það bent að togskipum frá Vestfjörðum hefur stórlega fækkað í þeim flota sem nýtir heimildir reglugerðarinnar og í þeirra stað eru komin skip frá öðrum byggðarlögum.

Það má ljóst vera að reglugerðin leiðir til óhagkvæmra veiða þar sem langsigling aðkomuskipa á þessi mið er freistandi meðan þau eru opin í stað þess að stunda þau sem nær liggja löndunar- eða heimahöfn. Gæði aflans og verðmæti rýrna að sama skapi við þessa sókn, borið saman við línuafla smábáta frá nálægum höfnum sem óefað mundi aukast til mikilla muna fengju þeir frið til að stunda línuveiðar á þessari fiskislóð.

En þyngst á metunum vegur sá háski sem smábátum og sjómönnum þeirra er teflt í með því að þvinga þá á þennan hátt í langsiglingar á fjarlæg mið í vetrarbyrjun þegar allra veðra er von.

Verði reglugerðin endurnýjuð er því lagt til að C-liður hennar verði felldur niður.

Fylgiskjal I.



Fylgiskjal II.

REGLUGERÐ

um sérstök togveiðisvæði samkvæmt lögum nr. 3 8. janúar 1988.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði B-, F- og G-liðar 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, er öllum skipum heimilt að stunda veiðar með botnvörpu á eftirgreindum svæðum og tímum:

A. Í Héraðsflóa, frá og með 5. september 1989 til og með 31. desember 1989, frá línu réttvísandi austnorðaustur af Bjarneyjarvita að línu réttvísandi austnorðaustur af Ósfles (65°37'8 N, 13°55'3 V), utan línu, sem dregin er í einnar sjómílu fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.

B. Utan Breiðafjarðar, frá og með 1. október 1989 til og með 31. desember 1989, norðan 65° og utan fjögurra sjómílna frá línu, sem dregin er úr Öndverðarnesvita í Bjargtanga (65°30'2 N, 24°32'1 V). Að norðan markast svæðið af línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum.

C. Fyrir Vestfjörðum, frá og með 1. október 1989 til og með 31. desember 1989, utan línu, sem dregin er 8 sjómílur utan viðmiðunarlínu samkvæmt lögum nr. 81/1976, frá línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum að línu, sem dregin er 317° réttvísandi frá Óshólavita í Ísafjarðardjúpi. Norðan línu, sem dregin er 317° frá Óshólavita norður um að 22°44'0 V, eru togveiðar með botnvörpu heimilaðar utan fjögurra sjómílna frá viðmiðunarlínu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 19. gr. laga nr. 3 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. ágúst 1989.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

Sþ. 521. Svar [203. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Hreggviðs Jónssonar um eignarskatta.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Hvernig skiptust milli einstakra kjördæma álagðir eignarskattar 1989 á þá aðila sem lagður var á sérstakur eignarskattur?*
2. *Hvernig skiptist álagning þeirra í hverju kjördæmi fyrir sig milli:*
   A. fyrirtækja,
   B. einstaklinga:
      a. hjóna,
      b. einhleypinga?

Einnig er beðið um upplýsingar um fjölda í hverjum hópi fyrir sig.

Til svars fyrirspurninni hafa verið teknar saman eftirfarandi upplýsingar (fjárhæðir í krónum):

1.	Eignarskattur	Sérstakur eignarskattur
Reykjavík	1.092.740.645	161.120.860
Reykjaneskjördæmi	500.479.859	64.244.606
Vesturlandskjördæmi	66.317.932	9.694.466
Vestfjarðakjördæmi	34.378.010	5.852.810
Norðurlandskjördæmi vestra	39.153.965	5.565.387
Norðurlandskjördæmi eystra	109.821.289	18.458.737
Austurlandskjördæmi	32.006.742	5.049.971
Suðurlandskjördæmi	98.904.970	14.485.458
	1.973.803.412	284.472.295

2.	Eignarskattur		Sérstakur eignarskattur	
Reykjavíkurkjördæmi:	**Fjárhæð**	**Fjöldi**	**Fjárhæð**	**Fjöldi**
A. Lögaðilar	498.825.193	2.842	103.921.932	2.465
B. Menn	593.915.452	8.238	57.198.928	8.237
a. Hjón	427.258.027	5.952	39.939.954	5.952
b. Einhleypingar	166.657.425	2.286	17.258.974	2.285
Reykjaneskjördæmi:				
A. Lögaðilar	154.568.798	738	32.086.641	734
B. Menn	345.911.061	5.072	32.157.965	5.072
a. Hjón	277.409.704	4.235	25.478.679	4.235
b. Einhleypingar	68.501.357	837	6.679.286	837
Vesturlandskjördæmi:				
A. Lögaðilar	30.312.451	260	6.315.107	260
B. Menn	36.005.481	514	3.379.359	514
a. Hjón	27.467.221	349	2.517.552	349
b. Einhleypingar	8.538.260	165	861.807	165
Vestfjarðakjördæmi:				
A. Lögaðilar	23.539.774	292	4.904.118	290
B. Menn	10.838.236	213	948.692	213
a. Hjón	7.723.978	133	636.255	133
b. Einhleypingar	3.114.258	80	312.437	80
Norðurlandskjördæmi vestra:				
A. Lögaðilar	16.848.843	170	3.510.174	167
B. Menn	22.305.122	428	2.055.213	428
a. Hjón	15.297.059	309	1.395.318	309
b. Einhleypingar	7.008.063	119	659.895	119

	Eignarskattur		Sérstakur eignarskattur	
Norðurlandskjördæmi eystra:	**Fjárhæð**	**Fjöldi**	**Fjárhæð**	**Fjöldi**
A. Lögaðilar	72.327.981	466	15.068.327	465
B. Menn	37.493.308	736	3.390.410	736
a. Hjón	26.476.724	540	2.337.500	540
b. Einhleypingar	11.016.584	196	1.052.910	196
Austurlandskjördæmi:				
A. Lögaðilar	18.392.324	217	3.831.749	217
B. Menn	13.614.418	262	1.218.222	262
a. Hjón	8.052.399	156	681.703	156
b. Einhleypingar	5.562.019	106	536.519	106
Suðurlandskjördæmi:				
A. Lögaðilar	45.377.104	346	9.453.552	343
B. Menn	53.526.866	1.012	5.031.906	1.012
a. Hjón	38.167.928	762	3.550.345	762
b. Einhleypingar	15.359.938	250	1.481.561	250

Nd. 522. Frumvarp til laga [288. mál]

um breytingu á lögum nr. 59/1987, um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Sólveig Pétursdóttir, Geir H. Haarde, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Guðrún Helgadóttir, Ingi Björn Albertsson, Jón Sæmundur Sigurjónsson.

1. gr.

Við 2. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðist svo: Það skerðir ekki rétt foreldris til greiðslu fæðingarstyrks frá Tryggingastofnun ríkisins skv. 1. mgr. þessarar greinar þótt samið sé við launagreiðanda um greiðslu mismunar á fullum launum og fæðingarstyrk að hluta til eða að fullu.

2. gr.

Við a-lið 2. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðist svo: Þeir sem ekki njóta slíks réttar geta samt sem áður samið við launagreiðendur um greiðslu mismunar á fullum launum og fæðingardagpeningum, að hluta til eða að fullu, án þess að skerða rétt sinn til greiðslu fæðingardagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði þeirra taka til þeirra foreldra sem eru í fæðingarorlofi 1. febrúar 1990 eða síðar og fá greiðslur skv. 16. og 26. gr. almannatryggingalaga, sbr. lög nr. 59/1987.

Greinargerð.

Lög nr. 59/1987 tóku gildi þann 1. janúar 1988 og fjalla um tilhögun fæðingarorlofsgreiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins. 1. gr. laga nr. 59/1987, sem nú er 16. gr. laga nr. 67

1971, um almannatryggingar, kveður á um greiðslu fæðingarstyrks til allra mæðra hvort sem þær eru heimavinnandi eða við störf á almennum vinnumarkaði. Þó segir í 2. mgr. 1. gr.:

„Ákvæði greinar þessarar taka ekki til félagsmanna í samtökum opinberra starfsmanna, bankamanna eða annarra stéttarfélaga, er njóta óskertra launa í fæðingarorlofi samkvæmt kjarasamningum, þann tíma er óskert laun eru greidd."

2. gr. laga nr. 59/1987, sem nú er 26. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, kveður á um greiðslu fæðingardagpeninga til foreldra í fæðingarorlofi sem verið hafa á vinnumarkaði. A-liður 2. gr. hljóðar svo:

„Foreldrar í fæðingarorlofi, sem lögheimili eiga á Íslandi, eiga rétt á greiðslu fæðingardagpeninga samkvæmt grein þessari, enda leggi þeir niður launuð störf þann tíma. Þeir sem eiga rétt samkvæmt kjarasamningum til óskertra launa í fæðingarorlofi eiga þó ekki rétt til greiðslu fæðingardagpeninga samkvæmt ákvæði þessu."

Þegar foreldri hefur töku fæðingarorlofs greiðir Tryggingastofnun fæðingarstyrk ásamt fæðingardagpeningum, það síðarnefnda í samræmi við ákveðinn vinnustundafjölda. Þeir sem eiga rétt samkvæmt kjarasamningum til óskertra launa í fæðingarorlofi, sbr. t.d. opinberir starfsmenn, eiga þó ekki rétt á þessum greiðslum frá Tryggingastofnun. Upphæð fæðingarstyrks er ákveðin fjárhæð og hækkar með sama hætti og aðrar bætur lífeyristrygginga. Fæðingardagpeningar eru tvöfaldir sjúkradagpeningar einstaklings eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma. Þessar greiðslur nema nú samtals um það bil 50 þús. kr. á mánuði, en þá er um hámarksgreiðslu að ræða. Full laun foreldris á hinum almenna vinnumarkaði geta því numið mun hærri fjárhæð. Í slíkum tilvikum er ekki óeðlilegt að einstaklingur semji við launagreiðanda um greiðslu mismunar á fullum launum og greiðslum frá Tryggingastofnun, enda hluti af því samningsfrelsi er hér ríkir lögum samkvæmt.

Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar hefur hins vegar synjað öllum fæðingarorlofsgreiðslum ef viðkomandi umsækjandi hefur hlotið einhverjar viðbótargreiðslur frá atvinnurekanda. Stofnunin virðist byggja álit sitt á túlkun ákvæða 2. mgr. 1. gr. og a-lið 2. gr. laga nr. 59/1987 um *óskert laun* og *að leggja niður launuð störf*, í samræmi við túlkun tryggingaráðs á eldri fæðingarorlofslögum og álit lögfræðinga hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Enn fremur að ætti að breyta þessari túlkun hefði þurft að taka það skýrt fram í fæðingarorlofslögunum og athugasemdum með frumvarpinu þar sem hér sé um mjög mikilvæga breytingu að ræða.

Það virðist vafasamt að telja aldur lagatúlkunar alfarið mælikvarða á réttmæti hennar í tilfellum sem þessum. Engin bókun tryggingaráðs þar til nú nýverið var til um þetta efni og ekkert skriflegt til að styðjast við, hvorki frá tryggingaráði né ráðuneytinu. Enginn stafur er heldur til um það hvað teljast *óskert laun*, en laun þurfa að vera óskert til að útiloka greiðslur frá Tryggingastofnun. Það hefur enn fremur komið í ljós samkvæmt upplýsingum nefndarmanna er sömdu fæðingarorlofsfrumvörpin á sínum tíma að menn voru sammála um að hlutagreiðslur frá vinnuveitanda, til að launþegi héldi óskertum launum, gætu á engan hátt útilokað bótarétt eða greiðslur frá Tryggingastofnun. Þessi skilningur var enn fremur staðfestur í umræðum á Alþingi 9. nóv. sl. með ummælum Ragnhildar Helgadóttur, en hún var í ráðherratíð sinni flutningsmaður þeirra frumvarpa sem áður er getið. Auk þess hefur það fordæmi skapast að Tryggingastofnun greiðir bankamönnum athugasemdalaust fæðingarorlof þrátt fyrir viðbótargreiðslur frá atvinnurekanda.

Samt sem áður hefur Tryggingastofnun haldið þessari lagatúlkun til streitu og nýlega, eða 26. jan. sl., hafnaði meiri hluti tryggingaráðs umsókn um fæðingarorlofsgreiðslur þar sem móðir hafði fengið greiddan mismun á fullum launum og fæðingarorlofsgreiðslum, m.a. á þeirri forsendu að ný túlkun laganna yrði ekki síður vafamál en núgildandi túlkun. Slík afgreiðsla, þar sem einum er gert að hlíta slíkri túlkun en öðrum ekki, hlýtur að skapa verulega réttaróvissu og mismunun gagnvart foreldrum.

Jafnframt má benda á að iðgjöld lífeyristrygginga eru greidd af atvinnurekendum; þeir greiða 2% af reiknuðum launum til lífeyristrygginga og kaupa sér þar með tryggingu. Einnig hlýtur það að teljast óeðlilegt að Tryggingastofnun eða tryggingaráð séu að hafa afskipti af því hvað um er samið á almennum vinnumarkaði.

Réttur til fæðingarorlofs er slík grundvallarmannréttindi að ekki verður unað við neina réttaróvissu í þeim efnum. Til þess að taka af allan vafa um réttmæti umræddrar lagatúlkunar er lagabreyting samkvæmt frumvarpi þessu lögð hér til. Lagaákvæði munu þannig taka af öll tvímæli í þessum efnum.

Ef frumvarp þetta verður samþykkt þykir rétt og sanngjarnt að gera ráð fyrir því að þeir foreldrar, sem eru í sex mánaða fæðingarorlofi þegar frumvarpið er lagt fram, njóti þess réttar sem það mælir fyrir um.

Sþ. 523. Fyrirspurn [289. mál]

til dómsmálaráðherra um meðferð myndbandamálsins.

Frá Guðmundi Ágústssyni.

1. Hve margir eigendur myndbandaleigufyrirtækja voru ákærðir og hve margir voru dæmdir til refsingar í framhaldi af aðgerðum lögreglu í desember 1986 og janúar 1987?
2. Hve mörg myndbönd voru gerð upptæk í áðurnefndum tveimur aðgerðum?
3. Hve mörg myndbandanna hafa verið gerð upptæk með dómi?
4. Samkvæmt 1. tölul. 81. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 54. gr. höfundalaga nr. 73 frá 1972, er fyrningartími brota af þessu tagi tvö ár og þar með liðinn. Mun dómsmálaráðherra beita sér fyrir því að myndböndum verði skilað til eigenda í þeim tilvikum sem ekkert hefur verið aðhafst? Ef ekki, má þá búast við því að rannsókn verði haldið áfram og krafa gerð um eignaupptöku sérstaklega af hálfu ákæruvaldsins?

Sþ. 524. Fyrirspurn [290. mál]

til landbúnaðarráðherra um setningu reglugerðar um framkvæmd laga um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

1. Hvenær verður reglugerð um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar gefin út?
2. Hvenær má vænta þess að loðdýrabændur fái afgreiðslu á skuldbreytingum vegna lausaskulda sinna?
3. Hvað verður gert til þess að fóðurstöðvum loðdýraræktar, sem eru að stöðvast, m.a. vegna dráttar á afgreiðslu skuldbreytinga til bænda, verði ekki lokað á næstu dögum?

Sþ. 525. Fyrirspurn [291. mál]

til forsætisráðherra um ráðstafanir til að lækka verðbólgu og vexti.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

1. Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstjórnin gera til þess að vextir og þar með verðbólga lækki verulega?

2. Í auglýsingu Verðbréfamarkaðar Íslandsbanka hf. er fjármagnseigendum boðin ávöxtun allt að 10,5% yfir lánskjaravísitölu. Telur forsætisráðherra líklegt að vextir lækki eftir slíkt yfirboð?
3. Mun ríkisstjórnin gera ráðstafanir til að hindra að innlánsvextir verði á uppboði eins og þeir voru á árinu 1987 og nú virðist eiga að endurtaka?
4. Ef vextir standa í stað — og hvað þá ef þeir hækka — er þá nokkur von að skynsamlegir kjarasamningar verði gerðir?

Sþ. 526. Fyrirspurn [292. mál]

til viðskiptaráðherra um starfsmannafjölda banka og sparisjóða hér á landi og á Norðurlöndum á árunum 1980–1990.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hver hefur orðið aukning á starfsmannafjölda banka og sparisjóða hér á landi og á Norðurlöndum á árunum 1980–1990?
2. Hver áhrif hefur tölvuvæðing haft á fjölda starfsmanna?
3. Hvert er samræmi milli starfsmannafjölda og aukinna verkefna, t.d. aukinna innheimtustarfa og annarra verkefna?
4. Sé um meiri aukningu starfsfólks að ræða hér á landi en á Norðurlöndum, hvaða skýringu hefur ráðherra á því?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 527. Fyrirspurn [293. mál]

til forsætisráðherra um hlut Þróunarfélagsins í Iceland Crown í Hamborg og í dótturfyrirtæki þess í Reykjavík.

Frá Ásgeiri Hannesi Eiríkssyni.

1. Hvað hefur Þróunarfélagið lagt mikla peninga í Iceland Crown sölufyrirtækið í Hamborg?
2. Hvers vegna er Iceland Crown að opna dótturfyrirtæki í Reykjavík?
3. Hve mikla peninga hafa Iceland Crown og Þróunarfélagið lagt í það nýja fyrirtæki?
4. Geta fyrirtæki einstaklinga og félaga þeirra ekki annast þau viðskipti sem:
   a. Iceland Crown hefur í Hamborg,
   b. dótturfyrirtæki þess hefur í Reykjavík?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 528. Fyrirspurn [294. mál]

til forsætisráðherra um listaverk í eigu banka og sjóða.

Frá Finni Ingólfssyni.

1. Hvaða myndverk eru í eigu eftirtalinna stofnana hverrar um sig: Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands, þ.e. þau listaverk er bankinn átti við yfirtöku Útvegsbanka Íslands hf. á eignum ríkisbankans og síðan við yfirtöku Íslandsbanka hf., Framkvæmdasjóðs Íslands, Byggðastofnunar, Fiskveiðasjóðs, Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Iðnþróunarsjóðs, Iðnlánasjóðs og Seðlabanka Íslands?

   Hver er höfundur myndverks eða skúlptúrs, hvert er nafn á myndverki eða mótífi, hver er stærð myndflatar í sentímetrum, hvert er ártal, ef vitað er, sem og tegund viðkomandi myndverks (olíumálverk, vatnslitamyndir, o.s.frv.)?
2. Hvert er áætlað markaðsverð þeirra listaverka hvers um sig sem upp eru talin í 1. lið? Ef ekki liggur fyrir mat sérfræðinga hvert er áætlað mat hlutaðeigandi umsjónarmanna?
3. Hvaða vinnureglur gilda um kaup fyrrgreindra stofnana á listaverkum, bæði hvað varðar þá fjármuni sem árlega er varið til kaupa á listaverkum sem og um listfræðilegt mat á því sem keypt er?
4. Óskað er eftir upplýsingum um hvort og þá hvaða verk hafa verið seld, gefin eða látin frá viðkomandi stofnun sl. fimm ár og hvert var tilefni þess að viðkomandi listaverk var látið af hendi.
5. Hvaða reglur gilda um verðlagningu á þeim verkum sem hver stofnun kýs að selja aftur eftir að listaverk kemst í hennar eigu? Hver eða hverjir hafa heimild til að selja eða skipta á verkum í eigu stofnunarinnar?
6. Er listaverkaeign stofnananna metin í ársreikningum og ef svo er, hvaða matsaðferðum er beitt?
7. Liggur fyrir í áðurgreindum stofnunum nákvæmur eignalisti yfir þau listaverk er stofnunin á? Er tilvist listaverkanna staðfest árlega af löggiltum endurskoðanda?
8. Hvaða stefnu hefur hver stofnun hvað það varðar að færa myndverk til milli útibúa og afgreiðslustaða þannig að sem flestir landsmenn fái notið listaverkanna?
9. Óskað er eftir að kannað sé hvort hlutafélagsbankar séu tilbúnir til þess að veita upplýsingar um það sem spurt er um í 1. og 8. lið og fylgi þau svör með ef hlutaðeigandi eru tilbúnir að veita þær upplýsingar sem lið í því að veita betri yfirsýn yfir hvar ýmsar bestu perlur íslenskrar listsköpunar eru niðurkomnar.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 529. Tillaga til þingsályktunar [295. mál]

um nám og þjálfun í öðrum löndum fyrir atvinnulífið.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að undirbúa þegar í stað áætlun um skipulagt nám og þjálfun Íslendinga í öðrum löndum fyrir atvinnulíf landsmanna, annars

vegar til að kynna sér markaði fyrir útflutning og hins vegar til að afla þekkingar sem skortir hér heima. Verkinu sé lokið fyrir þingbyrjun haustið 1990.

Greinargerð.

Fáar þjóðir státa af meiri möguleikum fólks til menntunar en Íslendingar, enda stendur námsmönnum til boða prýðileg menntun hér heima án endurgjaids og að fá öflug námslán til þess að nema erlendis að vali hvers og eins. Of sjaldan hefur menntun landsmanna því verið beint inn á þær brautir þar sem skórinn kreppir hverju sinni.

Fólk er sífellt að efast um hvort bókvitið verður í askana látið þegar upp er staðið. Forkólfar atvinnulífsins segja oft að menntunin nýtist ekki atvinnuvegunum sem skyldi því að allt of margir leggi út í nám sem skilar litlum árangri á þessu sviði. Hérna er því lagt til að skipulagt verði nám og þjálfun í öðrum löndum til að efla atvinnulíf okkar þegar heim er komið.

Annars vegar er það hlutverk þessarar áætlunar að mennta ungt fólk og þjálfa til þess að afla landinu nýrra markaða. Það verði gert með þeim hætti að ungu fólki gefist kostur á að stunda nám í menntaskólum í þeim löndum sem við ætlum okkur að vinna nýjan markað. Unga fólkið vaxi úr grasi í þessum löndum og kynnist þjóðháttum og siðvenjum fólksins af eigin raun á skólaárum sínum. Síðan stundi það háskólanám í helstu verslunarskólum landanna innan um verðandi lykilmenn í athafnalífinu og skuldbindi sig loks til að starfa vissan tíma hér heima. Með þessu móti næst þrefaldur ávinningur. Í fyrsta lagi fá nemarnir úrvals viðskiptamenntun sem gildir víða um heim. Í annan stað kynnast þeir helstu venjum og siðum heimamanna, en það er nauðsynlegur undirbúningur til að vinna íslenskum vörum markaði í landinu og til að vita hvað þýðir að bjóða þeirri þjóð og hvað ekki, hvenær ársins þessi varan getur gengið og hvernig hún er meðhöndluð á heimilum manna o.s.frv. Í þriðja lagi kynnast nemarnir fjölda skólafélaga í landinu sem verða seinna lykilmenn í atvinnulífinu, kaupa inn vörur fyrir stórar verslanakeðjur eða gegna ábyrgðarstöðum í stjórnkerfinu o.s.frv. Þessi kunningsskapur er betri en enginn þegar greiða þarf fyrir viðskiptum á milli landanna. Bretar kalla þetta The Old Boy Network. Á þennan hátt eignumst við Íslendingar brátt stóran hóp af úrvalsfólki sem kann að selja afurðir landsins hvar sem er í heiminum og hefur réttu samböndin til að greiða fyrir þeim viðskiptum. Með því móti mundum við skjóta styrkum stoðum undir útflutninginn og innlend framleiðsla efldist stórlega. Eftirsótt jafnvægi næðist fljótlega í þjóðarbúinu. Þessi vinnubrögð ættu því að borga sig áður en langt um liði.

Hins vegar er það hlutverk áætlunarinnar að mennta og þjálfa fólk til að öðlast þekkingu á sviðum sem eru Íslendingum meira og minna framandi. Tökum Íslenska álfélagið sem dæmi: Þegar við Íslendingar skrifuðum undir samninginn um álverið við Straumsvík áttum við þegar í stað að kosta hóp af ungu og efnilegu fólki til að læra allt sem lært verður í skóla um álvinnslu og sölu. Vinna síðan í einn eða tvo áratugi í greininni um allan heim og safna alhliða þekkingu á þessu viðfangsefni.

Að þessu loknu væri unga fólkinu ekkert að vanbúnaði að taka að sér trúnaðarstörf í áliðnaðinum hér á landi með fullri reisn. Setjast í stjórn álfélagsins og gegna lykilstöðum í álverinu og í þeim stjórnardeildum sem álviðskiptin falla undir. Þá hefðum við Íslendingar sjálfir þá þekkingu sem þarf til að halda okkar hlut í samskiptum við erlenda meðeigendur og samstarfsmenn. Við gætum sjálfir tekið þátt í álviðskiptum landsins af fullri þekkingu, en þyrftum ekki að leita á náðir bókhaldara í London til að láta segja okkur hvort sendingar hækka í hafi eða ekki.

Sama gildir um aðrar greinar í þjóðfélaginu þar sem alþjóðleg þekking er nauðsynleg, en hefur hingað til ekki verið sinnt. Þekking af þessu tagi er fljót að borga sig.

Ed. 530. Nefndarálit [240. mál]

um frv. til l. vegna aðildar Íslands að Evrópusamningi um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin fékk Þorstein A. Jónsson, deildarstjóra í dómsmálaráðuneytinu, til viðræðna um efni frumvarpsins. Lagt er til að frumvarpið verði samþykkt án breytinga.

Alþingi, 30. jan. 1989.

Jón Helgason, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Salome Þorkelsdóttir.	Ey. Kon. Jónsson.	Jóhann Einvarðsson.

Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Sþ. 531. Tillaga til þingsályktunar [296. mál]

um skipulega kynningu á nýjum Evrópumarkaði EFTA og EB.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja þegar í stað kynningu meðal þjóðarinnar um málefni EFTA og EB vegna sameinaðs markaðar í Evrópu. Ríkisstjórnin skili Alþingi áfangaskýrslu um málið í þingbyrjun haustið 1990.

Greinargerð.

Að undanförnu hafa Íslendingar og aðrar EFTA-þjóðir rætt við fulltrúa EB-landanna um sameiginlegan markað í Evrópu. Íslendingar leiddu þessar viðræður um tíma fyrir hönd EFTA-ríkjanna undir forustu utanríkisráðherra og leystu þar vel af hendi erfitt verk og viðræðurnar halda áfram.

Þjóðin mun því brátt standa frammi fyrir stóru spurningunni í síðari tíma Íslandssögu: Eiga landsmenn að ganga til samninga með öðrum EFTA-ríkjum við Efnahagsbandalagið um sameiginlegan Evrópumarkað eða ekki? Hér er ekki eingöngu um viðskiptamarkað að ræða. Hvaða áhrif hefur nýi markaðurinn á menningu lands og þjóðar; á flutning fólksins á milli landa og þjóðerni Íslendinga? Freista Íslendingar þúsundum saman gæfunnar í öðrum löndum eða streyma hingað erlendir lukkuriddarar? Fyllist landið af erlendu fé eða flytja landsmenn sína peninga til annarra landa? Hvað gerist á fiskimiðunum umhverfis landið? Hvað verður um innlendan iðnað og aðra framleiðslu? Stöndumst við öðrum ríkjum snúning nema gefa útflutninginn frjálsan? Svona má áfram spyrja.

Skoðanakönnun hefur leitt í ljós að Íslendingar hafa minna kynnt sér málefni Evrópumarkaðar en búast mátti við. Flutningsmaður telur að við séum því alls ekki tilbúin til að svara stórum spurningum nú. Við þurfum meiri tíma og að nota þann tíma vel.

Alþingi verður að sjá til þess að öllum Íslendingum standi til boða að kynna sér forsögu málsins: Allt um Efnahagsbandalagið og EFTA; um þreifingar, undirbúning og viðræður sem nú fara fram; um kosti og ókosti þess sem okkar bíður og hvað við græðum á nánari Evrópusamvinnu og hverju við töpum.

Hér þarf nú þegar að nota alla fjölmiðla þjóðfélagsins, einnig skóla og vinnustaði, fundi og félagslíf. Þegar málin eru til lykta leidd verður hverju skólabarni að vera saga málsins kunn og valkostirnir sem þjóðin stendur frammi fyrir, því að þeir eru fleiri en einn. Evrópumarkaður er ekki eini kostur Íslendinga. Plánetan er stærri en EFTA, EB og Evrópa. Það er víðar guð en í Görðum.

Um leið þarf að upplýsa landsmenn um þann möguleika Íslendinga að standa utan við markaðssvæði Evrópu. Ísland er og verður smáríki og okkur ber að haga okkur í samræmi við stærð. Oft má nýta sér kosti smæðarinnar og þeir geta verið tröllvaxnir ef rétt er á þeim haldið, því að með stofnun sameiginlegs Evrópumarkaðar opnast möguleikar fyrir smáþjóð eins og Íslendinga til að taka að sér ýmsa þjónustu fyrir risana: Skráningu fyrirtækja gegn skattafslætti, starfrækja alþjóðlega fríhöfn við Keflavíkurflugvöll, fríverslun með vörur og peninga, margháttaða þjónustu á þessum sviðum sem smáríki Evrópu hafa boðið, en verða nú að afsala sér vegna hins sameiginlega Evrópumarkaðar.

Íslendingar mega ekki rasa um ráð fram í þessu stóra máli og verða að ganga hægt um gleðinnar dyr. Þótt 60% af útflutningi okkar sé nú til Evrópulanda, þá er víðar guð en í Görðum.

Vestur-Evrópa er vissulega merkur kafli í mannkynssögunni en hún er ekki lengur nafli alheimsins. Það er víða þörf fyrir íslenskar vörur og þjónustu, hugvit og handverk. Bandaríki Norður-Ameríku eru enn þá á sínum stað og Kanada er vaxandi markaður, en sérstaklega er bent á byggðir Vestur-Íslendinga sem vænlegt markaðssvæði. Mið- og Suður-Ameríka eru ónumin lönd fyrir íslenska sölumenn.

Í austri eflist stórveldið Japan og arabaríkin velta sér í peningum. Kínverjar eru að rumska eftir langvarandi þyrnirósarsvefn og stórir markaðir eru að opnast í Austurlöndum fjær. Múrar járntjaldsins eru hrundir og öflugir sjóðir eru stofnaðir til að veita fjármunum til landanna þar eystra.

Út um allan heim eru gamlar nýlendur eins og Ísland að feta sig áfram í viðskiptum á milli landa. Íbúar þessara landa gera nú kröfur um sömu lífskjör og á Vesturlöndum. Þannig eru markaðir opnir um allan heim fyrir snjalla sölumenn, þess vegna þarf að kynna íslensku þjóðinni málið í heild, alla valkosti. Til þess verks þarf að velja hóp af hæfustu mönnum á sviði upplýsinga, frá fjölmiðlum, skólum og öðrum aðilum, sem kunna til verka á þessu sviði, og forustumenn í félagsmálum. Loks þarf að safna saman öllum gögnum og koma þeim til almennings á sem einfaldastan hátt, skoða stöðuna í ró og næði og taka svo ákvörðun, en ekki fyrr.

Sjálfsagt er svo að bera úrslit viðræðna EFTA og EB undir atkvæði þjóðarinnar. Hægt er að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu með næstu alþingiskosningum vorið 1991. Það er einfalt mál.

Nd. 532. Frumvarp til laga [297. mál]

um tímabundið bann við atvinnurekstri einstaklings vegna afbrota.

Flm.: Finnur Ingólfsson, Páll Pétursson, Kristín Einarsdóttir,
Árni Gunnarsson, Ásgeir Hannes Eiríksson.

1. gr.

Hvern þann, sem bregst gróflega skyldum sínum í eigin atvinnurekstri eða í atvinnurekstri lögaðila sem hann er í forsvari fyrir, má með dómi útiloka frá frekari atvinnurekstri um tiltekinn tíma, sbr. 4. gr.

2. gr.

Maður skal teljast hafa brugðist skyldum sínum gróflega hafi hann í atvinnurekstrinum gerst sekur um:

a. brot gegn almennum hegningarlögum eða annað meiri háttar afbrot
b. meiri háttar brot gegn lögum um opinber gjöld,
c. meiri háttar brot gegn lögum um bókhald,
d. önnur meiri háttar efnahagsbrot.

Við mat á því, hvort brot teljist meiri háttar, skal til þess litið hvort misferli hefur verið kerfisbundið, lotið að verulegum peningaverðmætum eða verulegum hagnaði miðað við umfang atvinnurekstrar og þess hvort brot hefur haft í för með sér hættu á verulegu tjóni.

Einnig má dæma í atvinnurekstrarbann mann sem hefur í sjálfstæðum atvinnurekstri orðið gjaldþrota, enda hafi hann í atvinnurekstrinum gerst sekur um stórlega ámælisverða háttsemi gagnvart lánardrottnum sínum. Sama gegnir um einstaklinga sem hafa í störfum sínum sem forsvarsmenn lögaðila, er verða gjaldþrota, gerst sekir um stórlega ámælisverða háttsemi gagnvart lánardrottnum.

3. gr.

Hafi brot, sem fellur undir 2. gr., verið framið í atvinnurekstri lögaðila skal dæma eftirgreinda forsvarsmenn þeirra í atvinnurekstrarbann nema þeir sýni fram á að þeir hafi hvorki vitað né mátt vita um hina ólögmætu háttsemi:

a. sameigendur í sameignarfélagi,
b. félagsmenn með ótakmarkaðri ábyrgð í samlagsfélagi,
c. stjórnarformann og framkvæmdastjóra hlutafélags,
d. stjórnarformann og forstöðumann hvers kyns annars konar lögaðila með fjárhagsleg markmið,
e. þann sem í raun veitir atvinnurekstri lögaðila forstöðu eða hefur komið fram sem slíkur út á við.

Aðra forsvarsmenn lögaðila skal, hafi brot skv. 2. gr. verið framið í atvinnurekstri lögaðilans, dæma í atvinnurekstrarbann sé sýnt fram á að þeir hafi vitað eða mátt vita af ólögmætri háttsemi án þess að hafast nokkuð að til að koma í veg fyrir hana.

4. gr.

Atvinnurekstrarbann skal dæma til ákveðins tíma, þriggja ára hið skemmsta og fimm ára hið lengsta.

5. gr.

Manni, sem dæmdur hefur verið í atvinnurekstrarbann, er óheimilt að:

a. stunda sjálfstæðan atvinnurekstur,
b. gangast undir ótakmarkaða ábyrgð á rekstri hvers kyns félags eða annars lögaðila með fjárhagsleg markmið,
c. vera í stjórn eða varastjórn hvers kyns félags eða lögaðila með fjárhagsleg markmið,
d. vera framkvæmdastjóri, staðgengill framkvæmdastjóra eða veita í raun forstöðu atvinnurekstri lögaðila sem hefur fjárhagsleg markmið.

6. gr.

Þeim sem dæmdur hefur verið í atvinnurekstrarbann skal heldur ekki heimilt að starfa við eða taka að sér föst reglubundin verkefni í atvinnurekstri þeirra sem hann er skyldur eða mægður að feðgatali eða niðja, maka síns eða sambýlings, systkina eða systkina maka,

kjörforeldra eða kjörbarna, fósturforeldra eða fósturbarna, ef þeim sem dæmdur hefur verið í atvinnurekstrarbann væri sjálfum ekki heimilt að hafa þau tengsl við atvinnurekstur sem venslamaður hans hefur.

Sá sem dæmdur hefur verið í atvinnurekstrarbann má heldur ekki taka að sér reglubundin verkefni í atvinnustarfsemi sams konar þeirri sem hann brást skyldum sínum í.

7. gr.

Ef ástæður atvinnurekstrarbanns þykja augljóslega fyrir hendi má að kröfu saksóknara úrskurða menn í atvinnurekstrarbann til bráðabirgða. Úrskurður um atvinnurekstrarbann til bráðabirgða tekur gildi við uppkvaðningu.

Ekki má úrskurða í atvinnurekstrarbann til bráðabirgða í lengri tíma en sex mánuði. Sé mál þess sem úrskurðaður hefur verið í atvinnurekstrarbann til bráðabirgða enn fyrir dómstólum er bráðabirgðabannið rennur út má að kröfu saksóknara úrskurða hann í atvinnurekstrarbann til bráðabirgða að nýju í allt að þrjá mánuði. Heildartími atvinnurekstrarbanns til bráðabirgða getur þannig orðið allt að níu mánuðir.

Hafi mál til atvinnurekstrarbanns ekki þegar verið höfðað við uppkvaðningu úrskurðar um atvinnurekstrarbann til bráðabirgða skal saksóknara í úrskurðinum veittur ákveðinn frestur, tveir mánuðir hið lengsta, til málshöfðunar. Þann frest má að kröfu saksóknara framlengja um einn mánuð ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Hafi mál til atvinnurekstrarbanns ekki verið höfðað innan tilskilins frests fellur úrskurður um atvinnurekstrarbann til bráðabirgða úr gildi.

Úrskurður um atvinnurekstrarbann til bráðabirgða fellur úr gildi jafnskjótt og dómur gengur í málinu. Við ákvörðun atvinnurekstrarbanns í dómi skal sá tími, er dæmdur hefur sætt atvinnurekstrarbanni til bráðabirgða, koma að fullu til frádráttar.

8. gr.

Úrskurð um atvinnurekstrarbann til bráðabirgða er unnt að kæra til Hæstaréttar. Staðfesti Hæstiréttur hinn kærða úrskurð telst frestur sem saksóknara hefur verið veittur til málshöfðunar byrja að líða við uppkvaðningu úrskurðar í Hæstarétti.

9. gr.

Þeim sem dæmdur er í atvinnurekstrarbann skal veita frest í allt að þrjá mánuði til ráðstafana sem verða mega til þess að tryggja, þrátt fyrir bannið, framgang atvinnurekstrarins. Við þær ráðstafanir verður að leita aðstoðar lögmanns eða löggilts endurskoðanda. Skiptaráðandi í viðkomandi umdæmi skal hafa eftirlit með þessum ráðstöfunum og skal honum sent endurrit af dómi jafnskjótt og hann hefur verið kveðinn upp. Hinum dæmda ber að tilkynna skiptaráðanda hvern hann hefur fengið sem aðstoðarmann innan tveggja vikna frá uppsögu dómsins. Að öðrum kosti skipar skiptaráðandi honum aðstoðarmann.

10. gr.

Þá sem brjóta gegn atvinnurekstrarbanni má dæma í allt að tveggja ára fangelsi eða sé brot minni háttar til varðhalds eða greiðslu sektar.

Brot gegn atvinnurekstrarbanni skulu að lágmarki leiða til þess að sá tími, sem menn hafa verið dæmdir í atvinnurekstrarbann, tvöfaldast. Samanlagður tími má þannig fara fram úr fimm árum.

Brjóti menn atvinnurekstrarbann skal höfða nýtt mál samkvæmt lögum þessum. Í nýjum dómi skal kveða á um nýjan heildartíma atvinnurekstrarbanns og nýr dómur skal fella eldri dóm úr gildi.

11. gr.

Mál til höfðunar atvinnurekstrarbanns skulu sæta meðferð opinberra mála samkvæmt lögum nr. 74 frá 1974.

12. gr.

Lög þessi skulu öðlast gildi 1. janúar 1991.

Greinargerð.

Fá ákvæði og lítt notuð eru í íslenskri löggjöf um heimildir til að svipta menn starfsréttindum vegna afbrota í atvinnurekstri. Engin ákvæði eru um almennar heimildir til að meina mönnum að stunda atvinnurekstur vegna slíkra afbrota. Sýnt þykir þó að slíkar heimildir, sé þeim beitt, eru líklegri til að letja menn til afbrota sem tengjast atvinnurekstrinum en hinar hefðbundnu sektir og jafnvel refsivist. Ólíklegt er að brotlegir atvinnurekendur leiði hugann að öðru en sektum að gildandi lögum, refsivist kemur sjaldan til nema brot sé þeim mun alvarlegra. Stæðu brotamenn hins vegar frammi fyrir hugsanlegri sviptingu réttinda til atvinnurekstrar má ætla að þeir mundu hugsa sig betur um.

Annars staðar á Norðurlöndum hefur þróunin verið sú að auka heimildir til leyfissviptinga og jafnvel að meina mönnum almennt þátttöku í atvinnurekstri vegna brota í atvinnurekstri. Tilgangur þessa er ekki síst sá að koma í veg fyrir að sömu einstaklingar brjóti ítrekað af sér.

Sé brot alvarlegt má, verði þetta frumvarp að lögum, meina brotamanni almennt þátttöku í atvinnurekstri um ákveðinn tíma. Þannig gengur frumvarp þetta lengra en nokkurt gildandi lagaákvæði sem aðeins heimilar sviptingu réttinda samkvæmt útgefnum stjórnvaldsleyfum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Atvinnurekstrarbann getur einungis náð til einstaklinga. Megi skilja atvinnureksturinn sjálfan frá þeim brotlega nær bannið ekki til atvinnurekstrarins. Svo væri t.d. í mörgum tilvikum um atvinnurekstur hlutafélaga.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. eru tilgreind þau brot sem varðað geta atvinnurekstrarbanni, sbr. þó einnig 3. mgr.

Í 2. mgr. er tilgreint hvað skal haft til hliðsjónar við mat á því hvort brot er meiri háttar. Þar skulu almennar reglur refsiréttarins einnig hafðar að leiðarljósi, enda um refsikennd viðurlög að ræða og með brot á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

Í 3. mgr. er sérregla um gjaldþrot. Stórlega ámælisverð háttsemi gjaldþrota einstaklings eða forsvarsmanns gjaldþrota lögaðila gagnvart lánardrottnum, jafnvel þótt hún gæti ekki fallið undir 1. mgr., getur varðað atvinnurekstrarbanni.

Um 3. gr.

Greinin nær einungis til atvinnurekstrar lögaðila. Sé í rekstri þeirra sýnt fram á brot sem varðar atvinnurekstrarbanni, skulu forsvarsmenn tilgreindir í 1. mgr. dæmdir í atvinnurekstrarbann nema þeir sanni að þeir hafi hvorki vitað né mátt vita um brot. Atvinnurekstur lögaðila verður ekki rekinn öðruvísi en af forsvarsmönnum. Forsvarsmenn tilgreindir í 1. mgr. eru þeir sem almennt má reikna með að stjórni rekstrinum og því þeir sem líklegastir væru til að vera

ábyrgir fyrir brotum. Ekki þykir þó rétt að ganga svo langt að leggja á þá hlutlæga ábyrgð heldur skal þeim gefinn kostur á að sýna fram á að þeir hafi í raun verið saklausir að broti.

Í 2. mgr. er ákæruvaldi veitt heimild til þess að draga aðra forsvarsmenn en þá sem nefndir eru í 1. mgr. til ábyrgðar að uppfylltum þargreindum skilyrðum.

Um 4. gr.

Tímalengd atvinnurekstrarbanns er í samræmi við það sem tíðkast í sambærilegri norrænni löggjöf.

Um 5. gr.

Hér eru afleiðingar atvinnurekstrarbanns tilgreindar. Meirihlutaeign í hlutafélagi mundi almennt falla undir það ákvæði að veita atvinnurekstri í raun forstöðu.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. kemur fram að manni, sem dæmdur hefur verið í atvinnurekstrarbann, er ekki heimilt að starfa við atvinnurekstur tilgreindra venslamanna sinna mætti hann ekki hafa það hlutverk með höndum á eigin vegum. Þetta er gert til að minnka möguleika á því að fara í kringum atvinnurekstrarbann. Skv. 2. mgr. er manni í atvinnurekstrarbanni meinað að starfa eða taka að sér reglubundin verkefni í sams konar starfsemi og hann braut af sér í. Ótilhlýðilegt þykir að sá sem brotið hefur af sér og hefur þar með fyrirgert rétti sínum til að reka atvinnustarfsemi geti starfað við sams konar atvinnurekstur annarra meðan atvinnurekstrarbann stendur.

Um 7. gr.

Sé brot mjög gróft og augljóst má úrskurða menn í atvinnurekstrarbann til bráðabirgða. Rétt þykir að koma í veg fyrir að menn, sem augljóslega og gróflega hafa brotið af sér, fái að halda áfram starfsemi sinni meðan mál þeirra er fyrir dómi.

Í 2. mgr. kemur þó fram að atvinnurekstrarbann til bráðabirgða getur staðið hið lengsta í sex mánuði. Þó getur það verið framlengt um allt að þrjá mánuði sé mál enn fyrir dómstólum er fyrra bann rennur úr gildi. Það gerist aðeins að kröfu saksóknara og samkvæmt mati dómstóla.

Í 3. mgr. er saksóknara veittur ákveðinn frestur til málshöfðunar að uppkveðnum úrskurði um atvinnurekstrarbann til bráðabirgða. Ljóst er að atvinnurekstrarbann er mjög viðurhlutamikið. Því verður að leitast við að flýta því svo sem auðið er að fá endanlega niðurstöðu. Úrskurður um atvinnurekstrarbann til bráðabirgða fellur úr gildi ef saksóknari hlítir ekki tímamörkum.

Í 4. mgr. kemur fram að dómur fellir úr gildi bráðabirgðabann. Dæmt atvinnurekstrarbann skal talið hefjast við uppkvaðningu úrskurðar um bráðabirgðabann.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Eins og fram kemur í 1. gr. frumvarpsins nær atvinnurekstrarbann aðeins til einstaklinga, ekki lögaðila. Er það til þess gert að takmarka tjón samfélagsins svo sem auðið er. Því er brotlegum, samkvæmt þessari grein, veittur ákveðinn frestur til að koma í veg fyrir að atvinnureksturinn líði undir lok, t.d. með því að selja hann. Brotlegur verður þó við þessar ráðstafanir að njóta aðstoðar lögmanns eða löggilts endurskoðanda og fara þær fram undir

umsjá skiptaráðanda í viðkomandi umdæmi. Haganlegt þykir að hafa þann hátt á því að ætla má að nokkur skyldleiki sé með þessum ráðstöfunum og meðferð þrotabúa og greiðslustöðvun.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um viðurlög við brotum á atvinnurekstrarbanni. Brot yrðu á þann veg að menn í atvinnurekstrarbanni störfuðu að atvinnurekstri á þann hátt að ósamrýmanlegur væri lögum þessum.

1. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Í 2. mgr. er ákvæði sem heimilar að fara fram úr hinu almenna hámarki á lengd atvinnurekstrarbanns sem tilgreint er í 4. gr.

Í 3. mgr. kemur fram að mál vegna brota á atvinnurekstrarbanni skulu rekin samkvæmt þessum lögum. Nýr heildartími atvinnurekstrarbanns telst líða frá því að fyrra bann gekk í gildi.

Um 11. gr.

Frumvarp þetta kveður á um refsikennd viðurlög og eðlilegast þykir því að láta fara með mál þessi að hætti opinberra mála. Enn fremur má gera ráð fyrir að á lög þessi mundi reyna jafnhliða öðrum lögum, t.d. almennum hegningarlögum, í einu og sama máli.

Um 12. gr.

Hér er kveðið á um refsiviðurlög vegna afbrota í atvinnustarfsemi. Afleiðingar þessa geta orðið viðurhlutamiklar og þykir því rétt að gefa rúman tíma til að kynna lögin.

Nd. 533. Frumvarp til laga [298. mál]

um breytingu á lögum nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

Flm.: Finnur Ingólfsson, Páll Pétursson, Kristín Einarsdóttir,
Árni Gunnarsson, Ásgeir Hannes Eiríksson.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist nýr töluliður er orðist svo:

Mál sem höfðað er af hálfu ríkisvaldsins til atvinnurekstrarbanns samkvæmt lögum um tímabundið bann við atvinnurekstri einstaklings vegna afbrota.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1991.

Greinargerð.

Frumvarp þetta fylgir frumvarpi til laga um tímabundið bann við atvinnurekstri einstaklings vegna afbrota og er lagt fram samhliða því. Þar er gert ráð fyrir því að mál samkvæmt lögunum verði rekin að hætti opinberra mála samkvæmt lögum nr. 74 frá 1974. Rétt þykir að kveða einnig á um það í þeim lögum.

Gildistökuákvæði er hið sama og í frumvarpi til laga um tímabundið atvinnurekstrarbann.

Nd. 534. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Minni hl. er andvígur frumvarpinu og leggur til að það verði fellt. Ástæður þess eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er málsmeðferðin ófullnægjandi. Minni hl. hafði boðið upp á samstarf um afgreiðslu frumvarpsins ef 128. mál um yfirstjórn umhverfismála yrði afgreitt samtímis. Minni hl. getur ekki fallist á þá skoðun meiri hl. að samþykkja að stofna umhverfisráðuneyti án þess að ljóst sé hver verkefni það eigi að hafa. Það hljóti að fylgjast að og verði ekki með neinni skynsemi skilið í sundur.

Í öðru lagi er minni hl. andvígur því að stofnað verði nýtt ráðuneyti umhverfismála en vill í stað þess að sett verði almenn lög um umhverfisvernd og samræming þeirra falin einu ráðuneyti, sbr. t.d. frumvarp um samræmda stjórn umhverfismála, 4. mál. Umhverfismál eru flókin og samofin flestum öðrum málaflokkum. Stjórn umhverfismála fléttast því inn í málefni sem heyra undir mörg ráðuneyti. Forðast ber að líta svo á að stjórnun sé forgangsverkefni í umhverfismálum. Skynsamlegra væri að auka framlög til framkvæmda á sviði umhverfismála en koma upp dýru stjórnkerfi.

Í þriðja lagi telur minni hl. nefndarinnar að stefna beri að því að fækka ráðuneytum en ekki fjölga.

Alþingi, 31. jan. 1990.

Ólafur G. Einarsson, fundaskr., frsm. Friðjón Þórðarson. Ingi Björn Albertsson.

Sþ. 535. Tillaga til þingsályktunar [299. mál]

um skipulega fræðslu og leiðsögn fyrir útlendinga sem taka sér búsetu á Íslandi.

Flm.: Danfríður Skarphéðinsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá um að útlendingar, sem taka sér búsetu á Íslandi, hljóti skipulega fræðslu og leiðsögn sem miði að því að auðvelda þeim að takast á við daglegt líf í íslensku umhverfi.

Fræðslan skal einkum ná til eftirtalinna atriða:

— kennslu í íslensku,
— fræðslu um réttindi og skyldur íslenskra þjóðfélagsþegna,
— fræðslu um íslenska þjóðfélagið og helstu stofnanir þess,
— fræðslu um sögu landsins og staðhætti, íslenska menningu og þjóðlíf.

Greinargerð.

Eins og sjá má á fylgiskjali með tillögu þessari er nú búsett á Íslandi fólk frá öllum heimsálfum, en auk þess hafa fjölmargir einstaklingar fengið íslenskan ríkisborgararétt síðari ár. Á allra síðustu árum hefur æ oftar komið í ljós að erlendar konur, sem giftast Íslendingum, virðast að ýmsu leyti vera verr settar en karlar hvað varðar það að tengjast og aðlagast íslensku þjóðfélagi. Einkum er þetta erfitt fyrir konur sem eru upprunnar í þjóðfélögum þar sem staða konunnar og viðhorf til kvenna er gjörólíkt því sem gerist hér á landi, þjóðfélögum þar sem er

litið svo á að vettvangur konunnar sé eingöngu heimilið og engin félagsleg þjónusta er fyrir hendi.

Þrátt fyrir þá staðreynd að staða kvenna hér á landi er allt önnur er ekki auðvelt fyrir þessar konur að brjótast undan því viðhorfi sem þær hafa vanist frá bernsku. Hlutskipti þeirra verður því oftar en ekki að einangrast við heimilisstörf.

Af þessum sökum kynnast þær e.t.v. aðeins þröngum hópi fólks og leita sumar eingöngu eftir félagsskap við eigin landsmenn séu þeir til staðar. Þar eð engin upplýsinga- og fræðsluskylda er fyrir hendi hér á landi reynist þeim mjög erfitt að læra tungumálið og fæstar þekkja réttindi sín og skyldur og leita ekki eftir slíkri fræðslu af eigin hvötum. Við hjúskaparslit eða fráfall maka standa þær oft frammi fyrir vandamálum sem eru þeim óyfirstíganleg. Þó að flutningsmenn bendi hér sérstaklega á stöðu kvenna sem setjast að á Íslandi vegna hjúskapartengsla telja þeir að sjálfsögðu ekki síður nauðsynlegt að karlar frá fjarlægum löndum, sem kvænast íslenskum konum, fái haldgóðan skilning á þeim viðhorfum sem konur þeirra hafa alist upp við.

Fyrsta desember 1989 bjuggu tæplega fimm þúsund erlendir ríkisborgarar á Íslandi. Starfsfólk erlendra sendiráða og erlendir þegnar á vegum Bandaríkjahers eiga ekki lögheimili hér á landi og fylla því ekki þennan hóp, sjá fylgiskjal. Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands frá 1. desember 1989 voru tæplega tíu þúsund manns búsettir á Íslandi sem eru fæddir erlendis, sjá fylgiskjal. Vitað er að nokkur hluti þess hóps eru börn íslenskra foreldra sem búið hafa erlendis um skeið. Ekki liggja fyrir aðgengilegar tölur um hve margir í þessum tæplega tíu þúsund manna hópi eru af erlendu bergi brotnir. Tölurnar sýna þó að hér á landi er búsettur stór hópur fólks sem á rætur sínar í öðrum og ólíkum samfélögum og síðari ár hefur þeim fjölgað sem öðlast hafa íslenskan ríkisborgararétt.

Annars staðar á Norðurlöndum og í mörgum öðrum nágrannalöndum okkar telja stjórnvöld sér skylt að bjóða erlendu fólki sem flyst til landsins skipulega fræðslu og leiðsögn sem miði að því að það eigi auðveldara með að laga sig að samfélaginu og nýta sér þá þjónustu sem í boði er. Íslensk stjórnvöld hafa tekið á móti hópum flóttamanna og falið Rauða krossi Íslands umsjón með þeim meðan þeir eru að stíga sín fyrstu spor í framandi þjóðfélagi. Þannig hafa þeir sem hingað hafa komið í skipulögðum hópum notið nokkurrar kennslu í íslensku og leiðsagnar um íslenskt þjóðfélag.

Þess má vænta að framhald verði á innflutningi fólks sem ekki á athvarf í sínu heimalandi en auk þess koma árlega fleiri eða færri einstaklingar til landsins á eigin vegum, ýmist vegna hjúskapartengsla, til náms eða í atvinnuleit. Með auknum samskiptum við umheiminn og bættum samgöngum hefur það aukist að miklum mun að fólk dveljist við nám í öðrum löndum og fjarlægum, auk þess sem Íslendingar hafa lagst í ferðalög til hinna fjarlægustu heimshluta. Einnig hefur athygli útlendinga beinst að Íslandi í auknum mæli. Áhugi á því að kynnast landi og þjóð hefur orðið til þess að fólk frá öðrum löndum hefur flykkst hingað til náms og í atvinnuleit. Öll þessi samskipti hafa leitt til nánari kynningar og jafnvel hjúskapartengsla þannig að erlent fólk hefur sest hér að í sívaxandi mæli.

Mjög mismunandi er hvernig fólk er undir það búið að laga sig að íslenskum aðstæðum. Í stuttu máli má segja að fólki reynist þetta því erfiðara því óskyldara sem tungumálið er íslensku og þjóðfélag þess ólíkara því íslenska. Lega landsins, loftslag og veðurfar hefur einnig mjög mikil áhrif.

Sú fræðsla, sem hér er lagt til að fari fram, hlýtur að vera nauðsynleg öllu erlendu fólki sem hyggur á búsetu hér. Þekking á sögu og uppruna þjóðarinnar, réttindum og skyldum þegnanna og góð tök á íslenskri tungu hljóta að vera frumskilyrði þess að fólk, sem hér sest að, líti á sig sem raunverulega þátttakendur í samfélaginu. Erlent fólk, sem velur sér búsetu á Íslandi, stendur frammi fyrir margháttuðum erfiðleikum í því að samlagast þjóðlífi og þarf oft að leita eftir félagslegum stuðningi. Það ætti að vera stjórnvöldum metnaðarmál að leggja þessu fólki lið í viðleitni þess til að gerast góðir og gegnir þegnar í samfélagi okkar.

Fylgiskjal.

Hagstofa Íslands

Reykjavík, 12. janúar 1990

Fréttatilkynning nr. 2/1990

Mannfjöldi fæddur erlendis og erlendir ríkisborgarar á íbúaskrá 1. desember 1989.

Samkvæmt þjóðskrá 1. desember 1989 áttu lögheimili hér á landi 9.473 íbúar fæddir erlendis, en erlendir ríkisborgarar voru 4.774. Tölur þessar hafa verið sem hér segir og hlutfall þeirra af íbúafjöldanum árin 1950–89:

	Fæddir erlendis		Erlendir ríkisborgarar	
	Tala	%	Tala	%
1950	1.631	1,1	2.696	1,9
1960	3.873	2,2	2.538	1,4
1965 (*'64)	4.633	2,4	*2.758	*1,4
1973	5.135	2,4	2.853	1,3
1980	5.984	2,6	3.240	1,4
1984	7.011	2,9	3.534	1,5
1985	7.163	3,0	3.499	1,4
1986	7.507	3,1	3.553	1,5
1987	8.131	3,3	3.874	1,6
1988	9.351	3,7	4.829	1,9
1989	9.473	3,7	4.774	1,9

Hafa hvorar tveggja tölurnar breyst lítillega á árinu 1989, hin fyrri hækkaði um 1,3% en hin síðari lækkaði um 1,1%. Þær höfðu báðar hækkað mikið árið 1988, um 15% og 25%.

Það skal tekið fram, að erlendir sendiráðsmenn hér á landi og varnarliðsmenn eiga ekki lögheimili á Íslandi, og koma þeir því ekki í ofangreindar tölur.

Hluti þeirra sem fæddir eru erlendis eru börn íslenskra foreldra er dvöldust þar við nám eða störf.

Tala fólks með erlent ríkisfang hækkar árlega við flutning þess til landsins, en lækkar við brottflutning þess síðar og við það að því er veitt íslenskt ríkisfang.

Lagareglum um ríkisfang var breytt í viðamiklum greinum 1952 og 1982. Fyrir 1952 fengu konur ríkisfang eiginmanns síns við giftingu, en eftir það hefur hjónavígsla ekki áhrif á ríkisfang. Fyrir 1982 fékk barn fætt í hjónabandi ævinlega ríkisfang föður síns, en síðan þá fær það íslenskt ríkisfang ef annað foreldra er íslenskt.

Mannfjöldi og fjölgun 1989 eftir landsvæðum og fæðingarstað og ríkisfangi hér á landi eða erlendis.

	Mannfjöldi 1. desember 1989					Fjölgun 1989, beinar tölur					Fjölgun 1989, %				
		Fæddir erlendis		Ríkisfang erlent			Fæðingarland		Ríkisfangsland			Fæðingarland		Ríkisfangsland	
	Alls	Alls	%	Alls	%	Alls	Ís-land	Önnur lönd	Ís-land	Önnur lönd	Alls	Ís-land	Ö. lönd	Ís-land	Ö. lönd
Allt landið	**253.482**	**9.473**	**3,7**	**4.774**	**1,9**	**1.792**	**1.670**	**122**	**1.847**	**-55**	**0,7**	**0,7**	**1,3**	**0,7**	**-1,1**
Höfuðborgarsvæði	143.902	6.776	4,7	3.065	2,1	1.964	1.820	144	1.964	–	1,4	1,3	2,2	1,4	–
Reykjavík	96.727	4.896	5,1	2.272	2,3	916	858	58	945	-29	1,0	0,9	1,2	1,0	-1,3
Önnur sveitarfélög	47.175	1.880	4,0	793	1,7	1.048	962	86	1.019	29	2,3	2,2	4,8	2,2	3,8
Suðurnes	15.085	450	3,0	306	2,0	136	145	-9	155	-19	0,9	1,0	-2,0	1,1	-5,8
Vesturland	14.663	330	2,3	219	1,5	-154	-176	22	-173	19	-1,0	-1,2	7,1	-1,2	9,5
Vestfirðir	9.840	305	3,1	262	2,7	-257	-220	-37	-227	-30	-2,5	-2,3	-10,8	-2,3	-10,3
Norðurland vestra	10.447	170	1,6	78	0,7	-104	-113	9	-103	-1	-1,0	-1,1	5,6	-1,0	-1,3
Norðurland eystra	26.112	567	2,2	279	1,1	37	37	–	46	-9	0,1	0,1	–	0,2	-3,1
Austurland	13.200	351	2,7	232	1,8	33	27	6	35	-2	0,3	0,2	1,7	0,3	-0,9
Suðurland	20.209	521	2,6	332	1,6	113	115	-2	117	-4	0,6	0,6	-0,4	0,6	-1,2
Óstaðsettir	24	3	•	1	•	•	•	•	•	•	•	•	•	•	•

Mannfjöldi fæddur erlendis og erlendir ríkisborgarar á íbúaskrá 1. desember 1980–89.

	Fæddir erlendis					Erlendir ríkisborgarar				
	1980	1988	1989			1980	1988	1989		
			Alls	Karlar	Konur			Alls	Karlar	Konur
Alls	**5.984**	**9.351**	**9.473**	**4.253**	**5.220**	**3.240**	**4.829**	**4.774**	**2.080**	**2.694**
Norðurlönd	3.007	4.334	4.330	1.900	2.430	1.360	1.785	1.672	671	1.001
Danmörk*	1.687	2.205	2.190	950	1.240	950	1.154	1.079	453	626
Finnland	68	83	80	28	52	45	52	52	16	36
Færeyjar*	176	228	229	97	132	•	•	•	•	•
Grænland*	6	35	35	16	19	•	•	•	•	•
Noregur	553	692	714	280	434	275	337	342	124	218
Svíþjóð	517	1.091	1.082	529	553	90	242	199	78	121
Önnur Evrópulönd	1.699	2.667	2.699	1.251	1.448	886	1.582	1.619	755	864
Austurríki	42	58	54	29	25	18	30	31	15	16
Belgía	17	37	38	11	27	14	34	35	10	25
Bretland	441	721	703	369	334	324	527	501	257	244
Frakkland	78	150	149	80	69	60	98	100	53	47
Holland	66	105	114	49	65	45	85	95	40	55
Írland	33	123	105	35	70	34	115	99	31	68
Ítalía	15	46	39	25	14	6	28	21	17	4
Júgóslavía	28	88	94	70	24	31	76	82	56	26
Lúxemborg	11	53	50	25	25	1	1	1	–	1
Portúgal	4	29	33	22	11	2	26	32	19	13
Pólland	28	122	160	75	85	21	93	133	66	67
Sovétríkin	16	22	30	13	17	5	5	13	7	6
Spánn	62	118	114	69	45	56	82	75	43	32
Sviss	30	51	56	26	30	21	30	31	12	19
Tékkóslóvakía	18	29	34	17	17	5	8	13	6	7
Ungverjaland	25	30	34	17	17	1	11	15	6	9
Þýskaland	755	847	854	295	559	234	318	328	109	219
Önnur lönd í Evrópu	30	38	38	24	14	8	15	14	8	6
Ameríka	929	1.468	1.475	720	755	731	965	947	467	480
Bandaríkin	747	1.166	1.181	590	591	636	816	803	403	400
Kanada	144	170	161	69	92	69	73	68	30	38
Chile	6	19	14	8	6	6	16	9	3	6
Kólombía	–	16	20	10	10	–	8	12	7	5
Önnur lönd í Ameríku	32	97	99	43	56	20	52	55	24	31
Afríka	61	166	169	83	86	38	99	102	45	57
Marokkó	8	18	23	20	3	12	12	15	13	2
Suðurafríka	8	50	50	9	41	6	36	39	5	34
Önnur lönd í Afríku	45	98	96	54	42	20	51	48	27	21
Asía	156	544	647	259	388	114	240	296	108	188
Filippseyjar	16	79	112	20	92	28	67	91	15	76
Indland	8	38	53	24	29	5	23	27	13	14
Indónesía	4	67	63	27	36	1	2	3	1	2
Ísrael	6	19	18	8	10	6	14	11	5	6
Japan	11	17	19	8	11	10	9	10	6	4
Kína	9	30	45	27	18	2	16	31	19	12
Suður-Kórea	27	27	32	12	20	9	5	5	3	2
Srí-Lanka	2	88	88	30	58	2	3	2	–	2
Thaíland	1	43	63	11	52	1	45	64	12	52
Tyrkland	7	18	20	14	6	6	6	7	6	1
Víetnam	32	40	53	29	24	33	16	14	7	7
Önnur lönd í Asíu	33	78	81	49	32	11	34	31	21	10
Eyjaálfa	122	164	148	37	111	104	151	134	31	103
Ástralía	82	66	65	18	47	69	50	48	11	37
Nýja-Sjáland	40	98	83	19	64	35	101	86	20	66
Útlönd, ótilgreint nánar	10	8	5	3	2	7	7	4	3	1

* Danir, Færeyingar og Grænlendingar hafa sameiginlegt ríkisfang.

Sþ. 536. Fyrirspurn [300. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um gleraugnakaup barna og unglinga.

Frá Málmfríði Sigurðardóttur.

Hvað hefur ráðherra aðhafst í framhaldi af samþykkt neðri deildar 29. apríl 1988 um að vísa til ríkisstjórnarinnar frumvarpi til laga um almannatryggingar þar sem fjallað er um aðstoð við börn og unglinga til gleraugnakaupa?

Sþ. 537. Svar [280. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Eiðs Guðnasonar um fiskiskip í smíðum erlendis.

Spurt er:

1. *Hve mörg fiskiskip eru nú í smíðum erlendis fyrir íslenska aðila?*
2. *Hver er stærð þessara skipa?*
3. *Til hvaða veiða eru þessi skip ætluð?*
4. *Til hvaða útgerðarstaða munu þessi skip fara?*

Svar:

Fjöldi skipa	Stærð Brúttótonn	Veiðarfæri	Útgerðarstaður
1	195	Togskip	Grindavík
1	200	Togskip	Vestmannaeyjar
1	200	Lína-net-togveiðar	Hornafjörður
1	200	Lína-net-togveiðar	Hornafjörður
1	200	Lína-net-togveiðar	Hornafjörður
1	200	Togskip	Vestmannaeyjar
1	200	Lína-net-togveiðar	Hrísey
1	1100	Nóta- og togskip	Eskifjörður
1	1400	Skuttogari	Akureyri
1	300	Togskip	Þorlákshöfn
10	4195		

Stærð skipanna er miðuð við nýjar mælingareglur Siglingamálastofnunar (brúttótonn). Samkvæmt eldri mælingareglum yrði samanlögð stærð skipanna um 3.900 brúttólestir.

Sþ. 538. Skýrsla [301. mál]

fulltrúa Íslands í þingmannanefnd Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA.

1. Þingmannanefnd Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA.

Þingmenn aðildarríkja EFTA hafa frá stofnun samtakanna árið 1960 komið saman til þess að ræða málefni sem haft hafa sameiginlega þýðingu fyrir aðildarríkin. Í fyrstu voru þessir

fundir óformlegir og í þeim tóku þátt þeir þingmenn EFTA-ríkjanna sem jafnframt höfðu verið valdir fulltrúar á þing Evrópuráðsins. Þessir óformlegu fundir voru fyrstu árin í Strasborg þar sem Evrópuráðið heldur sína fundi, en síðar í Genf til þess að auka samband og samstarf milli þingmannahópsins og aðalskrifstofu EFTA. Leiddi samstarfið til þess að þingmennirnir óskuðu eindregið eftir því að auka þátttöku sína í starfi innan EFTA. Þess vegna ákvað EFTA-ráðið árið 1977 að stofna sérstaka þingmannanefnd (Committee of Members of Parliament of the EFTA Countries) og fylgir sú samþykkt ráðsins þessari skýrslu sem fylgiskjal I, svo og skipurit EFTA sem fylgiskjal II.

Samkvæmt ákvörðuninni á þingmannanefnd EFTA að vera ráðinu til ráðgjafar um starfsemi samtakanna og einnig skal hún miðla upplýsingum um slík málefni milli EFTA og þingmanna EFTA-ríkjanna, sem og milli þingmanna sjálfra og má hún vera skipuð allt að fimm þingmönnum frá hverju þjóðþingi. Nefndin kýs sér formann og varaformann úr hópi nefndarmanna og skulu þeir kosnir til eins árs í senn. Nefndin ákveður sjálf dagskrá funda sinna og er nefndarmönnum frjálst að bera upp hvert það málefni sem varðar starfsemi samtakanna. Helstu skjöl nefndarinnar skulu skrifuð á ensku og frönsku sem eru ásamt þýsku „vinnumál" hennar.

Fyrsti formlegi fundur þingmannanefndarinnar var haldinn í Genf 25. nóvember 1977 og hafa fundir almennt verið haldnir árlega síðan, annaðhvort í Genf eða einhverju aðildarríkjanna. Með skýrslunni er birt yfirlit yfir íslensku þátttakendurna á reglulegum fundum þingmannanefndarinnar á fylgiskjali III. Tómas Árnason var varaformaður nefndarinnar starfsárið 1984–1985, en hvarf þá af þingi, og Kjartan Jóhannsson tók við formennsku starfsárið 1985–1986. Núverandi formaður nefndarinnar er Ingvar S. Melin frá Finnlandi, en varaformennsku gegnir Peter Jankowitsch frá Austurríki. Í þingmannanefnd EFTA eiga nú sæti af Íslands hálfu alþingismennirnir Matthías Á. Mathiesen og Jón Sæmundur Sigurjónsson, en ritari er Þórður Bogason lögfræðingur, starfsmaður nefndadeildar skrifstofu Alþingis.

Þingmannanefnd EFTA hélt síðast fund, þann fjórtánda í röðinni, í Helsinki dagana 25.–26. maí 1989. Á þeim fundi var m.a. rætt um niðurstöður Óslóarráðstefnunnar, niðurstöður ráðherrafundar EFTA og Evrópubandalagsins 20. mars sl., samstarf við bandalagið og efnahagsástandið í Finnlandi. Næsti aðalfundur nefndarinnar verður haldinn í Vín í lok maí 1990.

Milli aðalfunda heldur nefndin undirbúningsfundi ásamt því að vinnuhópar nefndarinnar hittast. Síðasti undirbúningsfundur fór fram í Genf 17. jan. sl.

2. Vinnuhópur um viðskipti með fisk og unnin matvæli.

Innan þingmannanefndar EFTA starfa nú tveir vinnuhópar. Annar þeirra er **um viðskipti með fisk og unnin matvæli (working group on trade in fish and processed food products)**, en hinn endurskoðar hlutverk þingmannanefndarinnar innan EFTA og verður nánar fjallað um hann í 4. lið. Að frumkvæði Íslendinga beitti vinnuhópurinn um viðskipti með fisk og unnin matvæli sér mjög fyrir því að ná samkomulagi um fríverslun með fisk. Á 12. fundi þingmannanefndarinnar í Hamar í Noregi í júní 1987 samþykkti nefndin samhljóða að leggja til við EFTA-ráðið að það gerði nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fríverslun með fisk innan EFTA gæti orðið að veruleika á fjögurra til fimm ára aðlögunartíma. Þessi samþykkt þingmannanefndarinnar, ásamt því að viðskiptaráðherrar EFTA höfðu mjög beitt sér í þessu máli að tilstuðlan íslenska viðskiptaráðuneytisins, leiddi til þess að á ráðherrafundi EFTA-ráðsins í Tampere í Finnlandi í júní 1988 var ákveðið að skipa vinnuhóp embættismanna um fríverslun með fisk. Málstaður Íslands í þessu máli fékk stuðning er leiðtogafundur EFTA, haldinn í Ósló í mars 1989, samþykkti að tekin skyldi upp fríverslun með fisk innan EFTA. Lokaskýrslu um fríverslun með fisk var skilað á ráðherrafundi EFTA-ráðsins í Kristiansand í

júní 1989 og ákveðið þar að breyta Stokkhólmssáttmálanum í samræmi við niðurstöður hennar. Á fundi þingmannanefndarinnar í Helsinki í maí 1989 var vinnuhópnum um viðskipti með fisk og unnin matvæli falið að vinna áfram að athugun á umhverfisverndarmálum með sérstöku tilliti til landbúnaðar, en búast má við að þau málefni verði ofarlega á baugi á næstunni á vettvangi umhverfismála í Evrópu. Einnig var vinnuhópnum falið að athuga hverjar séu líkur á fríverslun með fleiri tegundir af unnum matvælum en nú er. Vinnuhópurinn fundaði í Vín 27. október 1989 og í Genf 18. janúar 1990. Gert er ráð fyrir að næsti fundur vinnuhópsins verði í Reykjavík 17.–18. apríl nk.

3. Viðræður þingmannanefndarinnar við stofnanir EB.

Þingmannanefndin hefur frá árinu 1981 átt formlegar viðræður við fulltrúa Evrópuþingsins. Sérstök sendinefnd Evrópuþingsins og þingmannanefnd EFTA áttu á árunum 1981–1986 fimm sameiginlega fundi, auk eins óformlegs fundar. Á þessum fundum var m.a. fjallað um almenn sjónarmið er varða málefni EFTA og EB, ríkisstyrki, reynslu af fríverslun í Evrópu, tengsl EFTA og EB og hugsanlega samvinnu og frekari þróun samskipta, Lúxemborgaryfirlýsinguna frá 1984 og möguleika á aukinni fríverslun, t.d. með fiskafurðir og önnur unnin matvæli.

Frá árinu 1988 hefur verið efnt til sameiginlegra viðræðna nefndarinnar við utanríkisviðskiptanefnd Evrópuþingsins, REX-nefndina (the European Parliament's Committee on External Economic Relations), en nefnd þessi hefur mikil áhrif á Evrópuþinginu. Var það ekki hvað síst að frumkvæði Kjartans Jóhannssonar sem hafði um skeið verið annar tveggja fulltrúa Íslands í nefndinni. Hafa þessar nefndir átt þrjá sameiginlega fundi. Fyrsti fundurinn var haldinn í Brussel 17.–18. febrúar 1988 og fjallaði hann um hugmyndir um stofnun evrópska efnahagssvæðisins (the European Economic Space) og tilkomu innri markaðar EB, umhverfismál og skýrslu um viðskiptatengsl EFTA og EB. Annar sameiginlegur fundur með REX-nefndinni var dagana 23.–24. nóvember 1988 í Brussel. Skiptust fundarmenn á skoðunum um þróun í samskiptum EFTA og EB að undanförnu, um samvinnu EFTA og EB á sviði umhverfismála og um samvinnu á sviði menntamála. Síðasti fundur þessara nefnda var haldinn í Brussel 30. nóvember 1989. Þar var rætt um þróun samgöngumála í Evrópu. Þá var rætt um það ástand sem skapast hefur í álfunni með efnahagslegum og stjórmálalegum breytingum í Austur-Evrópu. Loks voru almennar umræður um stöðu mála í samningaviðræðum EFTA og EB, þar á meðal um niðurstöðu funda þeirrar nefndar sem forustu hefur í viðræðunum um evrópska efnahagssvæðið (High-Level Steering Group).

Þessi síðasti sameiginlegi fundur nefndanna var mjög vel undirbúinn af beggja hálfu. Er greinilega aukinn áhugi á viðræðum þessum hjá þingmönnum Evrópuþingsins og ávarpaði forseti Evrópuþingsins þennan fund nefndanna. Viðræðurnar við REX-nefndina hafa mikla þýðingu þar sem nefndin mun fjalla um hugsanlegan samning um evrópska efnahagssvæðið áður en umræða um hann hefst á sjálfu Evrópuþinginu. Það er skoðun beggja nefnda að efla beri umræðu og tengsl milli REX-nefndarinnar og þingmannanefndar EFTA.

4. Aukið hlutverk þingmannanefndar EFTA.

Á fundi þingmannanefndarinnar í Helsinski í maí sl. var samþykkt að stofna **vinnuhóp til að endurskoða hlutverk þingmannanefndarinnar (working group on the review of the role of the committee)** og var hópnum falið að fjalla um framtíðarhlutverk þingmannanefndarinnar í störfum innan EFTA og í evrópsku samstarfi almennt, með sérstöku tilliti til samningaviðræðna EFTA og EB um evrópska efnahagssvæðið. Matthías Á. Mathiesen á sæti í vinnuhópnum af hálfu Íslands. Vinnuhópurinn hefur haldið þrjá fundi, í Genf 20. september 1989, í Stokkhólmi 13. október 1989 og í Genf 17. janúar 1990. Þann 13. október sl. ritaði hópurinn

formanni EFTA-ráðsins, Kjartani Jóhannssyni sendiherra, bréf þar sem lagðar voru fram hugmyndir um aukið hlutverk þingmannanefndarinnar innan EFTA. Í kjölfar þess var formanni þingmannanefndar EFTA í fyrsta sinn boðið til fundar við ráðherra EFTA-ráðsins sem haldinn var í desember sl. Á fundinum kom fram viðurkenning á störfum þingmannanefndarinnar og lögð áhersla á mikilvægi hennar. Niðurstöður EFTA-ráðsins sem svör við bréfi nefndarinnar frá 13. október voru að ráðherrar EFTA-ríkjanna lýstu yfir nauðsyn þess að náið samstarf yrði á milli ráðherranna og þingmannanefndarinnar. Urðu ráðherrarnir sammála um að halda sameiginlega fundi með nefndinni, í tengslum við ráðherrafundi og verður sá fyrsti haldinn í Genf í byrjun apríl. Þeir lýstu yfir nauðsyn aukins samráðs um mikilvæg málefni er varða samtökin og samþykktu að EFTA-ráðið skyldi jafnan leita álits þingmannanefndarinnar. Það var skoðun ráðherranna að formanni þingmannanefndarinnar yrði boðið að kynna fyrir ráðherrunum verkefni og ályktanir nefndarinnar þegar svo stæði á að sameiginlegir fundir væru ekki.

Auk starfs innan EFTA hefur vinnuhópurinn fjallað mjög um hugmyndir varðandi sameiginlega þingmannanefnd eða þingmannaráð EFTA og EB í tengslum við samning um evrópska efnahagssvæðið. Telur vinnuhópurinn að slík stofnun sé nauðsynleg ef samningar takast við EB um efnahagssvæðið. Hefur vinnuhópurinn rætt fyrirkomulag slíkrar stofnunar en endanlegar hugmyndir þar um liggja ekki fyrir. Ráðherrafundur EFTA-ráðsins 11.–12. desember sl. undirstrikaði sérstaklega mikilvæga stöðu þingmanna í viðræðum um evrópska efnahagssvæðið og nauðsyn þeirrar viðleitni þingmannanefndarinnar að koma sjónarmiðum EFTA á framfæri við Evrópuþingið. Framkvæmdastjórn EB hefur einnig sérstaklega vikið að því í samningaviðræðunum, sem nú fara fram, að rétt væri að koma á samstarfsvettvangi þingmanna EFTA-ríkjanna og EB. Næsti fundur vinnuhópsins verður væntanlega í Genf í mars næstkomandi.

5. Skipun fulltrúa Íslands.

Þingmannanefnd EFTA hefur aukið áhrif sín jafnt og þétt og má búast við því að hlutverk hennar aukist enn verði af samningum um evrópska efnahagssvæðið. Ekki hafa gilt ákveðnar reglur um starf alþingismanna í þingmannanefndinni, frekar en öðrum alþjóðanefndum þingsins. En með tilliti til aukinna áhrifa nefndarinnar er ljóst að Alþingi þarf að setja reglur um starf þingmanna í henni. Fulltrúar Íslands í nefndinni telja eðlilegt að slíkar reglur verði ræddar og settar á næsta þingi, en þá verður væntanlega ljóst hvernig framtíðarskipan þingmannanefndarinnar verður háttað. Þetta er í samræmi við það sem kom fram á síðasta fundi vinnuhópsins sem endurskoðar hlutverk þingmannanefndarinnar, en þá var samþykkt að bíða með umræður um tillögur að breytingum á skipan nefndarinnar sem norska Stórþingið hefur lagt til.

Alþingi, 31. jan. 1990.

Matthías Á. Mathiesen. Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS NR. 11 ÁRIÐ 1977

(Samþykkt á 20. sameiginlegum ráðherrafundi, 13.–14. október 1977.)

Stofnun nefndar þingmanna frá þjóðþingum aðildarríkja EFTA.

RÁÐIÐ,

með hliðsjón af tillögu sérskipaðs hóps þingmanna EFTA-ríkjanna,

með hliðsjón af 3. mgr. 32. gr. Stokkhólmssáttmálans, sem felur ráðinu þá ábyrgð að koma á fót þeim stofnunum og nefndum sem það telur nauðsynlegt til aðstoðar við að framkvæma hlutverk þess,

ákveður:

1. Hér með er komið á fót nefnd þingmanna frá aðildarríkjum EFTA til að vera ráðunum til ráðgjafar um málefni sem heyra undir starfsemi samtakanna og til þess að miðla upplýsingum um slík málefni milli EFTA og þingmanna EFTA-ríkjanna, sem og meðal þingmanna sjálfra.
2. Nefndarmenn skulu vera fulltrúar á þjóðþingum EFTA-ríkjanna (aðildarríkja eða ríkja í samstarfi við EFTA). Allt að fimm þingmenn frá hverju þjóðþingi mega sækja fundi nefndarinnar. Fyrir hvern fund skulu framkvæmdastjóranum látin í té nöfn þeirra þingmanna er munu sækja fundinn.
3. Nefndin kýs sér formann og varaformann úr hópi nefndarmanna og ræður einfaldur meiri hluti þeirra sem á fundi eru og taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Kjörtími þeirra skal vera eitt ár.
4. Nefndin skal koma saman til fundar að minnsta kosti einu sinni á ári. Formaður ákveður fundartíma og fundarstað, að höfðu samráði við nefndarmenn. Framkvæmdastjórinn boðar til funda og sendir út dagskrárdrög með minnst fjögurra vikna fyrirvara.
5. Nefndin ákveður dagskrá sína. Nefndarmönnum er frjálst að bera upp hvert það málefni sem heyrir undir starfsemi samtakanna. Formaður stjórnar umræðunum.
6. Fulltrúar EFTA-ríkjanna í ráðunum og framkvæmdastjórinn mega sitja fundi nefndarinnar og taka þátt í umræðum.
7. Fundir nefndarinnar skulu haldnir fyrir luktum dyrum nema annað sé ákveðið.
8. a. Helstu skjöl nefndarinnar skulu skrifuð á ensku og frönsku.
   b. Umræður innan nefndarinnar skulu jafnóðum þýddar á ensku, frönsku og þýsku (vinnumál).
   c. Ef ræða er flutt á öðru máli en vinnumáli skal sendinefnd sú sem í hlut á sjá um þýðingu hennar yfir í eitt vinnumálanna.
   d. Ef nefndinni er boðið að halda fund utan Genfar skal það land sem býður almennt bera kostnað af fundaraðstöðunni sem og tækjabúnaði til þýðinga.
9. Eftir hvern fund skal formaður skila skýrslu til ráðanna um störf fundarins og samþykktar tillögur.

Fylgiskjal II.



Fylgiskjal III.

FULLTRÚAR ÍSLANDS Á ÁRSFUNDUM ÞINGMANNANEFNDAR EFTA

1. fundur 25. nóvember 1977, Genf.
Oddur Ólafsson.
Jón Helgason.

2. fundur 12.–13. október 1978, Stokkhólmi.
Stefán Jónsson.

3. fundur 25.–26. október 1979, Genf.
Enginn fulltrúi mætti fyrir Íslands hönd.

4. fundur 16.–18. apríl 1980, Lissabon.
Jósef H. Þorgeirsson.
Jón Helgason.

5. fundur 6.–8. júlí 1981, Tromsö.
Jósef H. Þorgeirsson.
Jón Helgason.

6. fundur 11.–12. nóvember 1981, Genf.
Geir Hallgrímsson.
Jón Helgason.

7. fundur 3.–5. maí 1982, Basel.
Guðmundur G. Þórarinsson.
Jósef H. Þorgeirsson.

8. fundur 4.–6. júlí 1983, Helsinki.
Ellert B. Schram.
Tómas Árnason.

9. fundur 3.–4. maí 1984, Vín.
Tómas Árnason.

10. fundur 20.–21. júní 1985, Reykjavík.
Kjartan Jóhannsson.
Gunnar G. Schram.
Svavar Gestsson.
Valdimar Indriðason.
Haraldur Ólafsson.
Friðrik Ólafsson, ritari nefndarinnar.

11. fundur 17.–18. júní 1986, Stokkhólmi.
Kjartan Jóhannsson.
Gunnar G. Schram.

12. fundur 22.–24. júní 1987, Hamar.
Kjartan Jóhannsson.
Gunnar G. Schram.

13. fundur 18.–20. maí 1988, Fribourg.
Kjartan Jóhannsson.
Friðjón Þórðarson.

14. fundur 25.–26. maí 1989, Helsinki.
Kjartan Jóhannsson.
Matthías Á. Mathiesen.

Sþ. 539. Tillaga til þingsályktunar [302. mál]

um húsnæði fyrir aðstandendur sjúklinga.

Flm.: Anna Ólafsdóttir Björnsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að leita nú þegar leiða til að leysa húsnæðisvanda aðstandenda sjúklinga sem þurfa að dveljast langdvölum fjarri heimilum sínum.

Greinargerð.

Flestir verða einhvern tíma á ævinni fyrir því að veikjast alvarlega eða að einhver þeim nákominn þurfi á læknismeðferð og sjúkrahúsvist að halda. Slíkt er nógu erfitt í sjálfu sér þótt ekki bætist við langar fjarvistir frá heimili, húsnæðisvandi, aðskilnaður fjölskyldu, vinnutap, launamissir og margháttuð fjárútlát, m.a. vegna tvöfalds heimilishalds, barnagæslu, ferðalaga o.s.frv.

Þetta er því miður reynsla margra, sérstaklega íbúa landsbyggðarinnar sem þurfa að sækja sérhæfða læknisþjónustu til Reykjavíkur. Slík reynsla er ævinlega þungbær og oft mjög dýr þar sem aðstoð af hálfu samfélagsins er af mjög skornum skammti. Sumpart má leysa vanda þessa fólks gegnum tryggingalöggjöfina og má í því sambandi minna á frumvarp sem Kvennalistakonur lögðu fram á 110. löggjafarþingi (þskj. 562) um breytingu á almannatryggingalögum. Því frumvarpi var vísað til ríkisstjórnarinnar og hefur verið haft til hliðsjónar í tryggingaráði við endurskoðun reglna um greiðslur í slíkum tilvikum.

Hins vegar þarf engin lög til þess að leysa húsnæðisvanda þeirra sem hér um ræðir. Til þess þarf aðeins vilja, samvinnu og framkvæmdir.

Kanna þarf hversu marga um er að ræða til jafnaðar sem þurfa á húsnæði að halda af þessum sökum. Á grundvelli slíkrar könnunar þarf að tryggja að alltaf sé til reiðu húsnæði sem aðstandendur sjúklinga geta fengið leigt á góðum kjörum svo að þeir þurfi a.m.k. ekki að vera þjakaðir af húsnæðisáhyggjum til viðbótar við alla aðra erfiðleika.

Flutningsmenn telja eðlilegt að heilbrigðisráðuneytið leiti samstarfs við Samband íslenskra sveitarfélaga og Rauða kross Íslands um lausn þessa vanda og æskilegast væri að koma upp húsnæði sem næst Landspítalanum sem aðstandendur sjúklinga utan af landi gætu gengið að sem vísu. Vísir að slíku er fyrir hendi í lítilli íbúð í grennd við Landspítalann þar sem foreldrar krabbameinssjúkra barna geta fengið tímabundið húsaskjól. Einnig hefur Krabbameinsfélag Reykjavíkur frá ársbyrjun 1988 styrkt aðstandendur krabbameinssjúklinga í 14 daga til dvalar á sjúkrahóteli Rauða krossins eða greitt jafnvirði dvalarkostnaðar í leigustyrk. Til þeirra mála ætlar félagið ákveðna upphæð, en ekki er ljóst hvert framhald verður á þeim styrkjum. Á þennan hátt hefur verið bætt úr brýnasta vandanum um sinn, en þörfin á húsnæði er eftir sem áður mjög mikil og fer síst minnkandi. Dvalarkostnaður aðstandenda mjög veikra sjúklinga fjarri heimabyggð er mikill og oft bætist hann ofan á vinnutap sem hvergi fæst bætt.

Þessi þingsályktunartillaga fékk jákvæðar undirtektir í umræðum á Alþingi, en var ekki afgreidd úr nefnd. Þörf á húsnæði fyrir aðstandendur sjúklinga virðist síst hafa minnkað þrátt fyrir lofsvert framtak Krabbameinsfélagsins til úrbóta fyrir aðstandendur krabbameinssjúklinga. Því er þingsályktunartillagan nú flutt hér óbreytt í þriðja sinn.

Nd. 540. Nefndarálit [80. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi Íslands.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarp þetta sem felur í sér að færeysk og grænlensk fiskiskip verði undanþegin ákvæðum laga er banna erlendum fiskiskipum að landa afla sínum í íslenskum höfnum nema með sérstöku leyfi ráðherra.

Fyrir nefndinni lágu umsagnir um frumvarpið frá 110. þingi frá Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandinu, Félagi íslenskra fiskmjölsframleiðenda, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Fiskifélagi Íslands.

Neðri deild afgreiddi þetta frumvarp til efri deildar á síðasta þingi 19. maí 1989, en þar hlaut málið ekki afgreiðslu.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Minni hl. skilar séráliti.

Alþingi, 1. febr 1990.

Matthías Bjarnason, frsm. Alexander Stefánsson. Kristinn Pétursson.

Kolbrún Jónsdóttir. Geir Gunnarsson.

Nd. 541. Nefndarálit [80. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi Íslands.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt þetta frumvarp sem fjallar um undanþágur frá ákvæðum laga handa fiskiskipum frá Grænlandi og Færeyjum til að landa afla sínum hér á landi. Umsagna var ekki leitað og ekki var sóst eftir að fá umsagnaraðila á fund nefndarinnar. Hins vegar lágu fyrir nefndinni frá því í janúar 1988 álit LÍÚ, Sjómannasambands Íslands, Fiskifélags Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, sem öll lögðust gegn samþykkt frumvarpsins, og frá Félagi íslenskra fiskimjölsframleiðenda sem fagnaði framkomnu frumvarpi.

Samkvæmt samkomulagi hafa grænlensk skip, sem stunda veiðar við Austur-Grænland, heimild til löndunar og allrar skipaþjónustu í íslenskum höfnum. Þetta er frávik frá ákvæðum laganna en þar segir að erlendum fiskiskipum sé ekki heimilt að leita hafnar á Íslandi nema í neyð. Hafa Grænlendingar nýtt sér þessa aðstöðu við rækjuveiðar á Dohrn-banka. Færeyingar, sem veitt hafa botnfisk hér við land samkvæmt sérstöku samkomulagi, hafa aldrei leitað eftir að fá að landa afla hér á landi.

Í nýgerðum samningum milli Íslands, Grænlands og Noregs er skipum þessara þjóða, sem loðnuveiðar stunda, veittur löndunarréttur í hverju þessara landa. Var sérstaklega tiltekið að færeysk skip, sem veiddu loðnu í umboði Grænlendinga, fengju þennan rétt. Við gerð samnings um rétt Grænlendinga til löndunar hér á landi og um skiptingu loðnustofnsins milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen verður að telja að Færeyingum og Grænlendingum séu tryggðir þeir möguleikar til löndunar á Íslandi sem þeir þarfnast eins og staðan er nú. Það er því álit minni hl. að framkomið frumvarp sé tilefnislaust. Ef á að endurskoða þessi lög ætti að gera það í víðara samhengi og skiptir þá samningsstaða okkar við aðrar þjóðir verulegu máli.

Það er því rétt að áliti minni hl. að láta breytingar á ákvæðum um löndunarrétt þessara þjóða bíða uns náðst hafa frekari samningar um gagnkvæma nýtingu sameiginlegra fiskstofna því að telja verður að löndunarréttindi muni skipta verulegu máli í viðræðum um nýtingu þessara stofna. Gæti það veikt samningsaðstöðu okkar ef við hefðum í raun einhliða afsalað okkur ákvörðunarrétti í þessu efni.

Minni hl. leggur því til að frumvarpi þessu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 1. febr. 1990.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, form., frsm.

Guðni Ágústsson.

Sþ. 542. Svar [224. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Inga Björns Albertssonar um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver er upphæð vangoldinna skatta, ásamt dráttarvöxtum og verðbótum, í heildarálagningu sérstaks skatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði 1989 milli einstakra kjördæma og hver er fjöldi skuldara í hverju kjördæmi fyrir sig? Sundurgreind verði sérstaklega upphæð dráttarvaxta, verðbóta og vangoldins skatts.*
2. *Hvernig er áætlað að þessar upphæðir sundurliðist í fjárlögum fyrir árið 1990?*

Til svars fyrirspurninni hafa verið teknar saman eftirfarandi upplýsingar:

	Einstaklingar		Félög	
Umdæmi	*Höfuðstóll*	*Dráttarvextir*	*Höfuðstóll*	*Dráttarvextir*
Reykjavík	29.550.322	2.995.134	87.949.207	12.442.678
Reykjanes	11.228.013	1.038.203	10.644.014	1.375.305
Vesturland	847.232	90.655	1.408.025	217.203
Vestfirðir	651.857	56.473	1.084.790	151.596
Norðurland vestra	236.066	21.190	916.615	165.114
Norðurland eystra	885.971	75.938	7.279.761	890.380
Austurland	306.966	27.024	820.822	90.434
Suðurland	763.966	70.474	2.165.723	292.541
Vestmannaeyjar	547.994	46.529	432.498	31.057
Samtals	45.018.387	4.421.620	112.701.455	15.656.308

Upplýsingar um fjölda skuldara liggja ekki fyrir.

Ekki er sérstaklega áætlað fyrir umræddum upphæðum í fjárlögum fyrir árið 1990. Álagning ársins 1990 er áætlað að verði um 470 millj. kr. Heildarinnheimta á árinu 1990 er talin verða 425 millj. kr. að meðtalinni innheimtu eldri skulda en þar af má reikna með að innheimta af álagningu ársins sé um 350–400 millj. kr.

Sþ. **543. Svar** [15. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Danfríðar Skarphéðinsdóttur um kennara og leiðbeinendur í grunnskólum og framhaldsskólum.

1. *Hvert er hlutfallið milli grunnskólakennara og leiðbeinenda í fræðsluumdæmum landsins miðað við fullt stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar?*

Svar:

	Tala starfsmanna		Stöðugildi
Reykjavík:			
Grunnskólakennarar	905	764,34	96,99%
Leiðbeinendur	38	23,76	3,01%
Reykjanesumdæmi:			
Grunnskólakennarar	658	553,45	89,39%
Leiðbeinendur	92	65,69	10,61%
Vesturlandsumdæmi:			
Grunnskólakennarar	179	152,41	75,11%
Leiðbeinendur	68	50,51	24,89%
Vestfjarðaumdæmi:			
Grunnskólakennarar	98	68,76	49,56%
Leiðbeinendur	92	69,99	50,44%
Norðurlandsumdæmi vestra:			
Grunnskólakennarar	116	103,57	69,62%
Leiðbeinendur	77	45,19	30,38%
Norðurlandsumdæmi eystra:			
Grunnskólakennarar	298	249,00	78,08%
Leiðbeinendur	114	69,90	21,92%
Austurlandsumdæmi:			
Grunnskólakennarar	137	113,02	63,28%
Leiðbeinendur	98	65,58	36,72%
Suðurlandsumdæmi:			
Grunnskólakennarar	261	212,79	81,70%
Leiðbeinendur	89	47,66	18,30%
Landið allt:			
Grunnskólakennarar	2652	2187,34	83,30%
Leiðbeinendur	668	438,28	16,70%

Grunnskólakennarar og leiðbeinendur við héraðsskóla eru ekki taldir með í þessu yfirliti.

Stöðugildi eru fundin þannig að deilt er í samanlagðar kennslustundir með 29 sem er kennsluskylda grunnskólakennara og leiðbeinenda í fullu starfi.

2. *Hvert er hlutfallið milli framhaldsskólakennara og leiðbeinenda í fræðsluumdæmum landsins miðað við fullt stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar?*

Svar:

	Tala starfsmanna		Stöðugildi
Reykjavík:			
Framhaldsskólakennarar	399	490,70	69,50%
Leiðbeinendur	265	215,80	30,50%
Reykjanesumdæmi:			
Framhaldsskólakennarar	104	123,00	63,50%
Leiðbeinendur	92	70,70	36,50%
Vesturlandsumdæmi:			
Framhaldsskólakennarar	21	25,70	53,20%
Leiðbeinendur	27	22,60	46,80%
Vestfjarðaumdæmi:			
Framhaldsskólakennarar	7	7,00	26,60%
Leiðbeinendur	23	19,30	73,40%
Norðurlandsumdæmi vestra:			
Framhaldsskólakennarar	8	11,00	47,20%
Leiðbeinendur	16	13,30	52,80%
Norðurlandsumdæmi eystra:			
Framhaldsskólakennarar	78	90,00	60,90%
Leiðbeinendur	78	57,70	39,10%
Austurlandsumdæmi:			
Framhaldsskólakennarar	11	11,70	37,10%
Leiðbeinendur	18	19,80	62,90%
Suðurlandsumdæmi:			
Framhaldsskólakennarar	42	50,70	51,50%
Leiðbeinendur	59	47,80	48,50%
Landið allt:			
Framhaldsskólakennarar	670	809,80	63,40%
Leiðbeinendur	578	467,00	36,60%

Athugasemdir.

Í töflu þessari eru tónlistarskólarnir ekki teknir með vegna sérstöðu þeirra innan skólakerfisins. Enn fremur er bændaskólum sleppt og skólum sem heyra undir heilbrigðisráðuneytið.

3. *Hve margir leiðbeinendur á hvoru skólastigi fyrir sig starfa við stundakennslu?*

Svar:

Samtals starfa 668 leiðbeinendur við grunnskóla landsins, þar af eru nálægt 60 settir til eins árs en aðrir ráðnir af viðkomandi skólastjórum með heimild frá undanþágunefnd eða ráðherra. Af þessum 668 leiðbeinendum eru 126 í minna en 30% starfi.

Samtals starfa 578 leiðbeinendur við framhaldsskóla landsins, þar af eru 98 settir til eins árs en aðrir ráðnir af viðkomandi skólastjórum með heimild frá undanþágunefnd eða ráðherra. Af þessum 578 leiðbeinendum eru 132 í minni en 30% starfi.

Sþ. 544. Tillaga til þingsályktunar [303. mál]

um frjálsan flugrekstur og flug.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að undirbúa frumvarp til laga um að gefa flugrekstur frjálsan á Íslandi ásamt leyfi til áætlunarflugs, leiguflugs og vöruflutninga innan þeirra marka sem alþjóðalög og samningar leyfa. Frumvarpið verði lagt fyrir næsta löggjafarþing haustið 1990.

Greinargerð.

Fáar þjóðir heims eru jafnháðar flugsamgöngum og Íslendingar bæði innan lands og þó sérstaklega á milli landa. Flugrekstur hér á landi hefur verið bundinn við leyfi frá ríkisvaldinu frá upphafi. Ríkið er þó smám saman að sleppa hendinni af öðrum rekstri í landinu og má í því sambandi nefna nýlegt frelsi til að reka útvarps- og sjónvarpsstöðvar. Mikil gróska hefur fylgt nýfengnu frelsi á ljósvakanum.

Rekstur ferðaþjónustu er vaxandi atvinnugrein á Íslandi og miklar vonir bundnar við hana í framtíðinni. Ráðgert er að leggja út á nýjar brautir og róa á ný mið. Myndarlegur flugrekstur er ein helsta forsendan fyrir því að þær vonir megi rætast. Þá er nokkurt atvinnuleysi í greininni sem vaxandi samkeppni mun vonandi eyða.

Áratugum saman störfuðu tvö stór flugfélög á Íslandi og höfðu leyfi til áætlunarflugs á milli landa: Flugfélag Íslands og Loftleiðir. Þann tíma jókst fjöldi erlendra ferðamanna til landsins nokkuð stöðugt og sérstaklega á árunum upp úr 1960 og fram til ársins 1973. Þá voru þessi tvö flugfélög sameinuð í eitt undir nafninu Flugleiðir. Eftir sameininguna stóð fjöldi erlendra ferðalanga nokkurn veginn í stað til ársins 1982 en þá var Arnarflugi veitt leyfi til að fljúga á milli landa ásamt Flugleiðum. Erlendum ferðamönnum tók þá aftur að fjölga og hefur árlegur fjöldi þeirra næstum tvöfaldast síðan þá. Sjá nánar í meðfylgjandi töflu um fjölda erlendra ferðamanna til Íslands 1960–1988.

Það er því varla nokkur vafi að með samkeppni í flugrekstri á milli landa fjölgar erlendum ferðamönnum og er samkeppnin því vissulega af hinu góða. Ferðaþjónustan þarf á fleiri ferðamönnum að halda til að draga úr atvinnuleysi og taka við nýju fólki á vinnumarkaðnum. Síðast en ekki síst verður að tryggja Íslendingum sjálfum greiðar samgöngur og lág fargjöld bæði innan lands og utan.

Árið 1992 mun hinn sameiginlegi markaður Evrópu væntanlega verða að veruleika. Þar með losnar eflaust um flugrekstur í álfunni og ekki er enn þá ljóst hvaða áhrif það hefur á flug Íslendinga á milli landa og jafnvel innan lands. Landsmenn hafa því frekar nauman tíma til að búa sig undir þær breytingar og er það skoðun flutningsmanns að þeim verði best mætt með auknu frelsi hér heima fyrir.

Það eru ýmsar brotalamir á því kerfi sem við búum við nú í flugrekstri og þar ríkir ekki jafnrétti þegnanna. Íslensku flugfélögin sitja ekki við sama borð í þeim efnum og það gengur ekki til lengdar. Hér verður ekki farið nánar út í þá sálma að sinni en bent er á að aukið frelsi er eina leiðin til að þegnar landsins njóti allir sama réttar á þessu sviði. Það er skylda Alþingis að tryggja öllum sama rétt.

Þess vegna er hér lagt til að samgönguráðherra hefjist strax handa við að undirbúa frumvarp að lögum um aukið frelsi fyrir íslenska þegna til að stunda flugrekstur og mega fljúga með farþega og vörur á milli landa.

FJÖLDI ERLENDRA FERÐAMANNA TIL ÍSLANDS 1960-1988



Sþ. 545. Fyrirspurn [304. mál]

til utanríkisráðherra um forkönnun á hagkvæmni varaflugvallar.

Frá Halldóri Blöndal.

Hversu má það vera að ekki hefur verið gefið svar við því hvort Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins verði leyft að gera forkönnun á hagkvæmni þess að fullkominn varaflugvöllur verði lagður hér á landi?

Sþ. 546. Fyrirspurn [305. mál]

til fjármálaráðherra um afnám jöfnunargjalds.

Frá Friðriki Sophussyni.

1. Hvenær á árinu verður jöfnunargjaldið afnumið?
2. Verður hlutfallið óbreytt þangað til gjaldið verður afnumið eða verður það lækkað í áföngum?

Sþ. 547. Fyrirspurn [306. mál]

til forsætisráðherra um aðkeypta sérfræðiþjónustu á vegum ríkisstjórnarinnar.

Frá Friðriki Sophussyni.

1. Hve hárri fjárhæð var varið til aðkeyptrar sérfræðiþjónustu á árinu 1989 af fjárlagalið ríkisstjórnarinnar og/eða forsætisráðuneytinu?
2. Hvaða aðilum var greitt á árinu 1989 fyrir sérfræðiþjónustu, sbr. 1. tölul.?
3. Hversu mörg sérfræðiálit eða greinargerðir var greitt fyrir, sbr. 1. tölul.? Upplýst sé enn fremur hvaða viðfangsefni var fjallað um í álitunum eða greinargerðunum.
4. Hvert er álit forsætisráðherra á mikilvægi einstakra álitsgerða?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 548. Fyrirspurn [307. mál]

til fjármálaráðherra um könnun á tilhögun opinberra rekstrarverkefna.

Frá Friðriki Sophussyni.

Hvað líður könnun á tilhögun útboða opinberra rekstrarverkefna samkvæmt þingsályktun frá 18. maí 1989?

Sþ. 549. Fyrirspurn [308. mál]

til forsætisráðherra um könnun á áhrifum lögbundinna forréttinda.

Frá Friðriki Sophussyni.

Hvað líður könnun á áhrifum lögbundinna forrréttinda, sbr. þingsályktun frá 22. apríl 1986? Hvenær verður niðurstaðan kynnt Alþingi?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 550. Svar [276. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Þórhildar Þorleifsdóttur o.fl. um stjórnir og ráð peningastofnana ríkisins.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hverjir sitja í stjórnum og ráðum peningastofnana ríkisins og hvaða öðrum störfum gegna þeir? Tilgreind skulu bæði aðalstörf og aukastörf eins nákvæmlega og unnt er, einkum ef þau tengjast öðrum fjármálafyrirtækjum.

Með peningastofnun er átt við, auk Seðlabanka og viðskiptabanka, helstu opinbera sjóði og lánastofnanir.

Sömu upplýsinga er óskað um 10 stærstu sparisjóði landsins.

Upplýsingar óskast tilgreindar um yfirstandandi kjörtímabil viðkomandi stjórna og ráða og tvö kjörtímabil þar á undan.

Svar:

Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina, Reykjavík.

Aðalstjórn:
Gunnar Hilmarsson stjórnarformaður.
Kristján Skarphéðinsson, deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneyti.
Pétur Sigurðsson, formaður Alþýðusambands Vestfjarða.
Hólmgeir Jónsson, Sjómannasambandi Íslands.
Guðmundur Sigurðsson, skrifstofustjóri Meitilsins.
Drífa Sigfúsdóttir bæjarfulltrúi, húsmóðir.
Páll Gústafsson, Ísno.
Jóhann Antonsson endurskoðandi.

Varamenn:
Gunnlaugur Sigmundsson framkvæmdastjóri.
Arndís Steinþórsdóttir deildarstjóri.
Reynir Ólafsson viðskiptafræðingur.
Ingjaldur Hannibalsson framkvæmdastjóri.
Snorri J. Ólafsson rafvirki.
Ingibjörg Pálmadóttir, forseti bæjarstjórnar.
Össur Skarphéðinsson líffræðingur.
Már Guðmundsson efnahagsráðgjafi.

Búnaðarbanki Íslands, Reykjavík.

Kjörtímabil 1. janúar 1982 til 31. desember 1985:
Stefán Valgeirsson alþingismaður.
Friðjón Þórðarson alþingismaður.
Haukur Helgason skólastjóri.
Gunnar Gíslason prestur.
Helgi Seljan alþingismaður.

Kjörtímabil 1. janúar 1985 til 31. desember 1989:
Stefán Valgeirsson alþingismaður.
Friðjón Þórðarson alþingismaður.
Haukur Helgason skólastjóri.
Halldór Blöndal alþingismaður.
Þórunn Eiríksdóttir húsmóðir.

Kjörtímabil 1. janúar 1990 til 31. desember 1993:
Aðalmenn:
Guðni Ágústsson alþingismaður.
Halldór Blöndal alþingismaður.
Haukur Helgason skólastjóri.
Þórir Lárusson rafverktaki.
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir alþingismaður.

Varamenn:
Gunnar Sæmundsson bóndi.
Friðjón Þórðarson alþingismaður.
Stefán Gunnarsson byggingameistari.
Kristmann Magnússon kaupmaður.
Snorri J. Ólafsson rafvirki.

Byggðastofnun, Reykjavík.

Stjórn stofnunarinnar:
Aðalmenn:
Matthías Bjarnason alþingismaður.
Stefán Guðmundsson alþingismaður.
Halldór Blöndal alþingismaður.
Ragnar Arnalds alþingismaður.
Elín Alma Arthúrsdóttir viðskiptafræðingur.
Stefán Valgeirsson alþingismaður.
Ólafur Þ. Þórðarson alþingismaður.

Varamenn:
Pálmi Jónsson alþingismaður.
Davíð Aðalsteinsson bóndi.
Kristján Jónsson framkvæmdastjóri.
Jóhanna Þorsteinsdóttir sölufulltrúi.
Sturla Böðvarsson bæjarstjóri.
Guðni Ágústsson alþingismaður.

Ferðamálasjóður, Reykjavík.

Kjörtímabil 1. júlí 1982 til september 1985:
Bjarni Árnason hótelstjóri; *aukastörf:* í Ferðamálaráði.
Lárus Ottesen eftirlitsmaður; *aukastörf:* í Ferðamálaráði.
Logi Kristjánsson, Sambandi íslenskra sveitarfélaga; *aukastörf:* í Ferðamálaráði.

Varamenn:
Ágúst Hafberg forstjóri; *aukastörf:* í Ferðamálaráði.
Hákon Sigurgrímsson framkvæmdastjóri.

Kjörtímabil febrúar 1986 til september 1989:
Hólmfríður Árnadóttir, við stjórnsýslustörf.
Ágúst Hafberg forstjóri.
Sigurður Skúli Bárðarson hótelstjóri; *aukastörf:* í Ferðamálaráði.

Varamenn:
Júlíus Hafstein framkvæmdastjóri; *aukastörf:* borgarfulltrúi.
Skúli Þorvaldsson hótelstjóri.

Kjörtímabil nóvember 1989 til nóvember 1993:
Jóhanna Leópoldsdóttir húsmóðir; *aukastörf:* í félagsmálafræðslu.
Helgi Jóhannesson, fulltrúi.
Ágúst Hafberg forstjóri.
Þorleifur Þór Jónsson ferðamálafulltrúi.

Varamenn:
Júlíus Sigurbjörnsson kennari.
Sigurður S. Bárðarson hótelstjóri.

Fiskveiðasjóður Íslands, Reykjavík:

Kjörtímabil 1. maí 1988 til 30. apríl 1990:
Aðalmenn:
Björgvin Vilmundarson bankastjóri.
Árni Benediktsson, framkvæmdastjóri SAFF.
Dagbjartur Einarsson, formaður SÍF.
Geir Hallgrímsson seðlabankastjóri.
Guðjón A. Kristjánsson, forseti FFSÍ.
Guðmundur Hauksson bankastjóri.
Kristján Ragnarsson, framkvæmdastjóri LÍÚ.

Varamenn:
Sverrir Hermannsson bankastjóri.
Hermann Sveinbjörnsson, aðstoðarmaður ráðherra.
Friðrik Pálsson forstjóri.
Bjarni Bragi Jónsson aðstoðarbankastjóri.
Óskar Vigfússon, formaður SSÍ.
Jakob Ármannsson aðstoðarbankastjóri.
Sverrir Leósson útgerðarmaður.

Húsnæðisstofnun ríkisins, Reykjavík.

Stjórnarmenn 1979–1983:
Ólafur Jónsson fulltrúi.
Guðmundur Gunnarsson verkfræðingur.
Jóhann Petersen skrifstofustjóri.
Jón H. Guðmundsson skólastjóri.
Jón Helgason, formaður Einingar og forstöðumaður Lífeyrissjóðsins Einingar.

Stjórnarmenn 1983–1987:
Guðrún Hallgrímsdóttir verkfræðingur.
Jóhann Petersen skrifstofustjóri.
Jón H. Guðmundsson skólastjóri.
Kristín Blöndal (til 1985) húsfreyja.
Kristín Einarsdóttir (frá 1985) háskólakennari.

Stjórnarmenn 1987–1991:
Aðalmenn:
Gunnar Helgason, framkvæmdastjóri Ráðningarstofu Reykjavíkurborgar.
Jón Gunnarsson heildsali.
Þráinn Valdimarsson eftirlaunaþegi.
Rannveig Guðmundsdóttir (til ársloka 1989), bæjarfulltrúi og síðar aðstoðarmaður félagsmálaráðherra.
Yngvi Örn Kristinsson (frá ársbyrjun 1990), deildarstjóri Seðlabanka Íslands.
Kristín Jónsdóttir, námsstjóri í menntamálaráðuneyti.
Gunnar S. Björnsson byggingameistari, aðalmaður í stjórn Lífeyrissjóðs byggingamanna.
Hákon Hákonarson vélvirki, starfsmaður Félags málmiðnaðarmanna.
Björn Þórhallsson viðskiptafræðingur, stjórnarmaður í Lífeyrissjóði verslunarmanna.
Grétar Þorsteinsson, starfsmaður Trésmiðafélags Reykjavíkur.
Pálmi Kristinsson, framkvæmdastjóri Verktakasambands Íslands.

Varamenn:
Kristín S. Kvaran, starfsmaður Stöðvar 2.
Guðrún Hallgrímsdóttir verkfræðingur.
Atli Ásmundsson skrifstofumaður.
Georg H. Tryggvason framkvæmdastjóri.
Ingibjörg Daníelsdóttir kennari.
Gunnlaugur S. Gunnlaugsson framkvæmdastjóri.
Grímur S. Runólfsson skrifstofustjóri.
Guðríður Elíasdóttir, formaður Verkakvennafélagsins Framtíðarinnar.
Þórður Ólafsson verkamaður.
Snorri Snorrason hagfræðingur.

Iðnlánasjóður, Reykjavík.

Kjörtímabil 1983–1987:
Jón Magnússon hæstaréttarlögmaður.
Ólafur Davíðsson framkvæmdastjóri.
Gunnar S. Björnsson framkvæmdastjóri.

Kjörtímabil 1987–1991:
Jón Magnússon hæstaréttarlögmaður.
Ólafur Davíðsson framkvæmdastjóri.
Þórleifur Jónsson framkvæmdastjóri.

Iðnþróunarsjóður.

Framkvæmdastjórn 1982–1985:
Aðalmenn:
Bragi Hannesson bankastjóri.
Jónas Haralz bankastjóri.
Halldór Guðbjarnason bankastjóri.
Stefán Hilmarsson bankastjóri.
Valur Valsson bankastjóri.
Þorvarður Alfonsson, framkvæmdastjóri Iðnþróunarsjóðs.

Framkvæmdastjórn 1985–1988:
Aðalmenn:
Ragnar Önundarson bankastjóri.
Bragi Hannesson bankastjóri.
Björgvin Vilmundarson bankastjóri.
Halldór Guðbjarnason bankastjóri.
Stefán Hilmarsson bankastjóri.
Þorvarður Alfonsson, framkvæmdastjóri Iðnþróunarsjóðs.

Framkvæmdastjórn 1988–1991:
Aðalmenn:
Valur Valsson bankastjóri.
Bragi Hannesson, forstjóri Iðnlánasjóðs.
Guðmundur Hauksson, framkvæmdastjóri Íslandsbanka.
Stefán Hilmarsson, fyrrverandi bankastjóri.
Sverrir Hermannsson bankastjóri.
Þorvarður Alfonsson, framkvæmdastjóri Iðnþróunarsjóðs.

Íslandsbanki, Reykjavík.

Aðalmenn frá 1. ágúst 1989:
Ásmundur Stefánsson, forseti ASÍ.
Brynjólfur Bjarnason framkvæmdastjóri.
Gísli V. Einarsson framkvæmdastjóri.
Haraldur Sumarliðason framkvæmdastjóri.
Magnús Geirsson framkvæmdastjóri.
Þorvaldur Guðmundsson forstjóri.
Kristján Ragnarsson, framkvæmdastjóri LÍÚ.

Varamenn frá 1. ágúst 1989:
Ólafur E. Ólafsson verkamaður.
Sveinn Valfells framkvæmdastjóri.
Þorvarður Elíasson skólastjóri.
Indriði Pálsson framkvæmdastjóri.
Baldvin Hafsteinsson lögmaður.
Guðmundur H. Garðarsson alþingismaður.
Árni Benediktsson framkvæmdastjóri.

Landsbanki Íslands, Reykjavík.

Kjörtímabilið 1. janúar 1985 til 31. desember 1988:
Aðalmenn:
Pétur Sigurðsson alþingismaður, framkvæmdastjóri DAS.
Kristinn Finnbogason, framkvæmdastjóri Tímans.
Lúðvík Jósepsson, fyrrverandi ráðherra.
Árni Vilhjálmsson prófessor.
Þór Guðmundsson viðskiptafræðingur.

Varamenn:
Jón Þorgilsson sveitarstjóri.
Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir skrifstofumaður.
Ólafur Jónsson bifreiðastjóri.
Árdís Þórðardóttir viðskiptafræðingur, heildsali.
Georg H. Tryggvason heildsali, lögfræðingur.

Kjörtímabilið 1. janúar 1986 til 31. desember 1989:
Aðalmenn:
Pétur Sigurðsson framkvæmdastjóri.
Kristinn Finnbogason framkvæmdastjóri.
Árni Vilhjálmsson prófessor.
Lúðvík Jósepsson, fyrrverandi ráðherra.
Eyjólfur K. Sigurjónsson endurskoðandi.

Varamenn:
Jón Þorgilsson sveitarstjóri.
Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir skrifstofumaður.
Árdís Þórðardóttir viðskiptafræðingur, heildsali.
Ólafur Jónsson bifreiðastjóri.
Georg H. Tryggvason heildsali.

Kjörtímabilið 1. janúar 1990 til 31. desember 1993:
Aðalmenn:
Kristinn Finnbogason framkvæmdastjóri.
Friðrik Sophusson alþingismaður.
Lúðvík Jósepsson, fyrrverandi ráðherra.
Kristín Sigurðardóttir, deildarstjóri Kaupþings.
Eyjólfur K. Sigurjónsson endurskoðandi.

Varamenn:
Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir skrifstofumaður.
Jón Þorgilsson sveitarstjóri.
Helgi Seljan, fyrrverandi alþingismaður.
Jóhanna Eyjólfsdóttir skrifstofustjóri.
Anna Margrét Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, Reykjavík.

Kjörtímabil til loka árs 1989:
Aðalmenn:
Sigurbjörn Magnússon, framkvæmdastjóri þingflokks Sjálfstæðisflokksins.
Sigríður Arnbjarnardóttir kennari.
Steingrímur A. Arason, starfsmaður Verslunarráðs.
Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður.
Ólafur D. Andrason háskólanemi.
Kristinn Einarsson nemi.

Varamenn:
Auðun Svavar Sigurðsson læknir.
Gunnar J. Birgisson lögfræðingur.
Halldór Árnason, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu.
Gunnlaugur J. Júlíusson, starfsmaður Stéttarsambands bænda.
Kalman de Fontenay nemi.
Guðmundur Auðunsson háskólanemi.

Kjörtímabil frá 1. janúar 1990.
Aðalmenn:
Árni Þór Sigurðsson, deildarstjóri í samgönguráðuneytinu.
Guðrún Sigurjónsdóttir sjúkraþjálfi.
Guðmundur Ólafsson, starfsmaður Háskóla Íslands.
Viktor B. Kjartansson háskólanemi.
Arnór Þ. Sigfússon líffræðingur.
Arnar M. Ólafsson, starfsmaður Bandalags íslenskra sérskólanema.

Varamenn:
Einar B. Steinþórsson kennari.
Elsa Þorkelsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs.
Emil Bóasson, starfsmaður Byggðastofnunar.
Inga D. Sigfúsdóttir háskólanemi.
Hólmfríður Garðarsdóttir, starfsmaður SÍNE.
Atli G. Lýðsson nemi.

Samvinnubanki Íslands hf., Reykjavík.

Kjörtímabil 1987–1988:
Aðalmenn:
Erlendur Einarsson, fyrrverandi forstjóri SÍS.
Guðjón B. Ólafsson, forstjóri SÍS.
Vilhjálmur Jónsson, forstjóri Olíufélagsins.

Varamenn:
Hallgrímur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Samvinnutrygginga.
Hjalti Pálsson, framkvæmdastjóri hjá SÍS.
Ingólfur Ólafsson, fyrrverandi kaupfélagsstjóri.

Kjörtímabilið 1988–1989:
Aðalmenn:
Guðjón B. Ólafsson, forstjóri SÍS.
Vilhjálmur Jónsson, forstjóri Olíufélagsins.
Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Innkaupastofnunar.

Varamenn:
Hallgrímur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Samvinnutrygginga.
Hjalti Pálsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri.
Ingólfur Ólafsson, fyrrverandi kaupfélagsstjóri.

Kjörtímabilið 1989–1990:
Aðalmenn:
Guðjón B. Ólafsson, forstjóri SÍS.
Vilhjálmur Jónsson, forstjóri Olíufélagsins.
Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Innkaupastofnunar.

Varamenn:
Hallgrímur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Samvinnutrygginga.
Hjalti Pálsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri.
Ingólfur Ólafsson, fyrrverandi kaupfélagsstjóri.

Samvinnusjóður Íslands, Reykjavík.

Kjörtímabil frá 1989:
Aðalmenn:
Þorsteinn Sveinsson, fyrrverandi kaupfélagsstjóri.
Benedikt Sigurðsson, framkvæmdastjóri Vátryggingafélags Íslands.
Ólafur Sverrisson, fyrrverandi kaupfélagsstjóri.
Gunnar Sigurðsson kaupfélagsstjóri.
Ómar Jóhannsson, framkvæmdastjóri skipadeildar SÍS.

Varamenn:
Valgerður Sverrisdóttir alþingismaður.
Margeir Daníelsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs SÍS.
Ólafur Sveinsson kaupfélagsstjóri.
Þórólfur Gíslason kaupfélagsstjóri.
Sigurkarl Torfason, starfsmaður Olíufélagsins.

Seðlabanki Íslands, Reykjavík.

Kjörtímabil 1. janúar 1981 til 31. desember 1984:
Aðalmenn:
Halldór Ásgrímsson alþingismaður (til 21. júní 1983).
Pétur Sæmundsen bankastjóri (til 1. mars 1982).
Ingi R. Helgason, lögmaður og forstjóri; *aukastörf:* formaður Iðnlánasjóðs, varaformaður Norræna Iðnþróunarsjóðsins, í stjórn Sambands íslenskra tryggingafélaga.
Sverrir Júlíusson; *aukastörf:* í stjórn Fiskimálasjóðs og í stjórn Tryggingarsjóðs fiskiskipa.
Benedikt Gröndal alþingismaður (til 1. september 1982).

Varamenn:
Geir Magnússon, framkvæmdastjóri hjá SÍS (aðalmaður 21. júní 1983).
Ólafur B. Thors, forstjóri Almennra tryggginga og forstjóri Almennra líftryggginga (aðalmaður 1. mars 1982); *aukastörf:* borgarfulltrúi, í stjórn Landsvirkjunar og í stjórn Ísafoldarprentsmiðju.
Þröstur Ólafsson, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, síðar framkvæmdastjóri Dagsbrúnar (aðalmaður 1. janúar 1985); *aukastörf:* formaður stjórnar Miklagarðs, í stjórn Máls og menningar, varamaður í stjórn Flugleiða.
Friðrik Þorvaldsson, aðstoðarframkvæmdarstjóri Lindu; *aukastörf:* í stjórn Krossanesverksmiðjunnar, í stjórn Menningarsjóðs Akureyrar, í stjórn Almennu tollvörugeymslunnar.
Sveinn Guðmundsson, útibústjóri Samvinnubanka (aðalmaður 1. september 1982).

Kjörtímabil 1. janúar 1985 til 31. október 1986:
Aðalmenn:
Jónas G. Rafnar, formaður bankaráðs.
Davíð Aðalsteinsson bóndi; *aukastörf:* í stjórn Kaupfélags Borgfirðinga, varamaður í stjórn Byggðastofnunar.
Þröstur Ólafsson, framkvæmdastjóri Dagsbrúnar; *aukastörf:* formaður stjórnar Miklagarðs, í stjórn Máls og Menningar, varamaður í stjórn Flugleiða.
Ólafur B. Thors, forstjóri Almennra tryggginga og Almenna líftryggingafélagsins.
Haraldur Ólafsson, dósent og alþingismaður.

Varamenn:
Davíð Scheving Thorsteinsson, forstjóri Sólar; *aukastörf:* í stjórn Hydrol, Lyftis, Glits, Smjörlíkis, Sólar, Almennra tryggginga, í bankaráði Iðnaðarbankans.
Sigrún Magnúsdóttir kaupmaður; *aukastörf:* borgarfulltrúi.
Birgir Björn Sigurjónsson, hagfræðingur BHM.
Halldór Ibsen, framkvæmdastjóri Útvegsmannafélags Suðurnesja.
Leó Löve, framkvæmdastjóri Ísafoldarprentsmiðju; *aukastörf:* almenn lögfræðistörf við fasteignasölu.

Kjörtímabil 1. nóvember 1986 til 31. október 1990:
Aðalmenn:
Ólafur B. Thors, forstjóri Almennra tryggginga og Almenna líftryggingafélagsins, framkvæmdastjóri Sjóvá-Almennra.
Þröstur Ólafsson, framkvæmdastjóri KRON; *aukastörf:* í stjórn SÍS, í stjórn Máls og menningar, í stjórn Íslensks markaðar.
Davíð Aðalsteinsson bóndi; *aukastörf:* í stjórn Kaupfélags Borgfirðinga, varamaður í stjórn Byggðastofnunar.
Guðmundur Magnússon prófessor; *aukastörf:* í stjórn Norræna fjárfestingarbankans.
Björn Björnsson (til 16. maí 1988), starfsmaður Alþýðusambands Íslands, bankastjóri.
Ágúst Einarsson (frá maí 1988) framkvæmdastjóri; *aukastörf:* í stjórn SH og Sambands fiskvinnslustöðva.

Varamenn:
Davíð Scheving Thorsteinsson, forstjóri Sólar; *aukastörf:* í stjórn Hydrol, Lyftis, Glits, Smjörlíkis, Sólar og Almennra trygginga, í bankaráði Iðnaðarbankans.
Birgir Björn Sigurjónsson, hagfræðingur BHM.
Leó Löve, framkvæmdastjóri Ísafoldarprentsmiðju; *aukastörf:* almenn lögfræðistörf við fasteignasölu.
Halldór Ibsen, framkvæmdastjóri Útvegsmannafélags Suðurnesja.
Davíð Björnsson (til 19. janúar 1990), deildarstjóri Kaupþings, deildarstjóri Landsbréfa.

Sparisjóður Bolungarvíkur, Bolungarvík:

Stjórnarmenn kjörtímabilin 1986–1987, 1987–1988, 1988–1989 og 1989–1990:
Guðfinnur Einarsson, forstjóri Einars Guðfinnssonar hf. og fleiri fyrirtækja, m.a. Tryggingamiðstöðvarinnar.
Benedikt Bjarnason, forstjóri Verslunar Bjarna Einarssonar.
Valdemar L. Gíslason bifreiðastjóri; *aukastörf:* bæjarfulltrúi.

Sparisjóður Hafnarfjarðar, Hafnarfirði.

Kjörtímabil 1979–1980:
Matthías Á. Mathiesen alþingismaður.
Guðmundur Guðmundsson sparisjóðsstjóri.
Ólafur Tr. Einarsson forstjóri.
Stefán Gunnlaugsson fulltrúi.
Stefán Jónsson forstjóri.

Kjörtímabil 1981:
Matthías Á. Mathiesen alþingismaður.
Guðmundur Guðmundsson sparisjóðsstjóri.
Stefán Jónsson forstjóri.
Stefán Gunnlaugsson fulltrúi.
Ólafur Tr. Einarsson forstjóri.

Kjörtímabil 1982:
Matthías Á. Mathiesen alþingismaður, í bankaráði Landsbanka Íslands.
Guðmundur Guðmundsson sparisjóðsstjóri.
Stefán Jónsson forstjóri.
Árni Grétar Finnsson hæstaréttarlögmaður.
Guðmundur Árni Stefánsson blaðamaður.

Kjörtímabil 1983–1984:
Stefán Jónsson forstjóri.
Guðmundur Guðmundsson sparisjóðsstjóri.
Árni Grétar Finnsson hæstaréttarlögmaður.
Guðmundur Árni Stefánsson blaðamaður.
Ágúst Flygenring (frá 1. ágúst) forstjóri.
Matthías Á. Mathiesen (til 1. ágúst) alþingismaður.

Kjörtímabil 1985:
Stefán Jónsson forstjóri.
Guðmundur Guðmundsson sparisjóðsstjóri.
Árni Grétar Finnsson hæstaréttarlögmaður.
Guðmundur Árni Stefánsson blaðamaður.
Ágúst Flygenring forstjóri.

Kjörtímabil 1986–1989:
Matthías Á. Mathiesen ráðherra (1986–1988).
Stefán Jónsson forstjóri.
Ágúst Flygenring, fyrrverandi forstjóri.
Árni Grétar Finnsson hæstaréttarlögmaður.
Hörður Zóphaníasson skólastjóri.

Sparisjóðurinn í Keflavík, Keflavík.

Jón H. Jónsson framkvæmdastjóri.
Jón Eysteinsson bæjarfógeti.
Sæmundur Þórðarson bóndi, fyrrverandi skipstjóri.

Sparisjóður Kópavogs, Kópavogi.

Kjörtímabil 1988–1989:
Pétur M. Þorsteinsson ellilífeyrisþegi.
Jósafat J. Líndal ellilífeyrisþegi.
Ásmundur Guðmundsson fulltrúi; *aukastörf:* stefnuvottur.
Árni Örnólfsson, starfsmaður Sparisjóðsins.
Heiðrún Sverrisdóttir húsmóðir; *aukastörf:* bæjarfulltrúi.
Valþór Hlöðversson blaðaútgefandi.
Rannveig Guðmundsdóttir (frá 1. júlí 1987 til 30. júní 1988) bæjarfulltrúi; *aukastörf:* í húsnæðismálastjórn.

Sparisjóður Mýrasýslu, Borgarnesi.

Stjórnarmenn þrjú síðustu kjörtímabil (1988–1990):
Magnús Sigurðsson bóndi.
Þórarinn Jónsson bóndi.
Gísli Kjartansson lögfræðingur, fasteignasali.
Rúnar Guðjónsson sýslumaður.
Gísli V. Halldórsson framkvæmdastjóri.

Varamaður sama tíma:
Páll Guðbjartsson framkvæmdastjóri.

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, Reykjavík.

Stjórnarmenn kjörtímabilin 1987–1988, 1988–1989 og 1989–1990:
Jón G. Tómasson borgarritari.
Hjalti Geir Kristjánsson forstjóri.
Gunnlaugur Snædal læknir.
Sigurjón Pétursson borgarfulltrúi.
Hildur Petersen (1989–1990) framkvæmdastjóri.
Ágúst Bjarnason (1987–1989), fyrrverandi skrifstofustjóri.

Sparisjóður Svarfdæla, Dalvík.

Kjörtímabil 1986–1990:
Jóhann Antonsson, starfsmaður Atvinnutryggingarsjóðs.
Óskar Jónsson framkvæmdastjóri.
Guðríður Ólafsdóttir skrifstofumaður.
Baldvin Magnússon bóndi, skrifstofumaður.
Gunnar Jónsson bóndi.

Sparisjóður vélstjóra, Reykjavík.

Stjórnarmenn síðustu þrjú kjörtímabil:
Jón Júlíusson kaupmaður.
Jón Hjaltested vélstjóri.
Guðmundur Hallvarðsson, formaður Sjómannafélags Reykjavíkur.

Sparisjóður Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum.

Stjórnarmenn síðustu þrjú kjörtímabil (1987, 1988 og 1990):
Aðalmenn:
Sigurgeir Kristjánsson framkvæmdastjóri.
Arnar Sigurmundsson framkvæmdastjóri; *aukastörf:* í stjórn Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja, formaður stjórnar Samtaka fiskvinnslustöðvanna.
Þorbjörn Pálsson, aðalbókari hjá fógeta; *aukastörf:* bæjarfulltrúi, varamaður í stjórn Iðnþróunarsjóðs Suðurlands.
Gísli G. Guðlaugsson framkvæmdastjóri; *aukastörf:* trillukarl.
Ragnar Óskarsson kennari; *aukastörf:* bæjarfulltrúi og trillukarl.

Varamenn 1987–1988:
Helga Jónsdóttir húsmóðir; *aukastörf:* bæjarfulltrúi.
Guðmunda Steingrímsdóttir sjúkraliði; *aukastörf:* bæjarfulltrúi.

Varamaður 1988–1990:
Hjálmfríður Sveinsdóttir skólastjóri.

Sparisjóður Vestur-Húnavatnssýslu, Hvammstanga.

Aðalmenn:
Sigurður Tryggvason (1945–1987) stöðvarstjóri.
Ingólfur Guðnason (1961–1985) sparisjóðsstjóri.
Ólafur Þ. Þórhallsson (1970–1985) bóndi.
Þorsteinn Jónasson (1985–1986) bóndi.
Aðalbjörn Benediktsson (1986–1990) ráðunautur, bóndi.
Jóhannes Björnsson (1987–1990) bóndi.
Egill Gunnlaugsson (1987–1990) dýralæknir.

Varamenn:
Jakob S. Bjarnason skrifstofumaður.
Heimir Ágústsson bóndi.
Þorvaldur Böðvarsson verkstjóri.
Tómas G. Sæmundsson bóndi.

Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Kjörtímabil 1. janúar 1982 til 31. desember 1985:
Stefán Valgeirsson alþingismaður.
Friðjón Þórðarson alþingismaður.
Haukur Helgason skólastjóri.
Gunnar Gíslason prestur.
Helgi Seljan alþingismaður.
Hjörtur E. Þórarinsson bóndi.
Ingi Tryggvason, formaður Stéttarsambands bænda.

Kjörtímabil 1. janúar 1986 til 31. desember 1989:
Stefán Valgeirsson alþingismaður.
Friðjón Þórðarson alþingismaður.
Haukur Helgason skólastjóri.
Halldór Blöndal alþingismaður.
Þórunn Eiríksdóttir húsmóðir.
Ingi Tryggvason, formaður Stéttarsambands bænda.
Hjörtur E. Þórarinsson bóndi.

Útvegsbanki Íslands, Reykjavík.

Bankaráðsmenn 1977–1980:
Ólafur Björnsson prófessor.
Alexander Stefánsson sveitarstjóri.
Guðlaugur Gíslason alþingismaður.
Halldór Jakobsson forstjóri.
Jón Aðalsteinn Jónasson kaupmaður.

Varamenn:
Gísli Gíslason stórkaupmaður.
Páll Guðmundsson skipstjóri.
Garðar Sigurðsson alþingismaður.
Valdimar Indriðason framkvæmdastjóri.
Ólafur Þórðarson skólastjóri.

Bankaráðsmenn 1981–1984:
Albert Guðmundsson alþingismaður.
Alexander Stefánsson alþingismaður.
Garðar Sigurðsson alþingismaður.
Guðmundur Karlsson alþingismaður.
Arnbjörn Kristinsson prentsmiðjustjóri.

Varamenn:
Jón Aðalsteinn Jónasson kaupmaður.
Valdimar Indriðason framkvæmdastjóri.
Haukur Helgason hagfræðingur.
Björn Guðmundsson útgerðarmaður.
Reynir Guðsteinsson yfirkennari.

Valdimar Indriðason og Jón Aðalsteinn Jónasson tóku sæti í bankaráði eftir að Albert Guðmundsson og Alexander Stefánsson urðu ráðherrar og með bréfi viðskiptaráðuneytis, dags. 14. júní 1983, er Guðmundur Karlsson settur formaður.

Bankaráðsmenn 1985:
Valdimar Indriðason alþingismaður.
Jóhann Einvarðsson alþingismaður.
Garðar Sigurðsson alþingismaður.
Kristmann Karlsson framkvæmdastjóri.
Arnbjörn Kristinsson prentsmiðjustjóri.

Varamenn:
Guðrún Thorarensen framkvæmdastjóri.
Jón Kr. Kristinsson framkvæmdastjóri.
Haukur Helgason hagfræðingur.
Björn Guðmundsson framkvæmdastjóri.
Guðmundur Þ. B. Ólafsson íþróttafulltrúi.

Bankaráðsmenn 1986 til 30. apríl 1987:
Valdimar Indriðason alþingismaður.
Jóhann Einvarðsson alþingismaður.
Garðar Sigurðsson alþingismaður.
Kristmann Karlsson framkvæmdastjóri.
Þór Guðmundsson.

Varamenn:
Guðrún Thorarensen framkvæmdastjóri.
Jón Kr. Kristinsson framkvæmdastjóri.
Haukur Helgason hagfræðingur.
Kristmann Karlsson framkvæmdastjóri.
Guðmundur Vésteinsson.

Útvegsbanki Íslands hf., Reykjavík.

Kjörtímabilið 7. apríl 1987 til 12. apríl 1988:
Aðalmenn:
Gísli Ólafsson forstjóri.
Björgvin Jónsson útgerðarmaður.
Jón Dýrfjörð vélvirki.
Baldur Guðlaugsson hæstaréttarlögmaður.
Kristján Ragnarsson, framkvæmdastjóri LÍÚ.

Varamenn:
Magnús Jónasson framkvæmdastjóri.
Hilmar Rósmundsson skipstjóri.
Konráð Jakobsson framkvæmdastjóri.
Björg Sigurðardóttir bankastarfsmaður.
Árni Benediktsson framkvæmdastjóri.

Kjörtímabilið 12. apríl 1988 til 7. apríl 1989:
Aðalmenn:
Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri.
Björgvin Jónsson útgerðarmaður.
Jón Dýrfjörð vélvirki.
Kristján Ragnarsson, framkvæmdastjóri LÍÚ.
Baldur Guðlaugsson hæstaréttarlögmaður.
Gísli Ólafsson var kosinn í bankaráð en sagði af sér á fyrsta fundi, Baldur Guðlaugsson varamaður kom í hans stað.

Varamenn:
Hilmar Rósmundsson skipstjóri.
Hinrik Greipsson viðskiptafræðingur.
Konráð Jakobsson framkvæmdastjóri.
Árni Benediktsson framkvæmdastjóri.

Kjörtímabilið 7. apríl til 31. júlí 1989:
Aðalmenn:
Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri.
Björgvin Jónsson útgerðarmaður.
Jón Dýrfjörð vélvirki.
Kristján Ragnarsson, framkvæmdastjóri LÍÚ.
Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður.

Varamenn:
Hilmar Rósmundsson skipstjóri.
Hólmgeir Jónsson viðskiptafræðingur.
Konráð Jakobsson framkvæmdastjóri.
Árni Benediktsson framkvæmdastjóri.
Erna Bryndís Halldórsdóttir endurskoðandi.

Lánasjóður sveitarfélaga, Reykjavík.

Stjórn sjóðsins:
Kjörtímabilið 1978–1982:
Jónas G. Rafnar bankastjóri.
Bjarni Einarsson alþingismaður.
Gunnlaugur Pétursson borgarritari.
Ólafur G. Einarsson alþingismaður.
Ölvir Karlsson oddviti.

Kjörtímabilið 1982–1986:
Sigurjón Pétursson borgarfulltrúi.
Jón G. Tómasson borgarritari.
Sigurgeir Sigurðsson bæjarstjóri.
Þórður Skúlason sveitarstjóri.
Ölvir Karlsson oddviti.

Kjörtímabilið 1986–1990:
Jón Sveinsson, aðstoðarmaður ráðherra.
Freyr Ófeigsson héraðsdómari.
Jón G. Tómasson borgarritari.
Þórður Skúlason sveitarstjóri.
Úlfar B. Thoroddsen sveitarstjóri.

Sþ. 551. Fyrirspurn [309. mál]

til forsætisráðherra um alþjóðlega ráðstefnu um verndun hafsins.

Frá Friðriki Sophussyni.

Verður haldin hér á landi alþjóðleg ráðstefna um verndun hafsins á þessu ári, sbr. þingsályktun frá 18. mars 1987?

Greinargerð.

Hinn 18. mars 1987 samþykkti Alþingi tillögu sem þingmenn Sjálfstæðisflokksins, Gunnar G. Schram, Pétur Sigurðsson og Eyjólfur Konráð Jónsson, fluttu um að ríkisstjórninni yrði falið að vinna að því að efnt yrði til ráðstefnu hér á landi um varnir gegn mengun Norðaustur-Atlantshafsins. Í skriflegu svari sínu á sl. þingi um þetta mál sagðist forsætisráðherra hafa í ríkisstjórn rætt um að haldin verði hér á landi alþjóðleg ráðstefna um verndun hafsins, helst á árinu 1990.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 552. Fyrirspurn [310. mál]

til menntamálaráðherra um réttindastöðu kennara sem ráða sig tímabundið sem höfundar hjá Námsgagnastofnun.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur.

1. Hvers vegna er starf þeirra kennara, sem vinna tímabundið höfundarvinnu fyrir Námsgagnastofnun, ekki metið jafngilt kennslureynslu og hvers vegna halda þeir ekki samningsbundnum réttindum sínum hjá ríkinu, t.d. lífeyrisréttindum meðan þeir vinna að námsefnisgerð?
2. Hyggst menntamálaráðherra breyta þessu? Ef svo er, hvenær er þeirra breytinga að vænta?

Sþ. 553. Fyrirspurn [311. mál]

til utanríkisráðherra um kynningu á sérstöðu Alþýðubandalagsins gagnvart viðræðum EFTA og EB.

Frá Þorsteini Pálssyni.

Hvenær kynnti utanríkisráðherra öðrum ráðherrum EFTA-ríkja og ráðherrum Evrópubandalagsins samþykkt Alþýðubandalagsins um sérstöðu þess í viðræðum EFTA og EB svo sem fjármálaráðherra krafðist í umræðum á Alþingi 29. nóv. 1989?

Hvernig var þeim fyrirvörum lýst fyrir samstarfsaðilum og viðsemjendum sem kveðið er á um í samþykkt Alþýðubandalagsins?

Sþ. 554. Fyrirspurn [312. mál]

til utanríkisráðherra um ríkisstyrki til sjávarútvegs í Noregi.

Frá Þorsteini Pálssyni.

Telur utanríkisráðherra að auknir styrkir til sjávarútvegs í Noregi samrýmist samþykkt Fríverslunarsamtakanna um fríverslun með fisk sem taka á gildi á miðju þessu ári, eða hefur ráðherra gert athugasemdir við styrkjastefnuna á ráðherrafundum samtakanna?

Sþ. 555. Fyrirspurn [313. mál]

til menntamálaráðherra um hönnunarkostnað við Þjóðleikhúsið.

Frá Ásgeiri Hannesi Eiríkssyni.

Hver er hönnunarkostnaður við fyrirhugaðar viðgerðir og breytingar á Þjóðleikhúsinu miðað við 1. febrúar 1990 og hvernig skiptist hann á milli einstakra hönnuða og ráðgjafa?

Sþ. 556. Fyrirspurn [314. mál]

til félagsmálaráðherra um skipulag svæðisins umhverfis Gullfoss og Geysi.

Frá Eiði Guðnasyni.

Hvað líður framkvæmd á samþykkt Alþingis frá 10. apríl 1986 um skipulag svæðisins umhverfis Gullfoss og Geysi?

Sþ. 557. Fyrirspurn [315. mál]

til heilbrigðisráðherra um starfrækslu H1-heilsugæslustöðva.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

1. Hvað hefur heilbrigðisráðherra gert til að tryggja að H1-heilsugæslustöðvar séu starfræktar með eðilegum hætti?
2. Eru laun lækna á H1-heilsugæslustöðvum lægri en ef þeir væru starfandi á H2-heilsugæslustöðvum?

Sþ. 558. Fyrirspurn [316. mál]

til forsætisráðherra um úrbætur í meðferð nauðgunarmála.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

Hvaða eða hverjir ráðherrar bera ábyrgð á því að marka stefnu og skipuleggja úrbætur í meðferð nauðgunarmála í samræmi við tillögur nauðgunarmálanefndar sem skilað var í október 1988?

Sþ. 559. Fyrirspurn [317. mál]

til heilbrigðisráðherra um aðgerðir vegna tillagna nauðgunarmálanefndar.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Hvað hefur verið gert til að auka fræðslu í grunnnámi heilbrigðisstétta um kynferðisbrot, áhrif þeirra á brotaþola og meðferð þeirra?
2. Hafa verið haldin sérstök námskeið um kynferðisbrot fyrir starfsfólk heilbrigðisþjónustunnar og hefur slík fræðsla verið tekin upp sem hluti af reglubundinni endurmenntun starfsfólks heilbrigðisstétta?
3. Hvað hefur verið gert til að koma á fót neyðarmóttöku fyrir fórnarlömb nauðgana og annarra kynferðisbrota eins og nauðgunarmálanefnd lagði til í skýrslu sinni er skilað var í október 1988?
   a. Hvar hefur neyðarmóttöku verið valinn staður?
   b. Hefur starfsfólk verið ráðið sérstaklega að neyðarmóttöku og það undirbúið undir starf sitt þar?
   c. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að tengja starf neyðarmóttökunnar starfi annarra þeirra sem annast brotaþola í nauðgunarmálum og öðrum kynferðisbrotamálum?

Sþ. 560. Fyrirspurn [318. mál]

til dómsmálaráðherra um breytingar á XXII. kafla hegningarlaga.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Hyggst dómsmálaráðherra láta fara fram endurskoðun og breytingar á XXII. kafla hegningarlaganna, sem fjallar um kynferðisbrot, í samræmi við athugasemdir og tillögur sem fram komu við umfjöllun um frumvarp um sama efni á 111. löggjafarþingi 1988–1989?
2. Hvenær hyggst dómsmálaráðherra leggja fram frumvarp til laga um breytingar á XXII. kafla hegningarlaganna?

Sþ. 561. Fyrirspurn [319. mál]

til dómsmálaráðherra um breytingar á lögum um meðferð opinberra mála.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

Hyggst dómsmálaráðherra leggja fram frumvarp til laga um:

1. að þolendur kynferðisbrota öðlist fortakslausan rétt til endurgjaldslausrar aðstoðar löglærðs talsmanns allt frá upphafi rannsóknar og þar til meðferð máls lýkur,
2. að vikið verði frá frjálsu sönnunarmati varðandi fyrri kynferðishegðun brotaþola í nauðgunarmálum eins og þegar hefur verið gert meðal margra annarra ríkja,
3. að tilgreint verði tæmandi í lögum hvenær ákæruvaldið megi falla frá saksókn í nauðgunarmálum; einnig að sett verði ákvæði um rökstuðning fyrir niðurfellingu í nauðgunarmálum og hverjum hún skuli kynnt,
4. að brotaþoli í nauðgunarmálum öðlist skýlausan rétt til að krefjast þess að með mál verði farið fyrir luktum dyrum,

5. að heimiluð verði skýrslutaka af brotaþola án návistar hins brotlega,
6. að ákveðnar reglur verði settar um fortakslaust fréttabann á persónulegar upplýsingar um brotaþola nema knýjandi nauðsyn sé til þess að birta slíkar upplýsingar opinberlega,
7. að brotaþola/konu verði tryggð greiðsla þeirra bóta, sem dómstólar dæma henni, með því að ríkissjóður greiði henni bæturnar og endurkrefji síðan dómþola?

Sþ. 562. Fyrirspurn [320. mál]

til dómsmálaráðherra um skipulega málsleið fyrir brotaþola í nauðgunarmálum og fræðslu lögreglumanna.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Hefur dómsmálaráðherra beitt sér fyrir því:
   a. að koma á skipulegri málsleið fyrir brotaþola í nauðgunarmálum þar sem það liggur skýrt fyrir hvert sé fyrsta og síðasta skrefið í málinu, allt frá því að nauðgun hefur átt sér stað og þar til málinu lýkur af hálfu réttarkerfisins,
   b. að sjá til þess að vel skipulögð og greið aðstoð við brotaþola sé fyrir hendi á hverju stigi málsins,
   c. að fram fari rækileg kynning á málsleiðinni og hvert brotaþola beri fyrst að snúa sér?
2. Hafa verið haldin sérstök námskeið fyrir lögreglumenn til þess að fræða þá um kynferðisafbrot og áhrif þeirra á brotaþola?
3. Hefur slík fræðsla verið felld inn í grunnnám lögreglumanna; verður hún tekin upp sem hluti af reglubundinni endurmenntun þeirra?

Sþ. 563. Fyrirspurn [321. mál]

til menntamálaráðherra um fræðslu um kynferðisbrot.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Hefur verið skipulögð sérstök fræðsla á vegum menntamálaráðuneytisins um kynferðisbrot, áhrif þeirra á brotaþola, fyrirbyggjandi aðgerðir gegn slíkum brotum og meðferð þeirra?
2. Hefur menntamálaráðherra í hyggju að beita sér fyrir því að slík fræðsla verði
   a. hluti af grunnnámi heilbrigðisstarfsfólks og lögreglumanna,
   b. hluti af reglubundinni endurmenntun þessara starfsstétta,
   c. hluti af skyldunámi í framhaldsskólum?

Sþ. 564. Tillaga til þingsályktunar [322. mál]

um vöruþróunarsjóð.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa lagafrumvarp sem heimilar að leggja ósótt orlofsfé til launþega hjá Pósti og síma og gleymdar innstæður hjá bönkum og sparisjóðum í sérstakan sjóð til að efla þróun á nýjum framleiðsluvörum hér á landi. Verkinu sé lokið fyrir þingbyrjun haustið 1990.

Greinargerð.

Víða liggja óhafnir peningar í kerfinu og koma þjóðfélaginu að litlum notum. Í haust er leið var upplýst að um 50 millj. kr. væru í vörslu Póstgíróstofunnar vegna orlofsfjár til launþega sem ekki hefur verið sótt. Þá er vitað að í hverjum banka og sparisjóði og í fleiri sjóðum eru innstæður og eru eigendur þeirra ýmist látnir eða hafa gleymt þeim af ýmsum orsökum.

Það er skoðun flutningsmanns að þessum peningum sé best varið til að þróa nýjar vörur til að flytja út frá Íslandi. Þannig eflist atvinnulífið og landsframleiðslan eykst. Skotið yrði nýjum stoðum undir útflutning og þjóðarhagur bættur.

Íslenskir hugvitsmenn búa við þröngan kost hér á landi og hafa því mjög takmarkað svigrúm til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd — láta draumana rætast. Oft á tíðum luma menn á góðum og nýtilegum hugmyndum sem aldrei komast af teikniborðinu vegna peningaskorts. Það verður verkefni þessa sjóðs að leggja eitthvað af mörkum til að hugvitið verði í askana látið um síðir.

Í stjórn sjóðsins þarf að skipa menn frá samtökum útflytjenda, framleiðenda og iðnrekenda, ásamt Verslunarráði og Félagi hugsvitsmanna. Sjóðurinn heyri undir viðskiptaráðherra og verði honum falið að semja reglugerð um sjóðinn og skipa oddamann í stjórnina.

Sþ. 565. Nefndarálit [269. mál]

um till. til þál. um fullgildingu á alþjóðasamþykkt nr. 159 um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk á sinn fund Gylfa Kristinsson og Margréti Margeirsdóttur, deildarstjóra í félagsmálaráðuneytinu.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Kristinn Pétursson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. febr. 1990.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir, fundaskr.	Birgir Ísl. Gunnarsson.
Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Alexander Stefánsson.	Guðni Ágústsson.

Sþ. 566. Fyrirspurn [323. mál]

til dómsmálaráðherra um störf nefndar um samfélagsþjónustu sem úrræði í viðurlagakerfinu.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Hvað líður störfum nefndar sem skipuð var samkvæmt þingsályktun, sem samþykkt var á Alþingi 5. mars 1987, um samfélagsþjónustu sem úrræði í viðurlagakerfinu?
2. Hvenær mun hún ljúka störfum og skila niðurstöðum?

Sþ. 567. Fyrirspurn [324. mál]

til dómsmálaráðherra um félagslegar aðgerðir fyrir fanga og aðbúnað þeirra.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Hvaða undirbúningur er veittur í fangelsum þeim sem ljúka refsivistardómi eða losna úr fangelsi gegn skilyrðum?
2. Hvaða félagslegur stuðningur er í boði fyrir þá sem fá ákærufrestun eða skilorðsbundna dóma?
3. Hvað hefur verið gert til að bæta það ófremdarástand sem ríkir í aðbúnaði fanga?
4. Hefur verið fundið fangelsishúsnæði í stað hegningarhússins við Skólavörðustíg?
5. Ef svo er, hvenær verður flutt í það húsnæði?
6. Hvaða úrbætur hafa verið gerðar á fangelsishúsnæðinu að Litla-Hrauni? Hvaða úrbætur eru fyrirhugaðar þar?
7. Hve margir öryggisgæslufangar, sem hafa verið úrskurðaðir ósakhæfir, eru í fangelsum landsins?
8. Hvað hefur verið reynt til að vista þá í viðeigandi stofnun?

Sþ. 568. Beiðni um skýrslu [325. mál]

frá utanríkisráðherra um samskipti stjórnvalda á Íslandi og í Bandaríkjum Norður-Ameríku um hvalveiðimál, um samning milli Íslands og Bandaríkjanna um fiskveiðar undan ströndum Bandaríkjanna og um svonefnt Andramál.

Frá Matthíasi Bjarnasyni, Skúla Alexanderssyni, Guðmundi H. Garðarssyni, Karvel Pálmasyni, Friðriki Sophussyni, Inga Birni Albertssyni, Stefáni Valgeirssyni, Geir Gunnarssyni og Danfríði Skarphéðinsdóttur.

Með vísan til 30. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir að utanríkisráðherra flytji Alþingi skýrslu um hvort stjórnvöld í Bandaríkjunum hafi reynt að hlutast til um að fallið væri frá að mótmæla ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins um bann við hvalveiðum og hvort samningur milli Íslands og Bandaríkjanna um fiskveiðar undan ströndum Bandaríkjanna frá 4. desember 1984 hafi haft áhrif á þá ákvörðun. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um afskipti íslenskra stjórnvalda af svonefndu Andramáli en fyrrnefndur samningur frá 4. desember 1984 varð til þess að Íslenska úthafsútgerðarfélagið var stofnað og skip keypt til veiða og vinnslu sjávarafla undan Alaskaströndum.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs þings eftir að henni hefur verið útbýtt á Alþingi.

Alþingi, 6. febr. 1990.

Matthías Bjarnason.	Skúli Alexandersson.	Guðmundur H. Garðarsson.
Karvel Pálmason.	Friðrik Sophusson.	Ingi Björn Albertsson.
Stefán Valgeirsson.	Geir Gunnarsson.	Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Nd. 569. Frumvarp til laga [129. mál]

um breytingu á lögum nr. 73 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. febr.)

1. gr.

Á eftir orðinu „sjávarútvegsráðuneyti“ í 1. mgr. 4. gr. bætist: umhverfisráðuneyti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eftir gildistöku laga þessara skipar umhverfisráðherra nefnd til þess að semja frumvarp til laga um umhverfisvernd.

Ed. 570. Frumvarp til laga [326. mál]

um breytingu á lögum nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki.

Flm.: Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðmundur Ágústsson, Halldór Blöndal, Jón Helgason, Karl Steinar Guðnason.

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Skylt er sjóðsstjórninni að sjá til þess að bankaútibú eða sparisjóðir á landsbyggðinni geti annast afgreiðslu fyrir sjóðinn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1990.

Greinargerð.

Nemendur, sem rétt eiga á lánum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, koma frá öllum landshlutum og stunda nám við ýmsa skóla bæði hér á landi og erlendis. Hin síðari ár hafa verið stofnaðir margir nýir framhaldsskólar þar sem í boði er nám á brautum sem samkvæmt reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna er lánshæft. Má sem dæmi nefna nám á verkmennta- og tæknibrautum (sjá fskj.). Árið 1988 var Háskólinn á Akureyri stofnaður og þar stunda nú um 85 stúdentar nám.

Þeir sem stunda lánshæft nám, hvort sem er hér á landi eða erlendis, verða að sækja alla lánafyrirgreiðslu til afgreiðslu Lánasjóðs íslenskra námsmanna í Reykjavík. Stúdent við nám erlendis verður að hafa umboðsmann hér heima sem sér um að koma upplýsingum og nauðsynlegum gögnum varðandi námsframvindu sína og fjárhag til Lánasjóðsins. Algengast er að umboðsmaður sé foreldri eða annar nákominn. Mjög erfitt og nánast óframkvæmanlegt er að gerast umboðsmaður búi viðkomandi ekki á höfuðborgarsvæðinu. Ekki er hægt að ganga út frá því sem vísu að allir stúdentar í námi erlendis eigi þess kost að hafa umboðsmann sem býr í námunda við afgreiðslu Lánasjóðsins í Reykjavík.

Fyrir lánþega Lánasjóðs íslenskra námsmanna er það brýnt hagsmunamál að öll gögn berist skilvíslega á tilsettum tíma. Því er nauðsynlegt að boðleiðir milli Lánasjóðsins og stúdenta eða umboðsmanna þeirra séu sem greiðastar. Til þess að tryggja að svo megi verða leggja flutningsmenn þessa frumvarps til að bankaútibúum og sparisjóðum úti um landið verði gert kleift að annast afgreiðslu fyrir nemendur, stúdenta og umboðsmenn sem búa fjarri höfuðborgarsvæðinu.

Fylgiskjal.

Úthlutunarreglur LÍN

I. kafli — lánshæft nám.

1.1. Á Íslandi.

1.1.1. Nám á háskólastigi. Nám á háskólastigi og það nám annað sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi.

Háskóli Íslands.
Kennaraháskóli Íslands.
Tækniskóli Íslands: tæknifræði- og heilbrigðisdeild.
Bændaskólinn á Hvanneyri: búvísindadeild.
Tónlistarskólinn í Reykjavík: tónmennta- og tónfræðideild.
Tölvuskóli Verslunarskóla Íslands.
Háskólinn á Akureyri.
Ljósmæðraskóli Íslands.
Nýi hjúkrunarskólinn.
Samvinnuskólinn: rekstrarfræðideild.

1.1.2. Nám í sérskólum. Nám í sérskólum á Íslandi sem skilgreint er af menntamálaráðherra í reglugerð. Nám í fjölbrautaskólum eða öðrum skólum sem útskrifa stúdenta er að jafnaði ekki lánshæft samkvæmt þessari grein.

Fiskvinnsluskólinn: 2. og 3. ár.
Fósturskóli Íslands.
Iðnskólar: framhaldsdeildir.
Íþróttakennaraskóli Íslands.
Myndlista- og handíðaskólinn.
Leiklistarskóli Íslands.
Stýrimannaskólar.
Tónlistarskólar: hljóðfærakennaradeildir Tónlistarskólans í Reykjavík og sambærilegt nám. Hljóðfæranám á 7. námsstigi og ofar samkvæmt námsskrá menntamálaráðuneytisins.
Tækniskóli Íslands: raungreinadeild, rekstrardeild og iðnfræðibrautir.
Tannsmiðaskóli Íslands.
Vélskólar.
Þroskaþjálfaskóli Íslands.

1.1.3. Annað sérnám. Heimilt er að veita lán til sérnáms, enda hafi námsmaður náð 20 ára aldri á því almanaksári sem lán er veitt. Nám telst að jafnaði ekki sérnám þegar það er liður í stúdentsprófi. Dæmi um nám sem lánað hefur verið til samkvæmt þessari reglu:

Bændaskólar: bændadeildir.
Lyfjatækniskóli Íslands.
Fiskvinnsluskólinn: 1. ár.
Meistaraskóli iðnaðarins.
Garðyrkjuskóli ríkisins.
Sjúkraliðaskólinn.
Hótel- og veitingaskóli Íslands.
Tækniskóli Íslands: tvær fyrstu annir frumgreinadeildar.
Iðnskólar: allt nema almennt nám og fornám.
Samvinnuskólinn: undirbúningsdeild.
Kirkjubæjarskóli: fiskeldi.

1.1.4. Réttindi erlendra námsmanna. Námsmenn frá Norðurlöndum, sem heimilisfastir eru á Íslandi og stunda lánshæft nám hérlendis, njóta námsaðstoðar til jafns við íslenska námsmenn, enda hljóti þeir ekki námsaðstoð frá heimalandi sínu, sbr. samkomulag milli Norðurlanda um þessi efni eins og það er á hverjum tíma. Heimilt er að láta ákvæði þessarar greinar taka til einstakra annarra erlendra námsmanna sem eins er ástatt um og skal þá m.a. tekið mið af réttarstöðu íslenskra námsmanna í viðkomandi landi. Einnig skal tekið tillit til hvort viðkomandi námsmaður hafi tekið sér fasta búsetu á Íslandi til frambúðar.

1.2. Í útlöndum.

1.2.1. Háskólanám. Lánað er til framhaldsnáms við stofnanir erlendis sem gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar nemenda og gerðar eru til háskólanáms hérlendis, sjá þó ákvæði greinar 4.8. um lán vegna skólagjalda.
1.2.2. Sérnám. Heimilt er að veita lán til sérnáms erlendis verði hliðstætt nám ekki stundað á Íslandi, enda sé um nægilega veigamikið nám að ræða að því er varðar eðli þess og uppbyggingu, námslengd og starfsréttindi.
1.2.3. Málanám sem undirbúningsnám. Sjóðurinn lánar að jafnaði í eitt missiri til málanáms ef það er undirbúningur undir nám erlendis sem fer fram á öðrum tungumálum en ensku og Norðurlandamálum öðrum en finnsku. Ekki er lánað fyrir skólagjöldum.

Sþ. 571. Tillaga til þingsályktunar [327. mál]

um öryggi í óbyggðaferðum.

Flm.: Kristín Einarsdóttir, Hjörleifur Guttormsson, Jón Helgason, Kolbrún Jónsdóttir, Stefán Valgeirsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Karvel Pálmason, Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að bæta öryggi þeirra sem ferðast í óbyggðum með því að samræma og setja reglur og lög eftir því sem við á og með því að skipuleggja fræðslu, ráðgjöf og upplýsingar til ferðafólks.

Við undirbúning málsins verði haft samráð við samtök áhugafólks um ferðalög og slysavarnir.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur það oft komið fyrir að erlendir og innlendir ferðamenn lendi í ógöngum í óbyggðum. Nýlegt dæmi og umtalað er þegar breskur ferðamaður varð úti í Öræfasveit í janúar sl. í veðri sem algengt er hérlendis á þessum árstíma. Slík dæmi eru mörg sem leitt hafa til manntjóns, slysa og kostnaðarsamrar leitar, oft vegna ófullnægjandi útbúnaðar og kunnáttuleysis. Þannig gerist það flest haust að leita þarf að rjúpnaskyttum sem týnt hafa áttum og villst. Fjöldi fólks leggur á sig mikla fyrirhöfn við leit og af því hlýst ómældur kostnaður auk þess sem leitarmenn stofna sjálfum sér í hættu. Útlendingar eru e.t.v. í enn meiri hættu en Íslendingar þar sem þeir þekkja lítið sem ekkert til aðstæðna hér á landi og þeirrar óblíðu náttúru sem við búum við.

Það er því í allra þágu að bæta öryggi ferðamanna sem leggja leið sína í óbyggðir. Þar eru fyrirbyggjandi aðgerðir af ýmsu tagi ódýrasta og besta ráðið. Flutningsmenn tillögunnar mæla hins vegar ekki með ferðabanni eða því að loka svæðum fyrir ferðafólki nema í undantekningartilvikum. Íslendingar vilja sjálfir geta ferðast um land sitt og leitast er við að laða hingað erlenda ferðamenn, ekki síst með því að auglýsa íslenska náttúru og óbyggðir. Það leggur okkur skyldur á herðar. Háttur í að gera óbyggðaferðir aðlaðandi fyrir innlenda sem erlenda er

að bærilega sé séð fyrir öryggismálum og að ferðamenn verði sjálfir þátttakendur í að bæta þar úr og gera sér grein fyrir því sem borið getur að höndum.

Fjöldi sjálfboðaliða vinnur mikið og óeigingjarnt starf í björgunarsveitum og slysavarnafélögum um land allt. Samvinna þeirra, sem að þessum málum vinna, hefur aukist upp á síðkastið þótt enn megi bæta þar um og mætti hlutur opinberra aðila vera meiri til stuðnings og samræmingar. Reynslu þessara aðila og annarra af hálendis- og jöklaferðum þarf að nýta þegar lögð eru á ráð til að bæta öryggi í óbyggðaferðum.

Frá því vorið 1985 hefur verið starfrækt tilkynningarþjónusta fyrir ferðamenn. Að henni standa Landssamband hjálparsveita skáta, Landssamband flugbjörgunarsveita og fyrirtækið Securitas. Þjónustan er þannig að fólk, sem ætlar í óbyggðaferðir, getur hringt og greint frá ferðaáætlun sinni. Komi það ekki fram á tilgreindum tíma er eftirgrennslan eða leit hafin. Byggja mætti m.a. á þeirri reynslu sem fengist hefur af þessari starfsemi.

Í mörgum löndum er þess krafist að fólk, sem ferðast um svæði þar sem hættur eru miklar, kaupi sér vátryggingu fyrir leitarkostnaði. Sums staðar er vátryggingarupphæðin svo há að það er varla á færi hins almenna borgara að kaupa slíka tryggingu. Það er hins vegar eðlilegt að kanna hvort slíkt kæmi til greina hér á landi í einhverjum tilvikum þegar um sérstaka ævintýramennsku er að ræða. Einnig heyrast þau sjónarmið að erlendir ferðamenn, sem ætla í áhættusamar ferðir hér á landi, verði skyldaðir til að kaupa leitar- og björgunartryggingu. Efnahagur fólks má þó alls ekki verða ráðandi um það hverjir geta ferðast um óbyggðir sér til yndisauka.

Með flutningi tillögunnar er ekki ætlunin að benda á tilteknar lausnir heldur að Alþingi láti málið til sín taka og hlutist til um aðgerðir. Við mótun þeirra þarf margt að athuga og er aðeins vikið að nokkrum þáttum í tillögugreininni. Áhersla er lögð á fræðslu, ráðgjöf og upplýsingar til ferðafólks, en einnig að sett verði og samræmd lög og reglur sem stuðlað geti að bættu öryggi án þess að ganga um of nærri frjálsri og óheftri umferð um landið. Hafa ber í huga að ferðum fylgir ætíð nokkur áhætta en óþarfi er að ýkja hana eða bregðast við henni með boðum og bönnum.

Flutningsmenn hafa m.a. í huga eftirfarandi atriði sem athuga ber þegar fjallað er um öryggi í óbyggðaferðum:

— Fræðslu fyrir ferðamenn, innlenda sem erlenda, um helstu hættur sem orðið geta á vegi þeirra við breytilegar aðstæður á ólíkum árstímum og hvernig bregðast megi við. Slíkar leiðbeiningar er m.a. hægt að færa inn á kort og í bæklinga sem ætluð eru ferðamönnum.
— Starfrækslu tilkynningarþjónustu í núverandi eða breyttu formi og tilkynningarskyldu sem gæti náð til ákveðinna fáfarinna eða erfiðra ferðasvæða. Dæmi um slíkt geta verið jöklaferðir, klifur í fjöllum og á jöklum og gönguferðir um fáfarin svæði, svo að eitthvað sé nefnt.
— Sameina mætti tilkynningarþjónustu og ráðgjöf um leiðaval og útbúnað svo og aðrar leiðbeiningar.
— Athuga þarf hvort tryggingafélög taka að sér að veita þeim tryggingu sem ferðast utan alfaraleiða án óhóflegs kostnaðar. Tengja mætti slíkar tryggingar við leitar- og björgunarþjónustu og jafnvel gera þær að skilyrði fyrir leit við tilteknar aðstæður.
— Setja þarf skýrari reglur en nú gilda um akstur í óbyggðum, merkja akstursleiðir og koma upp viðvörunarskiltum á hættulegum stöðum, m.a. við ótrygg vöð á ám.
— Heimildir þurfa að vera til að banna ferðalög inn á tiltekin svæði við sérstakar og afbrigðilegar aðstæður, t.d. vegna snjóflóðahættu eða vegna yfirvofandi óveðurs.
— Aukið eftirlit af hálfu löggæslu í óbyggðum getur jafnframt stuðlað að bættu öryggi svo og samvinnu björgunaraðila og löggæslu.

Margar af þeim hugmyndum, sem fram hafa komið til að bæta öryggi í óbyggðum, krefjast ekki breytinga á lögum heldur betri skipulagningar og samræmingar og að settar verði reglur á grundvelli núgildandi laga.

Af lögum og lagaákvæðum, sem tengjast þessum málum, má benda á eftirfarandi:

Lög um almannavarnir, nr. 94/1962. Hlutverk almannavarna er m.a. að skipuleggja og gera ráðstafanir sem miða að því að koma í veg fyrir, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkamstjóni af völdum náttúruhamfara eða annarri vá.

Lög um lögreglusamþykktir, nr. 36/1988. Í a-lið 3. gr. segir m.a. „. . . allt sem lýtur að því að draga úr hættu og óþægindum, greiða fyrir umferð og tryggja öryggi fólks; . . .“

Lög um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965. Í 2. mgr. 9. gr. laganna er heimild fyrir dómsmálaráðherra að setja sérstakar reglur um tilkynningarskyldu útlendinga meðan þeir dveljast hér á landi.

Jafnframt því að athuga hvort gildandi lög og lagaákvæði eru fullnægjandi er rétt að kanna þörf á nýjum lögum eða lagaákvæðum.

Æskilegt er að hraða þeim aðgerðum sem tillagan gerir ráð fyrir í sem bestri samvinnu við þá mörgu aðila sem mál þetta varðar.

Nd. 572. Nefndarálit [104. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Til viðræðna við nefndina um frumvarpið kom Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Apótekarafélagi Íslands og landlækni.

Geir H. Haarde var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. febr. 1990.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, form., frsm.	Anna Ólafsdóttir Björnsson, fundaskr.	Geir Gunnarsson.
Ragnhildur Helgadóttir.	Guðmundur G. Þórarinsson.	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Nd. 573. Breytingartillaga [104. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Fyrri málsliður síðustu málsgreinar 36. gr. laganna, sbr. l. nr. 22/1989, orðist svo: Lyfjaheildsölum er óheimilt að selja lyf öðrum en þeim sem leyfi hafa til smásölu lyfja, svo og til notkunar á sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum og læknastöðvum, sem fengið hafa viðurkenningu ráðuneytisins í samræmi við 26. gr. laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, og þeim tilraunastofnunum sem leyfi hafa til tilrauna með lyf.

Nd. 574. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt.

Til viðræðna við nefndina um frumvarpið kom Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Þá barst nefndinni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Geir H. Haarde var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. febr. 1990.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, form., frsm. | Anna Ólafsdóttir Björnsson, fundaskr. | Geir Gunnarsson.

Ragnhildur Helgadóttir. | Guðmundur G. Þórarinsson. | Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Nd. 575. Breytingartillaga [129. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands.

Frá Ólafi G. Einarssyni og Inga Birni Albertssyni.

2. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1990.

Sþ. 576. Fyrirspurn [328. mál]

til fjármálaráðherra um virðisaukaskatt í ríkjum Evrópubandalagsins.

Frá Guðmundi H. Garðarssyni.

1. Hvernig er álagningu virðisaukaskatts háttað í ríkjum Evrópubandalagsins?
2. Hversu mörg þrep eru í álagningu virðisaukaskatts í einstökum ríkjum EB?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 577. Fyrirspurn [329. mál]

til menntamálaráðherra um stöðu byggingarframkvæmda við grunnskóla og dagvistarheimili.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Hver var staðan í byggingu grunnskólamannvirkja miðað við áætlanir (norm) menntamálaráðuneytisins í árslok 1989? Svar óskast sundurliðað eftir sveitarfélögum og kjördæmum.

Hver var staðan í byggingu dagvistarheimila miðað við áætlanir menntamálaráðuneytisins framreiknaðar eftir íbúaþróun í árslok 1989? Svar óskast sundurgreint eftir sveitarfélögum og kjördæmum.

Sþ. 578. Fyrirspurn [330. mál]

til samgönguráðherra um flugfélagið Flying Tigers.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Hvað hefur samgönguráðherra gert til að tryggja að flugfélagið Flying Tigers lendi áfram í Keflavík og flug með ferskan fisk til Japans geti haldið áfram ótruflað?

Sþ. 579. Tillaga til þingsályktunar [331. mál]

um reiðvegaáætlun.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson, Jón Kristjánsson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Páll Pétursson, Alexander Stefánsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Guðni Ágústsson, Jóhann Einvarðsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta í samvinnu við samtök hestamanna og sveitarfélaga gera reiðvegaáætlun. Áætlun þessi skal gerð til fjögurra ára í senn.

Samgönguráðherra skal í því skyni skipa nefnd er hafi það hlutverk að vinna reiðvegaáætlun og endurskoða hana reglulega.

Í starfi sínu taki nefndin meðal annars mið af eftirfarandi atriðum:

1. Gera skal reiðvegaáætlun til fjögurra ára í senn og forgangsraða skal verkefnum.
2. Hafa skal nána samvinnu við m.a. Landssamband hestamannafélaga, samtök sveitarfélaga, Vegagerð ríkisins, Náttúruverndarráð, Landgræðslu, Skógrækt ríkisins, skipulagsstjórn og Ferðaþjónustu bænda sem og einstök sveitarfélög og landeigendur.
3. Bæta skal aðstöðu hestamanna á þjóðvegum og haga þannig að öryggi gegn slysum verði sem mest.
4. Viðurkenna skal í raun umferð ríðandi manna sem hluta af samgöngum landsmanna.
5. Friðlýsa þarf fornar reiðleiðir og halda þeim við.
6. Við mat umferðar á hestum skal höfð hliðsjón af hesthúsahverfum, skeiðvöllum, hrossabúum, hagagöngu, staðsetningu gisti- og ferðamannastaða og veitinga- og útivistarstaða.
7. Hafa skal hlið á girðingum þar sem alfaraleiðir og girðingar skerast.
8. Tryggja skal vernd svæða og leiða sem hafa gildi vegna náttúrufegurðar og skilyrða sem gera þau eftirsóknarverð sem reiðland.
9. Umferð ríðandi manna má eigi spilla ræktuðu landi, túnum, görðum eða skógrækt og ekki ónáða búfé.

Greinargerð.

Þingsályktun þessi er flutt samhliða tveimur frumvörpum til laga er bæði lúta að gerð reiðvega. Annars vegar er um að ræða frumvarp til laga um breytingu á vegalögum þar sem kveðið er á um að Vegagerð ríkisins skuli sjá um gerð og viðhald reiðvega samkvæmt sérstakri áætlun. Hins vegar er um að ræða frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar en þar er gert ráð fyrir að leggja á sérstakt hóffjaðragjald til að afla fjár til reiðvegagerðar.

Þessi þingsályktunartillaga, sem hér er flutt, hefur það hlutverk að fela samgönguráðherra í samvinnu við samtök hestamanna og sveitarfélaga að láta gera reiðvegaáætlun og forgangsraða verkefnum, en Vegagerðin vinni síðan í samræmi við þá reiðvegaáætlun.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að hestamennska nýtur sívaxandi vinsælda og hestaeign fer vaxandi. Ekki verður hjá því komist að taka tillit til ríðandi manna í umferðinni

en aukin bílaumferð á þjóðvegum landsins gerir það nauðsynlegt að það sé gert með skipulegum hætti.

Árið 1982 var gert samkomulag milli Landssambands hestamannafélaga og Vegagerðar ríkisins um gerð reiðvega. Það samkomulag er fylgiskjal með frumvarpi um breytingu á vegalögum. Reynsla af þessu samkomulagi hefur ekki orðið nægilega góð og nauðsynlegt er að skýra málin frekar og koma þeim í fast horf. Bæði er að fé til gerðar reiðvega hefur verið mjög af skornum skammti sem og að nauðsynlegt er að kveða skýrar á í lögum um hver beri veg og vanda af reiðvegagerð, hvernig fjár sé aflað til hennar og hverjir vinni áætlun um reiðvegagerð og ákveði forgang verkefna.

Óhjákvæmilegt er að umferð ríðandi manna verði í raun viðurkennd sem hluti af samgöngum landsmanna. Til þess að þetta sé unnt verður að taka tillit til umferðar ríðandi manna við skipulagningu vegakerfis landsins, sérstaklega þarf að hafa hliðsjón af staðsetningu hesthúsahverfa, skeiðvalla, hrossabúa, hagagöngu, gisti- og veitingastaða og útivistar- og ferðamannastaða.

Mikilvægt er einnig að friðlýsa fornar reiðleiðir og halda þeim við. Með þeim hætti er varðveittur ákveðinn þáttur í menningarsögu landsins. Mikilvægt er einnig í þessu sambandi að tryggja að gróður spillist ekki og sjá til þess að saman geti farið vernd og notagildi. Hestamennska og hestaíþróttir eru sem fyrr segir mjög vaxandi. Íslenski hesturinn er í auknum mæli orðinn útflutningsvara en jafnframt koma erlendir ferðamenn hingað í vaxandi mæli til hestamannamóta og ferða á hestum. Fram hjá þeirri staðreynd geta Íslendingar ekki litið og þurfa að bregðast rétt við enda getur hesturinn einmitt orðið mikilvægur þáttur í uppbyggingu ferðamannaiðnaðar í landinu í nánustu framtíð. Í því sambandi er auðvitað mikið starf óunnið og margt sem þarf að hafa í huga. Eigendur veitingastaða þurfa víða að gera hestamönnum kleift að njóta þeirrar þjónustu sem þeir hafa á boðstólum. Til þess þurfa þeir að koma upp góðri hrossarétt, vel mölborinni og með skjólgirðingu sem er t.d. 1½ metri á hæð. Aðstaða þarf að vera til að brynna hestunum og æskilegt að hey geti verið til sölu. Við gististaði, tjaldstæði og orlofsbúðir þarf að hafa aðstöðu til hagbeitar, þar þurfa að vera hrossaréttir og geymslur fyrir reiðtygi.

Ferðaþjónusta bænda þarf að geta veitt hestamönnum fyrirgreiðslu af ýmsu tagi, ekki aðeins geta leigt mönnum hross heldur einnig haft hagbeit til sölu. Sveitarstjórnir og upprekstrarfélög eiga mörg góða skála á fjöllum, skála sem nýta mætti betur og leigja ferðafólki og gætu fallið vel inn í ferðir ríðandi manna um landið. Þannig mætti hugsa sér eins konar net náttstaða á hálendinu en hey þyrfti að vera til sölu á sem flestum stöðum svo að gróður spillist ekki.

Við gerð reiðvega þarf að hafa í huga að vegir, sem hægt er að fara allt árið, eru nauðsynlegir í nágrenni hesthúsabyggða. Slíkir vegir eru eðlilegt viðfangsefni viðkomandi sveitarfélaga, hestamanna og Vegagerðar. Talsvert aðrar kröfur þarf að gera til slíkra vega en þeirra sem aðeins eru notaðir stuttan tíma á ári vegna þess að umferð getur orðið mikil á takmörkuðu svæði vetur og vor þegar blautt er um. Slíkir vegir þurfa að falla vel inn í skipulag en gera má ráð fyrir að mest álag sé á þessa vegi næst hesthúsunum, 5–10 km umhverfis þau, en fjær dreifist álagið verulega.

Vel má hugsa sér að reiðvegir í þéttbýli geti verið meðfram þjóðvegum eða lagðir sérstaklega um útivistarsvæði, en áherslu verður að leggja á að friða alla reiðvegi fyrir umferð vélknúinna farartækja og kveða þarf skýrt á um umferðarrétt með merkingum þar sem reiðmenn þurfa að fara þvert á veg. Víða eru gömlu malarvegirnir ágætir reiðvegir þegar þeir eru opnir. Við gerð reiðvega þarf sérstaklega að gera ráð fyrir áningarstöðum, helst með því móti að víkja megi spölkorn frá vegi.

Árið 1986 fluttu þingmennirnir Páll Pétursson og Ólafur Þ. Þórðarson tillögu til þingsályktunar um áætlun um gerð reiðvega. Sú þingsályktunartillaga er fylgiskjal með þessari. Tillaga þessi varð ekki útrædd á Alþingi.

Fylgiskjal.

Tillaga til þingsályktunar um áætlun um reiðvegagerð.
(109. löggjafarþing, 82. mál.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er geri áætlun um reiðvegagerð um landið. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Vegagerð ríkisins, einum tilnefndum af Landssambandi hestamanna, einum tilnefndum af skipulagsstjóra ríkisins og tveimur án tilnefningar.

Nefndin meti hver þörf er á nýjum reiðvegum, hvar varðveita skal gamla reiðvegi og hvar er heppilegast að reiðvegir liggi þannig að hestamönnum sé greið umferð um landið.

Nefndin skili áætluninni fyrir haustið 1987 þannig að framkvæmdir geti hafist samkvæmt henni sumarið 1988.

Greinargerð þingsályktunartillögunnar hljóðar svo:

Hestamennska nýtur sívaxandi vinsælda og fjöldi fólks sækir sálubót og hreysti í samfélag við hesta og til ferðalaga á hestum. Með aukinni bílaumferð og bættum akvegum er umferð ríðandi fólks um marga þjóðvegi landsins orðin stórhættuleg og jafnvel ómöguleg. Á undanförnum árum hefur verið unnið stórvirki í vegagerð en umferð hestamanna hefur ekki verið sinnt nema að allt of litlu leyti. Á árinu 1985 var varið 400 þús. kr. til reiðvegagerðar og 1986 einni milljón. Þetta er auðvitað allsendis ófullnægjandi. Reiðvegagerð þarf ekki að vera dýr, sérstaklega ef hún er unnin með fyrirhyggju. Vegagerðin hefur sums staðar gætt þess við frágang vega, fyrir atbeina Landssambands hestamanna, að reiðmönnum væri fær leið meðfram vegum. Þetta hefur hins vegar ekki alls staðar verið gert og af því skapast slysahætta og leiðindi.

Skynsamlegast er að gera áætlun um það hver þörf sé fyrir nýja reiðvegi um landið hvar beri að varðveita gamla reiðvegi og hvar heppilegast er að reiðvegir liggi. Þannig mundu fjármunir og verktækni nýtast betur en ella og óhjákvæmilegt er að leggja stóraukna áherslu á reiðvegagerð.

Íslendingar hafa ferðast á hestum um landið frá upphafi Íslands byggðar; óhæfa er að gera þeim það ómögulegt nú. Þess ber og að gæta að ríkisvaldið ver miklu fé til tómstunda og íþróttamála og einnig til lista. Hestamennska er hin göfugasta tómstundaiðja og auk þess bæði íþrótt og list þannig að eðlilegt er að verja allnokkru almannafé til þess að auðvelda fólki iðkun hestamennsku.

Nd. 580. Frumvarp til laga [332. mál]

um breytingu á vegalögum nr. 6/1977, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Guðni Ágústsson.

1. gr.

40. gr. laganna, sbr. 72. gr. laga nr. 87/1989, orðist svo:

Vegagerð ríkisins skal aðstoða nýbýlastjórn við lagningu nýbýlavega, enda sé kostnaður greiddur af sérstakri fjárveitingu í fjárlögum, samkvæmt vegáætlun eða á annan hátt.

Vegagerð ríkisins skal sjá um gerð og viðhald reiðvega samkvæmt sérstakri reiðvegaáætlun sem samgönguráðherra lætur gera í samráði við samtök hestamanna og sveitarfélaga til fjögurra ára í senn. Kostnaður við gerð reiðvega skal greiddur af hóffjaðragjaldi skv. 2. gr. laga um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, og sérstökum fjárveitingum á fjárlögum, samkvæmt vegáætlun eða á annan hátt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar og þingsályktunartillögu um gerð reiðvegaáætlunar.

Hestamennska nýtur sívaxandi vinsælda. Umferð ríðandi manna er víða orðin mjög mikil, einkum í nágrenni þéttbýlisstaða. Sambýli umferðar ríðandi manna og aukinnar umferðar bifreiða getur verið örðugt. Nauðsynlegt er að taka tillit til hestamennsku í umferðinni umfram það sem gert hefur verið.

Óhjákvæmilegt er að gera sérstaka reiðvegaáætlun þar sem forgangsröð framkvæmda kemur fram. Gerð reiðvega er yfirleitt ekki dýr, en framkvæmd þarf að vera með skipulegum hætti. Í vegalögum er einungis fjallað um reiðvegi í 46. gr. en þar segir:

„Vegagerð ríkisins skal aðstoða nýbýlastjórn við lagningu nýbýlavega og samtök hestamanna við gerð reiðvega, enda sé kostnaður greiddur af sérstakri fjárveitingu í fjárlögum, samkvæmt vegáætlun eða á annan hátt."

Með flutningi þessa frumvarps eru tekin af öll tvímæli um að Vegagerð ríkisins skuli annast gerð reiðvega, enda er hún sá aðili í þjóðfélaginu sem best er í stakk búin til að taka að sér slíka framkvæmd. Jafnframt er með sérstöku frumvarpi gert ráð fyrir að fjár sé aflað til gerðar reiðvega umfram fé á fjárlögum til reiðvegagerðar. Gerir það frumvarp ráð fyrir sérstöku „hóffjaðragjaldi".

Samhliða þessum frumvörpum tveimur flytur flutningsmaður þingsályktunartillögu um að samgönguráðherra verði falið að láta gera sérstaka reiðvegaáætlun í samvinnu við samtök hestamanna og sveitarfélaga til fjögurra ára í senn. Í reiðvegaáætlun skal koma fram forgangsröð framkvæmda.

Árlega hafa verið takmarkaðar fjárveitingar á fjárlögum ákveðnar af Alþingi í þingsályktun um vegáætlun.

Landssamband hestamanna ákveður skiptingu þessarar fjárveitingar milli hestamannafélaga og umdæmisverkfræðingar Vegagerðar ríkisins fylgjast með því að áætlaðar framkvæmdir séu inntar af hendi og greiða féð út. Einnig eru dæmi um að Vegagerðin annist framkvæmdir fyrir hestamannafélögin. Hinn 7. maí 1982 var undirritað samkomulag milli Landssambands hestamannafélaga og Vegagerðar ríkisins um gerð reiðvega. Samkomulag þetta er fylgiskjal með þessu frumvarpi. Ágreiningur varð fljótlega um túlkun þessa samkomulags.

Vandkvæði hafa þannig verið ýmis við gerð reiðvega og ástæða er einnig til að leggja áherslu á hlut sveitarfélaga og þátt reiðvega í skipulagi, en sveitarfélög eru öll skipulagsskyld samkvæmt skipulagslögum frá 1978.

Fylgiskjal.

Samkomulag milli Landssambands hestamannafélaga og Vegagerðar ríkisins um gerð reiðvega.
(7. maí 1982.)

1. gr.

Þegar stofnbrautir eða þjóðbrautir með bundnu slitlagi eru lagðar út frá þéttbýlissvæðum eða annars staðar, þar sem búast má við mikilli umferð, skal þess gætt að haga framkvæmdum á þann veg að umferð ríðandi manna megi verða sem greiðust, t.d. með gerð reiðvega á vegsvæði meðfram vegum ef þess er kostur, enda hafi komið um það tillaga frá samstarfsnefnd, sbr. 2. og 3. gr.

2. gr.

Í hverju umdæmi skal starfa samstarfsnefnd skipuð fulltrúa Vegagerðar ríkisins og tveimur fulltrúum frá Landssambandi hestamannafélaga.

3. gr.

Samstarfsnefndir skulu fylgjast með áætlunum um gerð þjóðvega með bundnu slitlagi og semja álitsgerðir um lausn á umferðarmálum ríðandi manna sem lagðar skulu fyrir hönnunaraðila til athugunar og eftirbreytni með hæfilegum fyrirvara.

Samstarfsnefnd skal jafnan eiga aðgang að upplýsingum hjá hönnunaraðila um reiðvegi sem áformað er að gera.

Samstarfsnefndir skulu jafnframt, þar sem þörf krefur, gera tillögur um gerð reiðleiða meðfram stofnbrautum og þjóðbrautum sem þegar hafa verið byggðar.

Þá skal samstarfsnefnd fylgjast með reiðleiðum sem gerðar verða samkvæmt framanskráðu og gera tillögur um viðhald þeirra eftir því sem þörf krefur.

4. gr.

Ágreiningi, sem upp kann að koma innan samstarfsnefndar, er heimilt að vísa til vegamálastjóra eða fulltrúa hans og stjórnar Landssambands hestamannafélaga sem ber að fjalla sameiginlega um ágreiningsmál og leita lausnar á þeim.

Nd. 581. Frumvarp til laga [333. mál]

um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson, Guðni Ágústsson,
Ólafur Þ. Þórðarson, Alexander Stefánsson.

1. gr.

Á eftir 1. gr. laganna komi ný grein er verði 2. gr. og orðist svo:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — hóffjaðragjald — af hóffjöðrum. Gjald þetta skal nema 2 kr. á hverja hóffjöður. Innlendir framleiðendur skulu einnig greiða hóffjaðragjald. Innflutningsgjaldið skal greitt í tolli en gjalddagar innlendra framleiðenda skulu vera tveir, 1. janúar og 1. júlí ár hvert, en eindagi mánuði síðar.

Hóffjaðragjald skal fylgja vísitölu byggingarkostnaðar.

2. gr.

2. gr. laganna, sem verður 3. gr. orðist svo:

Gjöld samkvæmt ákvæðum 1. og 2. gr. skulu innheimt til ríkissjóðs. Tekjum samkvæmt lögum þessum skal einungis varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun nema tekjum skv. 2. gr. sem skal varið til að gera reiðvegi samkvæmt reiðvegaáætlun sem samgönguráðherra lætur gera til fjögurra ára í senn í samvinnu við samtök hestamanna og sveitarfélaga. Ríkissjóður skal að auki leggja til gerðar reiðvega jafnvirði hóffjaðragjalds næsta ár á undan.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi um breytingu á vegalögum og þingsályktunartillögu um gerð reiðvegaáætlunar.

Með frumvarpi til breytinga á vegalögum er Vegagerð ríkisins ótvírætt falið það verkefni að sjá um gerð reiðvega samkvæmt reiðvegaáætlun sem samgönguráðherra lætur gera í samvinnu við samtök hestamanna og sveitarfélaga. Sú áætlun á að fela í sér forgangsröðun verkefna og vera gerð til fjögurra ára í senn.

Það frumvarp, sem hér er flutt, nær til tekjuöflunar vegna reiðvegagerðar. Reiðvegafé 1989 er um það bil 4 millj. kr. og engan veginn nægjanlegt til framkvæmda þegar hestamennska er svo vinsæl og vaxandi sem raun ber vitni og umferð ríðandi manna eykst jafnhliða umferð bifreiða.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að lagt verði á sérstakt „hóffjaðragjald.“ Gera má ráð fyrir að 7–8 þúsund manns stundi hestamennsku nú um þessar mundir og eigi hver að meðaltali um fjóra hesta. Ef gert er ráð fyrir að 30 hóffjaðrir fari í járningu og járnað sé að jafnaði fimm sinnum á ári gæti tveggja króna gjald á hverja hóffjöður gefið tekjur til reiðvegagerðar sem nema um 10 millj. kr. á ári. Gert er ráð fyrir að gjaldið fylgi byggingarvísitölu. Þannig gæti féð ásamt reiðvegafé á fjárlögum bætt mjög úr og aukið framkvæmdir, en gera verður ráð fyrir að sveitarfélög verji nokkru fé einnig til reiðvegagerðar.

Sþ. 582. Tillaga til þingsályktunar [334. mál]

um einkavæðingu.

Flm.: Kristinn Pétursson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að efna nú þegar til samkeppni um tillögur um einkavæðingu með sölu ríkisfyrirtækja og hvernig skuli að henni staðið.

Greinargerð.

Öllum er ljós sá vandi sem við blasir í ríkisfjármálum. Til þess að leysa hluta þessa vanda er nærtækt ráð að selja ríkisfyrirtæki og því er þessi tillaga flutt.

Eðlilegt er að standa að þessu með því að efna til samkeppni um tillögur um hvaða ríkisfyrirtæki skuli seld og hvernig skuli að því staðið. Einkarekstur hefur í hinum vestræna heimi reynst bestur kostur til að ná mestri hagkvæmni; þannig hafa lífskjör borgaranna í þessum heimshluta stórbatnað.

Það er mjög þýðingarmikið í ljósi nýafstaðinna kjarasamninga að leitað verði sem flestra leiða til þess að minnka fjárlagahallann. Sala á ríkisfyrirtækjum er mjög auðveld leið til þess að rétta af fjárlagahalla og því eðlilegt að efna til samkeppni nú þegar um hvaða fyrirtæki skuli

seld og hvernig skuli að því staðið. Samkeppni um þetta mál tryggir að margar góðar hugmyndir komi fram og þannig yrði hér um vandaða málsmeðferð að ræða. Eðlilegt væri að forsætis-, fjármála- og viðskiptaráðherra skipi einn mann hver í nefnd sem sæi um framkvæmd málsins.

Sþ. 583. Skýrsla [259. mál]

viðskiptaráðherra um fyrirhuguð kaup Landsbanka Íslands á hlutabréfum Sambands íslenskra samvinnufélaga í Samvinnubankanum hf., samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

Hinn 21. desember sl. var lögð fram á Alþingi á þskj. 459 beiðni um skýrslu frá viðskiptaráðherra um fyrirhuguð kaup Landsbanka Íslands á hlutabréfum Sambands íslenskra samvinnufélaga í Samvinnubanka Íslands hf.

Ráðuneytið óskaði þá eftir upplýsingum um kaupin frá Landsbanka Íslands jafnframt því sem beðið var um álit Seðlabanka Íslands og Ríkisendurskoðunar á þeim. Alltímafrekt hefur reynst að afla gagna og vinna síðan álitsgerðir á grundvelli þeirra, enda hafa áformin tekið breytingum síðan beiðnin um skýrsluna var lögð fram. Því hefur nokkur töf orðið á gerð skýrslunnar.

Forráðamenn Landsbankans telja kaupin nú afráðin, en þegar skýrsla þessi er samin hafa hlutabréfin þó ekki skipt formlega um eigendur.

1. Aðdragandi kaupanna.

Upphaf málsins er að á sl. vori hófust að frumkvæði Landsbankans viðræður milli bankastjóra Landsbanka Íslands og forsvarsmanna Sambands íslenskra samvinnufélaga um kaup bankans á hlutabréfum Sambandsins í Samvinnubanka Íslands hf. Viðræðunum lauk 1. september sl. með því að Sverrir Hermannsson, bankastjóri Landsbankans, og Guðjón B. Ólafsson, forstjóri Sambands íslenskra samvinnufélaga, undirrituðu eftirfarandi skjal:

Minnisatriði vegna samnings um kaup á hlutabréfum
Sambands íslenskra samvinnufélaga í Samvinnubanka Íslands hf.

Í framhaldi af eftirfarandi sameiginlegri fréttatilkynningu í dag varðandi kaup Landsbankans á hlutabréfaeign Sambandsins í Samvinnubanka Íslands hf.:

„Frá því snemma á þessu ári hafa átt sér stað ítarlegar viðræður á milli Sambands íslenskra samvinnufélaga og Landsbanka Íslands um hugsanleg kaup bankans á hlutabréfaeign Sambandsins í Samvinnubanka Íslands hf.

Á fundi viðræðunefndanna í dag náðist samkomulag á milli aðila um þessi kaup, að áskildu samþykki bankaráðs Landsbankans og Sambandsstjórnar og með fyrirvara um ýmis mál sem tengjast sölu hlutabréfanna og samskiptum aðila. Stefnt er að því að endanlegum samningum verði lokið fyrir októberlok næstkomandi. Það er ósk Landsbankans að stjórn Samvinnubankans verði óbreytt þar til formlegir samningar hafa verið undirritaðir.

Reykjavík, 1. september 1989.

F.h. Landsbanka Íslands.	F.h. Sambands íslenskra samvinnufélaga.
Sverrir Hermannsson	*Guðjón B. Ólafsson*
bankastjóri.	forstjóri.“

vilja hlutaðeigendur gera áskilnað og/eða leggja fram óskir um að eftirfarandi málum verði ráðið til lykta áður en formlegar skuldbindingar verða undirritaðar í sambandi við kaup bankans á umræddri hlutabréfaeign Sambandsins.

Af hálfu Landsbanka Íslands:

1. Að bankaráð Landsbanka Íslands samþykki kaupin.
2. Að Seðlabanki Íslands aðstoði vegna kaupanna.
3. Að samkomulag náist um greiðslukjör og fyrirkomulag.
4. Að nægilegar tryggingar séu lagðar fram af hálfu Sambandsins vegna skuldastöðu þess hjá báðum bönkunum.
5. Að gerð verði viðunandi grein fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu Sambandsins og bankanum veittur aðgangur að milliuppgjörum fyrirtækisins.

Einnig að rekstrar- og fjárfestingaráætlanir Sambandsins verði kynntar bankastjórn þegar þær liggja fyrir.

Af hálfu Sambands íslenskra samvinnufélaga:

1. Að sala hlutabréfanna í bankanum grundvallist á reikningum hans pr. 31. des. 1988 og þáverandi skráðri hlutfjáreign samtals að nafnverði 348.222.965 kr. Kaupverðið á 52% hlut Sambandsins nemur alls 828 m.kr. og miðast við 1. september 1989.
2. Að allir hluthafar pr. 31. des. 1988 njóti sama söluréttar ef þeir kjósa að selja eignarhluti sína.
3. Að söluandvirðið greiðist með eftirtöldum hætti (upphæðir í m.kr.):

a. Lækkun skulda við Samvinnubankann	300
b. Greitt vegna ýmissa gjaldfallinna inn- og erlendra skuldbindinga, þar á meðal víxlar í innheimtu hjá Landsbankanum	100
c. Landsbankinn veiti Sambandinu bráðabirgðalán vegna greiðslu opinberra gjalda í september	125
d. Eftirstöðvarnar greiðist á 3–5 árum með hliðstæðum kjörum og eru á helstu innlendum lánum Landsbankans gagnvart Sambandinu	303
	828

4. Að tryggt verði að Sambandið njóti í 15 ár sömu heildar „portfólíó“ hjá Landsbankanum eftir kaupin og það naut hjá báðum bönkunum sameiginlega þegar samningar nást.
5. Að Sambandið njóti eðlilegrar lánaaukningar hjá Landsbankanum ef umsvif þess aukast í þjóðfélaginu.
6. Að tryggt verði að allt starfsfólk Samvinnubankans njóti atvinnuöryggis til jafns við starfsmenn Landsbankans eftir kaupin.
7. Að Landsbankinn skoði með velvilja yfirtöku innlánsdeilda kaupfélaganna ef fram koma óskir viðkomandi stjórna eða aðalfunda í því efni.
8. Að lánafyrirgreiðsla Landsbankans og Samvinnubankans sameiginlega, gagnvart kaupfélögum og dóttur- og samstarfsfyrirtækjum í eigu samvinnuhreyfingarinnar, verði ekki skert.
9. Að tryggt verði að lífeyrissjóðsréttindi starfsmanna Samvinnubankans rýrni ekki með hugsanlegri tilfærslu réttinda þeirra á milli kerfa.
10. Að reynt verði að leysa öll fyrirsjáanleg ágreiningsmál varðandi þessa hlutabréfasölu og samskipti á milli aðila með gagnkvæma hagsmuni í huga.

Reykjavík, 1. september 1989.

F.h. Landsbanka Íslands.
Sverrir Hermannsson.

F.h. Sambands íslenskra samvinnufélaga.
Guðjón B. Ólafsson.

Þegar skjal þetta var lagt fyrir bankaráðsfund Landsbanka Íslands 10. september 1989 var þar ágreiningur um málið og meðferð þess, einkum varðandi samskipti bankastjórnar og bankaráðs. Niðurstaða bankaráðsins varð sú að samþykkja tillögu bankastjórnar þess efnis að bankinn keypti 52% hlut Sambands íslenskra samvinnufélaga í Samvinnubanka Íslands hf. fyrir 828 millj. kr. Var samþykktin gerð með þremur atkvæðum gegn tveimur, en tveir þeirra bankaráðsmanna, sem greiddu atkvæði með kaupunum, gerðu fyrirvara um kaupverðið.

Nánar frá greint var tillaga bankastjórnar sem hér segir:

„Bankaráð Landsbanka Íslands samþykkir að bankinn kaupi hlut Sambands íslenskra samvinnufélaga í Samvinnubanka Íslands hf., sem er 52% af hlutafé bankans, fyrir 828 millj. kr. Jafnframt gefur bankaráðið bankastjórum umboð til að ljúka samningsgerð um málið við SÍS með vísun til fyrirvara af hálfu Landsbankans, sbr. minnisatriði um kaupin milli aðila, dags. 1. september sl., en fullbúinn samningur yrði síðan lagður fyrir bankaráðið.

Enn fremur felur bankaráðið bankastjórn að hefja samninga við aðra hluthafa í Samvinnubankanum um kaup á hlutum þeirra."

Fyrirvari Kristins Finnbogasonar og Jóns Þorgilssonar bankaráðsmanna, sem greiddu atkvæði með tillögu bankastjórnar, var svohljóðandi:

„Við samþykkjum tillögu bankastjórnar en gerum fyrirvara um endanlegt kaupverð ef í ljós kemur að eignir Samvinnubankans séu í reynd aðrar en fram kemur í þeim gögnum sem við höfum séð."

Þegar samþykkt þessi lá fyrir óskaði viðskiptaráðherra eftir greinargerð frá Landsbanka Íslands um málið. Eftir að slík greinargerð barst ráðuneytinu var fjallað um hana á fundi sem viðskiptaráðherra átti með bankastjórn Landsbankans 19. september. Taldi ráðherra greinargerð bankans eigi fullnægjandi og óskaði eftir ítarlegri upplýsingum um hin áformuðu kaup. Var því fylgt eftir með minnisblaði til bankastjórnar Landsbankans sama dag. Jafnframt var óskað álitsgerða um málið frá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands og Ríkisendurskoðun.

Landsbankinn vann síðan að nánari athugunum á fjárhag Samvinnubanka Íslands hf. í samvinnu við forsvarsmenn síðarnefnda bankans og leiddu þær athuganir til þess að 29. desember samþykkti bankaráð Landsbankans samhljóða að gera stjórn Sambands íslenskra samvinnufélaga eftirfarandi tilboð:

„Með vísan til breytinga á lögum um viðskiptabanka sem öðlast gildi 1. janúar 1990 samþykkir bankaráð Landsbanka Íslands að gera eftirfarandi tilboð í hlutabréf Sambands íslenskra samvinnufélaga í Samvinnubanka Íslands hf.:

1. Landsbankinn skuldbindur sig til að kaupa hlutabréf Sambandsins í Samvinnubankanum fyrir 605 millj. kr., en hlutabréfaeignin er 51,997% af heildarhlutafé bankans.
2. Kaupverð skal að öllu leyti ganga til greiðslu skulda Sambandsins við Landsbankann.
3. Við samþykkt tilboðsins fellur sameiginleg viljayfirlýsing bankastjóra Landsbankans og forstjóra Sambandsins úr gildi.
4. Kaupin öðlast gildi frá og með 1. janúar 1990.
5. Áfram verður unnið að samkomulagi um viðbótartryggingar á viðskiptum Sambandsins við Landsbankann."

Forstjóri Sambands íslenskra samvinnufélaga svaraði tilboðinu 15. janúar með því að skýra frá eftirfarandi samþykkt stjórnar Sambands íslenskra samvinnufélaga frá 5. janúar sl.

„Stjórn Sambands íslenskra samvinnufélaga samþykkir að Sambandið taki tilboði Landsbanka Íslands, dags. 29. desember, í hlutabréf Samvinnubanka Íslands hf. sem eru í eigu Sambandsins.

Hér er um 51,997% hlutafjár í Samvinnubankanum að ræða.

Þetta er samþykkt í trausti þess að umtalsverð vaxtaleiðrétting fáist vegna þess mikla dráttar sem orðið hefur á afgreiðslu málsins.

Þess er einnig vænst að eigendur annars hlutafjár í Samvinnubanka Íslands eigi kost á að selja hlutabréf sín á ekki lakari kjörum en Sambandið selur nú."

Bankastjórn Landsbanka Íslands lítur svo á að með þessari samþykkt stjórnar Sambands íslenskra samvinnufélaga sé tilboð Landsbankans frá 29. desember samþykkt.

Vísan til breytinga á lögum um viðskiptabanka, sem gerð er í tilboðinu, á við um lög nr. 120/1989, en samkvæmt þeim getur Landsbankinn ráðið meiri hluta bankaráðs Samvinnubanka Íslands hf. með 52% hlutafjáreign í bankanum. Ekki er fyrirhugaður samruni bankanna að svo stöddu, en Landsbankinn hyggst ná fram verulegum sparnaði í rekstri beggja bankanna með náinni samvinnu þeirra. Er í því sambandi nefnd einföldun á útibúaneti bankanna tveggja þar sem það fellur saman og samrekstur ýmissa stoðdeilda, svo sem á sviði gjaldeyris- og verðbréfaviðskipta, tæknimála, birgðavörslu, markaðsmála o.fl.

Við kaupin tekst Landsbankinn á hendur að greiða kaupverð hlutabréfanna á móti samsvarandi uppgreiðslu skulda Sambandsins við bankann. Viðskipti Sambandsins eru hins vegar til stöðugrar skoðunar hjá bankanum enda fyrirtækið stærsti viðskiptaaðili Landsbankans. Að mati Landsbankans er eignasala fyrirtækisins skref í þá átt að rétta hag fyrirtækisins við. Sem viðskiptabanki þess telur Landsbankinn rétt að styðja þá viðleitni að því marki sem slíkt samrýmist hagsmunum bankans sjálfs og eigenda innstæðna.

2. Álit bankaeftirlits Seðlabankans.

Viðskiptaráðuneytið óskaði, eins og að framan greinir, 19. september sl. eftir álitsgerðum Seðlabanka Íslands og Ríkisendurskoðunar á kaupum hlutabréfanna og var sú ósk ítrekuð í ljósi nýrra aðstæðna 5. janúar sl.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur gert athuganir á nokkrum þáttum í rekstri og efnahag Samvinnubanka Íslands hf. og Landsbanka Íslands og gert skýrslur um þær athuganir. Skýrslur þessar hafa verið ræddar við bankastjórnir bankanna tveggja og sendar viðskiptaráðuneytinu ásamt álitsgerð um kaup Landsbankans á hlutabréfunum í Samvinnubankanum, en ekki er hægt að greina frá efni þeirra í einstökum atriðum sökum leyndarskyldu. Þó er hægt að skýra frá því að í álitsgerð Seðlabankans kemur m.a. fram að eigið fé Landsbanka Íslands nam samkvæmt bráðabirgðauppgjöri 31. desember sl. 5,3 milljörðum króna. Eigið fé Samvinnubanka Íslands hf. nam á sama tíma 780 millj. kr. samkvæmt bráðabirgðauppgjöri. Í skýrslum Seðlabankans kemur fram það álit að endurmeta þurfi og afla nýrra greiðslutrygginga fyrir skuldbindingum Sambands íslenskra samvinnufélaga gagnvart bönkunum báðum og hefur verið að því unnið að koma tryggingum bankanna vegna útlána til Sambandsins í viðunandi horf í samvinnu við stjórn Sambandsins. Bendir Landsbankinn á að umrædd hlutabréfakaup bæti að sjálfsögðu stöðu Sambandsins við Landsbankann, en aðrar aðgerðir muni einnig bæta hér úr.

Seðlabankinn leggur ekki mat á það verð sem Landsbankinn greiðir fyrir hlutabréfin, en fram kemur að eiginfjárhlutfall á hugsanlegum samstæðureikningi bankanna yrði 6,4% eða 6,1% eftir því hvor tilgreindra aðferða er notuð við útreikninginn. Til samanburðar ná nefna að eiginfjárhlutfall Landsbankans reiknað með sömu aðferðum er samkvæmt bráðabirgðauppgjöri um síðustu áramót 7,1% eða 6,9%. Lágmarkshlutfall eigin fjár samkvæmt viðskiptabankalögum er til samanburðar 5%.

3. Álit Ríkisendurskoðunar.

Í álitsgerð Ríkisendurskoðunar er m.a. bent á að upphaflegt verð, sem nefnt var í viljayfirlýsingu Sverris Hermannssonar og Guðjóns B. Ólafssonar frá 1. september sl., hafi verið byggt á því að af samruna bankanna yrði og að Landsbankinn fengi verulegan hagnað af slíkum samruna. Það verð, sem síðan sé nefnt í tilboði bankaráðsins frá 29. desember 1989, hafi tekið mið af upphaflegu verði að teknu tilliti til ákveðinna leiðréttinga sem nánari

athugun á reikningum Samvinnubankans hafi gefið tilefni til. Samkvæmt því sé heildarverð allra hlutabréfa Samvinnubankans um 1,1 milljarður króna miðað við sama verð á öllum bréfunum. Hins vegar telur Ríkisendurskoðun að virði alls hlutafjár Samvinnubanka Íslands hf. á hendur Landsbankans sé um 900 millj. kr. Nákvæmt mat hljóti þó að byggjast á því hvaða hagnað Landsbankinn geti haft af sameiginlegum rekstri bankanna og hvort Landsbankanum takist að halda meginhluta innlánsviðskipta Samvinnubankans eins og þau nú eru. Þá skipti hér máli hvaða arðgjafarkrafa sé gerð, en Ríkisendurskoðun miði við 8-10% arðgjafarkröfu á ári.

Fyrirhugað sé að reka Samvinnubankann áfram a.m.k fyrst um sinn sem sjálfstæða einingu, en með víðtækri samvinnu við Landsbankann. Hagnaður af slíkri samvinnu geti ekki alfarið fallið Landsbankanum í hlut, heldur þurfi að skipta honum milli Landsbankans og Samvinnubanka Íslands hf. þar sem eigendur að minni hluta hlutafjár njóti hans í útborguðum arði.

Að öllu athuguðu lítur Ríkisendurskoðun því svo á að kaup Landsbankans á hlut Sambands íslenskra samvinnufélaga í Samvinnubankanum þjóni ekki tilgangi nema til komi frekari hlutafjárkaup þannig að Landsbankinn fái atkvæðamagn sem nægi til þess að sameina bankarekstur Samvinnubankans að fullu rekstri Landsbankans með yfirtöku eða samruna.

Bréf Ríkisendurskoðunar til viðskiptaráðherra, sem hér hefur verið vitnað til, fylgir með skýrslu þessari sem fylgiskjal.

4. Eiginfjárstaða Sambandsins.

Á þskj. 459 er óskað upplýsinga um hvort líkur séu á að Landsbanki Íslands og Samvinnubanki Íslands hf. þurfi að afskrifa lán vegna Sambands íslenskra samvinnufélaga og fjárhagslega tengdra fyrirtækja. Samkvæmt nýjum upplýsingum um fjárhag Sambandsins er eiginfjárstaða þess enn viðunandi, en af fjárhagslega tengdum fyrirtækjum, sem hér geta komið til álita, nefnir Landsbankinn fiskeldisstöðina Íslandslax sem að hluta er í eigu Sambandsins og hefur verið tekin til gjaldþrotaskipta. Fyrirtækið hefur verið í viðskiptum við Landsbankann.

5. Hugsanlegur atbeini Seðlabankans.

Á þskj. 459 er spurt hvort ríkissjóður eða Seðlabanki Íslands þurfi að greiða fyrir umræddum viðskiptum. Á sl. hausti, þegar Landsbanki Íslands hugðist kaupa öll hlutabréf í Samvinnubanka Íslands hf., ræddi bankastjórn Landsbankans óformlega um það við Seðlabankann hvort lánafyrirgreiðsla hins síðarnefnda kæmi til greina. Ekki var undir það tekið og hefur Landsbankinn ekki farið fram á slíkt síðan.

6. Lög um viðskiptabanka og kaupin.

Samkvæmt 1. mgr. 28. gr. laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, er þeim heimilt að eiga hlut í félögum með takmarkaðri ábyrgð sem reka viðskiptabankastarfsemi, aðra starfsemi sem skyld er þeirri starfsemi eða í eðlilegum tengslum við hana. Bókfært virði á hlut viðskiptabanka í slíku félagi og lánum, sem bankinn hefur veitt félaginu, má ekki nema hærri fjárhæð en svarar til 20% af eigin fé bankans miðað við upphaf reikningsárs.

Kaup Landsbankans á 52% hlutabréfa í Samvinnubankanum fyrir 605 millj. kr. rúmast innan þessara marka miðað við eigið fé Landsbankans í ársbyrjun 1989 og miðað við að kaupverðið sé eignfært að fullu. Miðað við eigið fé Landsbankans í árslok 1989 samkvæmt bráðabirgðauppgjöri og óbreytt verð á hlutabréfunum gæti Landsbankinn keypt tæplega 88% af hlutabréfum í Samvinnubankanum innan umræddra 20% marka.

Bankaráð Landsbanka Íslands fer með stjórn bankans og hefur ákvörðunarvald um þau kaup sem hér er um fjallað skv. b-lið 21. gr. viðskiptabankalaga. Tilboð bankaráðsins í hlutabréfin frá 29. desember er því bindandi fyrir Landsbankann að áliti viðskiptaráðuneytisins.

Samruni hlutafélagsbanka og yfirtaka ríkisviðskiptabanka á starfsemi annarra innlánsstofnana er háð leyfi viðskiptaráðherra, en slíkt á ekki við að svo stöddu þar eð Samvinnubankinn verður rekinn áfram sem sjálfstæð stofnun.

Leyfi ráðherra þarf hins vegar til ef Landsbankinn yfirtekur rekstur Samvinnubankans síðar. Sú spurning hefur reyndar vaknað hvort þá þurfi e.t.v. einnig sérstaka lagaheimild, sbr. athugasemdir í frumvarpi til núgildandi viðskiptabankalaga þar sem segir m.a. til skýringar við 50. gr.: „Um samruna ríkisviðskiptabanka innbyrðis eða við aðrar innlánsstofnanir þarf sérstaka lagaheimild hverju sinni." Hér er greinarmunur gerður á „samruna" og „yfirtöku" án þess að hugtökin séu nánar skýrð. Ráðuneytið mun láta kanna nánar hvaða skilning sé rétt að leggja í þessa lagagrein.

Þá mun ráðuneytið vekja athygli á því að í samvinnu bankanna verður að hafa í huga ákvæði 22. gr. viðskiptabankalaganna sem segir að við ákvörðun vaxta og þjónustugjalda sé viðskiptabanka óheimilt að hafa samráð við aðrar innlánsstofnanir.

Fylgiskjal.

Bréf Ríkisendurskoðunar til viðskiptaráðherra.

Vísað er til bréfs yðar, dags. 19. september 1989, og bréfs viðskiptaráðuneytisins frá 5. janúar 1990 þar sem óskað er eftir samvinnu við Ríkisendurskoðun um efnisöflun við gerð skýrslu um fyrirhuguð kaup Landsbanka Íslands á hlutabréfum í Samvinnubanka Íslands hf. sem leggja á fyrir Alþingi. Í þessu sambandi telur Ríkisendurskoðun rétt að benda á að skv. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 12/1986 um stofnunina ber henni að endurskoða m.a. reikninga ríkisbankanna. Á sama hátt er í 40. gr. laga um viðskiptabanka, nr. 86/1985, með síðari breytingum, kveðið á um þetta hlutverk Ríkisendurskoðunar.

Í framhaldi af bréfi yðar og í samræmi við framangreint hlutverk stofnunarinnar ritaði Ríkisendurskoðun bankastjórn Landsbanka Íslands bréf, dags. 20. september 1989, þar sem óskað var eftir upplýsingum um samningaviðræður milli Landsbanka Íslands og Sambands íslenskra samvinnufélaga um fyrirhuguð kaup bankans á hlut Sambandsins í Samvinnubanka Íslands hf.

I.

Þann 1. september 1989 undirrituðu Sverrir Hermannsson bankastjóri, f.h. Landsbanka Íslands, og Guðjón B. Ólafsson forstjóri, f.h. Sambands íslenskra samvinnufélaga, svonefnd minnisatriði vegna samnings um kaup á hlutabréfum Sambands íslenskra samvinnufélaga í Samvinnubanka Íslands hf. Þar segir m.a.:

„Frá því snemma á þessu ári hafa átt sér stað ítarlegar viðræður á milli Sambands íslenskra samvinnufélaga og Landsbanka Íslands um hugsanleg kaup bankans á hlutabréfaeign Sambandsins í Samvinnubanka Íslands hf.

Á fundi viðræðunefndanna í dag náðist samkomulag á milli aðila um þessi kaup, að áskildu samþykki bankaráðs Landsbankans og Sambandsstjórnar og með fyrirvara um ýmis mál sem tengjast sölu hlutabréfanna og samskiptum aðila. Stefnt er að því að endanlegum samningum verði lokið fyrir októberlok næstkomandi. Það er ósk Landsbankans að stjórn Samvinnubankans verði óbreytt þar til formlegir samningar hafa verið undirritaðir."

Í yfirlýsingunni vildu hlutaðeigendur gera áskilnað og/eða leggja fram óskir um að tiltekin mál yrðu ráðin til lykta áður en endanlegar skuldbindingar yrðu undirritaðar í sambandi við kaup Landsbankans á umræddri hlutabréfaeign Sambandsins.

Af hálfu Landsbanka Íslands var gerður áskilnaður um:

Að bankaráð Landsbanka Íslands samþykkti kaupin.

Að Seðlabanki Íslands aðstoðaði vegna kaupanna.

Af hálfu Sambands íslenskra samvinnufélaga var því lýst yfir:

Að sala hlutabréfa bankans grundvallaðist á reikningum hans 31. des. 1988 og þáverandi skráðri hlutabréfaeign að nafnverði 348.222.965 kr. Kaupverð á 52% hlut Sambandsins skyldi nema alls 828 millj. kr. og miðast við 1. september 1989.

Að allir hluthafar 31. des. 1988 skyldu njóta sama söluréttar ef þeir kysu að selja eignarhlut sinn.

Þann 10. september 1989 var haldinn fundur í bankaráði Landsbanka Íslands og þar var gerð eftirfarandi samþykkt um mál þetta með þremur atkvæðum gegn tveimur.

„Bankaráð Landsbanka Íslands samþykkir að bankinn kaupi hlut Sambands íslenskra samvinnufélaga í Samvinnubanka Íslands hf., sem er 52% af hlutafé bankans, fyrir 828 millj. kr. Jafnframt gefur bankaráðið bankastjórum umboð til að ljúka samningsgerð um málið við SÍS með vísun til fyrirvara af hálfu Landsbankans, sbr. minnisatriði um kaupin milli aðila, dags. 1. september sl., en fullbúinn samningur yrði síðan lagður fyrir bankaráðið.

Enn fremur felur bankaráðið bankastjórn að hefja samninga við aðra hluthafa í Samvinnubankanum um kaup á hlutum þeirra."

Á fundinum var samþykkt svohljóðandi fréttatilkynning:

„Á fundi bankaráðs Landsbanka Íslands í dag var samþykkt að bankinn kaupi hlut Sambands íslenskra samvinnufélaga í Samvinnubanka Íslands hf. en hlutur Sambandsins nemur 52% af hlutafé Samvinnubankans. Kaupverð er 828 millj. kr.

Bankaráðið gaf bankastjórn umboð til að ljúka samningsgerð um kaupin en báðir samningsaðilar hafa fyrirvara um ýmis atriði málsins. Af hálfu Landsbankans lúta fyrirvarar m.a. að greiðslukjörum, greiðslutilhögun og aðstoð stjórnvalda, einkum Seðlabanka, við kaupin. Gert er ráð fyrir að endanlegur samningur verði lagður fyrir bankaráð eigi síðar en 1. nóvember nk.

Á bankaráðsfundinum var bankastjórninni jafnframt falið að hefja samninga við aðra hluthafa í Samvinnubankanum um kaup Landsbankans á hlutum þeirra. Er ætlunin að ljúka þeim samningum svo hratt sem framast er kostur og sameina Samvinnubankann Landsbankanum. Næstu daga verða hafnar viðræður við viðskiptaráðherra vegna samrunans sem er háður leyfi ráðherra lögum samkvæmt."

Í framhaldi af samþykkt bankaráðs Landsbanka Íslands 10. september 1989 hófst samningagerð aðila og var þrem starfsmönnum Landsbanka Íslands falið að vinna að henni með bankastjórn Landsbanka Íslands. Í framhaldi af þeim viðræðum ákvað bankaráð Landsbanka Íslands 29. desember 1989 samhljóða að gera kauptilboð í hlutabréf Sambands íslenskra samvinnufélaga í Samvinnubanka Íslands hf. Kauptilboðið hljóðaði svo:

„Með vísan til breytinga á lögum um viðskiptabanka sem öðlast gildi 1. janúar 1990 samþykkir bankaráð Landsbanka Íslands að gera eftirfarandi tilboð í hlutabréf Sambands íslenskra samvinnufélaga í Samvinnubanka Íslands hf.:

1. Landsbankinn skuldbindur sig til að kaupa hlutabréf Sambandsins í Samvinnubankanum fyrir 605 millj. kr. en hlutabréfaeignin er 51.997% af heildarhlutafé bankans.
2. Kaupverðið skal að öllu leyti ganga til greiðslu skulda Sambandsins við Landsbankann.
3. Við samþykkt tilboðsins fellur sameiginleg viljayfirlýsing bankastjóra Landsbankans og forstjóra Sambandsins úr gildi.
4. Kaupin öðlast gildi frá og með 1. janúar 1990.
5. Áfram verði unnið að samkomulagi um viðbótartryggingar á viðskiptum Sambandsins við Landsbankann."

Í bréfi forstjóra Sambands íslenskra samvinnufélaga, Guðjóns B. Ólafssonar, dags. 15. janúar 1990, er kauptilboð Landsbanka Íslands frá 29. desember 1989 samþykkt af hálfu Sambands íslenskra samvinnufélaga. Í nefndu bréfi kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Með vísun til ítarlegra viðræðna og kauptilboðs bankaráðs Landsbanka Íslands, dagsett 29. desember 1989, samþykkti Sambandsstjórn eftirfarandi á fundi sínum 5. janúar 1990:

„Stjórn Sambands íslenskra samvinnufélaga samþykkir að Sambandið taki tilboði Landsbanka Íslands, dags. 29. desember 1989, í hlutabréf Samvinnubanka Íslands hf. sem eru í eigu Sambandsins.

Hér er um 51.997% hlutafjár í Samvinnubankanum að ræða.

Þetta er samþykkt í trausti þess að umtalsverð vaxtaleiðrétting fáist vegna þess mikla dráttar sem orðið hefur á afgreiðslu málsins.

Þess er einnig vænst að eigendur annars hlutafjár í Samvinnubanka Íslands eigi kost á að selja hlutabréf sín á ekki lakari kjörum en Sambandið selur nú."

Með vísun til tveggja seinustu málsgreina þessarar samþykktar vona ég að sem fyrst verði unnt að ganga tryggilega frá þeim atriðum sem þar eru nefnd."

Af þessu tilefni er rétt að vekja athygli á 9. gr. laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, en þar segir að yfirstjórn ríkisviðskiptabanka sé „í höndum viðskiptaráðherra og bankaráða svo sem fyrir er mælt í lögum þessum". Í 21. gr. sömu laga er nánar mælt fyrir um hlutverk bankaráða viðskiptabankanna. Samkvæmt b-lið greinarinnar skulu bankaráðin taka ákvarðanir um kaup og sölu hlutabréfa og annarra eignarhluta í félögum (stofnunum) sem bankinn á aðild að. Ekki er að finna í lögunum fyrirmæli um að ráðherra þurfi að staðfesta ákvarðanir bankaráða af þessu tagi. Á hinn bóginn þarf samþykki ráðherra fyrir samruna banka við aðrar innlánsstofnanir, sbr. d-lið 21. gr. laganna, sbr. 50. gr. þeirra og lög nr. 120/1989, um breytingu á lögum um viðskiptabanka.

Með vísan til þess sem að ofan segir er að mati Ríkisendurskoðunar ljóst að kauptilboð bankaráðs Landsbanka Íslands í hlutabréf SÍS frá 29. desember, sem lagt var fram án nokkurs fyrirvara, er bindandi fyrir bankann.

Ríkisendurskoðun vill taka fram í þessu sambandi að stofnunin fékk ekki tækifæri til að láta í ljós álit sitt á kauptilboðinu áður en það var sett fram en Ríkisendurskoðun hafði óskað eftir því við bankastjórn Landsbanka Íslands á fyrri stigum málsins.

II.

Allt frá upphafi viðræðna um kaup Landsbanka Íslands á Samvinnubanka Íslands hf. virðist sem af hálfu bankastjórnar Landsbanka Íslands hafi fyrst og fremst verið stefnt að samruna bankanna. Ávinningur Landsbankans af kaupum á Samvinnubankanum mundi skila sér því fyrr sem þetta markmið næði fram að ganga, en þessi ávinningur er talinn jafngilda kaupverði bankans. Allir útreikningar á virði Samvinnubankans í hendi Landsbanka Íslands voru við þetta miðaðir. Samþykkt bankaráðs Landsbankans frá 10. september 1989 um kaup á hlutabréfum Sambandsins í Samvinnubankanum að fjárhæð 828 millj. kr. byggðist á þessum forsendum með ákveðnum fyrirvörum, svo sem vantöldum lífeyrisskuldbindingum bankans við starfsmenn og mati á taphættu útlána. Þannig sýnist Landsbankinn í reynd hafa lýst vilja á að kaupa allan Samvinnubanka Íslands fyrir um 1,6 milljarða króna með fyrrnefndum fyrirvörum.

Að mati Ríkisendurskoðunar felur samþykkt bankaráðsins frá 29. desember 1989 aðeins í sér ákvörðun um kaup á um 52% hlutabréfa í Samvinnubankanum án nokkurrar skuldbindingar eða yfirlýsinga um kaup á öðrum hlutabréfum í Samvinnubanka Íslands hf. Þá lítur Ríkisendurskoðun svo á að ætla megi að kaupverð á hlutabréfaeign Sambandsins í Samvinnubanka Íslands hf. hafi tekið mið af tilboði Landsbankans frá 10. september, að teknu tilliti til mats á þeim fyrirvörum sem þar voru tilgreindir, þ.e. skuldbindingum vegna lífeyrisréttinda

starfsmanna og mati á töpuðum útlánum. Samkvæmt því tilboði yrði heildarkaupverð á hlutabréfum í Samvinnubanka Íslands hf. öllum um 1,1 milljarður króna.

Í bréfi Landsbanka Íslands til Ríkisendurskoðunar frá 8. janúar 1989 segir m.a.:

„Með kaupunum er stefnt að samruna Samvinnubankans við Landsbankann. Þó er gert ráð fyrir að Samvinnubankinn verði um nokkra hríð starfræktur áfram sem sjálfstætt hlutafélag. Verður sá tími notaður til að hagræða og samræma ýmsa þætti í rekstri bankanna. Fellur það starf saman við fyrirhugaðar skipulagsbreytingar innan Landsbankans sjálfs í kjölfar úttektar ráðgjafarfyrirtækisins Spicer and Oppenheim á bankanum."

Af þessu tilefni er rétt að fram komi að skv. 2. mgr. 1. gr. laga um viðskiptabanka gilda ákvæði hlutafélagalaga nr. 32/1978, með síðari breytingum, um hlutafélagsbanka nema á annan veg sé sérstaklega mælt fyrir í lögum um viðskiptabanka. Samkvæmt 63. gr. hlutafélagalaga nr. 32/1978, með síðari breytingum, fer hluthafafundur með æðsta vald í málefnum hlutafélagsbanka. Samkvæmt 126. gr. hefur hluthafafundur einn vald til þess að taka ákvörðun um slit hlutafélags án skuldaskila með þeim hætti að félagið sé algerlega sameinað öðru hlutafélagi. Þegar ákvörðun um samruna er tekin skal gætt fyrirmæla 76. gr. laganna um hlutafélög um aukinn meiri hluta atkvæða, þ.e. samþykki ⅔ greiddra atkvæða og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundi. Að auki verður að virða frekari fyrirmæli í félagssamþykktum varðandi samruna sé um þau að ræða.

Með vísan til þess sem að ofan er rakið má ljóst vera að gegn vilja annarra hluthafa getur Landsbankinn ekki í krafti tæplega 52% hlutar í Samvinnubanka Íslands hf. náð að knýja fram samruna eða félagsslit. Til þess að svo verði þarf hann að eiga 66,67% hlutafjárins eða meira.

Rétt er þó í þessu sambandi að benda á að af 2. gr. laga nr. 120/1989, um breyting á lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka, leiðir að hömlur 2. mgr. 6. gr. laganna um viðskiptabanka, í þá veru að enginn hluthafa í hlutafélagsbanka megi fara með fyrir sjálfs sín hönd eða annarra meira en ⅛ hluta samanlagðra atkvæða í bankanum, falla brott og tryggir það Landsbankanum atkvæðisrétt í samræmi við hlutafjáreign sína í Samvinnubankanum og þar með að öðru jöfnu meiri hluta atkvæða á hluthafafundum.

Í framhaldi af þessu er rétt að benda á að skv. 60. gr. hlutafélagalaga má félagsstjórn m.a. ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru fallnar til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins. Þá er í 78. gr. laganna á sama hátt kveðið á um að hluthafafundur geti ekki tekið ákvörðun sem bersýnilega er fallin til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa. Ákvæðum þessum er fyrst og fremst ætlað að veita einstökum hluthöfum eða minni hluta þeirra vernd. Af þessu má ljóst vera að Landsbankinn verður að taka fullt tillit til hagsmuna minni hlutans þegar og ef hann hyggst hrinda hagræðingaráformum þeim, sem um ræðir í minnisatriðum bankastjórnarinnar frá 8. janúar sl., í framkvæmd. Þannig verður t.d. að telja vafasamt að ákvarðanir nýrrar stjórnar Samvinnubankans um samdrátt í starfsemi hans í því skyni fyrst og fremst að auka hagnaðarvon eða efla á annan hátt starfsemi Landsbankans fái staðist í ljósi þessara ákvæða. Samræming, samvinna og skipulagsbreytingar, sem hafa það að markmiði að efla hag bankanna beggja, yrðu á hinn bóginn talin fullkomlega lögleg og eðlileg að mati Ríkisendurskoðunar.

Loks er ekki úr vegi að minna á ákvæði 4. mgr. 50. gr. laga um viðskiptabanka nr. 86/1985, (áður 3. mgr., sbr. 1. gr. laga nr. 120/1989). Þar er mælt fyrir um að ríkisviðskiptabönkum sé aðeins að fengnu leyfi ráðherra heimilt að yfirtaka starfsemi annarra innlánsstofnana. Af orðum greinargerðar með frumvarpi að lögum um viðskiptabanka er ljóst að með yfirtöku í þessu sambandi er ekki átt við samruna því þar segir svo í athugasemdum við nefnda 50. gr.:

„Í 3. mgr. er áskilið leyfi ráðherra vegna yfirtöku viðskiptabanka á starfsemi annarra innlánsstofnana. Hér búa að baki sömu ástæður og greindar eru í athugasemdum við 1. mgr. þessarar greinar, þ.e. samruni hlutafélagsbanka, innsk. RES. Um samruna ríkisviðskiptabanka innbyrðis eða við aðrar innlánsstofnanir þarf sérstaka lagaheimild hverju sinni."

Af þessu má ráða að kanna þarf nánar lagagrundvöll þeirra samrunahugmynda sem uppi eru í máli þessu af hálfu Landsbankans. A.m.k. er nauðsynlegt að eyða þeirri óvissu sem sýnist vera fyrir hendi í þessu efni.

Loks þykir ekki úr vegi að benda á ákvæði 22. gr. laga um viðskiptabanka, en samkvæmt því er viðskiptabanka óheimilt að hafa samráð við aðrar innlánsstofnanir. Miðað við áform Landsbankans með kaupunum sýnist sem lagaákvæði þetta kunni að valda nokkrum vandkvæðum.

III.

Ríkisendurskoðun telur að til þess að kaup Landsbanka Íslands á 52% af hlutabréfum í Samvinnubanka Íslands hf. séu virði þeirrar fjárhæðar sem um var samið verði Landsbankinn að auka hlutabréfaeign sína í Samvinnubankanum nægjanlega mikið til þess að af samruna bankanna í eina rekstrareiningu geti orðið.

Við mat á virði viðskipta af því tagi, sem hér eru til umfjöllunar, koma einkum til álita þrjú meginsjónarmið eða aðferðir:

Í fyrsta lagi að meta virði hlutabréfa í ljósi eiginfjárstöðu þess banka sem kaupa á, að teknu tilliti til atriða utan efnahagsreiknings.

Í öðru lagi að byggja útreikning á virði bankans á mati á auknum hagnaði eða sparnaði kaupanda í kjölfar hagræðingar sem hann nær fram með kaupunum.

Í þriðja lagi að meta virði bankans sem keyptur er í ljósi væntanlegrar afkomu hans í framtíðinni.

Að mati Ríkisendurskoðunar koma einkum tvær síðarnefndu aðferðirnar til greina og er þá gengið út frá því að Samvinnubanki Íslands hf. sameinist Landsbanka Íslands í náinni framtíð.

Að gefnum nánari tilteknum forsendum hefur Ríkisendurskoðun lagt mat á hlutafé Samvinnubanka Íslands hf. Niðurstöður eru þær að virði alls hlutafjár Samvinnubankans á hendi Landsbankans gæti verið um 900 millj. kr.

Við mat á virði Samvinnubanka Íslands hf. á hendi Landsbankans var stuðst við ársreikning Samvinnubanka Íslands hf. í árslok 1988. Þá var lagt mat á og tekið tillit til sparnaðar samfara sameiningu á rekstri bankanna næstu 10 til 15 árin, kostnað við sameiningu, sölu fasteigna og afskrift lausafjármuna. Við það mat var að mestu leyti stuðst við upplýsingar frá Landsbanka Íslands. Í þessum útreikningum var gert ráð fyrir að á hendi kaupanda mundi vaxtamunur hjá Samvinnubanka Íslands hf. rýrna í 85–90% af vaxtamun hins keypta banka og því til viðbótar var tekið mið af áætlun um töpuð útlán í upphafi tímabilsins. Miðað var við að arðgjafarkröfur væru á bilinu 8–10%. Enn fremur var lagt mat á virði Samvinnubanka Íslands hf. með tilliti til eignarstöðu í árslok 1988 og að teknu tilliti til ákveðinnar meðalarðsemi á næstu árum.

Ríkisendurskoðun lítur svo á að til þess að hægt hefði verið að byggja nákvæmt mat á virði hlutabréfa í Samvinnubanka Íslands hf., hefðu þurft að liggja fyrir fyllri upplýsingar um þann sparnað sem af sameiningu bankanna hlytist. Stofnunin telur að forsendur kaupverðs Landsbankans á hlut Sambands íslenskra samvinnufélaga hf. sé alfarið háð árangri í sparnaði við sameiningu bankanna í framtíðinni og að Landsbankanum takist að halda meginhluta innlánsviðskipta Samvinnubanka frá því sem nú er. Að þessu sögðu er lögð áhersla á að kaup Landsbankans á 52% af hlutabréfum í Samvinnubankanum þjóni engum tilgangi og séu ekki þess virði sem greiða á fyrir þau nema að til komi frekari kaup Landsbankans á hlutabréfum í Samvinnubankanum (lágmark 15%) til viðbótar þannig að um samruna geti verið að ræða.

Sþ. 584. Þingsályktun [269. mál]

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt nr. 159 um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra.

(Afgreidd frá Sþ. 8. febr.)

Samhljóða þskj. 487.

Nd. 585. Frumvarp til laga [335. mál]

um friðun hússins Hverfisgata 19 í Reykjavík.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

1. gr.

Húsið Hverfisgata 19 í Reykjavík (Þjóðleikhúsið) er eign íslensku þjóðarinnar og heyrir undir Alþingi Íslendinga.

2. gr.

Húsið er friðað í sinni upprunalegu gerð bæði að utan og innan.

3. gr.

Allar meiri háttar breytingar á húsinu eru óheimilar nema með samþykki Alþingis. Minni breytingar eru háðar samþykki þjóðminjavarðar og forseta Alþingis.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Húsið að Hverfisgötu 19 reisti íslenska þjóðin til að flytja listræn verk á leiksviði og hlúa að menningu sinni. Guðjón heitinn Samúelsson, húsameistari ríkisins, teiknaði húsið og var það vígt til listanna 20. apríl 1950. Síðan hefur húsið þjónað vel gyðju leiklistar og fleiri gyðjum, en hefur nú heldur látið undan síga fyrir tímans tönn.

Engum manni blandast hugur um að húsinu þarf að halda við svo að það megi vera athvarf fyrir allar sviðslistir og reynast höfuðstaðnum áfram hin mesta bæjarprýði. Húsið er arfur íslenskrar menningar sem þjóðin vill vernda óhreyfðan eins og aðrar minjar svo sem við Þingvelli, Alþingishúsið og Dómkirkjuna eða Landsbókasafnið. Húsið er og verður þjóðminjar.

Á sama hátt vill þjóðin vernda húsið innan stokks. Leiksvið og áhorfendasalur eru hluti af verkinu öllu og húsið er ein órofa heild og ber að varðveita það í upprunalegri gerð. Að breyta áhorfendasal og leiksviði er eins og að klæða styttu Jóns Sigurðssonar á Austurvelli úr frakkanum.

I.

Menntamálaráðherra hefur skipað byggingarnefnd til að skipuleggja framkvæmdir við Þjóðleikhúsið. Hún skilaði áfangaskýrslu um starf sitt í septembermánuði 1989 og þar kennir margra grasa. Breytingar á leiksviði og áhorfendasal eru aðeins byrjunin á því sem koma skal, aðeins byrjunin.

Í skýrslunni er gert ráð fyrir að byggt verði risavaxið hús utan á sjálfu Þjóðleikhúsinu. Það á að hýsa skrifstofur, skála, lítið svið, búningsherbergi, vörumóttöku, aðstöðu leikara,

mötuneyti, saumastofu, leiktjaldamálun, margs konar geymslur, æfingasvið, smíðaverkstæði, aðstöðu til hönnunar og veitingastað. (Mynd 1.)

Þannig verður gamla „Þjóðleikhúsið" hans Guðjóns Samúelssonar aðeins um þriðjungur af því stórhýsi sem reist verður á reitnum frá Þjóðleikhúsinu að Smiðjustíg á milli Hverfisgötu og Lindargötu, samkvæmt áætlun byggingarnefndar, aðeins um þriðjungur. (Mynd 2.)

Andspænis Þjóðleikhúsinu handan við Hverfisgötuna er svo gert ráð fyrir útileiksviði með kaffihúsi og listmarkaði og miðasölu og tröppum út að Laugavegi.

Til að þessi framtíðarsýn megi rætast þarf a.m.k. að kaupa húsin og lóðirnar nr. 21 (Hið íslenska prentarafélag) og 23 við Hverfisgötu, nr. 7, 9, 11, 11a, 13 og 15 við Smiðjustíg og nr. 6 við Lindargötu. (Mynd 3.) Enda segir byggingarnefnd í áfangaskýrslu sinni:

„Til þess að ná þeim framtíðaráformum, sem hér eru sett fram, er nauðsynlegt að ríkissjóður kaupi lóðir og fasteignir austan við Þjóðleikhúsið. Það er brýnt að falast verði eftir kaupum sem fyrst meðan þar eru enn hlutfallslega lítil verðmæti í mannvirkjum."

Svo mörg voru þau orð.

Til að rýma fyrir nýrri viðbyggingu Þjóðleikhússins á sem sé að kaupa þarna átta lóðir hið minnsta og sjö hús sem enn þá eru þó talin „hlutfallslega lítil verðmæti í mannvirkjum".

Þá eru ótalin hús sem hljóta að þurfa að víkja handan við Hverfisgötuna upp Traðarkotssund og við Laugaveginn til að byggja hringsviðið og listmarkaðinn: Húsin Traðarkotssund nr. 3 og 6, Hverfigata nr. 12, 14, 16, 16a og 18 og svo Laugavegur nr. 5. Það er vissulega nokkurt efni til íhugunar fyrir eigendur húsanna. En áfram segir byggingarnefndin í skýrslunni:

„Af framansögðu ætti að vera ljóst mikilvægi þess að skilgreina verkefnið í heild, greina þarfir Þjóðleikhússins og aðrar umbætur, áður en hafist er handa við framkvæmdir. Þá aðeins er tryggt að ávallt sé unnið í rétta átt, að stærra markmiði, þó svo að verkinu sé skipt í verkþætti sem dreifast yfir langt tímabil. Húsnæðisvandi Þjóðleikhússins verður ekki endanlega leystur, fyrr en öll starfsemi þess er komin undir eitt þak."

Ja, hérna. Nú loksins rennur upp fyrir flutningsmanni þessa frumvarps hvað leikritaskáldið Shakespeare átti við með orðunum: Lífið er leiksvið!

II.

Í haust opnaði glæsilegt Borgarleikhús í Reykjavík og er það búið besta fáanlegum búnaði til leikhússtarfa. Þannig er landsmönnum prýðilega vel séð fyrir leiksviðum til að flytja verk gerð af metnaði og listfengi. Aðsókn hefur ekki verið sem skyldi að því húsi. Það er óþarfi að byggja nýtt leikhús af því tagi til að standa hálftómt við hlið Borgarleikhússins, hvað þá að byggja annað Borgarleikhús utan á gamla Þjóðleikhúsinu; það gengur ekki upp.

Þróun leiksýninga á Íslandi hefur vissulega verið í hina áttina síðustu ár því að fjöldi lítilla leikhópa starfar nú víðs vegar um landið og um þvera og endilanga höfuðborgina. Eitt vinsælasta leikhúsverk síðari ára var reyndar sett á svið í gamalli fiskskemmu vestur á Meistaravöllum í Reykjavík. Þannig eru það ekki alltaf umbúðirnar sem móta innihaldið þegar upp er staðið.

III.

Íslendingar eru aðeins 250 þúsundir; hvorki 2,5 milljónir né 25 milljónir. Það vill oft gleymast þegar stórhuga menn taka til óspilltra málanna í kappsfullum byggingarnefndum. En nú verðum við að koma niður á jörðina og horfast í augu við fólksfæðina.

Fjárhagur þjóðarinnar er bágur um þessar mundir og víða blasa við atvinnuleysi og gjaldþrot. Háir skattar plaga landsmenn og óréttlátur matarskattur þrúgar heimilin. Ekkjur búa við rangláta skattlagningu og verslunarhús eru sérsköttuð. Okurvextir leggja hvert fyrirtækið af öðru að velli og mörg heimili.

Á sama tíma kýs borgarstjórn Reykjavíkur að láta ráðhúsbyggingu í Tjörninni og veitingahús á geymum Öskjuhlíðar hafa forgang fram yfir þarfir líðandi fólks. Ríkið stendur í stórræðum við Þjóðarbókhlöðu og Þjóðskjalasafn, Blönduvirkjun og Múlagöng. Þjóðminjasafnið er að niðurlotum komið og byrði Flugstöðvarinnar hvílir þungt á skattgreiðendum. Þessar framkvæmdir eru misjafnlega þarfar og sumar óþarfar með öllu. Stórbygging Þjóðleikhússins er því bæði listfræðileg og fjárhagsleg tímaskekkja.

IV.

Reykjavíkurborg hefur ekki farið varhluta af göllum í skipulagi byggðar og einstakra húsa. Nægir þar að benda á hörmulega viðbyggingu Útvegsbanka Íslands gamla við Lækjartorg, svipaða hörmung við hús Landsbankans á horni Pósthússtrætis og stílbrotið í húsi Gallerí Borgar á milli Reykjavíkurapóteks og Hótel Borgar. Nú er sagan um það bil að endurtaka sig á lóðinni nr. 19 við Hverfisgötu. Það má ekki gerast.

V.

Þessa dagana er verið að skrifa undir nýja samninga um kaup og kjör sem marka tímamót í atvinnusögu þjóðarinnar. Samningarnir kalla á útgjöld úr ríkissjóði til að halda þenslunni í skefjum og vernda þannig kaupmátt heimilanna. Vinnumarkaðurinn hefur þarna gefið tóninn og ríkið má ekki skorast undan að leggja sitt af mörkum til að halda niðri verðbólgu og snarlækka vaxtakostnað í landinu, öllum til heilla. Það er ekki hátt lausnargjald. Þess vegna má ríkið engan pening missa til að geta staðið í skilum með sinn hlut í þessum samningum.

VI.

Það er ljóst að framkvæmdir byggingarnefndar Þjóðleikhússins kosta mikla peninga þegar öllu er til skila haldið. Miðað við síðustu skekkju hjá húsameistara ríkisins í Flugstöðinni er ekki fjarri lagi að verðleggja þessar framkvæmdir á þrjá til fimm milljarða króna. Nú kann einhverjum að þykja það hæfilegt verð fyrir að koma allri starfsemi Þjóðleikhússins undir eitt þak eins og byggingarnefndin sér fyrir sér.

Flutningsmaður þessa frumvarps er ekki á þeirri skoðun og það eru fleiri. Getu einnar smáþjóðar til að þjóna sviðslistinni eru ákveðin takmörk sett. Breytingarnar á leiksviði og áhorfendasal Þjóðleikhússins eru aðeins fyrsta skrefið í þessum miklu framkvæmdum. Þar leiðir eitt af öðru og flutningsmaður óttast mjög að ekki verði séð fyrir endann á þessu verki öllu. Það fari úr böndum eins og dæmin sanna um fyrri stórframkvæmdir af þessu tagi, svo sem við Flugstöðina, eða eins og byggingarnefndin segir sjálf: „Þá aðeins er tryggt að ávallt sé unnið í rétta átt, að stærra markmiði, þó svo að verkinu sé skipt í verkþætti sem dreifast yfir langt tímabil.“

Þessar fyrstu framkvæmdir eru því Trójuhestur stærri breytinga og meiri framkvæmda eins og að framan greinir. Í upphafi skyldi endinn skoða og á skal að ósi stemma.

Þess vegna heitir flutningsmaður á þingheim að halda vöku sinni í þessu máli.

Mynd 1.



TILLAGA AÐ FARMTÍÐARLAUSN MEÐ VERKSTÆÐUM

Mynd 2.


Tvístefna á Hverfisgötu
Skv. Skipulagi Rvk.borgar
Hverfisgata
Arnarhöli
Bílastæði í Kolaporti
Hugsanleg samnot m. Rvk. borg
Tenging neðanjarðar milli bílastæða
Aðkoma að bílastæðum
Bílastæði undir torgi.
Samnot með Stjornarr
Ingólfsstræti
Laugavegur
Lista markaður
Miðasala
Útileiksvið
Inng
Kaffihús
Bílastæði undir, hugsan samnot m. Rvk. borg
Inngangur starfsmanna
Vörumóttaka
Lindargata
Smiðjustígur
Vörumóttaka
Bílastæðishús
sbr. Skipulag Rvk.borgar

2504

Mynd 3.


Þingskjal 585
gata
Skuggasund
Arnarhvoll
Lindargata
Ingólfsstræti
höll
Þjóðleikhús
Safnahús
Hverfisgata
Hverfi
Smiðju-
Laugavegur
Skólavörðust
Stígur

Sþ. 586. Tillaga til þingsályktunar [336. mál]

um breytta tilhögun á lokunaraðgerðum Pósts og síma.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að breyta reglum um innheimtu Pósts og síma þannig að lokunaraðgerðir verði mildaðar. Verkinu sé lokið fyrir þingbyrjun haustið 1990.

Greinargerð.

Talsíminn var fyrsta táknið um innlenda heimastjórn á sínum tíma. Síðan hefur síminn fest sig í sessi hjá þjóðinni og stöðugt fjölgar þeim þáttum í nútímaþjóðlífi sem tengjast símanum: símskeyti, telex, telefax og öryggisbúnaður ýmiss konar bæði fyrir einstaklinga og almannavarnir.

Síminn er þannig orðinn svo snar þáttur í lífi manna að ungt fólk lætur það jafnan verða sitt fyrsta verk að panta síma þegar það stofnar heimili. Íslendingar eru þannig nánast allir notendur síma og nútímalifnaðarhættir byggja meira á honum en öðrum sameiginlegum búnaði þjóðfélagsins.

Við innheimtu á afnotagjöldum er alltaf nokkur hópur notenda sem nær ekki að standa í skilum í fyrstu atrennu. Ýmsar ástæður eru fyrir þeim vanskilum. Sérstaklega hefur mörgum reynst erfitt að gera skil í því slæma árferði sem verið hefur að undanförnu í efnahagsmálum. Að ákveðnum fresti liðnum er símalínunni þá lokað uns greiðsla fæst á afnotagjaldi.

Flutningsmaður leggur hér til að lokanir verði mildaðar hjá Pósi og síma. Er það gert fyrst og fremst í ljósi þess hve mikið öryggistæki síminn er fyrir almenning. Lagt er til að símanúmeri verði aðeins lokað þannig að notandi geti ekki hringt úr símanum nema í sérstakt neyðarnúmer fyrir lögreglu, sjúkra- og slökkvilið og skylda öryggisþjónustu. Hægt sé aftur á móti að hringja í númerið áfram.

Þannig héldi síminn áfram að vera nauðsynlegt öryggistæki hjá fólki þó að tímabundnir erfiðleikar valdi því að illa gangi að greiða áskriftargjaldið. Þessi breyting mun varla skerða tekjur Póst- og símamálastofnunar því að talsíminn er slíkur nauðsynjabúnaður að fólk greiðir gjaldfallin afnotagjöld við fyrsta tækifæri þrátt fyrir þessa mildandi aðgerð.

Sþ. 587. Svar [14. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Danfríðar Skarphéðinsdóttur um undanþágu frá skólaskyldu og starfstíma grunnskóla.

Fyrstu þrjár spurningarnar hljóða svo:

1. *Hve margir starfandi grunnskólar hafa nú undanþágu frá fullri skólaskyldu eða starfstíma skóla, samkvæmt heimild í 5. gr. laga um grunnskóla, nr. 63/1974, með áorðnum breytingum? Svar óskast sundurliðað eftir fræðsluumdæmum.*
2. *Hve margir skólanna njóta undanþágu skv. 1. gr. grunnskólalaga annars vegar og 41. gr. hins vegar? Hve lengi hafa þeir haft þessar undanþágur og hvenær falla þær úr gildi?*
3. *Hve margir nemendur á aldrinum 7–16 ára njóta nú ekki fræðslu í sínu skólahverfi vegna undanþáguheimilda um skyldu ríkis og sveitarfélaga til „. . . að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 7 til 16 ára . . .“ eins og segir í 1. gr. grunnskólalaga? Svar óskast sundurliðað eftir fræðsluumdæmum.*

Reykjavíkurumdæmi.

Hvorki grunnskólar né einstakir nemendur í fræðsluumdæmi Reykjavíkur njóta undanþágu frá fullri skólaskyldu eins og hún er skilgreind í grunnskólalögum, nr. 63/1974.

Reykjanesumdæmi.

Engin undanþága er veitt frá fullri skólaskyldu. Í umdæminu eru nú 28 grunnskólar með samtals 11.038 nemendum. Árlega starfa 25 grunnskólar 9 mánuði, 2 í 8½ mánuð og 1 í 8 mánuði. Í flestum skólahverfum geta nemendur lokið skyldunámi í heimaskóla.

Undantekningar eru þessar:

Úr Bessastaðahreppi stundar 51 nemandi nám í 7.–9. bekk í Garðaskóla.

Úr Kjósarhreppi stunda 7 nemendur nám í 7.–9. bekk í Klébergsskóla.

Úr Miðneshreppi stunda 13 nemendur nám í 9. bekk í Holtaskóla í Keflavík.

Í Hafnahreppi er enginn grunnskóli en nemendur þaðan stunda nám í 1.–9. bekk grunnskóla í Njarðvíkum.

Vesturlandsumdæmi.

Þrír skólar í umdæminu eru heimavistarskólar að hluta til eða að öllu leyti. Skólaseta yngri nemenda í tveimur þessara skóla er nokkuð skert, þó gildir þetta ekki um alla yngri nemendur.

Í tveimur skólum eru rekin skólasel með reglubundnu starfi og í öðrum þeirra er auk þess kennsla og aðstoð við heimanám einu sinni til tvisvar í viku, þær vikur sem ekki er sótt til aðalskóla. Í seljunum eru samtals 21 barn á aldrinum 6–9 ára.

Skert skólaseta hefur verið í þessum skólum svo lengi sem þeir hafa verið við lýði eða síðan 1954 í þeim elsta. Talsvert hefur þó miðað í átt til lengri skólasetu hin allra síðustu ár, en ekki er enn séð vegna vegalengda til skóla og skorts á húsnæði hvenær þessi tilhögun verður endanlega lögð af.

Í Vesturlandsumdæmi eru nú tveir skólar sem hafa undanþágu til 8 mánaða starfstíma og fimm sem hafa undanþágu til 8½ mánaðar starfstíma. Allir aðrir starfa í 9 mánuði.

Undanþágur af þessu tagi eru aðeins veittar til eins árs í senn og falla því allar úr gildi við lok þessa skólaárs sé ekki óskað endurnýjunar og hún veitt. Á undanförnum árum hefur þeim skólum fjölgað sem starfa í 9 mánuði og stefnir þróun áfram í þá átt.

Á þessu skólaári er fræðslustjóra kunnugt um tvo nemendur úr einu skólahverfi umdæmisins sem sækja skóla í næsta skólahverfi vegna þess að foreldrar þeirra vilja ekki sætta sig við skerta skólasetu barna sinna og börnin þoldu ekki dvöl í heimavist. Slík dæmi kunna að finnast í fleiri skólum án þess að fræðslustjóra sé kunnugt um það og svipað hefur komið fyrir öðru hverju undanfarinn áratug. Þetta á einkum við þegar börn, sem eiga að sækja heimavistarskóla, vilja frekar fara í skóla þar sem daglegur akstur er og börnum og foreldrum hrýs hugur við svo mikilli fjarveru frá heimili sem fylgir heimavist.

Þá má geta þess að úr einum hreppi í skólahverfi með heimavist hafa foreldrar sex til níu ára barna fengið framgengt því samkomulagi skólanefnda og sveitarfélaga að börnum á þessum aldri er ekið daglega til skóla í næstu sveit. Eru þau börn, sem þar eiga hlut að máli, sjö að tölu.

Vestfjarðaumdæmi.

Á Vestfjörðum eru 22 grunnskólar. Þrír þeirra eru með fullan 9 mánaða starfstíma með samtals 900 nemendum, eða 53,41%. Þrír eru með 8½ mánaðar starfstíma með samtals 229 nemendum, eða 13,59%. Sextán eru með 8 mánaða starfstíma með samtals 556 nemendum, eða 33%.

Ofangreindar undanþágur eru skv. 41. gr. grunnskólalaga. Þær eru veittar frá ári til árs og falla því úr gildi á hverju vori.

Í átta skólum á Vestfjörðum eiga nemendur kost á að ljúka 9. bekkjar námi á staðnum, þar af eru tveir skólar tengdir héraðsskólum. Sex skólum lýkur með 8. bekk, að meðaltali eru þar alls 26 nemendur í árgangi. Sex skólum lýkur með 7. bekk, að meðaltali eru þar alls 11 nemendur í árgangi. Tveimur skólum lýkur með 6. bekk, að meðaltali er þar einn nemandi í árgangi.

Flestir nemenda, sem ekki eiga kost á að ljúka námi heima, fara í nálæga skóla eða héraðsskóla og ljúka skyldunámi þar. Samkvæmt ofangreindum tölum eru að meðaltali rúmlega 50 nemendur á Vestfjörðum sem ekki geta lokið skyldunámi í heimaskóla, eða rúm 3% nemenda.

Norðurlandsumdæmi vestra.

Í umdæminu eru 19 grunnskólar. Þrír þeirra starfa í 9 mánuði árlega. Fimm starfa í 8½ mánuð árlega. Fimm starfa í 8 mánuði árlega. Tveir starfa í 7 mánuði árlega.

Öll sveitarfélög í fræðsluumdæminu eiga aðild að skólum þar sem hægt er að ljúka skyldunámi utan eitt, Lýtingsstaðahreppur er með forskóla og skyldunám til 8. bekkjar í Steinsstaðaskóla. Föst hefð er að börn úr Lýtingsstaðahreppi fari í nágrannaskólann, Varmahlíðarskóla, til heimavistar í 9. bekk.

Nemendur í fræðsluumdæminu hafa ekki fengið undanþágu frá skyldunámi undanfarin ár, nema í samræmi við 4. mgr. 49. gr. og 52. gr. grunnskólalaga.

Norðurlandsumdæmi eystra.

Af 33 skólum eru 25 skólar fræðsluumdæmisins með undanþágu frá fullri skólaskyldu skv. 41. gr. grunnskólalaga, en enginn skóli hefur undanþágu frá 1. gr. laganna. Við marga skóla í dreifbýlinu eru ekki starfræktir bekkir fyrir elstu börnin, en í þeim tilvikum hafa sveitarfélögin gerst aðilar að öðrum skólum til að uppfylla skyldur sínar skv. 1. gr. grunnskólalaga.

Eins og víðar í sveitum hafa skólarnir, sem hafa skertan starfstíma skv. 41. gr., aldrei starfað lengur en 8–8½ *mánuð á ári og hafa því ekki náð þeim 9 mánuðum sem grunnskólalög* kveða á um. Samkvæmt grunnskólalögum eru ákvæðin um starfstíma skóla skýr og æskja þarf árlega undanþágu um skertan skólatíma. Heimildirnar falla því úr gildi og þurfa sveitarstjórnir að endurnýja umsóknir sínar árlega.

Austurlandsumdæmi.

Í umdæminu eru 26 skólar. Tveir þeirra starfa árlega í 9 mánuði. Níu starfa í 8½ mánuð. Tólf starfa í 8 mánuði. Tveir starfa í 7½ mánuð og einn í 7 mánuði.

Undanþágur vegna 5., 7. og 8. gr. laga um grunnskóla hafa ekki borist fræðsluskrifstofu. Starfstíminn er ákveðinn af skólanefndum og skal hann vera 7–9 mánuðir, sbr. 41. gr. Árlegur starfstími grunnskóla í umdæminu er nú að meðaltali 8,17 mánuðir og hefur hann lengst nokkuð hin síðari ár.

Vegna margra lítilla skólahverfa er víða samvinna um fræðslu barna á unglingastigi (7.–9. bekkir). Skal það nánar skýrt hér.

Austur-Skaftafellssýsla. Unglingar úr eftirtöldum hreppum sækja Nesjaskóla: Hofshreppi, Borgarhafnarhreppi, Mýrahreppi og Bæjarhreppi. Yngri nemendur úr Bæjarhreppi sækja einnig Nesjaskóla. Þrír syðstu hreppar Suður-Múlasýslu, Geithellna-, Búlands- og Beruneshreppur hafa samvinnu um unglinganám á Djúpavogi.

Nemendur á 9. ári í Breiðdal og Stöðvarfirði sækja Alþýðuskólann á Eiðum. Nemendur á 9. ári á Héraði, Mjóafirði og Borgarfirði sækja Alþýðuskólann á Eiðum. Egilsstaðir eru að sjálfsögðu undanskildir.

Nemendur á 7. og 8. ári búsettir á Jökuldal sækja Brúarásskóla í Jökulsárhlíð, en hann er rekinn af Hlíðar- og Tunguhrepp.

Suðurlandsumdæmi.

Í umdæminu eru 33 grunnskólar. Sex þeirra starfa í 9 mánuði en hinir skemur, þó starfar enginn þeirra skemur en 8 mánuði. Um það bil 53% nemenda hljóta 9 mánaða kennslu.

Dæmi eru um að skólahverfi sameinist um skóla fyrir nemendur í 7.–9. bekk í einum skóla. Átta skólar í umdæminu byrja eftir 15. september ár hvert. Ekki er vitað til að neinir nemendur séu án fræðslu í umdæminu.

Fjórða spurningin hljóðar svo:

4. *Hvernig er af hálfu yfirvalda menntamála staðið að fræðslu og aðbúnaði þeirra sem ekki eiga þess kost að stunda skyldunám í sínu skólahverfi?*

Eins og fram kemur í framangreindum upplýsingum frá fræðslustjórum eru þeir nemendur ekki margir sem ekki geta lokið grunnskólanámi í heimaskóla. Í flestum tilvikum gefst þeim þá kostur á að ljúka námi í næsta skólahverfi.

Þeim nemendum fer stöðugt fækkandi sem ekki geta lokið námi í heimaskóla eða í nágrannaskóla. Skólaárið 1989 til 1990 eru þeir nálægt 170 á öllu landinu og eru þeir allir við nám í heimavistarskólum, flestir í héraðsskólum.

Ed. 588. Frumvarp til laga [337. mál]

um viðauka við lög um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., nr. 74 27. apríl 1972.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

Við eftirtalin embætti skulu starfa héraðsdómarar sem hér greinir:

a. Við embætti sýslumannsins í Vestur-Skaftafellssýslu, sýslumannsins í Rangárvallasýslu, bæjarfógetans á Akranesi, sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og bæjarfógetans í Ólafsvík og sýslumannsins í Dalasýslu skal starfa einn héraðsdómari fyrir öll embættin í senn.
b. Við embætti sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, bæjarfógetans í Bolungarvík, sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Ísafirði og sýslumannsins í Strandasýslu skal starfa einn héraðsdómari fyrir öll embættin í senn.
c. Við embætti sýslumannsins í Húnavatnssýslu, sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Sauðárkróki, bæjarfógetans á Siglufirði, bæjarfógetans á Ólafsfirði, sýslumannsins í Þingeyjarsýslu og bæjarfógetans á Húsavík skal starfa einn héraðsdómari fyrir öll embættin í senn.
d. Við embætti sýslumannsins í Norður-Múlasýslu og bæjarfógetans á Seyðisfirði, sýslumannsins í Suður-Múlasýslu og bæjarfógetans á Eskifirði, bæjarfógetans í Neskaupstað og sýslumannsins í Austur-Skaftafellssýslu skal starfa einn héraðsdómari fyrir öll embættin í senn.
e. Við embætti lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli skal starfa einn héraðsdómari.

2. gr.

Forseti Íslands skipar héraðsdómara samkvæmt lögum þessum. Héraðsdómarar skv. a–d-liðum 1. gr. skulu skipaðir að tillögu dóms- og kirkjumálaráðherra, en dómari skv. e-lið 1. gr. að tillögu utanríkisráðherra.

Héraðsdómarar samkvæmt lögum þessum skulu skipaðir tímabundið til 30. júní 1992, en þá leggjast embætti þeirra niður. Njóta þeir ekki þess forgangs til skipunar í embætti

héraðsdómara eftir þann tíma sem kveðið er á um í 18. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989.

Heimilt er að skipa héraðsdómara fyrsta sinni samkvæmt lögum þessum án þess að embættin hafi áður verið auglýst laus til umsóknar.

Skipa má mann í embætti héraðsdómara samkvæmt lögum þessum þótt hann fullnægi ekki skilyrðum 7. tölul. 1. mgr. 32. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936.

3. gr.

Héraðsdómurum skv. a–d-liðum 1. gr. verður ekki falið að fara með stjórnvaldsmálefni eða dómstörf í öðrum málum en opinberum málum nema með samþykki þeirra.

4. gr.

Um störf, réttindi og skyldur héraðsdómara samkvæmt lögum þessum fer eftir almennum reglum að öðru leyti en leiðir af fyrirmælum 2. og 3. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um viðauka við lög um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., nr. 74 27. apríl 1972.

Forseti Íslands

gjörir kunnugt: Dóms- og kirkjumálaráðherra hefur tjáð mér, að þann 9. janúar 1990 hafi gengið dómur í Hæstarétti Íslands í máli nr. 120/1989, þar sem niðurstaðan hafi orðið á þann veg, að dómur uppkveðinn í sakadómi Árnessýslu hafi verið felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til löglegrar málsmeðferðar og dómsálagningar. Hafi þetta verið gert sökum þess, að sýslumaðurinn í Árnessýslu og fulltrúi hans, sem kvað upp hinn áfrýjaða dóm, hafi verið vanhæfir til að fara með dómstörf í málinu, þar sem sýslumaðurinn sé jafnframt lögreglustjóri í sama umdæmi og hafi sem slíkur farið með lögregluannsókn málsins. Sú staða sé því uppi í tuttugu umdæmum landsins, að einn og sami maður sé í senn lögreglustjóri og dómari, án þess að sjálfstæðir héraðsdómarar starfi við þau embætti, sem geti farið með og dæmt í opinberum málum á eigin ábyrgð, óháð því hvort forstöðumaður embættisins sé vanhæfur til meðferðar máls. Af þessum sökum sé svo komið í umræddum umdæmum, að þeir, sem þar fari nú með dómsvald að gildandi lögum, verði í ljósi áðurnefnds dóms Hæstaréttar taldir vanhæfir til að fara með flest þau opinberu mál, sem þar séu og verði til meðferðar, þar til ný skipan dómstóla í héraði samkvæmt lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92 1. júní 1989, komi til framkvæmda þann 1. júlí 1992. Til að tryggja að dómarar verði fyrir hendi í umræddum umdæmum, sem taldir verði hæfir og bærir til að fara með

opinber mál þar, beri brýna nauðsyn til að nú þegar verði gerð breyting á núgildandi lögum, svo meðferð þessara dómsmála stöðvist ekki eða dragist óhæfilega.
Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Við eftirtalin embætti skulu starfa héraðsdómarar sem hér greinir:

a. Við embætti sýslumannsins í Vestur-Skaftafellssýslu, sýslumannsins í Rangárvallasýslu, bæjarfógetans á Akranesi, sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og bæjarfógetans í Ólafsvík og sýslumannsins í Dalasýslu skal starfa einn héraðsdómari fyrir öll embættin í senn.
b. Við embætti sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, bæjarfógetans í Bolungarvík, sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Ísafirði og sýslumannsins í Strandasýslu skal starfa einn héraðsdómari fyrir öll embættin í senn.
c. Við embætti sýslumannsins í Húnavatnssýslu, sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Sauðárkróki, bæjarfógetans á Siglufirði, bæjarfógetans á Ólafsfirði, sýslumannsins í Þingeyjarsýslu og bæjarfógetans á Húsavík skal starfa einn héraðsdómari fyrir öll embættin í senn.
d. Við embætti sýslumannsins í Norður-Múlasýslu og bæjarfógetans á Seyðisfirði, sýslumannsins í Suður-Múlasýslu og bæjarfógetans á Eskifirði, bæjarfógetans í Neskaupstað og sýslumannsins í Austur-Skaftafellssýslu skal starfa einn héraðsdómari fyrir öll embættin í senn.
e. Við embætti lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli skal starfa einn héraðsdómari.

2. gr.

Forseti Íslands skipar héraðsdómara samkvæmt lögum þessum. Héraðsdómarar skv. a–d-liðum 1. gr. skulu skipaðir að tillögu dóms- og kirkjumálaráðherra, en dómari skv. e-lið 1. gr. að tillögu utanríkisráðherra.

Héraðsdómarar samkvæmt lögum þessum skulu skipaðir tímabundið til 30. júní 1992, en þá leggjast embætti þeirra niður. Njóta þeir ekki þess forgangs til skipunar í embætti héraðsdómara eftir þann tíma sem kveðið er á um í 18. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989.

Heimilt er að skipa héraðsdómara fyrsta sinni samkvæmt lögum þessum án þess að embættin hafi áður verið auglýst laus til umsóknar.

Skipa má mann í embætti héraðsdómara samkvæmt lögum þessum þótt hann fullnægi ekki skilyrðum 7. tölul. 1. mgr. 32. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936.

3. gr.

Héraðsdómurum samkvæmt a–d-liðum 1. gr. verður ekki falið að fara með stjórnvaldsmálefni eða dómstörf í öðrum málum en opinberum málum nema með samþykki þeirra.

4. gr.

Um störf, réttindi og skyldur héraðsdómara samkvæmt lögum þessum fer eftir almennum reglum að öðru leyti en leiðir af fyrirmælum 2. og 3. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. janúar 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Óli Þ. Guðbjartsson.

Sþ. 589. Fyrirspurn [338. mál]

til fjármálaráðherra um nýtingu persónuafsláttar látins maka.

Frá Kolbrúnu Jónsdóttur.

Telur fjármálaráðherra eðlilegt að heimild, sem eftirlifandi maki hefur skv. 64. gr. tekjuskatts- og eignarskattslaga til að nýta persónuafslátt látins maka, nái eingöngu til þess almanaksárs er maki lést eða telur ráðherra koma til greina að þegar maki fellur frá sé eftirlifandi maka heimilt að nýta sér persónuafslátt hins látna í tólf mánuði eftir andlátið óháð því hvenær almanaksársins það bar að?

Sþ. 590. Fyrirspurn [339. mál]

til fjármálaráðherra um kostnað við upptöku virðisaukaskatts.

Frá Þórhildi Þorleifsdóttur.

1. Hver var kostnaður fjármálaráðuneytisins árið 1989 af kynningu, fræðslu og auglýsingum við upptöku virðisaukaskatts:
   a. sundurgreint eftir fjölmiðlum,
   b. bæklingar, veggspjöld o.fl.,
   c. annað?
2. Hver er áætlaður kostnaður við kynningu og fræðslu um virðisaukaskatt árið 1990?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 591. Fyrirspurn [340. mál]

til iðnaðarráðherra um Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins.

Frá Ásgeiri Hannesi Eiríkssyni.

Hverjir hafa fengið úthlutað úr Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins frá stofnun hans? Hve oft og hve há fjárhæð fór til hvers aðila?

Sþ. 592. Fyrirspurn [341. mál]

til samgönguráðherra um olíuhöfn.

Frá Ásgeiri Hannesi Eiríkssyni.

Hvaða áætlanir eru um að gera nýja olíuhöfn á Íslandi til að taka á móti ört stækkandi olíuskipum?

Sþ. 593. Fyrirspurn [342. mál]

til menntamálaráðherra um Norrænu sjóréttarstofnunina.

Frá Ragnhildi Helgadóttur.

Hver er afstaða menntamálaráðherra til tillögu á norrænum vettvangi um að leggja niður Norrænu sjóréttarstofnunina?

Sþ. 594. Fyrirspurn [343. mál]

til menntamálaráðherra um Norrænu þjóðfræðistofnunina.

Frá Ragnhildi Helgadóttur.

Hver er afstaða menntamálaráðherra til tillögu á norrænum vettvangi um að leggja niður Norrænu þjóðfræðistofnunina?

Sþ. 595. Fyrirspurn [344. mál]

til dómsmálaráðherra um nýja lögregluvarðstofu í Stykkishólmi.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Hvaðan kemur það 100 fermetra einingahús sem fyrirhugað er, samkvæmt blaðafregnum 10. febr. sl., að reisa fyrir lögregluna í Stykkishólmi? Var leitað tilboða hjá framleiðendum einingahúsa og ef svo er, hjá hverjum og hvert þeirra var hagstæðast? Hver er áætlaður heildarkostnaður við hina nýju lögregluvarðstofu í Stykkishólmi?

Sþ. 596. Tillaga til þingsályktunar [345. mál]

um könnun á stofnun alþjóðlegrar björgunarsveitar.

Flm.: Jón Kristjánsson, Jóhann Einvarðsson, Guðni Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna möguleika á stofnun alþjóðlegrar björgunarsveitar með aðsetur á Íslandi sem sinni björgunarmálum á Norður-Atlantshafi. Leitað verði samstarfs við þær þjóðir sem mestra hagsmuna hafa að gæta á þessu sviði.

Greinargerð.

Mjög aðkallandi er að bæta tækjakost þann sem tiltækur er til björgunarstarfa á Norður-Atlantshafi og koma skipulagi á þau mál til frambúðar. Vegna legu Íslands á miðju hafsvæðinu milli Evrópu og Ameríku að verkum að björgunarsveitir hér á landi gegna lykilhlutverki þegar slys verða á eða yfir þessu hafsvæði.

Íslenska landhelgisgæslan gegnir meginhlutverki í björgun á hafsvæðinu umhverfis Ísland og vél flugmálastjórnar hefur veitt mikilvæga flugleiðsögu í lofti, einkum þegar litlar flugvélar lenda í erfiðleikum í ferjuflugi, en leið þeirra liggur um Ísland þegar flogið er yfir Norður-Atlantshaf. Þá er ótalinn hinn mikilvægi þáttur Slysavarnafélags Íslands, Hjálparsveitar skáta, Flugbjörgunarsveitarinnar og annarra frjálsra samtaka sem sinna þessum málum. Enn má geta varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli sem veitt hefur mjög mikilvæga aðstoð með þyrlum sem það hefur yfir að ráða, ásamt tankvél sem er forsenda þess að hægt sé að athafna sig á þyrlum langt á hafi úti.

Þótt mjög oft hafi björgun tekist farsællega við Ísland og unnið hafi verið afar gott starf á þessu sviði eru tækjakostur og skipulag þessara mála annmörkum háð. Þyrlur verða æ mikilvægari á þessu sviði ásamt góðum skipakosti. Þyrlur landhelgisgæslunnar og varnarliðsins eru allar á suðvesturhorni landsins og lengir það mjög viðbragðstíma ef slys verða á hafsvæðum fyrir norðan og austan land. Þá má og geta þess að þyrlur eru mjög oft ekki til taks vegna bilana og eftirlits.

Til að auka megi öryggi í björgunarmálum á Norður-Atlantshafi er því augljóst að það þyrftu að vera björgunarþyrlur á Vestfjörðum og Austfjörðum. Ljóst er að slíkt er mjög kostnaðarsamt og langur tími gæti liðið þar til Íslendingar risu einir undir slíkri útgerð.

Mikil umræða hefur verið um kaup á stórri björgunarþyrlu fyrir landhelgisgæsluna og er að vonum mikill áhugi á slíku enda mikið í húfi. Hér er um háar upphæðir að ræða, þ.e. stofnkostnað sem nemur 750–900 millj. kr. auk rekstrarkostnaðar. Leiga fyrir slíkt tæki næmi um 100 millj. kr. árlega. Kaupum hefur ítrekað verið slegið á frest og jafnvel þótt af þeim yrði nægðu þau ekki til að mæta að fullu þörfinni.

Starfandi er hópur 19 aðila sem hefur það að markmiði að vinna að samræmdu átaki í leitar- og björgunarmálum landsmanna. Leggur hópurinn höfuðáherslu á eflingu þyrluflotans, en það mál hefur ekki náð fram að ganga.

Í hafréttarsáttmálanum frá 1958 er kveðið á um skyldur strandríkja varðandi björgunarmál og segir þar svo að „sérhvert strandríki skuli stuðla að stofnun, rekstri og viðhaldi fullnægjandi og virkrar leitar- og björgunarþjónustu vegna öryggis á og yfir hafinu og skal, ef aðstæður krefja, hafa samstarf við nágrannaríkin um sameiginlegar svæðisráðstafanir í þessu skyni“.

Íslenska landhelgisgæslan hefur samstarf við danska sjóherinn um björgunarmál á hafsvæðinu við Grænland og Færeyjar og eins og áður segir hefur björgunarsveit varnarliðsins gegnt mikilvægu hlutverki við björgun á hafinu og hefur haft samstarf við Landhelgisgæsluna varðandi yfirstjórn.

Alþjóðahyggja fer nú vaxandi og samstarf þjóða vex um ýmis málefni. Skriður er á umræðum um afvopnun í Evrópu og sá tími ef til vill skammt undan að tækjum og mannafla verði hægt að beita við borgaraleg verkefni og eru þá öryggismál mjög nærtæk. Því er fyllilega tímabært að kanna hvort ekki sé lag nú til þess að gera Ísland að miðstöð björgunarmála í Norður-Atlantshafi vegna ákjósanlegrar legu landsins.

Þingsályktunartillaga þessi kveður á um það að ríkisstjórnin láti gera athugun á því hvort nágrannaþjóðir okkar séu reiðubúnar til samstarfs um björgunarmál á því víðfeðma hafsvæði sem hér um ræðir ásamt þátttöku í kostnaði við slíka starfsemi. Slík athugun er nauðsynlegur þáttur í framtíðarstefnumörkun á þessu sviði.

Nd. 597. Frumvarp til laga [104. mál]

um breytingu á lögum nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 13. febr.)

1. gr.

Fyrri málsliður síðustu málsgreinar 36. gr. laganna, sbr. lög nr. 22/1989, orðist svo: Lyfjaheildsölum er óheimilt að selja lyf öðrum en þeim sem leyfi hafa til smásölu lyfja, svo og til notkunar á sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum og læknastöðvum, sem fengið hafa viðurkenningu ráðuneytisins í samræmi við 26. gr. laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, og þeim tilraunastofnunum sem leyfi hafa til tilrauna með lyf.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 598. Nefndarálit [116. mál]

um till. til þál. um könnun á áhrifum steinatöku í náttúru Íslands og hertar reglur í þeim efnum til náttúruverndar.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Tillaga þessi var einnig flutt á 111. löggjafarþingi og studdist nefndin við umsagnir er lágu fyrir frá því þingi frá Landvernd, Náttúruverndarráði og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Rannveig Guðmundsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. febr. 1990.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Alexander Stefánsson.	Birgir Ísl. Gunnarsson.
Guðni Ágústsson.	Kristinn Pétursson.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.

Sþ. 599. Breytingartillögur [116. mál]

við till. til þál. um könnun á áhrifum steinatöku í náttúru Íslands og hertar reglur í þeim efnum til náttúruverndar.

Frá félagsmálanefnd.

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta Náttúrufræðistofnun Íslands kanna áhrif af steinatöku og söfnun steingervinga á náttúru Íslands og gera í framhaldi af því, að höfðu samráði við Náttúruverndarráð, tillögur um aðgerðir til náttúruverndar á þessu sviði eftir því sem þörf er talin á.
2. Fyrirsögn till. verði: Till. til þál. um könnun á áhrifum af steinatöku og söfnun steingervinga.

Sþ. 600. Fyrirspurn [346. mál]

til forsætisráðherra um nefndir og ráð á vegum ríkisins og greiðslur fyrir setu í þeim.

Frá Málmfríði Sigurðardóttur og Danfríði Skarphéðinsdóttur.

1. Hversu margar launaðar nefndir og ráð starfa á vegum ríkisins? Í hvaða tilvikum er seta í nefndum og ráðum ekki launuð?
2. Hversu margar fastar nefndir og ráð starfa hjá hverju ráðuneyti? Hversu margar nefndir sinna tímabundnum verkefnum og hverjum þá?
3. Hverjir eiga sæti í áðurgreindum nefndum og ráðum?
4. Við hvað er miðað þegar laun fyrir setu í ráðum og nefndum eru ákvörðuð og hvernig er launagreiðslum háttað? Svar óskast sundurliðað eftir því hvort um er að ræða föst laun eða laun fyrir einstaka fundi.
5. Hvaða reglur gilda um greiðslur til ríkisstarfsmanna sem sinna nefndarstörfum í vinnutíma?

Skriflegt svar óskast.

Nd. 601. Frumvarp til laga [347. mál]

um breytingu á lögum nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Flm.: Málmfríður Sigurðardóttir, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Geir Gunnarsson, Jón Sæmundur Sigurjónsson, Matthías Bjarnason, Ólafur Þ. Þórðarson, Stefán Valgeirsson.

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Húsnæðisstofnun skal hafa afgreiðslu á landsbyggðinni, eina eða fleiri í hverju kjördæmi, og ber í því skyni að semja við útibú Byggðastofnunar eða bankastofnanir og sparisjóði á helstu þéttbýlisstöðum um alla almenna afgreiðslu fyrir stofnunina.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Opinber þjónusta er greidd úr sameiginlegum sjóðum landsmanna og því er réttlætismál að landsmenn allir geti notið hennar jafnt. Einnig er mikilvægt í þessu sambandi að sú þjónusta, sem hið opinbera veitir, sé sem næst fólkinu.

Flestir verða einhvern tíma á ævinni að eignast þak yfir höfuðið og þurfa því að eiga viðskipti við Húsnæðisstofnun ríkisins í Reykjavík. Flestir, sem kaupa húsnæði, þurfa ráðgjöf og leiðbeiningar. Hins vegar er sú staðreynd augljós að ekki eru allir búsettir á höfuðborgarsvæðinu sem á þessum samskiptum þurfa að halda. Allt frá því að Húsnæðisstofnun var komið á fót hefur það valdið því fólki, sem býr fjær, ómældu óhagræði og kostnaði hve erfitt er að nálgast upplýsingar, ráðgjöf og þjónustu þá sem stofnuninni er skylt að veita. Þrátt fyrir þetta óhagræði og óánægju manna með núverandi fyrirkomulag hafa engar umtalsverðar tilraunir verið gerðar til að færa þjónustu þessarar stofnunar nær fólkinu.

Bankastofnanir landsins eiga sín útibú vítt um landið og í mörgum byggðarlögum eru sparisjóðir í eigu heimamanna. Flutningsmenn telja einboðið að bankar og sparisjóðir taki að sér fyrir hönd Húsnæðistofnunar að sinna þeirri nauðsynlegu þjónustu sem stofnuninni ber að láta í té. Byggðastofnun hefur nú þegar sett upp útibú á Akureyri og áformar að fjölga þeim á næstunni. Er einsætt að útibú þeirrar stofnunar veiti a.m.k. ráðgjöf og þjónustu fyrir þá sem erindi eiga við Húsnæðisstofnun. Ætla má að þjónusta Húsnæðisstofnunar við alla landsmenn verði varla framkvæmd á ódýrari og skilvirkari hátt en þann að útibú Byggðastofnunar, bankar og sparisjóðir hafi hana með höndum utan höfuðborgarsvæðisins.

Sþ. 602. Svar [29. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Danfríðar Skarphéðinsdóttur um dóma vegna fíkniefnasölu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve margir voru dæmdir fyrir sölu á fíkniefnum hér á landi á árunum 1985–1988? Svarið óskast sundurliðað eftir kyni og aldri (t.d. 5 ára bil).*
2. *Hvers konar dóma fengu fíkniefnasalar á þessu tímabili og hve langur tími leið frá því að dómur féll þar til honum var fullnægt?*
3. *Hve mikið af fíkniefnum var gert upptækt hjá dæmdum fíkniefnasölum og um hvaða efni var að ræða?*

Árið 1985.

Þetta ár voru 28 aðilar dæmdir til refsingar fyrir fíkniefnabrot, þar af fimm konur. Aldursskipting dómþola var eftirfarandi:

18–20 ára 2 aðilar.
21–25 ára 11 aðilar.
26–30 ára 8 aðilar.
31–35 ára 4 aðilar.
36–40 ára 3 aðilar.

Í óskilorðsbundna refsivist voru dæmdir 25 aðilar og skiptast refsingar þeirra þannig:

1– 3 mánuðir 15 aðilar.
4– 6 mánuðir 8 aðilar.
7–12 mánuðir 1 aðili.
15 mánuðir 1 aðili.

Auk þessa voru þrír aðilar dæmdir í þriggja mánaða fangelsi skilorðsbundið hver. Í nokkrum dómum voru aðilar auk refsivistar dæmdir til greiðslu sekta.

Upptæk fíkniefni samkvæmt dómum, sem kveðnir voru upp hjá sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum árið 1985, voru:

1.	Hassefni	9.786,7 g
2.	Maríjúana . . .	18,0 g
3.	Hassolía	209,5 g
4.	Amfetamín . .	676,9 g
5.	Kókaín	23,3 g
6.	LSD	5,0 skammtar

Árið 1986.

Þetta ár voru 37 aðilar dæmdir til refsingar fyrir fíkniefnabrot, þar af þrjár konur. Aldursskipting dómþola var eftirfarandi:

21–25 ára 7 aðilar.
26–30 ára 17 aðilar.
31–35 ára 7 aðilar.
36–40 ára 5 aðilar.
41–50 ára 1 aðili.

Í óskilorðsbundna refsivist voru dæmdir 32 aðilar og skiptast refsingar þeirra þannig:

1– 3 mánuðir 10 aðilar.
4– 6 mánuðir 4 aðilar.
7–12 mánuðir 12 aðilar.
18 mánuðir 1 aðili.
2 ár 3 aðilar.
2½ ár 1 aðili.
4 ár 1 aðili.

Auk þessa voru fjórir aðilar dæmdir í skilorðsbundið fangelsi og hjá einum var ákvörðun um refsingu frestað skilorðsbundið. Í nokkrum dómum voru aðilar auk refsivistar dæmdir til greiðslu sekta.

Upptæk fíkniefni samkvæmt dómum, sem kveðnir voru upp hjá sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum árið 1986, voru:

1.	Hassefni	14.263,3 g
2.	Hassolía	422,2 g
3.	Amfetamín . .	1.167,6 g
4.	Kókaín	18,5 g
5.	LSD	2.952 skammtar

Árið 1987.

Þetta ár voru 31 aðili dæmdur til refsingar fyrir fíkniefnabrot, þar af fimm konur. Aldursskipting dómþola var eftirfarandi:

18–20 ára 2 aðilar.
21–25 ára 12 aðilar.
26–30 ára 10 aðilar.
31–35 ára 6 aðilar.
36–40 ára 1 aðili.

Í óskilorðsbundna refsivist voru dæmdir 23 aðilar og og skiptast refsingar þeirra þannig:

1– 3 mánuðir 9 aðilar.
4– 6 mánuðir 3 aðilar.
7–12 mánuðir 3 aðilar.
16 mánuðir 1 aðili.
18 mánuðir 1 aðili.
2 ár 3 aðilar.
2½ ár 2 aðilar.
3 ár 1 aðili.

Auk þessa voru átta aðilar dæmdir í tveggja til fjögurra mánaða skilorðsbundna refsivist hver. Í nokkrum dæmum voru aðilar auk refsivistar dæmdir til greiðslu sekta.

Upptæk fíkniefni samkvæmt dómum, sem kveðnir voru upp hjá sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum árið 1987, voru:

1.	Hassefni	4.096,8 g
2.	Hassolía	1.413,0 g
3.	Maríjúana . . .	283,0 g
4.	Amfetamín . .	889,0 g
5.	Kókaín	1,0 g

Árið 1988.

Þetta ár voru 18 aðilar dæmdir til refsingar fyrir fíkniefnabrot, allt karlmenn. Aldursskipting dómþola var eftirfarandi:

18–20 ára 1 aðili.
21–25 ára 4 aðilar.
26–30 ára 3 aðilar.
31–35 ára 6 aðilar.
36–40 ára 4 aðilar.

Í óskilorðsbundna refsivist voru dæmdir 15 aðilar og skiptast refsingar þeirra þannig:

1– 3 mánuðir 8 aðilar.
4– 6 mánuðir 1 aðili.
7–12 mánuðir 1 aðili.
18 mánuðir 1 aðili.
2 ár 1 aðili.
2 ár 4 mánuðir 1 aðili.
2½ ár 1 aðili.
4 ár 1 aðili.

Upptæk fíkniefni samkvæmt dómum, sem kveðnir voru upp hjá sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum árið 1988, voru:

1.	Hassefni	1.463,8 g
2.	Hassolía	112,0 g
3.	Amfetamín	34,0 g
4.	Kókaín	444,0 g

Þótt ekki sé sérstaklega um það spurt skal upplýst að fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík lagði hald á neðangreint magn fíkniefna á árunum 1979 til 1988. Neðangreindar upplýsingar eru í grömmum nema kannabisplöntur og LSD í stykkjum.

	1979	*1980*	*1981*	*1982*	*1983*
1. Hassefni	929,0	2.858,0	5.283,1	6.059,2	21.096,1
2. Hassolía	62,4	24,6	32,3	342,2	295,2
3. Kannabisplöntur	0	0	0	0	0
4. Maríjúana	507,0	822,3	2.765,5	1,525,0	3.329,0
5. Amfetamín	0	1,6	50,6	73,6	624,3
6. Kókaín	0	0,8	4,6	7,3	25,8
7. LSD	4	0	0	4	0

	1984	1985	*1986*	*1987*	*1988*
1. Hassefni	7.088,7	8.906,0	10.383,1	14.916,0	19.170,2
2. Hassolía	430,0	0,2	0	962,7	105,2
3. Kannabisplöntur	112,0	27,0	0	16,0	31,0
4. Maríjúana	65,2	573,5	272,8	236,0	55,3
5. Amfetamín	1.348,4	970,2	1.698,1	365,0	639,8
6. Kókaín	18,5	24,0	7,9	534,1	100,1
7. LSD	775,0	2.223,0	2,0	0	6,0

Auk framangreindra atriða er spurt um hversu langur tími hafi liðið frá því að dómur féll þar til honum var fullnægt.

Í neðangreindum töflum er fyrst sýnt hversu langur tími leið frá uppkvaðningu dóms og þar til hann barst dómsmálaráðuneyti (Fangelsismálastofnun eftir 1. janúar 1989) til fullnustu og síðan hversu langur tími leið frá því að dómur barst til fullnustu og þar til afplánun hófst. Eingöngu er miðað við dóma þar sem dæmd er óskilorðsbundin refsivist.

Dagafjöldi frá uppkvaðningu dóms og þar til hann barst til fullnustu:

	1985	*1986*	*1987*	*1988*	
0– 30 dagar		2	9	12	3
31– 90 dagar		6	10	4	8
91–180 dagar		9	8	4	3
181–270 dagar		6	3	1	1
271–365 dagar		2	2	2	0

Dagafjöldi frá því að dómur barst til fullnustu og þar til afplánun hófst:

	1985	*1986*	*1987*	*1988*
0– 30 dagar	8	7	8	4
31– 90 dagar	1	2	1	1
91–180 dagar	3	5	4	4
181–270 dagar	4	5	2	2
271–365 dagar	5	8	7	2
366–720 dagar	1	4	1	0
meira en 721 dagur	2	1	0	0
Afplánun ekki hafin	1	0	0	2

Ed. 603. Nefndarálit [263. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 41/1973.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin fékk Þorstein A. Jónsson, deildarstjóra í dómsmálaráðuneytinu, Valtý Sigurðsson, borgarfógeta og fulltrúa Dómarafélags Íslands, og Unni Gunnarsdóttur, framkvæmdastjóra Lögmannafélags Íslands, til viðræðna um efni frumvarpsins. Eftir allítarlega umfjöllun um málið hefur nefndin orðið sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins án breytinga.

Alþingi, 14. febr. 1990.

Jón Helgason, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Jóhann Einvarðsson.	Danfríður Skarphéðinsdóttir.	Ey. Kon. Jónsson.
	Salome Þorkelsdóttir.	

Sþ. 604. Svar [328. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar H. Garðarssonar um virðisaukaskatt í ríkjum Evrópubandalagsins.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Hvernig er álagningu virðisaukaskatts háttað í ríkjum Evrópubandalagsins?*
2. *Hversu mörg þrep eru í álagningu virðisaukaskatts í einstökum ríkjum EB?*

Leitað hefur verið upplýsinga um þetta mál hjá stjórnarnefnd Evrópubandalagsins og fylgir svarinu greinargerð frá stjórnarnefndinni. Hún byggir á stöðu mála 1. janúar 1989.

1. **Álagning virðisaukaskatts í ríkjum Evrópubandalagsins.**

Í greinargerð þeirri, sem hér fylgir á eftir, er á margvíslegan hátt fjallað um álagningu virðisaukaskatts í Evrópubandalagsríkjunum. Þar er í töflu sýnd þróun skattsins í hverju ríki Evrópubandalagsins, gerð grein fyrir því hvenær skatturinn var tekinn upp, hversu mörg þrep hafa verið í skattinum á hverjum tíma, hvert skatthlutfall er eða hefur verið í hverju þrepi og hvaða breytingar hafa í stórum dráttum orðið á virðisaukaskattskerfinu síðan það var tekið upp. Einnig fylgja skýringar og athugasemdir við einstök skattþrep. Í greinargerðinni er einnig sérstakt yfirlit um undanþágur í formi „núllskatts" sem samsvarar undanþágum í 12. gr. íslensku virðisaukaskattslaganna. Þá er í greinargerðinni ítarleg tafla sem sýnir núverandi stöðu virðisaukaskattsins í ríkjunum tólf eftir einstökum flokkum vöru og þjónustu, hlutfall, þrep og undanþágur.

2. **Þrep í virðisaukaskatti í einstökum ríkjum Evrópubandalagsins.**

Virðisaukaskattur er við lýði í öllum ríkjum Evrópubandalagsins, en form skattkerfisins er mjög ólíkt frá einu ríki til annars og skatthlutfall mjög misjafnt milli ríkjanna. Bæði hefðir í þjóðlífi, misjafnar pólitískar aðstæður og ólík efnahagsleg skipan hafa valdið því að þrepafjöldi er afar fjölbreytilegur og undanþágum er hagað með sínum hætti í hverju

aðildarríki Evrópubandalagsins. Þessi staða hefur leitt af sér að samræming á virðisaukaskattskerfum ríkjanna tólf er eitt flóknasta og erfiðasta verkefnið í því starfi sem nú fer fram undir merkjum sameiginlegs innri markaðar í Evrópubandalaginu.

Í mjög grófum dráttum mætti segja að algengasta skatthlutfall á almenna vöru og þjónustu í ríkjum Evrópubandalagsins sé á milli 15 og 20%. Slík staðhæfing ein saman gæfi þó mjög villandi mynd. Víða er almennur skattur lægri, en almennur skattur frá 20–25% er þó í Danmörku, Belgíu og Írlandi. Hæsta virðisaukaskattshlutfall er í efsta þrepi ítalska kerfisins, 38%, og hjá Grikkjum 36%, en á Spáni er til 33% skattþrep, í Belgíu 32% þrep, í Portúgal 30% þrep og í Frakklandi 28% þrep.

Í Bretlandi og Danmörku er virðisaukaskattur í einu þrepi, en skattkerfi ríkjanna eru þó mjög ólík innbyrðis vegna ólíkra reglna um núllskatt. Algengasta form virðisaukaskattskerfis í Evrópubandalaginu er einhvers konar útgáfa af tveggja þrepa kerfi og má segja að í stórum dráttum eigi slík skilgreining við um skattkerfi Frakklands, Hollands, Írlands, Lúxemborgar, Portúgals, Spánar og Þýska sambandslýðveldisins. Aðeins Hollendingar og Vestur-Þjóðverjar búa þó við strangt tveggja þrepa kerfi. Í Frakklandi bætast við lágþrep, háþrep og milliþrep. Á Írlandi eru tvenns konar lágþrep, í Lúxemborg er lágþrep að auki, en í Portúgal og á Spáni sérstakt háþrep. Í Grikklandi er þriggja þrepa kerfi og að auki sérstakt lágþrep. Á Ítalíu og í Belgíu er í stórum dráttum um fjögurra þrepa kerfi að ræða, en í Belgíu er þó að auki sérstakt lágþrep og sérstakt háþrep. Má þannig finna innan Evrópubandalagsins allt frá einu og upp í sex þrep í virðisaukaskatti.

„Núllskattur“ eins og finna má í 12. gr. íslensku virðisaukaskattslaganna er að umfangi mjög misjafn í ríkjum Evrópubandalagsins. Í öllum ríkjunum nær núllskattur til þeirra sviða sem kerfið gerir ráð fyrir, útflutningsvara, vöruflutninga milli landa o.s.frv. Að öðru leyti er staðan sú að víðtækur núllskattur er í Bretlandi, á Írlandi og í Portúgal. Núllskattur er hins vegar hverfandi í öðrum ríkjum Evrópubandalagsins. Á Ítalíu og í Lúxemborg má segja að á móti komi mjög lágt skattþrep á nokkrar tegundir almennrar vöru.

Undanþágur frá virðisaukaskatti eins og þær sem finna má í 2. gr. íslensku virðisaukaskattslaganna gilda alls staðar í bandalagsríkjunum um póstþjónustu, heilbrigðis- og menntastofnanir og ýmsar vörur þeim tengdar, góðgerðarstarf, ýmislegt menningarstarf, happdrætti og veðmál, jarðasölu, fjármálaþjónustu og fasteignaleigu. Reglur Evrópubandalagsins gera ráð fyrir að þessi svið verði undanþegin til frambúðar.

Hér fer á eftir mjög stutt yfirlit um virðisaukaskattskerfið í hverju Evrópubandalagsríkjanna fyrir sig.

Í Belgíu eru í megindráttum fjögur þrep, 6%, 17%, 19% og 25%. Í lægsta þrepi eru m.a. matvæli, lyf, bækur, listaverk og fornmunir. Í hæsta þrepi eru m.a. vín, heimilisraftæki, bensín og dísilolía. Að auki er lágt 1% þrep fyrir gull og sérstakur háskattur á t.d. skartgripi, loðfeldi og veiðivopn. Sá skattur nemur 8% umfram 25% þrepið og fylgir hann sömu meginreglum og virðisaukaskatturinn. Núllskattur er á dagblöðum, en er að öðru leyti óverulegur.

Í Bretlandi er eitt þrep, 15%. Núllskattsundanþágur eru fjölmargar og ná þær m.a. til matvæla, prentmáls, fólksflutninga, barnafata, eldsneytis og húsbygginga.

Í Danmörku er eitt þrep, 22%. Núllskattsundanþágur eru fáar, en nefna má dagblöð og tímarit. Af vöru og þjónustu utan kerfis má nefna sérstaklega safnrekstur og listaverkasölu frá listamönnum.

Í Frakklandi er í megindráttum tveggja þrepa kerfi, 5,5% og 18,6%. Í lægra þrepi eru matvæli, lyf, bækur, fólksflutningar og fleira. Dagblöð og tímarit eru sköttuð á enn lægra þrepi, 2,1%. Milliþrep, 13%, gildir um byggingarlóðir, en 28% háþrep um t.d. bifreiðar, loðfeldi og skartgripi. Núllskattsundanþágur eru ekki teljandi. Af vöru og þjónustu utan kerfis má nefna sölu notaðrar vöru og listaverkasölu frá listamönnum.

Í Grikklandi er í megindráttum þriggja þrepa kerfi, 6%, 16% og 36%. Matvæli, lyf, orkugjafar (nema bensín), fólksflutningar og fleira eru í lægsta þrepi og á prentmál leggst enn lægri skattur, 3%. Í hæsta þrepi eru ýmsar drykkjarvörur, tóbak, hljómflutnings- og myndbandstæki o.s.frv. Núllskattsundanþágur eru óverulegar.

Í Hollandi eru tvö þrep, 6% og 18,5%. Í lægra þrepinu eru m.a. óáfengir svaladrykkir, lyf, bækur, blöð og tímarit, fólksflutningar, rekstur gisti- og veitingahúsa, listaverk og fornmunir. Núllskattsundanþágur eru óverulegar.

Á Írlandi eru í megindráttum tvö þrep, 10% og 25%. Í lægra þrepinu eru m.a. fatnaður fullorðinna, dagblöð, gas, rekstur gisti- og veitingahúsa, nýbyggingar og byggingarvinna. Að auki er 5% skattur á rafmagn og 1,4% á sölu búfjár á fæti. Núllskattsundanþágur eru fjölmargar og ná þær m.a. til matvæla, bóka, barnafata, lyfja, heilbrigðisvara og hvítra skrautlausra kerta af venjulegri gerð. Af vöru og þjónustu utan kerfis má nefna fólksflutninga og vatn.

Á Ítalíu eru fjögur þrep, 4%, 9%, 19% og 38%. Í lægsta þrepi eru m.a. ýmis matvæli, svo sem pastavörur, fiskur, mjólk og ávextir, einnig bækur, tímarit og íbúðarhúsnæði. Í 9% skattþrepi eru m.a. ýmis matvæli, svo sem kjöt, léttvín, kaffi, sykur og einnig rafmagn, gas, veitingasala, leiksýningar og kvikmyndasýningar. Í hæsta þrepi eru gripir úr platínu, loðfeldir, lystisnekkjur o.s.frv. Núllskattsundanþágur eru fáar, en þar á meðal dagblöð.

Í Lúxemborg er í megindráttum tveggja þrepa kerfi, 6% og 12%, en að auki er 3% þrep fyrir ákveðnar tegundir matvæla og lyfja. Í 6% þrepinu eru m.a. matvæli, léttvín, tóbak, bækur, tímarit, dagblöð, gas, rafmagn, fólksflutningar, rekstur gisti- og veitingahúsa. Núllskattsundanþágur eru ekki teljandi. Af vöru og þjónustu utan kerfis má nefna vatn og nýbyggingar.

Í Portúgal er í megindráttum tveggja þrepa kerfi, 8% og 17%. Í lægra þrepi eru m.a. ákveðin matvæli, bjór og sódavatn, gas, rafmagn, eldsneyti, fólksflutningar, rekstur gisti- og veitingahúsa. Að auki er 30% þrep fyrir nokkrar vörutegundir, þar á meðal tiltekin sterk vín, loðfeldi og skartgripi. Núllskattsundaþágur eru fremur víðtækar og ná m.a. til helstu matvæla, lyfja, aðfanga í landbúnaði, bóka, dagblaða og tímarita.

Á Spáni er í megindráttum tveggja þrepa kerfi, 6% og 12%. Í lægra þrepi eru m.a. vatn, matvæli, svaladrykkir, lyf, bækur, dagblöð og tímarit. Að auki er 33% þrep fyrir nokkrar vörutegundir, skartgripi, loðfeldi og tilteknar gerðir bifreiða. Núllskattsundanþágur eru hverfandi. Af vöru og þjónustu utan kerfis má nefna safnrekstur.

Í Þýska sambandslýðveldinu eru tvö þrep, 7% og 14%. Í lægra þrepi eru m.a. matvæli, bækur, blöð og tímarit, vatn, vissir fólksflutningar og listaverk. Núllskattsundanþágur eru hverfandi. Af vöru og þjónustu utan kerfis má nefna safnrekstur.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneytið:

VIRÐISAUKASKATTUR Í EB-RÍKJUM
(1. janúar 1989.)

I. Þróun skattþrepa í EB-ríkjunum.

ríki, dagsetningar	lágt þrep	alm. þrep	hátt þrep	skattþrep	undanþágа
BELGÍA					
1971 (1. janúar)	6	18	25	14	sjá III
1978 (1. janúar)	6	16	25	-	"
1980 (1. desember)	6	16	25/25+5 [1])	-	"
1981 (1. júlí)	6	17	25/25+5 [1])	-	"
1981 (1. september)	6	17	25/25+8 [1])	-	"
1982 (1. mars)	1/6 [2])	17	25/25+8 [1])	-	"
1983 (1. janúar)	1/6 [2])	19	25/25+8 [1])	17	"
BRETLAND					
1973 (1. apríl)	-	10	-	-	sjá III
1974 (29. júlí)	-	8	-	-	"
1974 (18. nóvember)	-	8	25 [3])	-	"
1975 (1. maí)	-	8	25 [3])	-	"
1976 (12. apríl)	-	8	12,5	-	"
1979 (18. júní)	-	15	-	-	"
DANMÖRK					
1967 (3. júlí)	-	10	-	-	sjá III
1968 (1. apríl)	-	12,5	-	-	"
1970 (29. júní)	-	15	-	-	"
1975 (29. september)	9,25	15	-	-	"
1976 (1. mars)	-	15	-	-	"
1977 (3. október)	-	18	-	-	"
1978 (1. október)	-	20,25	-	-	"
1980 (30. júní)	-	22	-	-	"
FRAKKLAND (sjá aths. [4]) fyrir Korsíku)					
1968 (1. janúar)	6 [5])	$16^2/_3$ [5])	20 [5])	13 [5])	-
1968 (1. desember)	7 [5])	19 [5])	25 [5])	15 [5])	-
1970 (1. janúar)	7,5	23	$33^1/_3$	17,6	-
1973 (1. janúar)	7	20	$33^1/_3$	17,6	-
1977 (1. janúar)	7	17,6	$33^1/_3$	-	-
1982 (1. júlí)	5,5/7	18,6	$33^1/_3$	-	-
1986 (1. janúar)	4/5,5/7	18,6	$33^1/_3$	-	-
1986 (1. júlí)	2,1/4/5,5/7/13 [6])	18,6	$33^1/_3$	-	-
1987 (17. september)	2,1/4/5,5/7/13 [6])	18,6	$33^1/_3$	28 [6])	-
1988 (1. desember)	2,1/4/5,5/7/13	18,6	28	-	-
1989 (1. janúar)	2,1/5,5/13	18,6	28 [6])	-	-
GRIKKLAND (sjá aths. [7]) fyrir Tylftareyjar)					
1987 (1. janúar)	3/6 [8])	18	36	-	-
1988 (1. janúar)	3/6 [8])	16	36	-	-

HOLLAND					
1969 (1. janúar)	4	12	-	-	-
1971 (1. janúar)	4	14	-	-	-
1973 (1. janúar)	4	16	-	-	-
1976 (1. janúar)	4	18	-	-	-
1984 (1. janúar)	5	19	-	-	-
1986 (1. október)	6	20	-	-	-
1989 (1. janúar)	6	18,5	-	-	-

ríki, dagsetningar	lágt þrep	alm. þrep	hátt þrep	milliþrep	undanþága
ÍRLAND					
1972 (1. nóvember)	5,26	16,37	30,26	11,11	sjá III
1973 (3. september)	6,75	19,5	36,75	11,11	"
1976 (1. mars)	10	20	35	-	"
1979 (1. mars)	10	20	40	-	"
1980 (1. maí)	10	25	-	-	"
1981 (1. september)	15	25	-	-	"
1982 (1. maí)	18	30	-	-	"
1983 (1. mars)	23	35	-	-	"
1984 (1. mars)	5/18/23	35	-	-	"
1985 (1. mars)	2,2/10 [9])	23	-	-	"
1986 (1. mars)	2,4/10 [9])	25	-	-	"
1987 (1. maí)	1,7/10 [9])	25	-	-	"
1988 (1. mars)	1,4/5/10 [9])	25	-	-	"
ÍTALÍA					
1973 (1. janúar)	6	12	18	-	sjá III
1975 (1. janúar)	6	12	30	18	"
1976 (18. mars)	6	12	30	18	"
1976 (10. maí)	6/9	12	30	18	"
1976 (23. desember)	1/3/6/9	12	30	18	"
1977 (8. febrúar)	1/3/6/9/12	14	35	18	"
1980 (3. júlí)	2/8	15	35	18	"
1980 (1. nóvember)	1/2/3/6/9/12	14	35	15/18	"
1981 (1. janúar)	2/8	15	35	18	"
1982 (5. ágúst)	2/8/10/15	18	38	20	"
1984 (19. apríl)	2/8/10/15	18	30/38	20	"
1984 (20. desember)	2/9	18	38	-	"
1988 (1. ágúst)	2/9	19	38	-	"
1989 (1. janúar)	4/9 [10])	19	38 [10])	-	"
LÚXEMBÚRG					
1970 (1. janúar)	4	8	-	-	-
1971 (1. janúar)	2/5	10	-	-	-
1983 (1. júlí)	3/6	12	-	-	-
PORTÚGAL (sjá aths. [11]) fyrir Asoreyjar og Madeiru)					
1986 (1. janúar)	8	16	30	-	sjá III
1988 (1. febrúar)	8	17	30	-	"
SPÁNN					
1986 (1. janúar)	6	12	33	-	sjá III
1987 (1. janúar)	6	12	33	-	"
1988 (1. janúar)	6 [12])	12 [12])	33 [12])	-	"
V-ÞÝSKALAND					
1968 (1. janúar)	5	10	-	-	-
1968 (1. júlí)	5,5	11	-	-	-
1978 (1. janúar)	6	12	-	-	-
1983 (1. júlí)	7	14	-	-	-

II. Skýringar og athugasemdir við einstök skattþrep.

[1]) **BELGÍA**

Sérstakur lúxusskattur leggst á sölu og innflutning ákveðinna vörutegunda sem hafa fyrir 25%-skattinn (skartgripir, loðfeldir, ilmvötn, veiðivopn o.s.frv.). Þessi skattur var hækkaður í 8% 1. september 1981 og skattstofninn breikkaður þannig að hann leggst nú einnig á bifreiðar yfir 3000 cc, snekkjur, lystibáta, útvarps- og sjónvarpstæki. Skatturinn fylgir sömu meginreglum og virðisaukaskatturinn.

[2]) **BELGÍA**

1% skattur á gull sem fjárfestingarvöru.

[3]) **BRETLAND**

Breytingar á skattstofninum.

[4]) **FRAKKLAND**

Sérstakir skattar á Korsíku:

0,9%: ákveðnar leiksýningar og sirkussýningar, sala búfjár á fæti frá sláturhúsum og afurðastöðvum til óskráðra aðila

2,1%: dagblöð og ámóta útgáfa, vara og þjónusta með lágskatti og sérstökum lágskatti á meginlandinu (nema lyf)

5,5%: sala byggingarlóða

8%: byggingarvinna, ákveðnar landbúnaðarvörur, gistiþjónusta, veitingasala, rafmagn til almannanota.

13%: olíuvörur, farartæki fyrir fatlaða, notaðir fólksbílar (á mun kaups og sölu)

21%: fólksbílar, vélhjól (yfir 240 cm^3), tóbaksvörur

[5]) **FRAKKLAND**

Til 1. janúar 1970 var virðisaukaskatturinn lagður ofan á verð sem sjálft fól í sér virðisaukaskatt. Frá þessum tíma leggst skatturinn ofan á verð sem innskattur hefur verið dreginn frá.

[6]) **FRAKKLAND**

2,1%: dagblöð og tímarit

5,5%: venjulegur lágskattur

13%: sala byggingarlóða

[7]) GRIKKLAND

Sérstakir skattar fyrir Tylftareyjar (Rhodos o.fl. eyjar við Tyrklandsstrendur), eiga ekki við almenna þjónustu:

2%: dagblöð og tímarit

4%: lágt skattþrep

12%: vöruflutningar og innflutningur (nema tóbaksvörur, olíuvörur, rafmagn)

31%: hátt skattþrep

[8]) GRIKKLAND

3% á bækur, dagblöð, tímarit, leiksýningar.

[9]) ÍRLAND

5% skatturinn á einungis við rafmagnssölu;

1,4% skatturinn á við sölu búfjár;

10% skatturinn leggst á olíu til húshitunar og annað eldsneyti, á byggingarvinnu, byggingar, steinsteypu, fatnað og skófatnað fyrir fullorðna, klæðaefni, dagblöð, gistiþjónustu, bílaleigu, bátaleigu, húsvagnaleigu, tjaldaleigu, viðgerðir ökutækja, ákveðna þjónustu við landbúnað, landbúnaðarbókhald, á þjónustu matsmanna við uppboð, á þjónustu tengda fasteignasölu, aðgöngugjald að syningum, kvikmyndahúsum o.fl., á tilbúinn mat, franskar kartöflur, á ökukennslu (nema meirapróf), á hreingerningarþjónustu, heimilishjálp, ljósmyndun, leiðsögn ferðamanna, sorpmóttöku.

[10]) ÍTALÍA

4%: ákveðin matvæli, svo sem fiskur, nýmjólk, smjör og ostar, ávextir, grænmeti, hrísgrjón, pastavörur, matarolíur; bækur, tímarit, ákveðnar tegundir áburðar og dýrafóðurs, venjulegt íbúðarhúsnæði, gervilimir, afnotagjöld útvarps og sjónvarps, fæði í matstofum, bækur, tímarit, dagblöð.

9%: kindakjöt, hænsna- og gæsakjöt, egg, kaffi, sykur, súkkulaði, vín innan við 21% önnur en freyðivín, bjór, ákveðin klæðisefni, rafmagn og gas á heimilum og í iðnaði, olíuvörur til landbúnaðar, byggingarefni, hljómplötur, gistiþjónusta önnur en í hæsta gæðaflokki, veitingasala önnur en í hæsta gæðaflokki, kvikmyndasýningar, leiksýningar og álika.

38%: verk úr platínu (nema til iðnaðarnota), ákveðnar gerðir loðfelda, héraðsmerkt freyðivín, bifreiðar yfir 2000 cc, lystisnekkjur yfir 18 lestum, austurlensk teppi ...

[11]) PORTÚGAL

Sérstök skattþrep á Asoreyjum og á Madeiru:

6% lágskattur
12% meðalskattur
21% háskattur

[12]) SPÁNN
Breytingar á skattstofninum.

III. Yfirlit um „núllskatt“ í virðisaukaskattslöggjöf EB-ríkjanna.

Undanþága með rétti til frádráttar eða endurgreiðslu á innskatti er veitt í öllum EB-ríkjunum til útflutningsgreina og svipaðrar atvinnustarfsemi (hafnarþjónustu, fríhafnarsölu, sölu og viðhalds skipa og loftfara o.s.frv.). Að auki nýtur sala þessarar vöru og þjónustu núllskatts:

BELGÍA

Dagblöð og vikublöð.

BRETLAND

Matvæli og dýrafóður (að undanteknum tilbúnum mat og sérstöku góðgæti, til dæmis rjómaís, súkkulaði, gosdrykkjum og álíka, og fóðri heimilisdýra).

Fræ eða álíka til plöntuframleiðslu til matvæla- eða fóðurframleiðslu.

Búfé á fæti.

Holræsavinna.

Vatn.

Bækur, dagblöð, tímarit, tónlist, kort o.s.frv.

Segulbönd og önnur upptökutæki ætluð Konunglegu bresku blindrastofnuninni.

Útvarpstæki sem góðgerðarstofnun kaupir til að gefa blindum.

Fréttastofuþjónusta.

Eldsneyti, gas, rafmagn, gasolíur (nema eldsneyti til ökutækja).

Húsbyggingar (þ.e. byggjandi selur byggingu sína eða hluta hennar, vinna við byggingu eða niðurrif, önnur en arkitekts, o.s.frv.).

Byggingarefni tengd þeirri byggingarvinnu sem nefnd er að ofan.

Fólksflutningar með ökutæki, flugvél eða svifnökkva sem tekur yfir tólf manns, eða með póstinum eða öllum venjulegum járnbrautarleiðum.

Fólks- og vöruflutningar til útlanda.

Ákveðnir húsvagnar.

Lyffræðitæki, lyf, læknistæki, hjálpartæki öryrkja o.s.frv. (nema heyrnartæki, gervitennur, gleraugu o.s.frv.).

Kaup og sala góðgerðarstofnana.

Barnaföt og barnaskór.

Hjálmar og hlífðarskór í iðnaði.

Öryggishjálmar vélhjólamanna.

DANMÖRK

Sala og leiga flugvéla og skipa yfir 5 lestum (þó ekki skemmtibátar og loftför til íþrótta eða skemmtunar).

Viðgerðar-, viðhalds- og uppsetningarvinna við skip og loftför (sjá að ofan) og fastar innréttingar í þeim, einnig efni sem fer til þessara verka.

Blöð sem gefin eru út reglulega að minnsta kosti einu sinni á mánuði.

Erlend tímarit í áskrift þegar áskriftarsamningurinn er á milli áskrifandans og erlends útgefanda.

ÍRLAND

Dýrafóður (nema fyrir heimilisdýr).

Áburður (minnst í 10 kílóa einingum).

Ákveðin þjónusta „Commissioners of Irish Lights" (vitaverðir).

Gullsala til Írlandsbanka.

Björgunarathafnir „Royal National Life Boat Institutions".

Matvæli og drykkjarvörur (að undanteknum nokkrum tegundum, t.d. áfengi, gosdrykkjum, sælgæti, ís).

Lyf fyrir menn, tekin inn.

Sala ákveðinna heilbrigðisvara fyrir konur.

Lyf fyrir dýr, tekin inn (þó ekki lyf fyrir heimilisdýr).

Fræ, plöntur, tré o.s.frv. til matvælaframleiðslu.

Bækur og bæklingar (ekki blöð, tímarit, verðskrár, vasabækur o.s.frv.).

Föt og skór fyrir meðalstór börn undir tíu ára aldri (nema skinnföt og loðfeldir, og þau föt eða skór sem ekki eru miðuð við stærð).

Heilbrigðisvörur, svo sem hjólastólar, hækjur, stoðtæki og gervilimir (nema gervitennur).

Hvít skrautlaus vaxkerti af venjulegri gerð.

ÍTALÍA

Lóðir og jarðir sem ekki eru ætlaðar til byggingar.

Gull í stöngum og ámóta.

Brotajárn og annar málmúrgangur.

PORTÚGAL

Helstu matvæli.

Aðföng í landbúnaði (dýrafóður, búfé á fæti, plöntur, verkfæri o.s.frv.).

Dagblöð og tímarit.

Bækur.

Lyf.

Gervilimir, stoðtæki.

IV. Yfirlit um hlutfall og þrep í virðisaukaskatti í EB-ríkjum.

vörur og þjónusta	Belg.	Danm.	V-Þl.	Spánn	Frakkl.	Grikkl.	Írland	Ítalía	Lúx.	Holl.	Portúg.	Bretl.
Matvæli	6	22	7	6	5,5	6	0/25	4/9	3/6	6	0/8	0
Drykkir												
- sterkt vín	25	22	14	12	18,6	16/36	25	19	12	18,5	8/17/30	15
- léttvín	25	22	14	12	18,6	6/16	25	9	6	18,5	0/8	15
- bjór	19	22	14	12	18,6	16	25	9	12	18,5	8	15
- ölkeldu-/sódavatn	19	22	14	6	18,6	6	0	9	12	6	8	15
- gosdrykkir	19	22	14	6	18,6	6	25	19	12	6	17	15
- ávaxtadrykkir	25	22	14	6	18,6	6/36	25	19	6	6	17	15
Klæðnaður												
- fullorðnir	19	22	14	12	18,6	16	10	19	12	18,5	17	15
- börn	19	22	14	12	18,6	16	0	9	12	18,5	17	0
Skór												
fullorðnir	17	22	14	12	18,6	16	10	19	12	18,5	17	15
börn	17	22	14	12	18,6	16	0	9	12	18,5	17	0
Lyf og skyldar vörur	6	22	14	6	5,5	6	0/25	9	3/6	6	0	0
Tóbak												
- venjulegar sígarettur, - skatturinn leggst á hæsta smásöluverð (ofan á önnur gjöld)	5,66	18,03	12,28	10,7	22,475	36	20	15,25	6	16,67	13,79	13,04
Bækur	6	22	7	6	5,5	3	0	4	6	6	0	0
Dagblöð	0	0	7	6	2,1	3	10	4	6	6	0	0
Tímarit	0	0	7	6	2,1	3	25	4	6	6	0	0
Hljómtæki, myndbönd	33	22	14	12	28	36	25	9/19	12	18,5	17	15
Heimilisraftæki	25	22	14	12	18,6	16	25	19	12	18,5	17	15
Menningarviðburðir - leik- og kvikmyndasýningar	6	22	7	0/6	5,5/ 18,6	U/6	U/ 10/25	9	6	18,5	0/8	15
Loðfeldir	33	22	14	33	28	36	25	38	12	18,5	30	15
Skartgripir	33	22	14	33	28	16	25	19/38	12	18,5	30	15
Vatn	6	22	7	6	5,5	6	U	9	U	6	0	0
as	17	22	14	12	18,6	6	10	9	6	18,5	8	0
afmagn	17	22	14	12	18,6	6	5	9	6	18,5	8	0
Olíuvörur												
- bensín	25	22	14	12	18,6	36	25	19	12	18,5	8	15
- dísilolía	25	22	14	12	18,6	6	25	19	12	18,5	8	15
- olíugas	25	22	14	12	18,6	6	10	19	6	18,5	8	15
- olía til húshitunar	19	22	14	12	18,6	6	10	19	6	18,5	8	0
- smurolíur	19	22	14	12	18,6	6	25	19	12	18,5	17	15
Bifreiðar	25/33 (33 ef >3000cc)	22	14	33/12	28	6	25	19/38 (38 ef bensínb. >2000cc, dísilb. >2500cc)	12	18,5	17	15
Fólksflutningar	6	U	7/14	6/12	5,5	6	U	19	6	6	8	0/15
Gistihúsarekstur	6	22	14	6/12	5,5/18,6	6/16	10	9/19	6	6	8	15
Veitingahúsarekstur	17	22	14	6/12	18,6	6/16	10	9/19	6	6	8	15
Byggingariðnaður												
- byggingarlóðir	U	U	U	12	13	U	U	19	U	U/18,5	U	U [1])
- nýbyggingar	17	U	U	6/12	18,6	U	10	4	U	18,5	U	0 [1])
- vinna	6/17	22	14	6	18,6	16	10	4/19	12	18,5	8/17	15

vörur og þjónusta	Belg.	Danm.	V-Þl.	Spánn	Frakkl.	Grikkl.	Írland	Ítalía	Lúx.	Holl.	Portúg.	Bretl.
Listaverk	6	22	7	12 á ál.	18,6 á ál. eða á 30% söluverða	16	25	19	12	6	17/U á ál.	0/15 á ál. 0% ef innflutt
Fornmunir	6	22	14	12 á ál.	e. teg., á ál. eða söluverð	16	25	18	12	6	17 á ál.	0/15
Notaðir munir	e. teg., á ál.	22	e. teg.	12 á ál.	e. teg., á ál. eða söluverð	16	25	eftir teg.	12	18,5	17 á ál.	0/15

[1]) 15% á einkanot frá 1. apríl 1989.

U = Undanþegið
á ál. = á álagningu
- teg. = eftir tegundum

Sþ. 605. Fyrirspurn [348. mál]

til félagsmálaráðherra um álagningu fasteignagjalda 1990.

Frá Hreggviði Jónssyni.

Hve hátt er hlutfall álagðra fasteignagjalda 1990 af fasteignamati annars vegar íbúðarhúsnæðis, sbr. a-lið 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, og hins vegar annars húsnæðis, sbr. b-lið sömu greinar, og hve hátt verður þetta hlutfall þegar með eru talin álögð öll önnur gjöld af fasteignum, þ.e. vatnsskattur, holræsagjald, lóðarleiga, sorphreinsun, tunnuleiga o.s.frv. Óskað er eftir að hlutfallið sé sýnt sérstaklega í hverjum

a. kaupstað,
b. hreppi með yfir 200 íbúa,
c. hreppi með undir 200 íbúa?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 606. Fyrirspurn [349. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um eftirlit með innflutningi á grænmeti og öðrum matvælum.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

1. Hvernig fer fram eftirlit með innflutningi á grænmeti og jarðávöxtum?
2. Hvernig er eftirlit með innflutningi á matvælum yfirleitt og hafa breytingar orðið á því eftirliti á þessu kjörtímabili, og ef svo er þá hvernig?

Sþ. 607. Fyrirspurn [350. mál]

til heilbrigðisráðherra um fóstureyðingar.

Frá Ásgeiri Hannesi Eiríkssyni.

1. Hvað kostar ein fóstureyðing (aðgerð og legudagar) þjóðfélagið?
2. Hve margar fóstureyðingar voru gerðar árið 1989 á Íslandi?

Sþ. 608. Tillaga til þingsályktunar [351. mál]

um samhæfða yfirstjórn öryggismála.

Flm.: Þorvaldur Garðar Kristjánsson, Matthías Á. Mathiesen,
Friðjón Þórðarson, Ólafur G. Einarsson.

Alþingi ályktar að könnuð verði og undirbúin setning löggjafar um yfirstjórn öryggismála.

Tilgangur með sérstakri yfirstjórn öryggismála verði að samhæfa þá stjórnsýslu sem lýtur að öryggis- og löggæslu ríkis og almennings í landinu.

Hlutverk sérstakrar yfirstjórnar öryggismála verði að fara með skipulega samstjórn lögreglumála, landhelgisgæslu og mála er varða tollgæslu, almannavarnir og aðra öryggisgæslu.

Til að undirbúa setningu löggjafar um yfirstjórn öryggismála skal sett á fót nefnd sjö þingmanna sem kosin verði hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi. Nefndin skipti með sér störfum. Hefur nefndin heimild til að krefja opinberar stofnanir um upplýsingar og gögn um hvaðeina sem verk hennar varða og leita sérfræðiaðstoðar svo sem með þarf.

Nefndin skal á haustþingi 1990 leggja fram á Alþingi áfangaskýrslu um störf sín sem þar verði tekin til umræðu. Að því loknu skal nefndin halda áfram störfum sínum og ljúka með frumvarpsgerð svo fljótt sem auðið verður, en eigi síðar en 1. febrúar 1991.

Kostnaður við störf nefndarinnar verði greiddur úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Til þess að ríki geti talist fullvalda þarf að vera fyrir hendi ríkisvald. Sjálfstæði ríkis hefur löngum verið skilgreint með tilliti til ríkisvaldsins. Ein skilgreiningin var eitt sinn sú að ekkert ríki gæti talist sjálfstætt nema það gæti komið fram vilja sínum gagnvart hverjum sem væri, hvaða ríki sem væri. Hvað sem kann að hafa mátt segja einhvern tíma um þá skilgreiningu er lítil stoð í slíkum orðaleik nú til dags. Samkvæmt slíkri skilgreiningu gætu nú á dögum naumast risaveldin talist sjálfstæð.

En hvað sem þessu líður verður ekki lokað augum fyrir mikilvægi trausts ríkisvalds. Í þjóðarsál okkar Íslendinga á að vera greypt sú staðreynd að missi sjálfstæðis þjóðarinnar hafi mátt rekja til veiks ríkisvalds á þjóðveldistímanum.

Þegar íslenska þjóðin hefur nú heimt sjálfstæði sitt á ný má ekki bregðast að ríkið gæti frumskyldu sinnar við eigið öryggi og gæslu almennings í landinu. Mál þessi tókum við í eigin hendur með fullveldinu. Við höfum búið okkur skipan þessara mála, svo sem um lögreglu, landhelgisgæslu, tollgæslu og almannavarnir. Við fyrirkomulag þetta hefur verið búið og þeir sem hafa gegnt störfum í þessari þjónustu hafa lagt sitt af mörkum, stundum svo að til afreka má teljast. En samt sem áður er þörf breytinga á skipulagi þessara mála.

Á hinum skamma ferli endurfengins sjálfstæðis þjóðarinnar höfum við verið að fikra okkur áfram í einstökum úrlausnarefnum. Við höfum verið að endurbæta og prjóna við eftir efnum og ástæðum. En slíkum vinnubrögðum hljóta að fylgja ágallar. Ráðið við því er að endurskoða heildarskipan þessara mála. Við Íslendingar erum nú betur í stakk búnir til þess að koma á skipan sem hentar. Við erum reynslunni ríkari.

Með tilliti til þessa er þessi þingsályktunartillaga fram borin. Ætlunin er að ná fram skilvirkri stjórnun með samhæfingu einstakra þátta öryggis- og löggæslu. Tilgangurinn er tvíþættur. Annars vegar er miðað við að nýta megi sem best mannafla og það fjármagn sem til þessara mála er veitt. Hins vegar er stefnt að því að efla megi öryggi og gæslu ríkisins og

almennings í landinu með nýjum aðferðum og nýjum vinnubrögðum eftir því sem breyttir tímar og staða landsins á hverjum tíma gera nauðsynlegt.

Nú eru einstakir þættir öryggis- og löggæslumála aðskildir í stjórn og framkvæmd. Lögregla og landhelgisgæsla eru aðskilin og tollgæslan er sér á báti og almannavarnir lúta sérstjórn. Hver greinin fyrir sig byggir sig upp að liðsafla og útbúnaði sem í mörgum tilfellum geta þjónað fleiri en einum aðila. Glöggt dæmi um þetta er þyrlukostur Landhelgisgæslunnar. Svo mikilvæg sem þessi tæki eru Landhelgisgæslunni eru þau og nauðsynleg lögreglunni til margs konar löggæslu. Þyrlur eru og ómissandi til þjónustu við almannavarnir þegar á reynir í þeim efnum svo að ekki sé talað um björgun úr mannháska sem alltaf ber upp á hvort heldur af slysum eða veikindum. Í framkvæmd hefur verið leitast við að sinna þessum verkefnum sem best með góðri samvinnu milli einstakra stofnana löggæslu- og öryggismála og aðstoð frá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli í sumum tilfellum. En það getur ekki verið lausn til frambúðar. Hin síbætta tækni þyrluflugsins gerir stöðugt sjálfsagðara, af hagkvæmnisástæðum, að taka þessa þjónustu meir og meir upp með auknum vélakosti. En þessi flugkostur er dýr og á miklu veltur að fjárfesting, sem stofnað er til, sé sem best nýtt. Það verður svo hins vegar helst gert að einstakar stofnanir kosti ekki til tækjabúnaðar hver fyrir sig heldur að tækin til sameiginlegra nota séu á einni hendi undir einni yfirstjórn. Þetta á ekki einungis við þyrlur heldur og margs konar tækjabúnað annan.

En það er ekki einungis að samhæfa megi nýtingu tækjaútbúnaðar einstakra stofnana, heldur er og ekki síður mikilvægt að samhæfa mannaflann. Það þarf að gera með margvíslegum hætti eftir því sem atvik ber að. Það getur borið við að nauðsynlegt sé að menn Landhelgisgæslunnar komi til liðs við menn lögreglunnar og öfugt. Tollgæslumenn á vettvangi geta þurft aðstoðar lögreglu og Landhelgisgæslunnar. Sama er að segja um útlendingaeftirlit, fíkniefnavarnir og mengunarvarnir. Og almannavarnir eru í eðli sínu ekki annað en samspil þess liðsafla sem upp á er að hlaupa í einstökum greinum öryggis- og gæslumála. Framkvæmd þessara mála er komin undir góðri samvinnu margra aðila. En það er ekki til að byggja á til frambúðar, enda ekki til að dreifa þeirri samhæfingu sem nauðsyn krefur. Þessi skipan býður upp á að hinn sameinaði mannafli sé ekki hagnýttur svo vel sem verða má. Það þýðir meiri kostnað fyrir sömu þjónustu en ella þyrfti að standa undir. Á miklu veltur að liðsafli, sem til reiðu er, sé sem haganlegast nýttur. Það verður svo hins vegar best gert að liðsaflinn taki mið af hinu víðara samhengi öryggis- og löggæslumála, en besta leiðin til þess er að þau lúti einni stjórn.

Þær ástæður, sem eru fyrir samhæfingu öryggis- og löggæslustarfa undir einni stjórn, eiga eins við þau verkefni á þessu sviði sem ríkið kann í framtíðinni að láta til sín taka. Eru þá landvarnir fyrst og fremst hafðar í huga. Öll ríki verða að láta landvarnir til sín taka með einum eða öðrum hætti. Ísland er engin undantekning í þessu efni. Við Íslendingar höfum leyst þetta viðfangsefni, að tryggja öryggi landsins út á við, með þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu og samningi við Bandaríkin um varnarlið hér á landi. Eitt veigamikið verkefni varnarliðsins er að annast margs konar eftirlitsstörf til öryggis og gæslu. Ýmsum þessara starfa erum við Íslendingar jafnfærir um að gegna og öðrum öryggis- og gæslustörfum sem við höfum nú á eigin hendi. Þar má til nefna rekstur ratsjárstöðvanna. Ekkert á heldur að vera til fyrirstöðu að Íslendingar geti annast þá þyrluþjónustu sem rekin er af björgunarsveit varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Öll áþekk verkefni þarf þá að samhæfa öðrum öryggis- og gæslustörfum sem ríkið hefur með höndum undir einni stjórn. Ekkert er eðlilegra en að þeir hinir sömu, sem njóta góðs af öryggisgæslu í okkar heimshluta svo að friður megi haldast, standi undir kostnaði af þessari umsýslu. Hér væri þá um að ræða skipan ekki óáþekka þeirri sem nú er á umsýslu okkar Íslendinga á hinu víðáttumikla svæði flugumferðarstjórnar á Norður-Atlantshafi sem Alþjóðaflugmálastofnunin ber kostnað af.

Þessi þingsályktunartillaga kveður ekki á um veru varnarliðsins hér á landi. Hins vegar fjallar tillagan um að komið verði á fót sameiginlegri eða einni stjórn sem samhæfi þá stjórnsýslu sem lýtur að öryggis- og löggæslu ríkis og almennings í landinu. Það er gert ráð fyrir að þessi samræmda gæsla sé þannig að skipulagi og framkvæmd að hún sé þess umkomin að taka við verkefnum af varnarliðinu eftir því sem við verður komið og allri öryggis- og löggæslu á Keflavíkurflugvelli þegar til þess kemur að varnarliðið hverfur af landi brott. Það er hvorki gengið út frá því að erlent varnarlið verði í landinu um alla framtíð né að innlendum her verði komið á fót.

Sú skipan öryggis- og löggæslu, sem hér er lagt til að stofnað verði til, tekur mið af eðlismun einstakra þátta löggæslunnar og margbreytileik. Engin breyting er gerð á skipan umboðsstarfa lögreglustjóra þannig að gjaldheimta og tollheimta heyra undir þá sömu og áður hvort sem um er að ræða fjármálaráðherra eða aðra aðila. Eftir sem áður helst skipting landsins í lögsagnarumdæmi. Ekki er lögð til breyting á valdsviði og hlutverki lögreglustjóra einstakra lögsagnarumdæma. Þeir málaflokkar, sem ekki fara eftir skiptingu í lögsagnarumdæmi, svo sem gæsla landhelginnar, lúta stjórn án umdæmaskiptingar eins og hingað til. Sama er að segja um almannavarnir og ýmiss konar öryggisþjónustu svo að ekki sé talað um þau verkefni sem beint varða varnir landsins.

Gert er ráð fyrir að með yfirstjórn allra öryggis- og löggæslumála fari forstjóri eða öryggismálastjóri sem heyrir undir dómsmálaráðherra. Vegna mikilvægis þessara mála og sérstaks eðlis má hugsa sér að Alþingi kjósi hlutfallskosningu nefnd alþingismanna til eftirlits og varðstöðu um að öryggismálum sé haldið utan við og ofar flokkspólitískum hagsmunum og viðhorfum.

Það er hlutverk öryggismálastjóra að samhæfa hina margslungnu þætti öryggis- og löggæslu. Að því er varðar þau verkefni, sem hingað til hefur verið sinnt, má líkja þessu hlutverki öryggismálastjóra við það sem dómsmálaráðuneytið eða ráðuneytisstjóri þess hefur leitast við að inna af hendi með samkomulagi og samvinnu ýmissa aðila. En sá er munurinn að staða öryggismálastjóra á að vera miklu sterkari til að skipa niður sameiginlegum liðsafla til sérstakra verkefna sem upp kunna að koma og ráðstafa eftir þörfum tækjabúnaði sem á að vera til sameiginlegra nota. Það gefur hlutverki öryggismálastjóra aukið vægi að gert er ráð fyrir að leggja megi undir hina samhæfðu yfirstjórn öryggismála alla þætti þessara mála hvort sem þeim hefur verið sinnt hingað til eða ekki. Á þetta ekki síst við allt sem lýtur að landvörnum. Jafnframt hinni styrku stöðu yfirstjórnar öryggismála er gert ráð fyrir að hlutdeild almennings í öryggis- og gæslustörfum verði ekki minni en áður nema síður sé. Og er þá átt við hið mikilvæga hlutverk Slysavarnafélags Íslands, hjálparsveitir skáta og flugbjörgunarsveitir eða lögbundna hlutdeild almennings, svo sem almannavarnanefndir og aðra slíka skipan sem til kann að koma.

Framtíð slíkrar skipunar, sem hér er gert ráð fyrir, er mjög undir því komin hvert traust almenningur ber til hennar. En nýbreytni þessi verður dæmd af framkvæmdinni. Það fer eftir því hver á heldur. Varðar því miklu að liðsaflinn sé starfi sínu vaxinn. Í því efni er ekkert að óttast. Þar halda áfram störfum þeir menn sem nú vinna í einstökum greinum löggæslu- og öryggismálanna, mennirnir, konur og karlar með reynsluna, sem mætt hefur á til þessa. Hins vegar verður að líta til framtíðarinnar í þessum efnum. Hafa þarf þann hátt á að hafðar séu uppi samræmdar kröfur um hæfni allra sem til þessara starfa ráðast eftir því sem við á. Þess vegna ber að gera ráð fyrir að komið verði upp sameiginlegum skóla löggæslu- og öryggismála. Þar væri þá sjálfsagður stofn Lögregluskóli ríkisins sem nú starfar, svo og varðskipadeild Sjómannaskólans og Tollskóli ríkisins. Jafnframt þarf slíkur skóli að veita sérhæfða menntun öllum þeim sem taka að sér svo mikilvæg störf sem hér um ræðir. Samkennd þarf að móta viðhorf þessara manna. Allir þurfa að vera sér meðvitandi um sérhæfni og mikilvægi starfsins. Öllum á að gera skylt að vinna hollustuheit en ekki einungis lögreglumönnum eins og nú er.

Þingsályktunartillaga þessi er um undirbúning að mikilvægu máli. Lagt er til að undirbúin verði setning löggjafar um samhæfða yfirstjórn öryggismála. Þetta er óvenjumikið og vandasamt verk. Það kallar á vandvirknisleg vinnubrögð. Þess vegna er ráð fyrir gert að Alþingi kjósi sérstaka þingmannanefnd til að vinna verkið. Því er og gert ráð fyrir að Alþingi fylgist með framvindu verksins. Og það tekur sinn tíma að undirbúa slíka löggjöf sem hér er um að ræða. Ekki má ana að neinu. Þess vegna er gert ráð fyrir tíma til stefnu.

Samt sem áður er hér ekki um að ræða mál sem líta má svo á að í lagi sé að ljúka einhvern tíma við hentugleika. Þvert á móti er hér um aðkallandi mál að ræða sem þolir enga óþarfa bið. Kemur þar raunar margt til. Það verður svo fljótt sem auðið er að koma á þeirri hagræðingu sem fylgir samhæfingu einstakra þátta í öryggis- og löggæslumálum á einni hendi. Það er mikil nauðsyn að halda sem best á því fjármagni sem nú er veitt til þessara mála. Það gerum við með bættri skipan og skilvirkari stjórnun. Þá verðum við að mæta nýjum viðhorfum og hættum með því að efla öryggi og gæslu almennings. Einnig þarf sérstaklega að gæta öryggis æðstu stjórnar og stofnana ríkisins. Við þurfum að vera viðbúnir ef með þarf að geta mætt sem best þeirri óáran ofbeldis og skemmdarverka sem nú gengur yfir víða um heim.

Þá þurfum við Íslendingar nú að hafa hliðsjón af þeirri öru þróun heimsmála um þessar mundir sem taka verður tillit til í viðhorfum til öryggis- og varnarmála landsins. Stríðsviðbúnaður fer vonandi þverrandi en umsýsla eftirlits og hvers konar gæslu vegur meira. Þannig flyst áherslan frá því sem við erum sjálfir ófærir um til þess sem er innan marka hins mögulega fyrir okkur sjálfa. Við þurfum að vera þess viðbúnir að geta aukið hlutdeild okkar í því sem varðar öryggi og varnir landsins. Það gerum við svo best að koma á fót skipan sem miðar að því að hægt sé að taka við þeim verkefnum sem eru þess eðlis að við getum annast þau sjálfir. Til þess þarf markvissan undirbúning. Það gerum við með því að koma á laggirnar þeirri samhæfðu stjórn öryggismála sem þessi tillaga gerir ráð fyrir. Þess vegna er tillagan líka tímabær og aðkallandi. Þannig verðum við Íslendingar tilbúnir til að mæta þeim kröfum sem til okkar eru gerðar sem fullvalda þjóðar.

Ed. 609. Frumvarp til laga [352. mál]

um stjórn fiskveiða.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.

2. gr.

Til nytjastofna samkvæmt lögum þessum teljast sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð í íslenskri fiskveiðilandhelgi og sérlög gilda ekki um.

Til fiskveiðilandhelgi Íslands telst hafsvæðið frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands eins og hún er skilgreind í lögum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra skal, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveða með reglugerð þann heildarafla sem veiða má á ákveðnu tímabili eða vertíð úr þeim

einstökum nytjastofnum við Ísland sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á. Heimildir til veiða samkvæmt lögum þessum skulu miðast við það magn.

Leyfður heildarafli botnfisktegunda skal miðaður við veiðar á 12 mánaða tímabili, frá 1. september ár hvert til 31. ágúst á næsta ári, og nefnist það tímabil fiskveiðiár. Skal heildarafli fyrir komandi fiskveiðiár ákveðinn fyrir 1. ágúst ár hvert. Ráðherra er heimilt innan fiskveiðiársins að auka eða minnka leyfðan heildarafla einstakra botnfisktegunda, þó er óheimilt að breyta leyfðum heildarafla þorsks eftir 15. apríl. Heildarafli annarra tegunda sjávardýra skal ákveðinn með hæfilegum fyrirvara fyrir upphaf viðkomandi vertíðar eða veiðitímabils og er ráðherra heimilt að auka hann eða minnka á meðan vertíð eða veiðitímabil varir.

II. KAFLI

Veiðileyfi og aflamark.

4. gr.

Enginn má stunda veiðar við Ísland nema hafa fengið til þess almennt veiðileyfi. Veiðileyfi eru tvenns konar: leyfi til veiða í atvinnuskyni og leyfi til tómstundaveiða. Veiðileyfi þessi skulu gefin út til árs í senn.

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að auk almenns veiðileyfis skuli veiðar á ákveðnum tegundum nytjastofna, veiðar í tiltekin veiðarfæri, veiðar ákveðinna gerða skipa eða veiðar á ákveðnum svæðum háðar sérstöku leyfi ráðherra. Getur ráðherra bundið leyfi og úthlutun þess þeim skilyrðum er þurfa þykir. Ráðherra getur m.a. ákveðið að aðeins hljóti leyfi ákveðinn fjöldi skipa, skip af ákveðinni stærð eða gerð eða skip er tilteknar veiðar stunda eða hafa áður stundað.

5. gr.

Við veitingu leyfa til veiða í atvinnuskyni koma til greina þau skip ein sem veiðileyfi fengu skv. 4. og 10. gr. laga nr. 3/1988, um stjórn fiskveiða, og ekki hafa horfið varanlega úr rekstri. Enn fremur bátar undir 6 brl. sem skráðir eru á skipaskrá hjá Siglingamálastofnun ríkisins innan mánaðar frá gildistöku laga þessara eða hafin er smíði á fyrir gildistöku laga þessara, enda verði haffærisskírteini gefið út af Siglingamálastofnun ríkisins innan þriggja mánaða þar frá.

Hverfi skip sem á kost á veiðileyfi skv. 1. mgr. þessarar greinar varanlega úr rekstri má veita nýju eða nýkeyptu sambærilegu skipi veiðileyfi í þess stað, enda hafi veiðiheimildir þess skips er úr rekstri hvarf ekki verið sameinaðar varanlega veiðiheimildum annarra skipa eða horfið til Úreldingarsjóðs fiskiskipa.

6. gr.

Leyfi til tómstundaveiða skal bundið við skip. Það skal veitt þeim sem þess óska til árs í senn. Tómstundaveiðileyfi veitir heimild til að stunda fiskveiðar með handfærum án sjálfvirknibúnaðar til eigin neyslu. Afla, sem veiddur er samkvæmt heimild í þessari grein, er óheimilt að selja eða fénýta á annan hátt. Ráðherra skal með reglugerð ákveða gjald fyrir tómstundaveiðileyfi. Tekjur af gjaldinu renna til eflingar hafrannsókna.

7. gr.

Veiðar á þeim tegundum sjávardýra, sem ekki sæta takmörkun á leyfilegum heildarafla skv. 3. gr., eru frjálsar öllum þeim skipum, sem leyfi fá til veiða í atvinnuskyni skv. 4. gr., með þeim takmörkunum sem leiðir af almennum reglum um veiðisvæði, veiðarfæri, veiðitíma og reglum settum skv. 2. mgr. 4. gr.

Veiðiheimildum á þeim tegundum, sem heildarafli er takmarkaður af, skal úthlutað til einstakra skipa. Skal hverju skipi úthlutað tiltekinni hlutdeild af leyfðum heildarafla tegundarinnar. Nefnist það aflahlutdeild skips og helst hún óbreytt milli ára, sbr. þó 4. málsl.

þessarar málsgreinar. Við ákvörðun hlutdeildar einstakra skipa í botnfiskafla skal árlega áætla þann afla, sem er utan aflamarks, á grundvelli heimilda í 1. málsl. 6. mgr. 10. gr.

Aflamark skips á hverju veiðitímabili eða vertíð ræðst af leyfðum heildarafla viðkomandi tegundar og hlutdeild skipsins í þeim heildarafla skv. 2. mgr., sbr. þó ákvæði 9. gr. Skal sjávarútvegsráðuneytið senda sérstaka tilkynningu vegna hvers skips um aflamark þess í upphafi veiðitímabils eða vertíðar.

8. gr.

Verði veiðar takmarkaðar skv. 3. gr. á tegundum sjávardýra sem samfelld veiðireynsla er á, en ekki hafa áður verið bundnar ákvæðum um leyfðan heildarafla, skal aflahlutdeild úthlutað á grundvelli aflareynslu síðustu þriggja veiðitímabila.

Ef ekki er fyrir hendi samfelld veiðireynsla á viðkomandi tegund skal ráðherra ákveða aflahlutdeild einstakra skipa. Getur hann við þá ákvörðun tekið mið af fyrri veiðum, stærð eða gerð skips. Getur ráðherra bundið úthlutun samkvæmt þessari málsgrein því skilyrði að skip afsali sér heimildum til veiða á öðrum tegundum.

9. gr.

Sé fyrirsjáanlegt að verulegar breytingar verði á aflatekjum milli veiðitímabila af veiðum á öðrum tegundum, sem sæta ákvæðum um leyfilegan heildarafla, en botnfiski og úthafsrækju er ráðherra heimilt að skerða eða auka tímabundið botnfiskaflamark þeirra fiskiskipa sem aflahlutdeild hafa af þeirri tegund sem breytingum sætir. Veruleg telst breyting á aflatekjum af sérveiðum í þessu sambandi ef hún veldur því að heildaraflaverðmæti skipa, sem viðkomandi sérveiðar stunda, hefur að mati ráðherra vikið meira en 20% að meðaltali frá meðalaflaverðmæti síðustu fimm ára miðað við fast verðlag.

Tímabundin breyting botnfiskaflamarks skv. 1. mgr. skal koma til hlutfallslegrar hækkunar eða lækkunar á botnfiskveiðiheimildum annarra fiskiskipa. Leiði þetta til breytinga á botnfiskaflamarki á yfirstandandi fiskveiðiári skal sjávarútvegsráðuneytið þegar í stað senda sérstaka tilkynningu vegna hvers skips um breytingu á botnfiskaflamarki þess, sbr. 3. mgr. 7. gr.

10. gr.

Heimilt er að veiða umfram úthlutað aflamark af tiltekinni botnfisktegund allt að 5% af heildarverðmæti botnfiskaflamarks, enda skerðist aflamark annarra botnfisktegunda hlutfallslega miðað við verðmæti samkvæmt ákvörðun ráðuneytis í upphafi árs. Heimild þessarar málsgreinar nær þó ekki til veiða umfram úthlutað aflamark af þorski.

Hafi aflamark verið flutt milli skipa skv. 12. gr. flyst heimild til breytinga skv. 1. mgr. frá skipi sem flutt er af til þess skips sem flutt er til.

Heimilt er að flytja allt að 20% af aflamarki hverrar botnfisktegundar og aflamarki úthafsrækju frá einu fiskveiðiári yfir á það næsta. Á sama hátt er heimilt að flytja allt að 10% af aflamarki humars og síldar frá einu veiðitímabili til þess næsta.

Þá er og heimilt að veiða allt að 5% umfram aflamark hverrar botnfisktegundar, enda dregst sá umframafli frá við úthlutun aflamarks næsta fiskveiðiárs á eftir.

Beita skal skerðingarákvæðum 1. mgr. áður en heimild 3. mgr. er nýtt. Heimild 4. mgr. rýmkar ekki heimildir til breytinga milli fisktegunda skv. 1. mgr.

Fiskur, sem veiðist á línu í janúar, febrúar, nóvember og desember, skal aðeins að hálfu talinn með í aflamarki fiskiskips. Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að fiskur undir tiltekinni stærð teljist aðeins að hluta með í aflamarki.

Þá getur ráðherra ákveðið að afli á ákveðnum fisktegundum, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, skuli reiknaður með álagi þegar metið er hversu miklu af aflamarki skips er náð hverju sinni. Skal álagið vera allt að 20% á þorsk og ýsu en allt að 15% á aðrar tegundir.

11. gr.

Sé rekstri skips hætt, sbr. 2. mgr. 5. gr., skal úthluta nýju eða nýkeyptu skipi í eigu sama aðila aflahlutdeild hins eldra skips, enda sé um sambærilegt skip að ræða. Farist skip skal útgerð þess halda aflamarki skipsins í 12 mánuði talið frá upphafi næsta mánaðar eftir að skip fórst enda þótt nýtt eða nýkeypt skip hafi ekki komið í þess stað innan þess tíma.

Við eigendaskipti að fiskiskipi fylgir aflahlutdeild þess, nema aðilar geri sín á milli skriflegt samkomulag um annað, enda sé fullnægt ákvæðum 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

Hyggist útgerð selja fiskiskip sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni ber henni að tilkynna opinberlega að sala sé fyrirhuguð. Tilkynning skal birt í Lögbirtingablaði. Jafnframt skal tilkynning send sveitarstjórn á útgerðarstað skips og útvegsmannafélagi á viðkomandi landsvæði. Verði gerður bindandi samningur um sölu fiskiskips innan mánaðar eftir birtingu tilkynningar fylgir aflahlutdeild skipsins ekki við sölu. Ákvæði þessarar málsgreinar tekur ekki til opinna báta.

Heimilt er að framselja aflahlutdeild skips að hluta eða öllu leyti og sameina hana aflahlutdeild annars skips, enda leiði flutningur aflahlutdeildar ekki til þess að veiðiheimildir þess skips, sem flutt er til, verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Fyrirhugað framsal aflahlutdeildar til skips í eigu annarrar útgerðar skal tilkynnt með mánaðar fyrirvara í samræmi við ákvæði 3. mgr. og fellur aflahlutdeild niður sé þess ekki gætt. Tafarlaust skal leita staðfestingar ráðuneytisins á að flutningur aflaheimildar sé innan heimilaðra marka. Öðlast slíkur flutningur ekki gildi fyrr en staðfesting ráðuneytis liggur fyrir. Ekki er heimilt að framselja þann hluta aflahlutdeildar skips sem rekja má til uppbóta samkvæmt ákvæði I til bráðabirgða fyrr en að liðnum fimm árum frá gildistöku laga þessara, enda hafi skipi, sem framselt er af, verið haldið til veiða allt það tímabil.

12. gr.

Heimilt er að færa aflamark milli skipa sömu útgerðar eða skipa sem gerð eru út frá sömu verstöð eftir því sem hlutaðeigandi útgerðaraðilar koma sér saman um. Sama gildir um skipti á aflamarki milli skipa sem ekki eru gerð út frá sömu verstöð, enda sé um jöfn skipti að ræða að mati ráðuneytisins.

Tilkynna skal sjávarútvegsráðuneytinu fyrir fram um flutning aflamarks milli skipa og öðlast hann ekki gildi fyrr en ráðuneytið hefur staðfest móttöku tilkynningar um flutninginn frá þeim sem hlut eiga að máli.

Annar flutningur á aflamarki milli skipa er óheimill nema með samþykki ráðuneytisins og að fenginni umsögn sveitarstjórnar og stjórnar sjómannafélags í viðkomandi verstöð.

Séu minna en 25% af aflamarki skips ekki nýtt með veiðum skipsins sjálfs tvö fiskveiðiár í röð fellur aflahlutdeild þess niður. Skal við mat á þessu hlutfalli miðað við verðmæti einstakra tegunda í aflamarki skips samkvæmt ákvörðun ráðuneytis í upphafi árs.

III. KAFLI

Framkvæmd og eftirlit.

13. gr.

Ráðherra getur sett nánari reglur varðandi framkvæmd laga þessara.

14. gr.

Sérstök samráðsnefnd, skipuð einum fulltrúa tilnefndum sameiginlega af samtökum sjómanna og einum tilnefndum af samtökum útvegsmanna, auk formanns sem skipaður er af ráðherra án tilnefningar, skal fjalla um álita- og ágreiningsmál varðandi veiðileyfi, úthlutun aflahlutdeildar og aflamark samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og gera tillögur til ráðherra um úrlausn þeirra.

15. gr.

Skipstjórnarmenn veiðiskipa, sem hljóta veiðileyfi í atvinnuskyni skv. 5. gr., skulu halda sérstakar afladagbækur sem ráðuneytið leggur til. Skal með reglugerð kveða nánar á um þær upplýsingar sem skrá skal í afladagbækur, form þeirra og skil til ráðuneytis.

Útgerðarmönnum, skipstjórnarmönnum og kaupendum afla, svo og umboðsmönnum, útflytjendum, flutningsaðilum, bönkum og lánastofnunum, er skylt að láta ráðuneytinu eða Fiskifélagi Íslands ókeypis í té og í því formi, sem ráðherra ákveður, allar þær upplýsingar sem unnt er að láta í té og nauðsynlegar eru taldar vegna eftirlits með framkvæmd laga þessara.

16. gr.

Afli skal ávallt veginn á löndunarstað. Hafnaryfirvöld á hverjum löndunarstað skulu hafa yfirumsjón með vigtun afla og söfnun upplýsinga um landaðan afla.

Ráðuneytið skal að höfðu samráði við samgönguráðuneytið og hafnasamband sveitarfélaga kveða nánar á í reglugerð um hvernig afli skuli veginn og upplýsingum um landað aflamagn safnað.

Sé afli unninn um borð í veiðiskipi skal skylt að halda sérstaka vinnsludagbók, sem ráðuneytið leggur til, um vinnslu aflans. Skipum, sem vinna afla um borð, er óheimilt að sigla með afurðir til sölu á mörkuðum erlendis án sérstaks leyfis ráðuneytisins. Ráðuneytið getur bundið slík leyfi því skilyrði að útgerð skipsins greiði kostnað vegna ferðar eftirlitsmanns ráðuneytisins til að fylgjast með löndun úr skipinu erlendis eða skipið komi til hafnar á Íslandi vegna eftirlits.

17. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og hefur í því skyni sérstaka eftirlitsmenn í sinni þjónustu.

Jafnframt því sem þessir eftirlitsmenn sinna verkefnum skv. 8. gr. laga nr. 31. maí 1976 og eftirliti með reglum settum samkvæmt heimild í þeim lögum skulu þeir fylgjast með löndun, vigtun og vinnslu afla, enn fremur útflutningi afla eða afurða eins og nánar er kveðið á í lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim og í erindisbréfi.

Eftirlitsmönnum er heimilt að fara í veiðiferðir með fiskiskipum og að fara um borð í skip til athugunar á farmi og veiðarfærum. Enn fremur skal þeim heimill aðgangur að öllum vinnslusölum fiskverkana og birgðageymslum.

18. gr.

Ráðherra skal með reglugerð ákveða sérstakt gjald — veiðieftirlitsgjald — fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á grundvelli laga þessara eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða. Skal gjaldið renna til reksturs veiðieftirlits ráðuneytisins og skal upphæð þess miðast við að það standi undir rekstri eftirlitsins að hálfu.

Gjald vegna tilkynningar um aflamark skal miðast við áætlað verðmæti þess aflamarks sem úthlutað er. Skal ráðherra árlega áætla hlutfallslegt verðmæti einstakra tegunda í þessu skyni. Aldrei skal gjald samkvæmt þessari málsgrein vera hærra en 0,2% af áætluðu verðmæti þess afla sem aflamark skips heimilar veiðar á á komandi fiskveiðiári, vertíð eða veiðitímabili. Gjald fyrir hverja tilkynningu um aflamark skal þó aldrei vera lægra en 1.000 kr. og er sú fjárhæð grunntala er miðast við byggingarvísitölu í janúar 1991 og breytist í hlutfalli við þær breytingar sem síðar kunna að verða á henni.

Fyrir veitingu almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni og veiðileyfa sem veitt verða á grundvelli 2. mgr. 4. gr., skal greiða fast gjald er ráðherra ákveður með reglugerð.

Útgerð skips skal greiða fæði veiðieftirlitsmanna og sjá þeim endurgjaldslaust fyrir aðstöðu meðan þeir stunda eftirlitsstörf um borð.

IV. KAFLI
Viðurlög o.fl.

19. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Um mál þau, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

20. gr.

Ráðuneytið skal beita ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla, vegna brota gegn þessum lögum eftir því sem við á.

Ráðuneytinu er enn fremur heimilt, vegna brota á ákvæðum laga þessara, reglna settra samkvæmt þeim og leyfisbréfa, að svipta skip heimild til veiða í tiltekinn tíma og varða veiðar eftir leyfissviptingu m.a. upptöku skv. 1. mgr. Sama gildir verði vanskil á greiðslu andvirðis ólöglegs sjávarafla sem sætt hefur upptöku.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, með áorðnum breytingum, skulu veiðar með vörpu heimilaðar á vannýttum fisktegundum á ákveðnum svæðum samkvæmt reglum er ráðherra setur.

22. gr.

Með lögum þessum eru felldar úr gildi 10., 13. og 14. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Jafnframt breytist 2. mgr. 2. gr. þeirra laga og orðist svo: Íslenskum skipum eru bannaðar veiðar með botnvörpu og flotvörpu í fiskveiðilandhelginni, nema þær sem sérstakar heimildir eru veittar til slíkra veiða í lögum þessum.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1991. Ákvæði er lúta að veiðum á öðrum tegundum sjávardýra en botnfiski koma til framkvæmda við upphaf fyrstu vertíðar eða veiðitímabils eftir 1. janúar 1991.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Við ákvörðun aflahlutdeildar við gildistöku laga þessara til veiða á botnfiski og úthafsrækju fyrir skip 10 brl. og stærri skal leggja til grundvallar úthlutun aflamarks á árinu 1990 samkvæmt rg. nr. 585 19. desember 1989 um stjórn botnfiskveiða 1990 og rg. nr. 586 19. desember 1989 um veiðar á úthafsrækju 1990.

Fyrir hvert fiskiskip 10 brl. og stærra skal reikna aflamark í einstökum botnfisktegundum og úthafsrækju til þorskígilda. Ráðherra skal með reglugerð ákveða verðmætahlutfall við þann útreikning. Fyrir hvern sóknarmarksflokk samkvæmt rg. nr. 585 19. desember 1989 skal síðan reikna meðaltalsaflamark þessara tegunda samanlagt. Fyrir þau skip, sem hafa samanlagt aflamark ofan við meðaltal síns flokks, er aflamark hverrar tegundar á árinu 1990 ráðandi við ákvörðun aflahlutdeildar.

Fyrir þau fiskiskip, sem hafa samanlagt aflamark þessara tegunda undir meðaltali síns sóknarmarksflokks, skulu hins vegar reiknaðar uppbætur á eldra aflamark er nema skulu 40%

af þeim mun sem er milli meðaltals sóknarmarksflokksins og aflamarks skipsins. Til aflamarks skips í þessu sambandi telst þó ekki sá hluti aflamarks sem sameinaður hefur verið eldra aflamarki á grundvelli 2. málsl. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 3/1988. Þannig reiknaðri uppbót skal síðan skipt milli einstakra tegunda í aflamarki skipsins í hlutfalli við verðmæti fyrra aflamarks. Fyrir skip, sem fá reiknaða uppbót samkvæmt þessari málsgrein, verður því samtala aflamarks ársins 1990 og reiknaðrar uppbótar ákvarðandi fyrir aflahlutdeildina.

Skip sem loðnuveiðar stunda og skip, sem stunda úthafsrækjuveiðar sem sérhæfð rækjuveiðiskip á árinu 1990 samkvæmt ákvæðum rg. 586 19. desember 1989 um veiðar á úthafsrækju 1990, fá þó ekki reiknaðar uppbætur skv. 3. mgr. þessarar greinar. Þessum skipum gefst kostur á í árslok 1990 að velja milli aflamarks í botnfiski og aflamarks í úthafsrækju í samræmi við ákvæði rg. 586 19. desember 1989 um veiðar á úthafsrækju 1990 og verður aflamark samkvæmt því vali ákvarðandi fyrir aflahlutdeild þeirra.

II.

Við úthlutun aflahlutdeildar við gildistöku þessara laga til veiða á botnfiski fyrir báta minni en 10 brl. skulu eftirfarandi reglur gilda sé óskað eftir leyfi til fiskveiða í atvinnuskyni skv. 1. mgr. 4. gr.

Samanlögð úthlutuð aflahlutdeild allra báta minni en 10 brl. í leyfilegum heildarafla allra botnfisktegunda, sem úthlutað er til einstakra skipa og báta, skal vera jöfn aflahlutdeild þeirra í ársafla sömu botnfisktegunda árið 1989.

Fyrir þá báta, sem á árinu 1990 stunda veiðar með aflahámarki sem byggir á eigin veiðireynslu samkvæmt ákvæðum rg. nr. 587 19. desember 1989 um veiðar smábáta 1990, skal miða við forsendur þess aflahámarks við úthlutun aflahlutdeildar.

Hjá þeim bátum, sem ekki falla undir ákvæði 3. mgr. þessarar greinar, skal aflahlutdeild byggð á veiðireynslu áranna 1987–1989 þannig að byggt sé á meðalafla tveggja bestu áranna.

Þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. mgr. þessarar greinar gefst útgerðum báta undir 6 brl., sem skráðir eru á skipaskrá fyrir 31. desember 1989 og útgerðum báta undir 6 brl. sem skráðir eru á skipaskrá eftir þann tíma en fyrir gildistöku laga þessara, kostur á að velja á árunum 1991, 1992 og 1993 leyfi til veiða með línu og handfæri með dagatakmörkunum í stað aflahlutdeildar. Reynist hlutdeild þessara báta af heildarbotnfiskafla hafa vaxið meira en sem nemur 25% að meðaltali á þessum þremur árum miðað við þá aflahlutdeild sem þeir áttu kost á árið 1991 skal þeim ákvörðuð aflahlutdeild frá og með upphafi þess fiskveiðiárs er hefst 1. september 1994. Ræður aflareynsla þeirra á þessum þremur árum þá aflahlutdeild þeirra, sbr. þó 2. mgr. Hafi aflahlutdeild þessara báta hins vegar ekki farið fram úr framangreindum mörkum skulu gilda óbreyttar reglur um veiðar þeirra næstu þrjú fiskveiðiár og koma þær aftur til sams konar endurskoðunar í lok þess tímabils. Þeim bátum, sem þennan kost velja, skulu óheimilar ár hvert veiðar frá og með 1. janúar til og með 31. janúar, í tíu daga um páskahelgi, tíu daga um verslunarmannahelgi samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra og enn fremur frá og með 1. desember til og með 31. desember.

Sérstök samstarfsnefnd, skipuð fulltrúa tilnefndum af Landssambandi smábátaeigenda, fulltrúa tilnefndum af Fiskifélagi Íslands og formanni skipuðum af ráðherra án tilnefningar, skal fjalla sérstaklega um málefni þeirra aðila sem keypt hafa nýja báta eftir 31. janúar 1988 og hafa því ekki fulla aflareynslu á viðmiðunartímabilinu til að byggja ákvörðun aflahlutdeildar á. Nefndin skal og fjalla um önnur álitaefni sem upp koma og gera tillögur til sjávarútvegsráðherra um aflahlutdeild viðkomandi báta.

Sjávarútvegsráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur um úthlutun þessa. Úthlutunin skal taka mið af þeim reglum sem giltu um úthlutun aflamarks til skipa 10 brl. og stærri á árinu 1984, sbr. rg. nr. 44/1984, eftir því sem við verður komið. Þó skulu reglur um frátafir frá veiðum og skipstjóraskipti undanskildar.

Sjávarútvegsráðuneytið skal til upplýsingar birta bréflega útgerðum allra báta 10 brl. og minni úthlutað aflamark eins og það hefði orðið árið 1990 samkvæmt lögum þessum ásamt forsendum fyrir þeirri úthlutun.

Útgerðum skal veittur hæfilegur frestur til athugasemda og skýringa gerist þess þörf. Að því loknu skal samstarfsnefnd skv. 5. mgr. gera endanlega tillögu um aflahlutdeild sérhvers báts í viðkomandi botnfisktegund. Sú aflahlutdeild verður síðan grundvöllur árlegrar úthlutunar aflamarks viðkomandi báta.

III.

Leyfður heildarafli botnfisktegunda skv. 2. mgr. 3. gr. fyrir heilt 12 mánaða tímabil skal í fyrsta skipti ákveðinn fyrir fiskveiðiárið er hefst 1. september 1991. Skal sú ákvörðun tekin fyrir 1. ágúst 1991.

Fyrir 1. nóvember 1990 skal ráðherra taka ákvörðun um leyfðan heildarafla botnfisktegunda á tímabilinu 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1991. Skal þeim heildarafla skipt milli skipa á grundvelli fastrar aflahlutdeildar hvers skips sem ákveðin er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I og II annars vegar og dreifingu afla af hverri tegund innan ársins hjá einstökum flokkum fiskiskipa hins vegar.

Reiknað skal hversu hátt hlutfall ársafla af hverri botnfisktegund hefur veiðst að meðaltali á fyrstu átta mánuðum ársins á árunum 1986 til 1988. Jafnframt skal reiknað fyrir hvern útgerðarflokk, sbr. 2. gr. rg. nr. 585 19. desember 1989 um stjórn botnfiskveiða 1990, og fyrir hvern stærðarflokk smábáta, sbr. 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II, hversu mikill hluti heildarársafla flokksins af hverri tegund hefur verið veiddur á fyrstu átta mánuðum ársins að meðaltali á sama árabili.

Hlutdeild hvers skips í heildarafla hverrar tegundar á framangreindu átta mánaða tímabili á árinu 1991 skal vera föst aflahlutdeild skipsins af viðkomandi tegund deilt með hlutfalli átta mánaða heildarveiða af tegundinni skv. 1. málsl. 3. mgr., en margfaldað með hlutfalli átta mánaða veiða flokksins skv. 2. málsl. 3. mgr.

Ráðherra skal með hliðstæðum hætti ákveða heildarafla af úthafsrækju á fyrstu átta mánuðum ársins 1991 og hlutdeild einstakra skipa í honum.

IV.

Aflahlutdeild til veiða á loðnu, síld og humri skal úthlutað á grundvelli hlutdeildar viðkomandi skips í heildarúthlutun á því veiðitímabili eða vertíð sem síðast lauk fyrir gildistöku laga þessara.

Aflahlutdeild á svæðisbundnum veiðum á innfjarðarrækju og hörpuskelfiski skal úthlutað í samræmi við hlutdeild viðkomandi skips í heildarúthlutun á viðkomandi veiðisvæði á því veiðitímabili sem síðast lauk fyrir gildistöku laga þessara.

V.

Óheimilt er að framselja aflahlutdeild skips skv. 3. mgr. 11. gr. án þess að skip hverfi varanlega úr rekstri og sé afmáð af skipaskrá, nema fyrir liggi samþykki þeirra aðila sem samningsveð áttu í skipinu við gildistöku laga þessara.

VI.

Sjávarútvegsráðherra skal þegar eftir gildistöku laga þessara skipa nefnd er kanni hvort og þá með hvaða hætti mögulegt sé að koma við vigtun hérlendis á afla sem fluttur er óunninn úr landi. Nefnd þessi skal skipuð fulltrúum útgerðar, sjómanna og fiskvinnslu, auk formanns er ráðherra skipar. Skal hún skila tillögum sínum eigi síðar en hálfu ári eftir gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 38. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990, var kveðið á um að sjávarútvegsráðherra skuli skipa nefnd eftir tilnefningu þingflokka og helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Nefndinni var falið að undirbúa tillögur um fyrirkomulag fiskveiðistjórnar að loknum gildistíma laganna. Í starfi sínu skyldi nefndin m.a. kanna áhrif laga um stjórn fiskveiða á afkomu og hagkvæmni í sjávarútvegi og athuga tilhögun veiðiheimilda, m.a. heimilda sem ekki eru bundnar við skip. Jafnframt var nefndinni falið að móta tillögur um breytingar á gildandi lögum eftir því sem tilefni gefst til. Þá var kveðið á um að nefndin skuli skila fyrsta áliti eigi síðar en haustið 1989.

Að fengnum tilnefningum samkvæmt ákvæði laganna voru eftirtaldir aðilar skipaðir í nefndina af sjávarútvegsráðherra 13. júlí 1988: Guðjón A. Kristjánsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, til vara Helgi Laxdal, Lárus Jónsson frá Félagi rækju- og hörpudiskframleiðenda, Árni Benediktsson frá Félagi Sambandsfiskframleiðenda, Þorsteinn Gíslason frá Fiskifélagi Íslands, Jakob Jakobsson frá Hafrannsóknastofnun, Kristján Ragnarsson og Sigurður Einarsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Arthur Bogason frá Landssambandi smábátaeigenda, til vara Örn Pálsson, Óskar Vigfússon frá Sjómannasambandi Íslands, Jón Ingvarsson frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, til vara Arnar Sigmundsson, Dagbjartur Einarsson frá Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda, Þröstur Ólafsson frá Verkamannasambandi Íslands, Skúli Alexandersson frá þingflokki Alþýðubandalagsins, Eiður Guðnason frá þingflokki Alþýðuflokksins, til vara Karl Steinar Guðnason, Hreggviður Jónsson frá þingflokki Borgaraflokksins, Stefán Guðmundsson frá þingflokki Framsóknarmanna, Unnur Steingrímsdóttir frá þingflokki Samtaka um kvennalista, til vara Kristín Halldórsdóttir, Guðmundur H. Garðarsson og Halldór Blöndal frá þingflokki Sjálfstæðisflokksins, Þórður Friðjónsson frá Þjóðhagsstofnun, Jón B. Jónasson og Árni Kolbeinsson, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, tilnefndir af sjávarútvegsráðherra.

Á starfstíma nefndarinnar tók Jón Kjartansson sæti Þrastar Ólafssonar sem hvarf til annarra starfa. Þá urðu þær breytingar á skipan nefndarinnar að Guttormur Einarsson, starfsmaður þingflokks Borgaraflokksins, tók sæti Hreggviðs Jónssonar sem fulltrúi Borgaraflokksins, en jafnframt var Hreggviður tilnefndur af hálfu Frjálslynda hægriflokksins. Þá var Jóhann A. Jónsson framkvæmdastjóri tilnefndur af hálfu Samtaka jafnréttis og félagshyggju.

Ritarar nefndarinnar voru Gylfi Gautur Pétursson og Kristján Skarphéðinsson, deildarstjórar í sjávarútvegsráðuneytinu.

Nefndin hóf störf haustið 1988. Eins og fyrri nefndir, sem þessu verkefni hafa sinnt, hefur hún verið kölluð ráðgjafarnefnd um fiskveiðistefnu. Strax í upphafi starfsins ákvað nefndin í ljósi þess hve verkefnið var umfangsmikið að nefndarmenn skyldu starfa í fjórum vinnuhópum sem hver um sig hafði afmarkað verksvið. Fyrir hvern vinnuhóp var settur verkefnastjóri úr hópi nefndarmanna, en auk þess störfuðu tveir starfsmenn með hverjum hópi. Hlutverk hópanna var að gera úttekt á þeim málaflokkum sem undir þeirra verksvið féllu, lýsa mögulegum leiðum til lausnar viðfangsefna, kostum þeirra og göllum.

Viðfangsefni fyrsta hópsins var að fjalla um einstaklingsbundnar og almennar veiðitakmarkanir. Undir það féll m.a. ákvörðun heildarafla, veiðiheimildir og skipastóll og samanburður á aflakvótakerfi og öðrum meginleiðum við stjórn fiskveiða. Verkefnastjóri þessa hóps var Þorsteinn Gíslason fiskimálastjóri, en starfsmenn hópsins voru þau Arndís Steinþórsdóttir deildarstjóri og Ólafur Karvel Pálsson fiskifræðingur. Annar hópurinn fjallaði um úthlutun eða sölu veiðiheimilda og skyldi hópurinn m.a. kanna áhrif fiskveiðistjórnar á aðra atvinnuvegi. Verkefnastjóri var Kristján Ragnarsson, formaður Landssambands íslenskra útvegsmanna, en starfsmenn Kristján Skarphéðinsson deildarstjóri og Þorkell Helgason prófessor. Þriðji hópurinn fékk það verkefni að fjalla um handhöfn og framsal veiðiheimilda. Í

því fólst m.a. athugun á því hverjir gætu verið handhafar veiðiheimilda og til hve langs tíma og með hvaða takmörkunum slíkt forræði skyldi vera. Verkefnastjóri var Árni Benediktsson, framkvæmdastjóri, en starfsmenn voru Hólmgeir Jónsson framkvæmdastjóri og Ragnar Árnason prófessor. Fjórði hópurinn fjallaði um umfang og framkvæmd laga um fiskveiðistjórn, þar á meðal veiðar smábáta og tómstundaveiðar, ráðstöfun afla, upplýsingastreymi og almennt eftirlit. Hópstjóri var Guðjón A. Kristjánsson, forseti Farmanna- og fiskimannasambandsins, en starfsmenn hópsins voru þeir Benedikt Valsson hagfræðingur og Þórður Eyþórsson deildarstjóri.

Hóparnir skiluðu álitsgerðum sínum sl. vor. Voru þær ræddar á fundi nefndarinnar í maímánuði. Mátti ráða af niðurstöðum hópanna að víðtæk samstaða væri í nefndinni um ýmis meginatriði varðandi fyrirkomulag fiskveiðistjórnunar. Ákvað nefndin að fela formanni hennar í samvinnu við verkefnastjóra vinnuhópanna að vinna um sumarið að mótun tillagna er byggðu á niðurstöðum hópanna. Formaður og verkefnastjórar sömdu drög að frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða, ásamt minnisatriðum um ýmis álitamál sem þeir voru sammála um að leggja fyrir nefndina sem umræðugrundvöll. Drögin voru kynnt í ráðgjafarnefndinni snemma á þessu hausti og hafa þau verið til umfjöllunar í nefndinni frá þeim tíma. Auk þess hafa þau verið til kynningar og umfjöllunar á þingum og fundum allra helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi á þessu hausti. Hafa ýmsar breytingar verið gerðar frá upphaflegu drögunum. Það frumvarp, sem hér liggur fyrir, eru tillögur nefndarinnar um fyrirkomulag fiskveiðistjórnar að loknum gildistíma núgildandi laga.

Í tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir eftirfarandi meginbreytingum frá gildandi lögum:

1. Lögin verði ótímabundin eins og algengast er um lagasetningu hér á landi.
2. Botnfiskveiðiheimildir verði miðaðar við tímabilið 1. september til 31. ágúst ár hvert, en ekki almanaksárið eins og nú er. Nefnist þetta tímabil fiskveiðiár.
3. Útgáfa veiðileyfa verði einfölduð verulega frá því sem nú er og gerð eru skil milli veiða í atvinnuskyni og tómstundaveiða.
4. Óheimilt verði að fjölga öllum gerðum og stærðum fiskiskipa sem fá leyfi til veiða í atvinnuskyni. Jafnframt verða teknar upp samræmdar endurnýjunarreglur fyrir þessi skip.
5. Tekið verði upp eitt samræmt aflamarkskerfi. Aflahlutdeild einstakra fiskiskipa verði ákvörðuð í upphafi árs 1991 á þeim tegundum sem sæta ákvæðum um leyfilegan heildarafla. Sóknarmark verði afnumið og sérreglum um veiðar smábáta fækkað frá því sem nú er.
6. Tekin verði upp opinber tilkynningarskylda við sölu á fiskiskipum.
7. Hámarksálag vegna útflutnings á óunnum þorski og ýsu verði hækkað úr 15% í 20%, en hámarksálag á öðrum botnfisktegundum verði 15% sem er óbreytt frá gildandi lögum.
8. Flestar meginreglur fiskveiðistjórnar verði lögbundnar og þeim atriðum, sem ætluð eru ráðherra til ákvörðunar, verði fækkað.

Fram á síðasta áratug voru litlar hömlur á fjölgun fiskiskipa og aukningu afkastagetu fiskiskipaflotans. Þar sem fiskveiðiauðlindin er sameiginleg auðlind telur enginn einstakur útgerðarmaður sér hag í því að takmarka sókn sína til að vernda fiskstofna eða auka hagkvæmni veiðanna í heild. Þvert á móti er frá sjónarhóli hvers einstaks útvegsmanns skynsamlegt og á stundum nauðsynlegt að auka veiðimöguleikana með viðbótarfjárfestingum til að ná sem stærstum hluta aflans eða halda sinni aflahlutdeild í heildarveiðinni. Ótakmarkaður aðgangur að þessari sameiginlegu auðlind leiðir því óhjákvæmilega til óþarfrar fjárfestingar, minnkandi hagkvæmni í útgerð og getur stefnt fiskstofnum í hættu.

Frá styrjaldarlokum hefur fjárfesting í sjávarútvegi aukist margfalt á við aukningu aflaverðmætis. Á meðan erlendir fiskveiðiflotar voru í opinni samkeppni við íslenska flotann

um aflann á Íslandsmiðum var óraunhæft að tala um verndun fiskstofna eða takmörkun sóknar. Slíkar einhliða aðgerðir hefðu einungis orðið til þess að draga úr hlutdeild Íslendinga í heildaraflanum. Eftir að sigur vannst í landhelgismálinu árið 1976 og Íslendingar fengu einir forræði á 200 mílna fiskveiðilögsögunni sköpuðust hins vegar forsendur til að takmarka sóknina. Hin gífurlega fjárfesting í fiskiskipaflotanum á árunum upp úr 1970 leiddi til þess að afkastageta fiskiskipaflotans varð bersýnilega meiri en afrakstursgeta fiskstofnanna og varð þess valdandi að síðar reyndist nauðsynlegt að grípa til stjórnar á fiskveiðum.

Á árinu 1977 voru í fyrsta sinn á grundvelli tillagna Hafrannsóknastofnunarinnar innleiddar almennar takmarkanir á þorskveiðum. Hjá bátaflotanum skyldi netaveiðum á vetrarvertíð hætt þegar ákveðnu þorskaflamagni væri náð. Togaraflotanum var hins vegar beint til veiða á öðrum fiskstofnum með því að takmarka það hlutfall sem þorskur mátti vera af heildarafla á ákveðnum veiðitímabilum. Þessi aðferð við fiskveiðistjórn, sem kölluð var skrapdagakerfi, var óbreytt við lýði fram til 1983. Þessi sóknarstjórn var á ýmsan hátt gölluð. Í fyrsta lagi tókst ekki að hafa tilætlaðan hemil á þorskveiðum og fór heildarþorskaflinn oft langt fram úr settum mörkum. Í öðru lagi leiddi kerfið til of mikillar sóknar í aðra botnfiskstofna en þorsk og voru menn t.d. farnir að hafa áhyggjur af karfastofninum. Í þriðja lagi leiddi þetta fyrirkomulag til óhóflegs sóknarkostnaðar vegna harðrar samkeppni um að ná sem stærstum hlut takmarkaðs afla.

Á árunum 1982 og 1983 dró verulega úr þorskveiði þrátt fyrir mikla sókn. Sýnt þótti að ástand þorskstofnsins væri orðið það slæmt að draga þyrfti verulega úr sókn. Eftir víðtækt samráð milli sjávarútvegsráðuneytisins og hagsmunaaðila í sjávarútvegi var ákveðið að taka upp gjörbreyttar aðferðir við stjórn botnfiskveiða. Tekið var upp fyrirkomulag við fiskveiðistjórn er byggði á úthlutun aflakvóta til einstakra skipa. Var það í upphafi lögleitt til eins árs, þ.e. fyrir árið 1984. Síðan hafa lögin um stjórn fiskveiða verið framlengd þrívegis með nokkrum breytingum. Í grundvallaratriðum hefur stjórn fiskveiða byggt á sömu meginreglum frá árinu 1984.

Á árinu 1984 var afkastageta fiskiskipaflotans orðin mun meiri en afrakstursgeta fiskstofnanna. Var það meginástæða þess að takmarkanir kvótakerfisins voru taldar nauðsynlegar. Margir eigendur fiskiskipa sættu sig illa við sína hlutdeild er byggði á veiðireynslu áranna 1981–1983. Töldu margir þeirra sinn hlut ónógan til að tryggja áframhaldandi rekstur skipa sinna og þótti kvótakerfið sníða sér of þröngan stakk. Mörgum fannst einnig að aflareynsla þessara ára gæfi þeim hvorki rétta né sanngjarna viðmiðun í kvótakerfinu. Til að koma til móts við þessi sjónarmið var í upphafi kvótakerfisins veitt takmörkuð heimild til að velja sóknarmark í stað aflamarks. Reglur um sóknarmark hafa breyst nokkuð á þeim árum sem kvótakerfið hefur verið í gildi.

Veiðum úr nær öllum nytjastofnum er nú stýrt með úthlutun aflakvóta til einstakra skipa. Einstaklingsbundnir aflakvótar eiga sér raunar lengri sögu í ýmsum sérveiðum en í botnfiskveiðum. Aflakvóta var fyrst úthlutað árið 1976 við stjórn síldveiða. Um sérveiðar gilda um margt líkar reglur og um botnfiskveiðarnar. Munurinn felst fyrst og fremst í því að ekki gefst kostur á sóknarmarki nema í botnfiskveiðum og þar hefur sjávarútvegsráðuneytið heldur rýmri lagaheimildir til að breyta kvótaúthlutuninni, t.d. ef skip með sérveiðiheimild flyst á milli landshluta.

Tilgangur lagafrumvarps þessa er að marka meginreglur varðandi framtíðarskipan stjórnar fiskveiða og skapa grundvöll fyrir hagkvæmri og skynsamlegri nýtingu fiskstofnanna. Frumvarpinu er ætlað að skapa sjávarútveginum almenna umgjörð og leikreglur. Innan þessa ramma er þeim er við sjávarútveg vinna hins vegar falið að taka ákvarðanir á þann hátt sem þeir telja hagkvæmastan. Með því að nýta þekkingu og dugnað þeirra er gerst til þekkja má ætla að hámarksafrakstri af fiskveiðiauðlindinni verði náð fyrir þjóðfélagið í heild.

Í frumvarpinu eru mun færri atriði ætluð ráðherra til ákvörðunar en í gildandi lögum. Það er þó óhjákvæmilegt að fela framkvæmdarvaldinu að taka ákvarðanir um þætti sem fyrirsjáanlega geta verið miklum breytingum undirorpnir, t.d. heildaraflamagn einstakra fisktegunda og ýmis smærri framkvæmdaratriði. Allar grunnreglur eru þó lögbundnar samkvæmt frumvarpinu, bæði að því er varðar botnfiskveiðar og sérveiðar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lögin verði ótímabundin. Þetta er algengasta form löggjafar á Íslandi og þarf því í sjálfu sér ekki sérstaks rökstuðnings við. Með þessu skapast nauðsynlegar forsendur til að byggja á ákvarðanir um fjárfestingar og önnur þau atriði er langtímaáhrif hafa. Er hafið yfir allan vafa að langur gildistími er forsenda þess að það hagræði náist sem fiskveiðistjórnin býður upp á, t.d. varðandi flotastærð. Þar sem lögunum er ætlaður ótakmarkaður gildistími eru í meginmáli þeirra einungis þau ákvæði er varanlega þýðingu hafa. Þau atriði, er einungis varða framkvæmd við gildistöku, eins og t.d. upphafleg úthlutun veiðiheimilda, eru í ákvæðum til bráðabirgða.

Lagt er til að fiskveiðiárið hefjist 1. september hvert ár og ljúki 31. ágúst ári seinna. Hér er um að ræða róttæka breytingu frá gildandi lögum. Til að gera þessa framkvæmd mögulega þurfa tillögur Hafrannsóknastofnunar að koma fram fyrir 1. ágúst hvert ár. Meginkostir þessa fyrirkomulags eru að flestar vertíðir eða veiðitímabil falla innan þessa ramma. Þá er slíkt fyrirkomulag til þess fallið að draga úr aflatoppum yfir sumarmánuðina, en sá fiskur hefur að öllu jöfnu nýst fiskvinnslunni illa. Þá er mikilvægt út frá allri áætlanagerð um þróun og framvindu efnahagsmála að upplýsingar um leyfilegt aflamagn liggi fyrir snemma á haustin. Hins vegar skapar þetta fyrirkomulag einnig vandamál sérstaklega hvað varðar úthlutun veiðiheimilda við upphaf slíks kerfis því að veiðiheimildum verður einungis úthlutað til átta mánaða á fyrsta ári.

Miðað er við að allar veiðar verði leyfisbundnar og jafnframt er lagt til að útgáfa leyfa til veiða í atvinnuskyni verði einfölduð mikið frá því sem nú er. Er gert ráð fyrir að árlega verði öllum þeim skipum, sem fullnægja almennum ákvæðum laganna, veitt eitt almennt veiðileyfi. Þetta leyfi veitir heimild til að veiða þær tegundir, sem ekki sæta sérstöku aflamarki, með þeim takmörkunum sem leiðir af almennum reglum um veiðisvæði, veiðarfæri og veiðitíma. Er við það miðað að útgáfa leyfa til sérveiða hverfi að mestu. Þrátt fyrir þessa almennu stefnumörkun þykir nauðsynlegt að hafa allvíðtæka heimild til að ákveða útgáfu sérveiðileyfa ef sérstaklega stendur á. Meðal slíkra tilvika má nefna dragnótaveiðar, veiðar í tilraunaskyni o.s.frv. Í frumvarpinu er gerð tillaga að nýmæli um leyfi til tómstundaveiða og mörk ákveðin milli tómstundaveiða og veiða í atvinnuskyni.

Gert er ráð fyrir að eftir sem áður verði óheimilt að fjölga fiskiskipum og sú meginregla gildi áfram að því einungis geti nýtt eða nýkeypt skip fengið veiðileyfi að annað sambærilegt hverfi úr flotanum. Lagt er til að þessi regla verði framvegis einnig látin gilda um báta undir 6 brl. að því er veiðar í atvinnuskyni varðar. Ef þær meginreglur, sem lagt er til að lögbundnar verði í frumvarpinu, festast í sessi ætti þegar frá líður að vera óhætt að afnema reglur um endurnýjun fiskiskipa. Reglur frumvarpsins hafa þau áhrif að menn munu ekki sjá sér hag í að auka afkastagetu fiskiskipa sinna því að það leiðir ekki til aukins afla. Stærð fiskiskipaflotans mun því aðlagast afrakstursgetu fiskstofnanna þegar fram líða stundir.

Í frumvarpi þessu er lagt til að öllum fiskiskipum, sem fá leyfi til veiða í atvinnuskyni, verði úthlutað fastri aflahlutdeild í leyfilegum heildarafla. Sóknarmark verði afnumið og sérreglum um veiðar smábáta verði fækkað verulega frá því sem nú er. Eins og áður hefur verið vikið að var sóknarmark tekið upp á sínum tíma til að koma til móts við sjónarmið þeirra sem höfðu laka aflareynslu á viðmiðunarárunum. Reglur um sóknarmark hafa breyst frá því að þær voru settar á árinu 1985. Á árunum 1986 og 1987 voru þessar reglur rúmar og urðu til þess að flestir útgerðaraðilar völdu þann kost, jafnvel fyrir þau skip sem höfðu bestu aflareynsluna. Sá möguleiki á aflaaukningu, sem sóknarmarkið gaf, hafði tvenns konar

afleiðingar. Annars vegar olli það mikilli óvissu um heildarafla og var helsti skekkjuvaldur í spám um heildaraflamagn. Hins vegar leiddi ávinningur sóknarmarksskipa til skertrar aflahlutdeilar aflamarksskipa. Er gildandi lög voru sett var reynt að bæta úr þessu með því að lækka mögulegan ávinning sóknarmarksskipa og lögfesta þá reglu að heildarávinningur sóknarmarksskipa skerti ekki aflaúthlutun til aflamarksskipa. Í lögunum var ráðherra jafnframt veitt heimild til að setja hámark á aflaheimildir fyrir fleiri tegundir en þorsk. Auk aflahámarks á heimildir togara í þorski hefur aflahámark einnig verið sett á karfa og grálúðu. Á þessu ári eru veiðar stærstu bátanna takmarkaðar í sömu tegundum. Reglur um sóknarmark hafa einnig haft áhrif á fjárfestingar í fiskiskipaflotanum. Útgerðaraðilar hafa séð sér hag í því að auka afkastagetu skipa sinna til að auka aflaheimildir sínar. Fullvíst má telja að reglur um sóknarmark hafi átt mestan þátt í því að sú hagkvæmni, sem að var stefnt með upptöku kvótakerfisins 1984, hefur ekki náðst að fullu.

Takmarkaður heildarafli leiðir til þess að nauðsynlegt er að setja reglur um veiðar smábáta til samræmis við þær reglur sem gilda um veiðar annarra skipa. Með gildandi lögum voru í fyrsta skipti settar skorður við fjölgun báta milli 6 og 10 brl. og aflahámark sett á allar netaveiðar báta minni en 10 brl. Sýnt er að þrátt fyrir þær takmarkanir, sem settar hafa verið á veiðar og fjölgun þessara báta, hefur hlutdeild þeirra í heildarafla aukist. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að öllum bátum minni en 10 brl., sem stunda veiðar í atvinnuskyni, verði úthlutað aflamarki er byggir á eigin aflareynslu. Þá er gert ráð fyrir að sömu reglur gildi um aflamark smábáta og gilda um skip stærri en 10 brl. Bátum minni en 6 brl. gefst auk þess kostur á að stunda veiðar með línu og handfærum auk dagatakmarkana. Jafnframt eru sett inn ákvæði sem eiga að tryggja að hlutur þessara báta í heildaraflanum aukist ekki verulega umfram það sem nú er.

Sé talið nauðsynlegt að takmarka veiðar á einhverjum stofni sjávardýra skal sjávarútvegsráðherra ákveða heildaraflamark fyrir tegundina á komandi vertíð, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar. Er gert ráð fyrir að aflaheimildum af hverri einstakri tegund verði síðan skipt milli einstakra skipa eftir nánar tilgreindum reglum. Hlutdeild hvers skips í leyfilegum heildarafla viðkomandi tegundar nefnist aflahlutdeild og helst óbreytt frá ári til árs. Árlegar veiðiheimildir hvers skips breytast því til hækkunar eða lækkunar í hlutfalli við breytingar á leyfilegu heildaraflamagni hverrar tegundar. Árleg veiðiheimild skips af tiltekinni tegund nefnist aflamark þess. Almennt veiðileyfi ásamt tilkynningu ráðuneytis til skips um aflamark þess af viðkomandi tegund á yfirstandandi veiðitímabili eru þau skilríki sem skip þarf til viðkomandi veiða. Reglur um úthlutun aflahlutdeildar yrðu að mestu lögbundnar þannig að ákvörðun árlegs leyfilegs heildarafla hverrar tegundar yrði mikilvægasta ákvörðunin sem stjórnvöldum væri falin. Þó er ráðherra heimilað að grípa til tímabundinna ráðstafana verði verulegar breytingar á magni eða verðmæti sérveiða milli ára.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að úthlutun aflahlutdeildar við gildistöku laganna taki mið af þeim aflaheimildum sem viðkomandi skip hafði fyrir gildistöku þeirra. Hlutdeild í loðnu, síld og humri er beinlínis leidd af hlutdeild einstakra skipa síðasta veiðitímabil fyrir gildistöku laganna. Hins vegar er lagt til að til mótvægis við afnám sóknarmarksins verði aflamark þeirra skipa, sem hafa lítið aflamark í botnfiski og úthafsrækju, endurskoðað. Í frumvarpinu er við það miðað að skipaflokkar í sóknarmarki ráði meðaltali þess aflamarks sem uppbætur miðast við.

Lagt er til að ákvæði um heimild til geymslu veiðiheimilda milli ára í botnfiski, úthafsrækju, síld og humri verði rýmkað verulega frá gildandi lögum en heimild til millifærslu milli botnfisktegunda verði þrengd. Ákvæði um undirmálsfisk verði óbreytt frá gildandi lögum. Gert er ráð fyrir að hámarkssálag á kvóta vegna útflutnings á þorski og ýsu verði hækkað úr 15% í 20%. Hámarkssálag í öðrum tegundum verði óbreytt frá gildandi lögum eða 15%. Jafnframt er í ákvæði til bráðabirgða VI kveðið á um skipun nefndar til að koma með

tillögur um vigtun þess afla sem fluttur er óunninn úr landi. Þá er lagt til að línuafli í janúar, febrúar, nóvember og desember verði að hálfu utan aflamarks, en í gildandi lögum er heimild fyrir ráðherra að ákveða að línuafli skuli ekki eða aðeins að hluta teljast með í aflamarki eða sóknarmarki.

Gert er ráð fyrir að aflahlutdeild fylgi skipi við sölu nema aðilar semji um annað. Einnig er lagt til að heimilt verði að flytja aflahlutdeild eða hluta hennar frá skipi, enda sé hún flutt til annars skips og flutningurinn leiði ekki til þess að veiðiheimildir viðtakanda verði bersýnilega umfram veiðigetu.

Samkvæmt frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir neins konar bindingu aflahlutdeildar við byggðarlög eða landsvæði, en við það miðað að Byggðastofnun eða önnur stjórnvöld geti á hverjum tíma gripið til þeirra fjárhagsráðstafana er þurfa þykir til að hafa áhrif á byggðaþróun. Hins vegar eru sett ákvæði um tilkynningarskyldu þeirra aðila sem hyggjast selja fiskiskip eða hluta af sínum veiðiheimildum varanlega. Er það gert til að skapa vissa tregðu í skipasölu og eins til að gefa heimaaðilum færi á að bjóða í þau skip sem til sölu kunna að vera. Ekki er lögð til breyting á gildandi lögum hvað varðar umsagnarrétt sveitarstjórna og viðkomandi sjómannafélags áður en ráðuneytið staðfestir færslu aflamarks milli byggðarlaga. Þá er lagt til að skip, sem ekki nýta verulegan hluta sinna veiðiheimilda tvö ár í röð, missi þær að öllu leyti.

Lagt er til að framkvæmd vigtunar sjávarfangs verði samræmd og eftirlit með henni eflt. Afli verði ávallt veginn á löndunarstað og hafnaryfirvöldum fengin yfirumsjón með vigtunarmálunum. Vigtarskýrslur um landaðan afla yrðu samkvæmt þessu þær grunnupplýsingar sem stjórn fiskveiða og allar opinberar upplýsingar um fiskveiðar byggja á, en kvótaskýrslur útgerða og skýrslur kaupenda afla í núverandi mynd yrðu afnumdar. Samhliða þessu yrði öllum skipstjórum gert að halda afladagbækur þar sem mikilvægustu upplýsingar um veiðar og afla væru skráðar jafnóðum og fullnægði dagbókin í senn þörfum Hafrannsóknastofnunar og fiskveiðistjórnar. Sérstök skýrslugjöf til Hafrannsóknastofnunar yrði jafnframt afnumin. Loks yrði kaupendum afla skylt að skila reglulega framleiðsluskýrslum. Með þessu er ætlunin að tryggja skilvirkt eftirlitskerfi með sem minnstri fyrirhöfn fyrir skýrslugjafa.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að kostnaður við veiðieftirlit verði greiddur að hálfu af þeim sem fá leyfi til að stunda fiskveiðar í atvinnuskyni í samræmi við nýsamþykkt lög um veiðileyfisgjald. Gjöld þessi verða tengd aflaheimildum skipa og tekjum af þeim varið sérstaklega til veiðieftirlits.

Í frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Lagt er til að felld verði úr gildi 10. gr. laga nr. 81/1976, en í þeirri grein eru ákvæði um takmarkaða heimild til handa ráðherra til þess að setja hámark þess afla sem veiða má af hverri fisktegund á tilteknu tímabili, vertíð eða heilu ári. Með hliðsjón af 3. gr. þessa frumvarps þykir eðlilegt að fella þessa grein úr gildi.

Þá er lagt til að felld verði úr gildi 14. gr. laga nr. 81/1976 um leyfisbindingu veiða og í stað hennar komi 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

Í gildandi lögum nr. 81/1976 eru ákvæði um dragnótaveiðar í 2. mgr. 2. gr. og 14. gr. Í 2. mgr. 2. gr. laganna er gert ráð fyrir að allar dragnótaveiðar séu bannaðar í íslenskri fiskveiðilögsögu, en ráðherra er síðan heimilt að veita sérstök leyfi til þeirra veiða skv. 14. gr. Samkvæmt þeirri breytingu, sem felst í frumvarpi þessu, er gert ráð fyrir að dragnótaveiðar séu leyfilegar, en ráðherra geti síðan í reglugerð, sbr. 4. gr., kveðið nánar á um skipulag þeirra. Er markmiðið m.a. með þessari breytingu að gera útgáfu veiðileyfa einfaldari en nú er.

Í lögum nr. 81/1976 eru allar togveiðiheimildir lögbundnar og ráðherra hefur í raun aðeins heimild til þrengingar á þeim togveiðiheimildum með veiðibönnum og skiptingu veiðisvæða milli veiðarfæra. Í frumvarpi þessu er lagt til að ráðherra sé heimilt að leyfa veiðar

með vörpu á vannýttum fisktegundum á ákveðnum svæðum samkvæmt nánari reglum er hann setur.

Breytingar þær, sem hér er lagt til að gerðar verið á lögum nr. 81/1976, eru efnislega eins og þær breytingar er gerðar voru á lögum nr. 81/1976 með lögum nr. 97 20. desember 1985, um stjórn fiskveiða 1986–1987, og lögum nr. 3 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990. Verði breytingar þessar að lögum má segja að eftir standi í lögum nr. 81/1976 aðeins ákvæði sem snerta togveiðiheimildir fiskiskipa, skiptingu veiðisvæða milli veiðarfæra og enn fremur ákvæði sem lúta að verndun fiskstofna með veiðibönnum og svæðalokunum. Enn fremur eru ýmsar reglur um útbúnað veiðarfæra settar með stoð í þessum lögum. Öll önnur helstu ákvæði um skipulag veiða við Ísland eru í frumvarpi þessu.

Fiskstofnarnir við Ísland eru helsta auðlind íslensku þjóðarinnar. Lífskjör þjóðarinnar ráðast að miklu leyti af því hvernig til tekst um nýtingu þeirra. Með frumvarpi þessu er að því stefnt að setja almennar leikreglur um fyrirkomulag fiskveiða er stuðli að sem mestum afrakstri úr þessari takmörkuðu auðlind.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 1. gr. núgildandi laga um stjórn fiskveiða. Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru langmikilvægasta auðlind íslensku þjóðarinnar og forsenda fyrir þeirri þróun íslensks efnahagslífs og íslensks samfélags er orðið hefur á þessari öld. Það hefur kostað Íslendinga mikla baráttu að ná forræði yfir þessari auðlind. Með fyrsta málslið greinarinnar er minnt á mikilvægi þess að varðveita fullt forræði Íslendinga yfir henni. Jafnframt felst í þessu sú sjálfsagða stefnumörkun að markmiðið með stjórn fiskveiða er að nýta fiskstofnana til hagsbóta fyrir þjóðarheildina. Enda þótt frumvarpið byggi á því að fiskstofnarnir verði skynsamlegast nýttir með því að fela þeim sem daglega starfa að fiskveiðum víðtækt ákvörðunarvald í þessum efnum má það ekki verða til þess að með því verði talin myndast óafturkallanlegt og stjórnarskrárvarið forræði einstakra aðila yfir auðlindinni. Það verður að vera ákvörðunarefni löggjafans á hverjum tíma hvaða skipulag teljist best henta til að nýta þessa sameign þjóðarinnar með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Síðari málsliður greinarinnar er svipaður upphafsákvæði laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með því móti einu að tryggja hámarksafrakstur nytjastofnanna til langs tíma með lágmarkstilkostnaði er unnt að skapa traustar forsendur fyrir atvinnu og byggð í landinu.

Um 2. gr.

Í þessari grein er kveðið á um gildissvið frumvarpsins. Frumvarpið nær til nýtingar á lífrænum auðlindum, hvort sem er úr jurta- eða dýraríkinu, á hafsbotni eða í hafinu yfir honum, innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Fiskveiðilandhelgin er skilgreind sem hafsvæðið frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands eins og þau eru skilgreind á hverjum tíma, sbr. nú lög nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Fiskveiðilandhelgin nær því yfir tvö belti umhverfis landið, annars vegar hina eiginlegu landhelgi næst landinu, sbr. I. kafla laga nr. 41/1979, og hins vegar efnahagslögsöguna sem tekur við utan landhelginnar, sbr. II. kafla laga nr. 41/1979. Í þessu sambandi er þó rétt að benda á að forræði íslenskra stjórnvalda til að setja reglur um veiðar íslenskra skipa er ekki bundið við landhelgina, sbr. lög nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands. Er ekki gert ráð fyrir að gildi þeirra laga verði haggað með frumvarpi þessu. Reglur um nýtingu lífvera á hafsbotni á landgrunni Íslands utan fiskveiðilögsögu, sbr. III. kafla laga nr. 41/1979, yrðu einnig byggðar á þeirri löggjöf.

Um 3. gr.

Með þessari grein er lagt til að lögfest verði sú meginregla að sé talin þörf á að takmarka veiðar af einhverjum stofni sjávardýra skuli það gert með þeim hætti að ráðherra ákveði leyfilegan heildarafla úr stofninum. Ráðherra ber að taka þessa ákvörðun að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, en er ekki bundinn við að fara eftir þeim tillögum. Er þetta sú aðferð sem beitt hefur verið varðandi ákvörðun heildarafla úr fiskstofnum við Ísland á undanförnum árum, en í núgildandi lögum um stjórn fiskveiða er hún einungis lögbundin varðandi botnfiskveiðar. Hafrannsóknastofnunin gefur árlega út skýrslu um nytjastofna sjávar og umhverfisþætti og er þar að finna tillögur um hámarksafla á komandi veiðitímabili. Hefur það verið keppikefli Hafrannsóknastofnunarinnar að flýta árlegri útgáfu þessarar skýrslu þannig að hún birtist í júní eða júlímánuði ár hvert.

Í 2. mgr. eru nánari ákvæði varðandi ákvörðun heildarafla af einstökum tegundum. Er þar greint á milli botnfisktegunda annars vegar og annarra nytjastofna hins vegar. Ákvörðun um heildarafla af þeim síðarnefndu skal tekin með hæfilegum fyrirvara fyrir upphaf viðkomandi vertíðar eða veiðitímabils. Aðstæður varðandi einstaka stofna eru svo mismunandi og breytilegar að hvorki er talið fært að binda tiltekin veiðitímabil í lög eða lögbinda að ákvörðun um heildarafla sé tekin með nákvæmlega tilgreindum fyrirvara fyrir upphaf veiðitímabils. Ákvarðanir um veiðitímabil varðandi þessa stofna eru því faldar ráðherra, sbr. hina almennu reglugerðarheimild í 13. gr. Öðru máli gegnir um botnfiskveiðarnar. Í núgildandi lögum er bæði veiðitímabil og tími til ákvörðunar á heildarafla lögbundinn varðandi þessar tegundir og er lagt til í frumvarpinu að svo verði einnig framvegis. Fram til þessa hefur veiði á þessum tegundum verið miðuð við almanaksárið. Í frumvarpinu er lagt til að á þessu verði gerð breyting og hvert veiðitímabil verði talið frá 1. september til 31. ágúst á næsta ári. Þessi aðskilnaður fiskveiðiárs og almanaksárs er rökstuddur með því að hagkvæmara sé að láta þá þurrð á veiðiheimildum, sem oft fylgir síðustu mánuðum hvers veiðitímabils, koma frekar niður á sumrinu en öðrum árstímum. Á þeim árstíma eru aflabrögð oft góð en fiskur verri til vinnslu en á öðrum árstímum og fiskvinnslan vanbúin að taka við miklum afla vegna sumarleyfa starfsfólks. Þessi breyting ætti því að stuðla að aukinni verðmætasköpun í sjávarútvegi. Tillaga þessa efnis var samþykkt á 48. fiskiþingi og fékk almennt fylgi á þingum og ársfundum flestra hagsmunasamtaka í sjávarútvegi á sl. hausti. Þá er lagt til að ráðherra taki ákvörðun um heildarafla á komandi veiðitímabili fyrir 1. ágúst ár hvert eða a.m.k. mánuði fyrir upphaf veiðitímabils. Samkvæmt núgildandi lögum skal slík ákvörðun tekin hálfum öðrum mánuði fyrir árslok. Með því að flýta þessari ákvörðun verða nauðsynlegar forsendur fyrir gerð þjóðhagsáætlunar og fjárlaga fyrir komandi ár fyrr ljósar. Á hinn bóginn er því ekki að neita að aðskilnaður fiskveiðiárs og almanaksárs getur gert þessar forsendur ótryggari. Þessi breyting á fiskveiðiárinu skapar vissa byrjunarörðugleika á því ári sem breytingin á sér stað. Í ákvæði til bráðabirgða III eru tillögur um hvernig á þeim skuli tekið. Loks er lagt til að heimild ráðherra til að auka eða minnka leyfðan heildarafla af þorski innan fiskveiðiársins verði bundin við að ákvörðun um breytingu sé tekin fyrir 15. apríl, en í gildandi lögum er slík takmörkun á heimild til að breyta fyrri ákvörðunum varðandi allar botnfisktegundir. Rökin að baki þessari reglu eru fyrst og fremst þau að hún sé nauðsynleg til að gæta jafnræðis milli mismunandi gerða fiskiskipa þar eð mikill hluti bátaflotans aflar verulegs hluta ársafla síns á vetrarvertíð. Þessi rök eru þungvægari varðandi þorsk en aðrar botnfisktegundir.

Um 4. gr.

Með þessari grein er annars vegar lagt til að allar veiðar í fiskveiðilandhelginni verði leyfisbundnar en hins vegar að veruleg einföldun verði gerð varðandi útgáfu veiðileyfa.

Samkvæmt núgildandi lögum eru botnfiskveiðar allra skipa stærri en 6 brl. háðar útgáfu sérstakra veiðileyfa sem og þorskfisknetaveiðar báta undir 6 brl. Veiðar á fjölmörgum öðrum

fisktegundum eru háðar sérstökum leyfum og er lögbundið að slík leyfi þurfi til veiða á rækju, humri, skelfisk, síld og loðnu. Þau skip, sem stunda veiðar á mörgum fisktegundum, þurfa því að fá mörg veiðileyfi á ári hverju. Með frumvarpi þessu er ráðgert að þetta veiðileyfakerfi verði einfaldað til muna. Lagt er til að hvert fiskiskip þurfi aðeins eitt almennt veiðileyfi árlega og að þetta veiðileyfi veiti heimild til veiða á öllum þeim tegundum sjávardýra sem ekki sæta aflahámarki, en til veiða á þeim tegundum, sem aflahámarki sæta, þurfi að auki úthlutun aflamarks, sbr. 7. gr. Þrátt fyrir þessa almennu stefnumörkun í 1. mgr. greinarinnar er ráðherra með 2. mgr. hennar veitt allvíðtæk heimild til að krefjast sérstakra veiðileyfa auk hins almenna. Á grundvelli þessarar heimildar gæti leyfisbinding til veiða með tilteknum veiðarfærum, t.d. dragnót, haldist með svipuðum hætti og verið hefur. Á sama hátt skapar þessi heimild möguleika til að leysa vandamál sem upp kunna að koma vegna staðbundinna veiða og vegna veiða í tilraunaskyni.

Samkvæmt frumvarpinu verða allar veiðar nú leyfisbundnar. Bátar undir 6 brl., sem ekki stunda netaveiðar, þurfa því í fyrsta skipti á árinu 1991 að fá leyfi til veiðanna. Ástæða þess er sú að skv. 5. gr. frumvarpsins er lagt til að komið verði í veg fyrir frekari fjölgun fiskibáta undir 6 brl. að stærð. Til þess að slíkt sé mögulegt er óhjákvæmilegt að leyfisbinda veiðar þeirra. Jafnframt er óhjákvæmilegt að skilja á milli veiða í atvinnuskyni og tómstundaveiða því að ekki er ætlunin að takmarka fjölgun skemmtibáta eða banna mönnum að veiða sér fisk í soðið. Tekið skal fram að samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II eiga allir þeir sem selt hafa fisk á viðmiðunarárunum þess kost að fá aflahlutdeild og þar með árlegt aflamark og leyfi til veiða í atvinnuskyni án tillits til þess hvort veiðar á viðmiðunarárunum hafa verið stundaðar sem aðalstarf eða í frístundum. Um þetta efni vísast að öðru leyti til athugasemda með 6. gr.

Um 5. gr.

Á undanförnum árum hafa gilt mjög strangar reglur varðandi endurnýjun fiskiskipaflotans. Hefur aðgangur að flotanum í raun verið lokaður og því aðeins heimilt að taka nýtt fiskiskip í notkun að sambærilegt skip hafi horfið úr rekstri. Rökin fyrir þessu eru augljós. Flotinn er of stór miðað við afrakstursgetu fiskstofnanna og því nauðsynlegt að sporna við frekari stækkun hans. Með grein þessari er því lagt til að þessi regla verði lögfest áfram.

Þetta bann við fjölgun fiskiskipa hefur lengst af ekki náð til báta undir 10 brl. Þessum bátum hefur því fjölgað jafnt og þétt eða úr 1.475 bátum árið 1983 í 1.838 báta árið 1988. Jafnframt hefur þeim bátum af þessari stærð, sem selja afla, fjölgað verulega eða úr 815 bátum árið 1983 í 1.400 báta árið 1988. Óheft fjölgun smábáta, ásamt því að ekki hafa gilt sömu reglur um veiðar þeirra og annarra skipa, hefur leitt til þess að heildarafli smábátanna af botnfiski hefur jafnframt aukist ár frá ári eða úr 14.480 lestum þorskígilda árið 1983 í 40.122 lestir þorskígilda 1988. Þar sem heildaraflinn er takmarkaður er ljóst að óheft fjölgun fiskiskipa undir 10 brl. mun leiða til þess að minna verður til skiptanna og mun því leiða til minnkandi aflahlutdeildar þeirra sem fyrir eru. Þörf á að sporna við fjölgun smábáta hefur því verið ljós um alllangt skeið. Með núgildandi lögum um stjórn fiskveiða var stigið skref í þessa átt og settar skorður við fjölgun báta á bilinu 6 til 10 brl. Hins vegar var fjölgun minni báta engin takmörk sett. Ástæða þess var fyrst og fremst sú að menn sáu í hendi sér að erfitt yrði í framkvæmd að leyfisbinda allar veiðar án tillits til stærðar báta, en slík leyfisbinding er forsenda þess að unnt sé að takmarka fjölgun báta af þessum stærðarflokki. Smábátum hefur hins vegar haldið áfram að fjölga og komið hefur í ljós að mælingareglur eru svo rúmar að unnt er að hanna afkastamikil fiskiskip sem mælast innan við 6 brl. Er nú svo komið að ekki verður lengur vikist undan að taka á þessu máli þrátt fyrir alla framkvæmdaerfiðleika. Er lagt til að allar veiðar smábáta í atvinnuskyni verði framvegis bundnar sérstökum veiðileyfum á sama hátt og veiðar báta milli 6 og 10 brl. hafa verið leyfisbundnar undanfarin tvö ár. Einungis er

hægt að fá leyfi til veiða í atvinnuskyni fyrir báta, sem skráðir eru hjá Siglingamálastofnun, innan mánaðar frá gildistöku laga þessara. Þá er og gefið þriggja mánaða svigrúm til að ljúka þeim bátum sem smíði er þegar hafin á. Eftir þann tíma er því aðeins unnt að fá veiðileyfi fyrir nýja báta að þeir komi í stað sambærilegra báta sem hverfa varanlega úr rekstri.

Um 6. gr.

Í þessari grein eru nánari ákvæði um svonefnd tómstundaveiðileyfi. Ástæðan fyrir því að tillaga er gerð um veitingu leyfa til tómstundaveiða er skýrð í athugasemdum með 4. gr. Eins og þar kemur fram er ekki ætlunin að takmarka fjölgun skemmtibáta eða frelsi manna til að renna fyrir fisk sér til gamans. Allir, sem þess óska, geta því fengið þessi leyfi. Með þessari grein er því nánast verið að koma á skráningarskyldu þessara aðila og leggja áherslu á þann mun sem samkvæmt frumvarpinu er gerður á veiðum í atvinnuskyni og tómstundaveiðum. Það skal ítrekað að allir þeir sem stundað hafa fiskveiðar á bátum undir 10 brl. á viðmiðunarárunum og selt aflann, sbr. ákvæði til bráðabirgða II, eiga kost á atvinnuveiðileyfi með aflahlutdeild er byggir á reynslu viðmiðunaráranna og gildir einu hvort þær veiðar voru stundaðar sem aðalstarf, hlutastarf eða í frístundum. Þeim sem tómstundaveiðileyfi hafa er óheimilt að selja eða fénýta aflann á annan hátt. Þeim mundi þannig einnig óheimilt að verka aflann sjálfir í því skyni að selja afurðirnar. Til að auðvelda eftirlit er heimild tómstundaleyfis-hafa bundin við veiðar með handfærum án sjálfvirknibúnaðar, enda ekki þörf á stórvirkum veiðarfærum miðað við nýtingarheimildir á aflanum. Veiðar á stöng myndu að sjálfsögðu falla undir heimild greinarinnar. Gert er ráð fyrir að ráðherra ákveði með reglugerð gjald fyrir tómstundaveiðileyfi. Hér yrði um tiltölulega lágt fast gjald að ræða, hliðstætt gjöldum fyrir önnur opinber leyfi. Tekjur af gjaldinu renna til eflingar hafrannsókna.

Um 7. gr.

Í þessari grein eru settar fram meginreglur frumvarpsins um stjórn fiskveiða. Þær eru í sjálfu sér mjög einfaldar í sniðum. Til þess að stunda fiskveiðar í atvinnuskyni þarf eitt almennt leyfi. Þetta leyfi veitir eitt sér heimild til veiða á þeim tegundum, sem ekki sæta heildaraflamörkum, með þeim takmörkunum þó sem leiðir af almennum reglum um veiðisvæði, veiðitíma og veiðarfæri, sbr. og 2. mgr. 4. gr. Til þess að mega veiða þær tegundir, sem heildarafli er takmarkaður á, þarf viðkomandi skip að auki að hafa aflamark af viðkomandi tegund. Veiðiheimildum á þeim tegundum, sem nauðsynlegt er hverju sinni að takmarka veiðar á, er skipt niður á milli einstakra skipa og hverju skipi úthlutað tilteknu hlutfalli af leyfðum heildarafla tegundarinnar, sbr. 8. gr. og ákvæði til bráðabirgða I, II og IV. Þetta hlutfall kallast aflahlutdeild skips og helst óbreytt milli ára. Veiðiheimildir hvers skips á einstöku veiðitímabili eru nefndar aflamark skipsins. Ræðst það annars vegar af hinni föstu aflahlutdeild skipsins og hins vegar af leyfðum heildarafla á viðkomandi veiðitímabili. Aflamark hvers skips af hverri tegund breytist því til hækkunar og lækkunar í sama hlutfalli og leyfður heildarafli af viðkomandi tegund.

Tvö atriði geta þó valdið frávikum frá þessari meginreglu. Annars vegar telst hálfur línuafli í janúar, febrúar, nóvember og desember utan aflamarks skips skv. 6. mgr. 10. gr. Er hér um að ræða allverulegt magn, t.d. nam hálfur línuafli af þorski í þessum mánuðum u.þ.b. 11.000 lestum árið 1988 og ýsuaflinn tæpum 2.000 lestum. Breyting á þessum afla veldur augljóslega samsvarandi breytingum á hlutdeild einstakra skipa í heildaraflanum. Svo að dæmi sé tekið hefði 50% aukning þorskafla á línu í þessum mánuðum valdið u.þ.b. 3% lækkun á aflahlutdeild allra þeirra skipa sem þorskveiðiheimildir hafa hefðu ákvæði þessa frumvarps verið í gildi árið 1988. Við ákvörðun aflahlutdeildar einstakra skipa er ráðuneytinu ætlað að áætla árlega þann afla sem af þessum sökum er utan aflamarks. Hins vegar er ráðherra með 9. gr. frumvarpsins veitt heimild til að bregðast við verulegum tekjusveiflum sem af sérveiðum

kunna að vera með því að auka eða minnka tímabundið botnfiskaflamark þeirra skipa sem viðkomandi sérveiðar stunda. Slíkar breytingar hafa að sjálfsögðu áhrif á botnfiskaflamark annarra skipa.

Sjávarútvegsráðuneytinu er gert að senda sérstaka tilkynningu vegna hvers skips um aflamark þess í upphafi veiðitímabils. Gjaldtaka skv. 2. mgr. 18. gr. miðast við útgáfu þessarar tilkynningar. Nauðsynleg skilríki til veiða á þeim tegundum, sem háðar eru hámarksafla, eru því annars vegar almennt veiðileyfi skv. 4. gr., en hins vegar tilkynning um aflamark af viðkomandi tegund.

Um 8. gr.

Í þessari grein er kveðið á um hvernig ákveða skuli aflahlutdeild einstakra skipa ef til þess kemur á gildistíma laganna að takmarka þurfi veiðar á fleiri tegundum en nú sæta ákvæðum um leyfilegan heildarafla. Í ákvæðum til bráðabirgða I, II og IV er hins vegar kveðið á um ákvörðun aflahlutdeildar við gildistöku laganna af þeim tegundum sem nú sæta aflatakmörkunum.

Sé samfelld veiðireynsla af viðkomandi tegund skal ákveða aflahlutdeild einstakra skipa á grundvelli aflareynslu síðustu þriggja ára. Sé slík aflareynsla hins vegar ekki fyrir hendi er ráðherra falið að ákveða skiptingu veiðiheimilda milli einstakra skipa og getur hann í þeim efnum tekið mið af ýmsum atriðum hliðstæðum þeim sem nú eru talin upp í 12. gr. laga nr. 3/1988. Mat á því hvort veiðireynsla sé svo samfelld að ákvæði 1. mgr. eigi við getur eflaust á stundum orðið vandasamt, en ráðherra verður að skera úr um það hverju sinni.

Um 9. gr.

Með þessari grein er lagt til að ráðherra verði heimilað að bregðast við verulegum aflabresti eða aflaaukningu í sérveiðum eða miklum breytingum á verði sérveiðitegunda með því að breyta tímabundið botnfiskveiðiheimildum þeirra sérveiðiskipa sem í hlut eiga. Hliðstæð heimild er nú í lokamálsgrein 5. gr. laga nr. 3/1988. Hér er þó lagt til að löggjafinn setji framkvæmdarvaldinu heldur þrengri skorður varðandi beitingu heimildarinnar en gert er í gildandi lögum. Það eru einungis breytingar á tekjum af sérveiðum sem orðið geta tilefni til að heimildinni sé beitt. Ástæðan er einfaldlega sú að botnfiskveiðarnar eru slíkur burðarás í fiskveiðum okkar Íslendinga að engar aðrar veiðar eru þess megnugar að vega upp að neinu marki tekjusveiflur er þar kunna að verða. Greinin heimilar að verulegum tekjusveiflum af sérveiðum sé mætt með því að auka eða skerða tímabundið botnfiskaflamark þeirra skipa sem þessar sérveiðar stunda. Forsenda þess að heimilt sé að beita ákvæðum greinarinnar er að breyting á aflatekjum af sérveiði sé svo mikil að hún valdi því að heildaraflaverðmæti þeirra skipa, er viðkomandi sérveiði stunda, víki að meðaltali meira en 20% frá meðalaflaverðmæti síðustu fimm ára. Sé þessum mörkum náð er það hins vegar lagt í mat ráðherra hvort eða að hvaða marki hann beitir heimildinni.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að reglur um sveigjanleika, að því er varðar heimild til tilfærslu milli tegunda, verði þrengdar allnokkuð frá því sem nú er. Eru breytingarnar tvíþættar. Í fyrsta lagi er lagt til að niður verði felld sú sérregla gildandi laga að engin takmörk séu á heimild til þess að breyta þorskaflamarki í aðrar tegundir. Reynslan hefur sýnt að full þörf er á að takmarka þessa heimild varðandi þorskinn með sama hætti og varðandi aðrar tegundir. Í öðru lagi er lagt til að heimild til að veiða umfram úthlutað aflamark af þorski verði felld niður, enda hefur reynslan sýnt að þessi heimild er í vaxandi mæli nýtt til fulls og þar með hættir hún að þjóna þeim tilgangi að skapa sveigjanleika í kerfinu. Á árinu 1989 kvað mikið að því að aflaheimildir væru fluttar milli skipa í árslok í þeim tilgangi einum að nýta samspil heimilda til millifærslu milli tegunda og millifærslu milli ára til að sem allra stærstum hluta flotans nýttist til fulls

heimildin til að veiða umfram þorskaflamarkið gegn hlutfallslegri skerðingu á aflamarki annarra botnfisktegunda.

Í 3. mgr. er lagt til að heimildin til að geyma aflamark milli ára verði rýmkuð að tvennu leyti. Annars vegar verði þessi heimild varðandi botnfiskinn aukin úr allt að 10% af aflamarki hverrar tegundar í allt að 20% en hins vegar verið opnuð heimild til að geyma 10% af aflamarki humars og síldar frá einu veiðitímabili til hins næsta, en slíkt er ekki heimilt samkvæmt gildandi lögum.

Ákvæði 4. mgr. um heimild til að veiða 5% umfram aflamark hverrar botnfisktegundar gegn samsvarandi frádrætti frá aflamarki næsta fiskveiðiárs er samhljóða samsvarandi ákvæði í gildandi lögum.

Í 6. mgr. er lagt til að fiskur, sem veiðist á línu í janúar, febrúar, nóvember og desember, skuli aðeins að hálfu teljast með í aflamarki skips á sama hátt og verið hefur. Rökin fyrir þessari sérreglu eru þau að með henni er hvatt til línuveiða sem skila mjög góðu hráefni, jafnframt því sem veiðum er beint á þann tíma ársins þegar hættast er við hráefnisskorti í fiskvinnslunni. Með þessu er vikið frá meginreglu frumvarpsins um að sem allra fæstar undantekningar skuli gerðar frá almennum reglum um stjórn fiskveiða með aflamarki. Við undirbúning málsins voru nokkuð skiptar skoðanir um hvort afnema ætti þessa sérreglu en niðurstaða 48. fiskiþings, sem og funda og þinga flestra annarra hagsmunasamtaka í sjávarútvegi, var að leggja til að henni yrði haldið í óbreyttri mynd. Í sömu málsgrein er einnig gerð tillaga um að núgildandi ákvæði um undirmálsfisk verði lögfest áfram í óbreyttri mynd.

Í lokamálsgrein greinarinnar er ákvæði um álag vegna útflutnings á óunnum fiski. Lagt er til að hámarksálag verði hækkað úr 15% í 20% á þorski og ýsu, en hámarksálag vegna útflutnings á öðrum botnfisktegundum verði 15% eins og í ákvæðum gildandi laga. Þau sjónarmið, sem hér liggja að baki, eru að þorskur og ýsa nýtast innlendri fiskvinnslu betur og því beri að stefna að því að draga úr útflutningi á þessum tegundum. Þá er lagt til í ákvæði til bráðabirgða VI að gerð verði athugun á því hvort og þá með hvaða hætti hægt sé að koma við vigtun innan lands á þeim afla sem fluttur er óunninn úr landi.

Um 11. gr.

Fyrri hluti 1. mgr. þessarar greinar er samhljóða upphafsákvæði 14. gr. gildandi laga og þarfnast ekki nánari skýringa. Með síðari hluta málsgreinarinnar er lagt til að dregið verði úr þeirri röskun sem skiptapi óhjákvæmilega hefur í för með sér með því að tryggja að útgerð skipa haldi aflamarki þess í 12 mánuði frá því að skip fórst enda þótt nýtt eða nýkeypt skip hafi ekki komið í þess stað. Með þessu móti eru líkur á að draga megi úr áhrifum skiptapans á hráefnisöflun og útgerð gefst ráðrúm til að afla nýs skips í stað þess sem fórst. Við upphaf fiskveiðiárs eða veiðitímabils á þessu 12 mánaða tímabili mundi þeim útgerðum, er í hlut eiga, úthlutað hlutfallslegu aflamarki miðað við tíma.

Í 2. mgr. er kveðið á um að veiðiréttindi fylgi skipi við sölu, nema aðilar geri skriflegt samkomulag sín á milli um annað. Er þetta ákvæði hliðstætt 2. mgr. 14. gr. gildandi laga en þó er lagt til að fellt verði niður það ákvæði að aldrei fylgi fiskiskipi við sölu hærra aflamark en nemur meðalaflamarki skipa í sama flokki og á sama svæði.

Í 3. mgr. er lagt til að upp verði tekin skylda til að tilkynna opinberlega með mánaðarfyrirvara ef útgerð hyggst selja fiskiskip. Að undanförnu hefur nokkuð borið á því að skip séu fyrirvaralítið seld milli byggðarlaga og hefur þá oft gætt óánægju með að aðilum á útgerðarstað skipsins hafi ekki verið gefið ráðrúm til að bregðast við áformum um söluna. Með því að lögbinda tilkynningarskyldu um söluna er hugmyndin að slíkt ráðrúm gefist. Heimamönnum gefst á þessum mánaðarfresti möguleiki á að leita samninga við þá útgerð sem hyggst selja fiskiskip og gera ráðstafanir til að stofna félög og leita lánafyrirgreiðslu í því sambandi eða til að grípa til annarra aðgerða til að tryggja hráefnisöflun. Með slíkri

tilkynningarskyldu eru ekki að öðru leyti lagðar neinar beinar kvaðir varðandi sölu skips á þá útgerð sem hyggst selja. Í reynd er þó næsta víst að tilkynningarskyldan muni verða nokkur hemill á sölu skipa milli byggðarlaga og þar með koma til móts við sjónarmið um aukin tengsl skipa við byggðarlög án þess að kostum markaðshagkerfis sé fórnað á altari miðstýringar. Ef fyrirmæli um tilkynningarskylduna eru brotin hefur það samkvæmt frumvarpinu engin áhrif á einkaréttarlegt gildi sölunnar. Hins vegar fylgir aflahlutdeild skipi ekki í þeim tilvikum og mundi hún þá ganga til hlutfallslegrar aukningar á aflahlutdeild annarra skipa sem veiðiheimildir hafa af viðkomandi tegundum. Fyrirmæli þessarar málsgreinar gilda ekki við nauðungarsölu skips enda eru í þeim tilvikum þegar í gildi skýr fyrirmæli um opinberar tilkynningar varðandi fyrirhugaða sölu. Eðlilegt þykir að opnir bátar séu undanþegnir þessari tilkynningarskyldu.

Í lokamálsgrein greinarinnar er fjallað um varanlegan flutning aflaheimilda milli skipa. Er þar opnuð heimild til að framselja aflahlutdeild skips að hluta eða öllu leyti og sameina hana aflahlutdeild annars skips. Fiskiskipum mun ekki fækka nema víðtæk heimild sé til þess að sameina aflaheimildir þeirra. Slík heimild er því nauðsynleg forsenda þess að það meginmarkmið frumvarpsins að samræma afkastagetu flotans afrakstursgetu fiskstofnanna náist. Í núgildandi lögum er takmörkuð heimild til slíkrar sameiningar og hefur hún þrátt fyrir skamman gildistíma laganna þegar haft þau áhrif að meira en 30 fiskiskip hafa horfið úr flotanum á síðustu tveimur árum. Sé fyrirhugað að framselja aflahlutdeild skips skal gæta sömu reglna um opinberar tilkynningar og þegar skip er selt og réttaráhrif þess, ef út af því er brugðið, eru hin sömu. Það er skilyrði fyrir framsali aflahlutdeildar að það leiði ekki til þess að veiðiheimildir þess skips, sem við tekur, verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Mat á því er í höndum ráðuneytisins, en ekki er til þess ætlast að strangt sé farið í sakirnar að þessu leyti. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á ákvæði til bráðabirgða V varðandi samþykki þeirra sem veð eiga í skipum við gildistöku laganna fyrir framsali aflaheimilda.

Um 12. gr.

Í þessari grein er fjallað um heimildir til framsals aflamarks innan viðkomandi fiskveiðiárs eða veiðitímabils. Er lagt til að lögfestar verði áfram óbreyttar þær reglur sem nú gilda um þetta framsal skv. 13. gr. laga nr. 3/1988. Þessar reglur byggjast á málamiðlun milli ólíkra sjónarmiða og hafa að flestu leyti reynst vel í framkvæmd. Þykir því ekki ástæða til að gera tillögur um breytingar á þeim.

Í lokamálslið greinarinnar er lagt til að skip, sem nýtir ekki verulegan hluta veiðiheimilda sinna vegna framsals eða af öðrum ástæðum tvö ár í röð, missi aflahlutdeild sína. Með þessu ákvæði er komið í veg fyrir að skip, sem bundin eru við bryggju eða liggja uppi á kambi, geti verið notuð til spákaupmennsku með veiðiheimildir. Veiðiheimildirnar falla niður við upphaf þess fiskveiðiárs sem hefst næst á eftir þeim tveimur árum sem aflaheimildir eru ekki nýttar á. Falla þær endanlega niður og að öllu leyti. Aflahlutdeild sem fellur niður af þessum sökum kemur til hlutfallslegrar hækkunar á veiðiheimildum þeirra skipa sem hafa aflahlutdeild í viðkomandi tegund.

Um 13. gr.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að allar meginreglur, er varða botnfiskveiðar og sérveiðar, séu lögbundnar. Eru mun færri atriði ætluð ráðherra til ákvörðunar en samkvæmt gildandi lögum. Í ýmsum greinum frumvarpsins er gert ráð fyrir að ráðherra taki ýmsar ákvarðanir og gefi út reglugerðir þar að lútandi, t.d. í 3., 4., 6., 15. og 17. gr. Jafnframt er óhjákvæmilegt að ráðherra hafi heimild til setningar reglna um ýmis atriði sem lúta að framkvæmd laganna.

Um 14. gr.

Hér er lagt til að samráðsnefnd starfi áfram, en nefndin hefur starfað frá árinu 1984. Hefur nefndin tryggt að um allar veigameiri ákvarðanir, sem snerta veiðiheimildir skipa, sé fjallað af fulltrúum sjómanna og útgerðarmanna. Enda þótt aukin lögbinding meginreglna eigi að leiða til þess að álitamál og ágreiningsmál verði færri er ljóst að slík mál koma ávallt upp. Er gert ráð fyrir að nefndin verði eins skipuð og verið hefur til þessa og starfi með sama hætti.

Um 15. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er gert ráð fyrir að allir skipstjórar fiskiskipa, sem veiðar stunda í atvinnuskyni, haldi sérstakar afladagbækur. Nánar verði kveðið á í reglugerð um færslu slíkra dagbóka.

Samkvæmt núgildandi kerfi skila allir þeir, sem botnfiskveiðar stunda, sérstökum skýrslum um afla og úthald. Jafnframt þurfa þeir sem leyfi fá til ákveðinna veiða eins og t.d. rækjuveiða, humarveiða eða dragnótaveiða að skila sérstökum skýrslum til Hafrannsóknastofnunarinnar um þær veiðar. Skýrslur um afla og úthald eru sendar ráðuneytinu og eru grundvöllur veiðieftirlits en með sérstökum skýrslum til Hafrannsóknastofnunar fær stofnunin veigamiklar vísindalegar upplýsingar. Hér er gert ráð fyrir að þessar afladagbækur leysi allar aðrar skýrslur af hólmi og þjóni bæði þörfum fiskveiðistjórnunar og eins Hafrannsóknastofnunar. Með þessum hætti ættu allar nauðsynlegar upplýsingar að fást með sem einföldustum hætti fyrir skýrslugjafa.

Í annarri málsgrein er sú skylda lögð á ýmsa aðila, sem tengjast veiðum, vinnslu, sölu og útflutningi á fiski og fiskafurðum, að láta ráðuneytinu í té upplýsingar sem það telur þörf á í því skyni að fylgjast með framkvæmd laganna. Þetta ákvæði er efnislega samhljóða 16. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að samkvæmt frumvarpi þessu tekur ákvæðið einnig til flutningsaðila, banka og lánastofnana. Eru þessir aðilar felldir hér undir vegna þess að reynslan hefur sýnt að við eftirlit með útflutningi á óunnum fiski er nauðsynlegt að afla upplýsinga hjá skipafélögum um útflutning þeirra. Einnig er brýnt að styrkja allt eftirlit og að unnt sé að afla upplýsinga frá bönkum og lánastofnunum um veðsetningar og afurðalán einstakra fyrirtækja. Með því móti fást upplýsingar bæði um kaup einstakra fyrirtækja á afla og um framleiðslu þeirra.

Um 16. gr.

Í því kerfi, sem hér er lagt til að notað verði við stjórn fiskveiða, er nauðsynlegt að tryggja að allur afli sé veginn og allt eftirlit með vigtun afla verði sem best. Í þessari grein er kveðið á um hvernig skuli staðið að vigtun afla og er lagt til að öll framkvæmd við vigtun afla verði samræmd og eftirlit með henni eflt. Jafnframt að eftirlitið færist meira til hlutaðeigandi hafnarstjórna.

Í þessari grein er kveðið á um að allur afli skuli veginn á löndunarstað. Með þessu ákvæði er ekki lagt til að breyting verði gerð á núverandi framkvæmd vigtunar og vísast til reglugerðar nr. 567/1989 um vigtun sjávarafla. Í 1. og 4. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um að heimilt sé að vigta afla erlendis, enda verði aflinn seldur og veginn á uppboðsmörkuðum sem ráðuneytið hefur viðurkennt vigtunaraðferðir hjá. Í þessu sambandi vísast einnig til ákvæðis til bráðabirgða VI, en samkvæmt því er sérstakri nefnd falið að kanna framkvæmd þess að vigta hér á landi allan fisk sem fluttur er óunninn úr landi. Aðstaða til vigtunar afla er mjög mismunandi eftir höfnum og er því hér lagt til að ráðherra skuli kveða nánar á um í reglugerð, að höfðu samráði við samgönguráðuneytið og hafnasamband sveitarfélaga, hvernig afli skuli veginn og upplýsingum safnað. Eftir að sú ákvörðun liggur fyrir er gert ráð fyrir að hafnaryfirvöld á hverjum stað hafi yfirumsjón með vigtun afla og söfnun upplýsinga um landaðan afla. Verður að telja að hafnaryfirvöld séu best í búin til að fylgjast með löndun og

vigtun afla og er þeim jafnframt nauðsyn á að afla slíkra upplýsinga þar sem gjöld, sem greiðast fyrir notkun hafna, miðast við landað aflamagn.

Í þriðju málsgrein er kveðið á um sérstaka vinnslubók fyrir fiskiskip sem vinna eiginn afla um borð. Er það gert í því skyni að hægt sé með einföldum hætti að kanna hvaða fisktegundir hafa verið unnar um borð í þessum skipum og hvernig þær hafa verið unnar og reikna þannig út afla skipsins upp úr sjó. Til að tryggja enn frekar eftirlit með þessum skipum er þeim óheimilt að sigla með afurðir sínar á markaði erlendis án sérstaks leyfis ráðuneytisins. Veiti ráðuneytið slíkt leyfi getur það gert það með því skilyrði að eftirlitsmaður verði sendur á kostnað útgerðar til eftirlits erlendis eða að skipið komi fyrst til hafnar hér á landi þannig að eftirlit geti farið fram.

Um 17. gr.

Í 8. gr. laga nr. 31 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, er ráðherra veitt heimild til ráðningar sérstakra eftirlitsmanna, en hlutverk þeirra samkvæmt þeim lögum er einkum að fara í veiðiferðir með fiskiskipum í því skyni að hafa eftirlit með veiðum og koma í veg fyrir dráp á smáfiski. Starfssvið þessara eftirlitsmanna hefur með breyttu skipulagi við stjórn fiskveiða orðið víðtækara og hefur hlutverk þeirra m.a. verið að fylgjast með þeim þáttum sem kveðið er á um í 2. mgr. þessarar greinar.

Í þriðju málsgrein er lagt til að eftirlitsmennirnir hafi heimildir til þess að fylgjast með afla bæði meðan hann er um borð í veiðiskipinu og enn fremur eftir að fiskvinnslufyrirtæki hafa tekið hann til vinnslu. Eins og fyrr segir fjalla gildandi lög aðeins um störf eftirlitsmanna um borð í veiðiskipunum og er nauðsyn að kveða skýrt á um heimildir þeirra til eftirlits í landi miðað við þær breytingar sem hafa orðið á starfssviði þeirra.

Um 18. gr.

Í lok desember 1989 voru á Alþingi samþykkt lög nr. 129/1989, um veiðieftirlitsgjald. Enda þótt þau lög séu ekki tímabundin þykir eðlilegt að taka þessi lög hér inn í heildarlögin um stjórn fiskveiða og jafnframt er lagt til að gerðar verði nokkrar veigaminni breytingar á þeim sem m.a. leiðir af því að samkvæmt þessu frumvarpi er gert ráð fyrir því að sóknarmarkið verði afnumið og bátar undir 10 brl. fái sérstaka aflakvóta.

Í fyrstu málsgrein, sem efnislega er samhljóða 1. gr. laga nr. 129/1989, er gert ráð fyrir að ráðherra ákveði með reglugerð sérstakt gjald fyrir veiðiheimildir. Gjald þetta renni til veiðieftirlits og miðist við að það standi undir rekstri þess að hálfu.

Meginreglan við ákvörðun gjaldsins er að það miðist við áætlað verðmæti þess aflamarks sem úthlutað er. Tekur þetta samkvæmt frumvarpinu til allra veiðiheimilda þar sem skipum er úthlutað ákveðnu aflamagni. Mundi þessi meginregla gilda um allar helstu veiðiheimildir eins og til botnfisk-, rækju-, humar-, loðnu- og síldveiða.

Í þriðju málsgrein er fjallað um sérstök veiðileyfi þar sem veiðileyfin heimila ekki veiðar á ákveðnu aflamagni eins og t.d. leyfi til dragnótaveiða eða grásleppuveiða. Er lagt til að ráðherra ákveði með reglugerð fast gjald fyrir þessi leyfi.

Í fjórðu málsgrein eru tekin af öll tvímæli um að útgerðum beri að greiða fæði veiðieftirlitsmanna og sjá þeim endurgjaldslaust fyrir aðstöðu meðan þeir sinna skyldustörfum um borð og er þetta í samræmi við viðteknar venjur.

Um 19. gr.

Í þessari grein er kveðið á um refsingar vegna brota á lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim eða ákvæðum leyfisbréfa. Er hér lagt til að ákvörðun um viðurlög vegna brota verði alfarið lögð í hendur dómara og ekki verði í lögunum markaður ákveðinn refsirammi eins og gert er í gildandi lögum. Er þetta í samræmi við þá þróun sem orðið hefur varðandi viðurlagaákvæði laga.

Um 20. gr.

Í fyrstu málsgrein þessarar greinar er vísað til laga nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla, en í þeim lögum segir m.a. að ráðuneytið skuli gera upptækan afla sem er umfram ákveðinn hámarksafla sem bátum er settur. Með frumvarpi þessu er stefnt að því að veiðiheimildir flestra skipa byggist á ákveðnu aflamagni og mun eftirlit með veiðum að miklu leyti beinast að því að fylgjast með, að fiskiskip veiði ekki umfram það magn sem því er úthlutað. Fari skip fram yfir úthlutað aflamagn er nauðsynlegt að þegar sé gripið til aðgerða og reynslan hefur sýnt að upptaka umframafla er fjótvirk og áhrifarík leið.

Í annarri málsgrein eru ákvæði er lúta að sviptingu veiðileyfa vegna brota á lögunum, reglugerðum settum samkvæmt þeim, leyfisbréfum og enn fremur vegna vanskila á greiðslu andvirðis ólöglegs sjávarafla. Eru þessi ákvæði samhljóða ákvæðum gildandi laga.

Um 21. gr.

Grein þessi er óbreytt frá gildandi lögum. Á grundvelli þessarar heimildar hefur ráðuneytið undanfarin ár opnað togveiðisvæði út af Vestfjörðum og Héraðsflóa á haustin þar sem fengist hefur nokkur skarkolaafli.

Um 22. gr.

Í 10. gr. laga nr. 81/1976 eru ákvæði um takmarkaðar heimildir fyrir ráðherra til að setja hámark á afla úr ofnýttum fiskstofnum sem rétt er að fella úr gildi með hliðsjón af 3. gr. þessa frumvarps. Með sama hætti er rétt að fella úr gildi 14. gr. sömu laga með hliðsjón af 4. gr. frumvarps þessa.

Í lögum nr. 18/1976 eru ákvæði um dragnótaveiðar í 2. gr. og 13. gr. Er þar gert ráð fyrir að dragnótaveiðar séu bannaðar í íslenskri fiskveiðilögsögu nema þar sem þær eru heimilaðar með sérstökum veiðileyfum, en heimild til útgáfu dragnótaveiðileyfa eru þó háðar ákveðnum takmörkunum. Í lögum nr. 97/1985, um stjórn fiskveiða 1986–1987, og síðan í lögum nr. 3/1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990, var rýmkuð heimild til útgáfu dragnótaveiðileyfa. Er hér lagt til að sú skipan verði lögfest að dragnótaveiðar verði í raun frjálsar, en ráðherra ákveði síðan skipulag þeirra á grundvelli 4. gr. frumvarps þessa.

Um 23. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Hér er lagt til að úthlutun aflamarks í botnfiski og úthafsrækju fyrir árið 1990 verði lögð til grundvallar við úthlutun aflahlutdeildar fyrir öll fiskiskip 10 brl. og stærri. Aflahlutdeild allra fiskiskipa 10 brl. og stærri í botnfiski og úthafsrækju yrði því í upphafi ársins 1991 leidd af aflamarkskosti skipanna fyrir árið 1990. Með þessu ákvæði eru tekin af öll tvímæli um að velji skip að stunda botnfiskveiðar með sóknarmarki á árinu 1990 hafi afli þeirra á því ári ekki áhrif á ákvörðun um aflahlutdeild þeirra í upphafi árs 1991. Í 2. og 3. mgr. er kveðið á um ákvörðun aflahlutdeildar þeirra skipa sem fá sérstakar bætur vegna afnáms sóknarmarksins.

Í fyrsta lagi er kveðið á um að fyrir hvert fiskiskip 10 brl. og stærri verði reiknað aflamark í botnfiski og úthafsrækju til þorskígilda. Við þann útreikning verði lagt til grundvallar verðmætahlutfall einstakra tegunda er taki mið af verðmæti þorsks. Ráðherra er falið að ákveða þessi verðmætahlutföll með reglugerð. Við þá útreikninga verður miðað við verðmæti þess afla sem hefur verið landað innan lands á árunum 1987 til 1989.

Í öðru lagi er lagt til að fyrir hvern einstakan sóknarmarksflokk skv. 7. gr. reglugerð nr. 585 19. desember 1989 verði reiknað meðaltalsaflamark í botnfiski og úthafsrækju til þorskígilda samkvæmt þeim verðmætahlutföllum sem ákvörðuð verða samkvæmt ofansögðu.

Þegar kvótakerfið var tekið upp árið 1984 var öllum fiskiskipum stærri en 10 brl. skipt í ákveðna útgerðarflokka. Skipting þessi náði annars vegar til skiptingar milli togara og báta og hins vegar skiptingar milli báta innbyrðis er grundvallaðist á heimildum þeirra til sérveiða. Auk þessarar flokkunar skipa í útgerðarflokka hefur þessum skipum verið skipt í sóknarmarksflokka sem hafa verið ákvarðandi um veiðiheimildir þeirra skipa sem árlega hafa getað valið að stunda veiðar með sóknarmarki. Við þá skiptingu hefur verið tekið mið af stærð og gerð þeirra, veiðisvæði og veiðarfærum. Rökin fyrir þessari flokkun skipanna við útreikning bóta vegna afnáms sóknarmarksins eru þau að sóknarmarksflokkarnir hafa verið ráðandi um veiðiheimildir þeirra skipa sem árlega hafa getað valið sóknarmark.

Í þriðja lagi er lagt til að reiknaðar verði bætur á eldra aflamark þeirra fiskiskipa sem hafa lægra samanlagt aflamark í botnfiski og úthafsrækju í þorskígildum talið en sem nemur meðaltalsaflamarki viðkomandi sóknarmarksflokks í sömu tegundum. Lagt er til að þessar bætur nemi fyrir hvert skip 40% af þeim mun sem er á milli meðalaflamarks sóknarmarksflokksins og aflamarks viðkomandi skips. Við útreikning á þessum bótum er gert ráð fyrir að halda fyrir utan þeim veiðiheimildum sem sameinaðar hafa verið varanlega eldra aflamarki sama skips fyrir 1. janúar 1991 á grundvelli 2. málsl. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 3/1988. Þetta er gert til að tryggja að hlutur þeirra útgerða, sem hafa fyrir árslok 1990 sameinað veiðiheimildir eldra aflamarki skipa sinna, verði ekki gerður verri af þeim sökum. Við ákvörðun á því hvort bætur verði reiknaðar verður því slíkum heimildum haldið fyrir utan.

Í fjórða lagi er kveðið á um hvernig bótum fyrir hvert skip verði skipt á einstakar tegundir. Er gert ráð fyrir að það verði gert í hlutfalli við verðmæti einstakra tegunda í eldra aflamarki. Með því móti mun ákvörðun þessara bóta leiða til þess að aflasamsetning skipanna raskast ekki frá því sem nú er. Fyrir þau skip sem fá reiknaðar uppbætur samkvæmt því sem hér hefur verið lýst, verður aflamark ársins 1990, að viðbættum uppbótum, ákvarðandi fyrir aflahlutdeild þeirra í einstökum tegundum eftir 1990.

Ljóst er að sá útreikningur bóta vegna afnáms sóknarmarksins, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, mun ekki nema að hluta vega upp þann sveigjanleika til aukinnar veiði sem sóknarmarkið hefur veitt. Lætur nærri að þær vegi u.þ.b. helming af sveigjanleika sóknarmarksins miðað við reynslu undanfarinna ára. Það hlýtur ávallt að vera álitamál hve langt eigi að ganga varðandi það að bæta hlut lakast settu skipanna sem ávallt hlýtur að verða á kostnað þeirra sem betri veiðiheimildir hafa. Útgerðum lakast settu skipanna hefur á undanförnum árum gefist kostur á að bæta hlutdeild skipa sinna í gegnum sóknarmarkið. Þessi sjónarmið voru m.a. rædd á 48. fiskiþingi en þar var lagt til að bótum vegna afnáms sóknarmarksins yrði skipt með þeim hætti sem hér er lagt til. Ýmis þing og ársfundir samtaka í sjávarútvegi, sem haldnir voru á sl. hausti, tóku undir þessi sjónarmið. Gert er ráð fyrir að það svigrúm, sem eftir stendur vegna afnáms sóknarmarksins, hafi ekki áhrif á aflahlutdeild einstakra skipa en verki í raun eins og hækkun á leyfilegum ársafla sem komi öllum skipum til góða.

Í 4. mgr. er kveðið á um að loðnuskip og skip sem stunda úthafsrækjuveiðar sem sérhæfð rækjuveiðiskip á árinu 1990, fái ekki reiknaðar bætur samkvæmt því sem að framan greinir. Þessi skip hafa ekki átt þess kost að stunda veiðar með sóknarmarki og því þykir ekki eðlilegt að reiknaðar verði sérstakar bætur til þeirra við afnám þess. Gert er ráð fyrir að þessum skipum gefist kostur á að velja í árslok 1990 milli aflamarks í botnfiski og aflamarks í úthafsrækju í samræmi við ákvæði reglugerðar 586 19. desember 1989 um veiðar á úthafsrækju 1990. Það val yrði síðan ákvarðandi um aflahlutdeild þessara skipa í einstökum tegundum.

Hér hafa því verið markaðar reglur um úthlutun aflahlutdeildar til einstakra fiskiskipa í þorski, ýsu, ufsa, karfa, grálúðu og úthafsrækju verði frumvarp þetta að lögum. Árlegar veiðiheimildir hvers fiskiskips munu ráðast annars vegar af aflahlutdeild í viðkomandi tegund og hins vegar af leyfilegum heildarafla í sömu tegund á hverjum tíma.

Um II.

Til samræmis við reglur um veiðiheimildir fiskiskipa 10 brl. og stærri er gert ráð fyrir að bátum minni en 10 brl., sem stunda veiðar í atvinnuskyni, verði úthlutað ákveðinni aflahlutdeild í þeim tegundum sem sæta ákvæðum um leyfilegan heildarafla.

Lagt er til að hlutdeild þessara báta í þeim botnfisktegundum sem sæta ákvæðum um leyfilegan heildarafla verði ákveðin sem tiltekið hlutfall við gildistöku laganna. Gert er ráð fyrir að þetta hlutfall verði það sama og sem nam hlutdeild báta minni en 10 brl. í ársafla sömu botnfisktegunda á árinu 1989. Heildaraflahlutdeild bátanna verður síðan skipt milli einstakra báta á grundvelli 3. og 4. mgr. þessarar greinar og ákvörðun ráðherra samkvæmt tillögum sérstakrar samráðsnefndar, sbr. 6. mgr.

Lagt er til að meginreglan varðandi úthlutun aflahlutdeildar verði aflareynsla þessara báta á árunum 1987 til 1989 en meðaltalsafli tveggja bestu áranna verði lagður til grundvallar. Með því móti er komið til móts við þá aðila sem af ýmsum ástæðum hafa ekki fulla viðmiðun öll þrjú árin. Aftur á móti verður ekki tekið tillit til frátafa eða skipstjóraskipta með sama hætti og gert var þegar aflamarki var úthlutað á fiskiskip stærri en 10 brl. árið 1984. Rökin fyrir því að taka ekki tillit til frátafa frá veiðum og skipstjóraskipta eru þau að útgerðum bátanna gefst kostur á að velja á milli aflareynslu tveggja bestu áranna sem lögð verða til grundvallar, en við úthlutun aflamarks á skip 10 brl. og stærri árið 1984 var eingöngu byggt á veiðireynslu þriggja undangenginna ára.

Gert er ráð fyrir að aflahlutdeild þeirra báta, sem byggja aflahámark sitt á aflareynslu samkvæmt reglugerð 587 19. desember 1989, verði tekin til endurskoðunar. Þetta er lagt til þar sem aflahámark þessara báta byggir á annarri viðmiðun eða aflareynslu áranna 1985 til 1987. Auk þess hefur við framkvæmd gildandi laga verið sett ákveðið hámark á árlegar veiðiheimildir þeirra báta sem bestu veiðireynsluna höfðu. Ekki er lagt til að slíkt hámark verði sett heldur verði aflahámarki þessara báta skipt upp í einstakar tegundir og jafnframt tekið tillit til þeirra breytinga sem orðið hafa á meðalafla sambærilegra báta sem hafa sætt öðrum veiðitakmörkunum á árunum 1988 og 1989.

Í 5. mgr. er gert ráð fyrir að útgerðum báta minni en 6 brl. sem skráðir eru á skipaskrá fyrir 31. desember 1989 og útgerðum báta, sem eru undir 6 brl. eftir þann tíma en fyrir gildistöku laganna, gefist kostur á að velja á árunum 1991, 1992 og 1993 milli leyfis til veiða með línu og handfæri auk dagatakmarkana í stað aflahlutdeildar samkvæmt ákvæðum 3. og 4. mgr. Lagt er til að útgerðir þessara báta verði að velja milli þessara kosta fyrir 1. janúar 1991 vegna veiði bátanna árin 1991, 1992 og 1993. Við upphaf fiskveiðiársins, sem hefst 1. september 1994, verður heildaraflahlutdeild þessara báta í þeim botnfisktegundum, sem sæta ákvæðum um leyfilegan heildarafla, tekin til endurskoðunar. Reynist hlutdeild þeirra, sem þennan kost völdu, hafa vaxið meira en sem nemur 25% að meðaltali í þessum tegundum á þessum þremur árum miðað við þá aflahlutdeild sem þeir áttu kost á árið 1991 verður þeim ákvörðuð ný aflahlutdeild frá og með 1. september 1994. Við þá ákvörðun verður afli þeirra þessi þrjú ár ráðandi, sbr. þó 2. mgr. Hafi hlutdeild þeirra ekki aukist umfram þessi mörk er gert ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi um veiðar þeirra fyrir næstu þrjú árin, en að þeim tíma liðnum fari fram sams konar endurskoðun á veiðiheimildum þessara báta.

Í 6. mgr. er kveðið á um skipan samráðsnefndar. Er það í samræmi við það sem gert var þegar aflamarki var úthlutað á fiskiskip stærri en 10 brl. árið 1984. Flestum ber saman um að sú ráðstöfun að skipa slíka nefnd á sínum tíma hafi verið farsæl, en í henni áttu sæti fulltrúi frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og fulltrúi frá sjómönnum, auk formanns sem skipaður var af ráðherra. Nefndin gerði tillögur til ráðherra um ýmis álitamál varðandi úthlutun á aflamarki til einstakra skipa. Gert er ráð fyrir að í þeirri samráðsnefnd, sem hér er lagt til að verði skipuð, taki sæti einn fulltrúi tilnefndur af Landssambandi smábátaeigenda,

einn fulltrúi tilnefndur af Fiskifélagi Íslands, auk formanns sem skipaður yrði af ráðherra. Hlutverk nefndarinnar yrði að fjalla um málefni þeirra aðila sem keypt hafa nýja báta eftir 31. janúar 1988 og hafa því ekki fulla aflareynslu á því tímabili sem lagt er til að úthlutun aflahlutdeildar byggi á. Auk þess er nefndinni ætlað að fjalla um og gera tillögur um aflahlutdeild báta í þeim tilvikum sem útgerðir þeirra hafa gert athugasemdir við úthlutun. Gert er ráð fyrir að nefndin skili endanlegum tillögum til ráðherra fyrir árslok 1990, en í framhaldi af því mun ráðherra ákvarða endanlega aflahlutdeild allra báta 10 brl. og minni sem stunda veiðar í atvinnuskyni. Samtala aflahlutdeildar þessara báta skal síðan vera jöfn hlutdeild allra báta minni en 10 brl. í ársafla þeirra tegunda sem á árinu 1989 sæta ákvæðum um leyfilegan heildarafla.

Um III.

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins er eins og áður segir lagt til að fiskveiðiárið verði framvegis talið frá 1. september til 31. ágúst næsta árs. Í 1. mgr. þessarar greinar er kveðið á um að leyfilegur heildarafli fyrir heilt 12 mánaða tímabil verði fyrst ákveðinn fyrir fiskveiðiárið er hefst 1. september 1991. Þar sem gert er ráð fyrir að gildistaka laganna verði miðuð við 1. janúar 1991 skal miða leyfilegan heildarafla fyrir fyrstu átta mánuði ársins 1991 eða fyrst tímabilið 1. janúar til 31. ágúst. Lagt er til að sú ákvörðun verði tekin fyrir 1. nóvember 1990.

Þessi breyting á fiskveiðiárinu mun leiða til nokkurra erfiðleika við framkvæmd fyrstu úthlutunar á aflahlutdeild. Kemur það til af því að einstakir flokkar fiskiskipa hafa mismunandi sóknarmynstur innan ársins. Bátar, sem nýta t.d. sérveiðiheimildir sínar á haustin, nýta megnið af sínum botnfiskveiðiheimildum á fyrstu átta mánuðum ársins, en afli togaranna dreifist hins vegar yfirleitt jafnar yfir árið. Af þessum sökum er gerð tillaga um að við fyrstu úthlutun, sem tekur til fyrstu átta mánuða ársins 1991, verði aflahlutdeild einstakra skipa ákveðin á því tímabili með tilliti til dreifingar afla af hverri tegund innan ársins hjá einstökum flokkum fiskiskipa. Lagt er til að reiknað verði hversu hátt hlutfall af hverri botnfisktegund veiddist fyrstu átta mánuðina á árunum 1986 til 1988 að meðaltali miðað við ársafla þessara ára. Með sama hætti verði fundið út hversu mikill hluti ársafla einstakra flokka fiskiskipa hefur verið veiddur að meðaltali fyrstu átta mánuði ársins á sama árabili af hverri tegund. Við þessa útreikninga verða lagðir til grundvallar útgerðarflokkar, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 585 19. desember 1989, og dreifing afla smábáta. Þessa útreikninga er e.t.v. best að útskýra með dæmi. Í ímynduðum flota eru tveir flokkar fiskiskipa og fjögur fiskiskip. Fiskiskip A og B tilheyra útgerðarflokki 1, en fiskiskip C og D tilheyra útgerðarflokki 2. Föst aflahlutdeild skipanna í ákveðinni botnfisktegund er þannig að skip A hefur 20%, skip B hefur 25%, skip C hefur 40% og skip D 35%. Á því árabili, sem lagt er til grundvallar, hafa að meðaltali veiðst 80% af viðkomandi tegund á fyrstu átta mánuðum ársins, en veiði sömu tegundar hefur verið 70% af veiðiheimildum í útgerðarflokki 1, en 90% í útgerðarflokki 2. Aflahlutdeild þessara skipa fyrir átta mánaða tímabil yrði því sem hér segir:

Útgerðarflokkur 1	Útreikningur aflahlutdeildar	Aflahlutdeild átta mánaða
Fiskiskip A	(0,20x0,7)/0,8	=17,5%
Fiskiskip B	(0,25x0,7)/0,8	=21,2%
Útgerðarflokkur 2		
Fiskiskip C	(0,40x0,9)/0,8	=49,0%
Fiskiskip D	(0,35x0,9)/0,8	=39,3%

Af þessu skýringardæmi má ráða að hlutdeild þeirra flokka fiskiskipa, sem að meðaltali veiða meiri hluta sinna veiðiheimilda á fyrri hluta ársins, kemur til með að aukast tímabundið við fyrstu úthlutun veiðiheimilda fyrir tímabilið 1. janúar 1991 til 31. ágúst sama árs. Þetta stafar, eins og áður segir, af mismunandi útgerðarmynstri, en leiðréttist að sjálfsögðu aftur þegar úthlutað verður fyrir heilt fiskveiðiár, en gert er ráð fyrir að sú úthlutun fari fram 1. september 1991. Þá er lagt til að sömu reglum verði beitt bæði varðandi ákvörðun heildarafla af úthafsrækju og ákvörðun hlutdeildar einstakra skipa.

Um IV.

Hér er gerð tillaga um úthlutun aflahlutdeildar til veiða á loðnu, síld, humri, innfjarðarækju og hörpuskel. Lagt er til að aflahlutdeild fyrir hvert skip verði ákveðin á grundvelli hlutdeildar viðkomandi skips í heildarúthlutun á því veiðitímabili eða vertíð sem síðast lauk fyrir gildistöku laganna. Sú breyting, sem lögð er til í 3. gr. varðandi breytingu á fiskveiðiárinu, hefur ekki áhrif á þessa úthlutun þar sem veiðitímabil á þessum tegundum falla ekki saman við fiskveiðiárið.

Um V.

Í 4. mgr. 11. gr. frumvarpsins er það nýmæli að heimilt er að framselja hluta varanlegrar aflahlutdeildar skips. Fram til þessa hefur varanlegt framsal aflahlutdeildar verið óheimilt nema skipið væri afmáð af skipaskrá og hefur afskráning verið háð því skilyrði að viðkomandi skip væri veðbandalaust. Veðhafar gátu þannig treyst því að skip, sem þeir höfðu veð í, lækkaði ekki í verði við það að aflahlutdeild væri flutt varanlega af skipinu. Hér er lagt til að óheimilt sé að flytja hluta aflahlutdeildar, nema fyrir liggi samþykki veðhafa sem veð eiga í skipinu þegar lög þessi öðlast gildi. Veðhafar, sem öðlast veðrétt í skipi eftir gildistöku laganna, verða að tryggja með öðrum hætti að veð þeirra rýrni ekki því að í frumvarpinu er ekki lagt til að samþykki þeirra þurfi til varanlegs flutnings aflahlutdeildar eftir að lögin öðlast gildi.

Um VI.

Í ráðgjafarnefnd um mótun fiskveiðistefnu, sem vann að tillögugerð við undirbúning frumvarpsins, urðu miklar umræður um útflutning á óunnum afla og eftirlit með þessum útflutningi. Kom fram tillaga um að allur gámafiskur skyldi veginn innan lands, en við framkvæmd gildandi laga hefur vigt við sölu erlendis verið látin gilda hvort sem afli hefur verið sendur utan í gámum eða fiskiskip siglt með eiginn afla. Þau sjónarmið, sem lágu að baki tillögunnar, voru tvíþætt. Annars vegar var talið að með því að krefjast vigtunar innan lands á gámafiski skapaðist betri grundvöllur til tryggara eftirlits með þessum útflutningi og hins vegar leiddi slíkt fyrirkomulag til betri stöðu íslenskrar fiskvinnslu í samkeppni um þann afla sem fluttur er út. Í nefndinni voru skiptar skoðanir um hvort mögulegt væri að framkvæma slíka vigtun án þess að það leiddi til þess að gæðum aflans hrakaði. Varð að samkomulagi í nefndinni að leggja til að sjávarútvegsráðherra skipaði nefnd til að kanna hvort og þá hvernig hægt væri að koma við vigtun á slíkum afla. Gert er ráð fyrir að nefndin hefji störf þegar eftir gildistöku laganna og er henni ætlað að ljúka störfum innan sex mánaða. Verði frumvarp þetta að lögum á því þingi sem nú stendur yfir munu tillögur nefndarinnar því liggja fyrir áður en lögin koma til framkvæmda.

Fylgiskjal I.

Ráðgjafarnefnd um fiskveiðistefnu:

Skilabréf nefndarinnar til sjávarútvegsráðherra ásamt bókunum og sérálitum einstakra nefndarmanna.
(26. janúar 1990.)

Í erindisbréfi nefndarinnar, dags. 13. júlí 1988, var henni falið að undirbúa tillögur um fyrirkomulag fiskveiðistjórnunar að loknum gildistíma laga nr. 3/1988. Jafnframt skyldi hún móta tillögur um breytingu á lögum nr. 3/1988 á gildistíma þeirra eftir því sem tilefni yrði til. Nefndin skyldi m.a. kanna áhrif laganna á afkomu og hagkvæmni í sjávarútvegi og skynsamlega nýtingu fiskstofna. Einnig skyldi hún athuga tilhögun veiðiheimilda, m.a. heimilda sem ekki væru bundnar við skip. Nefndinni var ætlað að skila fyrsta áliti eigi síðar en haustið 1989. Eins og fram kemur í bréfi formanns til sjávarútvegsráðherra, dags. 20. desember sl., varð að samkomulagi í nefndinni að fresta lokaáliti af hálfu nefndarinnar til loka janúar. Var af þeim sökum ekki talin ástæða til að skila ítarlegri áfangaskýrslu, en með bréfinu taldi nefndin að hún hefði fullnægt þeirri lagaskyldu að skila fyrsta áliti haustið 1989.

Nefndin hóf störf haustið 1988. Ákvað hún í upphafi starfs síns að nefndarmenn skyldu starfa í fjórum vinnuhópum er hver hefði afmarkað verksvið. Vinnuhóparnir störfuðu á sl. vetri og skiluðu álitsgerðum í maímánuði sl. Á fundi í maílok ákvað nefndin að fela formanni, ásamt verkefnisstjórum vinnuhópanna, að móta tillögur er byggðu á niðurstöðum hópanna. Þessar tillögur, sem voru í formi frumvarps ásamt sérstökum minnisatriðum, voru kynntar í októberbyrjun og hafa síðan verið til umfjöllunar í nefndinni. Jafnframt hafa frumvarpsdrögin verið til umfjöllunar á aðalfundi Landssambands smábátaeigenda, fiskiþingi, fundi Félags rækju- og hörpudiskframleiðenda, þingi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, aðalfundi Landssambands íslenskra útvegsmanna og formannafundi Sjómannasambands Íslands. Hafa tillögur og samþykktir þessara hagsmunasamtaka verið til umfjöllunar í nefndinni.

Hjálagt fylgja tillögur nefndarinnar í formi draga að frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða, ásamt athugasemdum. Meginatriði tillagnanna eru að eitt samræmt aflamarkskerfi verði tekið upp og sérreglur varðandi sóknarmark verði afnumdar og reglur um veiðar smábáta að mestu færðar til samræmis við þær reglur er gilda um stærri skip. Aflaheimildum verði úthlutað til skipa og við þá úthlutun verði fyrst og fremst tekið mið af því aflamarki sem skip hafa samkvæmt gildandi lögum. Þá er gert ráð fyrir að heimilt sé innan ákveðinna marka að færa aflaheimildir milli skipa að hluta eða í heild, bæði varanlega og eins innan einstakra veiðitímabila. Lagt er til að flestar reglur fiskveiðistjórnunar verði lögbundnar og þeim atriðum, sem ætluð eru ráðherra til ákvörðunar, verði fækkað. Gert er ráð fyrir að botnfiskveiðiheimildir verði framvegis miðaðar við tímabilið 1. september til 31. ágúst, en ekki almanaksárið eins og verið hefur. Þá er lagt til að lögin verði ótímabundin eins og almennt gerist um löggjöf á Íslandi. Gerð er tillaga um að útgáfa veiðileyfa verði einfölduð verulega frá því sem nú er og gjöld vegna útgáfu aflaheimilda standi framvegis undir kostnaði við veiðieftirlit að hálfu. Lagt er til að hámarksálag vegna útflutnings á óunnum þorski og ýsu verði hækkað úr 15% í 20%, en hámarksálag vegna útflutnings á öðrum botnfisktegundum verði 15% sem er óbreytt frá gildandi lögum. Þá er gerð tillaga um að skipuð verði nefnd til að kanna hvort og með hvaða hætti hægt sé að koma við vigtun á gámafiski innan lands.

Einstakir nefndarmenn gera grein fyrir sérstökum sjónarmiðum sínum með bókunum er fylgja bréfi þessu.

Nefndin leggur áherslu á nauðsyn þess að frumvarp til laga um stjórn fiskveiða verði lagt fram á Alþingi sem fyrst og Alþingi ljúki afgreiðslu málsins fyrir þinglok í vor. Með því gefst þeim aðilum, sem við sjávarútveg starfa, nauðsynlegur tími til undirbúnings.

Með þessu bréfi telur nefndin sig hafa lokið þeim meginþætti starfs síns að móta tillögur um fyrirkomulag fiskveiðistjórnar að loknum gildistíma laga nr. 3 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990. Samkvæmt erindisbréfi nefndarinnar skal hún starfa á gildistíma laga nr. 3/1988 til ársloka 1990. Á þeim tíma mun nefndin í samræmi við erindisbréf sitt fjalla um breytingar á lögum nr. 3/1988, eftir því sem tilefni verður til, sem og önnur atriði varðandi stjórn fiskveiða sem ráðherra kanna að óska eftir.

Virðingarfyllst,

Árni Kolbeinsson.	Árni Benediktsson.	Jakob Jakobsson.
Guðmundur H Garðarsson.	Dagbjartur Einarsson.	Kristján Ragnarsson.
Þorsteinn Gíslason.	Sigurður Einarsson.	Hreggviður Jónsson.
Skúli Alexandersson.	Eiður Guðnason.	Arthur Bogason.
Halldór Blöndal.	Óskar Vigfússon.	Þórður Friðjónsson.
Jón Ingvarsson.	Stefán Guðmundsson.	Lárus Jónsson.
	Jón B. Jónasson.	

Sérálit Árna Benediktssonar frá Félagi Sambandsfiskframleiðenda.
(Bókun 26. janúar 1990.)

1. Ég mælist til þess að tillaga okkar Jóhanns A. Jónssonar, ásamt greinargerð sem lögð var fram á fundi nefndarinnar 11. desember 1989, verði lögð fram sem fylgiskjal II með þeim drögum að frumvarpi til laga sem hér liggja fyrir.
2. Margt hefur áunnist í starfi ráðgjafarnefndarinnar, t.d. a) að samkomulag hefur orðið um eina aðferð við úthlutun veiðiréttinda; b) að lög um fiskveiðistjórnun verði ótímabundin, en það gerir framkvæmd þeirra markvissari; c) að framsal veiðiréttinda verði með þeim hætti að líklegt er að fullt samræmi verði innan tíðar milli veiðigetu fiskiskipaflotans og þess afla sem ráðlegt verður að taka í hverjum tíma; d) að fiskveiðiárið verði frá september til ágúst.
3. Hins vegar skortir mjög á það jafnræði sem verður að vera milli greina innan sjávarútvegsins, svo mjög að ekki verður við unað þar sem fiskvinnsla og fiskvinnslufólk hefur nánast engin spil á hendi í samskiptum við útgerðina. Í öðru lagi er hvergi neitt að finna sem getur hamlað gegn hraðri og skipulagslausri röskun. Þetta hvort tveggja leiðir líklega til þess, verði frumvarp byggt á þessum drögum að lögum, að framkvæmdarvaldið, einstakar stofnanir þjóðfélagsins og þingmenn einstakra kjördæma verði stöðugt að grípa inn í atburðarásina til þess að forða fólki frá atvinnu- og eignamissi.

Með fyrirvara um þessa veigamiklu annmarka og í trausti þess, að úr verði bætt annaðhvort áður en frumvarpsdrögin verða lögð fyrir Alþingi eða í meðförum þingsins, skrifa ég undir frumvarpsdrögin.

1) Sjá fylgiskjal II.

Bókun Guðmundar H. Garðarssonar og Halldórs Blöndal.
(26. janúar 1990.)

Þrátt fyrir það, að ekki hefur tekist heildarsamkomulag í ráðgjafarnefndinni um tillögur að frumvarp til laga um fiskveiðistjórn, er núgildandi lög falla úr gildi, get ég fallist á að afgreiða málið úr nefndinni.

Nauðsynlegt er að sjávarútvegsráðherra leggi fram á Alþingi frumvarp til laga um fiskveiðistjórn sem fyrst.

Sjálfstæðisflokkurinn mun taka afstöðu til þess frumvarps, sem ráðherra mun væntanlega leggja fram á Alþingi þegar þar að kemur.

Bókun Skúla Alexanderssonar.
(23. janúar 1990.)

Í október sl. lagði vinnuhópur, sem starfaði sl. sumar á vegum ráðgjafarnefndarinnar, fram tillögu í formi frumvarps.

Tillögur þessar hafa síðan verið til umfjöllunar í nefndinni.

Ekki hefur náðst allsherjarsamkomulag í nefndinni um ýmis atriði í frumvarpsdrögunum. Um önnur atriði virðist vera fullt samkomulag, t.d. um afnám sóknarmarksins, veiðitímabil verði ekki miðað við almanaksárið og að væntanleg lög verði ekki tímabundin.

Mínir fyrirvarar við frumvarpsdrögin nú við lokaafgreiðslu í nefndinni eru aðallega við eftirtaldar greinar:

9. gr. um skerðingu botnfiskaflamarks vegna sérveiða, 10. gr. um álag og vigtun á fiski sem fluttur er óunninn á erlendan markað, 11. gr. og síðar í frumvarpsdrögum um aflahlutdeild sem fylgir skipi við eigendaskipti og flutning milli byggða, sbr. tillögur Alþýðubandalagsins um sjávarútvegsstefnu og byggðakvóta, og við 17. og 18. gr. um eftirlit sjávarútvegsráðuneytisins með framkvæmd væntanlegra laga.

Ég mun fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma við frumvarpsdrögin við meðferð málsins á Alþingi og í ríkisstjórn telji ég þær til bóta.

Bókun fulltrúa Landssambands smábátaeigenda, Arthurs Bogasonar, á fundi ráðgjafarnefndar um mótun fiskveiðistefnu.
(26. janúar 1990.)

Landssamband smábátaeigenda fellst í megindráttum á fram kominn texta er lagður var fyrir ráðgjafarnefnd um fiskveiðistefnu 23. janúar 1990 er varðar fyrirkomulag um veiðar smábáta frá og með árinu 1991. Er það gert í trausti þess að eftirfarandi atriði verði leiðrétt:

1. Vegna ýmissa óvissuþátta hvað varðar málefni grásleppusjómanna telur LS nauðsynlegt að í stað sjálfvirkrar yfirfærslu í kvótakerfi, fari 0–6 brl. hópurinn fram úr áðurgreindum viðmiðunarmörkum verði sett endurskoðunarákvæði þar sem þessi óvissa verði vegin inn í. Þá verði málefni grásleppubáta, sem háðir eru aflahámörkum, tekin til sérstakrar meðferðar verði verulegar breytingar á tekjuöflun þeirra af grásleppuveiðum.
   Til greina komi að meta grásleppuveiðar sem sérveiðar.
2. Þeir nýju bátar sem eru á leið inn í 0–9.99 brl. flokkinn skaði hvorki það svigrúm sem 0–6 brl. hópurinn hefur né áunna aflahlutdeild 6–9.99 brl. hópsins og á þeirra málefnum verði tekið sérstaklega.

Landssamband smábátaeigenda ítrekar fyrri afstöðu sína hvað varðar framsalsrétt veiðiheimilda og hafnar varanlegu framsali milli smábáta og stærri skipa.

Bókun Óskars Vigfússonar, fulltrúa Sjómannasambands Íslands, í ráðgjafarnefnd um mótun fiskveiðistefnu.

Fulltrúi Sjómannasambands Íslands vill með þessari bókun árétta ályktun formannafundar Sjómannasambands Íslands frá 8. desember sl. varðandi sölu á aflakvótum skipa, en þar segir:

„Formannafundur SSÍ er mótfallin hvers konar sölu á aflakvótum skipa eins og áður hefur komið fram í ályktunum frá Sjómannasambandinu. Fundurinn fellst á að heimilt sé að flytja aflaheimildir milli skipa sömu útgerðar og milli skipa innan sama byggðarlags. Jafnframt fellst formannafundurinn á að heimilt sé að skipta á veiðiheimildum einstakra tegunda enda sé um jöfn skipti að ræða. Að öðru leyti verði sala aflaheimilda bönnuð."

Þau drög að frumvarpi til laga um stjórnun fiskveiða, sem nú liggja fyrir, eru málamiðlun. Fulltrúi SSÍ er tilbúinn til að standa að drögunum þó svo að ýmislegt í þeim falli ekki að þeim skoðunum sem ríkjandi eru innan Sjómannasambands Íslands.

Bókun Lárusar Jónssonar, fulltrúa Félags rækju- og hörpudiskframleiðenda.
(23. janúar 1990.)

Ég hef lagt til í nefndinni, f.h. Félags rækju- og hörpudiskframleiðenda, að veiðikvótar úthafsrækju skiptist milli veiða og vinnslu að jöfnu. Í því sambandi hef ég vísað til sérstöðu úthafsrækjuveiðanna, en sáralítill hluti þess flota, sem þær stunda, er í eigu vinnslustöðva gagnstætt því er varðar botnfiskinn. Jafnframt hef ég bent á að vænta megi meiri heildarhagkvæmni í þessari mikilvægu framleiðslu úr sjávarafla með skiptingu kvóta milli veiða og vinnslu úthafsrækju en stefnt er að með tillögu í þessum frumvarpsdrögum. Þetta sjónarmið hefur ekki hlotið nægar undirtektir í nefndinni. Ég hef því fyrirvara um þetta atriði við afgreiðslu málsins.

Ég hef einnig vakið athygli á sérstöðu veiða og vinnslu innfjarðarækju og hörpudisks og að lög um samræmda vinnslu sjávarafla og veiðar, sem háðar eru sérstökum leyfum nr. 12 frá 25. apríl 1975 verði, áfram í gildi þrátt fyrir fyrirhugaðar breytingar á lögum sem gert er ráð fyrir í frumvarpsdrögum þessum. Í fyrrgreindum lögum er mikilvægt ákvæði sem Félag rækju- og hörpudiskframleiðenda leggur þunga áherslu á að ekki verði breytt né skert án samráðs við framleiðendur.

Að öðru leyti vísa ég til vinnugagna sem lögð hafa verið fram í nefndinni af hálfu félagsins og undirrita nefndarálitið með vísan til framangreindrar bókunar.

Bókun Hreggviðs Jónssonar, fulltrúa þingflokks Frjálslynda hægriflokksins.
(26. janúar 1990.)

Ráðgjafarnefnd um mótun fiskveiðistefnu hefur unnið gott starf, aflað mikilsverðra upplýsinga og skoðað ýmsa mismunandi valkosti um stjórn fiskveiða. Það er hins vegar ljóst að samkomulag er ekki um frumvarpsdrögin og ágreiningur er um veigamikla þætti.

Frjálslyndi hægriflokkurinn telur hins vegar brýnt að ný lög um stjórn fiskveiða verði lögð fram af sjávarútvegsráðherra á Alþingi sem fyrst. Frjálslyndi hægriflokkurinn mun þá taka endanlega afstöðu til frumvarpsins og er undirritun mín í dag því gerð með fyrirvara og m.a. vísað til fyrri bókunar í nefndinni.

Í þessu sambandi er rétt að minna á dóms- og refsiákvæði laganna, tómstundaveiðar og auknar takmarkanir á útflutning fersks fisks. Þá er það álitamál hvort ekki eigi að leggja á sérstakt veiðigjald.

Bókun Eiðs Guðnasonar, fulltrúa þingflokks Alþýðuflokksins.
(26. janúar 1990.)

Undirritaður hefur fyrir hönd þingflokks Alþýðuflokksins tekið þátt í störfum ráðgjafarnefndar um mótun fiskveiðistefnu.

Í skipunarbréfi nefndarinnar segir m.a. að nefndin skuli athuga „tilhögun veiðiheimilda, m.a. heimilda sem ekki séu bundnar við skip". Þetta hefur verið rætt í nefndinni, en um það reyndist ekki samstaða og er því ekkert að finna í þeim drögum, sem nefndin skilar, er þetta atriði varðar. Undirritaður telur þetta miður og ítrekar þá stefnu Alþýðuflokksins að skilja beri milli skipa og veiðiheimilda.

Þingflokkur Alþýðuflokksins telur að við mótun fiskveiðistefnu beri að taka meira tillit til byggðasjónarmiða, en gert er í þeim frumvarpsdrögum sem nú liggja fyrir.

Þá skal bent á að ástæða er til að sinna betur því verkefni sem nefndinni var falið, „að kanna áhrif laganna á afkomu og hagkvæmni í sjávarútvegi og skynsamlega nýtingu fiskstofna". Frekar mætti vinna að slíkri athugun meðan málið er til meðferðar á Alþingi.

Undirritaður leggur áherslu á að gott samkomulag hefur tekist í nefndinni um ýmis mikilvæg atriði er horfa til betri vegar, svo sem breytingu kvótaársins, rýmri reglur um framsal veiðiheimilda og að nefnd taki vigtunarmál í tengslum við útflutning til gagngerðrar athugunar.

Ljóst er að málið á eftir að taka breytingum í meðförum Alþingis og áskilja þingmenn Alþýðuflokksins sér rétt til að flytja og fylgja breytingartillögum sem þar kunna fram að koma.

Ályktun FFSÍ um stjórn fiskveiða,
undirrituð af fulltrúa þess, Guðjóni A. Kristjánssyni.

Stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands samþykkir ekki frumvarp til nýrra laga um stjórn fiskveiða eins og það birtist í drögum 20. janúar 1990.

Helsta ástæða fyrir þessari afstöðu FFSÍ er sú að í frumvarpsdrögunum er gert ráð fyrir sölu á óveiddum fiski sem mun leiða af sér byggðaröskun, misvægi milli einstakra útgerðarflokka, t.d. báta og togara, og aukinn tekjumun milli sjómanna. Þá vill FFSÍ benda á það ósamræmi í frumvarpinu og reyndar í gildandi lögum um stjórn fiskveiða sem fellst í því ákvæði sem segir að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign þjóðarinnar á sama tíma og einstakir handhafar veiðiréttar hafa umtalsverðar tekjur af sölu á óveiddum fiski.

FFSÍ hefur algjörlega hafnað hugmyndum um sölu á óveiddum fiski í fyrri samþykkt 28. nóvember sl. Í sömu samþykkt var jafnframt bent á leiðir, sem gætu dregið verulega úr viðskiptum á óveiddum fiski.

FFSÍ harmar hversu lítil umfjöllun hefur verið í ráðgjafarnefndinni um þetta mikilvæga atriði í frumvarpsdrögunum og þá sérstaklega um þær afleiðingar, sem óheft sala á óveiddum fiski, getur haft í för með sér bæði fyrir einstaklinga og þjóðarbúið í heild.

FFSÍ lýsir eindregnum vilja til að finna lausn á því vandamáli sem sala á óveiddum fiski er í dag og gæti orðið í framtíðinni og er því reiðubúið til að vinna að frekari útfærslum eða hugmyndum sem gætu leitt til farsællar lausnar á þessu vandasama máli.

Sérálit Guttorms Einarssonar fyrir hönd Borgaraflokksins á fundi ráðgjafarnefndar um fiskveiðistefnu.
(26. janúar 1990.)

Í drögum að frumvarpi um stjórn fiskveiða, sem nefndin er að senda frá sér og kynnt voru í ríkisstjórninni 23. janúar, hljóðar fyrsta greinin svo:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru **sameign** íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og **hagkvæmri nýtingu þeirra** og tryggja með því **trausta atvinnu og byggð í landinu.**"

Jafnframt segir í erindisbréfi nefndarinnar:

„Nefndin skal m.a. **kanna áhrif laganna á afkomu og hagkvæmni í sjávarútvegi** og skynsamlega nýtingu fiskstofna. Einnig skal hún athuga tilhögun veiðiheimilda, **m.a. heimilda sem ekki eru bundin við skip.**"

Undirritaður álítur að viðunandi verndunarsjónarmið hafi náð fram í frumvarpinu og það leiði til hraðfara samdráttar í flota landsmanna, en það fullnægi engan veginn þeim skilyrðum sem vega þyngst á metunum samkvæmt ofanrituðu og skulu vera leiðandi í því.

Uppkast frumvarpsins kom frá undirnefndum til aðalnefndar og lá fyrir þegar undirritaður kom í nefndina. Í undirnefndunum störfuðu m.a. hagsmunaaðilar og bar uppkastið þess glögg merki að sjónarmið þröngs hóps voru þar allsráðandi, þ.e. sérhagsmunir hans á kostnað þjóðarhags.

Uppkastið byggist nær alfarið á frjálsum markaðsviðskiptum með veiðiheimildir, án tillits til hagsmuna fiskvinnslu eða byggða, og þrátt fyrir ítrekaða viðleitni margra nefndarmanna hefur nefndinni ekki tekist að lagfæra þessa megingalla.

Verði frumvarpið svo búið að lögum kemur það óhjákvæmilega til með að lækka rauntekjur þjóðarinnar vegna minnkandi atvinnu og lækkandi verðmætastigs sjávarafurða. Erlendir aðilar munu leynt og ljóst fá nær hömlulausa íhlutun til áhrifa á útflutning óunnins afla. Með þessu mun Ísland nálgast þann hóp þjóða er byggja afkomu sína á hráefnisútflutningi.

Enginn jöfnuður næst milli landshluta í úreldingu fiskveiðiflotans og verður hún bæði svo hröð og tilviljunarkennd að hún kippir gjörsamlega fótunum undan atvinnuöryggi smærri sjávarplássa án þess að ráðrúm gefist til þess að skapa ný atvinnutækifæri.

Þetta óvissuástand nægir eitt sér til þess að fólksflótti bresti á í þessum byggðum og þjóðflutningar þeir, sem koma í kjölfarið, munu leiða af sér ómælt eignatjón og félagslegar hörmungar fyrir stóran hluta þjóðarinnar. Þannig varpar frumvarp þetta fyrir róða félagslegu öryggi um land allt.

Afleiðingar alls þessa munu skapa væntanlegum ríkisstjórnum – og jafnvel þeirri sem nú situr – ómælda erfiðleika við að leysa vanda þessara byggðarlaga, sem og fólksins þar og í nærliggjandi sveitum er mun flosna upp og hrökklast frá verðlausum eignum sínum. Áður en varir munu stjórnvöld tilneydd að greiða götu þessa fólks og bæta tjón líklega með því að leggja auðlindaskatt (veiðileyfisgjald) á þá fáu sem eftir standa með veiðiréttinn og margfalda þannig þessa óheillaþróun.

Það má öllum vera ljóst að þessi leið til að minnka fiskveiðiflota landsmanna er of dýru verði keypt. Þá skal á það bent að uppsöfnun veiðiréttarins á fárra hendur mun á skömmum tíma veita handhöfum hans hefðbundinn eignarrétt á þessari veigamestu auðlind okkar og hugsanlegan bótarrétt þegar þar kemur að nauðsyn krefst breytinga á fyrirkomulaginu.

Til að forðast þennan vanda hefur undirritaður stutt hugmyndir um fiskvinnslu- og byggðakvóta og vísar til umræðna um þau mál. Það er álit hans að vönduð útfærsla á

samþættingu veiði-, vinnslu- og sveiganlegs landshlutakvóta hefði náð settum markmiðum með hæfilega hraðfara úreldingu veiðiskipa og fiskvinnslustöðva. Þannig fengist svigrúm fyrir byggðarlögin að móta nýja atvinnustefnu með hliðsjón af breyttum markaðsviðhorfum, og til þrautavara aðlögunartími til samdráttar í stærri byggðakjarna.

Með tilvísan til þeirra breytinga, sem ríkisvaldið hefur orðið að grípa til við aðskilnað dómsvalds og lögreglu, álítur undirritaður að ekki verði komist hjá því að færa eftirlit, refsivald og stjórn fiskveiða frá sjávarútvegsráðuneytinu til sjálfstæðrar stofnunar og viðeigandi dómstóls sem sæi um framkvæmd laganna. Í ölduróti íslenskra stjórnmála skapar slíkt fyrirkomulag stöðugleika í málefnum sjávarútvegs og fiskvinnslu.

Starfsfólki sjávarútvegsráðuneytisins undir forustu Árna Kolbeinssonar ráðuneytisstjóra færir undirritaður bestu þakkir fyrir vönduð störf, skelegga fundarstjórn og mikla lipurð í tilraunum til að laða fram einingu í nefndinni. Á sama hátt lýsir hann yfir fullu trausti á störf fundaritara og skilningi á nauðsyn þess að stytta fundargerðir svo sem kostur er þótt það kunni jafnvel að leiða til þess að túlka megi ummæli manna þar á verri veg sé vilji fyrir hendi. Hann harmar að undir ágætri stjórn þeirra hefur nefndin ekki borið gæfu til að ná þeim markmiðum, sem fram koma í erindisbréfi nefndarinnar, og yfirlýst eru í 1. gr. frumvarpsins.

Að öllu meðtöldu hefur undirritaður komist að þeirri niðurstöðu að lagafrumvarpið sé enn ófullburða og hefur því ákveðið að beita áhrifum sínum á öðrum vettvangi til lagfæringa á því.

Því telur hann sér skylt að hafna frumvarpsdrögunum eins og þau liggja fyrir og getur ekki tekið ábyrgð á þeim afleiðingum sem þau munu skapa þjóðinni allri og þó sérstaklega landsbyggðinni sem byggir mestalla afkomu sína á sjávarútvegi og fiskvinnslu, verði þau að lögum.

Bókun Jóhanns A. Jónssonar.
(25. janúar 1990.)

Fyrsta grein í drögum að frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða hljóðar svo:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru **sameign** íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og **hagkvæmri nýtingu** þeirra og tryggja með því **trausta atvinnu og byggð í landinu.**"

Í erindisbréfi nefndarinnar er eftirfarandi tekið fram:

„Nefndin skal m.a. **kanna áhrif laganna á afkomu og hagkvæmni í sjávarútvegi** og skynsamlega nýtingu fiskstofna. Einnig skal hún athuga tilhögun veiðiheimilda, **m.a. heimilda sem ekki eru bundin við skip.**"

Undirritaður álítur að lagafrumvarpið fullnægi ekki ofangreindum markmiðum.

Afleiðing þeirrar stefnu, sem í frumvarpsdrögunum felst, mun skapa stjórnvöldum mikla erfiðleika og leiðir af sér fólksflutninga samfara eignatjóni og félagslegum hörmungum.

Ég vísa til tillagna um fiskvinnslukvóta og umræðna um byggðakvóta sem fram fóru í nefndinni.

Þrátt fyrir góðan vilja margra nefndarmanna hefur nefndin ekki borið gæfu til að vinna störf sín í samræmi við erindisbréf og yfirlýst markmið draganna eins og kemur fram í fyrstu grein þeirra.

Samkvæmt ofanrituðu get ég ekki samþykkt frumvarpsdrögin eins og þau liggja fyrir og tekið þannig ábyrgð á þeim afleiðingum sem þau munu skapa þjóðinni allri og þó sérstaklega landsbyggðinni sem byggir mest alla afkomu sína á sjávarútvegi.

Sérálit Verkamannasambands Íslands á drögum að frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða.
(26. janúar 1990.)

Með drögum þeim að lögum um stjórn fiskveiða, sem meiri hluti ráðgjafarnefndar um mótun fiskveiðistefnu virðist hafa komið sér saman um, er ljóst að verið er að lögfesta um ófyrirséða framtíð eignarhald útgerðar á þessari þýðingarmestu auðlind þjóðarinnar.

Það er einnig deginum ljósara að nái frumvarpið fram að ganga í óbreyttri mynd, verða aflaheimildir komnar á hendur örfárra fjársterkra útgerðaraðila innan fárra ára. Fyrir sjómenn mun það þýða gífurlegan mismun á tekjum og fyrir fiskvinnslufólk atvinnumissi og byggðaröskun í meira mæli en áður hefur þekkst.

Verkamannasamband Íslands telur að verði drög þessi að lögum hafi ráðgjafarnefndin með öllu misst sjónar á upphaflegum tilgangi laganna eins og hann kemur fram í 1. gr., að nytjastofnarnir séu eign þjóðarinnar allrar og sem nýta beri af hagkvæmni og tryggja með því atvinnu og byggð í landinu.

Því leggur Verkamannasamband Íslands til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

7. gr. 2. mgr. orðist svo: 70% veiðiheimilda á þeim tegundum, sem heildarafli er takmarkaður af á hverjum tíma, skal úthlutað til einstakra skipa. Nefnist það aflahlutdeild skips.

Gerðar verði breytingar á frumvarpinu sem þörf er á til samræmis við þetta.

Ákvæði um fiskvinnslukvóta
sem felld verði inn í viðeigandi greinar frumvarpsins.
(26. janúar 1990.)

1. 30% veiðiheimilda á þeim tegundum, sem heildarafli er takmarkaður af á hverjum tíma, skal úthlutað til einstakra fiskvinnslustöðva. Nefnist það aflahlutdeild vinnslustöðva. Aflahlutdeild vinnslustöðvar skal einungis ráðstafa til vinnslu í viðkomandi fiskvinnslustöð, sbr. þó 4. gr.
2. Aflahlutdeild vinnslustöðva er fundinn þannig að lagður er saman allur afli vinnslustöðva sem móttekinn var til vinnslu árin 1987, 1988 og 1989. Síðan er mótteknum afla einstakra fiskvinnslustöðva í þessi þrjú ár deilt upp í heildartöluna.
3. Nú hefur fiskvinnslustöð hætt starfsemi sinni án gjaldþrots fyrir árslok 1988 og skal þá reiknuð aflahlutdeild hennar fyrir árin 1987 og/eða 1988 bætast við aflahlutdeild þeirra fiskvinnslustöðva sem eftir eru í byggðarlaginu.
4. Ekki er vinnslustöð heimilt, að selja eða fénýta aflahlutdeild sína á annan hátt en getið er um í 1. gr., en skipti á afla á jöfnu mega fara fram milli fiskvinnslustöðva í samráði við eða með vitneskju ráðuneytis.
5. Nú hættir fiskvinnslustöð starfsemi sinni og skal þá aflahlutdeild hennar renna til fiskvinnslustöðva sem fyrir eru í byggðarlaginu eftir sömu reglum og um getur í 2. gr. í samráði við ráðuneytið.
6. Verði fiskvinnslufyrirtæki gjaldþrota og nýtt fyrirtæki hefur rekstur með húsakosti og tækjum hins gjaldþrota fyrirtækis innan tveggja ára skal hið nýja fyrirtæki fá úthlutað aflahlutdeild þess fyrirtækis er gjaldþrota varð.
7. Leggist fiskvinnsla niður í byggðarlagi skal aflahlutdeild þess eða þeirra fiskvinnslustöðva, er hættu rekstri, skiptast milli fiskvinnslustöðva í viðkomandi landsfjórðungi eftir sömu reglum og um getur í 2. gr.
8. Heimildir til að flytja aflamark á milli fiskveiðiára skulu vera þær sömu hjá fiskvinnslustöðvum og um getur í 10. gr. laganna.

Verkamannasambandið telur að koma beri í veg fyrir sölu á óveiddum afla nema í sérstökum undantekningartilfellum og bendir á að þær hömlur á slíkri sölu, sem fram koma í tillögum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands um breytingar á 11. og 12. gr. laganna, væru rétt spor í þá átt.

Einnig gerir VMSÍ að tillögu sinni að í 16. grein komi ný málsgrein á eftir 1. mgr. er hljóði svo: „Öllum fiski, sem fluttur er út í gámum, fylgi vigtarvottorð er tilgreini þyngd og fjölda tegunda í hverjum gámi."

Rökin fyrir því að bæta þessari málsgrein inn eru ærin. Eins og fram kom í umræðum í nefndinni fullyrti undirritaður að beitt væri skipulögðum þjófnaði á vog á erlendum fiskmörkuðum og virðast íslenskir seljendur sætta sig við 10% „rýrnun". Upplýsingar, sem ráðuneytið hafði undir höndum, sýndu „rýrnun" allt frá 4% í 27%.

Það má furðu gegna að hvorki seljendur né stjórnvöld virðast hafa gert minnstu tilraun til að leiðrétta það ranglæti, en fyrsta skrefið til að koma kvörtunum á framfæri er að hafa í höndunum staðfestingu á því að menn viti með nokkurri nákvæmni hvað þeir eru að senda frá sér.

Einnig vill VMSÍ benda á að óhóflegur útflutningur á óunnum fiski hefur þegar valdið umtalsverðu atvinnuleysi fiskvinnslufólks víðs vegar um land og telur Verkamannasambandið það ekki í anda laganna um fiskveiðistefnu að byggja upp atvinnulíf á Humber-svæðinu og í Norður-Þýskalandi meðan „eigendur" auðlindarinnar ganga um atvinnulausir.

Því leggur VMSÍ til að allur fiskur, sem fluttur er út óunninn en veginn hér á landi, taki á sig 15% álag, sbr. síðustu málsgrein 10. gr., en sé slíkur fiskur fluttur út óveginn taki hann á sig 25% álag.

Sérálit Unnar Steingrímsdóttur og Kristínar Halldórsdóttur fyrir hönd kvennalistakvenna.

(26. janúar 1990.)

Í þessum drögum að frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða er markmiðssetning skýr þar sem segir orðrétt í 1. gr.: „Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu."

Vissulega eru þetta þau markmið sem að skal stefnt, að viðbættum atriðum eins og betri kjörum, aðbúnaði og öryggi þeirra sem starfa í sjávarútvegi. kvennalistakonur telja þessi frumvarpsdrög hins vegar í algjörri mótsögn við þessi markmið þar sem veiðiheimildum er sem fyrr úthlutað beint til einstaklinga og útgerðarfélaga sem geta ráðskast með þær í eiginhagsmunaskyni. Hagsmunir fiskvinnslufólks og byggðasjónarmið eru algjörlega fyrir borð borin þrátt fyrir vaxandi fylgi við þau sjónarmið innan nefndarinnar sem vann að mótun frumvarpsdraganna. Þess vegna sjá kvennalistakonur sér ekki fært að samþykkja þessi drög enda þótt nokkur atriði horfi þar til betri vegar frá núgildandi lögum. Ber þar sérstaklega að nefna breytt mörk fiskveiðiárs sem stuðlað geta að hagkvæmni í vinnslu, dregið úr aflatoppum að sumrinu og hamlað gegn atvinnuleysi á síðustu mánuðum ársins.

Hér á eftir verða raktir í stórum dráttum þeir þættir í stjórn fiskveiða sem kvennalistakonur leggja mesta áherslu á:

1. Með tilliti til ástands fiskstofna og afkastagetu fiskiskipastólsins er óhjákvæmilegt að beita kvótastjórn a.m.k. enn um sinn. Kvennalistinn telur affarasælast að úthluta hlutdeild í veiðiheimildum til byggðarlaga, sbr. tillögur sem kvennalistakonur lögðu fram við undirbúning og afgreiðslu núgildandi laga um stjórn fiskveiða.

2. Kvennalistinn vill efla verulega rannsóknir á auðlindinni og telur jafnframt eðlilegt að Hafrannsóknastofnun verði færð frá hagnýtingarráðuneyti atvinnugreinarinnar og sett undir umhverfisráðuneyti. Auk þess sem nauðsynlegt er að huga enn frekar að gæðum en nú er gert verður að bæta nýtingu sjávarafla, auka úrvinnslu sjávarafurða, vöruþróun og markaðsrannsóknir.
3. Kvennalistinn hafnar því algjörlega að íslensk útgerð haldi uppi erlendri fiskvinnslu á kostnað okkar eigin. Við verðum að tryggja okkar eigin vinnslu nægilegt hráefni, fyrst og fremst til að tryggja atvinnu fiskvinnslufólks. Einnig er nægilegt hráefni forsenda þess að unnt sé að auka fullvinnslu sjávarafurða, bæta nýtingu og auka verðmæti aflans. Kvennalistinn telur þó rétt að leyfa takmarkaðan útflutning á ísfiski, en um það þurfa að gilda skýrar reglur. Á tækniöld er vel framkvæmanlegt að fylgjast með því hvort menn nýta erlenda ísfiskmarkaðinn skynsamlega og því sjálfsagt að nota útflutning ásamt aflamiðlun innan lands til þess að taka kúfinn af aflatoppum.
4. Kvennalistinn telur ákvæði frumvarpsdraganna um vigtun sjávarafla spor í rétta átt, en hefði viljað ganga lengra og gera skylt að vigta allan afla innan lands. Um þann afla, sem seldur er erlendis án viðkomu í íslenskri höfn, mætti notast við þær reglur sem nú eru í gildi um kvótaskerðingu að því tilskildu að eftirlit erlendis sé í samræmi við kröfur hér á landi.

Rauði þráðurinn í þessum frumvarpsdrögum, líkt og í núgildandi lögum, er sú ofuráhersla sem lögð er á yfirráð sjávarútvegsráðuneytisins og sjávarútvegsráðherra á öllum stigum í stjórn fiskveiða og eftirliti. Þrátt fyrir áherslu kvennalistakvenna á valddreifingu viðurkenna þær nauðsyn vissrar miðstýringar í þessari atvinnugrein með tilliti til heildarhagsmuna þar sem umrædd auðlind er „sameign íslensku þjóðarinnar“, sbr. 1. gr. draganna, en öllu má nú ofbjóða.

Ráð til að draga úr miðstýringu eru nokkur. Má þar minna á fyrrnefnda hugmynd um tilflutning Hafrannsóknastofnunar, auk þess sem ástæða er til að íhuga vel leiðir til að flytja eftirlitsþáttinn frá ráðuneytinu til annarra aðila, t.d. Fiskifélags Íslands eða e.t.v. væntanlegs umhverfisráðuneytis.

Þyngst mundi þó vega breytt tilhögun við úthlutun veiðiheimilda. Við afgreiðslu núgildandi laga fyrir rúmum tveimur árum lögðu kvennalistakonur fram tillögur í þeim efnum. Þær eru enn í fullu gildi. Þá, eins og nú, töldu þær fyrst og fremst nauðsynlegt að rjúfa óeðlilegt samband milli skips og veiðiheimilda og vildu úthluta veiðiheimildum til byggðarlaga. Með því móti væru hagsmunir þeirra og þess fólks, sem starfar í sjávarútvegi, best tryggðir, auk þess sem slík tilhögun mundi draga úr óhóflegri miðstýringu.

Reynslan hefur sannað réttmæti þessara sjónarmiða og flestir annmarkar núgildandi tilhögunar, sem bent var á, komnir fram. Þrátt fyrir það og vaxandi skilning og stuðning við áðurnefndar hugmyndir, m.a. í kvótanefndinni svokölluðu, sér þess ekki stað í þessum frumvarpsdrögum.

Kvennalistakonur hafna því þessum drögum, en munu vinna áfram að framgangi tillagna sinna við umfjöllun málsins á Alþingi.

Fylgiskjal II.

Breytingartillögur við frumvarp til laga um stjórn fiskveiða lagðar fram af Jóhanni A. Jónssyni og Árna Benediktssyni.

7. gr. breytist.

Önnur málsgrein hefjist þannig: „7% veiðiheimilda á þeim tegundum, sem heildarafli er takmarkaður af á hverjum tíma, skal úthlutað til einstakra skipa. Nefnist það aflahlutdeild skips . . . „

Gerðar verði þær breytingar á frumvarpinu, sem þörf er á til samræmis við þetta.

Ákvæði um fiskvinnslukvóta sem verði felld inn í viðeigandi greinar frumvarpsins.

„30% veiðiheimilda á þeim tegundum, sem heildarafli er takmarkaður af á hverjum tíma, skal úthlutað til einstakra fiskvinnslustöðva. Nefnist það aflahlutdeild vinnslustöðva."

„Aflahlutdeild vinnslustöðva er fundin þannig að lagður er saman afli allra vinnslustöðva sem mótteknir, var til vinnslu árin 1987, 1988 og 1989. Síðan er mótteknum afla einstakra fiskvinnslustöðva í þessi þrjú ár deilt upp í heildartöluna."

„Nú hefur fiskvinnslustöð hætt starfsemi sinni án gjaldþrots fyrir árslok 1988 og skal þá reiknuð aflahlutdeild hennar fyrir árin 1987 og/eða 1988 bætast við aflahlutdeild þeirra fiskvinnslustöðva sem eftir eru í byggðarlaginu."

„Hafi fiskvinnslustöð orðið gjaldþrota á árunum 1988/1989 og sé starfsemi hafin í nýju fyrirtæki innan árs frá gildistöku laga þessara í fyrri húsakynnum hennar og með vélbúnaði hennar má úthluta nýja fyrirtækinu útreiknaða aflahlutdeild þeirrar stöðvar sem varð gjaldþrota."

„Nú hættir fiskvinnslustöð starfsemi sinni og er henni þá heimilt að framselja aflahlutdeild sína varanlega til annarra fiskvinnslustöðva fyrir lok fiskveiðiárs. Að þeim tíma liðnum fellur réttur til aflahlutdeildar niður. Nú hefur fiskvinnslustöð orðið gjaldþrota og skal þá nýtt fyrirtæki, sem tekur til starfa í húsakynnum og með vélbúnaði hennar innan tveggja ára frá gjaldþroti, eiga rétt á aflahlutdeild hennar."

„Fiskvinnslustöð er heimilt að afhenda aflahlutdeild sína til árs í senn, einu eða fleiri fiskiskipum, og er henni skylt að tilkynna sjávarútvegsráðuneytinu um afhendingu jafnóðum og hún fer fram og fá viðurkenningu fyrir. Ekki er heimilt að afhenda fiskiskipi aflahlutdeild nema til veiða fyrir viðkomandi fiskvinnslustöð. Afhenda má aflahlutdeild fiskiskipi, sem landar afla sínum á fiskmarkað, samkvæmt sérstökum samningi um viðskipti fiskvinnslustöðvarinnar við fiskmarkaðinn."

„Fiskvinnslustöðvar geta sameinað aflahlutdeild sína varanlega og einnig má framselja aflahlutdeild öðrum fiskvinnslustöðvum varanlega. Sé fyrirhugað að framselja aflahlutdeild til annars byggðarlags hefur fiskvinnslustöð eða fiskvinnslustöðvar í byggðarlaginu forkaupsrétt. Sé fyrirhugað að sameina fiskvinnslustöð fyrirtæki í öðru byggðarlagi er skylt að bjóða fiskvinnslustöðvum í byggðarlaginu aflahlutdeildina á gangverði."

„Heimilt er að flytja allt að 20% af aflamarki hverrar botnfisktegundar og aflamarki úthafsrækju frá einu fiskveiðiári yfir á það næsta. Á sama hátt er heimilt að flytja allt að 10% af aflamarki humars og síldar frá einu veiðitímabili til þess næsta."

Greinargerð.

Það hefur legið fyrir frá upphafi að skoða yrði hvort ekki væri rétt að skipta aflahlutdeildinni milli fiskiskipa og vinnslustöðva. Þar að auki hefur verið uppi það sjónarmið að skoða

þyrfti á hvern hátt væri hægt að festa veiðiheimildir við ákveðin byggðarlög að meira eða minna leyti. Þegar ráðgjafarnefndin kom fram með fyrstu frumvarpsdrögin voru þessi álitamál sett fram ásamt ýmsu öðru þannig að þau biðu nánari umræðu. Þess vegna fóru frumvarpsdrögin til umfjöllunar fiskiþings, aðalfundar LÍÚ og Farmanna- og fiskimannasambandsins á þann hátt að í meginmáli var öll aflahlutdeildin sett á skip í sundurliðunum útfærðum tillögum sem auðvelt var að átta sig á.

Hins vegar var aflahlutdeild vinnslustöðva ekki formlega sett fram í sundurliðuðum tillögum og kann það að hafa orðið til þess að skilning skorti á því hvernig hann yrði framkvæmdur. Til þess bendir m.a. að á síðasta fundi ráðgjafarnefndarinnar koma fram sú spurning hvernig menn gerðu ráð fyrir að hægt væri að skipta aflahlutdeild af Ögra milli margra fiskvinnslustöðva þannig að sitt lítið kæmi í hlut hverrar. Þetta bendir til þess að spyrjandinn hafi haldið að fiskurinn sé eyrnamerktur ákveðnum skipum, en svo er ekki eins og margir vita. En fleirum kynni að hafa skjátlast, þó varla svona óskaplega. En slík vanþekking á því sem verið er að fjalla um kynni að hafa orðið til þess að niðurstöður ofannefndra þinga og funda hafi ekki verið eins marktækar og ætla mátti.

Tillögur um aflahlutdeild fiskvinnslustöðva.

Þess vegna er ábyggilega ástæða til að setja fram tillögur með meginlínum um hvernig haga megi aflahlutdeild vinnslustöðva. Ekki er við því að búast að allt sé tínt til sem nauðsynlegt er að taka inn í frumvarpið ef mönnum skyldi sýnast að betra væri að hafa þennan háttinn á. En í ráðgjafarnefndinni eru margir sem væntanlega yrðu fúsir til að bæta úr ágöllum þeim sem menn kynnu að sjá.

Fiskveiðistjórn til frambúðar.

Þeim fjölgar stöðugt sem gera sér ljóst að um fyrirsjáanlega framtíð verður að takmarka þann afla sem tekinn er úr sjónum. Veiðarfæri eru orðin það fullkomin og leitartæki svo örugg að tiltölulega auðvelt er að elta fiskinn hvar sem hann er í höfunum og ná honum í veiðarfæri. Séu veiðar algjörlega stjórnlausar er líklegast að flestir fiskstofnar yrðu ofveiddir og þeim jafnvel útrýmt. Og veiðarfæri verða enn þá fullkomnari og fiskileitartæknin er enn í framför. Þess vegna þarf stjórnvaldsaðgerðir til þess að takmarka afla. Þess vegna þarf reglur til þess að stjórna veiðunum hvort sem mönnum líkar það betur eða verr.

Það er orðinn meira en áratugur síðan Íslendingar neyddust til að taka upp verulegar takmarkanir á fiskveiðum. Segja má að allan þann tíma höfum við verið að leita að skipulagi sem hæfði okkur og flestir gætu sætt sig við. Allan þennan tíma hafa staðið deilur um þær aðferðir sem notaðar hafa verið. Þetta hefur valdið röngum ákvörðunum um fjárfestingu þar sem menn hafa gjarnan verið að keppast við að gera eitthvað sem kynni að verða bannað í næstu lögum um fiskveiðistjórn.

Framtíðarskipulag.

En nú er væntanlega orðið tímabært að leit að aðferðum ljúki og við komum okkar saman um framtíðarskipulag. Skipulag, sem vonast er til að hæfi til frambúðar, verður að vera vel undirbúið og það þarf að skoða sem flesta möguleika og reyna að gera sér grein fyrir afleiðingunum af hverju skrefi sem stigið er. Ráðgjafarnefnd um fiskveiðistjórn, sú sem nú situr, hefur fengið mjög rúman tíma til þess að skoða tillögur og hefur að flestu leyti unnið mjög gott starf. En samt skortir töluvert á að hún hafi reynt að kortleggja áhrifin af þeim hugmyndum sem fram hafa komið. Það er nauðsynlegt að bæta úr því og hér verður gerð tilraun í þá átt.

Aflaheimild er vald.

Fram á síðasta áratug var Íslendingum heimilt að sækja sjóinn að vild með örfáum undantekningum. Það varð mikil breyting þegar nauðsynlegt reyndist að taka upp skömmtun

á afla. Nýtt afl kom til sögunnar í þjóðfélaginu, yfirráð yfir aflaheimild. Það má glögglega sjá þýðingu þessa nýja afls á því hvert fjárhagslegt verðmæti þess er orðið í verði fiskiskipa og tímabundnu framsali aflaheimilda. Hins vegar eru hin gífurlegu áhrif þess í skiptum innan sjávarútvegsins ekki eins greinileg, en þau eru engu að síður tilfinnanleg fyrir þá sem verða fyrir barðinu á þeim eins og glöggt mátti sjá þegar tilraun varð gerð til þess að auka frjálsræði í verðlagningu sjávarfangs.

Þegar reglur eru settar í lýðræðisþjóðfélagi hlýtur alltaf að verða að leitast við að hafa jafnræði, að reglurnar séu ekki þannig að einn hafi frjálsar hendur, en annar sé bundinn og varnarlaus. Það á ekkert síður við um fiskveiðistjórn en hvað annað að nauðsynlegt er að leita jafnræðis, að t.d. útgerð og fiskvinnsla hafi jafna samningsstöðu í viðskiptum sínum með fisk. Slíkt jafnræði er ekki fyrir hendi ef annar hefur allt í hendi sér, en hinn ekkert. Að þessu þarf að huga vel áður en endanlega er gengið frá frumvarpi til laga um fiskveiðistjórn.

Það hefur lengi verið vitað að ekki er heppilegt að afhenda einum allt vald yfir ákveðnum gæðum eða ákveðnum málefnum. Þessa dagana höfum við það greinilegar fyrir augunum en oft áður hvaða afleiðingar það hefur að afhenda einum stjórnmálaflokki alræðisvald. Því verður ekki lýst hér, en nákvæmlega það sama á við um alræðisvald yfir auðlindum. Þess vegna ber að forðast það.

Sameiginlegt vald útgerðar og sjómanna.

Fiskveiðiheimild, sem er bundin við skip, er sameiginlegt vald útgerðarmanna og sjómanna. Þó að vald útgerðarmannsins geti verið nokkru meira en sjómannsins, sem þó er ekki sjálfgefið, verja þeir þetta vald sameiginlega. Þess vegna berjast þeir sameiginlega fyrir því að aflaheimild skuli að öllu leyti bundin við skip, en það er þeirra sameiginlegi vettvangur. Hins vegar eru ákveðnir þættir sem skilja þá innbyrðis. Í því ljósi má skoða að sjómenn eru mótfallnir því að útgerðarmaður geti selt fiskveiðiheimildina fyrir fé eða fénýtt hana á annan hátt án þátttöku sjómanna.

Sameiginlegt vald fiskvinnslu og fiskvinnslufólks.

Hlutdeild fiskvinnslu í fiskveiðiheimild gefur fiskvinnslu og fiskvinnslufólki hluta af þessu valdi og skapar þannig jafnvægi. Þar eru tengslin ekki eins augljós og tengslin milli útgerðar og sjómanna. Þess vegna hefur ekki náðst samstaða þar á milli. Þeir sem fara með málefni fiskvinnslufólks hafa skirrst við að koma upp að hliðinni á fiskvinnslunni í þessu máli, en þar væri þeirra eðlilegasti staður. Þess í stað hafa þeir reynt að finna sér annan stað til að standa á. Þann stað hafa þeir ekki fundið og hafa því orðið áhrifalausir um málefni sem skiptir umbjóðendur þeirra miklu. Fiskvinnslan hefur ekki heldur staðið einhuga um þessa hagsmuni. Ástæðan fyrir því er sú að fiskvinnslan á veruleg ítök í fiskiskipaflotanum og þar með hefur hún töluverð áhrif á meðferð aflaheimildanna. Ljóst er að afstaða einstakra fiskverkenda byggist mjög á þessum ítökum. Þeir sem hafa yfirráð yfir öllum þeim skipum, sem leggja upp hjá þeim, kæra sig ekki um aflahlutdeild fiskvinnslu. Það er af þeirri einföldu ástæðu að þeir hafa hana nú þegar með yfirráðum yfir skipum. Þeir fiskverkendur, sem ekki eiga fiskiskip sjálfir, kenna mjög þess valds sem fiskveiðiheimildum fylgir. Afstaða þeirra mótast af því.

Hagsmunir fiskvinnslufólks.

Þeir sem fara með málefni fiskvinnslufólks hafa hallast að hugmyndum um byggðakvóta eða einhverjum undantekningarreglum sem tryggja hagsmuni þeirra. Það skortir töluvert á að byggðakvóti hafi verið skilgreindur nægilega, en þó munu flestir hugsa sér hann þannig að sveitarfélag (sveitarstjórn) hafi ráðstöfunarrétt á hluta kvótans eða að minnsta kosti einhvers konar neitunarvald um ráðstöfun hans. Í slíkum hugmyndum felst engin trygging og ekkert vald til handa fiskvinnslufólki því að þess er varla að vænta að yfirvöld sveitarfélags taki

hagsmuni fiskvinnslufólks fram yfir hagsmuni sjómanna. Byggðakvóti yrði því oft hlutlaus í hagsmunatogstreitunni, en útgerð og sjómenn héldu eftir sem áður sínu valdi í sínum hluta aflahlutdeildarinnar. Byggðakvóti mundi því aðeins staðfesta misvægið. Hins vegar er sameiginlegt vald fiskvinnslu og fiskvinnslufólks falið í aflahlutdeild fiskvinnslu. Þó að það vald sé fremur í höndum fiskvinnslunnar en fiskvinnslufólksins er það engu að síður mikilvægara fyrir fiskvinnslufólkið en fyrir einstakar fiskvinnslustöðvar eins og sýnt verður fram á síðar.

Aflahlutdeild fiskvinnslustöðva.

Fái fiskvinnslan hlutdeild í aflaheimildum mundi hún gera samning við útgerð um að veiða fiskinn. Jafnræðið felst í því að þegar fiskvinnslan semur við útgerð um löndun afla hefur hún eitthvað að bjóða á móti þeim gæðum sem útgerð ræður yfir. Útgerðin fær meira magn til að veiða og lætur ekki fjármuni á móti. Það getur verið spurning hvort skiptingin 30/70 sé hin eina rétta til þess að ná nauðsynlegu jafnvægi milli veiða og vinnslu. Þeirri tölu getur þurft að breyta eftir aðstæðum og eftir þeim markmiðum sem þarf að ná fram hverju sinni. Ef stjórnvöldum, ríkisstjórn eða Alþingi þætti rétt að breyta áherslum, t.d. að auka ferskfisksútflutning eða minnka hann, væri auðveldast að gera það með því að breyta þessum hlutföllum.

Breyting á hlutföllum annaðhvort með því að auka eða minnka aflahlutdeild skips í hlutfalli við aflaheimild fiskvinnslu með tilliti til þjóðfélagslegra markmiða er líka í samræmi við 1. gr. núgildandi laga um að auðlindir sjávar séu sameign þjóðarinnar. Þannig væri komið í veg fyrir að veiðirétturinn yrði með tímanum einkaeign eins hóps.

Samningur, sem fiskvinnsla mundi gera við útgerð skips, yrði fólginn í því að skipið legði upp afla hjá fiskvinnslustöðinni og fengi aflahlutdeild frá fiskvinnslustöðinni á móti. Slíkur samningur gæti falist í því að skipið legði upp tilskilið hlutfall aflans og eftir því sem hlutfallið væri hærra fengi skipið meiri aflaheimild á móti. Í sumum tilfellum yrði vafalítið samið um allan afla skips, en oftar má þó búast við að skipið héldi einhverju eftir til þess að nýta hagstæða markaðsmöguleika erlendis. En í slíkum samningum ætti fiskvinnslan og útgerðin í sameiningu að geta fundið það meðalhóf sem þarf til þess að tryggja sæmilega stöðuga vinnslu í fiskvinnslustöðinni og þar með sæmilega trygga atvinnu fyrir fiskvinnslufólkið, jafnframt því að útgerðin gæti nýtt sér erlendan markað þegar verðið er hæst. Að sjálfsögðu er hægt að ná sömu markmiðum ef fiskvinnslan á fiskiskipin og hefur þannig ráðstöfnunarrétt á aflanum.

Því hefur nokkrum sinnum verið fleygt inn í umræðuna að fiskvinnslan hafi nú þegar tök á ráðstöfun aflans þar sem hún eigi 85% flotans. Sú fullyrðing er röng. Fiskvinnslan hefur að vísu ýmist full umráð eða einhver ítök í 75–85% togaraflotans, en hún hefur minnihlutaítök í bátaflotanum og nánast engin ítök í smábátunum.

Hvað breytist ef frumvarpsdrögin óbreytt verða að lögum?

Það er hins vegar nokkuð ljóst að ítök fiskvinnslunnar í fiskiskipaflotanum munu aukast verulega ef samþykkt verða ný lög um fiskveiðistjórn þar sem allar fiskveiðiheimildir eru afhentar fiskiskipum. Vörn fiskvinnslunnar verður að reyna að eignast skipin til þess að ná nauðsynlegri stjórn og samræmingu á veiðar og vinnslu. En helstu breytingar, sem búast má við, eru þessar:

1. Útgerðir munu sameina aflaheimildir í nokkrum mæli og leggja vanbúnustu skipunum. Sennilegast er að þetta gerist á þann hátt að útgerðir bæði sameinist og verði keyptar upp. Líklegt er að þetta gerist í tiltölulega stuttum tíma.
2. Líklegt er að innan skamms verði þetta til þess að flotinn minnki að því marki að flest skip hafi næg verkefni allt árið. Þar með hefur náðst mikilvægt markmið og afkoma flotans yrði allt önnur og betri.

3. Samdrátturinn í flotanum kemur mjög misjafnlega niður og ræðst mest af fjárhagslegri getu. Líklegt er að fjölmargar byggðir missi hráefni, jafnvel allt.
4. Fiskvinnslustöðvar munu týna tölunni, sérstaklega á þeim stöðum sem missa hráefni, en aðrar rísa upp í staðinn á öðrum stöðum. Ekkert í skipulaginu er líklegt til að breyta því sem hefur verið að gerast um langa hríð, þ.e. að fiskvinnslustöðvum fjölgi í heild.
5. Fiskvinnslustöðvar munu hraða því að ná eignarhaldi á fiskiskipum. Búast má við að þróunin verði sú að fiskveiðiflotinn skiptist í tvennt, annars vegar skip í eigu fiskvinnslustöðva sem veiði fyrir þær og hins vegar skip í eigu sjálfstæðra útgerða sem veiði fyrir erlendan markað.
6. Ekki verður hægt að taka upp frjálslegri aðferðir við verðlagningu sjávarafurða fyrr en fiskvinnslustöðvarnar hafa náð eignarhaldi á fiskiskipunum, en þá er ekki lengur þörf á neinum aðferðum við verðlagningu.
7. Eitt aðaláhyggjuefni og meginverkefni stjórnvalda verður að fást við að bjarga þeim byggðarlögum sem missa hráefni.

Hver verður þróunin ef veiðiheimildum er skipt?

1.–3. Ekki er ástæða til að ætla annað en þróunin verði mjög svipuð og lýst er hér að framan í 1–3 lið. Fremur mætti þó búast við að þróunin yrði nokkru hægari. Þá verður fjárhagslegur styrkur ekki eins allsráðandi í þróuninni þar sem aflahlutdeild fiskiskipaflotans verður miklu verðminni.
4. Fiskvinnslustöðvum fækkar allnokkuð, en það mun gerast hægt og án þess að veruleg röskun verði á byggð þar sem fiskvinnslustöðvar munu fremur sameinast innan byggðarlags. Atvinna fiskvinnslufólks er því tryggari. Áður var til þess vitnað að hagsmunir fiskvinnslufólks af aflahlutdeild fiskvinnslustöðva væru jafnvel meiri en hagsmunir fiskvinnslustöðvanna sjálfra. Það er vegna þess að fiskvinnslustöð getur þurft að hætta rekstri eins og jafnan verður, en aflahlutdeild hennar verður eftir í byggðarlaginu og færist á aðrar stöðvar þannig að atvinnan verður sú sama.
5. Líklegt er að eignarhald fiskiskipa verði svipað og nú er, þar sem engin nauðsyn verður fyrir fiskvinnslustöðvarnar að ná yfirráðum yfir þeim. Flest fiskiskipin munu væntanlega veiða bæði fyrir fiskvinnslu hér á landi og til sölu á erlenda markaði.
6. Öll skipti milli útgerðar og fiskvinnslu verða frjálslegri, þar á meðal í verðlagsmálum, þar sem báðir standa nær jafnfætis þegar gengið er til samninga.
7. Tapi byggðarlag fiskiskipi af einhverjum ástæðum, t.d. við gjaldþrot eða það sé selt í burtu, verður auðveldara að leysa mál byggðarlagsins án atbeina stjórnvalda þar sem fiskvinnslan hefur aflahlutdeild og hefur því stöðu til að gera samninga við útgerðir skipa um veiðar fyrir sig.

Lokaorð.

Þeir sem hafa verið að vinna að gerð þessa frumvarps hafa margir, jafnvel flestir, gengið að því verki með það í huga að nú sé orðið tímabært að koma á framtíðarskipulagi þar sem eftirfarandi sjónarmiða sé gætt:

1. Að fiskveiðiflotinn minnki og verði varanlega af þeirri stærð að hann hafi að jafnaði fullt verkefni árið um kring.
2. Að ekki þurfi stöðug afskipti stjórnvalda til þess að stýra þróuninni í ákveðinn farveg. Þess í stað verði aðeins settur rammi til að vinna eftir og innan þess ramma verði þróunin algjörlega frjáls og á ábyrgð sjávarútvegsins sjálfs.
3. Til þess að ná því marki verður að huga vel að því að jafnræði sé í skiptum innan sjávarútvegsins. Augljóst er að mikið skortir á slíkt jafnræði ef einum hóp er fengið í hendur allt það vald sem í aflaheimild felst.

Sþ. 610. Skýrsla [353. mál]

samstarfsráðherra Norðurlanda um störf norrænu ráðherranefndarinnar 1989–1990.

(Lögð fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. SKRIFSTOFA NORÐURLANDAMÁLA

Í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, sem tók við völdum 10. september 1989, var Júlíus Sólnes, ráðherra Hagstofu Íslands, jafnframt útnefndur samstarfsráðherra Norðurlanda, en í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, sem tók við völdum 28. september 1988, fór Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, með málaflokk norræns samstarfs. Báðir ráðherrarnir, Jón Sigurðsson og Júlíus Sólnes, hafa verið formenn ráðherranefndar samstarfsráðherranna þetta starfsár, sitt tímabilið hvor, þ.e. frá síðasta þingi Norðurlandaráðs og fram yfir 38. þing ráðsins sem haldið verður í Reykjavík um mánaðamótin febrúar–mars nk.

Þetta er í annað skiptið sem Íslendingar hafa á hendi formennsku í ráðherranefnd samstarfsráðherranna. Í fyrra skiptið var Matthías Á. Mathiesen, þáverandi viðskiptaráðherra, formaður ráðherranefndarinnar, þ.e. frá lokum Norðurlandaráðsþings 1984 og fram yfir þingið 1985.

Frá 4. nóvember 1988 til 1. júlí 1989 gegndi Haukur Ólafsson, sendiráðunautur í utanríkisráðuneytinu, starfi staðgengils samstarfsráðherra í veikindaforföllum Jóns Júlíussonar, skrifstofustjóra skrifstofu Norðurlandamála, er hann tók við störfum á ný og jafnframt við formennsku í embættisnefnd staðgengla samstarfsráðherra Norðurlanda.

Samkvæmt fjárlögum 1989 var framlag Íslands til norrænu fjárlaganna 39.800 þús. kr., en heildarframlag á fjárlögum þess árs til skrifstofu Norðurlandamála var 51.057 þús. kr. að meðtöldum rekstrarkostnaði. Á fjárlögum ársins 1990 eru 10.819 þús. kr. ætlaðar til rekstrar skrifstofu Norðurlandamála. Framlag Íslands til Norðurlandasamstarfsins er í ár 58.010 þús. kr. og fellur nú undir greiðslur utanríkisráðuneytisins til alþjóðastofnana.

Á þessu starfsári héldu norrænu samstarfsráðherrarnir átta fundi sem hér segir: 3. mars 1989 í Stokkhólmi, 8. maí 1989 í Reykjavík, 5. júní 1989 í Thisted, 14. ágúst 1989 í Færeyjum, 22. september 1989 í Kaupmannahöfn, 14. nóvember 1989 í Maríuhöfn, 12. desember 1989 í Reykjavík og 31. janúar 1990 í Kaupmannahöfn.

2. NORRÆNU FJÁRLÖGIN

Á aukaþingi Norðurlandaráðs í Maríuhöfn hinn 14. nóvember sl. samþykkti ráðherranefndin (samstarfsráðherrarnir) fjárlagafrumvarp fyrir árið 1990. Niðurstöður norrænu fjárlaganna fyrir það ár eru 677.952.000 danskar krónur, en voru 610.868.000 fyrir árið 1989. Hækkun milli ára nemur því tæpum 11%.

Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á fjárlagagerðinni sem miða einkum að því að gera fjárlagakerfið skilvirkara og veita betri heildarsýn um hvernig fjármununum er varið og skapa bætt skilyrði til aukins aðhalds. Þá hefur verið horfið frá þeirri grundvallarviðmiðun nokkurra síðastliðinna ára að norrænu fjárlögin hækkuðu sjálfkrafa um 3% á ári að raungildi og verður framvegis einungis tekið mið af vel rökstuddum tillögum um kostnaðarhækkanir og áhersla lögð á millifærslur milli starfssviða eftir því sem tilefni gefst til.

Skipting framlaga landanna fer eftir „norræna lyklinum“ svonefndum sem hefur verið ákveðinn svo:

	1987	1988	1989	1990
Danmörk	20,5%	20,0%	20,9%	21,8%
Finnland	20,0%	20,3%	20,4%	20,7%
Ísland	0,9%	0,9%	1,0%	1,0%
Noregur	21,5%	21,5%	20,5%	19,4%
Svíþjóð	37,1%	37,3%	37,2%	37,1%

Yfirlit yfir fjárhagsáætlun fyrir árin 1989 og 1990.
(1 000 DKK.)

Samstarfssvið	Fjárlög 1989	Fjárlög 1990
Menningarmálasjóðurinn	12 048	12 650
Fjárveitingasjóður	8 128	12 113
Almenn menningarmál	58 201	62 336
Fræðslumál	25 801	40 689
Rannsóknir	69 100	76 312
Tölvutækni	39 353	–
Orkumál	10 827	9 368
Umhverfismál	18 485	26 909
Vinnumarkaðsmál	5 104	5 432
Vinnuumhverfismál	8 027	9 212
Félags- og heilbrigðismál	32 067	37 449
Jafnréttismál	2 289	2 813
Iðnaðarmál	71 611	84 121
Efnahags- og fjármál	3 578	3 736
Norræna hagstofan	2 413	2 548
Húsnæðis- og byggingamál	6 133	6 970
Viðskiptamál	13 617	15 708
Byggðamál	24 285	25 538
Samgöngumál	3 539	3 755
Umferðaröryggismál	3 700	3 937
Ferðamál	1 784	1 955
Landbúnaðarmál	19 955	21 553
Sjávarútvegsmál	3 625	5 389
Neytendamál	4 905	5 123
Matvælamál	2 293	3 324
Löggjöf	–	500
Styrkir til félagsstarfsemi	2 007	2 707
Embættismannaskipti	1 770	1 859
Varasjóður ráðherranefndar	2 035	9 861
Líftækni	15 000	24 750
Launavarasjóður	11 542	12 119
Varasjóður framkvæmdastjóra	585	806
Rekstrarkostnaður skrifstofu ráðherra-nefndarinnar	61 819	67 258
Tölvumál	4 800	2 500
Ný norræn efnahagsáætlun	60 442	76 652
Samtals	610 868	677 952

3. SKÝRSLA NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDARINNAR FYRIR ÁRIÐ 1989

Í skýrslu norrænu ráðherranefndarinnar, „Berättelse rörande det nordiska samarbetet 1989“ (C1 1989), er gerð grein fyrir starfsemi nefndarinnar það ár. Í skýrslunni er fjallað um alla þá fjölmörgu málaflokka sem formlegt samstarf ríkisstjórna Norðurlanda nær til. Hér á eftir verður greint frá ýmsum meginþáttum í starfsemi ráðherranefndarinnar árið 1989.

Þróun mála, bæði í Vestur- og Austur-Evrópu, setur í síauknum mæli svip sinn á norrænt samstarf. Auk þess frumkvæðis, sem þegar hefur verið tekið á sviði umhverfismála, er nú hugað að því á öllum starfssviðum ráðherranefndarinnar hvað Norðurlönd geti frekar gert til að styðja þær breytingar sem nú eiga sér stað í Austur-Evrópu og á hvaða sviðum samstarf megi takast.

Ráðherranefndin lét árið 1988 kanna áhrif hins fyrirhugaða innri markaðar Evrópubandalagsins á norræna samvinnu í framtíðinni. Könnunin leiddi til þess að samin var og samþykkt starfsáætlunin „Norðurlöndin í Evrópu 1989–1992“. Í þessari áætlun, sem og í skýrslunni „Öflugri Norðurlönd – Efnahagsáætlun fyrir árin 1989–1992“, sem einnig var samþykkt 1989, eru tilgreind mörg samstarfssvið þar sem ráðherranefndin mun innan ákveðins tíma vinna markvisst að því að norrænt samstarf verði með áþekkum hætti og gilda mun innan fyrirhugaðs innri markaðar Evrópubandalagsins. Í starfsáætluninni er enn fremur bent á tiltekin svið þar sem Norðurlöndin geti haft sín áhrif á myndun innri markaðarins vegna aðildar landanna að EFTA annars vegar og Evrópubandalagsins hins vegar.

Til þess að styrkja stöðu Norðurlanda gagnvart innri markaði Evrópubandalagsins hafa margar embættismannanefndir stofnað til sérstakra vinnuhópa til þess að fylgjast nánar með málefnum innri markaðarins og meta á hvaða sviðum norrænt frumkvæði væri æskilegt og gagnlegt. Hópar af þessu tagi hafa m.a. verið skipaðir til að fjalla um vinnuumhverfi, umhverfismál, neytendamál, samgöngumál og viðskiptamál.

Innan norræns samstarfs hefur verið komið á tengslum við Vestur-Evrópu á mörgum sviðum. Á grundvelli samvinnu Norræna iðnaðarsjóðsins og rannsóknasjóða landanna hafa iðnaðarráðherrarnir hrundið af stað áætlun um aukið samstarf á milli Norðurlanda og Vestur-Evrópu á sviði tækni og iðnaðar. Stofnað hefur verið til samráðs milli Evrópubandalagsins og norrænu lyfjanefndarinnar (Nordisk lægemiddelnævn), svo og hinnar Norrænu prófunarstofnunar tannlækningaefna (Nordisk institut for odontologisk materialprövning). Þá hefur stýrihópur norræns skólasamstarfs samið við framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins um upplýsingaskipti.

Í samræmi við efnahagsáætlunina hafa fjármálaráðherrarnir ákveðið að frjálsum fjármagnsmarkaði skuli komið á innan Norðurlanda, að Íslandi undanskildu, fyrir 1. júlí 1990.

Á sviði samgöngumála var hafist handa um að rýmka reglur fyrir flutningabíla sem stunda „þriðjalandsflutninga“ svo að frá 1. janúar 1993 verði allt svæðið frjáls markaður að þessu leyti. Í ráði er að draga einnig stórlega úr tálmunum á ferðum áætlunarbíla á milli Finnlands, Noregs og Svíþjóðar.

Einn liður í samstarfsáætluninni um afnám viðskiptahindrana á Norðurlöndum er sá að 1989 var gefin út ný og aukin útgáfa á bæklingnum „Framleiðslusvið með líkar reglur“.

Samningur um vinnuumhverfi var samþykktur 29. júní 1989. Samstarfsáætlun um vinnuumhverfi fyrir árin 1990–1993 hefur verið samin á grundvelli samningsins og mun hún lögð fram sem ráðherranefndartillaga á 38. þingi Norðurlandaráðs.

Norrænt samstarf á sviði umhverfismála verður stöðugt víðtækara. Árið 1989 var gerð tillaga um endurskoðun á framkvæmdaáætluninni um varnir gegn mengun sjávar. Tillögur voru lagðar fram um gerð nýrrar framkvæmdaáætlunar um varnir gegn loftmengun og framkvæmdaáætlunar um úrgang. Einnig var gerð tillaga um stofnun norræns fjárfestingarfélags sem taki þátt í fjármögnun aðgerða til umhverfisbóta í Austur-Evrópu. Tillögurnar

fjórar frá ráðherranefndinni verða lagðar fram á 38. þingi Norðurlandaráðs. Ráðherrar neytendamála hafa einnig tekið ákvörðun um að koma á norrænni umhverfismerkingu á vörur.

Eftir sex ára reynslutíma var Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (NoPEF) á árinu 1989 gerður að fastastofnun. Hann hefur þegar unnið sér fastan sess í atvinnulífinu og styrkbeiðnir námu þrefaldri þeirri upphæð sem sjóðurinn hafði til ráðstöfunar á árinu. Á árinu var stigið fyrsta skrefið til fjárfestingar á sviði umhverfismála í Austur-Evrópu.

Samkvæmt menningaráætluninni var samin starfsáætlun um norrænt tungumálasamstarf sem verður lögð fram sem ráðherranefndartillaga á 38. þingi Norðurlandaráðs.

NORDPLUS-styrkjakerfið hefur orðið til að efla mjög samstarf æðri menntastofnana. Hingað til hafa verið gerðir um 150 samstarfssamningar og um 200 stofnanir hafa tilnefnt NORDPLUS-tengiliði. NORDPLUS hefur verið vel tekið af námsmönnum. Á árinu var unnt að veita innan við helming þeirra styrkja sem sótt var um. Haustið 1989 var svonefnt „NORDPLUS-junior" sett á stofn. Sú áætlun tekur til nemenda og kennara í mennta-, fjölbrauta- og verkmenntaskólum.

Menntamálaráðherrarnir ákváðu á árinu að stofna norrænan kvikmynda- og sjónvarpssjóð til þess að styrkja gerð kvikmynda, sjónvarpsþátta og myndbandaefnis. Sjóðurinn er fjármagnaður að jöfnum hluta af ráðherranefndinni, sjónvarpsfélögum og kvikmyndastofnunum hvers lands. Á fimm ára reynslutíma getur sjóðurinn veitt árlega styrki að upphæð 45 milljónir danskra króna.

Við núverandi aðstæður er þörf á aukinni skilvirkni í starfsháttum ráðherranefndarinnar. Hún verður m.a. að geta brugðist við nýjum viðhorfum og tekið skjótar ákvarðanir varðandi þróun mála í Evrópu.

Ráðherranefndin tók upp að ýmsu leyti nýja starfshætti á árinu í samræmi við forkönnun hagræðingarstofnana landanna 1988. Vinnubrögðum nefndarinnar við gerð norrænu fjárlaganna var breytt. Kannaðir voru ýmsir liðir fjárlaganna sem fjármagnaðir eru beint af norrænu fjárlögunum til að koma á markvissari fjárlagastjórn og röðun verkefna eftir forgangi. Farið hefur verið yfir starfshætti skrifstofu ráðherranefndarinnar og skiptingu ábyrgðar til að auka samræmingu, svo og aðhald við fjármálastjórn. Einnig er hafin gagnrýnin úttekt á norrænum stofnunum, undirnefndum ráðherranefndarinnar og vinnuhópum.

4. RÁÐHERRANEFNDARTILLÖGUR

Á 38. þingi Norðurlandaráðs er gert ráð fyrir að eftirfarandi ráðherranefndartillögur verði lagðar fram:

4.1. Samningur um gagnkvæma viðurkenningu æðri menntunar.

Markmið samningsins er að koma á samnorrænum vinnumarkaði í þeim starfsgreinum þar sem forsendur ráðningar eða starfsréttinda hafa hingað til verið að viðkomandi hafi hlotið ákveðna menntun í viðkomandi landi og sé í vissum tilvikum ríkisborgari þess lands. Í tillögunni er gert ráð fyrir að það ríki, sem viðurkenna á menntun umsækjanda frá öðru norrænu landi, geti í vissum tilvikum gert kröfu um starfsreynslu eða viðbótarmenntun. Samþykkt tillögunnar íþyngir ekki norrænu fjárlögunum, en hún getur haft í för með sér kostnað vegna lagabreytinga sem kann að verða þörf á til þess að fullnægja ákvæðum samningsins.

4.2. Norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfismála.

Tillaga ráðherranefndarinnar felur m.a. í sér að stofnað verði samnorrænt fjármögnunarfélag sem leggi til hlutafé og/eða áhættulán í sameignarfyrirtæki eða annars konar samstarf um framleiðslu á búnaði til umhverfisverndar í Austur-Evrópu eða þjónustu á því sviði. Lagt er til

að stofnfé fyrirtækisins verði 36 milljónir SDR. Tillagan hefur annars vegar að geyma drög að norrænum samningi um stofnun norræns fjármögnunarfélags á sviði umhverfismála og hins vegar tillögu að samþykktum um starfsemi þess. Af þessum sökum var tillagan send til athugunar hjá utanríkisráðuneytum ríkjanna og sérfræðingum þeirra um alþjóðasamninga. Lagt er til að ríkin greiði árlega 6 milljónir SDR á sex árum til fjármögnunarfyrirtækisins sem skiptist í samræmi við „norræna lykilinn".

4.3. Víkkun lánaramma verkefnalána Norræna fjárfestingarbankans.

Árið 1982 var stofnaður í Norræna fjárfestingarbankanum sérstakur lánaflokkur fyrir svokölluð verkefnalán (projektexportlån) sem bankinn gæti veitt til þróunarlanda og ríkisviðskiptalanda Austur-Evrópu. Heildarlánsheimildin var í fyrstu 350 milljónir SDR en var síðan hækkuð 1986 í 700 milljónir SDR með samþykki norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs. Nú er fyrirsjáanlegt að þessi lánsheimild verður fullnýtt á næsta ári. Bankaráðið samþykkti því á fundi sínum 14. september sl. tillögu til ráðherranefndarinnar um að lánsheimildin skuli enn tvöfölduð og verða 1400 milljónir SDR. Jafnframt var lagt til, með hliðsjón af fenginni reynslu, að aðeins 30% af upphæð hvers verkefnaláns í stað heildarupphæðar yrðu dregin frá heimildarupphæðinni meðan lánið er ekki frágengið því að algengt er að ekkert verði úr fyrirhuguðum viðskiptum af þessu tagi.

Fyrirsjáanlegt er að bankinn verður að hætta frekari lánveitingum af þessu tagi þegar á næsta ári ef ekki fæst hækkun á lánsheimild vegna verkefnalána. Hins vegar er áætlað að verði umbeðin hækkun samþykkt þurfi bankinn ekki að sækja um frekari hækkun fyrr en haustið 1993. Á sama hátt hefur verið áætlað að hækkun um 350 milljónir SDR endist til haustsins 1991 og 500 milljónir SDR til haustsins 1992.

4.4. Stefnumörkun norræna vísindaráðsins (FPR).

Í samræmi við samþykktir ráðsins gefur norræna vísindaráðið ráðherranefndinni skýrslu um starfsemina á þriggja ára fresti. Á fundi 31. október sl. gekk ráðið frá tillögu um stefnu fyrir árin 1990–1992. Í tillögunni eru eftirfarandi meginatriði:

— norræn verkaskipting,
— fjármögnun og skipulagning norrænna rannsókna og þróunarstarfs,
— upplýsingamiðlun um rannsóknir og samskipti á sviði vísinda,
— Norðurlönd í alþjóðasamstarfi um rannsóknir og þróunarstörf, þar á meðal norrænt samstarf á sviði rannsóknarbúnaðar.

Auk þess er lagt til að ráðherranefndin marki stefnu varðandi norræna rannsóknaráætlun á sviði umhverfismála og samstarfsáætlun um rannsóknir Norðurheimskautsins.

Áður en hafist verður handa um gerð þessara áætlana er ekkert hægt að segja um hvaða áhrif tillögur vísindaráðsins kunni að hafa á fjárlög ráðherranefndarinnar.

4.5. Framkvæmdaáætlun um norrænt tungumálasamstarf 1990/1991–1995.

Áætlunin kveður á um aðalatriði í norrænni tungumálastefnu til þess að efla tungumálasamstarf milli Norðurlanda. Þar eru einnig leiðbeiningarreglur um þýðingar í norrænu samstarfi. Áætlunin felur í sér ákveðnar aðgerðir, bæði Norðurlanda í heild, einstakra landa, svo og sveitarfélaga, og á öllum skólastigum.

4.6. Breyting á reglugerð menningarmálasjóðsins.

Lagt er til að sjálfsstjórnarsvæðin þrjú fái til skiptis einn fulltrúa í stjórn sjóðsins. Tillagan var samþykkt í ráðherranefnd menningarmála hinn 27. nóvember 1989.

4.7. Samstarfsáætlun um vinnuumhverfi.

Í áætluninni „Betra vinnuumhverfi á Norðurlöndum" samkvæmt Norðurlandasamningi um vinnuumhverfi, sem var undirritaður í júní 1989, er stefnt að því að koma samstarfi á árunum 1990–1993 í fastar skorður. Í áætluninni er lögð áhersla á nauðsyn þess að einstaklingum í atvinnulífinu sé betur sinnt og þá frá mörgum sjónarmiðum. Því sé mikilvægt að samstarf sé milli þeirra aðila sem hlut eiga að máli. Einnig er lögð áhersla á nauðsyn þess að kanna áhrif þeirrar þróunar sem orðið hefur innan EFTA og EB. Þetta á ekki hvað síst við um gerð alþjóðlegra staðla. Kynnt er hugmynd um hvernig Norðurlönd geti komið sameiginlega fram á þessu sviði. Í áætluninni er einnig lagt til að eftirlit verði hert og norrænt samstarf eflt á sviði vinnuumhverfisrannsókna.

Ekki er gert ráð fyrir að samstarfsáætlunin leiði til verulegra útgjalda á þessum þætti fjárlaga. Fyrirhugaðar aðgerðir eiga að koma til framkvæmda í þrepum á fjórum árum samhliða breytingum á núverandi starfsemi. Til að ná fullum árangri er þó talið að þátttaka í gerð alþjóðlegra staðla verði kostnaðarsamari en reiknað hefur verið með.

4.8. Framkvæmdaáætlun um úrgang.

Tillaga ráðherranefndarinnar er tvíþætt, annars vegar um tækni, sem stuðlar að bættu hreinlæti og meiri tillitssemi við umhverfið, en hins vegar um betri frágang á úrgangi og aukna endurvinnslu. Hér er um að ræða tillögur um norrænt samstarf um eyðingu efna og úrgangs sem mengar umhverfið, efnageymslur, tækni við söfnun og meðferð úrgangs, svo og öflun markaða fyrir endurunnin efni.

Fjárþörfin til samnorrænna framkvæmda samkvæmt þessu nemur 15 milljónum danskra króna á fimm ára tímabili.

4.9. Framkvæmdaáætlun um varnir gegn mengun sjávar.

Í tillögu ráðherranefndarinnar um framkvæmdaáætlun um varnir gegn mengun sjávar eru settar fram tillögur um ráðstafanir til mengunarvarna sjávar og mörkun stefnu í þeim efnum. Sú mengun, sem sérstaklega er nefnd, stafar frá næringarsöltum, málmum og lífrænum efnum.

Fjárþörfin til samnorrænna framkvæmda á þessu sviði var í fyrri áætlun um varnir gegn mengun sjávar, samþykktri í janúar 1989, talin nema 14 milljónum danskra króna næstu þrjú árin.

4.10. Framkvæmdaáætlun um varnir gegn loftmengun.

Tillaga ráðherranefndarinnar um framkvæmdaáætlun um varnir gegn loftmengun er rammaáætlun sem m.a. felur í sér markmið, leiðir og ráðstafanir til að sporna við loftmengun. Í áætluninni eiga m.a. að koma fram sjónarmið Norðurlanda á alþjóðavettvangi, þar sem ræddar verða ráðstafanir til að draga úr loftmengun.

Samkvæmt áætluninni á að skipuleggja aðgerðir til að draga úr útblæstri gastegunda sem hafa áhrif á andrúmsloftið. Langtímamarkmið er að útblástur verði ekki meiri en svo að andrúmsloftið verði vel viðunandi. Varðandi svæðisbundna loftmengun felur áætlunin einnig í sér aðgerðir sem stuðla að því að náttúrunni verði ekki ofboðið.

Fjárþörfin til norrænna framkvæmda á þessu sviði nemur um 7 milljónum danskra króna árið 1990, 8,6 milljónum 1991 og 8,9 milljónum 1992. Árið 1989 var veitt um 5,9 milljónum danskra króna í þessu skyni.

4.11. Samstarfsáætlun um byggðamál.

Tillagan felur í sér að samvinna Norðurlanda um byggðamál verði á næstu árum fyrst og fremst fólgin í eftirfarandi:

— að koma á nýjum samskiptaleiðum milli landshluta (svæða) á Norðurlöndum,
— að leggja vaxandi áherslu á aukna þekkingu, svo og miðlun upplýsinga og reynslu,
— að auka samstarf milli þeirra samfélagsþátta, sem hafa mikil áhrif á þróun landshluta (svæða),
— að auka norræna þátttöku á alþjóðavettvangi,
— að auka sameiginlegar stuðningsaðgerðir í byggðamálum, enda verði þær í stórum dráttum í samræmi við sjónarmið sem sett voru fram með Norræna þróunarsjóðnum fyrir hin vestlægu Norðurlönd og byggðalánadeild Norræna fjárfestingarbankans.

Hér er um að ræða rammaáætlun, en við bætast framkvæmdaáætlanir um aðgerðir á vissum sviðum, þ.e. um málefni landamærasvæða.

Forsenda fyrir framkvæmd áætlunarinnar í heild er sú að auknu fjármagni verði veitt í þessu skyni, bæði í viðkomandi löndum og á norrænu fjárlögunum. Nánari grein fyrir fjármagnsþörf verður gerð þegar ákveðnar aðgerðir verða kynntar.

4.12. Framkvæmdaáætlun um landbúnaðarmál og skógnytjar.

Í tillögunni er gengið út frá því að meiri áherslu verði að leggja á mál sem taka til fleiri málaflokka, bæði innan einstakra landa og Norðurlanda í heild. Þetta á sérstaklega við um samstarfið í umhverfismálum og aðlögun að aðstæðum á alþjóðavettvangi. Í tillögunni um endurskoðun framkvæmdaáætlunarinnar eru talin upp 11 samstarfssvið umhverfismála og landbúnaðar- og skógnytjamála. Einnig er lögð áhersla á aukið samstarf á sviði stjórnsýslu um afnám viðskiptahindrana á þessu sviði. Þá skal tekið tillit til samræmingar innan EFTA og á alþjóðavettvangi, svo og væntanlegra reglna um innri markað Evrópubandalagsins.

Samstarfi á sviði erfðafræði á að sinna í auknum mæli. Gera skal áætlun um afstöðu Norðurlanda til alþjóðlegra aðgerða til að vernda erfðastofna húsdýra og plantna. Norræna samstarfinu um genbanka á að koma á fastan grundvöll.

Embættismannanefnd landbúnaðarmála áætlar að megnið af nýjum liðum framkvæmdaáætlunarinnar megi framkvæma innan ramma 2 milljóna danskra króna fjárhagsáætlunar. Þar af renna 1,2 milljónir danskra króna til umhverfismála landbúnaðarins og 0,8 milljónir danskra króna til samstarfs á sviði erfðafræði og samræmingar eftirlits.

5. STARFSEMI NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDARINNAR

Undir forustu samstarfsráðherranna var aðalverkefni norrænu ráðherranefndarinnar 1989 að efla þann hluta norræns samstarfs sem snýr að Evrópu. Starfsáætlunin „Norðurlönd og Evrópa 1989–1992", sem felur í sér ákveðin aðlögunarmarkmið með föstum tímamörkum, var staðfest 19. júní sl. Þessari áætlun var veittur forgangur á fjárlögum og fjármögnun er tryggð. Áætluninni er stöðugt fylgt eftir og fyrsta áfangaskýrslan verður lögð fram á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík.

Samstarfsráðherrarnir og staðgenglanefnd þeirra hafa unnið að því að bæta starfshætti ráðherranefndarinnar. Norrænar hagræðingarstofnanir lögðu fram skýrslu um forkönnun á skipulagi ráðherranefndarinnar í janúar 1989. Á grundvelli skýrslunnar hefur ráðherranefndin m.a. kannað áhrif ályktana, sem gerðar hafa verið, á fjárlögin þegar til lengri tíma er litið, breytt vinnureglum við fjárlagagerð, farið yfir álitamál varðandi norrænar stofnanir, svo og kannað hlutverk staðgengla samstarfsráðherranna. Starfshættir og starfslýsingar innan skrifstofu ráðherranefndarinnar hafa verið til endurskoðunar. Reglum um birtingu skjala hefur verið breytt á þann veg að nú getur framkvæmdastjóri kynnt skjöl og tillögur

opinberlega áður en slíkt kemur til meðferðar í þeim stofnunum sem taka ákvörðun. Áður höfðu samstarfsráðherrar sett á stofn nefnd til að gera grein fyrir hvernig staðið er að ákvarðanatöku í ráðherranefndinni.

Eins og ráð hafði verið fyrir gert staðfestu fjármálaráðherrar Norðurlanda skýrsluna „Öflugri Norðurlönd – Efnahagsáætlun 1989–1992" að loknu síðasta þingi Norðurlandaráðs. Samkvæmt ákvörðun ráðherranefndar munu og samstarfsráðherrarnir fylgjast með og fylgja eftir framkvæmd áætlunarinnar.

Fimm ára framkvæmdaáætlun á sviði tölvutækni lauk samkvæmt áætlun á árinu 1989. Nokkrum verkefnum er haldið áfram og gera skal úttekt á árangri sem náðst hefur.

Samstarfsráðherrarnir lögðu tvær tillögur ráðherranefndarinnar fyrir 37. þing Norðurlandaráðs í Stokkhólmi. Eftir afgreiðslu ráðsins hafa Norðurlönd undirritað samninginn um almannaskráningu og ráðherranefndin hefur staðfest norrænu ferðamálaáætlunina.

5.1. Starfssvið samstarfsráðherranna.

Samstarfsráðherrarnir annast samhæfingu og forgangsröðun málaflokka. Þeir ákveða hvernig hagað skuli meðferð mála sem taka til fleiri samstarfssviða og þeir úrskurða í málum sem lúta að grundvallaratriðum norræns samstarfs. Samstarfsráðherrarnir sjá um gerð norrænu fjárlaganna og annast alla upplýsingamiðlun. Hafi annað ekki verið ákveðið annast samstarfsráðherrarnir mál sem taka yfir fleiri málaflokka en einn. Þeir taka formlegar ákvarðanir fyrir hönd ráðherranefndarinnar í þeim málum þar sem viðkomandi fagráðherrar mynda ekki sérstaka ráðherranefnd. Samstarfsráðherrarnir hafa þannig tekið formlegar ákvarðanir um líftækni, tölvutækni, matvælamál og þróunaraðstoð.

Samstarfsráðherrarnir annast einnig málefni Norræna fjárfestingarbankans.

Staðgenglanefndin er samstarfsráðherrunum til aðstoðar í öllum almennum málum. Skrifstofur staðgengla eru tengiliðir ráðherranefndarinnar og ríkisstjórnanna. Þeim er ætlað að samhæfa störf embættismannanefnda í hverju landi og sjá til þess að ákvörðunum samstarfsráðherranna sé framfylgt.

5.2. Bættir starfshættir ráðherranefndarinnar.

Í september 1988 létu staðgenglarnir norrænar hagræðingarstofnanir gera ítarlega könnun á hlutverki ráðherranefndarinnar og skrifstofum ráðherranefndar og störfum þeirra hvað snertir:

— fjármagnsnýtingu miðað við markmið og verkefni,
— verkaskiptingu og skipulagningu starfseminnar.

Hagræðingarstofnanir í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð tóku þátt í athuguninni. Niðurstaða forkönnunarinnar var lögð fram í janúar 1989 og fól í sér 19 tillögur um bætta starfshætti. Þær tillögur, sem aðaláhersla var lögð á, hafa að aðalmarkmiði að afmarka betur ábyrgð og verkaskiptingu, bæta stjórn stofnana og innleiða markmiðs- og afkastahvetjandi stjórnunarform á öllum stigum starfseminnar. Samstarfsráðherrarnir eru sammála um að skýrslan staðfesti skoðun þeirra að unnt sé að auka skilvirkni, einfalda undirbúning mála og leysa mál skjótar en áður með betri nýtingu starfsmanna og fjármagns.

5.3. Skrifstofa ráðherranefndarinnar.

Í skýrslunni um bætta starfshætti segir að forsenda þess, að störf ráðherranefndarinnar beri góðan árangur, sé að skrifstofan leysi verkefni sín vel af höndum. Séu störf skrifstofunnar ekki markviss bitni það á öðrum hlutum starfseminnar. Í skýrslunni er gerð tillaga um áætlun sem miðar að því að tengja mismunandi þætti betur saman og afmarka ábyrgð og hlutverk inn á við og út á við.

Á grundvelli þessara tillagna er unnið að því á skrifstofunni að endurskipuleggja starfsemina. Í áætluninni verður gerð grein fyrir þeim forsendum og því skipulagi sem til þarf, svo að skrifstofan geti skjótt og á árangursríkan hátt leyst þau verkefni af hendi sem ráðherranefndin felur henni.

Á skrifstofunni er einnig unnið að hugmyndum um bætta stjórn og heildarathugun á hæfni starfsmanna.

5.4. Norðurlönd og Evrópa.

Í framhaldi af því frumkvæði, sem tekið var 1988, hafa málefni Evrópu skipt meginmáli í starfsemi ráðherranefndarinnar 1989. Á þessu sviði hefur um leið tekist árangursrík samvinna við Norðurlandaráð.

Fyrir 37. þing Norðurlandaráðs í Stokkhólmi lagði ráðherranefndin fram skýrslu sína „Norðurlönd og Evrópa II". Í þessari skýrslu var fylgt eftir fyrri skýrslu „Norðurlönd og Evrópa I" frá því í maí 1988 og gerð grein fyrir árangri af norrænu samstarfi á fjölda mikilvægra sviða sem Evrópumálin hafa leitt af sér fyrir störf nefndarinnar. Í skýrslunni er einnig lýst þróuninni innan Evrópubandalagsins, innan EFTA/EB-samstarfsins og innan einstakra ríkja Norðurlanda.

Hlutverk formlegs norræns samstarfs er skilgreint sem „verkstæði" eða „hugmyndabanki". Gagnvart Evrópubandalaginu er höfuðáhersla lögð á samvinnu EFTA og EB.

Í skýrslunni er tveimur aðalatriðum norræns samstarfs á þessu sviði lýst svo:

Í fyrsta lagi að styrkja Norðurlöndin inn á við, þannig að norrænt atvinnulíf og Norðurlandabúar geti sem best hagnýtt sér þann samruna sem nú er unnið að í Evrópu. Hér er fyrst og fremst átt við Norðurlönd sem heimamarkað, norrænan samgöngumarkað, norræna menningarsamkennd og réttindi Norðurlandabúa.

Í öðru lagi að auka hlutverk og áhrif Norðurlanda út á við í Evrópu og þá sérstaklega gagnvart Evrópubandalaginu, á þeim sviðum þar sem þau standa framarlega. Meginþættir eru að þessu leyti á sviði umhverfis-, vinnuumhverfis- og neytendaverndar.

Í skýrslunni er þess getið að á ákveðnum sviðum, t.d. í samgöngumálum, komi til mála að leggja grunndrög að beinum norrænum samningaviðræðum við Evrópubandalagið eins og gert var í byrjun árs 1989. Lögð er þung áhersla á samstillingu bæði innbyrðis á milli Norðurlanda og út á við gagnvart EFTA og EB.

Í framhaldi af þingi Norðurlandaráðs, þar sem aðalumræðuefnið var viðhorfið til samruna Evrópu og þá sérstaklega innri markaðar Evrópubandalagsins, samdi ráðherranefndin starfsáætlunina „Norðurlönd í Evrópu 1989–1992" sem var staðfest 19. júní 1989. Hér var ekki síst orðið við óskum Norðurlandaráðs um heildaráætlun með skýrum markmiðum og tímasetningu um þann hluta norræns samstarfs sem lýtur að sameiningu Vestur-Evrópu. Í áætluninni er lögð áhersla á að fjármögnun þeirra aðgerða, sem þar eru nefndar, verði tryggð með því að þær fái forgang á gjaldaliðum einstakra málaflokka.

Starfsáætlunin tekur í heild til 82 sviða og fylgir í einstökum hlutum sama skipulagi og „Norðurlönd og Evrópa II", þ.e. aðalkaflarnir eru sjö:

— Norðurlönd sem heimamarkaður,
— norrænn samgöngumarkaður,
— norræn menningarsamkennd,
— réttindi Norðurlandabúa, þar á meðal vinnumarkaður,
— umhverfismál,
— vinnuumhverfismál,
— neytendamál, þar á meðal matvælamál.

Við þetta er bætt sérstökum kafla um upplýsingamiðlun í Evrópulöndum um Norðurlönd og norræna samvinnu.

Í starfsáætluninni er á hverju sviði tekið fram hvaða samstarfsaðili sé ábyrgur fyrir framkvæmd, að tímamörk verði haldin, hvernig séð verði fyrir fjármögnun og loks hvort til þurfi að koma sérstakar aðgerðir í einstökum löndum til þess að settu markmiði verði náð.

Ráðherranefndin vekur jafnframt athygli á því að vegna starfa nefndarinnar verði þegar fyrir árslok 1989 þörf á að ákveða nánar markmið og leiðir á fjölda sviða. Enn fremur er bent á að þróunin bæði á Norðurlöndum og í Evrópu sé nú svo hröð að þörf sé á stöðugum viðbótum og lagfæringum á skýrslunni.

Fyrir 38. þing Norðurlandaráðs í Reykjavík 1990 verður fyrsta áfangaskýrslan lögð fram. Þar verður gerð grein fyrir nýjustu þróun mála á Norðurlöndum og í EFTA/EB. Í áfangaskýrslunni hefur verið unnt að taka tillit til sjónarmiða varðandi Evrópumálin sem komu fram í lokaskýrslu alþjóðanefndar Norðurlandaráðs frá 13. september 1989 og umræðum á aukaþingi Norðurlandaráðs í Maríuhöfn 14. nóvember 1989.

5.5. Efnahagsáætlunin „Öflugri Norðurlönd".

Á fundi í júní 1987 ákváðu fjármálaráðherrar Norðurlanda að semja nýja efnahagsáætlun fyrir Norðurlönd sem skyldi vera framhald á fyrri áætlun, „Norðurlönd í vexti". Sérstakur vinnuhópur samdi áætlunina sem ráðherranefndin samþykkti að leggja fyrir 37. þing Norðurlandaráðs í Stokkhólmi. Á fundinum mælti Norðurlandaráð með því að ráðherranefndin staðfesti og hrinti nýrri efnahagsáætlun í framkvæmd. Það var gert 30. mars 1989.

Heildarmarkmið efnahagsáætlunarinnar er að bæta skilyrði fyrir jafnri hagþróun á Norðurlöndum með því að auka samruna hagkerfa þeirra og að styrkja stöðu Norðurlandanna út á við. Markmiðin þrjú, að þróa „norræna líkanið", að efla Norðurlöndin sem heimamarkað, svo og að kanna hvernig bregðast skuli við þróun innri markaðar Evrópu, hafa skapað fjölda verkefna á mörgum nýjum samstarfssviðum á árunum 1989–1992. Nokkur þessara verkefna eru nánar útfærð í áætluninni „Norðurlönd í Evrópu" og að því leyti falla áætlanirnar tvær saman.

Framkvæmd á tillögum í skýrslunni „Öflugri Norðurlönd" er hafin á öllum sviðum. Verkefnin eru kynnt í köflum viðkomandi málaflokka. Í áætluninni er einnig gert ráð fyrir lánum Norræna fjárfestingarbankans til fjárfestinga á sviði umhverfismála. Um reynsluna af þessari lánafyrirgreiðslu vísast til ársskýrslu bankans. Unnið er að mörgum þáttum áætlunarinnar. Sérstaklega hafa umsvifin verið mikil hvað varðar mál fjármagnsmarkaðarins. Ráðherranefndin hefur sett sér það markmið að leggja niður síðustu takmarkanir á flutningi fjármagns milli landanna í síðasta lagi 1. júlí 1990. Þessi tímasetning á þó ekki við um Ísland.

5.6. Tölvutækni.

Árið 1989 lauk norrænu fimm ára framkvæmdaáætluninni á sviði tölvutækni. Á aukaþingi Norðurlandaráðs í Maríuhöfn 13.–15. nóvember 1989 var lögð fram og rædd úttektarskýrsla óháðs aðila á þeim hluta áætlunarinnar sem Norræni iðnaðarsjóðurinn bar ábyrgð á, svo og lokaskýrsla sem samin var af ráðgjafarnefndinni um tölvumál (RU-DATA). Í heildaráliti um áætlunina segir ráðgjafarnefndin að „aðgerðir á öðrum forgangssviðum tölvuáætlunarinnar hafi verið til hagsbóta fyrir marga málaflokka og verði um langan tíma mikilvægar á ýmsum sviðum í norrænu samstarfi, en eftir sé að meta árangurinn á ýmsum sviðum. Hversu vel markmiðum hefur verið náð verður ekki ljóst fyrr en í væntanlegri úttekt."

5.7. Líftækni.

Starf ráðherranefndarinnar á sviði líftækni tengist Norrænu samstarfsáætluninni um líftækni 1988–1992 sem hefur að markmiði að bæta skilyrði til að nýta líftækni á hinum ýmsu sviðum og auka þannig samkeppnishæfni norræns atvinnulífs. Fyrsta starfsár áætlunarinnar er 1989 því að árið 1988 telst undirbúningsár.

Til verkefna áætlunarinnar hafa verið til ráðstöfunar samtals 27,5 milljónir danskra króna á starfsárinu. Upphæðin skiptist svo: Norræn líftækninefnd sem ber ábyrgð á heildarsamræmingu, 4 milljónir, norræna landbúnaðar- og skógnytjanefndin (NÄJS) 6,7 milljónir og rúmar 14 milljónir til Norræna iðnaðarsjóðsins. Að auki notar sjóðurinn 15 milljónir af eigin fjárhagsáætlun til verkefna á sviði líftækni. Um ráðstöfun á þessum fjármunum vísast til ársskýrslu Norræna iðnaðarsjóðsins 1989.

Á landbúnaðarsviðinu hafa NÄJS/NKJ notað um 1,5 milljón til samstarfsverkefna á sviði líftækni er tengist plöntum og húsdýrum og varið hefur verið álitlegum upphæðum til námskeiða fyrir vísindamenn, til styrkja, málþinga og annarra ráðstefna.

Meginhlutverk Norræna iðnaðarsjóðsins í sambandi við samstarfsáætlunina tekur til rammaáætlana á mikilvægum sviðum líftækni. Framkvæmd áætlana er sameiginlega í höndum fyrirtækja og rannsóknastofnana á viðkomandi sviði og hver áætlun hefur stýrihóp frá norrænum iðnaði.

Nú er hafin framkvæmd rammaáætlana á neðangreindum sviðum. Fyrir hverja áætlun er tilgreind heildarfjárhagsáætlun fyrsta árs. Framlög Norræna iðnaðarsjóðsins eru innan sviga og upphæðirnar eru í milljónum norskra króna:

— verkfræði prótína 8,0 (4,0),
— ræktunar- og framleiðslutækni 4,3 (2,2),
— líftækni í þágu umhverfismála um 17 (3,0),
— líftækni í matvælaiðnaði 10,5 (3,0),
— hita- og kuldakærar örverur og ensím þeirra 6,6 (3,0),
— líftækni plöntufruma um 7 (2,0).

Síðastnefnda áætlunin er unnin í samvinnu við NÄJS/NKJ. Auk rammaáætlana hefur Norræni iðnaðarsjóðurinn styrkt 12 ráðstefnur og aðra skylda starfsemi á Norðurlöndum.

Á öðrum samstarfssviðum hefur áætlunarnefndin styrkt mörg verkefni á sviði fiskeldis, matvælamála, umhverfismála og erfðatækni í formi vísindanámskeiða, styrkja og gestafyrirlestra. Á þessu sviði hefur verið tekin ákvörðun um að styðja tvö stærri samstarfsverkefni til lengri tíma og var ráðgert að bæði hæfust fyrir árslok. Annars vegar er um að ræða hættu á umhverfisspjöllum frá örverum með breyttum litningum og hins vegar lífræna hreinsun niturs úr skolpi. Til hvors þessara verkefna er veitt 1,5 milljón danskra króna á fyrsta ári og tekin hefur verið ákvörðun um að veita sömu upphæð á hverju ári út áætlunartímann.

Í samræmi við samstarfsáætlunina um líftækni hefur verið sett á stofn norræn siðfræðinefnd. Nefndin, sem er umsagnaraðili á sviði líftækni, hóf störf 1989. Nefndin býr yfir víðtækri þekkingu. Í henni eiga sæti vísindamenn á ýmsum sérsviðum, svo sem heimspeki, læknisfræði og dýralæknisfræði.

Nefndin hefur sett sér eftirfarandi bráðabirgðamarkmið:

— söfnun og úrvinnslu efnis sem má leggja til grundvallar umræðu um siðfræðileg efni á sviði líftækni á Norðurlöndum,
— að meta möguleika á samræmingu siðareglna á sviði rannsókna og nýtingar líftækni á Norðurlöndum,
— að leggja fram siðfræðilegt mat á áhættuþáttum líftækni.

5.8. Neytendamál.

Norræna embættisnefndin um neytendamál sinnti ýmsum verkefnum á árinu 1989. Í neytendamálum á norrænt samstarf sér aðallega stað að því er varðar:

— öryggi neytenda,
— fjárhagslega og lagalega hagsmuni neytenda,
— neytendafræðslu og neytendaupplýsingar,
— áhrif neytenda.

Á árinu tók ráðherranefndin ákvörðun um að koma á frjálsri norrænni umhverfismerkingu á vörur. Framleiðendur og innflytjendur geta nú fengið norrænt umhverfismerki á vörur sínar uppfylli þær ákveðin skilyrði. Norræn nefnd vinnur nú að því að hrinda þessari ákvörðun í framkvæmd. Önnur forgangsmál á árinu vörðuðu vöruöryggi, tölvumál, sjónvarpsauglýsingar, greiðsluerfiðleika neytenda og vandamál tengd fjármagnsþjónustu.

Ráðherranefndin hefur staðfest nýju samstarfsáætlunina um neytendamál. Í áætluninni er sérstök áhersla lögð á þróunina í sambandi við innri markað Evrópubandalagsins, öryggi vöru og þjónustu, staðla, fjármagnsþjónustu og þróun fjölmiðla.

Neytendamálasvið hefur tekið fullan þátt í framkvæmd vinnuáætlunarinnar „Norðurlönd og Evrópa 1989–1992". Á árinu gaf sérstök EB-vinnunefnd skýrslu um starf sitt og með henni var lagður grundvöllur að áframhaldandi starfi embættismannanefndarinnar að málum sem lúta að Evrópubandalaginu. Vinna nefndarinnar beindist aðallega að eftirfarandi þáttum: öryggi framleiðsluvöru, öryggi leikfanga, hættulegum framleiðslueftirlíkingum, greiðslukortum, hópferðum og áhrifum neytenda á staðla.

Árið 1989 tók Ísland virkari þátt í norrænu neytendasamstarfi en undanfarin ár. Sóttir voru fundir, málþing, námskeið og ráðstefnur. Komið hefur í ljós að okkur skortir löggjöf á ýmsum sviðum er snerta neytendur og er í athugun hvernig úr því megi bæta.

5.9. Matvælamál.

Í sumum löndum Vestur-Evrópu hefur orðið víðtæk breyting á opinberri stjórn á sviði matvælamála og í öllum löndunum eru könnuð áhrif aðlögunarinnar að innri markaði Evrópubandalagsins. Á árinu var norrænu samstarfi á sviði matvæla- og næringarmála komið á fastan grundvöll og stofnuð var sérstök embættismannanefnd (EK-LIVS). Samstarfsáætlun hefur verið gerð fyrir árin 1988–1992. Samstarfsverkefni matvælamála ná til þriggja aðalþátta: fæðu og næringar, eiturefnafræða matvæla, svo og áhættumats og matvælaeftirlits. Til umfjöllunar 1989 voru m.a. atriði eins og afnám viðskiptahindrana, Norðurlönd og Evrópubandalagið, eftirlit með kjöti, geislun matvæla, aðferðir við að mæla tilvist Listería-gerla og neysluvatnsmál.

5.10. Samstarf á sviði jafnréttismála.

Norrænt samstarf um jafnréttismál hófst á vegum ráðherranefndarinnar 1974. Norræna embættismannanefndin um jafnréttismál er skipuð einum fulltrúa frá hverju Norðurlandanna.

Samstarfið á sviði jafnréttismála 1989 mótaðist að miklu leyti af framkvæmdaáætluninni um norræn jafnréttismál 1989–1993. Í áætluninni er höfuðáhersla lögð á þátt kvenna í hagvexti og tækifæri kvenna og karla til að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Framkvæmdaáætlunin tekur til um 20 verkefna sem eiga að vera komin til framkvæmda 1993. Byrjað var á einu verkefnanna, þ.e. „Þróun tölfræðiupplýsinga á sviði jafnréttismála", áður en áætlunartímabilið hófst. Stærst þessara nýju verkefna er fimm ára úttektarverkefni, „Jöfn laun karla og kvenna á Norðurlöndum". Forkönnun var gerð 1989 og hún liggur til grundvallar aðalúttektinni sem hefst í ársbyrjun 1990. Ætlunin er að gefa út árlega næstu fjögur árin skýrslur um samanburð og rannsóknir á launamyndun, notkun tölfræðiupplýsinga og löggjöf er varðar laun á Norðurlöndum. Málþing um „Karlmenn og jafnrétti" og „Fjárhagslegar afleiðingar vegna skiptingar á launuðum og ólaunuðum störfum" voru haldin haustið 1989, en þriðja málþingið, „Barnagæsla á vegum hins opinbera", sem er líka hluti af framkvæmdaáætluninni 1989, verður haldið 1990.

Eftirfarandi verkefnum, sem hófust fyrir 1989, lauk á árinu: BRYT-verkefnið, ráðning fleiri kvenna til starfa að tölvumálum, sambúð á Norðurlöndum, múslímskar konur á Norðurlöndum. BRYT-verkefnið hefur verið í gangi síðan 1985 og starfsemin hefur verið

mikil. Í árslok var haldin á Íslandi lokaráðstefna BRYT-verkefnisins, „Brjótum múrana", eins stærsta norræna jafnréttisverkefnis til þessa. Að BRYT-verkefninu hefur verið unnið í fjögur ár og viðfangsefnið er hinn kynskipti vinnumarkaður. Einstök sveitarfélög eða svæði voru valin til að reyna að hafa áhrif á vinnumarkaðinn og jafnframt skólastarf. Akureyri varð fyrir valinu á Íslandi. Valgerður H. Bjarnadóttir var verkefnastjóri. Verkefnið hefur að mestum hluta verið kostað af norrænu ráðherranefndinni. Innan ramma verkefnisins hafa verið gefnar út 36 skýrslur.

Auk áðurnefndra verkefna voru 1989 einnig athugaðar forsendur fyrir nýju norrænu kvennaþingi.

Ísland hefur tekið fullan þátt í öllum stærri verkefnum á sviði norrænna jafnréttismála á árinu 1989.

5.11. Samstarf á sviði menningarmála og fjölmiðlunar.

Samkvæmt norræna menningarmálasamningnum tekur samstarfið til þeirra markmiða sem menningarmálastefna Norðurlanda felur í sér. Samstarfið nær og til sameiginlegrar þátttöku á alþjóðavettvangi.

Fagnefndir, sem settar voru á stofn 1. janúar 1989, hafa haft miklu hlutverki að gegna á sviði almennra menningarmála hvað snertir samstarf á sviði kvikmynda, tónlistar, bókmennta, myndmennta, leik- og danslistar. Í fagnefndum norrænu ráðherranefndarinnar eiga sæti fulltrúar viðkomandi listasviða. Fulltrúar ráðuneyta landanna eiga sæti í stýrihópum ráðherranefndarinnar um menningar- og fjölmiðlunarsamstarf og um samnorræna menningarmiðlun erlendis.

Á fundi ráðherranefndar menningar- og menntamála 27. nóvember 1989 voru staðfestar reglur um norrænan kvikmynda- og sjónvarpssjóð sem taka á til starfa í ársbyrjun 1990. Samkvæmt stofnsamningi verður sjóðurinn sjálfseignarstofnun með aðild ráðherranefndar Norðurlanda (menntamálaráðherranna) og norrænna sjónvarps- og kvikmyndastofnana. Íslenskir samstarfsaðilar ráðherranefndarinnar eru Ríkisútvarpið, Stöð 2 og Kvikmyndasjóður Íslands. Hlutverk sjóðsins er að styrkja gerð norrænna kvikmynda og sjónvarpsefnis og stuðla að dreifingu norrænna kvikmynda um öll Norðurlönd. Sjóðurinn á að fá 45 milljónir danskra króna til ráðstöfunar ár hvert (miðað við verðlag 1990) samkvæmt stofnsamningnum sem gildir fyrst um sinn í fimm ár. Ráðherranefndin stendur straum af þriðjungi fjárframlaganna, sjónvarpsstofnanirnar greiða sameiginlega þriðjung og kvikmyndastofnanirnar í sameiningu þriðjung.

5.12. Menntamál.

Í menntamálasamstarfinu er lögð aðaláhersla á markmið menntunarinnar, innihald og aðferðir, skipulag menntunarkerfisins og rannsóknir og þróun á sviði uppeldisfræði samkvæmt menningarmálasamningnum. Helstu samstarfsstofnanir menntamála eru stýrihópur um norrænt skólasamstarf (NSS) og stýrihópur um norræna fullorðins- og alþýðufræðslu (FOVU). Í stýrihópnum sitja einkum fulltrúar frá viðkomandi ráðuneytum landanna. Í starfi sínu leggja báðir stýrihóparnir höfuðáherslu á að koma á beinu samstarfi á milli þeirra aðila sem hlut eiga að máli.

Haldið er áfram uppbyggingu NORDPLUS-styrkjakerfisins, en tilgangur þess er að greiða fyrir samstarfi og samskiptum menntastofnana á Norðurlöndum, einkum á háskólastigi. Styrkir eru veittir námsmönnum og kennurum í þessu skyni, á grundvelli samninga milli þeirra menntastofnana sem í hlut eiga. Til ráðstöfunar á árinu 1989 voru um 11 milljónir danskar krónur og unnt að veita rúmlega 700 styrki. Veitt var fé til 25 samstarfsverkefna sem íslenskar menntastofnanir eru aðilar að. Árið 1990 er gert ráð fyrir að verja um 17,5 milljónum danskra króna til NORDPLUS-verkefna. Um tíundi hluti af fjárveitingunni rennur til

samskipta á framhaldsskólastigi. Fyrstu styrkjum af því fé var úthlutað haustið 1989. NORDPLUS-kerfið er liður í framkvæmd þeirrar stefnu að stuðla að því að Norðurlönd verði öll eitt „menntunarsvæði" þar sem sérhæfðar fræðslustofnanir og aðrir menntunarkostir nýtist sameiginlega þjóðunum öllum eftir því sem hagkvæmt þykir. Með þetta sjónarmið í huga hefur á vegum stjórnarnefndar um norrænt háskólasamstarf verið unnið að rækilegri könnun á því hvaða tálmanir standa nú í vegi samstarfs á þessu sviði og er skýrslu að vænta í ársbyrjun 1990. Í því sambandi er m.a. hugað sérstaklega að möguleikum námsmanna á að fá inngöngu í háskóla á Norðurlöndum, utan heimalands síns, en það er ekki síst mikilvægt atriði fyrir Íslendinga.

Samþykkt hefur verið áætlun um norræna framhaldsmenntun fyrir verkmenntakennara til undirbúnings starfi að þróunarverkefnum á því sviði. Um er að ræða sérhæft námskeið sem dreifist á þrjú ár, 1990–1992, og er gert ráð fyrir 2–5 þátttakendum frá hverju landi.

Ný þriggja ára áætlun um norrænt samstarf á sviði menntunar, er lýtur að sjávarútvegi og fiskeldi, var samþykkt haustið 1989.

Eitt umfangsmesta samstarfsverkefnið á sviði skólamála varðar gerð hugbúnaðar fyrir tölvustudda kennslu. Á vegum framkvæmdanefndar þeirrar áætlunar var sumarið 1989 haldið námskeið í Reykjavík fyrir um 50 kennara þar sem fjallað var um tölvunotkun í kennslu.

Árið 1989 var öðru sinni veitt af norrænu fé sérstakt framlag, 500 þús. danskar krónur, til að greiða fyrir nemendaskiptum milli Íslands, Færeyja og Grænlands annars vegar og austurhluta Norðurlanda hins vegar. Af þessu fé komu um 30% í hlut íslenskra nemendaskipta í samráði við menntamálaráðuneytið.

Norræn stjórnarnefnd um samstarf á sviði alþýðumenntunar og fullorðinsfræðslu efndi til ráðstefnu í Reykjavík sumarið 1989 þar sem fjallað var um nýjar leiðir í fullorðinsfræðslu á Norðurlöndum og tengsl almennrar og starfsmiðaðrar menntunar. Meðal fyrirlesara á ráðstefnunni voru fulltrúar frá Evrópubandalaginu og OECD.

Lokið hefur verið við gerð áætlunar um aðgerðir til að efla gagnkvæman málskilning á Norðurlöndum og annað samstarf á tungumálasviðinu. Áætlunin tekur til næstu fimm ára og verður lögð fyrir 38. þing Norðurlandaráðs í Reykjavík sem tillaga frá ráðherranefndinni. Í áætluninni er m.a. lögð áhersla á að styrkja stöðu íslensku og finnsku í norrænu samstarfi, þar á meðal með aukinni túlkun og þýðingum skjala, jafnframt því að fræðsla um tungumálin verði efld. Gert er ráð fyrir að athugað verði um stofnun stöðu ráðunautar við Norræna húsið í Reykjavík til að styrkja kennslu í norrænum málum í íslenskum skólum og miðla fræðslu um íslenska tungu og menningu til skóla annars staðar á Norðurlöndum.

5.13. Rannsóknir og æðri menntun.

Opinbert norrænt samstarf á sviði rannsókna nær í aðalatriðum til rannsóknar- og þróunarstarfseminnar sem fjármögnuð er af norrænu ráðherranefndinni, samstarfi rannsóknaráða landanna og samstarfi einstakra háskóla og rannsóknastofnana á Norðurlöndum.

Í starfsemi ráðherranefndarinnar hefur norræna vísindaráðið (FPR) miklu hlutverki að gegna á sviði rannsókna. Vísindaráðið er m.a. ráðgjafi ráðherranefndarinnar og nefnda hennar í málum sem varða rannsóknamál í heild sinni og langtímaáætlanir. Í málum æðri menntunar er sérstakur stýrihópur ráðherranefndarinnar til aðstoðar og hlutverk hans er að þróa samstarfið á því sviði.

Norræna vísindaráðið hefur lagt fram tillögur um stefnumið fyrir starfsemi ráðsins og þar með áhersluatriði í norrænu vísindasamstarfi árin 1990–1992. Hin nýja starfsáætlun verður væntanlega staðfest að lokinni umfjöllun Norðurlandaráðs á 38. þingi þess í Reykjavík.

Starfshópur á vegum ráðherranefndar menntamála hefur á árinu 1989 unnið að mótun tillagna um aukna, skipulega samvinnu Norðurlandaþjóða um menntun til vísindastarfa. Í norrænu fjárlögunum fyrir árið 1990 eru ætlaðar rúmlega 3,7 milljónir danskra króna til ráðstafana á þessu sviði með hliðsjón af væntanlegum tillögum starfshópsins. Samstarf af því

tagi, sem hér er stefnt að, ætti að geta komið Íslendingum að góðum notum vegna þess hve mikinn hluta framhaldsnáms að loknu háskólaprófi þarf að sækja til erlendra stofnana.

Starfshópur á vegum embættismannanefndar um norrænt menningarmálasamstarf hefur unnið að endurskoðun samstarfsverkefna í því skyni að skapa aukinn sveigjanleika og svigrúm í fjárveitingum svo að unnt verði að sinna forgangsverkefnum næstu ára innan fyrirsjáanlegra marka ráðstöfunarfjár. Tillögur starfshópsins fela m.a. í sér að nokkrar norrænar stofnanir og fastar samstarfsnefndir á sviði vísinda verði lagðar niður. Ráðherranefnd menntamála hefur ekki tekið afstöðu til tillagnanna, en stefnt er að því að það verði gert á fyrri hluta árs 1990.

5.14. Norrænn vinnumarkaður.

Ástandið á norrænum vinnumarkaði er mjög breytilegt eftir löndum. Ástandið hefur batnað verulega í Svíþjóð og Finnlandi, en atvinnuleysi hefur aukist í Danmörku og á Íslandi vegna samdráttar í efnahagslífinu 1989. Í Noregi hefur atvinnuleysi einnig aukist.

Samtímis má eygja vissa jákvæða þróun mála sem leitt hefur til aukins stöðugleika á vinnumarkaðnum yfirleitt. Þrátt fyrir þessa þróun mála hefur ástandið hjá þeim sem verst eru settir farið hlutfallslega versnandi því að atvinnuleysi er orðið langvinnara en áður og almannatryggingar hafa orðið að taka við.

Á alþjóðavettvangi hafa norræn sjónarmið verið samræmd í auknum mæli árið 1989 gagnvart alþjóðlegum stofnunum, svo og varðandi þróun mála í Vestur- Evrópu.

Norræna samstarfinu á vinnumarkaðssviðinu var fram haldið á yfirstandandi ári eftir sömu meginreglum og hefðum sem fyrr. Samstarfið tekur til umsjónar með framkvæmd samninga sem snerta vinnumarkaðinn, svo og að fylgja eftir ákvörðunum ráðherranefndarinnar. Burðarás samstarfsins er samningurinn um sameiginlegan norrænan vinnumarkað sem upphaflega var gerður árið 1954, en þá án aðildar Íslands. Nýr samningur var síðan gerður 6. mars 1982 og tók hann gildi 1. ágúst árið 1983. Gerðist Ísland aðili að þessum samningi samkvæmt ályktun Alþingis.

Í norrænu atvinnumálasamstarfi hefur aðaláherslan verið lögð á að fylgja eftir samstarfsáætluninni frá 1985, að ljúka þátttöku í efnahagsáætluninni 1986–1988 og hefja aðgerðir í samræmi við nýju efnahagsáætlunina og jafnréttisáætlunina. Verkefni á sviði atvinnumála ná til allra þátta samstarfsáætlunarinnar og mikil verkefni eru innan nýju framkvæmdaáætlananna. Auk þess er haldið áfram með víðtæk verkefni um fólksflutninga, annars vegar til að fylgja eftir skýrslunni um norrænt samstarf um fólksflutninga frá 1984 og hins vegar til þess að fylgja eftir vissum þáttum í ályktun Norðurlandaráðs nr. 30/1986/j um aukið og nánara norrænt samstarf í málum flóttamanna og innflytjenda.

Norræna vinnumarkaðsnefndin (NAUT), sem skipuð er tveimur embættismönnum frá hverju landi, hefur umsjón með framkvæmd samstarfsins og samhæfir störf undirnefnda og starfshópa sem annast einstök verkefni eða málaflokka. Vegna manneklu og til að halda niðri kostnaði hefur þátttaka Íslands að mestu takmarkast við störf norrænu vinnumarkaðsnefndarinnar og lítill sem enginn þáttur verið tekinn í störfum undirnefnda nema þegar sérstök tilefni hafa gert það óhjákvæmilegt.

Norræna vinnumarkaðsnefndin er vettvangur upplýsingamiðlunar milli samningslandanna um þróun á vinnumarkaði í hverju landi um sig og er skipst á slíkum upplýsingum á reglulegum fundum nefndarinnar vor og haust.

Árið 1989 hefur norræna vinnumarkaðsnefndin lagt höfuðáherslu á að láta gera úttekt og samanburð á reglum um framkvæmd vinnumiðlunar annars vegar á hinum sameiginlega norræna vinnumarkaði og hins vegar í löndum Evrópubandalagsins. Í framhaldi af þessari úttekt er nú í undirbúningi endurskoðun á þeim reglum sem gilt hafa um vinnumiðlun milli Norðurlanda, m.a. í þeim tilgangi að gera hana skilvirkari og auka og bæta þjónustu við þá sem kjósa að leita starfa í öðru norrænu landi. Í þessu sambandi hefur verið rætt um nauðsyn

þess að auka og samræma fjárhagslega aðstoð við þá sem leita starfa utan heimalands síns, en í þessum efnum ríkir mikið misræmi milli einstakra samningslanda. T.d. á íslenskur ríkisborgari, sem vill kanna atvinnumöguleika í öðru norrænu landi, ekki kost á fjárhagslegri aðstoð þótt ferðakostnaður hans sé margfaldur miðað við þá sem ferðast innan Skandinavíu, en eiga þó í flestum tilfellum kost á fjárhagslegri aðstoð þó að hún sé misjöfn eftir löndum.

Íslendingar hafa í auknum mæli hagnýtt sér hinn sameiginlega vinnumarkað og sækja til starfa í öðrum norrænum löndum. Þetta verður að telja eðlilega þróun því tilgangur samningsins um sameiginlegan norrænan vinnumarkað er einmitt sá að jafna sveiflur sem verða í atvinnustarfsemi samningslandanna.

Af öðrum viðfangsefnum má nefna eflingu þeirrar starfsemi sem fæst við nemendaskipti og sumarstörf æskufólks (Nordjobb-Nordpraktik), aukið samstarf um starfsþjálfun í atvinnulífi og nýja áætlun um aðgerðir í jafnréttismálum 1989–1993.

Loks má nefna að uppi eru tillögur um að sameina þær embættismannanefndir sem nú starfa að vinnumarkaðsmálum annars vegar og vinnuumhverfismálum hins vegar.

5.15. *Vinnuumhverfi.*

Sérstök norræn embættismannanefnd um vinnuumhverfi hefur starfað frá árinu 1973.

Í umræðum um velferðarþjóðfélagið og efnahagsstefnuna hefur áhrif vinnuumhverfis á líf og heilsu fólks skipað sífellt hærri sess. Samhliða stöðugum endurbótum á vinnuumhverfi á Norðurlöndum er leitast við að skapa norrænan heimamarkað án viðskiptahindrana. Annað markmið er að vinna að sameiginlegu efnahagssvæði í Evrópu, þó án þess að draga úr háleitum markmiðum á sviði vinnuumhverfis. Þrátt fyrir takmarkaðar fjárveitingar eru stundaðar alþjóðlega viðurkenndar og vandaðar rannsóknir og kennsla á sviði vinnuumhverfismála á Norðurlöndunum. Víðtækt samstarf á sér einnig stað við að leggja grunn að nýjum og breyttum reglum á því sviði. Til þessara mála heyra einnig samanburðarrannsóknir og skipti á upplýsingum á sviði vinnuréttar og vinnutíma.

Til þess að styrkja enn frekar og þróa norrænt samstarf á sviði vinnuumhverfismála undirrituðu ríkisstjórnir Norðurlanda norrænan samning um vinnuumhverfi í júní 1989. Samningurinn hefur einnig þann tilgang að efla samstöðu Norðurlanda í þeim málum á alþjóðavettvangi. Gert er ráð fyrir að samningur þessi verði lagður fyrir Alþingi til staðfestingar nú í vetur.

Til þess að ná þeim markmiðum, sem sett eru í samningnum um vinnuumhverfi, hefur verið lögð fram ný samstarfsáætlun um vinnuumhverfi fyrir árin 1990–1993. Á vegum embættismannanefndarinnar er unnið að fjölda samstarfsverkefna, m.a. má nefna eftirfarandi:

- samræmingu á reglum um öryggismál og vinnuvernd á Norðurlöndum,
- samræmingu á afstöðu Norðurlanda til samræmingar reglna og staðla hjá Evrópubandalaginu. Samstarf er um þátttöku í starfi Staðlasamtaka Evrópu (CEN) að málum er varða öryggi og vinnuvernd,
- sérfræðilegt mat á skaðlegum áhrifum hættulegra efna sem notuð eru á vinnustöðum,
- norrænar ráðstefnur um vinnuvernd,
- ýmiss konar rannsóknarverkefni er varða tíðni og útbreiðslu atvinnusjúkdóma, framkvæmd forvarnastarfs á vinnustöðum o.fl.,
- ýmis verkefni sem tengjast efnahagslegum áhrifum vinnuverndarstarfs, t.d. kostnað við framkvæmd öryggisreglna.

Sérstök norræn stofnun, „Nordisk Institutt för Vidareutbildning inom Arbetsmiljösektoren" (NIVA) starfar fyrir nefndina. Stofnunin heldur námskeið fyrir sérfræðinga á sviði vinnuverndar og er fjárveiting til hennar um 1,8 milljónir danskra króna. Íslendingar hafa sérstakan forgang að námsstyrkjum á vegum stofnunarinnar.

5.16. Félags- og heilbrigðismál.

Norrænt samstarf á sviði heilbrigðis-, trygginga- og félagsmála hefur verið ríkur þáttur í norrænu samstarfi allt frá byrjun, en síðan 1977 hefur þetta samstarf byggst á sérstakri samstarfsáætlun. Þessi áætlun var endurskoðuð 1982 og aftur 1988 og samstarfið nú byggir á þeirri áætlun.

Samstarfssamningurinn er sá rammi sem starfað er eftir og það er norræna félagsmálanefndin sem hefur umsjón með samstarfsverkefninu í heild. Í núgildandi samstarfssamningi er lögð til grundvallar áætlun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um heilbrigði allra sem upphaflega var samþykkt 1977, en samþykkt var fyrir Evrópusvæðið 1984. Í samstarfsáætluninni er því lögð sérstök áhersla á heilbrigða lifnaðarhætti og heilbrigt umhverfi ásamt heilbrigðiskerfi sem þjónar fólkinu, óháð búsetu eða afkomu.

Norrænar stofnanir, sem samkomulag hefur verið um að reka, eru sex:

1. **Norræni heilsuverndarskólinn í Gautaborg (NHV).** Þessi skóli hefur sem aðalverkefni að veita viðbótarmenntun starfsfólki í heilbrigðisþjónustunni. Skólinn hefur líka á verkefnaskrá sinni rannsóknir á stjórnun innan heilbrigðis- og sjúkrahússkerfisins, faraldsfræði og rannsóknir í félagslækningum. Ákveðið var á fundi samstarfsráðherranna 1986 að auka starfsemi skólans á árabilinu 1987 til 1991 og gera hann á næstu árum sambærilegan við enska skóla sem veita meistaragráðu í heilbrigðisfræðum.

Árlega sækja um 15 Íslendingar námskeið í skólanum. Nokkrir hafa lokið burtfararprófi og margir eru á lokastigi í námi.

2. **Norræna stofnunin til prófunar efna til tannlækninga (NIOM).** Þessi stofnun annast stöðlun, rannsóknir og upplýsingastarfsemi um hvers konar efni til tannviðgerða, en tekur einnig þátt í endurmenntun fólks sem vinnur við tannlækningar á Norðurlöndum, bæði með fyrirlestrahaldi og námskeiðum.

3. **Norræna lyfjanefndin (NLN).** Þessi nefnd hefur starfað síðan 1975 og vinnur að því að samræma löggjöf og stjórnun í sambandi við lyfjamál á Norðurlöndum. Starf nefndarinnar hefur komið til góða eftirlitsaðilum og framleiðendum. Á árinu hefur verið lögð áhersla á meiri samvinnu um skráningu lyfja og er verið að ljúka gerð leiðbeininga um skráningu, skráningarumsóknir, umsóknir um lyfjatilraunir, leiðbeiningar um hvernig að lyfjatilraunum skuli staðið og ýmsar aðrar leiðbeiningar. Þá hefur nefndin sinnt öðrum verkefnum, svo sem aukaverkunum lyfja, tölvumálum og samvinnu við Evrópubandalagið.

4. **Norræna nefndin um rannsóknir á áfengi og lyfjum.** Samvinna í sambandi við fíkniefni á Norðurlöndum er mjög veigamikið svið og þessi nefnd stendur fyrir verulegri samvinnu sem aðallega er beint að þverfaglegum rannsóknum á sviði félagslæknisfræði og félagsgeðlæknisfræði. Á sama sviði og þessi nefnd starfar norræni tengslahópurinn um fíkniefnamál, en hann hefur síðan 1985 borið ábyrgð á þeim aðgerðum sem beitt hefur verið til að minnka og fyrirbyggja dreifingu og neyslu fíkniefna.

5. **Norræna nefndin um málefni fatlaðra (NNH).** Norræna samstarfið á sviði málefna fatlaðra skiptist í tvo meginþætti, annars vegar að bæta gæði hjálpartækja með prófunum og upplýsingastarfi og reyna að fyrirbyggja óeðlilegt verðlag, en hins vegar að reyna að nýta sér möguleika tölvutækninnar og upplýsingatækninnar í sambandi við ný hjálpartæki, einkum þau sem ekki hafa nægilega markaðssetningu í einu landi.

6. **Norræna menntasetrið fyrir starfsfólk sem annast blinda og heyrnarlausa (NUD).** Þessi starfsemi hefur verið í nánum tengslum við norrænu nefndina um málefni fatlaðra. Þessi stofnun hóf starfsemi sína 1985 og er bæði kennslu- og rannsóknastofnun um öll málefni þeirra sem blindir eru og heyrnarlausir. Þar fer fram menntun og endurmenntun starfsfólks á þessu sviði og grunnrannsóknir á þessari fötlun.

Til viðbótar þeim stofnunum og nefndum, sem hér að framan hafa verið nefndar, eru tvær fastanefndir:

Norræna hagskýrslunefndin (NOSOSKO). Þessi nefnd hefur það hlutverk að afla eins og hægt er sambærilegra upplýsinga á hagskýrslusviðinu um Norðurlöndin öll. Þriðja hvert ár er gefin út bókin „Social tryghed i de nordiske lande". Á árinu kom bókin út með upplýsingum fyrir árið 1987 og var þessari útgáfu í fyrsta sinn ritstýrt af íslensku fulltrúunum í nefndinni.

Norræna nefndin um heilbrigðisskýrslur (NOMESKO). Þessi nefnd hefur það hlutverk að útbúa sambærilegar heilbrigðisskýrslur fyrir Norðurlönd. Margar undirnefndir starfa á vegum þessarar nefndar til að sinna sérstökum skráningarþáttum svo sem skráningu á slysum, fæðingum og sjúkdómaflokkun og er nefndin samvinnuaðili við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina um alþjóðaskráningu á sjúkdómum og dánarmeinum. Á árinu kom út skýrsla frá nefndinni um heilbrigðisástand á Norðurlöndum 1987.

Einnig má nefna samvinnu á nokkrum öðrum sviðum:

Samvinna um málefni er varða alnæmi. Á þessu sviði hafa verið stofnaðar samstarfsnefndir sem sinna ýmsum sérþáttum, svo sem upplýsingasöfnun um dreifingu sjúkdómsins og upplýsingamiðlun til almennings. Tilraunastarfsemi í sambandi við lyf og ýmis rannsóknarstarfsemi í sambandi við ónæmisfræði og faraldsfræði.

Framkvæmdaáætlun gegn krabbameini. Á árinu hófst norræna framkvæmdaáætlunin gegn krabbameini sem á að standa næstu fimm ár. Markmið áætlunarinnar er að reyna að fækka dauðsföllum vegna krabbameins og tryggja betri líðan þeirra sem ekki læknast. Miðstöð þessa starfs mun verða í Kaupmannahöfn.

Sameiginlegur vinnumarkaður starfsliðs í heilbrigðisþjónustu. Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð gerðu með sér samning 1983 um sameiginlegan vinnumarkað heilbrigðisstarfsliðs. Ísland hefur tengst þessum samningi vegna nokkurra starfshópa í heilbrigðisþjónustu. Samningurinn gerir ráð fyrir að norrænir ríkisborgarar, sem hafa fengið starfsréttindi í einu landi, geti fengið réttindi í öðru ef samningurinn tekur til starfsstéttarinnar. Alls eru 18 starfsstéttir tilgreindar í samningnum.

Norræni samningurinn um félagslegt öryggi. Nýr norrænn samningur um félagslegt öryggi gekk í gildi 1. janúar 1982. Aðalmarkmið samningsins er að tryggja norrrænum ríkisborgurum, sem setjast að eða starfa í öðru norrænu landi en heimalandi sínu, félagsleg réttindi eins og borgarar þess lands hafa. Endurskoðun samningsins og samanburður við sambærilega samninga aðildarríkja Evrópubandalagsins stendur nú yfir.

Samvinna á sviði umhverfismála. Hollustuvernd ríkisins tekur þátt í norrænu samstarfi á sviði umhverfismála fyrir hönd heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Norræna embættismannanefndin á þessu sviði er aðalsamvinnuhópurinn og hafa m.a. fulltrúar mengunarvarnadeildar Hollustuverndar ríkisins átt sæti í honum. Ýmsir vinnuhópar, svo sem vinnuhópur um vatnsmengunarmálefni, vinnuhópur um loftmengunarmálefni og verkefnahópur undir þeim vinnuhópi sem fjallar um áhrif loftmengunar, hafa starfað á vegum embættismannanefndarinnar.

Á sviði manneldismála starfa nokkrar nefndir þar sem Íslendingar eru þátttakendur:

Norræna fastanefndin um matvæli (PNUN) og norræna embættismannanefndin um matvælamálefni (EK-LIVS). PNUN-nefndin hefur á undanförnum árum annast norrænt samstarf á matvælasviði, en árið 1989 var nefndin gerð að embættismannanefnd, EK-LIVS.

Á vegum þessarar nefndar starfa þrjár fastanefndir, ein um næringarfræði, önnur um eiturefnafræði og sú þriðja um matvælaeftirlit.

Nokkrar nefndir starfa á vegum þessarar nefndar, svo sem norræna EB-nefndin sem hefur það hlutverk að skoða tillögur að samræmdri löggjöf Norðurlanda og Evrópubandalagslanda um matvælamálefni, matvælarannsóknanefndin (NMKL) sem vinnur að því að þróa aðferðir til gerla- og efnamælinga í matvælum, næringarfræðinefndin sem vinnur að því að samræma aðferðir við neyslukannanir og móta og leggja fram upplýsingar og ráðleggingar um manneldi og eiturefnafræðinefndin sem fjallar um eiturefnafræðilega þætti matvæla.

Ísland hefur ekki tekið þátt í nema sumum undirnefndanna, en þeir aðilar, sem taka þátt í þessu nefndastarfi, koma frá heilbrigðisráðuneytinu, Hollustuvernd ríkisins, Rannsóknastofnunum landbúnaðarins og fiskiðnaðarins, Háskóla Íslands og Lyfjaeftirliti ríkisins.

5.17. Umhverfisvernd.

Þátttaka Íslendinga í samstarfi Norðurlanda á sviði umhverfisverndar hefur verið frábrugðin því sem er um þátttöku hinna norrænu ríkjanna. Ástæðan til þess er, sem kunnugt er, sú að hér á landi hefur ekki enn verið komið á fót ráðuneyti sem fer með heildarstjórn umhverfismála og er í fyrirsvari fyrir þennan málaflokk. Ekki liggur heldur fyrir formleg ákvörðun um hvaða málefni skuli til hans teljast.

Árið 1978 var ákveðið að félagsmálaráðuneytið skyldi fara með umhverfismál innan Stjórnarráðs Íslands. Einstök ráðuneyti hafa eftir sem áður farið sjálfstætt með einstaka þætti umhverfismála gagnvart norrænu ráðherranefndinni, hvert á sínu sviði.

Með bréfi forsætisráðherra, dags. 10. september 1989, var ráðherra Hagstofu Íslands falið „að annast meðferð einstakra þátta umhverfismála, sem ekki heyra beint undir önnur ráðuneyti samkvæmt lögum og reglugerðum".

Með þessu varð ekki breyting á meðferð umhverfismála frá því sem verið hafði, hugtakið óskilgreint eftir sem áður.

Formleg afskipti ráðherra af Norðurlandasamstarfi hafa því verið bundin því hlutverki hans að annast samstarfsmál Norðurlanda.

Þrátt fyrir það sem áður segir eru menn nokkuð sammála um að til umhverfismála teljist eftirfarandi meginflokkar:

1. Náttúruverndarmál í víðtækri merkingu.
2. Mengunarmál.
3. Skipulags- og byggingarmál.

Þessi sjónarmið eru útfærð í tillögu um breytingu á reglugerð nr. 96/1969, um Stjórnarráð Íslands, en útfærsluna er að finna í greinargerð með stjórnarfrumvarpi um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, 133. mál 1989-1990.

Það þykir rétt í framhaldi af þessu, fremur en endurtaka það sem komið hefur að mestu leyti frá öðrum ráðuneytum og prentað er í þessari skýrslu, að benda á einstaka þætti umhverfismála sem þar ræðir um:

Hér er um að ræða eftirfarandi þætti:

4. 2. Norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfismála.
4. 4. Stefnumörkun norræna vísindaráðsins.
4. 8. Framkvæmdaáætlun um úrgang.
4. 9. Framkvæmdaáætlun um varnir gegn mengun sjávar.
4.10. Framkvæmdaáætlun um varnir gegn loftmengun.
4.12. Framkvæmdaáætlun um landbúnaðarmál og skógnytjar, sbr. 5.26.
5. 4. Norðurlönd og Evrópa.
5. 7. Líftækni í þágu umhverfismála, sbr. 10 (norræna líftækniáætlunin).
5. 9. Matvælamál.
5.13. Rannsóknir og æðri menntun.
5.16. Félags- og heilbrigðismál (samvinna á sviði umhverfismála).
5.21. Iðnaðarmál.
5.22. Orkumál.
5.26. Sjá 4.12.
5.28. Byggingar- og húsnæðismál (byggingarmál).
6. 0. Norræni fjárfestingarbankinn.
10. 0. Sjá 5.7.
12. 0. Norrænar veðurfarsrannsóknir.
14. 0. Norrænt samstarf um jarðskjálftarannsóknir á Suðurlandi.

Sérstök embættismannanefnd undir formennsku ráðuneytisstjóra félagsmálaráðuneytisins hefur fjallað um umhverfismál að því er tekur til samskipta við Norðurlönd.

Þá hafa Íslendingar átt fulltrúa í 14 undirnefndum á sviði náttúruverndar- og mengunarmála.

Fulltrúar í ofangreindum nefndum hafa verið á vegum félagsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og samgönguráðuneytis.

Ísland hefur um langa hríð tekið þátt í norrænu samstarfi um varnir gegn mengun sjávar. Sérstakur norrænn vinnuhópur er tengiliður milli stjórnvalda á Norðurlöndum um varnir gegn mengun sjávar og vinnur að samræmingu sjónarmiða Norðurlanda á alþjóðavettvangi. Þessum vinnuhópi var og falið að semja áætlun um varnir gegn mengun sjávar. Þessi samnorræna áætlun hefur þegar hlotið staðfestingu stjórnvalda, en endurskoðuð áætlun verður lögð fram á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík.

Siglingamálastofnun ríkisins hefur og tekið þátt í störfum á grundvelli samkomulags sem kennt er við Kaupmannahöfn, en það fjallar um gagnkvæma aðstoð Norðurlanda verði mengun í sjó. Ísland er enn ekki fullgildur aðili að þessu samkomulagi, en unnið er að því að svo verði nú á þessu ári. Á vegum Norðurlandaráðs var haldin í Kaupmannahöfn í október 1989 þingmannaráðstefna um mengun sjávar.

Unnið er að því að koma á sérstökum samningi um verndun umhverfis á Norðurheimskautinu og munu væntanlega öll Norðurlönd eiga aðild að þessum samningi.

Hafið er samstarf milli siglingamálastofnana á Norðurlöndum í samráði við viðkomandi stofnanir, um varnir gegn loftmengun frá skipum og varnir gegn olíumengun frá olíuflutningaskipum.

Embætti skipulagsstjóra ríkisins hefur tekið þátt í Norðurlandasamstarfi á sviði skipulags- og byggingarmála.

Norðurlandaráð og ráðherranefndin hafa samþykkt að norrænt umhverfisár verði haldið 1990–1991, og er miðað við 5. júní sem er umhverfisdagur Sameinuðu þjóðanna.

Ákveðið var að norrænu félögin skyldu annast framkvæmd þessa máls í samráði við ráðherranefndina og var starfsáætlun samþykkt á fundinum í Maríuhöfn í nóvember 1989.

Ráðherranefndin hefur veitt 2,5 milljónir danskra króna í þessu skyni á umhverfisárinu, en áður höfðu verið veittar til undirbúnings sem hófst síðla árs 1989 400 þús. danskar krónur. Þá veita Norðurlöndin hvert fyrir sig fé til framkvæmda í sínu landi.

Yfirstjórn verður í höndum sérstakrar norrænnar nefndar og verður forseti Íslands formaður hennar.

Á fundi umhverfisráðherra Norðurlanda í Maríuhöfn var gerð svofelld ályktun að frumkvæði Íslands og Noregs:

„Umhverfisráðherrar Norðurlanda ítreka ályktun sína frá 25. febrúar 1987 og láta að nýju í ljós áhyggjur vegna fyrirætlana Breta um að reisa í Dounreay á norðanverðu Skotlandi stöð til að endurvinna geislavirkan úrgang.

Okkur er kunnugt um að ráðherra Skotlandsmála í bresku ríkisstjórninni hefur nýlega heimilað að hafinn verði undirbúningur framkvæmda.

Þessi ákvörðun hefur á ný vakið eindregna andstöðu gegn Dounreay-endurvinnslustöðinni bæði meðal almennings og stjórnvalda á Norðurlöndum.

Umhverfisráðherrar Norðurlanda hafa einnig miklar áhyggjur af aukinni mengunarhættu af völdum geislavirks úrgangs í Norðursjó, í Norður-Atlantshafi og á siglingaleiðum við strendur Norðurlanda.

Umhverfisráðherrarnir munu taka upp viðræður um þetta mál við bresk stjórnvöld. Þeir munu einnig leggja það fyrir Parísarnefndina sem fjallar um varnir gegn mengun í sjó frá landstöðvum, svo og leggja það fyrir ráðstefnu sem haldin verður um mengunarvarnir í Norðursjó."

Umhverfisráðherra Finnlands tók að sér að senda breska umhverfisráðherranum þessa ályktun og gerði hann það með bréfi, dags. 18. desember 1989.

Ráðherranefndin samþykkti í janúar 1989 norræna umhverfisáætlun sem áður hafði verið til meðferðar á aukaþingi Norðurlandaráðs í nóvember 1988. Áætlunin felur í sér langtímamarkmið í samstarfi í umhverfismálum og byggist á þeirri stefnumörkun Brundtlandnefndarinnar að umhverfismál nái til allra þátta samfélagsins þar skuli gætt langtímasjónarmiða og að viðhorf til umhverfismála verði alþjóðleg. Jafnframt því verði stjórn umhverfismála efld. Áætlunin fjallar einnig um ákveðin skammtímamarkmið sem eru brýn og pólitískt mikilvæg.

Umhverfismálaáætluninni munu fylgja sérstakar framkvæmdaáætlanir á þeim sviðum þar sem aðgerðir í einu landi geta stutt hliðstæðar aðgerðir í öðru landi. Árið 1988 gerði ráðherranefndin tillögu um endurskoðaða norræna framkvæmdaáætlun um varnir gegn mengun sjávar, norræna framkvæmdaáætlun um úrgang. Enn fremur lagði ráðherranefndin fram á árinu tillögu um stofnun fjármögnunarfyrirtækis á sviði umhverfismála. Þessa hefur áður verið getið.

5.18. Flutningar og samgöngumál.

Norræna embættismannanefndin um samgöngumál (NET) hefur yfirumsjón með norrænu samstarfi á þessu sviði.

Eitt mikilvægasta málið í norrænu samstarfi á sviði samgöngumála er að gera sér grein fyrir hvaða áhrif þróun innri markaðar Evrópu muni hafa á flutninga til Norðurlandanna, frá og á milli þeirra, svo og mótun og framkvæmd markvissrar samgöngumálastefnu meðan á þeirri þróun stendur. Árið 1989 var hafist handa um að rýmka reglur um „þriðjalandsvöruflutninga" og leiguferðir með áætlunarbifreiðum milli landa. Önnur mikilvæg mál eru tengsl samgangna og umhverfis. Sameiginlega var unnið að því að samræma sjónarmið Norðurlanda á ráðstefnu evrópskra samgönguráðherra (CEMT) í nóvember 1989. Ráðgert er að halda þessu samstarfi áfram. Ísland er þó ekki formlegur aðili að CEMT.

Af undirnefndum NET má nefna „Nordisk Kommitté för Transportforskning" (NKTF) sem samkvæmt nýju skipulagi hefur með höndum áætlanagerð og rannsóknastarfsemi á sviði flutningamála.

5.19. Umferðaröryggi.

Í norrænu samstarfi á sviði umferðaröryggismála 1989 var aðaláherslan lögð á „Framkvæmdaáætlun um aukið umferðaröryggi á Norðurlöndum". Áætlunin var gefin út í Nordritröðinni (1989:36) og hefur henni verið dreift um öll Norðurlönd. Þann 20. og 21. september voru haldnir norrænir umferðaröryggisdagar í Södertalje þar sem aðalumræðuefnið var þungaumferð og umferðaröryggi. Norræna umferðaröryggisráðið (NTR) kannaði skipulag þessara öryggismála á Norðurlöndum til að auka hagræðingu og taka með markvissari hætti á málum þessum í heild.

5.20. Ferðamál.

Á 37. þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi í mars 1989 var staðfest endurskoðuð norræn ferðamálaáætlun, enda hefur þróun í ferðamálum verið mjög hröð og áhersluatriði breyst verulega. Norræna ferðamálanefndin, „Norrdisk Ministerråds Turistudvalg" (NMT), hefur umsjón með þessu starfi, en hún var sett á laggirnar 1987.

Í september 1989 var síðan haldin fjölmenn ferðamálaráðstefna í Kaupmannahöfn til að kynna áætlunina og efla norrænt samstarf í ferðamálum.

Ferðamálanefndin hefur veitt fé til sérstakra landkynningarverkefna í V-Þýskalandi og fengið til þess mótframlög frá ferðamálaráðum Norðurlandanna. Sambærilegt norrænt kynningarátak er að hefjast í Bandaríkjunum. Umsjón með þessum verkefnum og ýmsum

fleiri, sem NMT kostar, er í höndum „Nordisk Turistråd" (NT) sem er samband ferðamálaráða á Norðurlöndum.

Af annarri starfsemi má nefna þá athugun sem nú er í gangi varðandi áhrif innri markaðar Evrópu á ferðalög til og frá Norðurlöndunum.

Norræna ferðamálanefndin hefur einnig kostað vinnu við uppbyggingu tölfræðilegra upplýsinga um ferðamál, en það er þriggja ára verkefni. Auk þess hefur fé verið veitt til fjölmargra annarra verkefna sem snerta ferðamál og eru til þess fallin að auka ferðalög Norðurlandabúa innbyrðis og fjölga komum erlendra ferðamanna til Norðurlandanna.

5.21. Iðnaðarmál.

Stefnan í iðnaðarmálum á Norðurlöndum og samstarf á sviði iðnaðarmála hefur mótast af nýjum kröfum sem gerðar eru til iðnaðarins og iðnaðarstefnunnar þar vegna hinnar öru þróunar þessara mála í Vestur-Evrópu.

Ráðherranefndin samþykkti á árinu tvær áætlanir um að auka samkeppnishæfni norræns atvinnulífs og laga það að breyttum aðstæðum á Evrópumarkaði, annars vegar með því að stuðla að aukinni tæknisamvinnu Norðurlanda og Vestur-Evrópu og hins vegar til að auka áhrif Norðurlanda við gerð nýrra tæknistaðla og eftirlitsreglna í Vestur-Evrópu.

Fyrsta norræna atvinnulífsþingið með fulltrúum fyrirtækja, stjórnvalda, vísindamanna og hagsmunaaðila var haldið 1989. Á þinginu var rætt um þörf og möguleika á að nýta sem heild hinn norræna heimamarkað við meiri háttar kaup á mikilvægum tæknibúnaði.

Á árinu hófust viðræður ráðherranefndarinnar og fulltrúa atvinnulífsins um möguleika á að auka samkeppnishæfni norræns „umhverfisiðnaðar" vegna hinnar miklu fjárfestingar til umhverfisbóta sem brýn þörf er á í Austur-Evrópu.

5.22. Orkumál.

Samstarfsáætlun Norðurlanda um orkumál fyrir timabilið 1989–1992 nær til fjögurra aðalþátta. Þeir eru: orka og umhverfi, norrænn orkumarkaður, rannsóknir og þróunarstarf og orkusparnaður. Önnur svið samstarfsins eru Norræn samstarfsstofnun um kjarnorkumál (NKA) og samstarf í rafmagnsmálum, þar með talið Nordel.

Í samstarfsáætluninni er tekið tillit til framkvæmdaáætlunar norrænu fjármálaráðherranna um hagþróun og fulla atvinnu. Í skýrslunni „Sameiginleg framtíð okkar" bendir „Alþjóðanefndin um umhverfi og þróun" (Brundtland-nefndin) m.a. á mikilvægi þess að tekin verði afstaða til umhverfis- og orkumála á alþjóðavettvangi. Í samstarfsáætluninni er lögð mikil áhersla á þau markmið sem sett eru fram í þessari skýrslu.

Orkumálaráðherrarnir ákváðu 1989 að fella NKA af norrænu fjárlögunum. Ráðherranefndin hefur lagt til að fjármagnið, sem þannig sparast, verði nýtt til aukins átaks í orku- og umhverfismálum.

Norrænt samstarf hefur m.a. orðið til þess að unnið er að fjölda sameiginlegra markmiða á sviði orkumála, t.d. að öruggari orkudreifingu, auknum orkusparnaði og kröfum um aukið öryggi og tillit til umhverfis í allri orkuvæðingu. Í áætluninni er tekið mið af áliti Norðurlandaráðs um aukið norrænt samstarf um nýtingu jarðgass. Einn mikilvægur þáttur norræns samstarfs er dreifing upplýsinga um margháttaða starfsemi á sviði orkumála og frá upphafi hefur upplýsingamiðlun verið þýðingarmikill þáttur í norrænu samstarfi á því sviði.

Hvað snertir aðalþættina fjóra leggja orkumálaráðherrarnir áherslu á eftirfarandi:

Í norrænum orku- og umhverfismálum skal áliti Brundtland-nefndarinnar sérstakur gaumur gefinn. Þetta þýðir m.a. að í orkumálum skal frá upphafi tekið tillit til umhverfisþátta.

Hvað varðar norrænan orkumarkað er lögð áhersla á skipulagningu orkumála og miðlun upplýsinga. Þá er lögð áhersla á samstarf um orkuáætlanir hvers lands, svo og umhverfisáhrif orkuframleiðslunnar og upplýsingar í þeim efnum. Orkumálaráðherrarnir munu áfram fylgjast með olíu- og gasmálum.

Hvað varðar rannsóknir og þróun skal fyrst og fremst stuðlað að auknu samstarfi norrænna vísindamanna. Áhersla er lögð á að styrkja frumrannsóknir varðandi olíujarðfræði, fjarvarma, fast eldsneyti og lífræna orkugjafa. Áætlunin er fjármögnuð með beinum framlögum ríkjanna.

Hvað snertir orkusparnað er lögð sérstök áhersla á áframhaldandi starf að flutningamálum og mikilvægi fræðslu og upplýsinga til að auka orkusparnað. Einnig er vonast til að áætlunin „Orkusparnaður í iðnaði" stuðli að auknum sparnaði.

Norræni orku- og umhverfismálahópurinn lagði í júní 1989 fram skýrslu sína „Orka og umhverfi á Norðurlöndum — er stefnt í rétta átt?" Upplýsingahópurinn um gas hefur tekið saman skýrsluna „Sameiginlegur gasmarkaður Norðurlanda" fyrir hönd orkumálaráðherranna. Skýrslan er samin til að skýra hagkvæmni þess og skilyrði sem þarf að uppfylla til þess að koma á fót sameiginlegum gasmarkaði Norðurlanda fyrir árið 2010.

5.23. Viðskiptamál.

Þróun efnahags- og viðskiptasamvinnu í Evrópu hefur af eðlilegum ástæðum mikil áhrif á samstarf Norðurlanda á viðskiptasviðinu. Ákvörðunin um að hefja könnunarviðræður á nánara samstarfi EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins leiddi til áherslubreytinga í starfi norrænu embættismannanefndarinnar um viðskiptamál.

Störf embættismannanefndarinnar voru á árinu einkum fólgin í því að vinna að tveim skýrslum sem taka til margra málaflokka. Í hinni nýju efnahagsáætlun „Öflugri Norðurlönd" er m.a. gerð grein fyrir mismunandi leiðum til að hrinda í framkvæmd „Samstarfsáætluninni um afnám viðskiptahindrana á Norðurlöndum". Áhersla er lögð á að Norðurlönd láti að sér kveða við gerð evrópskra staðla. Í áætluninni er veitt fé til að kanna betur en hingað til möguleika á að efnt verði til útboða við svæðisbundin innkaup af opinberri hálfu.

Í vinnuáætluninni „Norðurlönd í Evrópu 1989–1992" hefur þátturinn, Norðurlönd sem heimamarkaður, miklu hlutverki að gegna um samstarf á viðskiptasviði. Í nokkrum atriðum eru sett fram ákveðin markmið og gerð grein fyrir tímamörkum, fjármögnun, skiptingu ábyrgðar og skuldbindingum hvers lands í sambandi við framkvæmd. Könnunarviðræðunum á milli EFTA-ríkja og Evrópubandalagsins um forsendur fyrir stofnun sameiginlegs evrópsks efnahagssvæðis (EES) hafa markað pólitísk spor í norrænu samstarfi. Hver sem árangurinn verður mun hann hafa áhrif á áframhaldandi samstarf norrænna utanríkisviðskiptaráðherra.

Mörg sérhæfð mál voru til athugunar hjá embættismannanefndinni árið 1989. Var m.a. gerð athugun á framkvæmd tolleftirlits innan Norðurlanda og gerð tillaga um einföldun landamæraeftirlits, einföldun tollskjala, tímabundið tollfrelsi o.fl. Eru þessar tillögur nú til athugunar hjá stjórnvöldum.

Þá var til umræðu tillaga um svæðisbundin opinber innkaup, þ.e. í sveitarfélögum sem eiga sameiginleg landamæri. Var í þessu sambandi höfð hliðsjón af reglum EB. Aðallega voru það Finnland, Noregur og Svíþjóð sem höfðu áhuga á þessu máli.

Einnig var hafin athugun á að skrásetja allar ákvarðanir sem hafa í för með sér hindranir og eftirlit við innflutning og útflutning á vörum. Getur slík skrá komið að góðu gagni í komandi samningaviðræðum um evrópskt efnahagssvæði.

Hinn 27. febrúar 1987 samþykktu samstarfsráðherrar Norðurlanda samstarfsáætlunina um afnám viðskiptahafta á Norðurlöndum. Viðskiptaráðuneytið sendi ýmsum ráðuneytum og stofnunum á sínum tíma kynningarrit um áætlun þessa.

Aðalmarkmiðið með áætluninni er að stuðla að meira frjálsræði í viðskiptum með vörur milli Norðurlanda. Sjaldnast er þó um vandamál að ræða í viðskiptum landanna, enda eru gerðar líkar kröfur um öryggi vöru o.fl.

Norræna embættismannanefndin um viðskiptamál hefur yfirumsjón með framkvæmd áætlunarinnar og tilnefnir m.a. sérfræðinga er kanna skulu sérstök umfangsmikil ágreiningsefni á sviði tæknilegra viðskiptahafta og gera tillögur um lausn þeirra. Almennt sér þó sérstök

nefnd, stjórnarnefnd um afnám tæknilegra viðskiptahafta á Norðurlöndum (Styringsgruppen for afvikling af handelshindringer i Norden - STH), um framkvæmd samstarfsáætlunarinnar og sérstakra leiðbeiningarreglna varðandi afnám tæknilegra viðskiptahafta. Stjórnarnefndin fæst við lausn einstakra mála sem snerta tæknileg viðskiptahöft á Norðurlöndum og hefur á starfstíma sínum leyst ýmis mál, m.a. varðandi vissar byggingarvörur. Nefndin leiðbeinir ýmsum öðrum norrænum nefndum og stofnunum sem skulu einnig, hver á sínu sviði, stuðla að afnámi tæknilegra viðskiptahafta á grundvelli áætlunarinnar og leiðbeiningarreglnanna.

Á fundi sínum í nóvember 1988 gerðu utanríkisviðskiptaráðherrarnir vissar ráðstafanir til að flýta afnámi tæknilegra viðskiptahafta og lögð var áhersla á að finna leiðir til að tryggja framgang áætlunarinnar innan stjórnkerfa ríkjanna.

Meðal þess sem stjórnarnefndin hefur gert er að gefa árlega út bækling um svokallaðar líkar reglur, nú síðast haustið 1989 öðru sinni, til að stuðla að fækkun viðskiptahafta og koma þannig í veg fyrir truflanir í viðskiptum milli Norðurlanda. Auk þess sem ýmsar norrænar nefndir og stofnanir vinna að samræmingu reglna á sínum sviðum hafa þær að beiðni stjórnarnefndarinnar kannað sérstaklega hvort líkar reglur gildi um einstakar vörutegundir, m.a. með tilliti til prófana eða viðurkenninga. Ef reglur þar að lútandi eru líkar í a.m.k. tveimur Norðurlanda er gert ráð fyrir því að slíkar vörur megi flytja hindrunarlaust til annarra Norðurlanda án þess að gerðar séu kröfur um frekari prófun eða viðurkenningu í innflutningslandinu. Ella kemur til svokallaðrar öfugrar sönnunarbyrði, þ.e. viðkomandi yfirvöld í innflutningslandinu þurfa, ef þess er óskað, að sýna fram á það með rökum að slík viðbótarprófun eða viðbótarviðurkenning sé nauðsynleg. Takist útflutnings- og innflutningslandinu ekki að leysa málið sín á milli er unnt að kvarta til stjórnarnefndarinnar sem leitast við að stuðla að lausn. Unnt er að vísa málum þaðan til norrænu embættismannanefndarinnar um viðskiptamál sem getur svo jafnvel vísað þeim til Norðurlandaráðs.

Norrænir framleiðendur og útflytjendur geta byggt á skrám um líkar reglur varðandi ákveðnar vörur í ofangreindum bæklingi á vegum stjórnarnefndarinnar. Sparar það að sjálfsögðu fé og fyrirhöfn að vita hvað dugi að miða við. Ætlast er til þess að stjórnvöld láti viðkomandi stofnanir í ríkjum sínum vita af líku reglunum og gefi þeim fyrirmæli um að viðurkenna sjálfkrafa með tilliti til innflutnings þær vörur sem reglurnar taka til.

Ástæðan fyrir því, að ekki er í öllum tilvikum unnt að uppfylla meginkröfur samstarfsáætlunarinnar, getur verið sú að lög eða reglur á einstökum Norðurlöndum séu því til fyrirstöðu. Í þeim tilvikum hljóta íslensk lög og reglur að ganga fyrir áætluninni hér á landi, enda er hún einungis stjórnmálaleg yfirlýsing. Í athugun er hvort setja þurfi hér á landi almenn lög með hliðsjón af áætluninni er geti gefið íslenskum ráðuneytum eða stofnunum færi á því að víkja frá ákvæðum sérlaga eða sérreglna og þar með uppfylla kröfur áætlunarinnar, enda sé ekki stofnað í hættu of miklum hagsmunum, t.d. hagsmunum er varða líf og heilsu manna. Slík athugun er í samræmi við það sem að er stefnt í starfsáætluninni „Norðurlönd í Evrópu 1989–1992", en þar er m.a. talað um að huga þurfi að leiðum til að styrkja framkvæmd áætlunarinnar í einstökum löndum. Slíkt er og í samræmi við innri starfsáætlun stjórnarnefndarinnar.

5.24. Byggðamál.

Samstarf á sviði byggðamála á sér aðallega stað á eftirfarandi sviðum:

— kannanir og þróunarstarf,
— samstarf landamærasvæða,
— norrænar byggðamálarannsóknir,
— sameiginlegir byggðamálastyrkir.

Aðalstarf byggðamálasviðs árið 1989 var að undirbúa samstarfsáætlun þar sem tekið er tillit til nýrra markmiða, breyttra forsendna og skilyrða í byggðamálum. Ráðherranefndin ákvað 14. nóvember 1989 að leggja fram tillögu um norrænt samstarf um byggðamál fyrir árin 1990–1994.

5.25. Þróunaraðstoð.

Á Norðurlöndum hefur lengi verið mælt með mikilli þróunaraðstoð. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og innan annarra alþjóðastofnana hafa Norðurlönd starfað ötullega að efnahags- og félagslegum umbótum í þróunarlöndunum. Grundvallaratriðið í stefnu Norðurlanda á þessu sviði er útrýming fátæktar.

Norðurlönd taka þátt í alþjóðasamstarfi um að finna leiðir til að leysa skuldavanda þróunarlandanna til frambúðar. Í aukinni skipulagningu þeirra mála er nú lögð meiri áhersla á alþjóðavettvangi á að létta skuldabyrði verst stöddu þróunarlandanna. Skuldakreppa þróunarlandanna skapar stöðugt hættu í alþjóðaviðskiptum og fjármálakerfi heimsins og samtímis er hún hemill á framfarir í þróunarlöndunum.

Fyrir tíu árum mynduðu níu ríki í Suður- og Suðaustur-Afríku með sér eins konar efnahagsbandalag, SADCC. Í janúar 1986 undirrituðu Norðurlönd og SADCC-ríkin sérstakan samstarfssamning þar sem Norðurlönd koma fram sem ein heild og SADCC-ríkin sem önnur í þróunarsamvinnuverkefnum.

Fyrir tilstuðlan norrænu ráðherranefndarinnar samþykktu þróunarmálaráðherrar (utanríkisráðherrar) Norðurlanda árið 1987 að styrkja stofnun svokallaðs genbanka fyrir suðurhluta Afríku. Þessi stofnun, sem hefur aðsetur í Lúsaka, Sambíu, á að safna, varðveita og velja úr erfðavísa plantna, sérstaklega vænlegra nytjaplantna frá svæðinu. Samkomulag milli Norðurlanda um þetta efni var undirritað 25. ágúst 1988 í Helsinki, en samningur við SADCC-ríkin var staðfestur í Lúanda, Angóla, 31. janúar 1989, af Kirsti Kolle Gröndahl, þróunarmálaráðherra Noregs, fyrir hönd Norðurlanda.

Samningurinn gildir til 20 ára, en skiptist í fimm hluta með fyrirvara um endurmat eftir hvern hluta. Áætlað er að fyrsti þátturinn, sem lokið verður í árslok 1992, kosti um 25 milljónir sænskra króna, þar sem Íslandi ber að greiða 1%.

5.26. Landbúnaður og skógnytjar.

Norrænt samstarf hefur lengi verið fjölþætt í starfi stofnana landbúnaðarins. Margir þeirra, sem vinna við rannsóknir, leiðbeiningar og fræðslu í þágu landbúnaðarins, hafa numið við norræna háskóla og þekkja því vel til manna og málefna annars staðar á Norðurlöndum. Mikilvægt er í þessu tilliti að löng hefð er fyrir samstarfi milli búvísindamanna á Norðurlöndum í samtökunum NJF, Nordisk Jordbruksforskares Förening, sem stofnuð voru árið 1918. Í þessari starfsemi er meginhersla lögð á að stuðla að námskeiðum á hinum ýmsu fagsviðum, en auk þess eru iðulega stofnaðir vinnuhópar um einstök verkefni. Hliðstætt samstarf hefur jafnframt verið á sviði skógræktar á vegum samstarfsnefndar um norrænar skógræktarrannsóknir. Á grundvelli þessarar löngu samstarfshefðar hefur verið unnið að margvíslegum samstarfsverkefnum á vegum norrænu ráðherranefndarinnar.

Landbúnaðarmálin mótuðust 1989 af umræðum um nauðsyn endurskoðunar á stefnu landanna í landbúnaðarmálum. Embættismannahópur undir stjórn fjármálaráðuneytanna hefur unnið að mótun stefnu þar sem m.a. er höfð hliðsjón af stefnumörkun OECD og lagt er til að í landbúnaðarmálum verði meira tillit tekið til ábendinga markaðarins. Yfirstandandi GATT-viðræður hafa einnig sömu áhrif á umræðurnar. Þessi aðlögun snertir ekki skógnytjar á sama hátt, en þar ráðast söluhorfur beint af skilyrðum á heimsmarkaði.

Norrænt samstarf um landbúnaðarmál fer fram samkvæmt tíu ára áætlun sem samþykkt var árið 1985 í samræmi við ályktun 33. þings Norðurlandaráðs sem þá var haldið í Reykjavík. Norræna embættismannanefndin um landbúnað og skógnytjar (NÄJS) vinnur að framgangi þeirrar áætlunar auk annarra verkefna. Auk þeirra verkefna á sviði landbúnaðar og skógræktar, sem áætlunin nær til, á nefndin einnig samstarf við ráðuneyti og stofnanir um málefni sem nátengd eru landbúnaði. Má þar nefna umhverfismál, ýmis viðfangsefni tengd iðnaði, manneldismál og byggðamál.

Samstarfið á árinu hefur mótast af áfangamati á framkvæmdaáætluninni frá 1985.

Núverandi starfsemi hefur verið metin með tilliti til nýrra verkefna. Í ljósi þessa mun ráðherranefndin leggja fram tillögu um viðbót við framkvæmdaáætlun landbúnaðarmála og skógnytja sem ásamt upprunalegu áætluninni gildi til ársins 1995.

Helstu verkefni á sviði landbúnaðar eru eftirfarandi:

1. **Samræming á stefnu í landbúnaði (NKJS).** Landbúnaðarráðherrar, embættismenn og fulltrúar atvinnuvegarins hittast árlega á fundum til að skiptast á skoðunum um málefni atvinnuvegarins, stöðu hans og tengslin við samfélagið. Fundirnir eru haldnir til skiptis á Norðurlöndunum. Sumarið 1989 var slíkur fundur haldinn í Finnlandi og fjallaði hann einkum um umhverfismál og skógrækt í tengslum við hefðbundinn landbúnað.

2. **Norræni genbankinn (NGB)** var stofnaður í janúar 1979. Verkefni bankans er að varðveita erfðaefni (erfðabreytileika) helstu tegunda nytjaplantna og skrá upplýsingar um þennan breytileika þannig að þær upplýsingar séu aðgengilegar fyrir stofnanir og einstaklinga sem þurfa á þeim að halda. Bankinn hefur aðsetur í Alnarp í Svíþjóð og starfa þar níu menn (um þessar mundir eru þar tveir Íslendingar). Á vegum NGB er og unnið að verkefnum sem tengjast hinum ýmsu tegundum nytjaplantna. Á Íslandi hefur verið unnið að margvíslegum verkefnum fyrir NGB. Auk þess stuðlar stofnunin að því að afla fræs af álitlegum tegundum frá öðrum genbönkum víðs vegar um heiminn. Á síðasta ári gerðist NGB aðili að þróunarverkefni í sunnanverðri Afríku sem beinist að því að koma á fót svæðisbundnum genbanka. Íslensk þróunarsamvinna styður það verkefni sem er samnorrænt. Fimm manna stjórn, skipuð einum fulltrúa frá hverju Norðurlandanna, stýrir störfum bankans.

3. **Samnordisk Planteforedling (SNP)** gegnir því hlutverki að stuðla að samstarfi um plöntukynbætur. Hefur það verið virkt sem vinnuhópur frá árinu 1981, en var breytt í stofnun 1987. SNP gerir úttektir á tilteknum sviðum og styrkir verkefni þar sem líkur eru á að hægt sé að koma á hagræðingu og ná auknum árangri með samstarfi. Dæmi um verkefni er samstarf um kalrannsóknir, kynbætur túngrasa á norðurslóðum og samræming stofnaprófana. Íslendingar taka þátt í átta slíkum vinnuhópum og eiga auk þess fulltrúa í stjórn SNP.

4. **Nordisk Kontaktorgan for Jordbruksforskning (NKJ)** er samstarfsvettvangur rannsóknaráða Norðurlandanna á sviði landbúnaðar og situr fulltrúi frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins í ráðinu fyrir Íslands hönd. NKJ stuðlar að samstarfi með því að samræma fjárveitingar til verkefna sem álitleg þykja. Norræna ráðherranefndin leggur einnig nokkurt fjármagn til NKJ sem notað er til að kosta einstakar kannanir, ráðstefnur og námskeið.

5. **Plöntusjúkdómar og flutningur á plöntum og plöntuhlutum milli landa**. Unnið er að samræmingu á löggjöf og starfsreglum á þessu sviði.

6. **Búfé.** Unnið er að samræmingu á aðgerðum sem lúta að varðveislu á búfjárstofnum sem sumir hverjir eru í útrýmingarhættu. Sérstaklega eru styrkt verkefni sem stuðla að samræmingu á matskerfum, t.d. ákvarðanir um orkugildi og efnasamsetningu fóðurs.

7. **Bútækni (NTS).** Starfsemi á þessu sviði byggir á nánu samstarfi stofnana sem bera ábyrgð á búvélaprófunum og öðrum rannsóknum á bútæknisviði. Reglur og staðlar eru samræmd auk þess sem unnið er að verkefnum sem lúta að auknu öryggi í landbúnaðinum og þróun nýrrar tækni í þágu landbúnaðarins.

Embættismannahópur hefur gengið frá skýrslu um möguleika á aukinni verslun með landbúnaðarvörur innan Norðurlanda. Í niðurstöðum hennar er lögð áhersla á að engar sérlausnir séu til er snerta Norðurlönd. Þá möguleika, sem eru fyrir hendi, sé að finna innan ramma EFTA og í framhaldi fríverslunarviðræðna norrænna EFTA-ríkja við Evrópubandalagið og að auki verði að leggja enn meiri áherslu á afnám viðskiptahindrana. Ráðherranefndin féllst á tillögur hópsins og má sjá viðleitni í þá átt í starfsáætluninni „Norðurlönd í Evrópu 1989–1992".

Árið 1972 stofnuðu skógræktaraðilar á Norðurlöndum samstarfsnefnd um norrænar skógræktarrannsóknir (SNS). Nefndin var eins konar yfirnefnd margra norrænna vinnuhópa í

ýmsum greinum skógræktarrannsókna. Árið 1978 var SNS síðan tekið á norrænu fjárlögin og hefur fengið fjárveitingar síðan.

Íslenskir skógræktarmenn eru nú virkir þátttakendur í eftirfarandi vinnuhópum:

1. Norrænu trjásafnanefndinni.
2. Norrænu trjákynbótanefndinni.
3. Norræna skógvinnuráðinu (NSR). Á vegum þess var unnið að verkefni með þátttöku Íslendinga um jarðvinnsluaðferðir og lauk því árið 1988. Nú er unnið að ýmsum þróunarverkefnum á vegum NSR.
4. Norrænu trjámeindýranefndinni.
5. Norrænu fjölnytjaskóganefndinni. Verið er að hleypa af stokkunum verkefni, með þátttöku Íslendinga, sem felst í því að búa til yfirlit um fjölnytjaskógrækt á Norðurlöndum.
6. Svepprót í nýskógrækt. Árið 1987 var samþykkt rannsóknarverkefni um þýðingu svepprótar í nýskógrækt.

Verkefni þetta var samþykkt fyrir atbeina Íslendinga, enda sérstakt áhugamál þeirra.

Íslendingar eiga auk þess fulltrúa í ritstjórn alþjóðlegs tímarits sem SNS gefur út um skógrannsóknir: Scandinavian Journal on Forest Research. Í ritstjórn þess situr einn fulltrúi frá hverju landanna fimm.

Skýrsla um mat á norrænu rannsóknasamstarfi á sviðum landbúnaðarmála og skógnytja var lögð fram 1989. Vænta má að niðurstöður skýrslunnar um skipulagningu hafi áhrif á framtíðarsamskipti Skógrannsóknastofnunarinnar (SNS) og rannsóknaráða landanna.

Jafnframt því að stuðla að auknu samstarfi milli Norðurlanda er einnig unnið að því að marka samræmda stefnu gagnvart öðrum ríkjum. Helstu verkefnin eru: eftirlit með fræi og útsæði, eftirlit með plöntusjúkdómum, skráning og mat á eiturefnum í landbúnaði, landbúnaðarefnagreiningar, útrýming meindýra, samræmt gæðamat á skógarafurðum, samstarf á sviði dýralækninga, búvélaprófanir og eftirlit með vinnuvélum, samstarf á sviði verslunar í landbúnaði, aukið upplýsingaflæði um markaðsmál, könnun á samstarfi um markaðssetningu landbúnaðarvara og afnám tæknilegra viðskiptahindrana.

Norræna landbúnaðar- og skógnytjanefndin hefur frumkvæði að verkefnum í samráði við norrænu ráðherranefndina. Á þessu ári hefur verið stofnað til sérstaks samstarfs landbúnaðarráðuneytanna við umhverfisráðuneytin á Norðurlöndum varðandi áhrif landbúnaðar á umhverfi.

Mikil áhersla hefur verið lögð á ýmis rannsóknarverkefni og starfsáætlanir þeirra verkefnishópa og stofnana sem undir NÄJS heyra.

Þjálfun og menntun vísindamanna í framhaldsnámi er studd með fjárveitingum frá „Nordiska forskarkurser". Auk þess er á sviði NÄJS veittur beinn stuðningur við einstök námskeið á sviði landbúnaðar og skógræktar sem sérstök áhersla er lögð á.

5.27. Sjávarútvegsmál.

Á síðasta þingi Norðurlandaráðs var rædd norræn samstarfsáætlun um sjávarútvegsmál, en áætlunin var síðan samþykkt af sjávarútvegsráðherrum Norðurlanda á fundi þeirra sem haldinn var í Reykjavík sl. vor. Í áætluninni er mörkuð stefna varðandi þau svið sjávarútvegsmála sem lögð verður áhersla á að beina norrænu fjármagni til næstu fimm árin. Til að samræma val verkefna og styrkja framgang samstarfsáætlunarinnar var sett á laggirnar vísindanefnd með fulltrúum frá öllum löndunum til að vera embættisnefndinni og ráðherrunum til ráðuneytis um val rannsóknarverkefna.

Á þessu ári var enn fremur skipuð vinnunefnd sérfræðinga til að fjalla um viðskiptahindranir og málefni Norðurlanda og Evrópubandalagsins. Hlutverk vinnuhópsins er fyrst og fremst að styrkja stöðu sjávarútvegsins í þeirri alþjóðlegu umræðu sem nú fer fram á vettvangi norræns samstarfs, m.a. um innri markað Evrópubandalagsins 1992.

Hlutur sjávarútvegsins af heildarfjárveitingu norrænu fjárlaganna nam 3.625.000 danskra króna árið 1989. Auk þess fékkst viðbótarfjárveiting vegna tveggja verkefna, að fjárhæð 800.000 danskar krónur. Tvö forgangsverkefni eru vistfræði sjávar, sem 1,4 milljónum danskra króna var veitt til og fiskeldi með fjárveitingu að upphæð 1,1 milljón danskra króna. Á næsta ári mun hlutur sjávarútvegsins hins vegar aukast verulega frá því sem nú er. Mun sjávarútvegurinn á því ári fá 7.353.000 danskar krónur til ráðstöfunar til þess að framkvæma hina nýju samstarfsáætlun.

Á undanförnum árum hafa styrkir til hvalatalninga Hafrannsóknastofnunar verið fyrirferðarmestir af einstökum styrkveitingum. Þá hafa íslenskir vísindamenn og stofnanir fengið ýmsa aðra styrki, sérstaklega þó á sviði fiskeldis.

Þróun fiskveiða 1989 var ólík milli Norðurlanda. Í Færeyjum, á Íslandi, í Noregi og að vissu marki í Danmörku hafa veiðikvótar farið minnkandi, en það hefur, ásamt aukinni afkastagetu, dregið úr arðsemi. Slíkar hömlur voru ekki settar 1989 á Grænlandi, í Finnlandi og í Svíþjóð og þar jókst veiðin miðað við árið áður. Fiskeldi eykst enn í öllum löndunum; Noregur, Finnland og Færeyjar eru aðalframleiðendurnir á því sviði, en fiskeldi er einnig efnahagslega mikilvægt á Álandseyjum. Verðlagsþróun fiskafurða, að eldislaxi undanteknum, hefur verið jákvæð og í flestum landanna hefur verðmæti fiskútflutnings aukist.

5.28. Byggingar- og húsnæðismál.

Embættismannanefndin um húsnæðis- og byggingarmál (EK-Bygg) hefur starfað frá árinu 1972. Nefndin annaðist samstarf Norðurlanda um byggingarrannsóknir, samræmingu byggingarlaga og reglugerða, byggingarstaðla og gæðaeftirlits auk rannsóknasamstarfs á sviði stefnumótandi þátta húsnæðismálanna.

Norrænt samstarf á vegum embættismannanefndarinnar fer fram hjá sérstökum undirnefndum. Samstarf um byggingarrannsóknir er á vegum samstarfsnefndar norrænna byggingarrannsóknastofnana (NBS). Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins er aðili að þessari nefnd. Norræna nefndin um byggingarlög og reglur (NKB) er stofnun sem annast samræmingu á lögum og reglum um byggingar og umhverfi þeirra. Undirnefnd stofnunarinnar vinnur að samræmingu á reglum um gæðaeftirlit og byggingarstaðla. Ísland hefur ásamt Finnlandi hlotið sérstaka fjárveitingu embættismannanefndarinnar til að geta tekið þátt í þessu samstarfi um staðla og gæðaeftirlit.

Samstarfsvettvangur norrænu húsnæðisráðuneytanna og stjórnsýslustofnana er árlegur fundur þessara aðila, þar sem fjallað er m.a. um rannsóknarverkefni á sviði húsnæðismála. Sérstök stjórnarnefnd hefur umsjón með framvindu rannsóknarverkefna sem fjalla m.a. um lánamál og ýmsa þætti húsnæðismála á Norðurlöndunum. Ísland hefur í fyrsta skipti á þessum vettvangi tekið að sér forustu og umsjón með sérstöku rannsóknarverkefni sem fjallar um húsnæðismál í dreifbýli.

Þá má nefna verkefni um íbúðarbyggingar á jarðskjálftasvæðum sem íslenskir aðilar hafa séð um að verulegu leyti.

Nefndarstarfið er í samræmi við stefnu þá um húsnæðis- og byggingarmál sem samþykkt var árið 1983 og í samræmi við sérstaka starfsáætlun frá 1987 um aukna framleiðni og stöðugleika í byggingariðnaði. Á árinu 1989 hefur verið lögð sérstök áhersla á samstarf Norðurlanda um samræmingu á reglum og stöðlum um byggingarmál vegna undirbúnings að sameiginlegum innri markaði Evrópubandalagsins og hefur starfað sérstök undirnefnd um aðlögun að Evrópubandalaginu. Í þessu sambandi gaf embættismannanefndin út á árinu 1989 sérstaka skýrslu undir heitinu „Norden i Europa — om att overvinde handelshindringer i byggeforeskrifter". Markmið skýrslunnar er að auðvelda öflugt samstarf Norðurlanda varðandi aðlögun að sameiginlegum innri markaði Evrópubandalagsins.

5.29. Norræn hagskýrslugerð.

Á árinu 1989 voru 100 ár liðin frá því samstarf norrænu hagstofanna hófst með fundi hagstofustjóra Dana, Norðmanna og Svía í Kristjaníu 4. júlí 1889. Árið áður hafði verið ákveðið að hagstofustjórafundir skyldu haldnir á nokkurra ára fresti og til skiptis í höfuðborgum ríkjanna í þeim tilgangi „að vinna að auknu samræmi í opinberum hagskýrslum þessara þriggja norrænu ríkja". Finnar tóku í fyrsta skipti þátt í þessum fundum 1924, en Íslendingar árið 1927.

Samstarf norrænu hagstofanna er mjög viðamikið og segja má að það beinist einkum að eftirtöldum þáttum:

1. Að samræma hagskýrslugerð þjóðanna um efnahags-, atvinnu- og félagsmál.
2. Að þróa aðferðir við söfnun, úrvinnslu og dreifingu tölfræðilegra upplýsinga og miðla þekkingu milli hagstofanna.
3. Að vinna að sameiginlegum eða samræmdum könnunum um ýmis þjóðfélagsmál til þess að færi gefist á haldgóðum samanburði milli landanna.
4. Að hafa samstarf á sviði alþjóðlegrar hagskýrslugerðar.

Samvinna hagstofanna byggir á hagstofustjórafundum, sameiginlegum nefndum og á starfi norrænu hagstofunnar í Kaupmannahöfn. Fundir hagstofustjóranna eru með tvennum hætti. Meiri háttar fundir eru haldnir á þriggja ára fresti til skiptis í löndunum og eru þeir sóttir af hagstofustjórum og ýmsum yfirmönnun hagstofanna. Á þessum fundum eru teknar ákvarðanir um samstarfið næstu þrjú árin en jafnframt rætt um tiltekin viðfangsefni í hagskýrslugerð eða tölfræði. Minni hagstofustjórafundir eru svo haldnir árlega í tengslum við reglubundna fundi hagstofustjóra Evrópuríkja í Genf. Starfsnefndir norrænu hagstofanna eru um tuttugu að tölu. Nefndirnar fást við ýmis viðfangsefni á sviði hagskýrslugerðar, annars vegar í samræmingarskyni, en hins vegar þjóna þær þeim tilgangi að miðla upplýsingum um nýmæli, aðferðir og breytingar á vinnubrögðum og viðfangsefnum. Flestar nefndirnar halda fundi á tveggja til þriggja ára fresti, en sumar þó árlega allt eftir viðfangsefnum hverju sinni. Hagstofa Íslands tekur þátt í starfi þeirra nefnda sem mikilvægastar eru fyrir verkefni hennar á hverjum tíma og sem stendur tekur hún með reglubundnum hætti þátt í störfum u.þ.b. 12 nefnda.

Norræna hagstofan í Kaupmannahöfn gegnir lykilhlutverki í samstarfi hagstofanna. Hún annast skipulagningu og samræmingu samstarfsins og safnar efni í og gefur út Norræna tölfræðiárbók. Tölfræðiárbókin gegnir mikilvægu hlutverki á flestum sviðum norrænnar samvinnu þar sem hún hefur að geyma tölfræðilegar upplýsingar um margvíslegar greinar efnahags-, atvinnu- og félagsmála. Auk tölfræðiárbókarinnar gefur norræna hagstofan út tvær ritraðir um hagskýrslugerð og tölfræði, „Nordisk statistisk skriftserie" og „Tekniske rapporter".

Á árinu 1989 var haldinn meiri háttar hagstofustjórafundur í Helsinki og þar lögð á ráðin um samstarfið næstu þrjú árin. Í tengslum við þennan fund var haldið norrænt tölfræðingamót, hið átjánda í röðinni, þar sem m.a. var minnst 100 ára afmælis norræns samstarfs í hagskýrslugerð. Að öðru leyti beindist samstarf hagstofanna á árinu 1989 í vaxandi mæli að umfjöllun um ýmis álitamál í hagskýrslugerð sem upp koma í tengslum við samninga EFTA-ríkja og Evrópubandalagsins. Sýnt þykir að samvinna landanna á því sviði verður náin og umfangsmikil næstu tvö árin. Auk Norrænu tölfræðiárbókarinnar gaf norræna hagstofan út á árinu rit um skýrslugerð um menningarmál og tölvumál í ritröðinni „Tekniske rapporter". Í ritröðinni „Nordisk statistisk skriftserie" kom út bókin „Social trygghed i de nordiske lande", sem veitir marghátttaðar upplýsingar um viðfangsefni, útgjöld og fjármögnun almannatrygginga og félagsmála á Norðurlöndum árið 1987.

6. NORRÆNI FJÁRFESTINGARBANKINN (NIB)

Norræni fjárfestingarbankinn hefur nú starfað í 13 ár og hefur hann tvímælalaust sannað gildi sitt sem einn árangursríkasti vettvangur norræns samstarfs.

Reikningar bankans fyrir árið 1989 sýna að útlán bankans hafa á árinu 1989 hækkað um 564 milljónir SDR og námu í árslok 2.805 milljónum SDR. Af heildarlánum bankans voru norræn lán 2.457 milljónir SDR en verkefnalán, sem eru veitt til þróunarlanda og ríkisviðskiptalanda, 310 milljónir SDR.

Bankinn hefur ekki á liðnu ári orðið fyrir neinu tapi vegna útlána sinna, en hins vegar hefur hann tapað 6,5 milljónum SDR á svonefndum framvalssamningum (option contracts). Bankinn hefur að fenginni þessari reynslu ákveðið að hætta alveg við slík fjármagnsviðskipti, en áður hafði bankinn hagnast talsvert á þeim. Vegna þessa áfalls var afkoma bankans ekki eins góð á árinu 1989 og árið áður. Hagnaður bankans á árinu 1989 nam 26 milljónum SDR og var þar um að ræða lækkun frá fyrra ári um 5 milljónir SDR. Þrátt fyrir þetta er ekki hægt að segja annað en að afkoma bankans sé góð.

Stofnfé bankans var upphaflega 800 milljónir SDR og er hlutur Íslands 1%. Vegna ört vaxandi útlána bankans var ákveðið 1987 að hækka stofnféð í 1600 milljónir SDR sem hækkuðu útlánamöguleika bankans í 4000 milljónir SDR. Í því skyni skuldbundu aðildarríkin sig til að greiða 40 milljónir SDR í varasjóð bankans á árunum 1988–1990. Síðasta greiðslan, 15 milljónir SDR, verður innt af hendi 1. ágúst 1990 og verður innborgað hlutafé þá orðið 200 milljónir SDR. Bankinn greiddi aðildarríkjunum arð vegna áranna 1985 og 1986, en hefur hætt því í nokkur ár á meðan verið er að uppfylla skilyrði um að varasjóður bankans sé ekki minni en 10% af stofnfé eða 160 milljónir SDR. Um áramótin 1989/1990 voru í varasjóði 143 milljónir SDR sem svarar til 9% af stofnfé bankans.

Aðalhlutverk bankans er að efla norrænt efnahagssamstarf með lánveitingum sem uppfylla skilyrði um norræna hagsmuni (nordiskt interesse), en með því er átt við að aðilar í fleiru en einu Norðurlandanna njóti góðs af. Á fyrstu starfsárum bankans voru eingöngu veitt lán innan Norðurlanda, en árið 1982 var stofnaður sérstakur lánaflokkur fyrir svokölluð verkefnalán (projektexportlån) til þróunarlanda og ríkisviðskiptalanda Austur-Evrópu, enda væri um að ræða hagsmuni a.m.k. tveggja norrænna landa. Hámark þessara lána var ákveðið 700 milljónir SDR, sem hefur nú að mestu leyti verið ráðstafað með lánum og lánaheimildum. Bankaráðið samþykkti því 24. nóvember 1989 tillögu til norrænu ráðherranefndarinnar um hækkun á lánsheimildinni í 1400 milljónir SDR. Ábyrgð bankans á þessum lánum er 10%, en aðildarríkjanna 90% sem skiptist eftir sama hlutfalli og eignaraðild þeirra. Bankinn hefur ekki orðið fyrir neinu tapi vegna þessara lána.

Ísland hefur af eðlilegum ástæðum haft lítið gagn af þessum lánaflokki þar til nú í haust að samþykkt var að veita ungverska þjóðbankanum, eða fyrirtæki með ábyrgð hans, 8 milljóna SDR lán til hitaveituframkvæmda og hótelbyggingar í Ungverjalandi sem íslenska fyrirtækið „Virkir-Orkint" er að vinna að í samstarfi við ungverska aðila.

Í undirbúningi er að stofna sérstaka lánastofnun, eins og lagt var til í norrænu efnahagsáætluninni 1989–1992, til að fjármagna umhverfisverndarverkefni í Austur-Evrópu sem uppfylltu skilyrði um norræna hagsmuni. Gert er ráð fyrir að næsta þing Norðurlandaráðs í Reykjavík fjalli um málið. Bankinn hefur þegar hafið lánveitingar vegna umhverfisverndar innan Norðurlanda samkvæmt nýlegri heimild um að slík fjárfesting sé lánshæf þótt aðeins eitt Norðurlanda eigi beinan hlut að máli.

Ísland hefur tvímælalaust haft mikið gagn af bankanum þar eð lánskjör hans hafa yfirleitt verið mun betri en fáanleg hafa verið á alþjóðlegum fjármagnsmarkaði. Byggist þetta fyrst og fremst á því að bankinn getur vegna aðildar allra Norðurlanda fengið fjármagn til útlána sinna á alþjóðamarkaði með hagstæðari kjörum en íslensk stjórnvöld og bankar. Þetta hefur leitt til þess að íslenskar lántökur hafa orðið miklu hærri en annarra Norðurlanda miðað við hlut Íslands í bankanum sem er 1%. Í árslok 1988 var hlutur Íslands af fjárfestingar- og byggðalánum 7,9%, en á árinu 1988 einu var hlutfallið 17,6% og á árinu 1989 var það 13,4%.

Á árinu 1989 veitti bankinn eftirtöldum íslenskum aðilum samtals lán að upphæð 68,7 milljónir SDR sem er jafnvirði 5,5 milljarða króna:

Byggðastofnun	7,0 millj. SDR
Flugleiðir	0,8 millj. SDR
Fiskveiðasjóður	6,3 millj. SDR
Hitaveita Suðurnesja	6,3 millj. SDR
Reykjavík vegna Nesjavallaveitu	7,4 millj. SDR
Landsvirkjun	31,3 millj. SDR
Sorpeyðing höfuðborgarsvæðisins	3,3 millj. SDR
Iðnþróunarsjóður	6,3 millj. SDR

Heildarlán bankans til íslenskra aðila nema í nóvember 1989 223 milljónum SDR sem er um 18 milljarðar króna á núverandi gengi.

Einn Íslendingur starfar nú hjá bankanum, Þorsteinn Þorsteinsson, og er hann sæðisstjóri fyrir Ísland.

Fulltrúar Íslands í stjórn Norræna fjárfestingarbankans eru nú Þórhallur Ásgeirsson, fyrrv. ráðuneytisstjóri, og dr. Guðmundur Magnússon prófessor. Varamenn eru Tómas Árnason seðlabankastjóri og Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri.

7. NORRÆNI VERKEFNAÚTFLUTNINGSSJÓÐURINN (NoPEF)

Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn var stofnaður árið 1982. Sjóðurinn hefur það verkefni með höndum að hvetja til verkefnaútflutnings, fyrst og fremst til þróunarlandanna og Austur-Evrópu. Sjóðurinn styrkir norræn fyrirtæki og stofnanir til að gera forathuganir og arðsemisathuganir vegna verkefna sem talin eru geta leitt til verk- og sölusamninga. Norðurlönd skulu hafa hagsmuna að gæta í þessum verkefnum. Í þessu skyni getur sjóðurinn styrkt gerð forathugana um allt að 50% af kostnaði við gerð þeirra. Styrkurinn er veittur í formi áhættuláns sem að öllu jöfnu þarf að endurgreiða ef verkefnið leiðir til sölusamnings.

Eftirspurn eftir stuðningi úr sjóðnum hefur verið mikil. Samtals hefur sjóðurinn fjallað um 406 verkefni á árunum 1982 til 1989 og þar af samþykkt styrki til 248 verkefna að fjárhæð um 650 milljónir króna. Á árinu 1989 var fjallað um 60 verkefni og samþykkt að veita 31 styrk samtals að fjárhæð um 110 milljónir króna. Samanlagt lauk 21 verkefni á árinu 1989 þar af leiddu þrjú verkefni til verk- eða sölusamninga: sænskt verkefni í Ungverjalandi, norskt verkefni í Kína og finnskt verkefni í Indónesíu. Í þessu felst að tæplega 15% af þeim verkefnum, sem voru endanlega afgreidd frá sjóðnum, leiddu til jákvæðrar niðurstöðu. Þetta er talinn ágætur árangur.

Hagsmunir Norðurlanda í þeim verkefnum, sem sjóðurinn studdi á árinu 1989, voru eðli málsins samkvæmt misjafnir. Danmörk tengdist flestum verkefnanna eða 15, Noregur 14, Finnland 13, Svíþjóð 10, Ísland 3 og samnorræn verkefni voru 5. Flest verkefnanna voru í Asíu eða 27, en næst á eftir kom Austur-Evrópa með 18 verkefni. Verkefnum í Austur-Evrópu hefur fjölgað mjög að undanförnu og er búist við að sú þróun haldi áfram, sérstaklega varðandi verkefni sem tengjast umhverfismálum.

Þótt tilraunir íslenskra fyrirtækja hafi ekki enn borið þann árangur að þær hafi leitt til samnings um útflutningsverkefni má fullyrða að íslensku fyrirtækin hafi bæði öðlast mikilvæga reynslu með þátttöku í þessum verkefnum og jafnframt hafi hún leitt til sambanda við önnur norræn fyrirtæki sem kunna að reynast þýðingarmikil í framtíðinni. Þá er rétt að vekja athygli á því að ekki er óvenjulegt að þrjú til sex ár líði frá því vinna við undirbúning verkefnis hefst þar til því er hrundið í framkvæmd. Ljóst er að í fáum greinum er eins mikill möguleiki á árangri og í sjávarútvegi og orkuvinnslu. Í þessum greinum hafa Íslendingar yfir mikilvægri reynslu og þekkingu að ráða og sameiginlega eru Norðurlöndin sterk og mjög vel samkeppnisfær á þessum sviðum á alþjóðavettvangi. Þá er bent á vaxandi hlut Austur-Evrópu í útflutningsverkefnum sem býður heim nýjum tækifærum, ekki síst á sviði orkumála.

Í framtíðinni er mikilvægt að Íslendingar taki ríkari þátt í útflutningsverkefnum en verið hefur. Brýnt er í þessu sambandi að Íslendingar bindi sig ekki eingöngu við sölu á ráðgjöf og

þjónustu og hugsanlega vörum í einhverjum mæli, heldur fjárfesti jafnframt í erlendum fyrirtækjum. Það á reyndar við Norðurlöndin í heild að æskilegt er fyrir þau að gerast í ríkari mæli en nú er eignaraðilar að fyrirtækjum utan Norðurlanda. Kjörið er fyrir Íslendinga að eiga samstarf við aðrar Norðurlandaþjóðir í þessu efni. Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn getur gegnt mikilvægu hlutverki í því að leiða saman aðila um áhugaverð verkefni á þessu sviði.

Norræn samvinna getur án efa skilað þjóðunum verulegum ávinningi í mynd aukins útflutnings til annarra landa. Má í þessu sambandi nefna sérstaklega, auk verkefnaútflutningssjóðsins, Norræna fjárfestingarbankann og Norræna þróunarsjóðinn. Jafnframt er mikið og gott samstarf milli norrænu útflutningsráðanna. Þetta er góður grunnur til að byggja á norrænt samstarf um útflutning.

Af Íslands hálfu sitja í stjórn sjóðsins Þórður Friðjónsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, sem jafnframt er formaður stjórnar hans, og Stefán Friðfinnsson, aðstoðarmaður utanríkisráðherra. Nýráðinn framkvæmdastjóri sjóðsins er Þorsteinn Ólafsson, efnahags- og atvinnumálaráðgjafi forsætisráðherra.

8. NORRÆNI ÞRÓUNARSJÓÐURINN

Í árslok 1988 var endanlega gengið frá þeirri ákvörðun norrænu ráðherranefndarinnar að stofna Norræna þróunarsjóðinn (Nordic Development Fund, NDF). Alþingi ályktaði 20. desember 1988 að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun sjóðsins sem undirritaður var í Stokkhólmi 3. nóvember 1988.

Norræni þróunarsjóðurinn tók formlega til starfa 1. febrúar 1989. Hann hefur aðsetur innan Norræna fjárfestingarbankans og nýtur samrekstrar með honum að mörgu leyti. Stofnfé sjóðsins er 100 milljónir SDR sem greiðist á fimm árum af framlögum Norðurlanda til þróunarmála og skipting framlaga fer eftir „norræna lyklinum" svokallaða.

Markmið sjóðsins er að styrkja efnahagslegar og félagslegar framfarir í þróunarríkjunum í samvinnu við aðrar lánastofnanir. Fyrst og fremst er lánað til fátækustu landa heims á bestu kjörum sem þekkjast, þ.e. lánin eru til 40 ára, afborganalaus í 10 ár með 0,75% þjónustugjaldi (fyrirframvöxtum). Sjóðurinn veitir að jafnaði ekki hærri lán en 4 milljónir SDR og hefur sett sér það markmið að veita ekki minna en 25–30 lán á reynslutímabilinu, fimm árum. Sjóðurinn hefur ekki sett sér ákveðnar reglur um tegund verkefna sem valin skulu umfram önnur, en almennt verða verkefni, er tengjast umhverfisvernd, svo og efnahagsaðgerðum er snerta stóra þjóðfélagshópa, látin hafa forgang. Þá eru í lánareglum ákvæði um að gætt skuli norrænna hagsmuna við framkvæmd verkefna sem sjóðurinn lánar til.

Sex verkefni hafa nú þegar fengið lánsloforð. Þau eru: Eldsneyti til heimilishalds í Mósambík, átak í umhverfisvernd á Máritíus, byggðaþróun í Simbabve, símavæðing í Laos, öflun drykkjarvatns í Botsvana og skógrækt í Indónesíu. Enn sem komið er hafa ekki borist umsóknir um verkefni þar sem Íslendingar eru meðal verktaka.

Í stjórn sjóðsins situr einn fulltrúi frá hverju Norðurlandanna. Formaður er nú fulltrúi Svíþjóðar, Lars Ekengren. Af Íslands hálfu sat dr. Björn Dagbjartsson, forstjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, í stjórninni til ársloka 1989. Varamaður hans til sama tíma var dr. Ingvar Birgir Friðleifsson, en frá 1. janúar 1990 varð hins vegar dr. Ingvar Birgir Friðleifsson stjórnarmaður fyrir Íslands hönd, en dr. Björn Dagbjartsson varamaður.

9. NORRÆNN ÞRÓUNARSJÓÐUR FYRIR HIN VESTLÆGU NORÐURLÖND

Stofnun Norræna þróunarsjóðsins fyrir hin vestlægu Norðurlönd var ákveðin á norrænum ráðherrafundi í Höfn í Hornafirði 19. ágúst 1986. Áður hafði norrænn vinnuhópur gert ítarlega athugun á því hvort þörf væri fyrir sérstakan atvinnuþróunarsjóð fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland — hin vestlægu Norðurlönd „Ökonomisk udvikling i Vestnorden,

Redegörelse fra ekspertgruppen til undersögelse for en udviklingsfond for Vestnorden". Alþingi samþykkti lög um stofnun sjóðsins í febrúar 1987 og sjóðurinn tók til starfa í Reykjavík í nóvember 1987.

Markmið sjóðsins er að efla fjölbreytt og samkeppnisfært atvinnulíf á Vestur-Norðurlöndum með því að veita lán, styrki og ábyrgðir í tengslum við framfaraverkefni lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Jafnframt er sjóðnum ætlað að stuðla að aukinni iðnaðar- og tæknisamvinnu, bæði milli hinna vestlægu Norðurlanda innbyrðis, svo og samvinnu þeirra við önnur Norðurlönd.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar og landsstjórnir Færeyja og Grænlands leggja fram stofnfé sjóðsins, jafngildi 14,1 milljónir bandaríska dala og verður það að fullu greitt árið 1995. Af þessari upphæð greiðir Danmörk 2,7 milljónir, Finnland 2,7 milljónir, Færeyjar 0,1 milljón, Grænland 0,1 milljón, Ísland 0,4 milljónir, Noregur 2,7 milljónir og Svíþjóð 5,4 milljónir. Sjóðnum er einnig heimilt að taka lán til að fjármagna starfsemi sína, en fram að þessu hefur ekki verið þörf á að nýta þá heimild.

Sjóðurinn veitir lán með sömu skilmálum og bankar. Ákvörðun um mynt og vexti er tekin í hverju tilviki og reynt er að laga lánstíma og afborganir sem best að þörfum verkefnisins og markaðsgildi þess þannig að lánið verði sem hagstæðast fyrir lántakann.

Samkvæmt samþykktum sjóðsins ber honum að krefjast mjög öruggra trygginga fyrir lánum: fasteignaveðs, bankaábyrgðar eða ábyrgðar frá öðrum sjóði. Tryggingakröfurnar eru ein af ástæðum þess hve margar umsóknir hafa strandað á undirbúningsstigi, einkum frá íslenskum aðilum þar sem mörg fyrirtæki hér á landi eiga í verulegum fjárhagserfiðleikum svo sem alkunna er.

Í nóvember 1989 hafði sjóðurinn aðeins veitt fimm lán og nokkrar umsóknir voru í vinnslu. Öll lánin voru til íslenskra fyrirtækja: Kompass hf., 2.1 milljónir DKK, Sjófang hf., 233 þúsundir DM, Klaki sf., 1.43 milljónir DKK, Silfurstjarnan hf., 10 milljónir ÍSK og Frostmar hf., 13 milljónir ÍSK.

Í Færeyjum hefur þar til nýlega verið töluvert framboð af lánsfé, m.a. með niðurgreiddum vöxtum sem sjóðurinn hefur átt erfitt með að keppa við. Nú eru horfur óðum að breytast og má búast við meiri áhuga Færeyinga á lánum frá sjóðnum í náinni framtíð.

Á Grænlandi eru nokkrar umsóknir í undirbúningi í sambandi við ferðamál, en enn gengur treglega að fá raunhæfar umsóknir úr öðrum greinum atvinnulífsins.

Norræni þróunarsjóðurinn fyrir hin vestlægu Norðurlönd, daglega kallaður Lánasjóður Vestur-Norðurlanda (Vestnordenfonden), er sjálfstæð, norræn stofnun. Sjóðurinn hefur aðalskrifstofu sína í húsnæði Byggðastofnunar í Reykjavík og kaupir þar jafnframt rekstrarþjónustu að hluta. Til að auðvelda störfin í Færeyjum og á Grænlandi hefur sjóðurinn fulltrúa í Þórshöfn og Nuuk. Fram á mitt ár 1989 hafði sjóðurinn aðeins einn starfsmann, forstjóra sjóðsins, en nú hefur verið ráðinn aðstoðarmaður í hálft starf.

Í stjórn sjóðsins sitja fulltrúar allra aðildarlandanna og skiptast fulltrúar Færeyja, Grænlands og Íslands á um formennsku. Af Íslands hálfu situr í stjórn sjóðsins Jónas Hallgrímsson, framkvæmdastjóri á Seyðisfirði, og er hann nú stjórnarformaður. Varamaður hans í stjórn er Hlynur Þór Magnússon, ritstjóri á Ísafirði. Forstjóri sjóðsins er Steinar Bendt Jakobsson.

10. NORRÆNA LÍFTÆKNIÁÆTLUNIN

Norrænu líftækniáætluninni var hrundið af stað eftir samþykkt 36. þings Norðurlandaráðs sem haldið var í Ósló 1988. Einn fulltrúi hvers Norðurlanda situr í stjórn áætlunarinnar og er Eiríkur Baldursson, deildarstjóri hjá Rannsóknaráði ríkisins, fulltrúi Íslands. Varamaður hans er dr. Jakob K. Kristjánsson, deildarstjóri í Iðntæknistofnun Íslands. Nokkrir aðilar í Norðurlandasamstarfinu vinna að málefnum tengdum líftækni. Norræni iðnaðarsjóðurinn (NI) og norræna landbúnaðar- og skógnytjanefndin (Nordiska ämbetsmannakommittén för

jord- och skogsbruksfrågor (NÄJS) eru stærst. Hlutverk stjórnar líftækniáætlunarinnar (NPB) er að samræma líftæknistarf aðila í Norðurlandasamstarfi, bera ábyrgð á þeim sviðum sem falla ekki með eðlilegum hætti undir verksvið annarra og sjá til þess að tengsl séu milli þess starfs sem unnið er í löndunum sjálfum og þess sem kostað er af norrænu fé o.fl. Rík áhersla er þannig lögð á að byggja norræna líftæknisamstarfið á grundvelli þess sem unnið er að í löndunum í stað þess að byggja upp starfsemi sem eingöngu er unnið að í norrænu samstarfi. Stjórn norrænu líftækniáætlunarinnar leitast jafnan við að fela framkvæmd verkefna þeim aðilum sem til þeirra eru best fallnir og stjórnin lítur ógjarnan á sig sem framkvæmdaraðila á borð við NI og NÄJS. Til þess að tryggja samráð milli framkvæmdaraðila sitja fulltrúar Norræna iðnaðarsjóðsins og norrænu landbúnaðar- og skógnytjanefndarinnar stjórnarfundi norrænu líftækniáætlunarinnar og starfsmaður stjórnar áætlunarinnar situr jafnframt fundi ráðgjafahópa NI og NÄJS. Ráðgjafahóparnir starfa á vegum þessara stofnana sjálfra og fyrir Íslands hönd situr Sigurgeir Ólafsson, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, í ráðgjafahópi NÄJS og Eiríkur Baldursson í hópi NI.

Mun minna fjármagni var varið til norrænu líftækniáætlunarinnar 1989 en áætlað var og efnisleg samþykkt Norðurlandaráðs gerði ráð fyrir. Niðurskurðurinn bitnaði svo til eingöngu á framlaginu til Norræna iðnaðarsjóðsins. Skera hefur orðið niður starfsemi sem þegar er komin í gang eða er á lokastigi. Niðurskurðurinn hefur einkum bitnað á liðunum námsstyrkir og námskeið í stórverkefnum (paraplyprogram) sem Norræni iðnaðarsjóðurinn annast. Þetta er Íslendingum áhyggjuefni, enda gæti afraksturinn af þátttöku okkar í sumum verkefnum fyrst og fremst verið fólginn í því að afla okkur þannig sérþekkingar sem við erum ekki megnugir að afla okkur sjálfir með öðrum hætti.

Heildarniðurskurður á fjárhagstillögum NPB vegna hlutverks Norræna iðnaðarsjóðsins í líftækniáætluninni nemur fyrir árin 1989 og 1990 alls um 18,5 milljónum norskra króna, þ.e. um 165 milljónum íslenskra króna.

Stjórn Líftækniáætlunarinnar (NPB) ber, eins og áður var greint frá, ábyrgð á sviðum sem ekki heyra með eðlilegu móti undir aðra í norrænu samstarfi.

NPB hafði á árinu frumkvæði að gerð verkefna á þremur sviðum:

Fiskeldi. Á fundi í nóvember 1989 samþykkti NPB að leggja 1 milljón danskra króna af ráðstöfunarfé sínu til rannsóknarverkefna sem lúta að notkun líftæknilegra aðferða við rannsóknir á fisksjúkdómum og viðgangi eldisfisks. Framkvæmd var falin NAF (Nordisk Arbeidsgruppe for Fiskeriforskning). Framlag NPB var skilyrt jafnháu framlagi norrænu embættismannanefndarinnar um sjávarútvegsmál. Fyrir Íslands hönd situr dr. Grímur Valdimarsson, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, í NAF. Gert er ráð fyrir að verkefnið hefjist á árinu 1990.

NPB veitti stuðning til alþjóðlegrar ráðstefnu um ónæmiskerfi fiska. Ráðstefnuna, sem haldin verður 1990, sækja helstu sérfræðingar á þessu sviði.

NPB ákvað einnig að veita stuðning til málþings um sjávarlirfur, þróunarlíffræði og lífefnabúskap og möguleika til eldis á slíkum tegundum.

Erfðatækni. Á vegum NPB starfar hópur sem sér um erfðatækni og hefur hópurinn lagt áherslu á námskeið og fyrirlestrahald. Á árinu 1989 voru haldin tvö námskeið: Í Ósló: „Automatic DNA Sequencing" og í Oulu: „Gene Transfer in Mammalian Cells". Einnig var stuðningur veittur NOMBA-NYRP málþingi o.fl. Hópurinn hafði 550 þúsund danskar krónur til ráðstöfunar á árinu. NPB hefur ákveðið að hópurinn fái 1 milljón danskra króna til ráðstöfunar árið 1990. Fyrir Íslands hönd situr í hópnum Valgerður Andrésdóttir, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði.

Umhverfismál. Á fundi í nóvembermánuði 1989 ákvað NPB einnig að styrkja tvö verkefni sem lúta að líftækni í umhverfismálum. Fyrra verkefnið lýtur að hættum samfara því að erfðabreyttum örverum er sleppt út í umhverfið. Ísland tekur ekki þátt í verkefninu að öðru leyti en því að Hollustuvernd ríkisins fylgist með framgangi þess. Hitt verkefnið lýtur að

athugun á notkun líftæknilegra aðferða til að fylgjast með efnainnihaldi skolps og hreinsun hættulegra efna úr því. Gert er ráð fyrir þátttöku Iðntæknistofnunar Íslands í verkefninu.

Aðaláherslan í þátttöku Norræna iðnaðarsjóðsins í líftækniáætluninni er lögð á stórverkefni þar sem leiddir eru saman aðilar úr heimi vísinda, atvinnulífs og stjórnvalda og verkefni skilgreind í samvinnu. Fyrsta stórverkefnið fjallar um verkfræði eggjahvítuefna.

Verkfræði eggjahvítuefna. Dr. Jón Bragi Bjarnason, Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, er verkefnastjóri í einu verkefnanna. Ágústa Guðmundsdóttir, Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, situr í stjórn verkefnisins. Verkefnið hófst í september með málþingi í Ósló sem sótt var af alls 80 þátttakendum frá háskólum, stofnunum og fyrirtækjum.

Á fundi sínum 5. desember 1989 samþykkti stjórn Norræna iðnaðarsjóðsins fjárveitingar til fjögurra annarra stórverkefna innan líftækniáætlunarinnar:

Hita- og kuldakærar örverur og ensím úr þeim. Jakob K. Kristjánsson, Iðntæknistofnun Íslands, er verkefnisstjóri í einu aðalverkefnanna. Aðrir íslenskir þátttakendur eru Ástríður Pálsdóttir, Líffræðistofnun, Jón Bragi Bjarnason og Helgi Jensson, Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, Guðmundur Stefánsson og Unnur Steingrímsdóttir, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, svo og Guðni Alfreðsson, Líffræðistofnun. Auk þess eru íslensku fyrirtækin Genis hf. og Lífefnavinnslan hf. þátttakendur. Ottó B. Ólafsson, Pharmaco/Delta, situr í stjórn verkefnisins og Hörður Jónsson, Rannsóknaráði ríkisins, annast samræmingu og framkvæmd þess.

Líftækni í matvælaiðnaði. Einar Matthíasson, Iðntæknistofnun Íslands, stýrir einu verkefni, Hjörleifur Einarsson, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, öðru og Ágústa Guðmundsdóttir, Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, því þriðja. Einar Matthíasson, Iðntæknistofnun Íslands, situr í stjórn þess. Leitað er þátttöku fyrirtækja.

Líftækni plöntufrumu. Hér er um að ræða samvinnuverkefni milli NI og NÄJS. Íslendingar taka ekki þátt í verkefninu. Sigurgeir Ólafsson, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, situr í stjórn þess.

Framleiðslutækni. Hér er um að ræða verkefni sem Íslendingar eiga ekki aðild að, en Grímur Valdimarsson, forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, situr fundi stjórnar verkefnisins.

Síðasta stórverkefnið á vegum NI heitir „Líftækni í umhverfismálum" og er það hluti af umhverfistækniáætlun Norræna iðnaðarsjóðsins 1989–1992. Gert er ráð fyrir íslenskri þátttöku í því og Hallgrímur Jónasson, Iðntæknistofnun Íslands, situr í stjórn verkefnisins.

Við val verkefna hefur verið leitað til hæfustu vísindamanna í Austurríki, Bandaríkjunum, Englandi, Frakklandi, Hollandi, Noregi, Skotlandi og Vestur-Þýskalandi. Með því móti hefur fengist óvilhallt mat á vísindalegum gæðum þeirra verkefna sem stórverkefnin byggjast á. Undirverkefni stórverkefnanna hafa beint athygli umheimsins í ríkari mæli að líftæknirannsóknum á Norðurlöndum og þykir þátttaka í verkefnunum merki þess að um áhugaverðar rannsóknir sé að ræða hjá þeim aðilum sem taka þátt í þeim. Mikil þátttaka fyrirtækja, bæði í fjármögnun og framkvæmd, bendir til þess að vel hafi tekist að velja verkefni sem gagnleg þykja í augum atvinnulífsins án þess að í nokkru sé slakað á kröfum um vísindaleg gæði þeirra.

Norræni iðnaðarsjóðurinn hefur enn fremur varið 14–15 milljónum norskra króna til iðnaðarverkefna í líftækni og rennur það fé í auknum mæli til áhættulána. Þá hefur sjóðurinn styrkt 12 málþing og námskeið í líftækni. Hann hefur einnig veitt styrki til þess að koma á samstarfi milli líftækniverkefna sem fjármögnuð eru með öðrum hætti.

Í líftækniáformum norrænu landbúnaðar- og skógnytjanefndarinnar er lögð áhersla á að miðla þekkingu, skapa möguleika til samstarfs, auk þess sem önnur verkefni eru styrkt. Áhersla er lögð á líftækni sem varðar plöntur og plöntufrumur. Árið 1989 hafði nefndin til ráðstöfunar 6 milljónir danskra króna af norrænu fjárlögunum og var fénu varið á eftirfarandi hátt:

Ferða- og dvalarstyrkir	230 þús. DKK
Málþing	05 þús. DKK
Erlendir gestafyrirlestrar	548 þús. DKK
Vinnuhópur að verkefnum	251 þús. DKK
Námskeið	325 þús. DKK
Stórverkefni	4.585 þús. DKK
	6.244 þús. DKK

Þátttaka Íslendinga í þessari líftæknistarfsemi verður að teljast lítil. Einn Íslendingur tekur þátt í verkefni sem unnið er í Svíþjóð. Annar Íslendingur hefur hlotið styrk til þátttöku í málstofu vegna komu erlends vísindamanns. Ástæða lítillar þátttöku Íslendinga í þessum þætti áætlunarinnar er einfaldlega sú að lítið er unnið að rannsóknum á þessu sviði hér á landi. Því er óhægt um vik með þátttöku í rannsóknar- og þróunarverkefnum, en meiri ástæða til þess að notfæra sér þá áherslu sem lögð er á miðlun þekkingar með því að sækja málþing, málstofur og starfsþjálfun í tengslum við verkefni.

Norræna landbúnaðar- og skógnytjanefndin bindur miklar vonir við stórverkefni í samvinnu við Norræna iðnaðarsjóðinn og mun verja miklum fjármunum til þess.

Nefnd um siðfræðilegar hliðar líftækni er ætlað að vekja umræðu um siðfræðilegar spurningar sem vakna við notkun líftæknilegra aðferða í rannsóknum, greiningu, landbúnaði og iðnaði, en ekki að skrifa reglur þar um. Nefndin byggir umfjöllun sína á áþreifanlegum dæmum um notkun líftæknilegra aðferða, m.a. á eftirfarandi sviðum:

Manneskjan:	Athuganir á erfðavísum vegna arfgengra sjúkdóma.
Dýr:	Framleiðsla storkuþáttar mannablóðs í gyltum.
Jurtir:	Erfðabreyttar jurtir sem innihalda toxinerfðavísi úr **Bacillus thuringiensis.**
Örverur:	Notkun erfðabreyttra **Bacillus thuringiensis** gegn skordýrum.

Ofangreind nefnd var skipuð í ársbyrjun 1989. Fulltrúar Íslands eru dr. Jórunn Erla Eyfjörð, Rannsóknastofu Krabbameinsfélags Íslands, og dr. Arnór Hannibalsson, prófessor við Háskóla Íslands.

Nefndin hélt þrjá fundi í Kaupmannahöfn á árinu, 10.–11. maí, 20.–31. ágúst og 1.–2. nóvember. Í nefndinni hafa verið lögð fram gögn um álitamál í líftæknirannsóknum. Á fundinum í nóvember ákvað nefndin að safna efni um siðfræðileg vandamál sem lagt yrði fram til umræðna á Norðurlöndum. Í þessu skyni ákvað nefndin að gefa út nokkra bæklinga um valin álitamál og senda þá út meðal þingmanna á Norðurlöndum.

Nefndin setti sér starfsáætlun á fyrsta fundi sínum og gerir ráð fyrir að ljúka störfum í nóvember 1991.

11. NORRÆNT SAMSTARF Á SVIÐI TÖLVU- OG UPPLÝSINGATÆKNI

Norræna ráðherranefndin hóf á árinu 1984 áætlun um samstarf Norðurlanda á sviði tölvu- og upplýsingatækni. Samstarfsáætlunin náði yfir tímabilið 1984 til ársloka 1989. Þessari samstarfsáætlun er nú lokið og eins og fram kemur hér á eftir liggja niðurstöður fyrir í formi bráðabirgðaskýrslu. Hér verður í stuttu máli gerð grein fyrir áætluninni, en síðan vikið að lokaniðurstöðum.

Framkvæmd samstarfsáætlunarinnar var í megindráttum falin tveimur aðilum, annars vegar Norræna iðnaðarsjóðnum (NI) og hins vegar sérstakri nefnd sem fékk heitið RU-DATA (Rådgivande utskott i DATA-frågor). Verkaskipting á milli aðila var þannig að norræni iðnþróunarsjóðurinn hafði með höndum samstarfið á sviði tækniþróunar í iðnaðar-framleiðslu, en hlutverk tölvunefndarinnar var samkvæmt skipunarbréfi bundið við „önnur forgangssvið", en þau eru m.a. eftirtalin: atvinnulífið, opinber stjórnsýsla, staðlar, lög og reglur, málefni fatlaðra, almannatryggingar og félagsmál, menntun og frumrannsóknir.

Starf tölvunefndarinnar hefur í meginatriðum falist í tillögugerð um styrkveitingar til

tiltekinna þróunarverkefna á ofangreindum sviðum, en auk þess hefur hún staðið fyrir fræðslu og miðlun upplýsinga með náms- og ráðstefnuhaldi. Þróunarverkefnin hafa í langflestum tilfellum falist í samstarfi tveggja eða fleiri aðila frá fleiri en einu Norðurlanda bæði með þátttöku opinberra og einkaaðila.

Þegar starf nefndarinnar var u.þ.b. hálfnað var gerð á vegum nefndarinnar úttekt á starfseminni og árangri hennar. Nefndin fékk sérfróðan aðila til að meta árangur af starfinu og gerði hann sérstaka skýrslu er kynnt var á vegum norrænu ráðherranefndarinnar í febrúar 1988.

Ísland hefur beint og óbeint notið góðs af þessu samstarfi. Ritari nefndarinnar hefur heimsótt Ísland nokkrum sinnum og kynnt starfið fyrir fjölmörgum fulltrúum íslenskra fyrirtækja. Nokkur íslensk verkefni hafa verið styrkt að tilstuðlan nefndarinnar auk þess sem íslenskir aðilar hafa tekið þátt í mörgum samstarfsverkefnum sem styrkt hafa verið af nefndinni.

Helst þeirra má nefna þróun upplýsingakerfis til að spá fyrir um jarðskjálfta (með sérstöku tilliti til Suðurlandsskjálfta) sem unnið hefur verið að í samstarfi við Veðurstofu Íslands og fleiri aðila.

Á síðasta starfsári sínu (1989) starfaði nefndin með svipuðum hætti og áður og er í því sambandi vísað til greinargerðar um starfið frá sl. ári. Nefndin fékk á árinu, í samvinnu við Norræna iðnaðarsjóðinn, aðila á sviði fjölmiðlunar til að taka saman greinargerð í formi blaðagreina (Nordisk samarbeide om informasjonsteknologi) um ýmis verkefni sem unnin hafa verið með stuðningi nefndarinnar og hefur þessum upplýsingum verið dreift. Fyrir árslok gekk nefndin frá drögum að lokaskýrslu sem verður til umræðu á vettvangi norræns samstarfs á næstunni. Nefndin fjallar þar m.a. um hugsanlegt framhald á samstarfi Norðurlandanna á þessu sviði, en slíkt samstarf er að mati nefndarinnar afar mikilvægt að haldi áfram með einum eða öðrum hætti.

Fulltrúar Íslands í tölvunefndinni hafa verið þeir Sigurður Þórðarson vararíkisendurskoðandi og Egill B. Hreinsson verkfræðingur.

12. NORRÆNAR VEÐURFARSRANNSÓKNIR: RENLANDSVERKEFNIÐ

Á undanförnum áratugum hefur áhugi manna á umhverfisþáttum jarðar, þar á meðal veðurfari, aukist til muna. Ástæðuna má rekja til sífellt meiri umsvifa mannsins sem gætu haft mjög skaðleg áhrif á umhverfi okkar. Nægir þar að nefna alkunn mengunarvandamál eins og kolsýrumengun og þynningu ósonlagsins. Þar að auki er orðið ljóst að eðlilegar breytingar veðurfarsins eru mjög verulegar og geta valdið mikilli röskun á lífsháttum þjóða hvar sem er í heiminum.

Fjölmörg alþjóðleg rannsóknarverkefni eru nú þegar í gangi, en önnur á undirbúningsstigi til þess að kanna þessi mál enn frekar.

Fyrir Íslendinga, sem búa á mörkum hins byggilega heims, eru rannsóknir, sem miða að því að varpa ljósi á þessa þætti, mjög mikilvægar. Jafnframt er mikils virði að við tökum virkan þátt í þeim. Bæði getum við lagt töluvert af mörkum og niðurstöður ná fyrr til okkar.

Hluti framlags Norðurlanda til þessara rannsókna var Renlandsverkefnið sem stóð yfir árin 1986, 1987 og 1988 á Renlandsjökli sem er inn af Scoresby-sundi í Austur-Grænlandi. Renlandsjökull varð fyrir valinu þar sem veðurkerfi Íslands og Renlands eru nátengd og tengjast einnig veðurkerfi Evrópu. Aðalmarkmið rannsóknarverkefnisins var að afla nýrra gagna um veðurfarssveiflur við norðanvert Atlantshaf sl. 10 til 100 þúsund ár og öðlast betri skilning á eðli þeirra og orsökum, með hugsanlega veðurfarsspá fyrir augum. Gögnin fást m.a. með samsætumælingum á ískjarna sem boraður var í gegnum jökulinn.

Stjórnendur verkefnisins voru Sigfús Jóhann Johnsen prófessor, Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, W. Dansgaard prófessor, Geofysisk Institut við Hafnarháskóla, og Anders Malmkvist, prófessor, Polarforskningssekretariatet í Stokkhólmi, fyrir Stokkhólmsháskóla.

Norræna ráðherranefndin greiddi kostnaðinn við verkefnið tvö seinni árin eða sem nam 2,3 milljónum danskra króna.

Sumarið 1986 fór lítill leiðangur á jökulinn til að kanna aðstæður og þar með hvort nægilega heppilegur staður fyndist til borunar. Svo reyndist vera og fór þá annar leiðangur á jökulinn næsta sumar til að gera nákvæmar mælingar á þykkt jökulsins og ákveða borstað. Sumarið 1988 var svo farinn lokaleiðangur á jökulinn og 325 m langur kjarni boraður niður á botn. Sigfús J. Johnsen stjórnaði boruninni á vegum Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands. Þess ber að geta að aðstæður voru allar hinar verstu til athafna á jöklinum og hefði ekki komið til reynsla og áræðni starfsmanna Flugfélags Norðurlands hefði verkefnið orðið mun árangursminna og jafnvel misheppnast alveg.

Þó nokkrar samsætumælingar hafa verið gerðar á kjarnanum með massagreini Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands og ljóst orðið að kjarninn geymir ómetanlegar upplýsingar um veðurfar við norðanvert Atlantshaf undanfarin 120 þúsund ár. Í ljós hefur komið að kjarninn segir mun sannari sögu en aðrir Grænlandskjarnar og rennir því sterkum stoðum undir viðleitni vísindamanna um allan heim að skilja duttlunga veðurfarsins og þá umhverfisþætti sem gera jörðina að byggilegri plánetu.

Sumarið 1990 hefst ný borun á hájökli Grænlands á vegum Sambands vísindasjóða Evrópu. Rannsóknarverkefnið nefnist „Greenland Ice Project" eða GRIP og er áætlað að borunin ein kosti 40 milljónir danskra króna. Vonast er til að norræna ráðherranefndin tryggi virka þátttöku Norðurlanda í GRIP og greiði 6% kostnaðar. Með þeirri reynslu og þekkingu, sem Renlandsverkefnið aflaði norrænum vísindamönnum, er ljóst að þátttaka þeirra mun styrkja mjög alla framkvæmd þessa stóra verkefnis, sem og vísindalegan árangur þess.

13. NORRÆNT KYNBÓTAVERKEFNI Í HAFBEIT

Í septemberbyrjun 1986 ákvað norræna vinnunefndin um fiskeldi að styrkja verkefni á Íslandi sem tengdist kynbótum í hafbeit. Áætlað var að styrkja verkefnið í fimm ár, þ.e. frá 1987 til 1992. Eðlilegt þótti að slíkt verkefni yrði framkvæmt og því stjórnað á Íslandi þar sem hafbeitarmöguleikar eru bestir vegna banns við laxveiðum í sjó og að þar væri áratuga reynsla af slíkri starfsemi. Ákveðið var að verkefnið yrði framkvæmt í Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði sem er brautryðjandi á sviði hafbeitar í Atlantshafi, en einnig að nokkrum hluta í Færeyjum hjá p/f Fiskaaling.

Í framhaldi af þessari ákvörðun var stjórn verkefnisins mynduð, með einum fulltrúa frá hverju Norðurlandanna, en tveimur frá Íslandi. Fulltrúar Íslands eru frá Veiðimálastofnun og Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Árni Ísaksson veiðimálastjóri, en framkvæmd verkefnisins er í höndum Jónasar Jónassonar, sérfræðings á Veiðimálastofnun.

Stjórn verkefnisins hefur komið saman þrisvar og rætt framvindu þess og framtíðaráætlanir. Framlag norrænu ráðherranefndarinnar til verkefnisins 1987–1989 er samanlagt um 850 þúsund norskar krónur sem að mestu hafa farið til að greiða laun sérfræðings sem unnið hefur við verkefnið.

Í september 1986 fór sérfræðinganefnd á vegum Rannsóknaráðs ríkisins til Noregs til að kynna sér stöðu fiskeldismála og ræða samstarf á því sviði. Í þeirri ferð voru kynntar áætlanir um norrænt verkefni á sviði kynbóta og leitað eftir stuðningi sjóðsins að veita 1,2 milljónum norskra króna til verkefnisins á þriggja ára tímabili.

Til að hægt væri að framkvæma verkefnið hér á landi var nauðsynlegt að byggja sérstakt kynbótahús í Laxeldisstöð ríkisins og endurnýja mikið af leiðslubúnaði og geymslutjörnum. Þær framkvæmdir kostuðu um 15 milljónir íslenskra króna sem var að mestu fjármagnað með lánsfé fyrir tilstuðlan þáverandi landbúnaðarráðherra Jóns Helgasonar sem sýndi málinu mikinn áhuga.

Árlegur kostnaður við rekstur kynbótaverkefnisins er um 12 milljónir íslenskra króna fyrir utan framleiðslukostnað á þeim seiðum sem sleppt er í hafbeit. Framlög norrænna sjóða á

árinu 1990 eru um 8 milljónir og er því ljóst að framlög innlendra aðila eru veruleg, einkum Laxeldisstöðvar ríkisins og Veiðimálastofnunar.

14. NORRÆNT SAMSTARF UM JARÐSKJÁLFTARANNSÓKNIR Á SUÐURLANDI, SIL-VERKEFNIÐ

Eitt helsta markmið SIL-verkefnisins er uppbygging gagnasöfnunarnets til að fylgjast með jarðskjálftum og breytingum í jarðskorpunni sem þeim tengjast á Suðurlandi, m.a. að finna hugsanlega forboða stórra skjálfta. Annað markmið verkefnisins eru rannsóknir í þeim tilgangi að skilja betur eðliseiginleika svæðisins sem er grundvöllur þess að geta spáð fyrir um jarðskjálfta.

Norræna ráðherranefndin ákvað í árslok 1987 að styðja þetta verkefni, en að auki stendur íslenska ríkið og vísindasjóðir í Svíþjóð, Danmörku og Noregi að uppbyggingu gagnasöfnunarnetsins, rekstri þess og rannsóknum.

Hönnun kerfisins og undirbúningsrannsóknir hófust að marki snemma árs 1988. Tilraunastöð fyrir kerfið var sett upp að Bjarnastöðum í Ölfusi í júlí 1989 og tengd gegnum gagnanet Pósts og síma til Reykjavíkur. Sú stöð hefur þegar safnað athyglisverðum upplýsingum, en aðalmarkmið hennar var að undirbúa uppsetningu kerfisins í heild, en í því verða átta stöðvar á Suðurlandsundirlendinu. Uppsetning þessara átta stöðva hófst í desember 1989 og um leið uppsetning miðstöðvarinnar í Reykjavík. Mestur hluti þess tækjabúnaðar, sem notaður verður í kerfinu, hefur nú verið keyptur eða er í pöntun.

Sú undirbúningsvinna, sem farið hefur fram, hefur fyrst og fremst verið unnin á Veðurstofu Íslands, Raunvísindastofnun Háskóla Íslands og á Geofysisk Institut við Háskólann í Uppsölum. Aðrar norrænar stofnanir hafa tengst þessari vinnu í nokkrum mæli. Þegar gagnasöfnunarnetið kemst af stað má búast við vaxandi þátttöku norrænna stofnana, bæði hvað varðar úrvinnslu þeirra gagna sem kerfið safnar og einnig í því er lýtur að notkun gagnanetsins til fjölbreytilegri mælinga en nú fara þar fram.

Hugbúnaður til sjálfvirkrar úrvinnslu í kerfinu kemur frá Norðurlöndum að talsverðu leyti. Nú hefur einnig tekist samstarf við Lamont-stofnunina í Bandaríkjunum sem leggur ókeypis í té mikilvægan hugbúnað til gagnavinnslu. Áframhaldandi samstarf verður um þróun þess búnaðar og notkun.

Hjá rannsóknastofnunum víða um heim er mikill áhugi á að tengjast þessu verkefni og nýta mælingar frá því. Þess má geta að sovéskir vísindamenn og vísindamenn frá Lamont-stofnuninni í Bandaríkjunum áætla samvinnu um nákvæmar rannsóknir á jarðskorpunni á Suðurlandi sumarið 1990 með sérstöku tilliti til SIL-verkefnisins og mælakerfis þess. Þá áforma vísindamenn frá Hokkaído-háskóla í Japan mælingar á hafsbotni á Reykjaneshryggnum sumarið 1990 og frá Durham-háskóla í Bretlandi má búast við leiðangri til sérstakra rannsókna á Reykjanesskaganum, einnig næsta sumar. Allir þessir leiðangrar tengjast SIL-verkefninu og eru mikilvægir fyrir framþróun þess.

Ítarlega var greint frá framvindu SIL-verkefnisins á fundi norrænna jarðskjálftafræðinga í Sunne í Svíþjóð í september 1989. Í tengslum við þann fund var einnig haldinn fundur í stjórnarnefnd verkefnisins.

SIL-verkefninu er stjórnað af nefnd átta manna frá jafnmörgum rannsóknastofnunum á Norðurlöndum öllum, auk fulltrúa frá norrænu ráðherranefndinni. Upphaflega var valin fjögurra manna framkvæmdarnefnd úr þessum hópi. Á fundinum í Sunne var hins vegar samþykkt að leggja framkvæmdarnefndina niður og að stjórnarnefndin skyldi hittast allt að tvisvar á ári. Ragnar Stefánsson er framkvæmdastjóri verkefnisins. Sérstakt samkomulag hefur verið gert á Veðurstofu Íslands um rekstur kerfisins og aðstöðu til rannsókna, m.a. fyrir vísindamenn frá öðrum ríkjum Norðurlanda.

Norræna ráðherranefndin hefur nú ákveðið að greiða allt sitt framlag til verkefnisins, samtals 3 milljónir danskra króna. Framlög vísindasjóðanna hafa verið veitt í samræmi við áætlanir. Stjórn verkefnisins væntir þess að framlagið frá íslenska ríkinu fyrir 1990 verði í samræmi við það sem áætlað var í upphafi.

Nd. 611. Frumvarp til laga [354. mál]

um breytingu á lögum nr. 91/1989, um tekjustofna sveitarfélaga.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

1. gr.

Við síðari málsgrein 34. gr. laganna bætist nýr stafliður svohljóðandi:

d. Starfsemi fjölmiðla, þ.e. sjónvarps- og útvarpsstöðva og dagblaða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu aðstöðugjalda á árinu 1990.

Greinargerð.

Þetta frumvarp er lagt fram til að freista þess að koma í veg fyrir að fjölmiðlum í þjóðfélaginu sé mismunað í greiðslu aðstöðugjalds til sveitarfélaga. Einn fjölmiðill greiðir gjaldið á meðan annar greiðir það ekki. Það er ójöfn samkeppni og getur aldrei varað til lengdar.

Ein af æðstu skyldum Alþingis er að mismuna ekki þegnum landsins og sjá til þess að allir hafi sama rétt og beri sömu skyldur, hvort sem þar eiga í hlut einstaklingar eða félög þeirra og fyrirtæki. Alþingi ber að tryggja að allir Íslendingar hafi sömu möguleika til að verða eigin gæfu smiðir og fái að erja sinn reit í friði við guð og menn. Bregðist Alþingi þessari skyldu sinni er brostinn trúnaður við fólkið í landinu.

Prentfrelsi hefur löngum verið einn helgasti réttur fólksins til að halda hlut sínum fyrir valdhöfum á hverjum tíma. Prentfrelsi er ekkert annað en staðfesting á málfrelsi og þar með tjáningarfrelsi. Alþingi Íslendinga er elsta málstofa frelsis á Íslandi og án málfrelsis verður ekkert Alþingi. Þess vegna hefur þingheimur jafnan borið gæfu til að verja prentfrelsið þegar misvitrir valdsmenn úr kerfinu hafa sótt að því af ýmsum hvötum. Prentfrelsi er málfrelsi og verður því að geta reitt sig á Alþingi. Hvorugt má án hins vera.

Ný tækni hefur flutt vaxandi hluta af prentfrelsi yfir á öldur ljósvakans og með henni rann upp öld fjölmiðla. Til skamms tíma hafði Ríkisútvarpið einkarétt á útvarpi og sat þannig eitt að prentfrelsinu á ljósvakanum. Nú er sá einkaréttur fallinn niður samkvæmt lögum frá Alþingi og öllum er nú heimilt að útvarpa og sjónvarpa enda standi þeir undir vissum kröfum og fylgi settum reglum þar að lútandi. Alþingi brást því ekki málfrelsinu þegar á reyndi.

Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga er heimild til að leggja aðstöðugjald á fjölmiðla. Borgarstjórn Reykjavíkur hefur ákveðið að nota þessa heimild í fyrsta sinn á næsta fjárhagsári og leggja aðstöðugjald á alla fjölmiðla í Reykjavík nema einn. Ríkisútvarpið borgar ekki aðstöðugjald samkvæmt sérstakri undanþágu í lögum. Þrátt fyrir það ætlar borgarstjórn Reykjavíkur að halda fast við áform sín og mismuna þannig gróflega fjölmiðlum í borginni.

Nú kann fjárhagur Reykjavíkurborgar að vera bágur um þessar mundir en borgarstjórn getur sjálfri sér um kennt. Hún reisti að fyrra bragði ráðhús í Reykjavíkurtjörn og veitingahús á geymum Öskjuhlíðar og réðst í fleiri dýrar framkvæmdir. Þessi minnismerki skila ekki borgarbúum neinum sérstökum fjárhagslegum eða félagslegum ábata nema síður væri. Nú eru bögglarnir, sem fylgdu skammrifinu, að koma upp á yfirborðið og borgarstjórn Reykjavíkur þarf meiri peninga til að ná saman endum. Þeir verða ekki hnýttir saman nema með harðari skattheimtu.

Og fyrir valinu verða fjölmiðlarnir í höfuðborginni — allir nema einn. Nú þarf ekki að orðlengja það frekar þótt sveitarfélög nýti sér tekjustofna þegar harðnar á dalnum. Skattheimta af þessu tagi leggst þó afar misjafnt á fjölmiðlana og dregur eflaust úr þjónustu sumra

þeirra en getur riðið öðrum að fullu. Með því móti kemur slagsíða á málfrelsið. Borgarstjórn Reykjavíkur eykur þarna forskot ríkisreksturs á frjálsan atvinnurekstur í höfuðborginni.

Kjarni málsins er að allir sitji við sama borð innan sömu atvinnugreinar. Ríkisútvarpið greiðir ekki aðstöðugjald samkvæmt heimild í lögum. Því er besta lausnin að aðrir fjölmiðlar greiði það ekki heldur og málfrelsið sitji áfram í heiðurssæti. Þess vegna er lagt til að lögunum verði breytt á þennan hátt.

Flutningsmaður treystir því að þingheimur haldi áfram vörð um málfrelsið í störfum sínum.

Nd. 612. Frumvarp til laga [355. mál]

um breytingu á lögum nr. 7/1975, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, sbr. lög nr. 56/1986.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á alþjóðareglunum sem gerðar voru í London 19. nóvember 1987.

2. gr.

Í fylgiskjali með lögunum verði þær breytingar sem greinir í fylgiskjali með lögum þessum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

BREYTINGAR Í ALÞJÓÐAREGLUM TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR ÁREKSTRA Á SJÓ, 1972

1. 1. regla e.: Skip af sérstakri gerð.
   Í stað núgildandi texta komi eftirfarandi:
   e. Ef skip af sérstakri gerð eða skip, sem ætlað er sérstakt hlutverk, getur ekki, að áliti ríkisstjórnar, að öllu leyti fylgt ákvæðum einhverra þessara reglna um fjölda, staðsetningu og sjónarlengd ljósa eða dagmerkja, ljósboga þeirra eða lögun, sem og um fyrirkomulag og einkenni hljóðmerkjatækja, þá skal skipið fara eftir öðrum ákvæðum um fjölda, staðsetningu og sjónarlengd ljósa eða dagmerkja, ljósboga þeirra eða lögun, sem og um fyrirkomulag og einkenni hljóðmerkjatækja, þannig að þessum reglum að áliti hlutaðeigandi ríkisstjórnar sé fylgt eins náið og kostur er hvað varðar þetta skip.
2. 3. regla h.: Skip, bagað vegna djúpristu.
   Í stað núgildandi texta komi eftirfarandi:
   h. „Skip sem er bagað vegna djúpristu“ merkir vélskip sem á mjög erfitt með að víkja frá stefnu sinni vegna mikillar djúpristu miðað við dýpi og breidd á þeirri leið sem skipið getur siglt eftir.

3. Ný 8. regla f.: Ekki tálma.

f. 1. Sé einhvers staðar í reglum þessum mælt svo fyrir að skip hvorki hindri för né örugga leið annars skips, skal það, þegar aðstæður krefjast þessa, beita stjórntökum í tæka tíð, þannig að nægilegt svigrúm verði fyrir örugga leið hins skipsins.

2. Skip, sem ber hvorki að hindra för né örugga leið annars skips, er ekki leyst undan þeirri skyldu sinni þó að það nálgist skipið þannig að hætta geti orðið á árekstri og skal það við stjórntök sín taka fullt tillit til stjórntaka sem kynni að verða gripið til í samræmi við reglur þessa kafla.

3. Skipi, sem má halda óhindrað áfram, ber full skylda til að fylgja reglum þessa kafla þegar skipin tvö nálgast hvort annað þannig að hætta er á árekstri.

4. 10. regla a.: Aðskildar siglingaleiðir sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur samþykkt.
Í stað núgildandi texta komi eftirfarandi:

a. Regla þessi gildir um aðskildar siglingaleiðir sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur sett ákvæði um og leysir ekkert skip undan skyldum þess samkvæmt sérhverri annarri reglu.

5. 10. regla c.: Siglt yfir afmarkaða siglingaleið.
Í stað núgildandi texta komi eftirfarandi:

c. Eftir því sem framast er unnt skal forðast að sigla skipi yfir afmarkaða siglingaleið, en ef nauðsyn ber til þá skal fara yfir leiðina á stýrðri stefnu er myndar sem næst rétt horn við höfuðstefnu hinnar afmörkuðu siglingaleiðar.

6. 26. regla d. Á eftir orðunum „önnur skip“ er bætt við orðunum: að fiskveiðum.

7. I. viðauki, 2. hluti d. Efsta ljósið.
Í stað núgildandi texta komi eftirfarandi:

d. Efsta ljósið á vélskipi, sem er styttra en 12 metrar, má vera lægra en 2,5 metra ofan við borðstokkinn. Þegar sigluljós er samt sem áður haft uppi auk hliðarljósa og skutljóss, eða auk hliðarljósa er haft uppi hringljós eins og lýst er í 23. reglu c. 1., þá skal sigluljósið eða hringljósið vera að minnsta kosti einum metra hærra en hliðarljósin.

8. I. viðauki, 2. hluti i. 2.: Lóðrétt fjarlægð á milli ljósa.
Í stað núgildandi texta komi eftirfarandi:

2. Á skipi, sem er styttra en 20 metrar, skal að minnsta kosti vera einn metri á milli ljósanna. Neðsta ljósinu skal, nema hafa skuli uppi dráttarljós, komið fyrir að minnsta kosti í tveggja metra hæð ofan við borðstokk skipsins.

9. I. viðauki, 10. hluti: Ljós seglskipa.
Í 10. lið a.: Á eftir orðinu „seglskip“ í inngangi er bætt við orðunum: sem eru laus.
Í 10. lið b.: Á eftir orðinu „seglskip“ í inngangi er bætt við orðunum: sem eru laus.

10. IV. viðauki, nýr liður 1. o.: Neyðarmerki.
Eftirfarandi nýjum lið, o., er bætt við:

o. Viðtekin merki sem send eru frá fjarskiptakerfum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 7/1975 var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, sem gerð var í Lundúnum 20. október 1972. Samþykktin var fullgilt 21. apríl 1975 og öðlaðist gildi 15. júlí 1977, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 6/1975 og 4/1977.

Með lögum nr. 56/1986 var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta breytingar á alþjóðareglunum sem gerðar voru í Lundúnum 19. nóvember 1981. Breytingar tóku gildi 1. júní 1983, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 4/1983.

Samkvæmt 2. gr. laganna hafa alþjóðareglurnar með áorðnum breytingum lagagildi hér á landi.

Í samræmi við 6. gr. samþykktarinnar hefur verið unnið á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar að breytingum á alþjóðareglunum. Á 15. þingi stofnunarinnar voru í ályktun A. 626(15), dags. 19. nóvember 1987, gerðar þær breytingar á alþjóðareglunum sem greinir í fylgiskjali með lagafrumvarpi þessu. Þær öðlast gildi 19. nóvember 1989.

Einnig er leiðréttur íslenskur texti 26. reglu d.

Ríkisstjórnin telur rétt að breytingar þessar fái lagagildi hér á landi og fer þess á leit að Alþingi samþykki frumvarp til laga þar að lútandi.

Einstakar greinar frumvarpsins þarfnast ekki skýringa.

Nd. 613. Frumvarp til laga [356. mál]

um breytingu á lögum nr. 94/1980, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæma aðstoð í tollamálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að staðfesta breytingu á samningnum sem gerð var með samningi 3. ágúst 1989.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Ákvæði samningsins með áorðnum breytingum skulu hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

14. gr. í fylgiskjali með lögunum orðist svo:

Samningur þessi gildir ekki á Grænlandi að því er Danmörku varðar, né á Svalbarða, Jan Mayen eða á norskum landsvæðum utan Evrópu að því er Noreg varðar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 94/1980 var ríkisstjórninni heimilað að fullgilda fyrir Íslands hönd Norðurlandasamning um aðstoð í tollamálum sem gerður var í Ósló 11. september 1981. Samningurinn var fullgiltur 29. september 1981 og öðlaðist gildi 17. mars 1982, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 19/1981 og 12/1982.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 94/1980 hafa ákvæði samningsins lagagildi hér á landi.

Á fundi Tollasamvinnuráðs Norðurlanda 1.–3. september 1987 var ákveðið að breyta samningnum þannig að Færeyjar yrðu aðilar að honum, en skv. 14. gr. hans var honum ekki beitt að því er Danmörku varðaði í Færeyjum eða á Grænlandi. Samningur um breytingu á 14. gr. var undirritaður í Ósló 3. ágúst 1989.

Með frumvarpi þessu fer ríkisstjórnin þess á leit að lögum nr. 94/1980 verði breytt til að taka mið af hinu nýja gildissviði hans.

Einstakar greinar frumvarpsins þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 614. Fyrirspurn [357. mál]

til félagsmálaráðherra um gatnagerðargjöld sveitarfélaga.

Frá Hreggviði Jónssyni.

Hver eru gatnagerðargjöld á rúmmetra íbúðar- og atvinnuhúsnæðis í hverju sveitarfélagi fyrir sig á landinu?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 615. Fyrirspurn [358. mál]

til félagsmálaráðherra um lán Byggingarsjóðs ríkisins.

Frá Hreggviði Jónssyni.

1. Hve mörgum umsóknum um lán úr Byggingarsjóði ríkisins er enn ósvarað hvað lánshæfi þeirra varðar?
2. Hve lengi hafa þessar umsóknir legið fyrir? Svar óskast sundurgreint eftir fjölda slíkra umsókna og tíma í mánuðum talið.
3. Hve margar umsóknir eru nú taldar lánshæfar en hafa ekki enn verið afgreiddar sem lánsloforð? Svar óskast sundurgreint eins og í 2. lið.
4. Hve mörg lánsloforð hafa nú verið send út (en lán ekki komið til útborgunar)? Svar óskast tilgreint eins og í 2. lið.
5. Hve háar fjárhæðir eru áætlaðar í þessar lánsumsóknir, sundurgreint eftir þessum þremur flokkum: ósvarað, lánshæfar og lánsloforð útgefin?
6. Hvenær má vænta útborgunar þessara lána, eftir tímabilum í mánuðum talið?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 616. Fyrirspurn [359. mál]

til fjármálaráðherra um verðbreytingarfærslur Landsvirkjunar.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

1. Hverju munar á þeirri verðbreytingarfærslu sem Landsvirkjun hefur beitt á þeim árum sem slíkar færslur hafa verið notaðar og þeirrar sem ríkisskattstjóri hefur gefið út á sama tímabili?
2. Hve mikið hefði bókfærð eiginfjárstaða Landsvirkjunar aukist ef verðbreytingarfærslum ríkisskattstjóra hefði verið beitt á umræddu tímabili og hver var aukningin á bókfærðri eiginfjárstöðu Landsvirkjunar á sama tímabili?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 617. Fyrirspurn [360. mál]

til utanríkisráðherra um lendingar- og þjónustugjöld á Keflavíkurflugvelli.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

1. Mun ráðherrann beita sér fyrir endurskoðun á gjaldskrá um lendingar- og þjónustugjöld á Keflavíkurflugvelli og samræmingu þeirra við gjaldskrár samkeppnisflugvalla?
2. Er þess að vænta að afgreiðsla á Keflavíkurflugvelli verði færð í hendur hlutlausra aðila sem stuðli að auknum umsvifum á vellinum?

Sþ. 618. Þingsályktun [116. mál]

um könnun á áhrifum af steinatöku og söfnun steingervinga.

(Afgreidd frá Sþ. 19. febr.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta Náttúrufræðistofnun Íslands kanna áhrif af steinatöku og söfnun steingervinga á náttúru Íslands og gera í framhaldi af því, að höfðu samráði við Náttúruverndarráð, tillögur um aðgerðir til náttúruverndar á þessu sviði eftir því sem þörf er talin á.

Sþ. 619. Tillaga til þingsályktunar [361. mál]

um heimsverslunarmiðstöð á Íslandi.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson, Guðmundur Ágústsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvort ekki sé tímabært að koma upp heimsverslunarmiðstöð (World Trade Centre) á Íslandi með beinum tölvu- og fjarskiptatengslum við allar heimsverslunarmiðstöðvar og allar helstu kauphallir heimsins.

Greinargerð.

Hin öra framþróun í milliríkjaviðskiptum, sem átt hefur sér stað á síðari árum, krefst skjótra viðbragða af hálfu okkar Íslendinga því að ella má telja víst að við munum dragast aftur úr á þeim vettvangi. Kaup og sala á gjaldeyri og ýmsum vörum, svo sem kornvöru, sykri, kaffi, málmum o.fl., fer nú oftast fram með beinum tölvufjarskiptum gegnum sérstakar fjarskiptamiðstöðvar þar sem slík viðskipti ganga fyrir sig með ógnarhraða og í miklu magni. Þar geta þeir aðilar, sem stunda verslun og viðskipti á alþjóðlegum vettvangi, m.a. keypt og selt á svokölluðum framvirkum markaði. Þannig er hægt að kaupa ákveðið magn vöru, t.d. sykur eða kaffi eða gjaldeyri, á verði dagsins til afhendingar eftir ákveðinn tíma jafnvel fleiri ár. Kaupandi og seljandi taka þá sameiginlega áhættu af því að verð vörunnar á afhendingardegi verði verulega hærra eða lægra en þegar samningar voru gerðir. Slík viðskipti verða æ algengari, en krefjast bæði þekkingar á alþjóðlegum mörkuðum og aðgangi að beinum markaðsupplýsingum gegnum fullkomið tölvufjarskiptakerfi.

Höfuðtilgangurinn með heimsverslunarmiðstöðvunum er samstillt þjónustu- og upplýsingastarf milli þeirra sjálfra og þeirra aðila, sem eiga hlutdeild í milliríkjaviðskiptum um allan

heim. Með beinum tölvufjarskiptum má fylgjast með breytingum á heimsmarkaðsverði á nánast öllum tegundum vöru og gjaldeyris á heimsmarkaði á hverri sekúndu. Kaup og sala fer fram með tölvuboðum á sama hátt. Þannig skapa heimsverslunarmiðstöðvarnar heilstæðan vettvang frjálsra og sjálfstæðra viðskipta milli einstaklinga, stofnana, félagasamtaka og fyrirtækja um víða veröld. Um 45 slíkar miðstöðvar eru nú starfræktar víðs vegar um allan heim. Frægust þeirra er eflaust heimsverslunarmiðstöðin í New York.

Árið 1987 fór fram töluverð umræða um það á vegum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hvort æskilegt væri að koma upp slíkri miðstöð á Íslandi. Í því sambandi var unnin fróðleg greinargerð sem leiddi í ljós hvaða möguleikar og valkostir fælust í slíkri stofnun fyrir Íslendinga. Af henni má sjá að helstu þættir þess starfs, sem æskilegt er að fari fram í slíkri miðstöð, eru fyrir hendi hér á landi í sjálfstæðum stofnunum, félagasamtökum, hjá einstaklingum og fyrirtækjum um allt land. Þótt starf þeirra hafi verið með ágætum er ljóst að mun betri árangri má ná með samvirkri þátttöku þeirra í slíkri heimsverslunarmiðstöð. Sem dæmi um þessa aðila má nefna fjármálastofnanir, Útflutningsráð Íslands, Verslunarráð Íslands, Félag íslenskra stórkaupmanna, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda, sjávarafurðadeild Sambandsins, sölusamtök lagmetis, útflutningssamtök landbúnaðar-, fiskeldis- og loðdýrabænda, auk ótal annarra aðila. Þessir aðilar eru misjafnlega vel búnir til þess að mæta breyttum tímum og kröfum markaðarins þar sem slíkt útheimtir hlutfallslega háan tilkostnað miðað við umsvif.

Landfræðileg lega Íslands býður upp á mjög góða aðstöðu og möguleika til verslunar og viðskipta á heimsvettvangi. Með heimsverslunarmiðstöð á Íslandi getum við nýtt þessa möguleika enn betur. Íslendingar eru mjög háðir útflutningsverslun og því eðlilegt að leitað sé leiða til að henni séu ávallt búin sem best skilyrði. Nú er að verða mikil breyting á helstu mörkuðum okkar í Evrópu og nýir markaðir í Austur-Evrópu að opnast. Því er nauðsynlegt að Íslendingar fylgist vel með og dragist ekki aftur úr nágrannaþjóðunum í þessu tilliti.

Fylgiskjal.

Gestur Ólafsson,
framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu:

Hugmynd að heimsverslunarmiðstöð á höfuðborgarsvæðinu.
(Janúar 1987.)

Undanfarna mánuði hefur talsvert verið rætt um það á vegum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að æskilegt væri að koma upp svonefndri heimsverslunarmiðstöð á höfuðborgarsvæðinu, en 45 slíkar miðstöðvar hafa verið reistar á undanförnum árum víðs vegar um heim.

Megintilgangur með slíkri viðskiptamiðstöð er að koma upp sameiginlegri aðstöðu á einum stað fyrir alla þá sem standa í milliríkjaviðskiptum á viðkomandi svæði og bjóða þar upp á fjölbreytta aðstöðu og hvers konar þjónustu sem slík fyrirtæki þurfa á að halda auk fullkomnustu fjarskiptatækni.

Lausleg könnun á þessu máli hefur leitt í ljós að full þörf virðist vera á slíkri viðskiptamiðstöð hér á höfuðborgarsvæðinu og að góður fjárhagslegur grundvöllur ætti að vera fyrir þessari miðstöð ef samstaða hlutaðeigandi aðila næst. Það sem hér fer á eftir er sett saman til þess að reifa þessa hugmynd og kanna hvort slík samstaða sé fyrir hendi.

Heimsverslunarmiðstöðvar.

Hugmyndin að heimsverslunarmiðstöðvum sá dagsins ljós skömmu eftir seinni heimsstyrjöld. Slíkar miðstöðvar hafa nú verið byggðar í fjölmörgum löndum og löngu sannað ágæti sitt.

Heimsverslunarmiðstöðvar eru starfærktar bæði í þróuðum iðnríkjum og líka í löndum þar sem erlend viðskipti eru enn á þróunarstigi. Þetta á jafnt við um vestræn ríki og kommúnistaríki. Til þessa hefur 45 heimsverslunarmiðstöðvum verið komið á laggirnar um allan heim. Um 60 þúsund fyrirtæki eiga aðild að Sambandi heimsverslunarmiðstöðva. Þetta samband var stofnað árið 1968 í New Orleans og heitir á ensku „The World Trade Centre Association". Þetta alþjóðasamband var stofnað til að hvetja til og auðvelda alþjóðaviðskipti til þess að koma á alþjóðlegum viðskiptasamböndum og til að hvetja til aukinnar milliríkjaverslunar milli viðkomandi landa.

Þessum markmiðum er náð með samræmdu átaki þeirra fyrirtækja, sem hafa áhuga á alþjóðaverslun og þjónustuiðnaði á viðkomandi stað, og opinberra aðila. Komið er á fót aðstöðu til þess að einfalda og auka viðskiptatengsl. Þannig er hægt að skiptast á þekkingu og reynslu um staðhætti og ástand á hverjum stað. Samband heimsverslunarmiðstöðva hjálpar til við að koma þessum upplýsingum á framfæri og býður upp á mars konar aðstöðu sem getur komið sér vel fyrir fyrirtæki í alþjóðaviðskiptum. Aðilar að einni heimsverslunarmiðstöð eiga aðgang að heimsverslunarmiðstöðvum í öðrum löndum og hafa þannig góðan grundvöll til þess að eiga í viðskiptum á fjölmörgum stöðum. Heimsverslunarmiðstöðvum hefur m.a. verið komið á laggirnar í eftirtöldum borgum:

Amsterdam, Atlanta, Baltimore, Basel, Bombay, Brussel, Chicago, Kaupmannahöfn, Dubai, Eindhoven, Genf, Gautaborg, Hong Kong, Houston, Kuala Lumpur, Le Havre, Leiden, Lissabon, London, Marseille, Melbourne, Mílanó, Montreal, Moskvu, Nanjing, New Orleans, New York, París, Ríó de Janeiro, Rotterdam, Seoul, Singapore, Strasborg, Taipei, Tel Aviv, Tókíó, Torontó, Vancouver og Washington.

Tilgangur með byggingu heimsverslunarmiðstöðva.

Aðaltilgangur heimsverslunarmiðstöðva er eins og fyrr segir að stuðla að auknum alþjóðaviðskiptum. Heimsverslunarmiðstöð leitast ekki við að koma til móts við þetta markmið með því að keppa við einkaaðila og opinbera aðila sem þegar taka þátt í þessari starfsemi, heldur með því að styðja og efla starfsemi þessara aðila með því að koma upp fjölbreyttri aðstöðu og starfsemi. Heimsverslunarmiðstöð leitast við að skilgreina þau svið þar sem um vandamál er að ræða og atriði sem standa í vegi fyrir auknum heimsviðskiptum og leysa þessi vandamál í samvinnu við aðra aðila.

Þar sem vandamál, athafnir, markmið og fjármagn í milliríkjaviðskiptum er breytilegt frá svæði til svæðis eru skipulag, uppbygging og starfsemi heimsverslunarmiðstöðva líka breytileg.

Sums staðar hefur verið talið að áhrifaríkasta leiðin til að stuðla að milliríkjaviðskiptum hafi verið að skipuleggja slíkar miðstöðvar eins og markaði sem sýna vel framleiðslu viðkomandi svæðis. Í öðrum miðstöðvum er um tiltölulega litla sýningarstarfsemi að ræða og

starfsemi heimsverslunarmiðstöðvarinnar getur þá aðallega verið fólgin í skrifstofustarfi fyrir innflytjendur og útflytjendur og fjölmarga einkaaðila og opinbera aðila sem veita þjónustu á alþjóðavettvangi.

Hér er mjög mikilvægt að hafa í huga að hlutverk heimsverslunarmiðstöðva er breytilegt. Þessi hugmynd er ekki mjög gömul og þeir aðilar, sem aðild eiga að þessum verslunarmiðstöðvum, eru enn þá að gera sér fulla grein fyrir því hvernig slík miðstöð getur best þjónað viðskiptamönnum sínum. Á undanförnum árum hefur verið um mjög mikla framför að ræða á þessu sviði og talið er að þessi alþjóðasamtök geti veitt viðskiptavinum sínum margs konar þjónustu næstu tíu ár sem ekki er hægt að ímynda sér nú. Mikilvægi slíkrar heimsverslunarmiðstöðvar er fyrst og fremst fólgið í þeim athöfnum, sem hún innir af hendi, og þeirri starfsemi sem þar fer fram og því er mikilvægt að þessi starfsemi breytist stöðugt til að koma til móts við breytilegar þarfir og tækifæri. Hér á eftir verður fjallað lauslega um nokkur grundvallaratriði í starfsemi slíkra heimsverslunarmiðstöðva sem þegar hafa sannað gildi sitt við að auðvelda og hvetja til alþjóðaviðskipta.

Verslunarmiðstöð fyrir heimsverslun.

Í grundvallaratriðum er góð heimsverslunarmiðstöð verslunarstaður (shopping centre) þar sem menn í alþjóðaviðskiptum geta auðveldlega haft samband við öll mikilvæg opinber fyrirtæki og einkafyrirtæki á viðkomandi svæði sem taka þátt í milliríkjaviðskiptum. Þetta hjálpar líka þeim aðilum sem hafa aðstöðu í þessari miðstöð og þurfa að hafa samband hver við annan í daglegum viðskiptum. Slík miðstöð leggur líka sérstaka áherslu á mikilvægi milliríkjaviðskipta. Auk þessa eru slíkar miðstöðvar mjög hentugar fyrir alþjóðlega viðskiptaaðila, þ.e. þeir geta stundað þessi viðskipti á einum stað, bæði þægilega og hratt og auk þess kynnt sér nýja möguleika og upplýsingar.

Sýning á framleiðslu viðkomandi svæðis.

Eitt nytsamlegasta hlutverk heimsverslunarmiðstöðvar er að þar er hægt að sýna vel útflutningsvarning viðkomandi svæðis. Helst ætti þetta að vera hægt án þess að viðkomandi útflytjendur þurfi nauðsynlega að leigja skrifstofurými í verslunarmiðstöðinni. Þetta getur sparað útflytjendum mikinn kostnað og fyrirhöfn við að finna markaði upp á eigin spýtur. Hér er einnig um mikið hagræði að ræða fyrir alþjóðlega kaupendur sem geta komið á einn stað í viðkomandi verslunarmiðstöð, kynnt sér þar þann varning sem þeir hafa áhuga á og vonandi gengið frá kaupum á staðnum.

Upplýsingaþjónusta.

Áreiðanlegar upplýsingar á réttum tíma eru lykill að vel heppnuðum alþjóðaviðskiptum. Á mörgum sviðum er um mjög marga aðila að ræða og mjög mikið af upplýsingum sem erfitt getur verið að henda reiður á. Hlutverk upplýsingamiðstöðvar í slíkri heimsverslunarmiðstöð er því mjög mikilvægt og tengsl þessarar upplýsingamiðstöðvar við upplýsingabanka víða um heim. Markmið með rekstri slíkrar upplýsingamiðstöðvar er að bjóða upp á faglegar rannsóknir og aðstoð og nákvæm svör við fyrirspurnum um viðskiptasambönd, fjármál og fjölmörg önnur atriði.

Alþjóðleg fjarskipti (telecommunications) frá heimsverslunarmiðstöðvum eru mjög mikilvæg og margar slíkar verslunarmiðstöðvar hafa komið sér upp beinu sambandi við alþjóðleg gervitungl.

Samskipti.

Fyrir nokkru kom Samband heimsverslunarmiðstöðva á laggirnar sérstakri tölvusamskiptaþjónustu í samvinnu við TIMESHARE. Þessi samskiptaþjónusta (World Trade Centre Network) tengir saman alla þá aðila sem eiga aðild að slíkum heimsverslunarmiðstöðvum og veitir þeim samskiptaþjónustu á mjög vægu verði og gerir þeim líka kleift að leita að viðskiptaaðilum víðs vegar í heiminum.

Menntun og námskeið.

Mjög mikilvægur þáttur í alþjóðaviðskiptum er að geta boðið upp á námskeið, fyrirlestra og margs konar þjálfun á öllum þeim sviðum sem tengjast milliríkjaviðskiptum. Í flestum góðum heimsverslunarmiðstöðvum er boðið upp á slík námskeið, m.a. fyrir stjórnendur fyrirtækja í alþjóðafjármálum, sköttum, sölustarfsemi og á öðrum sviðum. Einnig getur verið gott að geta boðið upp á tungumálakennslu og námskeið fyrir þá sem eru að hefja störf í alþjóðaviðskiptum viðvíkjandi skjalagerð og framkvæmd alþjóðaviðskipta.

Framtíðarhorfur.

Á undanförnum árum hafa heimsverslunarmiðstöðvar í vaxandi mæli tekið að sér að skipuleggja ferðir verslunarnefnda til mismunandi heimshluta og taka á móti slíkum sendinefndum frá öðrum löndum. Jafnframt því að taka á móti slíkum viðskiptanefndum geta heimsverslunarmiðstöðvar boðið upp á mjög mikilvæga þjónustu, ekki einungis skipulagt ferðir, heldur líka notað þekkingu sína og sambönd til þess að koma á viðskiptatengslum og koma á kynnum manna á milli. Búist er við að þessi þáttur starfseminnar vaxi mjög mikið á komandi árum.

Einnig má búast við að heimsverslunarmiðstöðvar og Samband heimsverslunarmiðstöðva taki vaxandi þátt í starfsemi alþjóðaaðila sem líka leitast við að efla alþjóðaviðskipti.

Samband heimsverslunarmiðstöðva hefur líka ákveðið að leggja áherslu á að hjálpa þróunarlöndum (industrializing nations) við að koma upp slíkum verslunarmiðstöðvum í þessum löndum og veita þeim aðgang að upplýsingum, þekkingu og tækifærum og gera þeim kleift að taka þátt í alþjóðaviðskiptum.

Heimsverslunarmiðstöðin í Amsterdam.

Til frekari glöggvunar fer hér á eftir lýsing á heimsverslunarmiðstöðinni sem nýlega var opnuð í Amsterdam. Þessi heimsverslunarmiðstöð var byggð nálægt Schiphol-flugvelli og er þannig upp byggð að fjögur háhýsi, sem í eru skrifstofur, eru tengd með lægri þjónustubyggingu. Neðan jarðar eru bílastæði fyrir 1.200 bifreiðir. Heildarflatarmál þessarar byggingar er 110 þúsund fermetrar. Í þessari byggingu er mjög fjölbreytt þjónustustarfsemi, banki, pósthús, túlkar o.fl. Sameiginleg skrifstofa getur séð um alla venjulega skrifstofuvinnu, pöntun á aðstöðu fyrir fundi og ráðstefnur, sér um samninga viðvíkjandi sýningum, sér um að ráða nauðsynlegt aðstoðarfólk, útvegar miða, vegabréfsáritanir, sendla, ráðgjafarþjónustu og útsendingar á bréfum. Þessi skrifstofa getur séð um og skipulagt minni eða stærri fundi, hvort heldur er um að ræða óformlega fundi eða aðalfundi fyrirtækja. Auk þess er þarna um að ræða símaþjónustu sem tekur á móti skilaboðum, sér um telex- og telefax-sendingar. Með rafeindabréfakerfi er líka hægt að hafa beint samband við allar aðrar heimsverslunarmiðstöðvar.

Upplýsingaþjónusta og önnur þjónustustarfsemi eru á jarðhæð í tengslum við aðalanddyri byggingarinnar. Þarna eru veittar verslunarupplýsingar (Trade Information Centre) og

þarna er móttaka bæði fyrir gesti og fyrirtæki sem hafa aðstöðu í byggingunni. Þar er líka hægt að fá þjónustu viðvíkjandi almannatengslum (public relations), sölustarfsemi og auglýsingum, prentun, fjárhagsráðgjöf og bókhaldsaðstoð. Þarna eru tveir bankar og pósthús og nokkur upplýsingaborð, þar sem svarað er spurningum um hótel, bílaleigu, tryggingu, flutninga, verslunarferðir og önnur ferðalög. Einnig er hægt að panta miða í leikhús og á hljómleika.

Iðnaðar- og verslunarráðið í Amsterdam sér um rekstur á miðstöð verslunarupplýsinga í þessari miðstöð. Þarna er hægt að fá yfirgripsmiklar verslunarupplýsingar vegna góðrar samvinnu margra aðila á þessu sviði, m.a. Export Promotion and Information Agency of the Ministry of Economical Affairs, The Holland Trade System, The Office of Business Information. Auk þessara upplýsinga um verslun í Hollandi er líka aðgangur að verslunarupplýsingum í öllum öðrum heimsverslunarmiðstöðvum. Megináhersla í þessari miðstöð er lögð á ráðgjöf viðvíkjandi útflutningi.

Auk þess veitir hún aðstoð erlendum fyrirtækjum sem hafa áhuga á að koma upp útibúum í Hollandi og einnig hollenskum fyrirtækjum sem hafa áhuga á stækkun erlendis. Þarna eru veittar upplýsingar viðvíkjandi tollum, markaðsmálum, flutningum og ýmsar hagrænar upplýsingar um svæði hvar sem er í heiminum. Auk þessa getur þessi miðstöð útvegað verslunarsambönd ef óskað er. Þessi miðstöð tryggir líka að þær upplýsingar, sem hún veitir, séu nýjar og áreiðanlegar, enda hefur hún aðgang að fjölmörgum upplýsingabönkum bæði hjá öðrum heimsverslunarmiðstöðvum og upplýsingabanka hollenska verslunarráðsins sem nær yfir öll fyrirtæki sem rekin eru í Hollandi. Auk þessa er þarna skjala- og uppsláttarbókasafn. Allar þessar upplýsingar eru án endurgjalds og gjald er einungis tekið fyrir sérstök verkefni og fjarskipti.

Mikil áhersla hefur verið lögð á góða nýtingu á þessari heimsverslunarmiðstöð. Þarna er hægt að leigja aðstöðu til að halda ráðstefnur, sýningarsali og kennslustofur í lengri eða skemmri tíma, jafnvel þótt einungis sé um að ræða nokkra klukkutíma.

Á jarðhæð er um að ræða 700 fermetra sýningarsvæði sem er mjög heppilegt fyrir alls kyns sýningar og vörukynningu. Þetta svæði hentar einnig mjög vel fyrir samkvæmi, móttökur og léttan mat.

Í þessari heimsverslunarmiðstöð er mjög góð funda- og ráðstefnuaðstaða fyrir 200–800 manns. Hátalarar, sýningarvélar og önnur venjuleg tæki eru í þessum sölum eða geta fylgt með ef óskað er. Að sjálfsögðu er hægt að láta í té hvers konar skrifstofuþjónustu og bera fram veitingar eins og óskað er. Í verslunarmiðstöðinni er líka sérstakur salur fyrir blaðamannafundi. Þarna er líka sérstök aðstaða fyrir vídeó-ráðstefnur. Úr anddyrinu er gengið beint inn í stærsta sal byggingarinnar, Amsterdam-salinn, sem tekur 200 manns í sæti. Hægt er að breyta salnum þannig að hann henti vel fyrir fjölmargar athafnir, fundi, ráðstefnur, tískusýningar, veislur, dansleiki og jafnvel hljómleika.

Í verslunarmiðstöðinni er hægt að leigja skrifstofupláss með eða án húsgagna og tækja í skemmri eða lengri tíma, allt frá einum degi upp í nokkra mánuði.

Aðstaða til þjálfunar/menntunar.

Á hæðinni, sem er yfir klúbbnum í heimsverslunarmiðstöðinni, er aðstaða til verslunarfræðslu og almennrar kennslu. Á þessari hæð eru 13 fyrirlestra- eða kennsluherbergi sem rúma 40–60 manns. Í þessum sölum er að finna nýjustu og bestu kennslutæki.

Auk þess er þarna að finna tungumálamiðstöð sem sér um kennslu í flestum nútímatungumálum. Innan göngufjarlægðar eru nokkur hótel fyrir þá sem sækja lengri námskeið og sama máli gegnir um fullkomna aðstöðu til leikfimi og útivistar. Sú aðstaða, sem þarna er boðið upp á, er einnig mjög hentug við skipulag hvers konar stjórnunarnámskeiða.

Heimsverslunarklúbburinn í Amsterdam.

Þessi klúbbur er kjarni heimsverslunarmiðstöðvarinnar í Amsterdam. Þessi klúbbur er líka mjög góður fundarstaður fyrir alþjóðlega viðskiptaaðila. Félagsmenn í klúbbnum hafa aðgang að sérstökum bifreiðastæðum neðan jarðar. Sérstök lyfta, sem einungis félagsmenn hafa aðgang að, flytur fólk þaðan upp í anddyri klúbbsins. Í klúbbnum er líka leshorn með dagblöðum og tímaritum hvaðanæva úr heiminum og vídeótex-kerfi. Matsalurinn í klúbbnum býður upp á frábæran mat og mjög góða þjónustu. Þarna eru líka þrír einkamatsalir og hægt er að vera þarna með hádegisfundi og einkamóttökur. Fyrirtæki og stofnanir, sem taka þátt í eða styðja alþjóðsamskipti, geta orðið aðilar að félaginu sem rekur heimsverslunarklúbbinn í Amsterdam. Í þessu félagi eru bæði þeir sem leigja aðstöðu í heimsverslunarmiðstöðinni, svo og fyrirtæki og félög í og utan Amsterdam. Félagsmenn í Heimsverslunarfélaginu í Amsterdam eiga einnig aðgang að öllum öðrum heimsverslunarmiðstöðvum. Þeir hafa líka heimild til að taka þátt í verslunarkynningum sem eru haldnar á vegum félagsins. Þeir fá líka aðstoð við undirbúning verslunarferða, við öflun viðskiptasambanda og við verslunarsamninga. Aðilar að félaginu í Amsterdam fá líka sjálfkrafa aðild að Heimsverslunarfélaginu (World Trade Centre Organisation) og hafa þannig aðgang að allri þjónustu sem heimsverslunarmiðstöðvar annars staðar í heiminum geta veitt, þar með talið aðgang að klúbbum í þessum miðstöðvum. Þeir hafa líka forgang að húsakynnum þessara samtaka og fá einnig sérstakan afslátt.

Vinnuaðstaða fyrir framkvæmdastjóra.

Í tengslum við klúbbinn í heimsverslunarmiðstöðinni í Amsterdam eru sjö vinnustofur fyrir framkvæmdastjóra. Hér er um tvö samtengd svæði að ræða. Annars vegar er hvíldarsvæði með hreinlætisaðstöðu en hins vegar er um að ræða fullkomna skrifstofu- og fundaraðstöðu. Þessi aðstaða var sérstaklega skipulögð fyrir framkvæmdastjóra sem vilja nota tíma sinn eins vel og kostur er á og njóta jafnframt allrar þeirrar þjónustu sem heimsverslunarmiðstöðin hefur upp á að bjóða.

Matsala.

Í heimsverslunarmiðstöðinni í Amsterdam hefur verið lögð áhersla á bæði góðan rekstur og vinalegt umhverfi bæði fyrir þá sem vinna í miðstöðinni og þá sem koma þangað í heimsókn. Þarna er um að ræða mismunandi matsölustaði og kaffisölur. Sjálfsafgreiðslumatsalan tekur um 300 viðskiptavini í sæti og selur mat á mjög vægu verði. Kaffihúsið er ekki langt frá þessum matsölustað. Á mörgum skrifstofuhæðunum er líka eldunaraðstaða þar sem hægt er að útbúa létta hressingu.

Verslun í heimsverslunarmiðstöðinni.

Í heimsverslunarmiðstöðinni er líka um að ræða fjölda verslana sem þjóna bæði þeim sem vinna þar og aðliggjandi svæði. Þarna er rakarastofa, ágæt fjölverslun, sérstök tóbaksverslun, verslun með alls konar skrifstofuvörur, bækur og tímarit, ferðaskrifstofa, blómabúð, lyfjabúð, gjafaverslun og skartgripabúð, svo að eitthvað sé nefnt.

Skrifstofurými.

Í heimsverslunarmiðstöðinni í Amsterdam er hægt að leigja skrifstofur af hvaða stærð sem er til lengri eða skemmri tíma og hafa jafnframt aðgang að allri þeirri þjónustu sem miðstöðin hefur upp á að bjóða. Skrifstofur eru leigðar út í einingum sem eru 60 fermetrar hver og henta mjög vel fyrir hvers konar fyrirtæki sem hafa mikil samskipti við útlönd. Þessar

skrifstofur eru leigðar með gólfteppi og gluggatjöldum og er skipt niður með hreyfanlegum milliveggjum eins og óskað er. Hægt er að leigja skrifstofurými allt frá nokkrum dögum upp í nokkrar vikur eða mánuði. Þetta er gert sérstaklega með tilliti til aðila sem vilja hafa aðgang að skrifstofurými hvenær sem er, hversu langan tíma sem er og vilja jafnframt hafa aðgang að eins fullkominni skrifstofuþjónustu og fjarskiptaþjónustu og kostur er. Þessi aðstaða er líka mjög hentug fyrir aðila sem eru að þreifa fyrir sér um starfsemi á ákveðnu sviði og fyrir þá sem þurfa að sinna ákveðnum tímabundnum verkefnum.

Sþ. 620. Svar [137. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Hreggviðs Jónssonar um kaup ríkisins á fasteignum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða fasteignir hafa verið keyptar samkvæmt heimildum í fjárlögum fyrir árið 1989?*
2. *Hvaða fasteignir hefur ríkið keypt án heimilda í fjárlögum 1989 það sem af er þessu ári?*
3. *Hvert er kaupverð og lánakjör við kaup þessara eigna og hverjir eru seljendur þeirra og til hvaða nota eru þessar fasteignir ætlaðar?*

Til svars fyrirspurn þessari er eftirfarandi yfirlit yfir fasteignaviðskipti á vegum ríkisins árið 1989. Yfirlit þetta spannar einnig sölu eigna á umræddu tímabili þó að ekki sé spurt um þann þátt fasteignaviðskipta ríkisins í fyrirspurninni.

Af samantekt þessari má sjá að umrætt tímabil hefur ríkissjóður keypt 13 fasteignir víðs vegar á landinu. Heildarkaupverð þeirra nemur um 395 millj. kr. Á sama tíma hefur ríkissjóður selt 7 eignir fyrir um 42 millj. kr.

Greiðslukjör í umræddum viðskiptum hafa yfirleitt verið í takt við lögmál fasteignamarkaðarins hverju sinni. Frá þessu eru þó frávik því að dæmi eru þess að ríkissjóður hafi boðið rýmilegar útborganir eða jafnvel staðgreiðslu kaupverðs og nafnverð fasteignar lækkað verulega af þeim sökum til hagsbóta fyrir ríkissjóð.

Að gefnu tilefni skal tekið fram að af umræddum 20 fasteignum var ein eign seld og þrjár keyptar með samþykki fjármálaráðherra og fyrirvara um samþykki Alþingis. Í fjárlögum fyrir árið 1990 er að finna heimildir fyrir fjármálaráðherra til staðfestingar á þeim fasteignaviðskiptum.

Að lokum skal áréttað að yfirlit þetta tekur eingöngu til fasteigna sem keyptar hafa verið eða seldar á vegum eða í samráði við fjármálaráðuneytið.

Fjárhæðir í þús.króna.

Stofnun	Staður	m²	Kaup/ sala	Kaup/sala dagsetning	Afh.dagur samkvæmt samningi	Heimild í fjárl.	Seljandi/kaupandi	Kaupverð/ söluverð	Greiðsluskilmálar Útborgun	gr. með skuldabr.	Lánst.	Vextir	Verð-trygg.	
Fv. skattstofa	Skólagata 10,Ísaf.	224	sala	06.04.1989	01.01.1989	1989	Bæjarsjóður Ísafjarðar	7.500	Framlag ríkissjóðs v/skóladagheimilis					
V/nauð.uppboðs	Safamýri 18 R.	270	sala	07.04.1989	15.08.1989	1989	Guðjón Árnason	13.500	11.000	3.500	7	meðalv.	L	
Fv. heilsugæsla	Austurv.1 Reyðarfj.	77	sala	28.04.1989	01.01.1989	x	Reyðarfjarðarhreppur	1.000	300	700	6	6%	L	* Seldur 2/3 (67%) eignarhluti ríkissjóðs
Heimavist	Þóristún 1,Selfossi	446	kaup	12.05.1989	01.06.1989	1989	Guðmundur Jónsson	17.000	10.000	7.000	4	meðalv.	L	
Bæjarfógeti o.fl.	Hafnarst.107,Akurey.	506	kaup	16.05.1989	01.06.1989	1989	Útvegsbankinn hf.	17.500	10.000	7.500	4	meðalv.	L	
Þjóðminjasafn	Nesst.hús.Seltj.nes		kaup	24.05.1989	01.06.1989	1989	Ágúst Fjeldsted o.fl.	8.000	2.000	6.000	6	meðalv.	L	
Stjónarráð Ísl.	Lindarg.11A Rvík	68,5	k.	30.05.1989	01.10.1989	x	Marinó Sólbergsson	7.500	7.500					
Heilsugæsla	Víkurbr.62,Grindav.	562	kaup	06.06.1989	01.08.1990	1989	Trésmiðjan Grindin sf.	35.850	35.850					* Í byggingu
V/nauð.uppboðs	Hafrafell,Ísafirði		sala	14.06.1989	15.06.1989	1989	Jónas H. Eyjólfsson	1.800	450	1.350	4	meðalv.	L	* Hálfónýt verksmiðjuhús
Sv.stj.fatlaðra	Bæjarhraun 2, Hafn.	319	kaup	28.07.1989	15.10.1989	1989	Byggðaverk hf.	12.800	12.800					* Í byggingu
Norr.eldfj.st.	Skerjabr.1 Seltj.	147,5	s	02.08.1989	15.05.1989	1989	Prjónastofan Iðunn hf.	2.400	0	2.400	10	meðalv.	L	
Norr.eldfj.st.	Skerjabr.1 Seltj.	405	sala	09.08.1989	15.06.1989	1989	Sam-frímararareglan	14.600	3.000	4.000	5	meðalv.	L	yfirtaka á skbr.7.600
Bæjarfógeti o.fl.	Fannborg 6,Kópav.	1.426	kaup	15.08.1989	15.02.1989	1989	Þor sf.	75.500	75.500					* Í byggingu
Menntask. í Rvík	Amtmannsst. 2B,R	900	kaup	29.08.1989	14.05.1990	1989	KFUM og KFUK	32.000	18.000	16.000	6	meðalv.	L	
Skattst.o.fl.	Hafnarstr.93-95 A.	1.108	kaup	20.09.1989	01.02.1990	1989	Kaupfélag Eyfirðinga	28.000	8.000	20.000	8	meðalv.	L	
Mennt.rn.. Hásk.	Akureyri	3.075	kaup	21.09.1989	30.04.1989	x	Álafoss hf.	59.000	0	Yfirtaka á skuldabr. 59.000				
Menntamálaráðun.	Engjateigur 1, R	1.536	kaup	03.10.1989	01.09.1989	1989	Hreyfing sf.	78.000	12.691	13.000	4	Yfirtekin lán 38.309 meðalv.	L	- húsaleiga 14,0 mkr.
Heilbrigðisrn. v/ læknisbústaðar	Sjávarfl.7,Stykk.	204	kaup	05.10.1989	01.10.1989	x	Heiðrún Rútsdóttir	8.300	8.300					
Sambýli fatlaðra	Vesturbrún 17,R	280	kaup	29.12.1989	01.01.1990	1989	Helena Albertsd.o.fl.	14.600	14.600					
Fv.skólast.búst.	Tjarnarbr.5,Bíldud.		sala	29.12.1989	01.01.1990	1989	Bíldudalshreppur	1.000	1.000					seldur 3/4 (75%)eignarhl.rík.

x keypt/selt m. fyrirvara um samþykki Alþingis

Sþ. 621. Svar [230. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ásgeirs Hannesar Eiríkssonar um eignir og skuldir ríkisins í Seðlabanka Íslands.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað eiga ríkið og stofnanir þess og sjóðir mikið fé á innlánsreikningum í Seðlabanka Íslands samtals?*
2. *Hvað fær ríkið mikla vexti af þeim peningum og hve háir eru vextir (meðalvextir)?*
3. *Hvað skulda ríkið og stofnanir þess og sjóðir mikla peninga í Seðlabanka Íslands samtals?*
4. *Hvað borgar ríkið mikla vexti af þeim peningum og hve háir eru vextirnir (meðalvextir)?*

1. Í árslok 1989 voru innstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana í Seðlabanka Íslands 1.478,6 milljónir króna. Þar af voru 679 millj. kr. á viðskiptareikningum sem eru vaxtafærðir í einu lagi með öðrum viðskiptareikningum ríkissjóðs og B-hlutastofnana, 25,8 millj. kr. voru á verðtryggðum reikningum og 773,8 millj. kr. á gjaldeyrisreikningum.

2. Vaxtagreiðslur af verðtryggðum reikningum og gjaldeyrisreikningum á síðasta ári voru samtals 191,1 millj. kr. Meðalávöxtun gjaldeyrisreikninganna í erlendri mynt var um 8,2% á síðasta ári. Verðtryggðu reikningarnir bera 4% vexti umfram hækkun lánskjaravísitölu.

3. Ríkissjóður og ríkisstofnanir skulduðu í árslok 1989 9.716,4 millj. kr. í Seðlabankanum. Þar af voru 2.661,1 millj. kr. á viðskiptareikningum, 3.747,4 millj. kr. á skuldabréfum, 1.217,9 millj. kr. í markaðsskráðum spariskírteinum og 2.085,0 millj. kr. í ríkisvíxlum.

4. Vaxtagreiðslur á árinu voru 1027,1 millj. kr. af skuldabréfum (vextir og verðbætur án gengismunar) eða um 30% af stöðu í ársbyrjun, 18,7 millj. kr. af ríkisvíxlum eða 17% af meðalstöðu og 225,3 millj. kr. af markaðsskráðum spariskírteinum eða um 32% af meðalstöðu. Nettóvaxtagreiðsla á viðskiptareikningum var 1.298,4 millj. kr., sem er 21, 6% af meðalstöðu. Samanlagt námu vaxtagreiðslur með verðbótum 2.570 millj. kr. sem er um 25% af samveginni stöðu.

Nánar um vaxtakjör.

Skuldabréfalán ríkissjóðs í Seðlabanka eru nær öll verðtryggð og að mestu tengd meðalvöxtum banka og sparisjóða.

Nær allir viðskiptareikningar ríkissjóðs og ríkisstofnana eru ávaxtaðir samkvæmt sérstökum samningi um vaxtajöfnun. Ávöxtun á nettóskuld er 1% undir meðalávöxtun banka og sparisjóða í mánuðinum á undan, svo fremi nettóskuld sé innan marka sem samið er um þegar greiðsluáætlun ríkissjóðs liggur fyrir á fyrstu mánuðum ársins. Ávöxtun á þeim hluta nettóskuldar, sem er umfram samning, er 1% yfir meðalávöxtun banka og sparisjóða. Vaxtamunur milli innlána og útlána á viðskiptareikningum er því enginn. Vaxtajöfnunarsamningur Seðlabankans við ríkissjóð, sem byggist á áratuga hefð, hefur m.a. það hagræði í för með sér fyrir ríkissjóð að innstæður hans reiknast til lækkunar yfirdráttar þannig að innstæður bera útlánsvexti.

Af gjaldeyrisreikningum ríkissjóðs eru greiddir Libor-vextir (London Inter Bank Offered Rate) að frádregnu ⅛%.

Kaup Seðlabankans á spariskírteinum og ríkisvíxlum eru einkum vegna viðskipta við fjármálastofnanir. Afföll eða álög frá útgáfukjörum í slíkum eftirviðskiptum breyta því ekki vaxtakjörum ríkissjóðs miðað við upprunaleg kjör þessara skuldbindinga.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir m.a. að áætlaðir raunvextir á innstæðum ríkissjóðs í Seðlabankanum voru á síðasta ári hærri en raunvextir á skuldum.

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Hagfræðideild

6.febrúar 1990
MKM

Yfirlit yfir skuldir og inneignir Ríkissjóðs og ríkisstofnana í Seðlabanka 1989.
Milljónir króna.

	Staða í ársbyrjun 1989	Áætluð meðalstaða 1989	Staða í árslok 1989	Vextir og verðbætur 1989	Vaxtagreiðsla % af meðalst.	Áætluð raun-ávöxtun'89 %
1. Inneignir Ríkissjóðs og ríkisstofnana hjá Seðlabanka						
Viðskiptareikningar, inneign 1)	966,2	(nettó, sjá skuld)	679,0	(sjá nettófærslu með skuldum)		4,4
Verðtryggðir reikningar	20,5	23,0	25,8	5,3	23,0%	4,0
Gjaldeyrisreikningar 2)	213,5	2.300,0	773,8	185,8	8,1%	18,3
Samtals	1.200,2	2.323,0	1.478,6	191,1	8,2%	11,7
2. Skuldir Ríkissjóðs og ríkisstofnana við Seðlabankann						
Innlend skuldabréf Ríkissjóðs	3.450,5	3.500,0	3.566,1	995,8	28,5%	7,7
Ríkisábyrgðasjóður v. Verðj.sjóðs '	217,3	255,6	181,3	31,3	12,2%	14,3
Viðskiptareikningar, skuld 1)	5.516,8	5.995,0 (nettó)	2.666,1	1.298,4 (nettó)	21,7% (nettó)	4,4 (nettó)
Markaðsskráð verðbréf (spariskírtei	926,7	700,0	1.217,9	225,3	32,2%	6,3
Ríkisvíxlar, keyptir af innlánsstofnunum. 7)	200,0	110,0	2.085,0	18,7	17,0%	10,9
Samtals skuld	10.311	10.560,6	9.716,0	2.569,5	24,3%	7,4
Samtals nettó	9.111,1	8.237,6	8.237,4	2.378,4		

Nd. 622. Frumvarp til laga [362. mál]

um launasjóð stórmeistara í skák.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

Stofna skal launasjóð íslenskra stórmeistara í skák.

Skal stofnfé sjóðsins samsvara árslaunum fjögurra háskólakennara þannig að úthlutað er alls fjórum stöðugildum hverju sinni.

Tilgangur sjóðsins er að skapa íslenskum stórmeisturum fjárhagslegan grundvöll til að helga sig skáklistinni standi hugur þeirra til þess.

Stórmeistarar, sem njóta launa úr sjóðnum, hafa kennslu- og fræðsluskyldu að gegna við Skákskóla Íslands sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

2. gr.

Fjárveiting skv. 1. gr. skal í fyrsta sinn veitt í fjárlögum fyrir árið 1991.

Í fjárlögum ár hvert skal sjóðnum síðan ætluð fjárveiting er nemi eigi lægri fjárhæð en að ofan greinir.

Fjárhæðin skal endurskoðuð ár hvert við undirbúning fjárlaga með tilliti til breytinga á launum háskólakennara.

3. gr.

Rétt til greiðslu úr sjóðnum hafa þeir íslenskir skákmeistarar sem öðlast hafa alþjóðlegan titil stórmeistara og sýna skákstyrk sinn með því að ná stórmeistaraárangri a.m.k. einu sinni á tveggja ára tímabili. Einnig má veita þeim sem náð hafa áfanga að þessari viðurkenningu fé úr sjóðnum ef til þess er svigrúm að lokinni úthlutun til stórmeistara.

4. gr.

Stórmeistarar, sem njóta launa úr sjóði þessum, skulu:

a. sinna skákkennslu við Skákskóla Íslands eða fræðslu á vegum skólans, sbr. lög um Skákskóla Íslands,
b. sinna rannsóknum á sviði skáklistar,
c. tefla fyrir Íslands hönd á skákmótum heima og erlendis.

5. gr.

Stórmeistarar, sem þiggja laun samkvæmt lögum þessum, teljast opinberir starfsmenn með þeim réttindum og skyldum sem því fylgir, sbr. lög nr. 38/1954, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

6. gr.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara þar sem m.a. skal kveðið á um vörslu sjóðsins og úthlutanir úr honum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Íslenskir stórmeistarar í skák hafa á undanförnum áratugum, eða allt síðan Friðrik Ólafsson, fyrstur Íslendinga, vann til stórmeistaratignar árið 1957, notið launa hjá íslenska ríkinu. Nú eru fjórir stórmeistarar á launaskrá menntamálaráðuneytisins og stunda ekki aðra atvinnu en skákiðkunina.

Sá háttur hefur verið hafður á að stórmeistararnir hafa með ráðherraúrskurði verið settir á launaskrá hjá menntamálaráðuneytinu og í fjárlögum verið veittur sérstakur styrkur árlega til þess að standa straum af kostnaði vegna þessa.

Með þessu hafa íslensk stjórnvöld viljað leggja sitt af mörkum til að auka veg íslenskrar skákmenntar og til að skapa íslenskum stórmeisturum fjárhagslegan grundvöll svo að þeir gætu helgað sig skáklistinni í sem ríkustum mæli. Launagreiðslur þessar voru frá upphafi miðaðar við laun menntaskólakennara, enda á því byggt að á móti kæmi nokkur skylda til að kenna skák í skólum landsins.

Engar reglur hafa þó til þessa verið settar um réttindi og skyldur stórmeistara, vinnuframlag eða launagreiðslur til þeirra. Það er á hinn bóginn ljóst að fleiri munu bætast í hóp stórmeistara á næstu árum og er því löngu tímabært að settar verði fastmótaðar reglur um framtíðarskipan þessara mála.

Hér er lagt til að stofnaður verði með lögum launasjóður stórmeistara í skák. Stofnfé sjóðsins samsvari árslaunum fjögurra háskólakennara. Að auki verði sjóðnum í fjárlögum hvers árs úthlutað svipaðri upphæð og nú er varið til greiðslu launa stórmeistara. Í fjárlögum þess árs er varið 5.280.000 kr. til þessa málaflokks. Það fyrirkomulag, sem hér er lagt til að verði lögfest, mun því ekki hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð svo að nokkru nemi.

Með stofnun launasjóðs stórmeistara í skák er stefnt að hagræðingu hvað tilhögun launagreiðslna til þeirra varðar. Úr sjóðnum verði úthlutað launum til stórmeistara kjósi þeir að helga sig skákiðkun, en á móti komi kennslu- og fræðsluskylda við Skákskóla Íslands sem lagt hefur verið til að stofnaður verði með sérstökum lögum. Í reglugerð, sem menntamálaráðherra setur, verður nánar ákveðið um kennslu og önnur verkefni sem þeim er ætlað að annast.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í grein þessari er lagt til að lögfest verði stofnun launasjóðs íslenskra stórmeistara í skák. Meginhlutverk er að skapa íslenskum stórmeisturum aðstöðu og tækifæri til að auka styrkleika sinn á alþjóðamælikvarða og enn fremur að stuðla að útbreiðslu skáklistarinnar hér á landi. Umsjón með framkvæmd skákkennslunnar er í höndum Skákskóla Íslands sem lagt er til að stofnaður verði með sérstökum lögum.

Lagt er til að stofnfé sjóðsins samsvari árslaunum fjögurra háskólakennara, en áður hafa stórmeistarar notið launa er samsvara launum menntaskólakennara. Lagt er til að starfsskyldur stórmeistara verði hliðstæðar starfskyldum háskólakennara, að því leyti að annars vegar stundi þeir rannsóknir í skák og hins vegar kennslu og almenna fræðslu í skák. Eðlilegt virðist því að miða laun þeirra við laun háskólakennara.

Miðað er við að menntamálaráðherra úthluti úr sjóðnum, að fenginni umsögn stjórnar Skákskóla Íslands, annað hvert ár og verði starfslaunum úthlutað til tveggja ára í senn.

Um 2. gr.

Vísað er til athugasemda um 1. gr., en að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 3. gr.

Við það er miðað að launagreiðslur renni einvörðungu til þeirra skákmeistara er náð hafa alþjóðlegum titli stórmeistara og ná stórmeistaraárangri a.m.k. einu sinni á tveggja ára tímabili.

Einnig kemur til greina að úthluta starfslaunum úr sjóðnum til skákmanna er náð hafa áfanga að stórmeistaratitli ef sérstakar ástæður mæla með því og svigrúm er til.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um skyldur þeirra er starfslauna njóta úr launasjóði stórmeistara í skák. Meginmarkmiðið er að styrkja stöðu skáklistar á Íslandi og skapa hæfileikafólki á þessu sviði aðstöðu og tækifæri til að auka styrkleika sinn á alþjóðamælikvarða í öflugum skákkeppnum heima og erlendis. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til laga um Skákskóla Íslands.

Um 5. gr.

Í lagagrein þessari er staðfest að stórmeistarar teljist opinberir starfsmenn í skilningi laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, og njóti því lífeyrisgreiðslna í samræmi við það.

Fylgiskjal.

Drög að reglugerð um launasjóð stórmeistara.

1. gr.

Menntamálaráðherra fer með vörslu launasjóðs stórmeistara og úthlutar úr honum í samráði við stjórn Skákskóla Íslands og Skáksamband Íslands.

2. gr.

Árlegum tekjum sjóðsins skal varið til að greiða íslenskum stórmeisturum í skák laun sem svara til launa háskólakennara.

3. gr.

Launin eru veitt samkvæmt umsóknum til tveggja ára í senn eða skemur ef sérstakar ástæður mæla með því.

Úthlutað er úr sjóðnum annað hvert ár. Menntamálaráðherra auglýsir eftir umsóknum með venjulegum hætti.

4. gr.

Megintilgangur með launasjóði stórmeistara er að gera þeim kleift að helga sig skákíþróttinni í sem ríkustum mæli.

Stórmeistari, sem sækir um og hlýtur laun úr sjóði þessum, skal sbr. lög nr. ..., um launasjóð stórmeistara í skák, annast kennslu við framhaldsdeild Skákskóla Íslands eða sinna öðrum verkefnum á vegum hans sem miða að því að efla skákáhuga meðal landsmanna.

Vinnuskylda stórmeistara, kennsla og fræðslustörf, skal ákvarðast af stjórn Skákskólans í samráði við viðkomandi stórmeistara. Hún skal svara til árlegrar kennsluskyldu lektora við Háskóla Íslands og getur verið fólgin í öðrum þáttum en beinni kennslu. Sem dæmi má nefna heföbundið námskeiðahald, fjölteflaferðir út á land, reglulega fyrirlestra þegar komið er heim frá þátttöku í skákmótum, aðstoð við undirbúning fulltrúa Íslands í unglingakeppnum, kennslu á gagnabankaforrit o.fl.

Þá skal kennsluskylda stórmeistaranna falla niður er þeir taka þátt í viðurkenndum skákmótum. Einnig skal skólanefnd heimilt að veita undanþágu frá henni þegar undirbúningur stendur yfir fyrir sérstök mót, svo sem Ólympíumót og önnur mót sem FIDE og GMA halda.

Laun stórmeistara skulu greidd mánaðarlega hjá ríkisféhirði.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. ..., um launasjóð stórmeistara í skák, og öðlast þegar gildi.

Nd. 623. Frumvarp til laga [363. mál]

um Listskreytingasjóð ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

Listskreytingasjóður ríkisins hefur það markmið að fegra opinberar byggingar og umhverfi þeirra með listaverkum og stuðla þannig að listsköpun í landinu.

Sjóðurinn hefur sjálfstæðan fjárhag og eigin stjórn sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum. Málefni sjóðsins heyra undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Opinberar byggingar merkja í lögum þessum allar byggingar sem ríkissjóður fjármagnar að nokkru eða öllu leyti. Undanþegnar eru þó byggingar sem reistar eru til bráðabirgða, byggingar sem standa fjarri alfaraleið, skemmubyggingar og aðrar sambærilegar byggingar. Að jafnaði skal miða við að bygging, sem listskreyta á, sé að einhverju eða öllu leyti í eigu ríkisins.

Heimilt er að veita úr Listskreytingasjóði styrki vegna listskreytingar bygginga sem reistar eru á vegum ríkisstofnana er hafa sjálfstæðan fjárhag og eru því ekki háðar beinni fjárveitingarákvörðun Alþingis um byggingarframkvæmdir. Heimilt skal einnig að veita úr sjóðnum styrki vegna listaverka sem komið er fyrir á almannafæri á vegum ríkis eða sveitarfélaga þótt ekki sé í beinum tengslum við opinberar byggingar. Nánari ákvæði um styrkveitingar samkvæmt þessari málsgrein skal setja í reglugerð.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Árlegt framlag ríkisins.
   Framlagið nemur 1% álagi á samanlagðar fjárveitingar ríkissjóðs í A-hluta fjárlaga til þeirra bygginga, sem ríkissjóður stendur að einn eða með öðrum (sveitarfélögum o.s.frv.), sbr. 4. gr. Til byggingar telst föst innrétting.
2. Vaxtatekjur.
3. Aðrar tekjur.

4. gr.

Framlag ríkissjóðs skv. 1. tölul. 3. gr. skal vera sérliður á fjárlögum og ákvarðast í samráði við byggingardeild menntamálaráðuneytisins og Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Greiða skal til Listskreytingasjóðs eigi minna en 1/12 árlegs framlags á mánuði, hvert fjárlagaár, og skal uppgjöri ríkisins við sjóðinn lokið fyrir 10. desember ár hvert.

5. gr.

Stjórn Listskreytingasjóðs ríkisins skal skipuð af menntamálaráðherra, þannig: Tveir menn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra myndlistarmanna, einn samkvæmt tilnefningu Arkitektafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og formaður, skipaður án tilnefningar.

Stjórnina skal skipa til tveggja ára í senn.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála í sjóðsstjórn. Halda skal gerðabók um stjórnarfundi.

Menntamálaráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna sem greiðist úr sjóðnum ásamt öðrum kostnaði við starfsemi hans.

6. gr.

Þegar ákveðið hefur verið að reisa mannvirki, sem lög þessi taka til, skulu arkitekt mannvirkisins og byggingarnefnd, sem hlut á að máli, hafa samband við stjórn Listskreytingasjóðs þannig að byggingin verði frá öndverðu hönnuð með þær listskreytingar í huga sem ráðlegar teljast. Í kostnaðaráætlun um slíkar byggingar skal jafnan gert ráð fyrir listskreytingu með hliðsjón af lögunum.

7. gr.

Stefnt skal að því að um meiri háttar verkefni á sviði listskreytinga fari fram opinber samkeppni í samræmi við reglur Sambands íslenskra myndlistarmanna. Heimilt skal sjóðsstjórn að ákveða að samkeppni um listskreytingu skuli opin listamönnum á Norðurlöndum, svo og í öðrum þeim löndum þar sem íslenskir myndlistarmenn njóta sömu réttinda.

Með listskreytingu er átt við hvers konar fasta og lausa listmuni, svo sem veggskreytingar innan húss og utan, höggmyndir, málverk, myndvefnað og hvers konar listræna fegrun.

Skal leitast við að dreifa verkefnum milli listgreina, þannig að í hverri byggingu séu fleiri en ein tegund listskreytinga.

8. gr.

Sjóðsstjórnin skal samþykkja fyrirhugaða listskreytingu þeirra mannvirkja sem lög þessi taka til og hvernig staðið skuli að framkvæmdum í samvinnu við arkitekt byggingar og byggingarnefnd hennar. Stjórnin getur kvatt sérfróða menn til aðstoðar við einstök verkefni.

9. gr.

Heimilt er, eftir því sem fjárhagur sjóðsins leyfir, að verja úr honum fé til listskreytingar bygginga sem þegar eru fullbyggðar og skal þá hafa samráð við arkitekt byggingarinnar ef þess er kostur.

10. gr.

Verja má úr Listskreytingasjóði til listskreytingar bygginga, sem lög þessi ná til, fjárhæð sem svarar til 1% álags á framlög ríkisins til hlutaðeigandi byggingar, miðað við verðlag á þeim tíma er styrkveiting er ákveðin. Heimilt er þó sjóðsstjórn að verja hærri fjárhæð en þessu svarar ef sérstakar ástæður þykja til og fjárhagur sjóðsins leyfir.

Þegar um er að ræða byggingar sem sveitarfélög, eitt eða fleiri, standa að ásamt ríkinu er stjórn Listskreytingasjóðs heimilt að binda framlag úr sjóðnum til listskreytingar skilyrði um mótframlag af hálfu hlutaðeigandi sveitarfélaga. Sama gildir um framlög vegna bygginga á vegum ríkisstofnana sem hafa sjálfstæðan fjárhag, sbr. 2. mgr. 2. gr.

Stjórn Listskreytingasjóðs er heimilt að veita styrk úr sjóðnum vegna kostnaðar við undirbúning umsóknar um framlag til listskreytingar, svo sem samkeppni eða gerð viðamikilla líkana.

Um heimild sjóðsstjórnar til að endurskoða fjárhæð framlaga vegna verðbreytinga, sem verða frá því að framlag er ákveðið og þar til það kemur til greiðslu, svo og um afturköllun framlaga sem ekki eru nýtt innan tiltekinna tímamarka, má ákveða í reglugerð.

11. gr.

Stjórn Listskreytingasjóðs getur hvort heldur óskað eftir að gerð séu ný listaverk eða keypt fullgerð listaverk eða listaverk sem unnið er að. Heimilt er að kaupa listaverk frá Norðurlöndum og öðrum löndum, enda séu gagnkvæm réttindi í samskiptum milli landanna á þessu sviði.

12. gr.

Nú hefur verið veitt framlag úr Listskreytingasjóði til listskreytingar í eða við tiltekna byggingu. Skal þá óheimilt að flytja listaverk sem framlagið miðast við varanlega úr

byggingunni eða frá henni, nema með samþykki stjórnar sjóðsins á grundvelli nýrrar umsóknar.

Óheimilt er að selja listaverk, sem notið hefur framlags úr Listskreytingasjóði, nema með samþykki sjóðsstjórnar, enda sé þá samið um endurgreiðslu framlagsins í sjóðinn.

Setja skal í reglugerð ákvæði um merkingar listskreytinga sem sjóðurinn veitir framlag til.

13. gr.

Semja skal við bankastofnun um að annast fjárvörslu Listskreytingasjóðs og skal þess gætt að hann njóti jafnan bestu vaxtakjara. Heimilt skal stjórn sjóðsins, með samþykki menntamálaráðuneytisins, að semja við félagasamtök sem aðild eiga að sjóðnum um að annast rekstur hans að öðru leyti.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu rekstrar- og efnahagsreikningar endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun árlega og birtir í Stjórnartíðindum.

14. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 34/1982, um Listskreytingasjóð ríkisins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 34/1982, um Listskreytingasjóð ríkisins, segir: „Lög þessi skulu tekin til endurskoðunar að fimm árum liðnum með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur af því fyrirkomulagi sem hér er gert ráð fyrir um listskreytingu opinberra bygginga.“ Með bréfi dags. 20. mars 1987 fól menntamálaráðuneytið stjórn Listskreytingasjóðs ríkisins að vinna að endurskoðun laganna í samræmi við framangreint ákvæði. Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er niðurstaða þeirrar vinnu.

Listskreytingasjóður ríkisins hefur nú starfað í rúmlega sjö ár. Sjóðsstjórn samkvæmt nýsettum lögum var skipuð 31. ágúst 1982 og hélt fyrsta fund sinn 2. september það ár, en fé var fyrst veitt til sjóðsins í fjárlögum 1983. Fyrstu missirin var straumur umsókna um framlög úr sjóðnum fremur hægur, en hefur síðan farið mjög vaxandi. Skrá um framlög, sem ákveðin hafa verið fram til 31. desember 1989, er birt í fylgiskjali.

Enginn vafi leikur á því í ljósi fenginnar reynslu að sjóður af þessu tagi hefur miklu hlutverki að gegna. Fyrirsjáanlegt er einnig að sá fjármagnsstakkur, sem sjóðnum var skorinn í lögunum frá 1982, er síst of rúmt sniðinn. Á því hefur hins vegar orðið verulegur misbrestur að ákvæðum laganna um fjárveitingar til sjóðsins hafi verið framfylgt. Samkvæmt 3. gr. laganna skal árlegt framlag ríkisins til Listskreytingasjóðs nema 1% álagi á samanlagðar fjárveitingar ríkissjóðs í A-hluta fjárlaga til þeirra bygginga sem ríkissjóður stendur að einn eða með öðrum. Samkvæmt yfirliti, sem byggingardeild menntamálaráðuneytisins tók saman um framlög til bygginga í A-hluta fjárlaga, „þ.e. nýbyggingar og endurbætur, en án tækja og búnaðar þar sem þetta er aðgreinanlegt“, hvert áranna 1983–1989, hefðu fjárveitingar til Listskreytingasjóðs þessi ár átt að vera því sem næst sem hér segir, miðað við 1%-regluna:

1983:	4.964 þús. kr.
1984:	6.054 þús. kr.
1985:	7.647 þús. kr.
1986:	8.555 þús. kr.
1987:	13.519 þús. kr.
1988:	19.427 þús. kr.
1989:	25.547 þús. kr.

Í raun voru framlög til sjóðsins í fjárlögum þessi:

1983: 2.000 þús. kr.
1984: 4.000 þús. kr.
1985: 3.700 þús. kr.
1986: 4.000 þús. kr.
1987: 4.000 þús. kr.
1988: 5.000 þús. kr.
1989: 6.000 þús. kr.

Þótt nokkurt matsatriði kunni að vera í sumum tilvikum hvaða stofnkostnaðarfjárveitingar beri lögum samkvæmt að leggja til grundvallar ríkisframlagi til Listskreytingasjóðs er ljóst af þessum tölum að mjög hefur skort á fulla framkvæmd laganna í þessu efni. Með hliðsjón af þeim verkefnum, sem fyrir liggja, blasir það við að í óefni stefnir um getu sjóðsins til að sinna því hlutverki sem honum er ætlað.

Helstu breytingar, sem í frumvarpinu felast miðað við gildandi lög, eru þessar:

1. Nokkur rýmkun er gerð á verksviði sjóðsins.
2. Skýr heimild er veitt til að binda framlag eða styrk úr sjóðnum skilyrði um mótframlag frá eiganda mannvirkis í ákveðnum tilvikum.
3. Sett eru ákvæði er varða meðferð listskreytinga sem sjóðurinn veitir framlag til.

Um nánari greinargerð er vísað til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér ræðir um markmið Listskreytingasjóðs ríkisins. Bætt er í greinina tveimur atriðum: Annars vegar kemur fram að starfsemi sjóðsins miði ekki einungis að fegrun opinberra **bygginga** heldur og umhverfis þeirra. Þetta er gert til skýringar og í samræmi við framkvæmd. Eftir sem áður er miðað við að listaverkið sé þáttur í þeirri heildarmynd sem bygging og nánasta umhverfi hennar skapa. Hin viðbótin lýtur að því að leggja áherslu á þann þátt í markmiði Listskreytingasjóðs sem að listamönnum snýr, þ.e. að efla starfsgrundvöll þeirra og þar með listsköpun í landinu. Ekki fer á milli mála, að þetta hefur verið haft í huga við setningu laganna á sínum tíma og þykir eðlilegt að það komi fram í lögunum sjálfum.

Um 2. gr.

Fyrri málsgrein þessarar greinar er óbreytt frá gildandi lögum, nema hvað bætt er við hana ákvæði um að miðað skuli við það að jafnaði til að bygging teljist falla undir skilgreiningu þá, sem í málsgreininni felst, að hús sé að einhverju eða öllu leyti í eigu ríkisins. Með þessu er stefnt að því að afmarka skyldur Listskreytingasjóðs gagnvart byggingum sem ríkið kann að styrkja án nokkurrar eignaraðildar.

Í síðari málsgreininni felst sú breyting í fyrsta lagi að heimild til að veita úr sjóðnum fé til listskreytingar bygginga á vegum ríkisstofnana sem hafa sjálfstæðan fjárhag verður ekki lengur háð sérstakri ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að heimilt verði að veita úr sjóðnum styrki vegna listaverka sem komið er fyrir á almannafæri á vegum ríkis eða sveitarfélaga án þess að þau tengist beint opinberum byggingum. Lögð skal áhersla á að hér er einungis um að ræða heimild til styrkveitingar sem sjóðsstjórn yrði að meta forsendur fyrir hverju sinni, m.a. með hliðsjón af fjárhag sjóðsins, þar sem viðfangsefni af þessu tagi falla utan við meginverksvið sjóðsins, sbr. og athugasemd við 10. gr. Eðlilegt þykir að nánari ákvæði um slíkar styrkveitingar verði sett í reglugerð.

Um 3. gr.

Greinin er að mestu óbreytt frá gildandi lögum. Ekki er gerð tillaga um hækkun á þeim hundraðshluta stofnkostnaðarfjárveitinga sem árlegt framlag ríkisins til Listskreytingasjóðs á

að miðast við enda þótt auðsætt sé að ærin not væru fyrir efldan tekjustofn og frumvarpið geri raunar ráð fyrir nokkurri víkkun á verksviði Listskreytingasjóðs. Því brýnna er að sjóðurinn njóti til fulls þeirra tekna sem honum eru þegar ætlaðar að lögum.

Við 1. tölul. er í skýringar skyni bætt ákvæði um að til byggingar teljist föst innrétting þegar fjárveitingar til bygginga eru metnar til að ákvarða viðmiðun árlegs ríkisframlags til sjóðsins.

Um 4. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 5. gr.

Í þessari grein felst sú breyting ein að sem tilnefningaraðili í sambandi við skipun sjóðsstjórnarinnar kemur nú Samband íslenskra myndlistarmanna í stað Bandalags íslenskra listamanna.

Um 6. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum, nema bætt er við ákvæði um að í kostnaðaráætlun um byggingar, sem lögin taka til, skuli jafnan gert ráð fyrir listskreytingu með hliðsjón af lögunum. Með þessu er lögð enn frekari áhersla á að líta beri á listskreytingu sem sjálfsagðan þátt í hverri nýbyggingarframkvæmd sem ríkið stendur að.

Um 7. gr.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið setji, að fengnum tillögum tiltekinna aðila, reglur um opinbera samkeppni vegna meiri háttar listskreytingarverkefna. Af þessu hefur ekki orðið, en á vegum Sambands íslenskra myndlistarmanna hafa verið samdar reglur um listaverkasamkeppni, með hliðsjón af sambærilegum reglum annars staðar á Norðurlöndunum. Hér er gert ráð fyrir að miðað verði við þessar reglur þegar efnt er til samkeppni um listskreytingarverkefni á grundvelli laganna. Þá er og ákvæði um hugsanlega þátttöku erlendra listamanna í slíkri samkeppni rýmkað á þá lund að það taki ekki einungis til Norðurlanda heldur og annarra landa þar sem íslenskir myndlistarmenn njóta sömu réttinda.

Í stað orðsins „veggábreiður“ í 2. mgr. kemur orðið: myndvefnaður.

Um 8. gr.

Efnislega er greinin óbreytt en orðalagi vikið lítillega við.

Um 9. gr.

Með breyttu orðalagi í upphafi greinarinnar er dregið nokkuð úr áherslu að því er varðar framlög til listskreytingar í byggingum sem þegar eru fullbyggðar. Þótt engri loku sé skotið fyrir að sjóðurinn styrki verkefni af því tagi, er eðlilegt að telja það meginhlutverk hans að stuðla að listskreytingu nýrra bygginga, sbr. 6. gr.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. eru sameinuð ákvæði 1. og 2. mgr. 10. gr. gildandi laga með tveimur efnisbreytingum. Meginregla um hámarksfjárhæð framlags úr sjóðnum til listskreytingar verður sem fyrr að það svari til 1% álags á framlög ríkisins til hlutaðeigandi byggingar. Heimilt verður, eins og verið hefur, að veita hærri fjárhæð ef sérstakar ástæður þykja til og fjárhagur sjóðsins leyfir, en ekki er lengur áskilin heimild menntamálaráðherra til slíkra frávika frá meginreglunni, heldur er ákvörðunin lögð á vald sjóðsstjórnar. Þá er tekið skýrt fram að framreikna megi viðmiðunarkostnað til verðlags á þeim tíma er styrkveiting er ákveðin, enda oft óhjákvæmilegt þegar um fullgerðar byggingar er að ræða. Meginreglan um 1% sem hámarksframlag, miðað við kostnaðarhluta ríkisins, setur sjóðsstjórn vissulega harla þröngar

skorður í mörgum tilvikum. Ástæðan til að reglunni er haldið er að sjálfsögðu samhengi hennar við tekjustofn sjóðsins, sbr. 3. gr.

Önnur málsgrein er ný. Þar er stjórn Listskreytingasjóðs heimilað að gera það að skilyrði framlags úr sjóðnum til listskreytingar í byggingum sem sveitarfélög standa að ásamt ríkinu að á móti komi framlög frá hlutaðeigandi sveitarfélögum. Telja verður eðlilegt að sveitarfélag, sem reisir og á byggingu á móti ríkinu, taki að öðru jöfnu þátt í kostnaði vegna listskreytingar eins og annarra þátta byggingarframkvæmdanna. Í stað þess að gera ráð fyrir lögskipuðum framlögum sveitarfélaga til sjóðsins er búið í haginn fyrir kostnaðarþátttöku þeirra með þessu ákvæði. Minna má á að Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir að lögum einn fulltrúa í stjórn Listskreytingasjóðs og er það með sínum hætti vísbending um að eðlilegt þyki að sveitarfélögin láti verkefni sjóðsins til sín taka.

Heimildin til að áskilja mótframlag á samkvæmt frumvarpinu einnig að gilda gagnvart ríkisstofnunum sem hafa sjálfstæðan fjárhag. Gilda um það að mestu hliðstæð rök og lýst var hér að framan um byggingar með aðild sveitarfélaga.

Í 3. mgr. er það nýmæli að sjóðsstjórn sé heimilt að veita styrk vegna kostnaðar við undirbúning umsóknar um framlag til listskreytingar, svo sem samkeppni, sbr. 7. gr. eða gerð viðamikilla líkana. Slíkur styrkur mundi þá ekki teljast með við útreikning hámarksframlags skv. 1. mgr. 10. gr.

Ákvæði 4. mgr. er einnig nýmæli, en þar er gert ráð fyrir að endurskoða megi fjárhæð framlags vegna verðbreytinga, svo og setja tímamörk um nýtingu framlags hvort tveggja samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Um 11. gr.

Efnislega er greinin óbreytt frá gildandi lögum, nema hvað heimild til að kaupa listaverk frá Norðurlöndum, að fullnægðum tilteknum skilyrðum, er einnig látin taka til annarra landa með sama áskilnaði um gagnkvæm réttindi.

Um 12. gr.

Þessi grein er ný og miðar að því að tryggja að með listaverk, sem Listskreytingasjóður hefur kostað að einhverju eða öllu leyti, verði farið í samræmi við tilgang sjóðsins.

Um 13. gr.

Greinin svarar til 12. gr. í gildandi lögum. Niður er fellt ákvæði um að semja skuli við bankastofnun um að annast reikningshald Listskreytingasjóðs, enda hefur það reynst örðugt í framkvæmd. Hins vegar er gert ráð fyrir að sjóðsstjórn sé heimilt, með samþykki menntamálaráðuneytisins, að semja við félagasamtök sem tilnefna fulltrúa í stjórnina, sbr. 5. gr., um að annast almennan rekstur hans.

Um 14. gr.

Hér er mælt fyrir um að setja skuli í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, enda gert ráð fyrir því í sambandi við nokkrar einstakar greinar frumvarpsins. Í gildandi lögum er um heimild að ræða.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Styrkveitingar úr Listskreytingasjóði ríkisins.

1983

1.	Hagaskóli, Reykjavík, til kaupa á tveimur málverkum eftir Hafstein Austmann	kr. 75.000
2.	Rannsóknastofnun landbúnaðarins, til kaupa á veggteppi eftir Nínu Gautadóttur	– 75.000
3.	Menntaskólinn á Ísafirði, til kaupa á myndvefnaði eftir Ásu Ólafsdóttur	– 75.000
4.	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, til að kosta gerð og uppsetningu myndverks (múrristu 15 m²) eftir Gunnstein Gíslason í anddyri skólans	– 300.000
5.	Kennaraháskóli Íslands, til að ráða Kristján Davíðsson, listmálara, til að gera myndverk (200 × 230 cm) fyrir nýbyggingu skólans	– 125.000
6.	Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki, til að kaupa á myndverkum eftir Elías Halldórsson	– 50.000
7.	Fjölbrautaskóli Suðurnesja, til að kaupa málverk eftir Þorbjörgu Höskuldsdóttur	– 38.000
	Styrkveitingar 1983 samtals	kr. 738.000

1984

1.	Fjármálaráðuneytið til málverkakaupa	kr. 200.000
2.	Fjölbrautaskóli Suðurnesja, til kaupa á málverki eftir Óskar Jónsson	– 8.000
3.	Samband íslenskra myndlistarmanna til þess að koma upp litskyggnusafni yfir listaverk félagsmanna	– 350.000
4.	Blindrabókasafn Íslands, til kaupa á listaverki eftir Grím Marinó Steindórsson (hani úr járni)	– 70.000
5.	Svæðisstjórn Vestfjarða, vegna Bræðratungu á Ísafirði (þjónustumiðstöðvar þroskaheftra) til kaupa á grafíkmyndum	– 100.000
6.	Heiðarskóli, Leirársveit, til kaupa á listaverki (myndvefnaði) eftir Hildi Hákonardóttur	– 240.000
	Styrkveitingar 1984 samtals	kr. 968.000

1985

1.	Fjölbrautaskólinn á Akranesi, til kaupa á listaverki eftir Hjálmar Þorsteinsson	kr. 55.000
2.	Borgarspítalinn, endurhæfingardeild, til listskreytingar í sundlaugarbyggingu (höf. verksins: Örn Þorsteinsson)	– 350.000
3.	Kennaraháskóli Íslands, til kaupa á höggmynd eftir Gest Þorgrímsson	– 300.000
4.	Skógaskóli, A-Eyjafjallahr., til að láta gera listaverk (höggmynd) til minningar um sr. Sigurð Einarsson í Holti, (höf. verksins: Ragnar Kjartansson)	– 350.000
5.	Flugmálastjórn, vegna listaverks (höggmyndar) til minningar um sr. Stefán Eggertsson við flugstöðvarbyggingu á Þingeyri (höfundur verksins: Steinþór Sigurðsson)	– 60.000
6.	Heilsugæslustöð Akureyrar, til listskreytingar (kaupa á myndverkum eftir Helga Vilberg og Soffíu Sævarsdóttur)	– 135.000
7.	Ríkisspítalar, til kaupa á listaverkum í Landspítalann og aðra ríkisspítala	– 642.000
8.	Menntaskólinn á Ísafirði, til kaupa á myndofnu listaverki (þrístæðu) eftir Ásu Ólafsdóttur; viðbótarstyrkur	– 75.000
9.	Snælandsskóli, Kópavogi, v/listskreytingar (veggmynda eftir Magnús Pálsson), 1. framlag	– 480.000
10.	Fjármálaráðuneytið, til kaupa á myndlistarverkum í húsakynni ráðuneytisins og stofnana á vegum þess	– 300.000
11.	Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, fæðingardeild, til kaupa á myndvefnaðarverkinu Ísbrot eftir Auði Vésteinsdóttur	– 65.000
12.	Skattstofa Reykjanesumdæmis, til kaupa á listaverkum í nýbyggt hús stofnunarinnar	– 250.000
13.	Borgarspítalinn, til kaupa á listaverkum í nýbyggingar (G- og B-álmur) sjúkrahússins	– 900.000
14.	Valhúsaskóli, Seltjarnarnesi, til listskreytingar í skólasafni (styrkvilyrði)	– 300.000
	Styrkveitingar og vilyrði 1985 samtals	kr. 4.262.000

1986

1.	Valhúsaskóli, Seltjarnarnesi, til listskreytingar í skólasafni, höfundur Sverrir Ólafsson. Staðfesting á vilyrði frá 1985, kr. 300.000		
2.	Hornbrekka í Ólafsfirði, heilsugæslustöð, sjúkrahús og heimili aldraðra, til kaupa á 22 myndverkum eftir 10 listamenn	–	202.500
3.	Íþróttahús Ólafsvíkur, til að láta gera og koma fyrir á gafli hússins listaverki eftir Sigrúnu Guðjónsdóttur og Gest Þorgrímsson	–	400.000
4.	Skattstofa Reykjanesumdæmis, viðbótarframlag til kaupa á listaverkum í nýbyggt hús stofnunarinnar	–	150.000
5.	Tryggingastofnun ríkisins, til kaupa á 10 myndverkum eftir Sigurð Þóri Sigurðsson	–	300.000
6.	Sjúkrahús Skagfirðinga/Heilsugæslustöð á Sauðárkróki, til listskreytingar með málverkum eftir Elías B. Halldórsson	–	500.000
7.	Dagvistarheimili við Hábraut, Kópavogi, til að láta gera höggmynd úr steini á lóð heimilisins, höfundur Sigrún Guðmundsdóttir	–	250.000
8.	Dagheimili á Seltjarnarnesi, til að láta stækka og setja upp við heimilið listaverk eftir Sigurjón Ólafsson	–	250.000
9.	Grunnskólinn í Þorlákshöfn, til listskreytingar á vegg, höfundur Ólafur Lárusson	–	180.000
10.	Utanríkisráðuneytið, til kaupa á málverki eftir Jón Stefánsson í húsakynni ráðuneytisins	–	350.000
11.	Snælandsskóli, Kópavogi, v/listskreytingar (veggmynda eftir Magnús Pálsson), 2. framlag	–	600.000
12.	Borgarspítalinn, til listskreytingar í nýbyggingu (B- og G-álmu spítalans), 2. framlag	–	700.000
	Vilyrði um framlag:		
1.	Útvarpshúsið við Efstaleiti, Reykjavík, til að láta gera útilistaverk allt að	–	1.000.000
	Styrkveitingar og vilyrði 1986 samtals	kr.	4.882.500

1987

1.	Ölduselsskóli, Reykjavík, til listskreytingar á vesturvegg skólahússins, höfundur Einar Hákonarson (kr. 500 þús. + 300 þús.)	kr.	800.000
2.	Fjármálaráðuneytið, Fjárlaga- og hagsýslustofnun, til kaupa á tveimur grafíkmyndum eftir Jón Reykdal, grafíkmynd eftir Baltasar og málverki eftir Hörpu Björnsdóttur í húsnæði ráðuneytisins í Arnarhváli	–	71.600
3.	Viðskiptaráðuneytið, til kaupa á málverki eftir Eirík Smith í fundarsal ráðuneytisins í Arnarhváli	–	200.000
4.	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, til að skreyta veggflöt í verslunarhúsnæði ÁTVR í Kringlunni í Reykjavík með lágmynd eftir Steinunni Marteinsdóttur	–	750.000
5.	Rannsóknaráð ríkisins, f.h. rannsóknastofnana atvinnuveganna á Keldnaholti, til að stækka höggmyndina „Harpan" eftir Hallstein Sigurðsson, steypa hana í ál og reisa á rannsóknasvæðinu á Keldnaholti	–	1.000.000
6.	Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, til að kaupa alls tíu listaverk eftir Valtý Pétursson, Hring Jóhannesson, Jóhönnu Bogadóttur og Jörund Pálsson í húsakynni Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Hafrannsóknastofnunar á Skúlagötu 4 í Reykjavík	–	540.000
7.	Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, til að kaupa málverkið „Lifandi vatn" eftir Dröfn Friðfinnsdóttur til listskreytingar í fæðingardeild sjúkrahússins	–	95.000
8.	Menntaskólinn við Sund, til að láta stækka höggmyndina „Blómgun eða Bogar" eftir Sigurjón Ólafsson og koma henni fyrir á stöpli fyrir framan aðalinngang skólans allt að	–	1.200.000
9.	Kópavogshæli, til að kaupa þrjú listaverk: Bronsmynd eftir Sverri Ólafsson og málverk eftir Jóhönnu Kristínu Yngvadóttur og Jón Axel Björnsson	–	375.000
10.	Grensásdeild Borgarspítalans, viðbótarframlag til veggskreytingar eftir Örn Þorsteinsson í sundlaugarsal	–	300.000
	Vilyrði um framlag:		
1.	Stjórnsýsluhús á Ísafirði, til listaverks er fenginn verði staður í miðrými hússins	–	676.000
	Styrkveitingar og vilyrði 1987 samtals	kr.	6.007.600

1988

1.	Snælandsskóli, Kópavogi, lokaframlag v/listskreytingar (veggmynda eftir Magnús Pálsson)	kr. 500.000
2.	Sjávarútvegsráðuneytið, v/kaupa á grafíkverkum til listskreytingar í húsnæði ráðuneytisins að Skúlagötu 4 í Reykjavík	– 300.000
3.	Fjölbrautaskóli Suðurnesja, til kaupa á myndvefnaði eftir Ásgerði Ester Búadóttur	– 290.000
4.	Húnavallaskóli, v/veggmynda (freska) í miðkjarna skólahússins eftir Baltasar Samper (kr. 1.200 þús. + 200 þús.)	– 1.400.000
5.	Hjúkrunar- og dvalarheimili aldraðra, Sauðárkróki, v/tveggja myndverka (skúlptúrverks eftir Sverri Ólafsson og málverks á tré eftir Sigurð Örlygsson)	– 1.100.000
6.	Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi, til kaupa á grafíkmyndum eftir 11 listamenn til listskreytingar í heimavist skólans	– 576.000
7.	Sveðisstjórn málefna fatlaðra í Reykjanesumdæmi, til kaupa á 4 myndverkum (eftir Jóhönnu Kristínu Yngvadóttur, Hring Jóhannesson og Þorbjörgu Höskuldsdóttur) í sambýli fyrir börn að Hnotubergi 19, Hafnarfirði	– 150.000
8.	Sjúkrahús og heilsugæslustöð í Stykkishólmi, v/listskreytingar á útvegg við aðalinngang (mósaíkmyndar eftir Sjöfn Haraldsdóttur)	– 1.500.000
9.	Bændaskólinn á Hvanneyri, v/listskreytingar í aðalinngangi rannsóknahúss (lágmyndar eftir Elísabetu Haraldsdóttur)	– 315.000
10.	Ölduselsskóli, Reykjavík, v/listskreytingar á vesturvegg (myndverks eftir Einar Hákonarson), lokaframlag	– 200.000
11.	Vesturbæjarskóli, Reykjavík, v/höggmyndasamstæðu eftir Magnús Tómasson	– 900.000
12.	Stjórnsýsluhús á Ísafirði, v/listskreytingar í miðrými hússins, staðfesting á styrkvilyrði frá 1987 kr. 676.000	
13.	Skógaskóli, A.-Eyjafjallahr., v/listaverks til minningar um sr. Sigurð Einarsson í Holti, staðfest styrkveiting frá 1985, kr. 350 þús., en höfundur verksins verður Ragnhildur Stefánsdóttir í stað Ragnars Kjartanssonar	
14.	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Kópavogi, til kaupa á 5 listaverkum (eftir Ásu Ólafsdóttur, Baltasar, Eirík Smith, Hauk Dór og Sigrúnu Eldjárn)	– 560.000
15.	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, til kaupa á fimm myndverkum eftir Guðbjörgu Lind, Karl Kvaran, Kristján Davíðsson og Sigurjón Jóhannsson til listskreytingar í húsi rannsóknastofnana sjávarútvegsins á Skúlagötu 4 í Reykjavík	– 500.000
16.	Heilsugæslustöðin á Þórshöfn, til að kaupa tvær veggmyndir úr málmi eftir Grím M. Steindórsson og tvö málverk eftir Örn Inga Gíslason	– 394.000
17.	Heilsugæslustöð og sjúkrahús á Ísafirði, vegna glerlistaverks eftir Sigríði Ásgeirsdóttur og tveggja myndverka eftir Hrein Friðfinnsson	– 1.400.000
18.	Lækjarskóli í Hafnarfirði, til að láta gera listaverk er komið verði fyrir við skólann, höfundur Gestur Þorgrímsson, myndhöggvari	– 750.000
19.	Fjölbrautaskóli Suðurnesja, til kaupa á myndvefnaði eftir Ásgerði Búadóttur, viðbótarframlag	– 210.000
20.	Heilsugæslustöðin á Hvammstanga, til kaupa á þremur myndvefnaðarverkum eftir Elísabetu Harðardóttur	– 200.000
21.	Bændaskólinn á Hólum, til listskreytingar í nýrri anddyrisbyggingu, veggmynda eftir Jens Kristleifsson .....allt að	– 400.000
	Styrkveitingar (nýjar) 1988 samtals	kr. 11.645.000

1989

1.	Borgarspítalinn, Reykjavík, til fullhönnunar myndverks við aðalinngang eftir Jón Gunnar Árnason	kr. 800.000
2.	Garðaskóli, Garðabæ, v/kaupa á höggmynd eftir Sigurjón Ólafsson til uppsetningar á skólalóðinni	– 2.000.000
3.	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, Reykjavík, til listskreytingar á gafli íþróttahúss með myndverki eftir Sigrúnu Guðjónsdóttur og Gest Þorgrímsson	– 550.000
4.	Bændaskólinn á Hvanneyri, til listskreytingar í aðalbyggingu með veflistarverkum eftir Ingibjörgu Styrgerði og Þorbjörgu Þórðardóttur	– 1.020.000
5.	Dvalar- og hjúkrunarheimilið Fellaskjól, Grundarfirði, v/listskreytingar utan húss, myndverks eftir Steinunni Þórarinsdóttur	– 500.000
6.	Heilsugæslustöðin á Seltjarnarnesi, til kaupa á fjórum listaverkum eftir Guðbjörgu Lind, Jón Óskar Hafsteinsson, Sigurð Örlygsson og Þorlák Kristinsson (Tolla)	– 498.000
7.	Heilsugæslustöðin á Húsavík, v/hugmyndasamkeppni um listskreytingu í skála	– 300.000
8.	Glerárskóli, Akureyri, til veggskreytingar úr keramíkflísum, höfundur Soffía Árnadóttir	– 225.000
9.	Menntaskólinn á Akureyri, til að láta gera stækkaða afsteypu af höggmynd eftir Ásmund Sveinsson og koma fyrir á lóð skólans	– 800.000
10.	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Keldnaholti, v/listskreytingar í tilraunaskála, myndverka eftir Elísabetu Haraldsdóttur	– 400.000
11.	Stjórnsýsluhús á Ísafirði, v/listskreytingar í miðrými, myndverks eftir Steinunni Þórarinsdóttur, viðbótarframlag	– 750.00
12.	Verndaður vinnustaður á Vesturlandi, Dalbraut 10–12, Akranesi, til kaupa á 2 höggmyndum eftir Guttorm Jónsson	– 250.000
	Styrkveitingar 1989 samtals	kr. 8.093.000

Ed. 624. Nefndarálit [191. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og bárust umsagnir um málið frá Fjórðungssambandi Norðlendinga, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum og Umferðarráði. Í frumvarpinu er lagt til að lögfest verði að eitt af verkefnum sveitarfélaga sé að vinna að slysavörnum.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins, enda er það skoðun nefndarmanna að til þess að ná árangri í slysavörnum sé nauðsynlegt að vinna að slíkum málum í hverju byggðarlagi fyrir sig. Telja verður að meiri líkur séu á skipulegu forvarnastarfi ef sveitarstjórn hefur það verkefni að fylgjast með slíkum málum heima í héraði, t.d. með því að sameina krafta þeirra sem að þessum málum vinna beint eða óbeint.

Guðmundur H. Garðarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. febr. 1990.

Margrét Frímannsdóttir, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson.	Salome Þorkelsdóttir.
Danfríður Skarphéðinsdóttir.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Karl Steinar Guðnason.

Sþ. 625. Fyrirspurn [364. mál]

til sjávarútvegsráðherra um breytingar á stærð fiskiskipaflotans 1984–1989.

Frá Skúla Alexanderssyni.

1. Hver hefur orðið breyting á stærð fiskiskipaflota Íslendinga frá 1. jan. 1984 til 31. des. 1989 í rúmlestum og fjölda, sundurliðað á eftirfarandi hátt:
   a. smábátar að 10 rúmlestum,
   b. bátar 10–40 rúmlestir,
   c. bátar 41–100 rúmlestir,
   d. bátar 101–200 rúmlestir,
   e. bátar 201 rúmlest og stærri, aðrir en loðnubátar,
   f. loðnuskip,
   g. togarar, aðrir en verksmiðjutogarar,
   h. verksmiðjutogarar?

   Upplýsingarnar verði sundurliðaðar eftir árum og einnig samtals í lok tímabils.
2. Hver verður, á sama hátt, breyting á stærð fiskiskipaflotans við komu þeirra skipa sem eru í smíðum erlendis, sbr. þskj. 537 á yfirstandandi þingi?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 626. Tillaga til þingsályktunar [365. mál]

um lífeyrisréttindi foreldra í fæðingarorlofi.

Flm.: Rannveig Guðmundsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Salome Þorkelsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Jón Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að beita sér fyrir því að nefnd sú, sem ráðherra skipaði í október sl. í kjölfar kjarasamninganna í apríl 1989 til að gera tillögur um hvernig jafna megi rétt kvenna á vinnumarkaði til fæðingarorlofsgreiðslna, taki jafnframt til athugunar lífeyrisréttindi foreldra í fæðingarorlofi.

Greinargerð.

Í tengslum við kjarasamningana í apríl 1989 ákvað ríkisstjórnin að skipa nefnd sem hefði það hlutverk að skoða og útfæra þá stefnumörkun, er fram kemur í álitsgerð nefndar sem samdi frumvarp til laga um fæðingarorlof, og miðar að því að konur hvar sem þær eru í starfi, njóti jafnréttis hvað varðar fæðingarorlof.

Nefndina skipa: Dögg Pálsdóttir, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, formaður, Vilborg Þ. Hauksdóttir lögfræðingur, Lára V. Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri ASÍ, Hannes G. Sigurðsson hagfræðingur, Elín R. Líndal varaþingmaður, Heiðrún Sverrisdóttir bæjarfulltrúi, Eva Eðvarðsdsóttir framkvæmdastjóri, Kristín Karlsdóttir húsmóðir og Hulda Guðmundsdóttir félagsráðgjafi.

Áheyrnarfulltrúar voru Friðbert Traustason, varaformaður SÍB, og Sigurður Hafstein, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sparisjóða.

Í umræðu á Alþingi 30. janúar sl. um frumvarp um fæðingarorlofsgreiðslur lagði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra áherslu á að nefndin skilaði áliti innan tíðar og að hún fengi til umfjöllunar réttindamál í fæðingarorlofi og benti jafnframt á að þessi mál væru á samningaborðum aðila vinnumarkaðarins.

Í nýgerðum samningum ASÍ, VSÍ og VMS hljóðar 4. gr. svo:

„Eftir tveggja ára starf hjá sama vinnuveitanda teljast fjarvistir vegna fæðingarorlofs allt að sex mánuðum til starfstíma við mat á rétti til aukins orlofs samkvæmt kjarasamningum, útreikning desemberuppbótar, orlofsuppbótar, starfsaldurshækkana, veikindaréttar og uppsagnarfrests.

Fæðingarorlof allt að sex mánuðum telst til unnins tíma við útreikning orlofsréttar, þ.e. réttar til frítöku en ekki orlofslauna."

Í A-lið 2. gr. laga nr. 59/1987, sem nú er 26. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, segir:

„Foreldrar í fæðingarorlofi, sem lögheimili eiga á Íslandi, eiga rétt á greiðslu fæðingardagpeninga samkvæmt grein þessari, *enda leggi þeir niður launuð störf þann tíma.* Þeir sem eiga rétt samkvæmt kjarasamningum til óskertra launa í fæðingarorlofi eiga þó ekki rétt til greiðslu fæðingardagpeninga samkvæmt ákvæði þessu." (Lbr. flm.)

Það er ljóst að foreldrar, sem njóta fæðingarorlofs, geta lent í því að fæðingarstyrkur og fæðingardagpeningar nemi samtals mun lægri upphæð en mánaðarlaunum þeirra áður og auk þess þá missa þeir jafnframt rétt til greiðslu iðgjalda í lífeyrisjóð meðan á fæðingarorlofi stendur. Þessir foreldrar eru skráðir starfsmenn á vinnustað, en teljast taka launalaust leyfi og fara því út af launaskrá. Þar af leiðandi eru engar launatengdar greiðslur inntar af hendi í þeirra þágu. Auk þess að missa af iðgjaldagreiðslum í sex mánuði, meðan á orlofi stendur, er viðkomandi starfsmaður að hluta til réttindalaus í sínum lífeyrissjóði þá mánuði sem hann greiðir ekki í sjóðinn.

Meginforsenda lífeyrissjóðsaðildar er að sjóðfélagar afli tekna og greiði af þeim iðgjald. Á þessu eru þó þrjár undantekningar sem varða eðlileg starfshlé eða undirbúningstíma. Í lögum nr. 58/1985, um lífeyrisréttindi húsmæðra, breyting á lögum nr. 55 frá 9. júní 1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, segir að félagi í lífeyrissjóði, sem á rétt á fæðingarorlofi og hverfur úr fyrra starfi að hluta eða öllu leyti vegna barnsburðar og til heimilisstarfa, getur haldið áfram aðild að sjóðnum á óbreyttum grundvelli í allt að sjö ár, enda taki félagsmaður að sér að greiða iðgjaldahlut atvinnurekanda ásamt sínum eigin. Þá er námsmönnum, sem taka lán hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna, veittur aðgangur að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda og veitir sjóðurinn viðbótarlán fyrir 6% iðgjaldi en dregur 4% frá lánsfjárhæð. Í þriðja lagi er greitt í lífeyrissjóð af atvinnuleysisbótum. Í því tilviki má líta svo á að með iðgjaldi, sem atvinnurekandi greiðir til Atvinnuleysistryggingasjóðs, kaupi hann rétt fyrir starfsmenn sína til lífeyristryggingar í atvinnuleysi.

Það er athyglisvert að lögin frá 19. júní 1985 virðast ekki hafa komið til framkvæmda hjá lífeyrissjóðunum og fékkst það staðfest að hvorki hjá Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna né hjá SAL-sjóðnum er heimilt að greiða iðgjald af fæðingarorlofsgreiðslum, þ.e. tryggingabótum, til sjóðanna. Lögin fela hins vegar einnig í sér að viðkomandi á ekki rétt á mótframlagi, þ.e. 6% iðgjaldi.

Nú er fæðingarorlof orðið sex mánuðir og er það því veruleg réttindaskerðing að hafa ekki tækifæri til að viðhalda lífeyrisréttindum í þann tíma.

Í 4. gr. nýgerðra kjarasamninga er ekki sérstaklega kveðið á um lífeyrismál og er þessi tillaga til þingsályktunar flutt til að tryggja að samhliða öðrum réttindamálum taki nefndin jafnframt á þessu þýðingarmikla máli.

Ed. 627. Frumvarp til laga [366. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Alwood, John Nathaniel, tölvufræðingur í Mosfellsbæ, f. 13. september 1958 í Englandi.
2. Andersen, Jakob Andreas, uppeldisfulltrúi í Reykjavík, f. 8. október 1952 í Danmörku.
3. Cummings, Roger, uppeldisfulltrúi í Reykjavík, f. 18. apríl 1950 í Englandi.
4. Eichmann, Kurt Willi, sjómaður í Reykjavík, f. 23. desember 1948 í Þýska alþýðulýðveldinu.
5. Haugen, Herborg Laufey Ólafsdóttir, verkakona í Reykjavík, f. 10. janúar 1919 á Íslandi.
6. Jón Hannesson, verkamaður í Reykjavík, f. 1. júní 1926 á Íslandi.
7. Krasinska, Ewa Barbara, húsmóðir á Egilsstöðum, f. 12. ágúst 1956 í Póllandi.
8. Nardini, Tino, matargerðarmaður í Reykjavík, f. 17. ágúst 1953 á Ítalíu.
9. Pape, Greta Hólmfríður, húsmóðir í Reykjavík, f. 25. mars 1961 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
10. Rosdahl, Björn Snorri, barn í Reykjavík, f. 30. október 1978 á Íslandi.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni íslenskt ríkisfang með lögum, og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja skilyrðum sem sett hafa verið af allsherjarnefndum beggja þingdeilda.

Frumvarp þetta er annað frumvarp til laga um veitingu ríkisborgararéttar sem borið er fram á yfirstandandi löggjafarþingi. Fyrra frumvarpið hlaut afgreiðslu fyrir miðsvetrarhlé.

Sþ. 628. Fyrirspurn [367. mál]

til forsætisráðherra um húsameistara ríkisins.

Frá Ásgeiri Hannesi Eiríkssyni.

1. Hvaða reglur gilda um viðskipti opinberra stofnana og fyrirtækja við húsameistara ríkisins?
2. Hvaða opinberar stofnanir og fyrirtæki hafa samkvæmt þeim reglum heimild til að kaupa beint þjónustu húsameistara ríkisins?
3. Hvaða forsvarsmenn þessara stofnana og fyrirtækja hafa heimild til að skuldbinda þau fjárhagslega á þann hátt?

4. Hvaða opinberar stofnanir og fyrirtæki eða aðrir aðilar á vegum ríkisins, hverju nafni sem nefnast, keyptu þjónustu af húsameistara ríkisins árin 1987, 1988 og 1989 og fyrir hve háa fjárhæð hver aðili í hvert sinn?
5. Hafa einstaklingar og fyrirtæki þeirra eða félög, sveitarfélög og stofnanir þeirra og fyrirtæki eða aðrir aðilar, sem ekki eru á ábyrgð ríkissjóðs, keypt þjónustu af húsameistara ríkisins? Ef svo er hvað námu þau viðskipti háum fjárhæðum árin 1987, 1988 og 1989?
6. Er opinberum stofnunum og fyrirtækjum eða öðrum aðilum á vegum ríkisins heimilt að kaupa á frjálsum markaði þá þjónustu sem húsameistari ríkisins býður?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 629. Fyrirspurn [368. mál]

til samgönguráðherra um sjónvarpssendingar á fiskimiðin.

Frá Ásgeiri Hannesi Eiríkssyni.

1. Hvað kostar að efla dreifikerfi ríkissjónvarpsins þannig að sjónvarpssendingar náist á helstu fiskimiðunum umhverfis landið?
2. Eru áætlanir í undirbúningi þar að lútandi?

Sþ. 630. Fyrirspurn [369. mál]

til heilbrigðisráðherra um greiðslubyrði sjúklinga með langvinna sjúkdóma.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

Hvaða ráðstafanir hyggst heilbrigðisráðherra gera til þess að mæta aukinni greiðslubyrði sjúklinga sem ekki eru öryrkjar en hafa langvinna sjúkdóma er krefjast reglulegs eftirlits af hálfu sérfræðinga?

Nd. 631. Frumvarp til laga [370. mál]

um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

I. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

1. gr.

1. mgr. 10. gr. orðist svo:

Sjóðfélagar greiða 4% af föstum launum sínum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót í iðgjald til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau sjóðnum innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

2. gr.

3. mgr. 10. gr. orðist svo:

Launagreiðendur greiða 6% af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins og skal greiða þau sjóðnum samtímis iðgjöldum sjóðfélaga.

3. gr.

1. málsl. 6. mgr. 12. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 47/1984, orðist svo: Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af þeim föstu launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót samkvæmt kjarasamningum sem á hverjum tíma fylgja stöðu þeirri fyrir fullt starf er sjóðfélagi gegndi síðast.

II. KAFLI.

Um breytingu á lögum nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana.

4. gr.

3. gr. orðist svo:

Þegar starfsmaður, sem lög nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, taka til, er ráðinn í þjónustu ríkisins skal það gert með skriflegum gerningi. Tekið skal fram hvort um er að ræða skipun, setningu eða ráðningu með gagnkvæmum uppsagnarfresti.

Starfsmaður, sem fellur undir skilgreiningu 1. mgr. og er ráðinn í starf sem heimilað er til að minnsta kosti eins árs, skal að loknum reynslutíma, sem tiltekinn er í vinnusamningi, teljast ráðinn með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti nema starfsmaður óski annars. Nýtur hann þá þeirra réttinda og ber þær skyldur sem lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, kveða á um.

Starfsmaður, sem fellur undir skilgreiningu 1. mgr. og er ráðinn til sumar- eða afleysingastarfa með eins mánaðar gagnkvæmum uppsagnarfresti, nýtur sömu réttinda og ber sömu skyldur og starfsmaður skv. 2. mgr. að öðru leyti en því sem leiða má af lengd uppsagnarfrests.

III. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 91/1989, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

5. gr.

2. mgr. 3. gr. orðist svo:

Stofn til álagningar skattsins á hús og mannvirki, að undanteknum útihúsum í sveitum, skal vera afskrifað endurstofnverð þeirra margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins. Stofn til álagningar fasteignaskatts á aðrar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.

6. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsgrein, 5. mgr., sem orðist svo:

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt af útihúsum í sveitum ef þau eru einungis nýtt að hluta eða standa ónotuð.

IV. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

7. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr stafliður sem orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 10. og 12. gr. laga þessara er verðlagsnefnd búvöru heimilt að fresta, að hluta eða öllu leyti, framreikningi verðlagsgrundvallar 1. mars 1990 og 1. júní 1990 og útreikningi grundvallarins 1. september 1990 í samræmi við samkomulag Stéttarsambands bænda og aðila vinnumarkaðarins frá 1. febrúar 1990.

V. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

8. gr.

a. Síðasti málsliður lokamálsgreinar 19. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 25/1984, orðist svo: Með reglugerð skal þeim fjárhæðum breytt a.m.k. árlega miðað við 1. júlí til samræmis við almennar hækkanir bóta og annarra tekna milli ára.

b. Við 19. gr. bætist ný málsgrein sem orðist svo:

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt með reglugerð að ákveða að aðrar tekjufjárhæðir skv. 1. mgr. gildi um lífeyristekjur en aðrar tekjur.

VI. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 64/1981, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

9. gr.

Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo:

Á árinu 1990 og 1991 er Atvinnuleysistryggingasjóði heimilt að greiða þeim, sem þegið hafa atvinnuleysisbætur í samtals fjóra mánuði eða lengur á tólf mánaða tímibili, sambærilega uppbót og kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins gera ráð fyrir. Í reglugerð, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, skal setja nánari reglur um uppbótina.

VII. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 23/1985, um ríkisábyrgð á launum, með síðari breytingum.

10. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Ábyrgð ríkissjóðs tekur til eftirfarandi krafna í bú vinnuveitanda sem viðurkenndar hafa verið sem forgangskröfur í búið skv. 84. gr. laga nr. 3/1878 (sbr. 1. gr. laga nr. 23/1979), sbr. þó 9. gr.:

a. kröfu launþega um vinnulaun fyrir sex síðustu starfsmánuði hans hjá vinnuveitanda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra sem vinnulaunakröfu fylgir forgangsréttur í búi, þar með talinn hluti launa sem haldið hefur verið eftir af vinnuveitanda skv. IX. kafla laga nr. 86/1988,

b. kröfu launþega um orlofslaun sem fallið hafa til vegna launa hans á yfirstandandi orlofsári og á næstliðnu orlofsári ef þau áttu að koma til útborgunar á síðustu sex starfsmánuðum launþegans hjá hlutaðeigandi vinnuveitanda, enda falli þessi tímabil innan þeirra tímamarka sem kröfunni fylgir forgangsréttur í búi,

c. kröfu viðurkennds lífeyrissjóðs vegna vangoldinna lífeyrissjóðsiðgjalda, launþega og vinnuveitanda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra sem kröfunni fylgir forgangsréttur í búi, enda hafi tilraunir til innheimtu verið reyndar af hálfu hlutaðeigandi lífeyrissjóðs þar eð krafan hefði mátt vera honum kunn,

d. bóta vegna launamissis í allt að þrjá mánuði vegna riftunar eða uppsagnar vinnusamnings. Sá sem krefst bóta samkvæmt þessum lið skal sýna fram á að hann hafi leitað eftir annarri atvinnu, t.d. með vottorði vinnumiðlunar,

e. bóta til launþega, sem vinnuveitanda ber að greiða vegna tjóns af völdum vinnuslyss, eða til þess sem tilkall á til bóta vegna dauðsfalls launþega, enda fylgi bótakröfunni forgangsréttur í búi vinnuveitandans,

f. dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kröfum samkvæmt stafliðum a–e frá gjalddaga þeirra til þess dags sem félagsmálaráðherra ákveður að kröfuna skuli greiða úr ríkissjóði,
g. kostnaðar sem launþegi eða sá er krefst bóta samkvæmt e-lið hefur orðið að greiða vegna nauðsynlegra ráðstafana til innheimtu kröfu sinnar.

Ábyrgð ríkissjóðs á greiðslum skv. a- og d-liðum þessarar greinar skal þó ekki nema hærri fjárhæð, miðað við einn mánuð, en sem nemur þreföldum atvinnuleysisbótum eins og þær eru ákveðnar hæstar á hverjum mánuði, án tillits til barnafjölda.

Ábyrgð ríkissjóðs nær til greiðslna skv. f- og g-liðum 1. mgr. þó að þær kröfur njóti ekki forgangsréttar í búi vinnuveitanda.

11. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Eftirtaldir launþegar geta þó ekki krafið ríkissjóð um greiðslu krafna skv. a–d-liðum 1. mgr. 4. gr.:

a. Þeir sem sæti áttu í stjórn gjaldþrota félags eftir að fjárhag þess tók verulega að halla. Þetta á þó ekki við um þá sem sæti eiga í varastjórn félags nema þeir hafi gegnt stjórnarstörfum á umræddu tímabili.
b. Þeir sem átt hafa 5% hlutafjár eða meira í gjaldþrota hlutafélagi.
c. Forstjóri, framkvæmdastjóri og þeir aðrir, sem vegna starfa sinna hjá hinum gjaldþrota vinnuveitanda, áttu að hafa þá yfirsýn yfir fjárhag fyrirtækisins að þeim mátti ekki dyljast að gjaldþrot þess væri yfirvofandi á þeim tíma sem unnið var fyrir vinnulaununum.
d. Maki þess sem ástatt er um sem segir í a–c-liðum, svo og skyldmenni hans í beinan legg og maki skyldmennis í beinan legg. Leiði ákvæði þetta til mjög ósanngjarnrar niðurstöðu að mati félagsmálaráðherra getur hann ákveðið að heimila greiðslu til þessara launþega úr ríkissjóði á grundvelli laganna.

12. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 7. gr. laganna.

a. Í stað orðsins „nafnnúmer“ í a- og b-liðum 1. mgr. komi orðið: kennitala.
b. Á eftir c-lið 1. mgr. komi nýr stafliður sem orðist svo: sundurliðun kröfu, svo sem í vinnulaun, orlof, bætur, vexti, kostnað og til hvaða tímabils krafan nær.
c. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðist svo:

Sá sem gerir greiðslukröfu á hendur ríkissjóði á grundvelli laga þessara má ekki aðhafast neitt það sem rýrt gæti endurkröfurétt ríkissjóðs á hendur þrotabúi. Er honum óheimilt, án sérstaks leyfis félagsmálaráðherra, að samþykkja að kröfur fái komist að við gjaldþrotaskipti sem ekki hefur verið lýst fyrir lok kröfulýsingarfrests. Brjóti launþegi eða umboðsmaður hans gegn þessu ákvæði hefur það í för með sér að ábyrgð ríkissjóðs á kröfu hans fellur niður.

13. gr.

Fyrri málsgrein 8. gr. laganna orðist svo:

Sá sem fer með skipti á þrotabúi skal svo fljótt sem auðið er láta félagsmálaráðherra í té skriflega umsögn um hverja þá kröfu í þrotabúið sem til álita kemur að njóti ábyrgðar ríkissjóðs eftir lögum þessum. Í umsögninni skulu eftirfarandi atriði tilgreind:

a. hvenær bú hafi verið tekið til skipta og hver fari með málefni þess,
b. hvenær kröfulýsingarfresti í búið hafi lokið,
c. hvaða kröfum hafi verið lýst í búið sem ríkisábyrgð kunni að fylgja samkvæmt lögum þessum,

d. hvort eða að hverju marki viðurkenndur hafi verið forgangsréttur kröfunnar í búið,
e. hvort skilað hafi verið til innheimtuaðila ríkissjóðs þeim hluta launa sem vinnuveitanda bar að halda eftir samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Ef það hefur ekki verið gert skal enn fremur eftir föngum gerð grein fyrir þeim fjárhæðum sem vinnuveitanda bar að halda eftir af launum launþega,
f. hvort ákvæði 5. gr. eigi við um kröfuna eða ekki.

14. gr.

Í stað orðsins „innköllunar“ í síðari málslið 1. mgr. 9. gr. laganna komi orðin: auglýsingar um skiptalok.

15. gr.

10. gr. laganna, sbr. 8. gr. laga nr. 51/1989, orðist svo:

Ef launþegi hefur framselt launakröfu sína á hendur vinnuveitanda áður en bú vinnuveitandans var tekið til gjaldþrotaskipta nýtur krafan ekki ríkisábyrgðar eftir lögum þessum. Þetta á þó ekki við ef krafan hefur verið framseld stéttarfélagi launþegans, né heldur ef krafan hefur verið að fullu eða að hluta framseld Atvinnuleysistryggingasjóði.

16. gr.

Á eftir fyrri málslið 1. mgr. 11. gr. laganna komi nýr málsliður sem orðist svo: Þegar félagsmálaráðherra ákveður greiðslu kröfu samkvæmt lögum þessum skal hann jafnframt tilkynna viðkomandi innheimtuaðila ríkissjóðs hvaða fjárhæð hefur verið dregin frá kröfu launþega vegna ákvæða laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

17. gr.

Á eftir 15. gr. laganna bætist ný grein sem orðist svo:

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um hvernig framkvæmd laganna skuli háttað.

VIII. KAFLI

Gildistaka.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði VII. kafla taka til krafna í bú sem tekin verða til gjaldþrotaskipta eftir gildistöku laganna.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál hlutaðeigandi laga og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í því skyni að greiða fyrir kjarasamningum annars vegar milli ASÍ og VSÍ/VMS og hins vegar milli BSRB og ríkisins ákvað ríkisstjórnin 1. febrúar sl. að beita sér fyrir margþættum aðgerðum, svo sem fram kemur í þeim bréfum forsætisráðherra sem fylgja frumvarpi þessu.

Frumvarp það, sem hér er flutt, er í samræmi við eftirfarandi fyrirheit ríkisstjórnarinnar við gerð kjarasamninganna:

Að beita sér fyrir breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 29/1963, með síðari breytingum.

Að beita sér fyrir því að hið fyrsta verði lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana.

Að lækka álagningarstofn fasteignaskatts í sveitum. Oddvitar margra sveitarhreppa hafa undanfarið haft samband við félagsmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga með

óskir um að draga úr hækkun fasteignaskatta í sveitum. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkti einnig á fundi sínum 19. janúar sl. að óska eftir því við félagsmálaráðherra að frumvarp um það efni yrði lagt fram á Alþingi. Þá hefur Stéttarsamband bænda óskað sérstaklega eftir þeirri breytingu sem felst í 6. gr. frumvarpsins.

Að beita sér fyrir aðgerðum til þess að koma í veg fyrir hækkun á heildsöluverði hefðbundinna búvara fram til 1. desember 1990, enda standist sú forsenda samkomulags samningsaðila og bænda að verð til framleiðenda hækki ekki á tímabilinu.

Að einstaklingar, sem verið hafa atvinnulausir í samtals fjóra mánuði eða lengur á tólf mánaða tímabili, fái uppbót hliðstæða þeirri sem greidd verður til láglaunafólks samkvæmt nýgerðum samningi aðila vinnumarkaðarins.

Að frítekjumark tekjutryggingar almannatrygginga gagnvart greiðslum úr lífeyrissjóðum hækki 1. júlí í 19.000 kr. og 1. janúar 1991 í 21.500 kr.

Að greiðsluábyrgð ríkissjóðs gagnvart lífeyrissjóðum við gjaldþrot fyrirtækja verði í 18 mánuði, enda hafi reynt á innheimtuaðgerðir þar sem krafan hefði mátt vera lífeyrissjóðnum kunn. Einnig að hámark greiðsluábyrgðar á launum verði þreföld fjárhæð atvinnuleysisbóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði á mánuði hverjum.

Sjöundi kafli frumvarpsins var upphaflega saminn af nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði 16. ágúst 1989 til að endurskoða lög nr. 23/1985, um ríkisábyrgð á launum. Í nefndina voru skipuð Jón Rúnar Pálsson lögfræðingur, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands, Lára V. Júlíusdóttir héraðsdómslögmaður, tilnefnd af Alþýðusambandi Íslands, Ragnar H. Hall borgarfógeti, tilnefndur af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Skúli Thoroddsen lögfræðingur, tilnefndur af fjármálaráðuneytinu, og Þórhildur Líndal, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, sem skipuð var formaður nefndarinnar.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á upphaflegu frumvarpi nefndarinnar, m.a. varðandi lífeyrissjóðina og tímamörk ríkisábyrgðar, vegna nýgerðra kjarasamninga, enda var það skoðun fulltrúa ASÍ og VSÍ í nefndinni að leita bæri leiða í kjarasamningum til að lagfæra annmarka á lögum um ríkisábyrgð.

Í minnisblaði félagsmálaráðherra til formanns nefndarinnar, sem dagsett er 4. september 1989, segir að við endurskoðun laganna þurfi eftirtalin atriði m.a. að koma til skoðunar:

1. Hvort ekki sé unnt að einfalda framkvæmdina frá því sem nú eigi sér stað, t.d. á þann hátt að skiptaráðandi (bústjóri) annist uppgjör á launakröfum til kröfuhafa, en ríkissjóður greiði beint til skiptaráðanda (bústjóra) hlut ríkissjóðs.
2. Að þau tímabil, sem ríkisábyrgðin tekur til, verði stytt og samræmd.
3. Að sett verði í lög ákvæði sem takmarki greiðslur til einstaklinga hvort sem miðað er við tíma-, viku- eða mánaðarkaup.
4. Að sá sem krefst bóta vegna uppsagnarfrests verði að sýna fram á viðleitni til atvinnuleitar, t.d. með vottorði vinnumiðlunar.
5. Að ákvæði 5. gr., sérstaklega a-, c- og d- liða, verði gerð einfaldari.
6. Að vaxtaákvæði laganna verði skoðuð með tilliti til einföldunar og samræmingar.

Á árunum 1985 til 1988 hafa greiðslur úr ríkissjóði vegna ríkisábyrgðar á launum farið verulega fram úr áætlun fjárlaga eins og fram kemur í eftirfarandi töflu (upphæðir í þús. kr.):

Ár	*Greiðslur*	*Fjárlög*
1985	8.291	1.700
1986	35.036	5.000
1987	27.568	10.000
1988	79.238	23.000
1989	200.218	35.440
1990 (fjárlög)		140.000

Þá miklu aukningu, sem orðið hefur á greiðslum úr ríkissjóði á árunum 1988 og 1989, má að mestu rekja til fjölgunar gjaldþrota í landinu og versnandi efnahagsástands. Miðað við greiðslur ársins 1989, sem námu rúmlega 200 milljónum króna, bendir allt til þess að áætlun fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 1990 muni hvergi nærri duga.

Þótt nefndinni hafi verið falið að endurskoða tiltekin ákvæði í lögum um ríkisábyrgð á launum vöktu nefndarmenn athygli á því í þessu sambandi að full ástæða væri til að taka einnig til skoðunar ýmis ákvæði í lögum um hlutafélög, nr. 32/1978, og lögum um bókhald, nr. 51 1978, ef ætlunin er að ná tökum á vandamálinu í heild.

Við gildistöku laga nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, 1. júlí 1992 verða embætti bæjarfógeta og sýslumanna lögð niður í núverandi mynd. Dómsvald, þar á meðal dómsvald varðandi búskipti, flyst til sérstakra héraðsdómstóla, en sýslumannsembættin verða hrein stjórnsýsluembætti. Þannig gera lögin um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds ráð fyrir því að sýslumenn fari með ýmis umsýslu- og umboðsstörf við búskipti, þó síst við gjaldþrotaskipti. Þegar þessi skipan verður komin á telur nefndin því eðlilegt að þau verkefni, sem félagsmálaráðuneytinu eru nú falin í lögum um ríkisábyrgð á launum, verði flutt til sýslumannsembættanna.

Á vegum dómsmálaráðuneytisins er nú unnið að frumvarpi til breytinga á skiptalögum, nr. 3/1878, og enn fremur stendur fyrir dyrum endurskoðun á gjaldþrotalögum, nr. 6/1978. Til þess að einfalda enn frekar afgreiðslu á þeim kröfum, sem ríkisábyrgðar njóta, en gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu taldi nefndin nauðsynlegt að færa ákvæði um ríkisábyrgð til samræmis við ákvæði um forgangskröfur við búskipti. Lögin um ríkisábyrgð á launum þurfi því væntanlega að endurskoða að nýju eftir að gjaldþrotalögum, nr. 6/1978, hefur verið breytt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.–3. gr.

Breytingu samkvæmt þessum greinum frumvarpsins er ætlað að tryggja að ellilífeyrisþegar fái hlutdeild í orlofsuppbót samkvæmt kjarasamningi BSRB og fjármálaráðherra, dags. 2. febrúar 1990, enda verði greidd iðgjöld af orlofsuppbótinni á sama hátt og af dagvinnulaunum og persónuuppbót.

Um 4. gr.

1. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 3. gr. laga nr. 97/1974, nema lagatilvísun er færð til gildandi laga og því bætt við að ráðning skuli vera með gagnkvæmum uppsagnarfresti.

Í 2. og 3. mgr. er gert ráð fyrir að réttaráhrif tengist ráðningartíma.

Skv. 2. mgr. er gert ráð fyrir að allir, sem ráðnir eru til starfa hjá ríkinu í starf sem samkvæmt fjárlögum mun vara í 12 mánuði hið skemmsta, skuli njóta að fullu þeirra réttinda sem leiða má af lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Í 3. mgr. er kveðið á um að þeir sem ráðnir eru til skamms tíma, svo sem til sumarstarfa eða afleysinga, njóti sama réttar með þeim takmörkunum þó sem leiða má af uppsagnarfrestinum.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að í 2. mgr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga verði bætt inn orðunum „að undanteknum útihúsum í sveitum". Þessi breyting hefði í för með sér að fasteignamat útihúsa í sveitum yrði stofn til álagningar fasteignaskatts, en álagningarstofn íbúðarhúsa í sveitum verður hins vegar framreiknað fasteignamat í samræmi við 2. mgr. 3. gr. laganna.

Með „útihúsum í sveitum" er átt við öll hús og mannvirki á bújörðum (lögbýlum) önnur en íbúðarhús, t.d. fjós, fjárhús, hlöður, áburðargeysmlur og vélageymslur.

Nýmælið, sem fólst í 2. mgr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 91/1989, hækkaði álagningarstofn fasteignaskatts í sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins, enda

var tilgangurinn sá að skapa jafnræði með sveitarfélögum landsins. Jafnframt var gert ráð fyrir því að sveitarfélög lækkuðu almennt álagningarprósentu fasteignaskatts frá því sem áður var, í mörgum tilvikum úr 0,625% (af fasteignamati) í 0,4% (af framreiknuðum álagningarstofni).

Þegar álagningarskrár voru lagðar fram um áramótin kom í ljós að fasteignaskattar á útihús í sveitum mundu hækka mjög mikið miðað við 0,4% fasteignaskatt. Tilgangur breytingarinnar, sem hér er lögð til, er að draga úr þessari hækkun.

Um 6. gr.

Á undanförnum árum hefur dregið mjög úr framleiðslu mjólkur og kindakjöts og víða eru útihús aðeins nýtt að hluta eða með öllu ónotuð. Margir bændur hika við að hætta búvöruframleiðslu, m.a. vegna þess að áfram hvílir sú skylda á rekstri jarðanna að greiða afborganir af lánum og gjöld til hins opinbera. Með hliðsjón af búháttabreytingum í landbúnaði og til þess að auðvelda mönnum að hætta búvöruframleiðslu er lagt til að sveitarstjórnum verði heimilt að lækka fasteignaskatt eða fella niður þegar svo stendur á.

Um 7. gr.

Í 10. gr. laga nr. 46/1985 er gert ráð fyrir því að verðlagsgrundvöllur til ákvörðunar búvöruverðs gildi í tvö ár í senn, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga, sbr. ákvæði 12. gr. Lögin gera þannig ráð fyrir framreikningi verðlagsgrundvallarins, án undanþágumöguleika. Í tengslum við nýgerða kjarasamninga skuldbundu bændur sig til að hlíta óbreyttum verðlagsgrundvelli til 1. desember 1990. Nauðsynlegt þykir að taka af öll tvímæli um heimild verðlagsnefndar til að verða við óskum Stéttarsambands bænda um takmörkun á breytingum á afurðaverði til bænda eins og lögin mæla fyrir um. Því er lagt til að við lög nr. 46/1985 verði bætt nýju ákvæði til bráðabirgða sem gerir ráð fyrir undanþágumöguleika sé þess óskað.

Um 8. gr.

Sú hækkun á frítekjumarki almannatrygginga, sem gefið var fyrirheit um við gerð kjarasamninga, felur í sér að frítekjumark verður mismunandi eftir eðli og uppruna tekna. Nauðsynlegt þykir að breyta 19. gr. laga um almannatryggingar á þann veg sem hér er lagt til þannig að heimildin til slíkrar mismununar sé ótvíræð.

Um 9. gr.

Hér er lagt til að einstaklingar, sem verið hafa atvinnulausir í samtals fjóra mánuði eða lengur á tólf mánaða tímabili, fái uppbót hliðstæða þeirri sem greidd verður til launafólks samkvæmt nýgerðum kjarasamningi.

Um 10. gr.

Í 4. gr. gildandi laga eru skilgreindar þær kröfur launþega á hendur vinnuveitanda sem falla innan ríkisábyrgðar. Gert er ráð fyrir því að ríkisábyrgðin nái samkvæmt frumvarpinu aðeins til þeirra krafna sem taldar eru í 10. gr. þess.

Samkvæmt b-lið 10. gr. getur launþegi krafist greiðslu vegna orlofslauna sem fallið hafa til vegna launa hans á yfirstandandi orlofsári og á næstliðnu orlofsári ef þau áttu að koma til útborgunar á síðustu sex starfsmánuðum launþegans. Ákvæðið felur í sér að ríkisábyrgð tekur einungis til orlofskrafna vegna næstliðins orlofsárs hafi sú krafa átt að koma til útborgunar á síðustu sex starfsmánuðum launþegans.

Ríkisábyrgðin tekur einungis til orlofslauna launþega sem varðveitt hafa verið hjá vinnuveitanda. Ríkisábyrgðin tekur ekki til orlofslaunakröfu launþega þegar vinnuveitandi, stéttarfélag launþega og bankastofnun eða sparisjóður hafa gert samkomulag um vörslu orlofslauna launþegans, sbr. 4. mgr. 7. gr. orlofslaga nr. 30/1987. Bankastofnun, sem orðið

hefur að greiða launþega áunnin orlofslaun á grundvelli samnings um vörslu orlofsfjár, á enga kröfu á hendur ríkissjóði samkvæmt frumvarpi þessu, sbr. 15. gr. þess.

Samkvæmt d-lið frumvarpsgreinarinnar er gert ráð fyrir bótagreiðslum fyrir allt að þriggja mánaða tímabil vegna riftunar eða uppsagnar á vinnusamningi. Samkvæmt núgildandi lögum er hvorki gert ráð fyrir hámarksbótum né takmörkun á lengd bótatímabils. Gert er ráð fyrir því að bótakrafa samkvæmt þessum lið sé rökstudd og verður hún þá tekin til greina að vissu hámarki enda hafi launþegi sýnt fram á að hann hafi leitað sér að atvinnu eftir fyrirvaralausa uppsögn eða gjaldþrot vinnuveitanda. Ákvæði frumvarpsins felur í sér verulega þrengingu frá gildandi lögum og leggur þá kvöð á launþega að hann sýni fram á raunverulegt tekjutap sitt. Ríkisábyrgðin tekur þá til tekjutapsins að vissu marki, sbr. 2. mgr. þessarar greinar.

Í e-lið greinarinnar er að finna efnislega samhljóða ákvæði e-lið gildandi laga að öðru leyti en því að bætt hefur verið við skilyrði um forgangsrétt í búi vinnuveitanda. Hér er eingöngu um áréttingu að ræða sem þarfnast ekki frekari skýringa.

Samkvæmt f-lið er gert ráð fyrir greiðslu dráttarvaxta skv. III. kafla laga nr. 25/1987 á kröfum samkvæmt a–d-liðum þessarar greinar. Ákvæðið er til einföldunar á framkvæmd laganna.

Með g-lið er verið að lögfesta þá framkvæmd gildandi laga að kostnaður, sem launþegi eða sá sem krefst bóta samkvæmt e-lið hefur orðið að greiða vegna nauðsynlegra ráðstafana til innheimtu kröfna sinna, njóti ríkisábyrgðar. Í gildandi lögum er það skilyrði sett að hlutaðeigandi sýni fram á að tilraunir til innheimtu hafi hafist áður en starfsemi vinnuveitanda hætti að mestu eða öllu til þess að kostnaður njóti ríkisábyrgðar, en hér er lagt til að það skilyrði verði fellt brott, enda er það í samræmi við framkvæmdina eins og hún hefur verið.

Í þessari grein frumvarpsins er gert ráð fyrir nýrri málsgrein, sem verði 2. mgr., um hámark mánaðarlegra greiðslna úr ríkissjóði. Upphæð sú, sem ríkissjóður ábyrgist skv. a- og d-liðum 1. mgr. 4. gr., getur ekki orðið hærri en sem nemur þreföldum atvinnuleysisbótum miðað við einn mánuð og er það í samræmi við niðurstöðu kjarasamninga. Viðmiðunarfjárhæðin breytist síðan í samræmi við þær breytingar sem verða á upphæð atvinnuleysisbóta. Ákvæðið skerðir fyrst og fremst hag þeirra launþega sem notið hafa hárra launakjara.

3. mgr. greinarinnar er óbreytt 2. mgr. 4. gr. laganna.

Um 11. gr.

Hér er um að ræða ákvæði um undantekningar frá greiðsluskyldu ríkissjóðs. Lagt er til að sérstakt ákvæði verði tekið upp í a-lið greinarinnar um þá sem hafa verið í varastjórn hlutafélags og verður ríkisábyrgð ekki látin ná til launakrafna þeirra ef þeir hafa raunverulega tekið þátt í stjórnarstörfum í félaginu á því tímabili sem krafa þeirra nær til. Í d-lið greinarinnar, sem fjallar um kröfur tiltekinna ættingja þrotamanns, er lagt til að tekin verði upp sérstök heimild til handa félagsmálaráðherra til að ákveða greiðslu úr ríkissjóði vegna krafna sem ella mundu falla utan ríkisábyrgðar ef sú niðurstaða þykir verulega ósanngjörn. Ætla verður að þetta sé undantekningarákvæði sem sjaldan verði beitt.

Um 12. gr.

Ákvæði frumvarpsins um nýja málsgrein, sem verði 4. mgr. þessarar greinar, er nýmæli. Samkvæmt 111. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 geta þeir sem ekki hafa lýst kröfu sinni í bú fyrir lok kröfulýsingarfrests fengið að koma kröfum að við skiptin ef þeir aðeins afla til þess samþykkis 75% kröfuhafa, reiknað eftir kröfufjárhæðum. Nokkur brögð hafa verið að því að kröfuhafar, sem farið hafa með atkvæðisrétt vegna krafna sem ríkissjóður átti eftir að leysa til sín, hafi veitt samþykki sitt til þess að vanlýstar kröfur fengju komist að við skipti, í skjóli þessa

lagaákvæðis og þannig stuðlað að því að ríkissjóður fengi lægri fjárhæð upp í kröfur sínar úr viðkomandi búi en ella hefði verið. Með þessu ákvæði er ætlað að tryggja að félagsmálaráðherra taki afstöðu til þess hvort samþykkt verði að vanlýstar kröfur fái komist að í tilvikum sem þessum.

Um 13. gr.

Hér er lagt til að veruleg breyting verði gerð á verklagsreglum varðandi meðferð krafna sem ríkisábyrgð er talin ná til. Miða þessar breytingar að því að gera úrvinnslu fljótvirkari og einfaldari í framkvæmd en nú er. Hér er sú skylda lögð á þann sem fer með málefni þrotabús að hann láti félagsmálaráðherra í té skriflega umsögn um hverja þá kröfu í þrotabúið er til álita kemur að njóti ábyrgðar ríkissjóðs eftir lögum þessum. Skal þessi umsögn látin í té án þess að fyrirspurn hafi borist varðandi þetta atriði. Í umsögninni skulu tilgreind öll þau atriði sem fyrirsvarsmaður þrotabúsins telur skipta máli varðandi þau atriði, sbr. a–f-liði greinarinnar, og þýðingu hafa í sambandi við ábyrgð ríkissjóðs á kröfunni. Af efni þessarar tilkynningar á félagsmálaráðuneytið síðan að geta ráðið hvort skilyrði séu fyrir hendi til að greiða kröfuna úr ríkissjóði eða ekki. Ekki er ráðgert að greiðsla verði innt af hendi úr ríkissjóði nema fyrir liggi krafa þar að lútandi hjá félagsmálaráðuneytinu.

Um 14. gr.

Eins og núgildandi ákvæði hljóðar er það markleysa og því er hér lagt til að í stað orðsins „innköllunar“ komi: auglýsingar um skiptalok, og er það í samræmi við 1. málsl. greinarinnar.

Um 15. gr.

Þetta ákvæði felur í sér nokkra breytingu frá 10. gr. núgildandi laga. Hér er gerður greinarmunur á aðstöðunni eftir því hvenær framsal kröfu á sér stað. Hér er lagt til að ábyrgð ríkissjóðs á kröfu haldist þrátt fyrir framsal hennar ef framsalið hefur átt sér stað eftir að bú vinnuveitanda var tekið til gjaldþrotaskipta. Þykir ekki ástæða til að binda svo hendur launþegans um meðferð kröfu sinnar að hann geti ekki nýtt sér hana með neinum hætti þar til honum berst greiðsla eftir lögum þessum.

Um 16. gr.

Þetta ákvæði er til komið vegna þeirrar kerfisbreytingar sem varð á innheimtu opinberra gjalda hjá launþegum með setningu laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt lögum um ríkisábyrgð á launum nær ekki til þess hluta launa sem launagreiðanda bar að halda eftir til greiðslu opinberra gjalda launþegans, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Engu að síður getur það skipt verulegu máli fyrir launþegann að viðkomandi innheimtuaðili ríkissjóðs fái staðfestar upplýsingar um það þegar greiðsla er innt af hendi eftir lögum þessum hvaða fjárhæð hefur verið dregin frá kröfu hans á þessum grundvelli.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Í síðari hluta 1. mgr. er sérstakt ákvæði varðandi VII. kafla laganna, um breytingu á lögum um ríkisábyrgð á launum. Rétt þykir að taka af tvímæli um að lögin nái aðeins til krafna í bú sem tekin verða til gjaldþrotaskipta eftir gildistöku laganna.

Fylgiskjal I.

Bréf forsætisráðherra til Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna.
(1. febrúar 1990.)

Vísað er til viðræðna sem ríkisstjórnin hefur átt undanfarna daga við fulltrúa samtaka launafólks, vinnuveitenda og bænda, um kjarasamninga og efnahagsráðstafanir í tengslum við þá. Ríkisstjórnin lýsir stuðningi sínum við markmið kjarasamninganna um lækkun verðbólgu og stöðugleika í efnahagsmálum.

Í því skyni að greiða fyrir kjarasamningum hefur ríkisstjórnin ákveðið eftirfarandi:

1. **Búvörur.**

Ríkisstjórnin er reiðubúin að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir hækkun á heildsöluverði hefðbundinna búvara til 1. desember 1990, enda standist sú forsenda samkomulags samningsaðila og bænda að verð til framleiðenda hækki ekki á tímabilinu. Áætlað er að verja þurfi 750 milljónum króna umfram fjárlög í niðurgreiðslur í þessu skyni.

Þá hefur ríkisstjórnin ákveðið að skipa starfshóp til að gera ítarlega athugun á kostnaði við framleiðslu, vinnslu og sölu innlendra búvara og gera tillögur um stefnumörkun með það að markmiði að búvöruframleiðslan verði hagkvæmari. Fulltrúar landbúnaðarins og samtaka launafólks og vinnuveitenda eigi m.a. sæti í starfshópnum.

2. **Frítekjumark.**

Frítekjumark tekjutryggingarþega gagnvart greiðslum úr lífeyrissjóðum hækkar 1. júlí næstkomandi í 19.000 krónur og 1. janúar 1991 í 21.500 krónur.

Ríkisstjórnin mun halda áfram athugun á samræmingu skattlagningar og frítekjumarks allra tekna gagnvart tekjutryggingu almannatrygginga.

3. **Greiðsluábyrgð ríkissjóðs við gjaldþrot.**

Greiðsluábyrgð ríkissjóðs gagnvart lífeyrissjóðum við gjaldþrot fyrirtækja verði í 18 mánuði, enda hafi reynt á innheimtuaðgerðir þar sem krafan hefði mátt vera lífeyrissjóðunum kunn.

Hámark greiðsluábyrgðar vegna launa verði þreföld fjárhæð atvinnuleysisbóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði á mánuði hverjum.

4. **Lækkun framfærsluvísitölu.**

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að í febrúar verði dregið úr fyrirhuguðum sköttum og gjöldum eða gjaldskrárbreytingum opinberra fyrirtækja sem svarar 0,3 af hundraði lækkun á mælikvarða vísitölu framfærslukostnaðar.

5. **Tekjustofnar sveitarfélaga.**

Ríkisstjórnin mun í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga beita sér fyrir endurskoðun á hundraðshluta meðalnýtingar tekjustofna sveitarfélaga sem skilyrði fyrir framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

6. **Atvinnuleysistryggingabætur.**

Í endurskoðun á lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð, sem nú stendur yfir, verður kannað með hvaða hætti greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði geti nýst til starfsnáms.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að einstaklingar, sem verið hafa atvinnulausir í samtals fjóra mánuði eða lengur á tólf mánaða tímabili, fái uppbót hliðstæða þeirri sem greidd verður til láglaunafólks samkvæmt nýgerðum samningi aðila vinnumarkaðarins.

7. **Lífeyrismál.**

Frumvarp til laga um starfsemi lífeyrissjóða verður lagt fram á vorþingi og milliþinganefnd skipuð til að fjalla um málið í sumar. Gert er ráð fyrir afgreiðslu frumvarps um lífeyrissjóði á næsta þingi.

8. **Réttur farmanna til bóta almannatrygginga.**

Réttur íslenskra farmanna til bóta almannatrygginga vegna starfa á skipum á vegum íslenskra skipafélaga, sem skráð eru erlendis, verði athugaður.

9. **Félagslegt húsnæði.**

Nefnd félagsmálaráðherra, sem fjallar um félagslega húsnæðiskerfið, mun skila niðurstöðum á næstu dögum. Nefndin mun leggja fram tillögur um endurbætta tilhögun lánveitinga til félagslegra íbúðabygginga og um ráðstafanir og leiðir til að auka framboð leiguhúsnæðis.

Með hliðsjón af þeim áformum um félagslegt húsnæði, sem kynnt hafa verið, lýsir ríkisstjórnin sig reiðubúna til þess að kanna hvaða leiðir til úrbóta eru færar þannig að félagslega húsnæðiskerfið geti leyst úr brýnustu þörf.

10. **Skattlagning fyrirtækja.**

Ríkisstjórnin áréttar fyrri yfirlýsingar um að unnið verði að því að samræma skattlagningu á fyrirtæki því sem gerist í samkeppnislöndunum.

11. **Aflamiðlun.**

Svo fljótt sem verða má mun komið á fót aflamiðlun til að stýra útflutningi á óunnum fiski. Í stjórn aflamiðlunar verði fulltrúar hagsmunaaðila í sjávarútvegi.

12. **Samstarf til að tryggja árangur samninganna.**

Ríkisstjórnin leggur áherslu á samstarf við aðila vinnumarkaðarins um aðgát á öllum sviðum efnahagsmála til að tryggja, eins og unnt er, að sá árangur sem að er stefnt með kjarasamningunum náist.

Ein mikilvægasta forsenda þess er örugg fjármögnun á fjárþörf ríkissjóðs innan lands. Það mun draga úr skuldasöfnun erlendis, sporna við verðbólgu og auka tiltrú almennings á því að varanlegur árangur náist.

Í þessu skyni óskar ríkisstjórnin sérstaklega eftir auknum kaupum lífeyrissjóða á spariskírteinum á þessu ári umfram kaup þeirra af húsnæðismálastjórn.

Að óbreyttum rekstrarskilyrðum þjóðarbúsins áformar ríkisstjórnin ekki aðrar breytingar á sköttum og verðlagi opinberrar þjónustu á árinu 1990 en þegar hafa verið kynntar aðilum.

Í samræmi við bréf Sambands íslenskra viðskiptabanka og Sambands íslenskra sparisjóða til ríkisstjórnarinnar mun hún skipa starfshóp til sameiginlegrar athugunar og aðgerða bankakerfisins og ríkisstjórnarinnar í því skyni að tryggja að vaxtalækkanir til samræmis við hjaðnandi verðbólgu fái staðist til frambúðar. Með slíkum aðgerðum gerir ríkisstjórnin ráð fyrir að lagður verði grunnur að frekari lækkun raunvaxta.

Til þess að greiða fyrir að sameiginleg markmið náist mun ríkisstjórnin fela sérstakri nefnd embættismanna að eiga reglulega fundi, minnst einu sinni í mánuði, með launanefnd ASÍ og VSÍ/VMS. Á fundunum skal fara yfir þróun helstu hagstærða, peningamál og ríkisfjármál og munu aðilar í sameiningu leita leiða til að ná fram því jafnvægi sem nauðsynlegt er til að markmið kjarasamninganna náist.

Fylgiskjal II.

Bréf forsætisráðherra til Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.
(1. febrúar 1990.)

Ríkisstjórnin fagnar áformum um lækkun verðbólgu og stöðugleika í efnahagsmálum sem felast í þeim kjarasamningum BSRB og fjármálaráðuneytisins sem nú eru á lokastigi.

Ríkisstjórnin telur að í slíkum samningum felist mikilvægur stuðningur við þá jafnvægisstefnu í efnahagsmálum sem hún fylgir.

Í því skyni að greiða fyrir kjarasamningum hefur ríkisstjórnin ákveðið eftirfarandi aðgerðir:

1. **Auknar niðurgreiðslur á búvörum.**

Ríkisstjórnin er reiðubúin að beita sér fyrir aðgerðum til þess að koma í veg fyrir hækkun á heildsöluverði hefðbundinna búvara fram til 1. desember 1990, enda standist sú forsenda samkomulags samningsaðila og bænda að verð til framleiðenda hækki ekki á tímabilinu. Áætlað er að til þess þurfi að verja 750 milljónum króna umfram fjárlög í niðurgreiðslur.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að skipa starfshóp til að gera ítarlega athugun á kostnaði við framleiðslu, vinnslu og sölu innlendra búvara og gera tillögur um stefnumörkun með það að markmiði að búvöruframleiðslan verði hagkvæmari. Fulltrúar landbúnaðarins og samtaka launafólks og vinnuveitenda eigi m.a. sæti í starfshópnum.

2. **Lækkun framfærsluvísitölu.**

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir breytingum á sköttum og gjöldum eða gjaldskrám opinberra fyrirtækja sem svara til 0,3 af hundraði lækkunar á mælikvarða vísitölu framfærslukostnaðar.

3. **Lækkun raunvaxta.**

Í samræmi við bréf Sambands viðskiptabanka og sparisjóða til Bandalags starfsmanna ríkis og bæja 28. janúar sl. hefur ríkisstjórnin ákveðið að skipa sérstakan starfshóp sem kanni leiðir til þess að tryggja að vaxtalækkanir til samræmis við hjaðnandi verðbólgu fái staðist til frambúðar.

Með þessum aðgerðum og öðrum aðhaldsaðgerðum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum verði á markvissan hátt lagður grunnur að frekari lækkun raunvaxta.

Ríkisstjórnin er jafnframt reiðubúin að stíga ný skref til lækkunar raunvaxta á spariskírteinum ríkissjóðs og skapa þannig skilyrði fyrir lægri raunvöxtum í bankakerfinu þegar markaðsaðstæður leyfa og tekist hefur víðtækt samstarf um að efla innlenda lánsfjármögnun ríkissjóðs. Þá lýsir ríkisstjórnin yfir því að hún muni beita sér fyrir bættu eftirliti með starfsemi allra aðila á lánamarkaði til þess að hagsmuna almennings sé gætt.

4. **Húsnæðismál fatlaðra.**

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að á grundvelli úttektar á framkvæmdaþörf í þágu fatlaðra, sem nú er á lokastigi, verði gerð áætlun til nokkurra ára um úrbætur í húsnæðismálum þeirra, bæði í sambýlum og innan félagslega húsnæðiskerfisins.

Ríkisstjórnin mun veita því forgang að leysa brýnasta vanda fatlaðra sem eru á biðlistum eftir sambýli og hafa sannanlega mikla þörf fyrir vistun samkvæmt mati svæðisstjórna í málefnum fatlaðra og félagsmálaráðuneytisins.

5. **Frítekjumark.**

Frítekjumark tekjutryggingarþega gagnvart greiðslum úr lífeyrissjóðum hækkar 1. júlí 1990 í 19.000 krónur og 1. janúar 1991 í 21.500 krónur.

Ríkisstjórnin mun halda áfram athugun á samræmingu skattlagningar og frítekjumarks allra tekna gagnvart tekjutryggingu almannatrygginga.

6. **Atvinnuleysistryggingabætur.**

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að einstaklingar, sem verið hafa atvinnulausir í samtals fjóra mánuði eða lengur á tólf mánaða tímabili, fái uppbót hliðstæða þeirri sem greidd verður til láglaunafólks samkvæmt kjarasamningi á almennum vinnumarkaði.

7. **Samstarf til að tryggja árangur samninganna.**

Ríkisstjórnin telur mikilvægt að efla samstarf stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins til þess að tryggja að markmið kjarasamninganna um lækkun verðbólgu og stöðugleika í efnahagslífi náist.

Í því sambandi mun ríkisstjórnin m.a. leggja áherslu á trygga fjármögnun fjárþarfar ríkissjóðs innan lands til að draga úr erlendri skuldasöfnun. Jafnframt verður fylgt aðhaldssamri stefnu í peningamálum og ríkisfjármálum til að koma í veg fyrir þenslu. Í þessu skyni óskar ríkisstjórnin sérstaklega eftir kaupum lífeyrissjóða á skuldabréfum umfram kaup þeirra af húsnæðismálastjórn.

Til þess að greiða fyrir sameiginlegum markmiðum mun ríkisstjórnin fela sérstakri nefnd embættismanna að halda fundi reglubundið með launanefndum samningsaðila. Á þessum fundum skal fara yfir þróun helstu hagstærða, peningamál og ríkisfjármál og munu aðilar í sameiningu leita leiða til að ná fram því jafnvægi sem nauðsynlegt er til að markmið kjarasamninganna náist.

Fylgiskjal III.

Bréf forsætisráðherra til Stéttarsambands bænda.

(1. febrúar 1990.)

Með vísan til samkomulags Stéttarsambands bænda og ASÍ, VSÍ/VMS í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði og kjarasamning milli BSRB og ríkisins vil ég taka fram eftirfarandi:

Að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga mun ríkisstjórnin í samræmi við 3. tölul. samkomulags ofangreindra aðila beita sér fyrir lækkun á álagningarstofni fasteignaskatts í sveitum þannig að hann jafngildi fasteignamati.

Einnig skal tekið fram að ríkisstjórninni er ljóst að á nýju verðlagsári sauðfjárafurða, sem hefst 1. september 1990, verður annaðhvort að greiða þann launalið sem samkomulag varð um að greiða af niðurgreiðslufé 1. september 1989, á sama hátt eða að öðrum kosti að hækka grundvallarverð um þrjá af hundraði.

Þá skal staðfest að ríkisstjórnin er reiðubúin til að beita sér fyrir nauðsynlegri löggjöf til þess að halda megi búvöruverði óbreyttu fram til 30. nóvember 1990.

Ed. 632. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og haft til athugunar umsagnir þær er allsherjarnefnd neðri deildar bárust um frumvarpið. Til viðræðna um efni frumvarpsins komu Hermann Sveinbjörnsson, stjórnarformaður Hollustuverndar ríkisins, Leifur Eysteinsson, framkvæmdastjóri Hollustuverndar ríkisins, Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Sveinbjörn Dagfinnsson, ráðuneytisstjóri í landbúnaðarráðuneytinu, Eyþór Einarsson, formaður Náttúruverndarráðs, Þóroddur Þóroddsson, framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs, Magnús Jóhannesson siglingamálastjóri, Jón Sveinsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, Snorri Sigurðsson, fagsviðsstjóri Skógræktar ríkisins, Ólafur Pétursson, forstöðumaður mengunarvarnasviðs Hollustuverndar ríkisins, Þórhallur Halldórsson, forstöðumaður heilbrigðiseftirlits Hollustuverndar ríkisins, Franklín Georgsson, forstöðumaður rannsóknastofu Hollustuverndar ríkisins, Daníel Viðarsson, forstöðumaður eiturefnasviðs Hollustuverndar ríkisins, Auður Antonsdóttir, formaður Félags íslenskra náttúrufræðinga, Sigurbjörg Gísladóttir, varaformaður Félags íslenskra náttúrufræðinga, Stefán Thors, skipulagsstjóri ríkisins, Páll Flygenring, ráðuneytisstjóri í iðnaðarráðuneytinu, Árni Gunnarsson, ráðuneytisstjóri í menntamálaráðuneytinu, Halldór S. Kristjánsson, skrifstofustjóri í samgönguráðuneytinu, Ragnhildur Hjaltadóttir, skrifstofustjóri í samgönguráðuneytinu, Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri, Sigurgeir Sigurðsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneytinu, og Jón Gunnar Ottósson, forstöðumaður rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins að Mógilsá.

Í máli flestra viðmælenda nefndarinnar kom fram að þörf er á samræmingar- og eftirlitsaðila umhverfismála innan stjórnsýslunnar. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru á því í meðförum neðri deildar.

Alþingi, 20. febr. 1990.

Jón Helgason, form. Guðmundur Ágústsson, fundaskr., frsm. Skúli Alexandersson.

Jóhann Einvarðsson.

Ed. 633. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands.

Frá 1. minni hl. allsherjarnefndar.

Frumvarp þetta um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands felur það eitt í sér að stofnað verði sérstakt ráðuneyti umhverfismála.

Kvennalistakonur hafa frá upphafi lagt mikla áherslu á úrbætur í umhverfismálum og verið þeirrar skoðunar að nauðsyn beri til að hafa sérstakt ráðuneyti umhverfismála. Þingkonur Kvennalistans hafa alla tíð reynt að vinna því máli brautargengi á Alþingi og lögðu m.a. fram ítarlega tillögu um það efni á 111. löggjafarþingi þar sem fram kemur hvernig þær vilja sjá málum borgið í slíku ráðuneyti.

Í lok 111. löggjafarþings kom loks fram stjórnarfrumvarp um stofnun umhverfisráðuneytis og starfssvið þess. Kvennalistakonur lýstu stuðningi við það frumvarp enda þótt það væri í raun ófullburða og gengi miklu skemur en þær hefðu kosið. Málinu var síðan vísað til sérstakrar nefndar sem vann að því á milli þinga og átti fulltrúi frá Kvennalistanum sæti í þeirri nefnd.

Niðurstaða nefndarinnar var að skipta málinu í tvennt, þ.e. frumvarp það sem hér um ræðir um einfalda breytingu á stjórnarráðslögunum og annað frumvarp, 128. mál, sem skilgreindi verkefni umhverfisráðuneytis. Svo sem vænta mátti hefur reynst erfitt að ná samkomulagi um hið síðarnefnda. Um starfssvið umhverfisráðuneytis eru mjög skiptar skoðanir, ekkert síður innan stjórnarflokkanna en annarra.

Fyrsti minni hl. er þeirrar skoðunar að það veiki verulega grundvöllinn undir ásættanlegu samkomulagi um meginmál þessarar stjórnkerfisbreytingar ef umhverfisráðuneyti verður stofnað áður en slíku samkomulagi er náð.

Þegar þetta frumvarp var afgreitt frá nefndinni var frumvarpið um verkefni umhverfisráðuneytisins enn í umfjöllun allsherjarnefndar neðri deildar. Ljóst er að í neðri deild munu koma fram breytingartillögur við það en á þessari stundu er ekki vitað í hverju þær felast. Því er með öllu ófrágengið verkefni hins nýja ráðuneytis.

Fyrsti minni hl. telur það lýsa fullkomnu ábyrgðarleysi og vanvirðu ríkisstjórnarflokkanna við málefnið að þröngva fram afgreiðslu þessa frumvarps án þess að ljóst sé hvaða verkefni hinu nýja ráðuneyti verða falin.

Kvennalistakonur vilja koma á fót raunverulegu umhverfisráðuneyti málefnisins vegna og telja því nauðsynlegt að um leið og slíkt ráðuneyti verði stofnað fái það ákveðin verkefni og þann sess í stjórnarkerfinu sem því ber.

Ríkisstjórnin hefur með afgreiðslu þessa máls misst sjónar á því sem ætti að vera aðaltilgangurinn með stofnun umhverfisráðuneytis — að koma betra skipulagi á stjórn umhverfismála með markvissa umhverfisvernd í huga. Það eru kvennalistakonum mikil vonbrigði að geta ekki greitt stofnun umhverfisráðuneytis atkvæði sitt á Alþingi.

Fyrsti minni hl. telur að stofnun umhverfisráðuneytis sé fyrsta skrefið í átt til þess að umhverfismál skipi verðugan sess í stjórnkerfi landsins. Umhverfisráðuneyti án verkefna er hins vegar umbúðirnar einar og sér 1. minni hl. sér því ekki fært að taka þátt í afgreiðslu þessa frumvarps.

Alþingi, 20. febr. 1990.

Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Nd. 634. Breytingartillaga [370. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

Frá Hreggviði Jónssyni og Inga Birni Albertssyni.

Á eftir 5. gr. frumvarpsins komi ný grein er orðist svo:

a. Á eftir 3. mgr. 3. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Sveitarstjórn er óheimilt að leggja nokkur önnur gjöld á fasteign, svo sem lóðarleigu, vatnsskatt, holræsagjald, sorphreinsunargjald og tunnuleigu, þannig að heildarupphæð gjalda á fasteignina miðað við fasteignamat til álagningar verði hærri í hundraðshlutum en ákvæði a- og b-liðar 3. mgr. kveða á um, sbr. þó 4. mgr.

Þá er sveitarstjórn skylt að tilgreina hlutfall álagðs fasteignaskatts á fasteignaseðli og hlutfall hvers annars gjalds miðað við fasteignamat og jafnframt heildarhlutfall samanlagðra álagðra gjalda.

b. Við 4. mgr. (sem verður 6. mgr.) bætist svohljóðandi málsliður: Þá er sveitarstjórn og heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að hækka hundraðshlutana í 3. mgr. um 50%, enda sé ákvörðun um slíkt borin undir íbúa viðkomandi sveitarfélags í almennri atkvæðagreiðslu.

Nd. 635. Frumvarp til laga [371. mál]

um breytingu á lögum nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki.

Flm.: Þórhildur Þorleifsdóttir, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Guðmundur G. Þórarinsson, Guðrún Helgadóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Stefán Valgeirsson.

1. gr.

Við 2. mgr. 2. gr. laganna bætist eftirfarandi málsliður: Jafnframt er heimilt að veita einstæðum foreldrum fjárhagsaðstoð til framhaldsnáms, óháð aldri þeirra og eðli námsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Einstæðir foreldrar og fjölskyldur þeirra eru um 12% allra fjölskyldna í landinu. Þetta er svo stór hluti þjóðarinnar að ekki verður fram hjá því horft þegar verið er að meta aðstæður fjölskyldna og hvar úrbóta sé helst þörf.

Einstæðir foreldrar eru auðvitað sundurleitur hópur, með mismunandi aðstæður, rétt eins og gengur og gerist með aðra þjóðfélagsþegna. Þó er ýmislegt sem greinir þennan hóp frá öðrum og lýsir það sér helst í því að kjör hans og aðstæður ýmsar eru bágari en annarra fjölskyldna þegar á heildina er litið. Þetta kemur glögglega í ljós í niðurstöðum könnunar um kjör og félagslega stöðu einstæðra foreldra sem félagsvísindadeild Háskóla Íslands gerði fyrir félagsmálaráðuneytið og birtar voru í skýrslu frá maí 1984. Þó að nokkuð sé um liðið síðan könnun þessi var gerð er ekkert sem bendir til þess að þær breytingar hafi orðið sem raski niðurstöðum hennar.

Helstu niðurstöður könnunarinnar leiða í ljós að fjárhagsleg staða þessa hóps er verri en annarra, með afleiðingum sem ekki verða frekar tíundaðar hér. Nærtækasta skýringin er sú að þar sem aðeins er ein fyrirvinna í fjölskyldu liggi það í hlutarins eðli að afkoman sé verri en þar sem eru tvær fyrirvinnur eins og nú er hjá þorra fjölskyldna.

En við nánari athugun er sú skýring ekki einhlít. Skýringarinnar er fyrst og fremst að leita í því að fjárhagsleg staða kvenna er verri en karla. Meðaltekjur kvenna rétt losa 60% af meðaltekjum karla. Þar að auki kemur í ljós að yfir 70% einstæðra foreldra er ófaglært verkafólk eða stundar störf á sviði verslunar og þjónustu án sérmenntunar og er það hærra hlutfall en hjá konum í heild.

Samkvæmt manntalsskýrslu frá 1. des. 1989 eru einstæðir foreldrar í landinu u.þ.b. 7.500, þar af eru einungis rúmlega 500 einstæðir feður. Hinir, þ.e. *7.000, eru einstæðar mæður.* Samtals eru rúmlega 10.000 börn á framfæri einstæðra foreldra, þar af u.þ.b. *9.700 börn á framfæri einstæðra mæðra.*

Í ljósi alls þessa þarf engan að undra niðurstöður könnunarinnar.

Þetta frumvarp tekur aðeins á einum þætti þessa vanda, en það er sú staðreynd að einstæðir foreldrar (mæður) sem hópur hafa styttri skólagöngu að baki en sambærilegir aldurshópar kvenna. Eftirfarandi upplýsingar er að finna í skýrslunni á bls. 32:

„Samanburður á menntun svarenda í jafnréttiskönnun (JK) og í könnun á högum einstæðra foreldra (EF) eftir aldurshópum:

	20–29 ára		30–39 ára		40–49 ára		50–59 ára			
	EF	JK	EF	JK	EF	JK	EF	JK	Samtals	
10 ár eða skemur	78%	51%	62%	59%	68%	72%	68%	78%	71%	64%
10–11 ár	19%	29%	24%	27%	27%	21%	32%	18%	22%	24%
14 ár eða lengur	3%	20%	14%	15%	5%	7%		3%	6%	12%

Eins og sjá má kemur mesti hlutfallsmunurinn fram í aldurshópunum 20–29 ára og 30–39 ára. Yngstu einstæðu foreldrarnir virðast hafa mun minni skólagöngu en sambærilegur hópur úti í þjóðfélaginu.“

Að sjálfsögðu er stutt skólaganga ekki alltaf afleiðing barneigna, en eins og segir í skýrslunni á bls. 33:

„Barneignir hafa að sjálfsögðu í för með sér miklar breytingar á högum fólks og fátt er líklegra til að koma fyrir kattarnef námsáformum kvenna en barneign. Ef barnið er aðeins á vegum annars foreldrisins eru röskunaráhrifin þeim mun sterkari fyrir það foreldrið sem í hlut á.“

Enn fremur segir í skýrslunni á bls. 32:

„Engum blöðum er um það að fletta að því unga fólki, sem leggur út í lífið um þessar mundir án annarrar formlegrar menntunar en þess lágmarks sem fræðslulög kveða á um, eru settar sýnu þrengri skorður en hinum sem hafa aflað sér viðbótarréttinda eða jafnvel starfsréttinda. Fyrir þá sök eina stendur það þegar höllum fæti á vinnumarkaði sem margir telja að muni einkennast af harðnandi samkeppni í náinni framtíð. Það verður því að teljast sérstakt íhugunarefni þegar hér kemur í ljós að ungir einstæðir foreldrar, sem augljóslega standa höllum fæti á þessum vettvangi í krafti þeirrar stöðu sinnar einnar, virðast í óvenjuríkum mæli jafnframt fylla flokk hinna skemmst menntuðu. Þetta unga fólk er að hefja lífsbaráttuna með léttari mal, en um leið þyngri byrði en flestir jafnaldrar þeirra.“

Margir svöruðu því til aðspurðir í könnuninni að þeir hefðu áhuga á frekari skólagöngu en flestir sögðu að fjárhagsaðstæður leyfðu það ekki. Af svörunum mátti helst ráða að frekara nám einstæðra foreldra væri undir því komið hvort foreldrar þeirra gætu veitt þeim fjárhagsaðstoð. Það er óviðunandi að framtíð og möguleikar fólks til náms og starfa sé háð efnahag og skilningi foreldra. En það er fáum ætlandi að stunda nám jafnframt því að sjá fyrir barni og annast það á eigin spýtur.

Þegar þess er gætt hve margir ungir einstæðir foreldrar hafa skamma skólagöngu að baki virðist brýnast að gera þeim fjárhagslega kleift með lagabreytingu að ljúka almennu framhaldsskólanámi, t.d. í mennta-, fjölbrauta- eða verslunarskólum, en það nám er ekki lánshæft samkvæmt núgildandi úthlutunarreglum. Einnig er gert ráð fyrir með þessu frumvarpi að ýmiss konar styttra nám eða námskeið, sem tengjast þjálfun eða undirbúningi til ákveðinna starfa, verði lánshæf. Má nefna einkaritaraskóla, málanám, leiðsögumannanám og tölvunám. Oftast er nám af þessum toga nokkuð dýrt og getur reynst fjárvana fólki þungt í skauti. Allt slíkt nám er þó fjölsótt af konum og getur ráðið úrslitum um kjör þeirra.

Það er brýnt í nútímaþjóðfélagi að búa sig sem best undir lífsstarf og með síauknum menntunarkröfum verður skólaganga æ mikilvægari í þeim undirbúningi. Það er því engin ofrausn að koma til móts við einstæða foreldra í þessum efnum með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu og gera þeim betur fært að afla sér þeirrar menntunar sem þeir æskja, þeim sjálfum og börnum þeirra til hagsbóta.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að vikið sé frá núgildandi úthlutunarreglum LÍN, bæði hvað varðar aldur lánþega og eðli náms, í því skyni að gera einstæðum foreldrum kleift að afla sér almennrar menntunar eða sérmenntunar til undirbúnings frekara námi eða starfi. Þarna er átt við nám sem að öllu jöfnu er ekki lánshæft nú. Til samræmis þarf að breyta 2. gr. reglugerðarinnar um námslán og námsstyrki þannig að við bætist:

a. Almennir framhaldsskólar, ef um einstæða foreldra er að ræða.
b. Starfsþjálfunarnám og/eða námskeið þar sem skólagjalda er krafist ef um er að ræða einstæða foreldra.

Sérstaklega þarf í reglugerð að kveða á um lágmarks- og hámarksviðmiðun skólagjalda og endurgreiðsluákvæði vegna síðasttalda liðarins.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 636. Beiðni um skýrslu [372. mál]

frá iðnaðarráðherra um nýtt álver.

Frá Friðriki Sophussyni, Þorsteini Pálssyni, Birgi Ísl. Gunnarssyni, Geir H. Haarde, Salome Þorkelsdóttur, Ragnhildi Helgadóttur, Eyjólfi Konráð Jónssyni, Guðmundi H. Garðarssyni, Ólafi G. Einarssyni, Matthíasi Á. Mathiesen.

Með vísan til 30. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að iðnaðarráðherra flytji Alþingi skýrslu um fyrirhugaða byggingu nýs álvers.

Í skýrslunni verði m.a. eftirtöldum spurningum svarað:

1. Hvenær er gert ráð fyrir að frumvarp um heimild til að semja við erlend álfyrirtæki um byggingu Atlantal-álversins verði lagt fram?
2. Hvert verður meginefni frumvarpsins?
3. Hefur ríkisstjórnin mótað afstöðu sína til einstakra atriða málsins, svo sem eignarhalds, orkuverðs o.fl.?
4. Hefur ríkisstjórnin tekið ákvörðun um staðsetningu álversins?

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis fljótlega eftir að henni hefur verið dreift meðal þingmanna.

Alþingi, 19. febr. 1990.

Friðrik Sophusson.	Þorsteinn Pálsson.	Birgir Ísl. Gunnarsson.
Geir H. Haarde.	Salome Þorkelsdóttir.	Ragnhildur Helgadóttir.
Ey. Kon. Jónsson.	Guðmundur H. Garðarsson.	Ólafur G. Einarsson.
	Matthías Á. Mathiesen.	

Greinargerð.

Allt til síðustu áramóta fóru fram viðræður milli nokkurra erlendra álfyrirtækja um byggingu álvers í Straumsvík. Alusuisse ákvað að draga sig út úr viðræðunum sem byggðust á

Atlantal-samningnum við iðnaðarráðuneytið frá 4. júlí 1988. Í staðinn hefur Alumax staðfest aðild sína að Atlantal-hópnum.

Iðnaðarráðherra hefur lýst því yfir að hann muni leggja fram frumvarp um nýtt álver á yfirstandandi þingi. Umræður hafa að undanförnu orðið um mismunandi staðsetningu nýs álvers. Ágreiningur var í liði ríkisstjórnarinnar um nýtt álver þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar var mynduð haustið 1988. Nauðsynlegt er að iðnaðarráðherra geri sem fyrst grein fyrir stöðu málsins og áformum ríkisstjórnarinnar.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Sþ. 637. Nefndarálit [327. mál]

um till. til þál. um öryggi í óbyggðaferðum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt. Nefndinni er kunnugt um að dómsmálaráðherra og landbúnaðarráðherra hafa þegar ákveðið að skipa nefnd til að fjalla um atriði sem tilgreind eru í þessari tillögu, en telur engu að síður rétt að Alþingi samþykki tillöguna til að leggja áherslu á að þingið telur brýnt að þessu máli sé fylgt fast eftir.

Ingi Björn Albertsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. febr. 1990.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Jón Kristjánsson, fundaskr.	Karl Steinar Guðnason.
Eggert Haukdal.	Kristinn Pétursson.	Guðrún Helgadóttir.

Nd. 638. Nefndarálit [370. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingin er við 7. gr. frumvarpsins og miðar að því að gera ákvæði greinarinnar skýrara. Þessi breyting er flutt að höfðu samráði við eftirtalda aðila er komu á fund nefndarinnar um málið: Láru V. Júlíusdóttur, framkvæmdastjóra Alþýðusambands Íslands, Þórarin V. Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands, Björn Arnórsson, hagfræðing Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Hjört Eiríksson, framkvæmdastjóra Vinnumálasambands samvinnufélaganna, Hauk Halldórsson, formann Stéttarsambands bænda, og Gísla Karlsson, framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Þá komu jafnframt á fund nefndarinnar María Jóna Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra hitaveitna, Eiríkur Þorbergsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra rafveitna, Sigurður Snævarr, hagfræðingur við Þjóðhagsstofnun, Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands, Pétur Blöndal, framkvæmdastjóri Landssambands

lífeyrissjóða, Sigríður Kristinsdóttir, frá Samtökum kvenna á vinnumarkaði, og Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Alþingi, 21. febr. 1990.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.
Eggert Haukdal.	Geir H. Haarde.	Jón Kristjánsson.
	Alexander Stefánsson.	

Nd. 639. Breytingartillaga [370. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

Frá félagsmálanefnd.

Í stað orðanna „er verðlagsnefnd búvöru heimilt að fresta“ í 7. gr. komi: skal verðlagsnefnd búvöru fella niður.

Ed. 640. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands.

Frá 2. minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til umfjöllunar. Eins og fram kemur og upp er talið á nefndaráliti meiri hl. komu fjölmargir aðilar til viðræðna um efni frumvarpsins, auk þess sem nefndin hafði til athugunar þær umsagnir sem bárust neðri deild.

Annar minni hl. harmar að málið skyldi tekið út úr nefndinni á meðan fylgifrumvarp þess (128. mál) var enn til umfjöllunar í allsherjarnefnd neðri deildar. Fylgifrumvarpið kveður á um þær lagabreytingar sem gera þarf svo að unnt sé að færa einstök verkefni undir umhverfisráðuneyti. Þessi tvö frumvörp verða því ekki aðskilin, enda hefur það endurspeglast í viðræðum við þá menn sem komu á fund nefndarinnar.

Umhverfismálin eru flókin og samofin flestum málaflokkum (heyra nú undir átta ráðuneyti). Það er því brýnt að færa þau undir samræmda yfirstjórn. Vísast í þeim efnum til nefndarálits minni hl. allsherjarnefndar neðri deildar.

Á sama tíma og vitað er að í undirbúningi er að fækka ráðuneytum og samræma verkefni þeirra skýtur það skökku við að stofna nýtt ráðuneyti og það án þess að fyrir liggi hvaða verkefni eigi að falla undir það.

Annar minni hl. telur að farsælla hefði verið ef meiri hl. nefndarinnar hefði gefið sér tíma til að vinna þannig að málinu að bíða eftir fylgifrumvarpinu (128. mál) og breið samstaða næðist um það. Þannig hefði afgreiðsla málsins orðið með meiri reisn en felst í því að beita minni hl. nefndarinnar ofríki og keyra þetta frumvarp í gegnum þingið án fylgifrumvarpsins sem er þó meginþáttur málsins.

Þetta frumvarp fjallar um nafnið tómt en ekki verkefni. Annar minni hl. leggur til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 21. febr. 1990.

Salome Þorkelsdóttir, frsm.	Ey. Kon. Jónsson.

Sþ. 641. Frumvarp til fjáraukalaga [373. mál]

fyrir árið 1988.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

Samkvæmt niðurstöðum ríkisreiknings verða eftirtaldar breytingar á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1988 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1988 og lögum nr. 10/1988.

Rekstrarreikningur	Þús. kr.	Þús. kr.
Tekjur		927 564
Gjöld		9 093 098
Gjöld umfram tekjur		**8 165 534**
Lánahreyfingar		
Afborganir		802 495
Afborganir af teknum lánum	481 773	
- Innheimtar afborganir af veittum lánum	320 722	
Veitt lán		329 279
Hluta- og stofnfjárframlög		31 963
Viðskiptareikningar		-372 347
Útstreymi umfram innstreymi	-372 347	
Lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**8 956 924**
Lántökur		4 800 720
Innlend lán	1 295 983	
Erlendar lántökur	3 504 737	
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		- 4 156 204

2. gr.

Til viðbótar því, sem kveðið er á um gjöld skv. 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1988 og lögum nr. 10/1988, sbr. sundurliðun í 3. gr. þessara laga, bætist:

	Þús. kr.	Þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	129 623	
01 Forsætisráðuneyti	213 971	
02 Menntamálaráðuneyti	1 237 021	
03 Utanríkisráðuneyti	124 986	
04 Landbúnaðarráðuneyti	551 184	
05 Sjávarútvegsráðuneyti	47 358	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	501 244	
07 Félagsmálaráðuneyti	293 347	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1 778 583	
09 Fjármálaráðuneyti	521 413	
10 Samgönguráðuneyti	187 964	
11 Iðnaðarráðuneyti	264 928	
12 Viðskiptaráðuneyti	1 035 556	
13 Hagstofa Íslands	9 001	
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	2 196 919	
Samtals öll ráðuneyti		9 093 098

3. gr.

Sundurliðun gjalda skv. 2. gr. á stofnanir er þessi:

00 Æðsta stjórn ríkisins	Þús. kr.	Þús. kr.
101 Embætti forseta Íslands	16 167	
201 Alþingi	92 476	
202 Ríkisendurskoðun	11 331	
301 Ríkisstjórn	8 035	
401 Hæstiréttur	1 614	
Samtals ráðuneyti		129 623

		Þús. kr.	Þús. kr.
01	**Forsætisráðuneyti**		
101	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	15 785	
102	Þjóðhagsstofnun	651	
103	Stjórnarráðsbyggingar, ýmsar	41	
171	Byggðastofnun, framlag	0	
172	Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina	150 000	
902	Þingvellir, þjóðgarður og Þingvallanefnd	4 207	
999	Ýmis verkefni, leiðtogafundur	44 053	
	Óhafnar fjárveitingar	- 766	
	Samtals ráðuneyti		213 971
02	**Menntamálaráðuneyti**		
101	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	29 785	
201	Háskóli Íslands	55 082	
203	Raunvísindastofnun Háskólans	15 104	
205	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	2 522	
206	Orðabók Háskólans	716	
207	Íslensk málstöð	581	
208	Örnefnastofnun	257	
231	Náttúrufræðistofnun Íslands	1 743	
232	Rannsóknaráð ríkisins	1 647	
233	Rannsóknasjóður	15 021	
276	Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	20 013	
301	Menntaskólinn í Reykjavík	11 648	
302	Menntaskólinn á Akureyri	8 720	
303	Menntaskólinn á Laugarvatni	2 499	
304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	21 337	
305	Menntaskólinn við Sund	6 597	
306	Menntaskólinn á Ísafirði	3 243	
307	Menntaskólinn á Egilsstöðum	2 723	
308	Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut	1 343	
309	Kvennaskólinn í Reykjavík	1 825	
321	Kennaraháskóli Íslands	23 607	
322	Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands	9 741	
331	Íþróttakennaraskóli Íslands	86	
351	Fjölbrautaskólar í Reykjavík	19 130	
352	Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli	6 430	
353	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	573	
354	Fjölbrautaskólinn á Akranesi	9 437	
356	Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki	908	
357	Fjölbrautaskóli Suðurlands	5 464	
358	Verkmenntaskóli Austurlands	5 455	
359	Verkmenntaskólinn á Akureyri	24 768	

	Þús. kr.
360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	11 411
361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	103
362 Framhaldsskólinn á Húsavík	151
422 Námsgagnastofnun	6 475
423 Námsstjórn og þróunarverkefni	6 619
431 Iðnfræðsluráð	1 396
501 Tækniskóli Íslands	17 191
507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík	3 929
514 Iðnskólinn í Reykjavík	10 073
515 Iðnnám, almennt	8 381
517 Hótel- og veitingaskóli Íslands	6 892
522 Nýi hjúkrunarskólinn	2 511
523 Fósturskóli Íslands	3 152
561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands	9 895
562 Leiklistarskóli Íslands	1 855
563 Tónlistarfræðsla	14 385
571 Sjómannaskólahúsið	4 436
580 Samvinnuskólinn	3 444
581 Verslunarskóli Íslands	9 035
601 Héraðsskólinn Reykholti	6 935
602 Héraðsskólinn Núpi	976
605 Alþýðuskólinn Eiðum	1 946
606 Héraðsskólinn Skógum	1 108
607 Héraðsskólinn Laugarvatni	174
609 Héraðsskólinn Laugum	2 876
621 Skálholtsskóli	318
700 Grunnskólar, Reykjavík	73 948
701 Grunnskólar, Reykjanesi	78 692
703 Grunnskólar, Vesturlandi	29 575
704 Grunnskólar, Vestfjörðum	12 208
705 Grunnskólar, Norðurlandi vestra	30 982
706 Grunnskólar, Norðurlandi eystra	45 451
707 Grunnskólar, Austurlandi	9 889
708 Grunnskólar, Suðurlandi	35 710
730 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra	4 616
752 Öskjuhlíðarskóli	12 484
753 Þjálfunarskóli ríkisins, Bjarkarási	1 402
754 Þjálfunarskóli ríkisins, Safamýri	4 340
755 Þjálfunarskóli ríkisins, geðdeild, Dalbraut	1 329
757 Þjálfunarskóli ríkisins, Tjaldanesi	220
758 Þjálfunarskóli ríkisins, Sólborg, Akureyri	600
799 Heyrnleysingjaskólinn	2 996
802 Vernd barna og ungmenna	1 645
803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður	4 450
804 Kvikmyndaeftirlit ríkisins	2 322
806 Barnaverndarráð	1 486

		Þús. kr.	Þús. kr.
871	Unglingaheimili ríkisins	54 203	
872	Lánasjóður íslenskra námsmanna	128 980	
884	Jöfnun á námskostnaði	665	
901	Landsbókasafn Íslands	1 887	
902	Þjóðminjasafn Íslands	10 559	
903	Þjóðskjalasafn Íslands	8 751	
904	Safnahúsið við Hverfisgötu	157	
906	Listasafn Einars Jónssonar	1 370	
907	Listasafn Íslands	3 599	
909	Blindrabókasafn Íslands	2 497	
931	Náttúruverndarráð	7 881	
971	Ríkisútvarp	17 000	
973	Þjóðleikhús	242 109	
974	Sinfóníuhljómsveit Íslands	4 000	
981	Kvikmyndasjóður	2 964	
982	Listir, framlög	20 857	
984	Norræn samvinna	109	
985	Félagsheimilasjóður	71	
986	Íþróttasjóður	16 389	
988	Æskulýðsmál	228	
989	Ýmis íþróttamál	5 590	
999	Menntamál, ýmis verkefni	5 520	
	Óhafnar fjárveitingar	- 96 382	
	Samtals ráðuneyti		1 237 021

03 Utanríkisráðuneyti

101	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	47 660	
102	Varnarmálaskrifstofa	903	
103	Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlanda	982	
201	Lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli	26 913	
301	Sendiráð Íslands í Bonn, fastanefnd Íslands hjá Evrópuráði	2 659	
302	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	3 725	
303	Sendiráð Íslands í London	4 132	
304	Sendiráð Íslands í Moskvu	3 682	
305	Sendiráð Íslands í Ósló	3 871	
306	Sendiráð Íslands í París, fastanefnd Íslands hjá OECD og UNESCO	7 054	
307	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	4 787	
308	Sendiráð Íslands í Washington	3 701	
309	Fastanefnd Íslands hjá SÞ og aðalræðismaður Íslands í New York	5 277	
310	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu	1 240	

	Þús. kr.	Þús. kr.
311 Fastanefnd Íslands hjá NATO í Brussel	4 311	
312 Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	1 333	
390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands	2 000	
399 Utanríkismál, ýmis verkefni	3 023	
401 Alþjóðastofnanir	7 933	
Óhafnar fjárveitingar	- 10 200	
Samtals ráðuneyti		124 986

04 Landbúnaðarráðuneyti

101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	7 338	
171 Jarðeignir ríkisins, framlög	1 252	
201 Búnaðarfélag Íslands	2 802	
205 Veiðistjóri	8 349	
206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	9 796	
231 Skógrækt ríkisins	6 152	
235 Landgræðsla ríkisins	13 882	
237 Grænfóðurverksmiðjur, afskrifuð töp	74 793	
243 Sauðfjárveikivarnir	31 713	
246 Veiðimálastofnun	3 443	
247 Yfirdýralæknir	8 249	
272 Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey	2 880	
288 Jarðræktarlög, framlög	854	
289 Jöfnunargjald	28 453	
290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	335 699	
291 Búfjárrækt, framlag samkvæmt lögum	668	
501 Bændaskólinn á Hvanneyri	7 336	
502 Bændaskólinn á Hólum	4 803	
503 Garðyrkjuskóli ríkisins	3 220	
Óhafnar fjárveitingar	- 498	
Samtals ráðuneyti		551 184

05 Sjávarútvegsráðuneyti

101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	13 200	
201 Fiskifélag Íslands	2 669	
202 Hafrannsóknastofnun	18 536	
203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	6 347	
216 Ríkismat sjávarafurða	7 607	
272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	17	
290 Veiðieftirlit	3 033	

	Þús. kr.	Þús. kr.
298 Fiskleit, markaðsöflun og tilraunir í útgerð og fiskvinnslu	471	
299 Sjávarútvegsmál, ýmis verkefni	377	
901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	3 176	
Óhafnar fjárveitingar	- 8 075	
Samtals ráðuneyti		47 358

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	8 402
102 Stjórnartíðindi	1 951
103 Kosningar	8 230
201 Hæstiréttur	357
202 Ríkissaksóknari	202
203 Borgardómarinn í Reykjavík	2 875
205 Sakadómur Reykjavíkur	2 605
206 Lögreglustjórinn í Reykjavík	124 685
208 Rannsóknarlögregla ríkisins	5 695
209 Lögregluskóli ríkisins	7 127
211 Sýslumenn og bæjarfógetar, óskipt	3 562
212 Bæjarfógeti Akranesi	20 942
213 Sýslumaður Borgarnesi	7 819
214 Sýslumaður og bæjarfógeti Stykkishólmi	6 836
215 Sýslumaður Búðardal	2 232
216 Sýslumaður Patreksfirði	1 161
217 Bæjarfógeti Bolungarvík	2 356
218 Sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði	8 733
219 Sýslumaður Hólmavík	1 692
221 Sýslumaður Blönduósi	6 605
222 Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki	6 275
223 Bæjarfógeti Siglufirði	2 561
224 Bæjarfógeti Ólafsfirði	1 369
225 Sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri	18 385
226 Sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík	10 076
227 Sýslumaður og bæjarfógeti Seyðisfirði	7 515
228 Bæjarfógeti Neskaupstað	3 181
229 Sýslumaður og bæjarfógeti Eskifirði	16 279
230 Sýslumaður Höfn í Hornafirði	1 992
231 Sýslumaður Vík í Mýrdal	5 920
232 Sýslumaður Hvolsvelli	5 691
233 Bæjarfógeti Vestmannaeyjum	16 664
234 Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi	18 439
235 Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík	38 112
236 Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði	29 577

		Þús. kr.	Þús. kr.
237	Bæjarfógeti Kópavogi	18 112	
239	Fangelsismálastofnun	1 531	
241	Hegningarhúsið í Reykjavík	8 187	
242	Vinnuhælið Litla-Hrauni	13 325	
243	Vinnuhælið Kvíabryggju	1 416	
244	Fangelsi við Síðumúla	4 329	
245	Fangelsi við Kópavogsbraut	635	
247	Skilorðseftirlit ríkisins	647	
251	Landhelgisgæsla Íslands	29 348	
253	Almannavarnir ríkisins	2 355	
255	Umferðarráð	5 807	
262	Löggildingarstofan	8 066	
282	Löggæslukostnaður, ýmis	9 836	
283	Fangamál, ýmis kostnaður	2 477	
301	Biskup Íslands	2 163	
302	Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar	1 320	
303	Prestaköll og prófastsdæmi	25 569	
304	Ýmis kirkjuleg málefni	10 282	
373	Kristnisjóður	1 500	
	Óhafnar fjárveitingar	- 51 764	
	Samtals ráðuneyti		501 244

07 Félagsmálaráðuneyti

101	Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	3 476	
271	Byggingarsjóður ríkisins	75 000	
302	Ríkissáttasemjari	433	
700	Málefni fatlaðra, óskipt	14 265	
701	Málefni fatlaðra, Reykjavík	11 027	
703	Málefni fatlaðra, Vesturlandi	2 350	
704	Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	3 875	
705	Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	1 466	
706	Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	20 322	
707	Málefni fatlaðra, Austurlandi	4 426	
708	Málefni fatlaðra, Suðurlandi	408	
710	Heimili fyrir einhverf börn, Trönuhólum	10 459	
719	Tjaldanes, Mosfellsbæ	2 651	
720	Skálatún, Mosfellsbæ	8 669	
722	Sólheimar, Grímsnesi	9 579	
750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	3 513	
795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	12 264	
951	Brunamálastofnun ríkisins	3	
953	Jafnréttisráð	522	
954	Vinnueftirlit ríkisins	1 118	

		Þús. kr.	Þús. kr.
982	Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota	56 832	
999	Félagsmál, ýmis verkefni	62 293	
	Óhafnar fjárveitingar	- 11 604	
	Samtals ráðuneyti		293 347

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

101	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	18 733
271	Tryggingastofnun ríkisins	849 496
301	Landlæknir	4 065
323	Tryggingaeftirlit ríkisins	2 331
324	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	6 948
325	Hollustuvernd ríkisins	5 073
327	Geislavarnir ríkisins	464
340	Málefni fatlaðra	6 258
350	Sjúkrahúsið Akranesi	14 860
352	Sjúkrahúsið Patreksfirði	3 755
353	Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði	10 944
355	Héraðshæli Austur-Húnvetninga, Blönduósi	4 827
356	Sjúkrahúsið Sauðárkróki	21 977
357	Sjúkrahúsið Siglufirði	4 913
358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	75 072
359	Sjúkrahúsið Húsavík	22 976
360	Sjúkrahúsið Seyðisfirði	6 366
361	Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	16 753
363	Sjúkrahúsið Egilsstöðum	3 728
365	Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	27 992
366	Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	7 134
367	Sjúkrahúsið Keflavík	46 503
368	Sólvangur, Hafnarfirði	13 927
371	Ríkisspítalar	292 087
372	Borgarspítalinn	106 133
373	St. Jósefsspítali, Landakoti	218 455
381	Sjúkrahús og læknisbústaðir	63 035
391	Heilsugæslustöðvar	58 147
393	Lyfjamál	817
394	Lyfjaverðlagsnefnd	160
397	Eiturefnanefnd	432
398	Daggjaldanefnd	222
399	Heilbrigðismál, ýmis verkefni	5 219
471	Gæsluvistarsjóður	8 780
481	Bindindisstarfsemi	394
501	Ljósmæðraskóli Íslands	1 058
502	Þroskaþjálfaskóli Íslands	1 607

	Þús. kr.	Þús. kr.
503 Sjúkraliðaskóli Íslands	490	
505 Lyfjatæknaskóli Íslands	1 294	
Óhafnar fjárveitingar	- 154 842	
Samtals ráðuneyti		1 778 583

09 Fjármálaráðuneyti

101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	24 483	
102 Launaskrifstofa ríkisins	3 585	
103 Ríkisbókhald	22 602	
104 Ríkisfjárhirsla	2 535	
201 Ríkisskattstjóri	7 984	
202 Skattstofan í Reykjavík	15 002	
203 Skattstofa Vesturlands	2 900	
204 Skattstofa Vestfjarða	796	
205 Skattstofa Norðurlands vestra	1 407	
206 Skattstofa Norðurlands eystra	2 394	
208 Skattstofa Suðurlands	705	
209 Skattstofa Vestmannaeyja	709	
211 Skattstofa Reykjaness	1 396	
212 Skattstofur, óskipt	5 496	
214 Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd	218	
251 Gjaldheimtan í Reykjavík	13 905	
261 Ríkistollstjóri	27 199	
262 Tollstjórinn í Reykjavík	23 098	
282 Tollamál, óskipt	998	
381 Uppbætur á lífeyri	214 372	
402 Fasteignamat ríkisins	14 302	
901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	3 014	
971 Ríkisábyrgðasjóður	38 514	
981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	13 378	
998 Kjaradómur og kjaranefnd	712	
999 Ýmis verkefni	82 130	
Óhafnar fjárveitingar	- 2 421	
Samtals ráðuneyti		521 413

10 Samgönguráðuneyti

101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	3 881	
211 Vegagerð ríkisins	124 577	
321 Strandferðir, framlög	11 450	
332 Vitastofnun Íslands	5 509	
333 Hafnamál	13 951	

		Þús. kr.	Þús. kr.
341	Siglingamálastofnun ríkisins	6 162	
342	Rannsóknanefnd sjóslysa	2 608	
471	Flugmálastjórn	51 725	
485	Ýmis framlög	2 180	
652	Veðurstofa Íslands	647	
656	Landmælingar Íslands	12 554	
	Óhafnar fjárveitingar	- 47 280	
	Samtals ráðuneyti		187 964
11	**Iðnaðarráðuneyti**		
101	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	2 141	
201	Iðntæknistofnun Íslands	32 960	
203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	9 758	
209	Sjóefnavinnslan hf.	24 000	
210	Þörungavinnslan hf.	23 430	
240	Iðnaðarrannsóknir	5 473	
298	Kostnaður vegna samninga við álverið	3 387	
299	Iðja og iðnaður	32 175	
301	Orkustofnun	18 497	
302	Rafmagnseftirlit ríkisins	3 089	
309	Hitaveitur, yfirtekin lán	138 020	
399	Orkumál, ýmis verkefni	24 395	
	Óhafnar fjárveitingar	- 52 397	
	Samtals ráðuneyti		264 928
12	**Viðskiptaráðuneyti**		
101	Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	953	
201	Niðurgreiðslur á vöruverði	636 263	
301	Útvegsbanki Íslands, vegna uppgjörs	384 264	
902	Verðlagsstofnun	8 159	
903	Hlutafélagaskrá	6 006	
	Óhafnar fjárveitingar	- 89	
	Samtals ráðuneyti		1 035 556
13	**Hagstofa Íslands**		
101	Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	8 163	
102	Þjóðskráin	838	
	Samtals ráðuneyti		9 001

	Þús. kr.	Þús. kr.
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun		
101 Fjárlaga- og hagsýslustofnun, aðalskrifstofa	3 222	
182 Tölvumál	561	
991 Ýmis lán ríkissjóðs	2 193 286	
Óhafnar fjárveitingar	- 150	
Samtals ráðuneyti		2 196 919

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Með frumvarpi þessu til fjáraukalaga eru lagðar fyrir Alþingi til ákvörðunar og afgreiðslu niðurstöður ríkisreiknings á greiðslugrunni þar sem gerð er grein fyrir þeim greiðslum sem veittar voru á árinu 1988 umfram samþykktar heimildir í fjárlögum og lögum nr. 10/1988.

Fjármálaráðherra hefur þegar gert Alþingi ítarlega grein fyrir þróun ríkisfjármála á árinu 1988, annars vegar með árlegri skýrslu um ríkisfjármál og framkvæmd lánsfjáráætlunar frá 14. apríl 1989 og hins vegar með skýrslu um aukafjárveitingar á tímabilinu október til desember 1988. Þá gaf Ríkisendurskoðun í mars 1989 út skýrslu um framkvæmd fjárlaga á árinu 1988 og fyrir liggur endurskoðunarskýrsla yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og Ríkisendurskoðunar um ríkisreikning fyrir árið 1988.

Í athugasemdum frumvarpsins verður því aðeins getið helstu atriða um þróun ríkisfjármála á árinu 1988. Þá verður einnig gerð grein fyrir þeim frávikum sem eru milli bráðabirgðauppgjörs ríkisreiknings á greiðslugrunni frá 4. febrúar 1989 og endanlegs greiðsluuppgjörs samkvæmt prentuðum ríkisreikningi 1988.

2. Afkoma ríkissjóðs 1988.

Afkoma ríkissjóðs 1988 miðað við fjárlög 1988 endurspeglar þau straumhvörf sem urðu í íslensku efnahagslífi á því ári. Í fjárlögum 1988 að viðbættum ákvæðum laga nr. 10/1988 var gert ráð fyrir rekstrarafgangi að fjárhæð 53 m.kr. Niðurstaða ríkisreiknings á greiðslugrunni sýnir hins vegar að gjöld umfram tekjur urðu 8.112 m.kr. Ástæður þessarar niðurstöðu eru annars vegar samdráttur í tekjum ríkissjóðs í kjölfar mun minni veltu í þjóðfélaginu og að útgjöld ríkissjóðs urðu meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir vegna verðlagsbreytinga umfram forsendur fjárlaga, aukinna vaxtagreiðslna vegna fjármögnunar á halla í ríkisbúskapnum innan ársins og útgjöld vegna aðgerða sem ríkisstjórnin stóð fyrir til aðstoðar atvinnulífinu á árinu. Hér að neðan getur að líta samanburð á greiðsluyfirliti

ríkissjóðs miðað við niðurstöðu ríkisreiknings, bráðabirgðauppgjör frá febrúar 1989 og fjárlög að meðtöldum aðgerðum sem ákveðnar voru með lögum nr. 10/1988.

Yfirlit yfir afkomu ríkissjóðs 1988.
(Í m.kr.)

	Greiðslugrunnur		
	Fjárlög og lög nr. 10/1988	Bráðabirgða-uppgjör 1988	Reikningur 1988
Tekjur	63.579	64.382	64.506
Gjöld	63.527	71.583	72.618
Tekjur umfram gjöld	52	-7.201	-8.112
Lánahreyfingar, nettó	390	3.183	4.027
Viðskiptareikningar, nettó	-400	-211	-28
Greiðsluafgangur/halli	**42**	**-4.229**	**-4.113**

Mismunur á niðurstöðutölum bráðabirgðauppgjörs og endanlegs uppgjörs skýrist í aðalatriðum af gjaldfærslu ýmissa liða í endanlegu uppgjöri ríkisreiknings sem ekki hafði verið reiknað með í bráðabirgðauppgjöri. Strangt tekið eru þessar færslur ekki greiðslustreymistölur úr ríkissjóði, en eru eigi að síður færðar í endanlegu greiðsluuppgjöri ríkisreiknings 1988. Þessir liðir eru yfirtaka lána hjá hitaveitum að fjárhæð 138 m.kr., uppgjör vegna Útvegsbanka Íslands hf. að fjárhæð 384 m.kr., afskriftir á skammtímakröfum að tilhlutan Ríkisendurskoðunar að fjárhæð 382 m.kr. og aukin vaxtagjöld að fjárhæð 130 m.kr. Auk þessa er um að ræða 40 m.kr. hækkun framlags til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, en á móti kemur að kostnaður vegna Bifreiðaeftirlits ríkisins lækkar um 20 m.kr. og kostnaður vegna Gjaldheimtunnar í Reykjavík lækkar um 18 m.kr.

3. Tekjur ríkissjóðs 1988.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1988 urðu 64.506 m.kr. eða 927 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Að teknu tilliti til verðlagsbreytinga þýðir þetta í raun að tekjurnar drógust saman um 3 milljarða króna frá áætlun fjárlaga eða um 4,5%.

Þessi þróun á sér tvær meginskýringar. Annars vegar gætti mun meiri samdráttar í almennri veltu en reiknað hafði verið með, einkum síðari hluta ársins. Áhrif þessa þáttar endurspeglast fyrst og fremst í minni innheimtu óbeinna skatta og munar þar rúmlega 4 milljörðum króna. Á móti vega hins vegar auknar tekjur af beinum sköttum svo og meiri vaxtatekjur, eða um 1 milljarður króna. Þá aukningu má einkum rekja til betri innheimtu í staðgreiðslu tekjuskatts en búist hafði verið við.

Í eftirfarandi töflu kemur fram samanburður á tekjuhlið fjárlaga 1988 ásamt lögum nr. 10/1988, bráðabirgðauppgjöri 1988 og ríkisreikningi 1988.

Yfirlit yfir tekjur ríkissjóðs 1988.
(Í m.kr.)

	Greiðslugrunnur		
	Fjárlög og lög nr. 10/1988	Bráðabirgða-uppgjör 1988	Reikningur 1988
Beinir skattar	8.385	9.438	9.363
Óbeinir skattar	51.954	51.255	51.261
Fjármunatekjur	3.175	3.445	3.607
Aðrar tekjur	65	244	275
Samtals	**63.579**	**64.382**	**64.506**

4. Gjöld ríkissjóðs 1988.

Útgjöld ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum 1988 og lögum nr. 10/1988 voru áætluð 63.525 m.kr. Samkvæmt greiðsluuppgjöri ríkisreiknings fyrir árið 1988 urðu þau í raun samtals 72.618 m.kr. og hækkuðu um 9.091 m.kr. miðað við fjárlög. Hér að neðan getur að líta samanburð á gjöldum ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum 1988, samkvæmt bráðabirgðauppgjöri 1988 og niðurstöðu ríkisreiknings 1988.

Yfirlit yfir gjöld ríkissjóðs 1988.
(Í m.kr.)

	Greiðslugrunnur		
	Fjárlög og lög nr. 10/1988	Bráðabirgða-uppgjör 1988	Reikningur 1988
Rekstur	25.211	28.364	28.326
Neyslu- og rekstrartilfærslur	24.281	26.471	27.415
Fjármagnsgjöld, vextir	4.800	6.864	6.993
Viðhald	1.507	1.475	1.475
Fjárfesting	7.738	8.409	8.409
Heildargjöld	**63.527**	**71.583**	**72.618**

Alþingi hefur áður verið gerð ítarleg grein fyrir þróun ríkisfjármála á árinu 1988 og ástæðum fyrir þeirri aukningu sem varð á ríkisútgjöldum það ár miðað við fjárlög og ákvarðanir í lögum nr. 10/1988. Eigi að síður verður hér á eftir getið helstu ástæðna fyrir þeim greiðslum sem eru umfram fjárheimildir.

Samkvæmt endanlegu greiðsluuppgjöri ríkisreiknings eru niðurstöður gjalda 9.091 m.kr. umfram fjárlög. Af þeirri fjárhæð eru um 1.036 m.kr. ekki beinar greiðsluhreyfingar, heldur gjaldfærsla í rekstrarreikningi á ýmsum skuldbindingum vegna yfirtöku lána og afskrifta á skammtímaskuldbindingum. Halli vegna beinna greiðsluhreyfinga nemur því 8.056 m.kr. eins og fram kom í bráðabirgðauppgjöri í febrúar 1989. Af þeirri fjárhæð má rekja tæpan helming eða um 3.800 m.kr. til verðlagsbreytinga, en um 4.200 m.kr. eru raunhækkun útgjalda frá fjárlagaáætlun. Af þeirri hækkun eru um 1.750 m.kr. vegna aukinna vaxtagjalda umfram almennar verðlagsbreytingar og þá hækka niðurgreiðslur og útflutningsbætur um tæpan milljarð.

Rekstur. Útgjöld vegna reksturs stofnana námu 28.326 m.kr. og hækka því um 3.134 m.kr. frá fjárlögum. Af þessari fjárhæð má skýra 1.530 m.kr. með verðlagsuppfærslu. Beinar aukafjárheimildir námu 794 m.kr. en önnur umframútgjöld vegna hallareksturs 829 m.kr. Mestur halli varð hjá stofnunum dómsmálaráðuneytisins eða samanlagt um 320 m.kr. Þá nam halli hjá stofnunum menntamálaráðuneytisins um 300 m.kr., aðallega vegna grunnskóla og fjölbrautaskóla. Rekstrarhalli hjá stofnunum fjármálaráðuneytisins var um 80 m.kr., hjá æðstu stjórn ríkisins um 89 m.kr. og um 60 m.kr. hjá stofnunum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Umframútgjöld annarra ráðuneyta voru lægri.

Neyslu- og rekstrartilfærslur. Heildargreiðslur vegna neyslu- og rekstrartilfærslna urðu 27.415 m.kr. og er hækkun frá fjárlögum 3.134 m.kr. Þar af eru 904 m.kr. vegna yfirtöku skuldbindinga við rekstraruppgjör en 2.230 m.kr. vegna greiðsluuppgjörs. Sú aukning skiptist þannig að lífeyris- og sjúkratryggingar hækka um 850 m.kr. sem má að stærstum hluta rekja til almennra verðlagsbreytinga, en um 200 m.kr. vegna vanáætlunar á endurgreiðslum sveitarfélaga í sjúkratryggingum. Niðurgreiðslur landbúnaðarvara hækka um 610 m.kr. Ástæður hækkunarinnar eru að annars vegar var ákveðið að greiða niður verðáhrif söluskatts á búvörur og hins vegar ákvörðun um auknar niðurgreiðslur haustið 1988. Þá er hækkun vaxta og geymslugjalds um 130 m.kr. Útflutningsbætur hækka um 327 m.kr. frá áætlun fjárlaga. Hækkun þessa má að stærstum hluta skýra með aukinni útflutningsþörf á kindakjöti vegna samdráttar í neyslu innan lands.

Af öðrum smærri liðum má nefna að útgjöld ríkissjóðs vegna ábyrgðar á launum starfsmanna hjá gjaldþrota fyrirtækjum hækkuðu um 57 m.kr. umfram fjárlög og endurgreiðsla gjalda í landbúnaði og iðnaði um 74 m.kr.

Vaxtagjöld. Veruleg hækkun varð á vaxtagjöldum frá áætlun fjárlaga. Raunveruleg útgjöld urðu 6.864 m.kr. á meðan áætlanir gerðu ráð fyrir 4.800 m.kr. og nemur hækkunin því rúmlega 2 milljörðum króna.

Þyngst vega aukin vaxtagjöld af yfirdráttarskuld í Seðlabankanum, en hún hækkar um tæpar 1.500 m.kr. Skýring á þessum mun er þríþætt. Í fyrsta lagi varð vaxtastig á árinu verulega hærra en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir. Þá hefur aukinn halli ríkissjóðs leitt til hærri skuldastöðu í Seðlabankanum sem kemur fram í auknum vaxtagreiðslum. Loks varð innlausn spariskírteina heldur meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir þannig að vaxtagreiðslur vegna þeirra eru um 240 m.kr. hærri. Að öðru leyti skýrist hækkun vaxtagjalda af verð- og gengisbreytingum.

Viðhald og fjárfesting. Útgjöld vegna þeirra urðu alls 9.884 m.kr. og hækka um 645 m.kr. frá fjárlögum, þar af hækkuðu útgjöld til vegagerðar um 125 m.kr.

Við myndun ríkisstjórnarinnar var ákveðið að lækka framlag til

Atvinnuleysistryggingasjóðs um 150 m.kr. en greiða í þess stað þá fjárhæð sem stofnframlag í Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina. Þá var framlag til Húsnæðisstofnunar hækkað um 75 m.kr. vegna greiðsluerfiðleikalána samkvæmt málefnasamningi ríkisstjórnarinnar. Loks voru aukafjárveitingar til ýmissa verkefna 175 m.kr. og notaðar voru geymdar fjárheimildir frá fyrra ári að upphæð 120 m.kr.

5. B-hluti ríkissjóðs.

Í frumvarpi til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1988, sem nú liggur frammi, er gerð grein fyrir niðurstöðum í rekstrar- og efnahagsreikningi B-hluta ríkissjóðs 1988. Ekki þykir ástæða til þess að endurtaka það í frumvarpi þessu til fjáraukalaga að öðru leyti en því að hér verður gerð grein fyrir þeim B-hluta fyrirtækjum og sjóðum sem tengjast A-hluta ríkissjóðs með beinum hætti. Annars vegar er um að ræða B-hluta fyrirtæki og sjóði sem fá bein framlög frá A-hluta ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum. Hins vegar er gerð grein fyrir þeim fyrirtækjum sem gert er að skila hagnaði af starfsemi sinni í ríkissjóð samkvæmt 3. gr. fjárlaga. Hér að neðan getur að líta samanburð milli fjárlaga 1988 ásamt ákvörðunum í lögum nr. 10/1988, bráðabirgðaniðurstöðu greiðsluuppgjörs frá febrúar 1988 og endanlegs uppgjörs samkvæmt ríkisreikningi 1988.

Yfirlit yfir greiðslustreymi milli A- og B-hluta ríkissjóðs 1988.
(Í m.kr.)

	Greiðslugrunnur		
	Fjárlög og lög nr. 10/1988	Bráðabirgða-uppgjör 1988	Reikningur 1988
Greiðslur A-hluta til B-hluta	5.092	5.455	5.701
Innheimtar tekjur A-hluta frá B-hluta . .	4.536	4.561	4.561

Greiðslur til B-hluta fyrirtækja og sjóða urðu 363 m.kr. hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir samkvæmt bráðabirgðauppgjöri frá febrúar 1989, en 609 m.kr. hærri samkvæmt endanlegu greiðsluuppgjöri ríkisreiknings. Mismunurinn milli þessara uppgjöra felst í að í endanlegu uppgjöri hafa verið færðar til gjalda afskriftir á skuldum nokkurra B-hluta fyrirtækja, samtals að fjárhæð 246 m.kr. Að öðru leyti skýrist hækkun greiðslna umfram fjárlög þannig að um 156 m.kr. stafa af verðlagsuppfærslu og 92 m.kr. eru beinar aukafjárheimildir, þar af eru 75 m.kr. vegna greiðsluerfiðleikalána hjá Byggingarsjóði ríkisins og 17 m.kr. vegna endurgreiðslu á söluskatti sem lagður var á menningarsjóðsgjald hjá Ríkisútvarpinu. Þá urðu umframgreiðslur vegna markaðra tekjustofna 20 m.kr. og loks eru um 160 m.kr. vegna rekstrarhalla stofnana. Á móti vegur að greiðslur vegna nokkurra fyrirtækja urðu lægri sem nemur um 65 m.kr. Hér að neðan er yfirlit yfir tilfærslur til einstakra B-hluta fyrirtækja og sjóða samkvæmt fjárlögum 1988, bráðabirgðagreiðsluuppgjöri 1988 og endanlegu uppgjöri 1988 samkvæmt ríkisreikningi.

	Fjárlög og lög nr. 10 (þús. kr.)	Bráðabirgða-uppgjör (þús. kr.)	Reikn-ingur (þús. kr.)
FORSÆTISRÁÐUNEYTI			
21 171 Byggðastofnun	125 000	125 000	125 000
21 172 Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina	150 000	150 000	150 000
Samtals ráðuneyti	275 000	275 000	275 000
MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI			
22 233 Rannsóknasjóður	70 000	85 021	85 021
22 276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	43 000	63 013	63 013
22 871 Unglingaheimili ríkisins	10 800	10 800	54 203
22 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 478 000	1 606 980	1 606 980
22 971 Ríkisútvarpið, hljóðvarp	-	17 000	17 000
22 973 Þjóðleikhúsið	148 700	261 857	390 809
22 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands	55 800	59 800	59 800
22 975 Vísindasjóður/stofndeild og vísindaráð	15 180	15 179	15 179
22 976 Menningarsjóður og stofndeild	9 090	8 941	8 941
Samtals ráðuneyti	1 830 570	2 128 591	2 300 956
LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI			
24 171 Jarðeignir ríkisins	16 500	17 752	17 752
24 172 Jarðasjóður	15 000	14 974	14 974
24 221 Áburðarverksmiðja ríkisins	20 000	20 000	20 000
24 236 Fóður- og fræframleiðsla Gunnarsholti	-	-	23 899
24 237 Stórólfsvallabúið	-	-	11 200
24 238 Fóðuriðjan Ólafsdal	-	-	24 854
24 246 Laxeldisstöðin Kollafirði	11 240	11 240	11 240
24 271 Landgræðslusjóður	2 300	2 300	2 300
24 272 Einangrunarstöð holdanauta, Hrísey	2 150	5 030	5 030
Samtals ráðuneyti	67 190	71 296	131 249
SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTI			
25 272 Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging	25 800	25 817	25 817
Samtals ráðuneyti	25 800	25 817	25 817
DÓMSMÁLARÁÐUNEYTI			
26 371 Kirkjubyggingasjóður	4 430	4 430	4 430
26 373 Kristnisjóður	14 280	14 280	15 780
Samtals ráðuneyti	18 710	18 710	20 210
FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI			
27 271 Byggingarsjóður ríkisins	1 050 000	1 125 000	1 125 000
27 272 Byggingarsjóður verkamanna	600 000	600 000	600 000
Samtals ráðuneyti	1 650 000	1 725 000	1 725 000
HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTI			
28 273 Atvinnuleysistryggingasjóður	350 000	350 000	350 000
28 378 Læknishéraðasjóður	4 000	3 611	
28 385 Framkvæmdasjóður aldraða	160 000	159 869	159 869
28 471 Gæsluvistarsjóður	6 900	6 216	6 216
Samtals ráðuneyti	520 900	519 696	519 696

	Fjárlög og lög nr. 10 (þús. kr.)	Bráðabirgða-uppgjör (þús. kr.)	Reikn-ingur (þús. kr.)
FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI			
29 971 Ríkisábyrgðasjóður	175 000	213 514	213 514
29 933 Borgartún 6, fundarsalir	-	-	13 000
Samtals ráðuneyti	175 000	213 514	226 514
SAMGÖNGURÁÐUNEYTI			
30 101 Póst- og símamálastofnunin	127 000	99 000	99 000
30 321 Skipaútgerð ríkisins	155 000	166 450	166 450
30 331 Vitamálastjórn, áhaldahús og Seljavegur 32	-	2 500	2 500
30 332 Hafnabótasjóður	20 000	20 000	20 000
30 333 Landshöfn Þorlákshöfn	400	400	400
30 335 Landshöfn Rifi	4 000	4 000	4 000
Samtals ráðuneyti	306 400	292 350	292 350
IÐNAÐARRÁÐUNEYTI			
31 371 Orkusjóður	222 390	184 550	184 550
Samtals ráðuneyti	222 390	184 550	184 550
Tilfærslur til B-hluta alls	**5 091 960**	**5 454 524**	**5 701 332**

Helstu skýringar á breytingum frá fjárlögum, hvað varðar tilfærslur til B-hluta fyrirtækja og sjóða, eru sem hér segir:

Menntamálaráðuneyti. Tilfærslur vegna fyrirtækja og sjóða menntamálaráðuneytis í B-hluta urðu 470.530 þús. kr. umfram fjárlög. Þar vega þyngst hækkanir til Þjóðleikhúss, en þær urðu 242.109 þús. kr. umfram fjárlög. Af þessari fjárhæð eru 10.000 þús. kr. vegna verðlagsuppfærslu, 103.157 þús. kr. vegna hallareksturs á árinu 1988 og afgangurinn, 128.952 þús. kr. vegna taps frá fyrri árum sem ákveðið var að afskrifa. Þá urðu greiðslur vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna 128.980 þús. kr. umfram fjárlög og stafar hækkunin af verðlagsbreytingum umfram forsendur fjárlaga. Hækkun vegna Unglingaheimilis ríkisins nemur 43.403 þús. kr. sem skýrist af að skuldir stofnunarinnar frá fyrri árum voru afskrifaðar. Veittar voru 17.000 þús. kr. til Ríkisútvarpsins og er þar um að ræða aukagreiðslu vegna endurgreiðslu söluskatts sem lagður var á menningarsjóðsgjald. Hækkun vegna Rannsóknasjóðs nemur 15.021 þús. kr. og er til komin vegna vannýttra heimilda frá árinu 1987. Þá voru veittar 20.013 þús. kr. til Rannsóknasjóðs, og stafar það af að skil til ríkissjóðs á einkaleyfisgjaldi af hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands varð umtalsvert hærra en fjárlög gerðu ráð fyrir vegna mikilla tekna happdrættisins. Að lokum varð hækkun vegna Sinfóníuhljómsveitar Íslands 4.000 þús. kr. sem stafar af verðlagsuppfærslu fjárveitingar.

Landbúnaðarráðuneyti. Útgjöld vegna B-hluta fyrirtækja landbúnaðarráðuneytis urðu 64.059 þús. kr. umfram fjárlög. Hækkun stafar í meginatriðum af ákvörðunum um að afskrifa skuldir vegna nokkurra grænfóðurverksmiðja, en þessar afskriftir nema 59.953 þús. kr. Afgangurinn stafar af halla á rekstri Einangrunarstöðvar holdanauta í Hrísey og Jarðeignum ríkissjóðs.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Afskrifuð var skuld hjá Kristnisjóði að upphæð 1.500 þús. kr.

Félagsmálaráðuneyti. Veitt var 75.000 þús. kr. aukafjárveiting til Byggingarsjóðs ríkisins samkvæmt ákvæðum í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar um sérstakt framlag til veitingar greiðsluerfiðleikalána.

Fjármálaráðuneyti. Framlag til Ríkisábyrgðasjóðs varð 38.514 þús. kr. hærra en fjárlög gerðu ráð fyrir og stafar það af að fleiri ábyrgðir féllu á Ríkisábyrgðasjóð en áætlað var í fjárlögum. Þá voru uppsafnaðar rekstrarskuldir Borgartúns 6 frá fyrri árum afskrifaðar, en á miðju ári 1988 var reksturinn leigður út til Blóts hf.

Samgönguráðuneyti. Tilfærslur til B-hluta fyrirtækja og sjóða samgönguráðuneytis urðu 14.050 þús. kr. lægri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Stafar það af að skil ICAO-tekna til Póst- og símamálastofnunar urðu lægri sem nemur 28.000 þús. kr. Á móti kemur að veittar voru tvær aukagreiðslur til Skipaútgerðar ríkisins að upphæð 11.450 þús. kr. Af þeirri fjárhæð eru 11.000 þús. kr. vegna verðlagsuppfærslu en 450 þús. kr. vegna tjónabóta. Þá heimilaði samgönguráðuneytið að fjárveiting vegna straumfræðistöðvar hjá Vita- og hafnamálaskrifstofu yrði færð yfir til B-hluta til fjármögnunar á nýbyggingu vitamálastjórnar.

Iðnaðarráðuneyti. Framlag ríkissjóðs til Orkusjóðs varð 37.840 þús. kr. lægra en fjárlög gerðu ráð fyrir.

Í fjárlögum 1988 var gert ráð fyrir að fimm fyrirtæki í B-hluta ríkissjóðs skiluðu hagnaði af starfsemi sinni í ríkissjóð það ár. Hér á eftir er yfirlit yfir þessi fyrirtæki og samanburður á fjárlögum 1988 og greiðslum í ríkissjóð það ár samkvæmt ríkisreikningi.

	Fjárlög og lög nr. 10/1988 (þús. kr.)	Ríkisreikn. 1988 (þús. kr.)
23 101 Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli	190 000	215 000
23 111 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli	20 000	44 000
23 121 Sala varnarliðseigna	36 000	12 000
29 101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	4 275 000	4 275 000
29 102 Lyfjaverslun ríkisins	15 000	15 000
Samtals ráðuneyti	4 536 0000	4 561 000

Eins og sést á yfirlitinu urðu greiðsluskil til A-hluta nokkru hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir, eða sem nemur 25.000 þús. kr.. Stafar það af mjög góðri afkomu Fríhafnarinnar og Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli, en skil þessarra tveggja stofnana urðu samtals 49.000 þús. kr. hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Á móti vegur að Sölu varnarliðseigna tókst ekki að skila nema 12.000 þús. kr. sem er 24 m.kr. lægra en fjárlög gerðu ráð fyrir.

Nd. 642. Frumvarp til laga [374. mál]

um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1988.

(Lagt fyrir Alþingi 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1988 samþykkist með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1988
A-HLUTI

Tekjur:	Reikningur 1988	Fjárlög og lög nr. 10/1988
Beinir skattar	13 342 356	8 385 000
Óbeinir skattar	53 272 178	51 954 120
Aðrar tekjur	306 310	65 000
Tekjur án fjármunatekna	**66 920 844**	**60 404 120**
Fjármunatekjur	**4 366 182**	**3 174 500**
Tekjur alls	**71 287 026**	**63 578 620**

Gjöld:	Reikningur 1988	Fjárlög og lög nr. 10/1988
Launagjöld	19 588 820	20 617 521
Ýmis rekstrargjöld	12 205 903	11 978 804
Eignakaup	1 235 485	910 625
Tilfærslur og ósundurliðað rekstrarfé	39 373 385	28 179 050
– Sértekjur stofnana	–6 334 499	–2 960 663
Gjöld án fjármagnskostnaðar	**66 069 094**	**58 725 337**
Fjármagnskostnaður	**7 346 230**	**4 800 000**
Gjöld alls	**73 415 324**	**63 525 337**
Tekjur umfram gjöld	**–2 128 298**	**53 283**

Sundurliðun útgjalda á ráðuneyti:	Reikningur 1988	Fjárlög og lög nr. 10/1988
00 Æðsta stjórn ríkisins	669 800	549 149
01 Forsætisráðuneyti	426 351	216 011
02 Menntamálaráðuneyti	11 848 276	10 564 064
03 Utanríkisráðuneyti	834 344	682 451
04 Landbúnaðarráðuneyti	3 035 485	2 425 023
05 Sjávarútvegsráðuneyti	1 547 459	1 572 543
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	3 624 855	3 119 528
07 Félagsmálaráðuneyti	3 157 107	2 908 704
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	27 516 933	25 218 862
09 Fjármálaráðuneyti	3 207 729	2 730 696
10 Samgönguráðuneyti	4 765 288	4 512 118
11 Iðnaðarráðuneyti	1 371 683	1 118 180
12 Viðskiptaráðuneyti	4 253 456	2 966 984
13 Hagstofa Íslands	81 087	76 021
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	7 075 471	4 865 003
Gjöld alls	**73 415 324**	**63 525 337**

EFNAHAGSREIKNINGUR A-HLUTA

EIGNIR	Reikningur
VELTUFJÁRMUNIR	
Sjóður	
Ríkisféhirðir	7 379
Aðrir ríkisaðilar, innlend mynt	79 342
Samtals	**86 721**
Bankainnstæður	
Seðlabanki Íslands, aðrir hlaupareikningar	464 256
Innlendar innlánsstofnanir	417 663
Erlendar innlánsstofnanir	379 737
Samtals	**1 261 656**
Skammtímakröfur	
Óinnheimtar ríkistekjur og innheimtufé	**19 907 683**
Almennar ríkistekjur og skyldusparnaður	18 482 964
Markaðar ríkistekjur	1 311 814
Innheimtufé fyrir aðra	112 905
Skammtímakröfur, aðrar	**4 256 553**
Fyrir fram greidd gjöld	203 729
Viðskiptareikningar, bráðabirgðalán	3 573 227
Veitt stutt lán	479 597
Samtals	**24 164 236**
Vöru- og efnisbirgðir	**121 019**
Veltufjármunir samtals	**25 633 632**
LANGTÍMAKRÖFUR OG ÁHÆTTUFJÁRMUNIR	
Langtímakröfur	
Veitt löng lán, innlend ógengisbundin	**15 591 642**
Stofnanir í A-hluta	32 773
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	7 781 414
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	3 999 245
Sveitarfélög	1 208 109
Lánastofnanir	68 289
Aðrir	2 501 812
Veitt löng lán, innlend gengisbundin	**13 895 436**
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	6 313 502
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	3 266 068
Sveitarfélög	2 598 559
Lánastofnanir	650 620
Aðrir	1 066 687
Langtímakröfur samtals	**29 487 078**
Áhættufjármunir	
Hlutabréf og stofnfjárframlög	**2 310 595**
Innlend	1 981 833
Erlend	328 762
Áhættufjármunir samtals	**2 310 595**
Langtímakröfur og áhættufjármunir samtals	**31 797 673**
EIGNIR ALLS	**57 431 305**

31. DESEMBER 1988

SKULDIR/HÖFUÐSTÓLL	Reikningur
SKAMMTÍMASKULDIR	
Bankareikningar, hlaupareikningsskuld	**5 777 684**
Seðlabanki Íslands, aðalviðskiptareikningur	5 357 433
Seðlabanki Íslands, aðrir hlaupareikningar	416 798
Innlánsstofnanir	3 453
Krafa á óinnheimtar ríkistekjur, innheimtufé	**266 351**
Markaðar ríkistekjur á teknaliði	165 700
Innheimtufé fyrir aðra	100 651
Geymdar markaðar ríkistekjur og innheimtufé	**1 750 411**
Markaðar ríkistekjur	13 707
Skuld við sveitarfélög vegna staðgreiðslu	1 683 807
Innheimtufé fyrir aðra	52 897
Ríkisvíxlar	**724 889**
Skammtímaskuldir, aðrar	**4 495 619**
Ógreidd gjöld	1 011 094
Viðskiptareikningar, bráðabirgðaskuldir	3 055 091
Tekin stutt lán, innlend önnur	429 434
Skammtímaskuldir samtals	**13 014 954**
LANGTÍMASKULDIR	
Tekin löng lán, innlend ógengisbundin	**26 072 294**
Stofnanir í A-hluta	23 218
Seðlabanki Íslands	3 442 250
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	45 240
Innlánsstofnanir	2 527 427
Lánastofnanir, innlendar	2 603 669
Sveitarfélög	99 431
Aðrir	17 331 059
Tekin löng lán, innlend gengisbundin	**841 569**
Seðlabanki Íslands	5 882
Innlánsstofnanir	2 749
Lánastofnanir	668 055
Aðrir	164 883
Tekin löng lán, erlend	**40 204 527**
Langtímaskuldir samtals	**67 118 390**
SKULDIR ALLS	**80 133 344**
Höfuðstóll	
Höfuðstóll í ársbyrjun	–14 955 580
Endurmat veltufjármuna/skammtímaskulda	468 298
Endurmat langtímakrafna/langtímaskulda	–6 086 459
Tekjur umfram gjöld 1988	–2 128 298
Höfuðstóll í árslok samtals	**–22 702 039**
SKULDIR OG HÖFUÐSTÓLL ALLS	**57 431 305**

2. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1988 samþykkist með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1988
B-HLUTI

	Reikningur 1988	Fjárlög og lög nr. 10/1988
Rekstrartekjur:		
Seldar vörur og seld þjónusta	23 263 286	22 061 190
Seldir happdrættismiðar	1 438 158	976 010
Aðrar rekstrartekjur	175 744	1 704 770
Samtals	**24 877 188**	**24 741 970**
Rekstrargjöld:		
Hráefni og vörur til endursölu	6 347 417	5 999 810
Laun og launatengd gjöld	5 911 149	5 489 180
Happdrættisvinningar	890 560	631 090
Önnur rekstrargjöld	6 104 836	5 401 180
Afskriftir	1 810 304	1 679 580
Stofnkostnaðarviðfangsefni flutt á efnahag	-595 407	-
Samtals	**20 468 859**	**19 200 840**
Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	**4 408 329**	**5 541 130**
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:		
Vaxtatekjur	5 078 206	1 789 830
Vaxtagjöld	-4 568 357	-1 950 000
Arður af hlutabréfum	5 829	-
Endurmat, tekjufært	9 142 611	-
Endurmat, gjaldfært	-7 001 719	-
Reiknaðar tekjur vegna verðbreytinga	794 363	-
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	-5 074 200	-
Samtals	**-1 623 267**	**-160 170**
Hagnaður af reglulegri starfsemi	**2 785 062**	**5 380 960**
Óreglulegar tekjur og óregluleg gjöld	**-99 511**	**-**
Framlög og tilfærslur	**5 023 661**	**3 552 410**
Hagnaður til ráðstöfunar	**7 709 212**	**8 933 370**

EFNAHAGSREIKNINGUR B-HLUTA

EIGNIR	Reikningur
VELTUFJÁRMUNIR	
Sjóður og bankainnstæður	
Sjóður	82 078
Bankainnstæður	3 174 014
Samtals	**3 256 092**
Skammtímakröfur	
Fyrir fram greiddur kostnaður	107 406
Viðskiptareikningar	9 633 057
Veitt stutt lán	5 848 161
Samtals	**15 588 624**
Vöru- og efnisbirgðir	**2 051 250**
Veltufjármunir samtals	**20 895 966**
FASTAFJÁRMUNIR	
Langtímakröfur	
Byggðastofnun	5 906 842
Byggingarsjóður ríkisins	34 254 284
Byggingarsjóður verkamanna	6 719 638
Lánasjóður íslenskra námsmanna	12 491 430
Aðrar langtímakröfur	1 329 132
Samtals	**60 701 326**
Áhættufjármunir	
Hlutafé og stofnfjárframlög	**234 019**
Varanlegir rekstrarfjármunir	
Vélar, tæki og áhöld	8 458 109
Fasteignir	15 225 310
Virkjanir, orku- og jarðvarmaveitur og jarðhitarannsóknir	6 236 554
Aðrar eignir	107 032
Samtals	**30 027 005**
Fastafjármunir samtals	**90 962 350**
EIGNIR ALLS	**111 858 316**

31. DESEMBER 1988

SKULDIR	Reikningur
SKAMMTÍMASKULDIR	
Bankareikningar, hlaupareikningaskuld	**264 898**
Aðrar skammtímaskuldir	**9 701 651**
Ógreidd gjöld	1 248 837
Viðskptareikningar	7 208 562
Tekin stutt lán	1 244 252
Skammtímaskuldir samtals	**9 966 549**
LANGTÍMASKULDIR	
Langtímaskuldir / tekin löng lán samtals	
Byggðastofnun	4 879 861
Byggingarsjóður ríkisins	26 123 294
Byggingarsjóður verkamanna	1 905 030
Lánasjóður íslenskra námsmanna	8 249 175
Rafmagnsveitur ríkisins	1 432 810
Aðrar langtímaskuldir	1 325 655
Langtímaskuldir samtals	**43 915 825**
SKULDIR ALLS	**53 882 374**
EIGIÐ FÉ	
Ýmsir eiginfjárreikningar	**372 521**
Endurmatsreikningur	**26 947 752**
Höfuðstóll	**30 655 669**
Eigið fé alls	**57 975 942**
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS	**111 858 316**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1988 sem lagður var fyrir Alþingi með bréfi fjármálaráðherra til forseta sameinaðs þings í október 1989. Varðandi greinargerð með frumvarpinu vísast til endurskoðunarskýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og Ríkisendurskoðunar um ríkisreikning 1988, skýrslu fjármálaráðherra frá 14. apríl 1989 um ríkisfjármál og framkvæmd lánsfjáráætlunar 1988 og greinargerðar með frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1988.

Sþ. 643. Fyrirspurn [375. mál]

til iðnaðarráðherra um könnun á olíu í jörðu við Axarfjörð.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Hvar skipar iðnaðarráðherra því í framkvæmdaröð að láta kanna hvort olía er í jörðu við Axarfjörð?

Nd. 644. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til l. um laun forseta Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. febr. 1990.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Ólafur G. Einarsson, fundaskr.	Sighvatur Björgvinsson.
Guðni Ágústsson.	Friðjón Þórðarson.	Ingi Björn Albertsson.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Sþ. 645. Skýrsla [376. mál]

um starfsemi þingmannasamtaka Norður-Atlantshafsbandalagsins árið 1989.

Frá Guðmundi H. Garðarssyni, Jóhanni Einvarðssyni, Karli Steinari Guðnasyni, Salome Þorkelsdóttur og Inga Birni Albertssyni.

1. Inngangur.

Sendinefnd Alþingis hjá þingmannasamtökum Norður-Atlantshafsbandalagsins, hér eftir nefnd Norður-Atlantshafsþingið (North Atlantic Assembly, NAA), leggur nú fram í fyrsta sinn sérstaka skriflega skýrslu um starfsemi þingsins. Með tilliti til þess er fjallað nokkuð um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og birtur svonefndur Atlantshafssáttmáli (Norður-Atlantshafssamningur) sem undirritaður var í Washington 4. apríl 1949. Jafnframt er fjallað nokkuð um texta sáttmálans. Þá er greint nokkuð frá upphafi þingmannasamtakanna og fyrri starfsemi.

2. Aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu 1949.

Á fyrstu árunum eftir lok seinni heimsstyrjaldarinnar árið 1945 ríkti mikil óvissa í heimsmálum. Þrátt fyrir svonefnt Jalta-samkomulag forustumanna bandamanna um skipan mála að aflokinni styrjöldinni var víðs fjarri að framkvæmdin yrði með þeim hætti að viðunandi væri. Mikillar tortryggni gætti meðal sigurvegaranna í styrjöldinni sem m.a. mátti rekja til gjörólíkra þjóðskipulagshátta stórveldanna. Þrátt fyrir yfirlýstan tilgang bandamanna um að í ríkjum Evrópu skyldi stjórnarfar byggjast á lýðræðislegu þingræði og að frjálsar kosningar skyldu fara fram í ríkjum álfunnar brugðust Sovétríkin við með þeim hætti að í þeim ríkjum, sem þau höfðu frelsað undan hrammi nasista og á hernámssvæði þeirra í Þýskalandi, fóru ekki fram frjálsar kosningar. Þess í stað voru settar á laggirnar leppstjórnir Sovétríkjanna skipaðar fulltrúum kommúnistaflokka viðkomandi landa. Þetta átti sér stað í Austur-Þýskalandi, Póllandi, Tékkóslóvakíu, Búlgaríu, Rúmeníu og Ungverjalandi. Júgóslavía og Albanía voru á yfirráðasvæði Sovétríkjanna en tókst að tryggja sér ákveðið sjálfstæði. Eystrasaltslöndin voru innlimuð í Sovétríkin. Í Grikklandi efndu kommúnistar til skæruhernaðar í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að þar gætu þrifist þingræðislegir stjórnarhættir. En vegna öflugrar andstöðu, sem m.a. var studd af Bretum, mistókst þeim atlagan. Hin mikla ólga í Evrópu á tímabilinu 1945–1950 og andstaða Sovétríkjanna við endurreisn hinna stríðshrjáðu þjóða á meginlandinu með Marshall-aðstoðinni, samfara valdatöku komúnista-

flokkanna í Austur-Evrópu í skjóli hervalds Sovétríkjanna, leiddu til stofnunar varnar- og öryggisbandalags Vestur-Evrópuríkjanna og ríkja Norður-Ameríku, Bandaríkjanna og Kanada árið 1949.

Árið 1949 sat að völdum samstjórn Alþýðuflokks, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks undir forsæti Stefáns Jóhanns Stefánssonar. Utanríkisráðherra var Bjarni Benediktsson. Ríkisstjórn Stefáns Jóhanns Stefánssonar settist að völdum 1947. Sumarið 1948 bundust Íslendingar samtökum við allar helstu viðskiptaþjóðir sínar á grundvelli Marshall-áætlunarinnar sem starfrækt var í tengslum við Efnahags- og framfarastofnun Evrópu. Um svipað leyti áttu sér stað miklar viðræður milli helstu lýðræðisríkja Vestur-Evrópu og Bandaríkjanna og Kanada um nauðsyn þess að stofna varnar- og öryggisbandalag þessara ríkja. Í janúar 1949 var óskað eftir aðild Íslendinga að þessum viðræðum og 18. mars 1949 var Íslandi formlega boðin þátttaka í þessum samtökum af ríkisstjórnum þeirra landa sem unnu að stofnun bandalagsins, en þau voru: Bandaríkin, Belgía, Bretland, Frakkland, Holland, Kanada, Lúxemborg og Noregur.

Í framhaldi þessa lagði ríkisstjórnin 28. mars 1949 fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um þátttöku Íslands í Norður-Atlantshafssamningi. Tillagan var svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gerast stofnaðili fyrir Íslands hönd að Norður-Atlantshafssamningi þeim sem fulltrúar Bandaríkjanna, Belgíu, Bretlands, Frakklands, Hollands, Kanada, Lúxemborgar og Noregs hafa orðið ásáttir um og prentaður er sem fylgiskjal með ályktun þessari.“

Í inngangsorðum samnings segir:

„Aðilar samnings þessa lýsa yfir að nýju tryggð sinni við markmið og meginreglur sáttmála Sameinuðu þjóðanna og ósk sinni um að lifa í friði við allar þjóðir og allar ríkisstjórnir.

Þeir eru staðráðnir í því að varðveita frelsi þjóða sinna, sameiginlega arfleifð þeirra og menningu er hvíla á meginreglum lýðræðis, einstaklingsfrelsi og lögum og rétti.“

Þar segir enn fremur: „Þeir hafa ákveðið að taka höndum saman um sameiginlegar varnir og varðveislu friðar og öryggis.“

Í 1. gr. sáttmálans stendur:

„Aðilar takast á hendur, svo sem segir í sáttmála hinna Sameinuðu þjóða, að leysa hvers konar milliríkjadeilumál, sem þeir kunna að lenda í, á friðsamlegan hátt þannig að alþjóðafriði, öryggi og réttlæti sé eigi stofnað í hættu ...“

4. gr.: „Aðilar munu hafa samráð sín á milli, hvenær sem einhver þeirra telur friðhelgi landsvæðis einhvers aðila, pólitísku sjálfstæði eða öryggi ógnað.“

Í 5. gr.: „Aðilar eru sammála um að vopnuð árás á einn þeirra eða fleiri í Evrópu eða Norður-Ameríku skuli talin árás á þá alla ...“

Í athugasemdum við þingsályktunartillöguna er því lýst að undanfarna mánuði hafi lýðræðisþjóðirnar við norðanvert Atlantshaf unnið að samningsgerð sín á milli til að tryggja frið og velmegun á þessum slóðum með þeim hætti að stofna til samtaka, slíkra sem ráðgerð eru í 51. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Að lokinni síðari umræðu 30. mars 1949 var tillagan samþykkt að viðhöfðu nafnakalli með 37 atkvæðum gegn 13.

4. apríl 1949 undirrituðu utanríkisráðherrar þeirra 12 ríkja, er stóðu að stofnun bandalagsins, Atlantshafssáttmálann í Washington. Sáttmálinn birtist sem fylgiskjal I með þessari skýrslu.

Við undirskrift samningsins flutti Bjarni Benediktsson utanríkisráðherra ræðu þar sem hann komst m.a. svo að orði:

„Að vísu er það rétt sem ég áðan sagði að aðilar þessa samnings eru ólíkir um margt. En það er einnig margt sem sameinar okkur traustum böndum. Sama hættan ógnar okkur öllum í

þeim heimi sem við lifum í. Þar sem fjarlægðirnar eru horfnar er það áreiðanlegt að annaðhvort njóta allir friðar — eða enginn. Sömu upplausnaröflin eru hvarvetna að sinni ömurlegu iðju. Alls staðar ásaka þau okkur, sem erum að vinna fyrir friðinn, um að vilja spilla honum. Þegar þessi samningur var ræddur á Alþingi Íslendinga reyndu þessi öfl með valdi að hindra hina fornhelgu stofnun í starfi sínu. Slíkt ofbeldi hefur aldrei fyrr verið reynt gegn hinu þúsund ára gamla Alþingi Íslendinga. Sá afvegaleiddi hópur, sem þetta reyndi, þóttist með köllum sínum vera að hrópa á frið. Þetta framferði, að kasta grjóti með höndunum en hrópa á frið með vörunum, er hvorki í samræmi við arfleifð Íslendinga né vestræna menningu. Allir vitum við hvar slíkir hættir eiga upptök sín. Heiminum stafar sannarlega ekki meiri hætta nú af öðru en þessu hugarfari."

Af hálfu ríkisstjórnarinnar höfðu auk Bjarna Benediktssonar unnið sérstaklega að undirbúningi að þátttöku Íslands að Atlantshafsbandalaginu með þeim hætti, er að framan greinir, þeir Emil Jónsson fyrir hönd Alþýðuflokksins og Eysteinn Jónsson fyrir Framsóknarflokkinn.

3. Norður-Atlantshafsþingið.

Almennt.

Í þingmannasamtökum Norður-Atlantshafsríkjanna eru þingmenn frá öllum aðildarríkjum bandalagsins, en samtökin eru vettvangur þar sem þingmenn frá Norður-Ameríku og Evrópu koma saman til að ráðgast um mál er varða sameiginlega hagsmuni.

Þingmannasamtökin voru stofnuð árið 1955, en fram til ársins 1966 gengu þau undir nafninu „þingmannaráðstefna NATO". Nú nefnast þau „Norður-Atlantshafsþingið" (North Atlantic Assembly, NAA). Hlutverk þingsins er að efla samstarf og skilning með ríkjum bandalagsins, stuðla að því að sjónarmið bandalagsins séu höfð til hliðsjónar við lagasetningu og loks að hvetja til samstöðu um málefni bandalagsins á þjóðþingum bandalagsríkjanna.

Enda þótt samtökin séu með öllu óháð Atlantshafsbandalaginu eru þau tengiliður milli þingmanna og bandalagsins. Á ársfundum og öðrum fundum samtakanna flytja ýmsir af æðstu embættismönnum NATO mál sitt og við slík tækifæri eru málefni bandalagsins grannskoðuð og rædd í smáatriðum. Venjulega kemur framkvæmdastjóri NATO á ársfundi samtakanna og situr þar fyrir svörum.

Á Norður-Atlantshafsþinginu eiga sæti 188 fulltrúar. Þjóðþing aðildarríkjanna tilnefna fulltrúa sína í samræmi við samþykkt þar um (sjá fskj. II). Ráðherrar eða aðrir, sem eiga beina aðild að ríkisstjórnum, mega ekki vera fulltrúar í samtökunum. Fulltrúatala aðildarríkjanna er í hlutfalli við mannfjölda.

Innan þingsins starfa fimm fastanefndir: efnahagsmálanefnd, félagsmálanefnd, varnar- og öryggismálanefnd, stjórnmálanefnd og vísinda- og tæknimálanefnd. Að loknum ársfundi samtakanna 1980 var mynduð sérstök nefnd til að fjalla um kjarnorkuvopn í Evrópu og fylgjast með framhaldi afvopnunarviðræðna austurs og vesturs.

Nefndir þessar koma saman til fundar tvisvar á ári, að vori og hausti, áður en allsherjarfundir þingsins hefjast, og ræða þá helstu úrlausnarefni NATO á hverjum tíma. Æski nefndirnar að kanna til hlítar einstök mál, sem fram koma á nefndarfundum, koma þær á fót undirnefndum. Hjá slíkum undirnefndum er nú m.a. fjallað um samskipti austurs og vesturs, hindrunarlaus skipti á upplýsingum og ferðum einstaklinga, bandalagið og komandi kynslóð, samstarf í varnamálum, heföbundnar varnir Evrópu, ástand á bandalagssvæðinu sunnanverðu, öryggismál utan varnarsvæðisins er varða NATO og orkulindir og orkunýtingu í ríkjum bandalagsins. Undirnefndirnar, sem koma saman oft á ári, tryggja samfellda starfsemi þingmannasamtakanna.

Norður-Atlantshafsþingið kemur saman til allsherjarfundar einu sinni eða tvisvar á ári. Rædd eru mál sem teljast aðkallandi á hverjum tíma og bandalaginu viðkomandi. Um slík mál

eru lagðar fram ítarlegar skýrslur sem síðan eru ræddar og afstaða tekin til í formi ályktana. Þeim er síðan vísað til Atlantshafsráðsins eða viðkomandi ríkisstjórna, þjóðþinga eða alþjóðastofnana, allt eftir eðli þeirra.

Skrifstofa þingsins skipuleggur kynnisferðir þingmanna og sérfræðinga um Evrópu og Norður-Ameríku eftir því sem þörf krefur.

Viðurkenning á framlagi þingmannasamtakanna í þágu NATO kom m.a. fram í yfirlýsingu um samskipti bandalagsríkjanna sem þjóðarleiðtogar undirrituðu í Brussel í júní 1974. Þar segir í 13. gr.:

„Þau (aðildarríki Atlantshafsbandalagsins) viðurkenna að eining innan bandalagsins hefur ekki einungis komið fram í samvinnu ríkisstjórna þeirra heldur og í frjálsum skoðanaskiptum kjörinna fulltrúa almennings í löndum bandalagsins. Því mæla þau með því að tengsl þingmanna verði efld."

Stjórnvöld eða þjóðþing í aðildarríkjunum kosta starfsemi þingmannasamtakanna.

Starfsemi samtakanna hefur verið efld á seinni árum og gegna þau nú veigamiklu hlutverki í samskiptum við þjóðþing og lýðræðishreyfingar Sovétríkjanna og annarra Austur-Evrópuríkja.

Fyrstu fulltrúar Alþingis, er þátt tóku í þingmannasamtökum Norður-Atlantshafsbandalagsins árið 1955, voru Björn Fr. Björnsson, Guðmundur I. Guðmundsson og Jóhann Hafstein.

Þátttaka fulltrúa Alþingis.

Fulltrúar Alþingis á fundum Norður-Atlantshafsþingsins hafa frá upphafi verið tilnefndir af þeim þingflokkum sem stóðu að samþykkt Alþingis um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu í mars 1949, en þeir voru, sem fyrr er frá greint, Alþýðuflokkurinn, Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn.

Starfsemi þingmannasamtakanna var í byrjun í frekar lauslegu formi. Mest áhersla var lögð á að upplýsa þingmenn um framkvæmd öryggis- og varnarmála NATO og stöðu þessara mála gagnvart vígbúnaði Sovétríkjanna. Með tímanum urðu samskipti ríkjanna og þar með þingmanna einstakra NATO-ríkja nánari. Samstarf á sviði efnahagsmála og vísinda hefur aukist. Þá er meiri áhersla lögð á að ná til borgara einstakra ríkja Atlantshafsbandalagsins um málefni bandalagsins og viðkomandi ríkja. Við þetta verða helstu nefndir þingsins mun virkari og má segja að þær ásamt helstu undirnefndum og vinnuhópum um einstök verkefni séu starfandi allt árið um kring. Haldnir eru reglulegir nefndarfundir þar sem ítarleg umræða fer fram um þýðingarmestu þættina í starfsemi bandalagsins, sem og um önnur þau atriði er geta haft áhrif á stöðu Atlantshafsbandalagsins og einstakra ríkja innan þess. Nýjasta dæmi þessa er umfjöllun undirnefndar um ný viðhorf í afvopnunarmálum. Þá hefur á sl. tveimur árum mikil umfjöllun átt sér stað um þróun mála í Sovétríkjunum og Austur-Evrópu. Efnt hefur verið til funda með sérfræðingum í þessum málum. Þá hafa fulltrúar þingmannasamtakanna farið til Pragar, Búdapest, Varsjár og Moskvu og hafið viðræður við fulltrúa þjóðþinga þeirra landa um gagnkvæm samskipti milli vestrænna og austrænna þingmanna í þeim tilgangi að tryggja frið og öryggi í heiminum.

Upphaf þessara samskipta var boð þingmannasamtakanna til þáverandi aðstoðarutanríkisráðherra Ungverjalands, Gyula Horn, um að hann kæmi á fund þingsins sem haldið var í Hamborg í nóvember 1988 og flytti þar ræðu um þróun mála í Ungverjalandi. Horn, sem nú er utanríkisráðherra Ungverjalands, þáði boðið. Þar flutti hann ræðu sem vakti mikla athygli í Evrópu og má segja að með því hafi ísinn verið brotinn í stjórnmálalegum samskiptum NAA við Austur-Evrópuríkin. Síðan hafa þingmannasendinefndir farið austur á bóginn og 14. og 15. febrúar sl. var haldinn í Brussel sameiginlegur fundur stjórnmála- og öryggis- og

varnarmálanefnda NAA og fulltrúa æðsta ráðs Sovétríkjanna um aukin samskipti þingmanna NATO-ríkjanna og Sovétríkjanna. Stjórnarnefnd NAA leggur áherslu á að jákvæðar viðræður við þessa aðila styrki umbótaöfl viðkomandi ríkja og þar með batnandi friðarhorfur.

Núverandi fulltrúar Alþingis á Norður-Atlantshafsþinginu voru tilnefndir af þingflokkum Alþýðuflokks, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks haustið 1987 og eru sem hér segir:

Aðalmenn:
Guðmundur H. Garðarsson, Sjálfstæðisflokki.
Jóhann Einvarðsson, Framsóknarflokki.
Karl Steinar Guðnason, Alþýðuflokki.

Varamaður:
Salome Þorkelsdóttir, Sjálfstæðisflokki.

Í ársbyrjun 1988 tilnefndi Borgaraflokkurinn fulltrúa sinn, Inga Björn Albertsson, sem tók þátt í NAA sem varamaður frá sama tíma.

Í samræmi við samþykktir NAA skiptu aðalmenn með sér verkum sem hér segir: formaður Guðmundur H. Garðarsson, varaformaður Jóhann Einvarðsson og ritari Karl Steinar Guðnason.

Í samræmi við þetta tók Guðmundur H. Garðarsson sæti aðalmanns í stjórnarnefnd þingsins. Varamaður hans er Jóhann Einvarðsson. Ritari nefndarinnar er Aðalheiður Birgisdóttir.

Samkvæmt samþykktum NAA geta fulltrúar aðildarþjóða tekið þátt í öllum nefndum þingsins í samræmi við vilja og ákvörðun viðkomandi sendinefnda. Vegna smæðar hefur Ísland þó aðeins fullan atkvæðisrétt í þremur nefndum, auk stjórnarnefndar. Hið sama gildir um Lúxemborg.

Sendinefndin ákvað þátttöku í nefndum NAA sem hér segir:
Stjórnmálanefnd: Jóhann Einvarðsson.
Félagsmálanefnd: Karl Steinar Guðnason.
Vísindanefnd: Salome Þorkelsdóttir.
Varnar- og öryggismálanefnd: Guðmundur H. Garðarsson og Ingi Björn Albertsson.

Jóhann Einvarðsson og Karl Steinar Guðnason hafa auk þess tekið þátt í störfum í undirnefndum þeirra fastanefnda sem þeir eru fulltrúar í og var Jóhann kjörinn skýrsluhöfundur undirnefndar stjórnmálanefndarinnar (sub-committee on confidence and security building measures) á þinginu í Hamborg 1988.

Báðar undirnefndirnar héldu fundi á Íslandi síðastliðið ár.

Vegna takmarkaðra fjárframlaga í fjárlögum hafa íslensku fulltrúarnir í NAA ekki getað tekið þátt í störfum Atlantshafsþingsins sem skyldi. Rétt er þó að geta þess að mikil breyting til hins betra hefur orðið í þessum efnum árin 1989 og 1990.

Stjórn Atlantshafsþingsins.

Í stjórn Atlantshafsþingsins 1989–1990 eru:
Forseti: Patrick Duffy, Englandi.
Varaforsetar: William V. Roth, Jr., Bandaríkjunum. Mariano Rumor, Ítalíu. Zeki Yavuzturk, Tyrklandi.
Féhirðir: Robert Laucournet, Frakklandi.
Framkvæmdastjóri: Peter Corterier, Vestur-Þýskalandi.

Stjórnarnefnd:
Belgía: Lambert Kelchtermans.
Kanada: Robert Hicks.
Danmörk: Grethe Fenger Möller. *Varamaður:* Hans Hækkerup.
Frakkland: Michel Chauty. *Varamaður:* Jean-Michel Boucheron.
Þýskaland: Manfred Abelein. *Varamaður:* Hans Koschnick.
Grikkland: Ioannis Valliliades. *Varamaður:* Ioannis Averof.
Ísland: Guðmundur H. Garðarsson. *Varamaður:* Jóhann Einvarðsson.
Ítalía: *Varamaður:* Margherita Boniver.
Lúxemborg: Mathias Greisch. *Varamaður:* Willy Bourg.
Holland: Ton Frinking. *Varamaður:* Abraham Stemerdink.
Noregur: Jan Petersen. *Varamaður:* Gunnar Berge.
Portúgal: Angelo Correia. *Varamaður:* José Luis Nunes.
Spánn: Javier Barrero.
Tyrkland: Zeki Yavuzturk. *Varamaður:* Ismail Sengun.
England: Geoffrey Johnson Smith.
Bandaríkin: Dante F. Fascell. *Varamenn:* Joseph R. Biden, Jr., og Jack Brooks.

Um starfsemi NAA 1989.
Helstu atriðin í starfsemi Atlantshafsþingsins árið 1989 voru sem hér segir:
6.–9. janúar.
Kyrrahafsfundur, Hawaii. Fundur skipulagður af Kyrrahafsnefndinni í samstarfi við Atlantshafsráð Bandaríkjanna (Atlantic Council of the U.S.A. (ACUS)).
Viðfangsefni fundarins: Stjórnmála-, efnahags- og öryggisleg tengsl milli Atlantshafsríkja og Kyrrahafsríkja.
26.–28. janúar.
Samstarf í varnarmálum (undirnefnd varnar- og öryggis- málanefndar), Bandaríkin.
Heimsókn þingmanna til San Diego, Phoenix og Washington.
25. janúar.
Viðskiptatengsl Atlantshafsríkjanna (undirnefnd efnahagsmálanefndar), Genf.
Heimsókn í GATT (General Agreement of Tariffs and Trade). Viðræður um þróun alþjóðaviðskipta með sérstöku tilliti til viðskiptatengsla Atlantshafsríkjanna, svo og viðræður um fundi GATT í Uruguay.
29. janúar–3. febrúar.
Undirnefndarstörf um leiðir til traustvekjandi aðgerða í öryggismálum (stjórnmálanefnd).
Heimsókn til Bandaríkjanna. **Jóhann Einvarðsson** tók saman skýrslu og gerði tillögur fyrir hönd nefndarinnar um þetta efni.
31. janúar–2. febrúar.
Undirnefndarfundur um opinberar upplýsingar um varnar- og öryggismál (félagsmálanefnd). London.
13.–14. febrúar.
Efnahagsmálanefnd, París. Árlegur fundur nefndarinnar með fulltrúum Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD).
14.–16. febrúar.
Sérstakir fundir í Brussel.
Fundir í NATO og SHAPE.
20.–25. febrúar.
Undirnefnd um málefni Austur-Evrópu (stjórnmálanefnd). Heimsókn til Tékkóslóvakíu.

13.–15. mars.
Undirnefnd um upplýsingastarfsemi í varnar- og öryggismálum (félagsmálanefnd). Fundur í Madrid.
15.–17. mars.
NATO-efnahagsmálaráðstefna. Árlegur fundur nefndarinnar með þátttöku undirnefndar um málefni Austur-Evrópu. Aðalefni ráðstefnunnar: Endurreisn efnahagslífs Sovétríkjanna.
21.–23. mars.
Undirnefnd um hefðbundnar varnir: Nýjungar í varnarsamstarfi Evrópu (varnar- og öryggismálanefnd). Ráðstefna WEU um öryggismál Evrópu, Flórens, Ítalíu.
2.–5. apríl.
Undirnefnd um hefðbundnar varnir: Nýjar leiðir í samstarfi um öryggismál Evrópu (varnar- og öryggismálanefnd). Fundir í Kaupmannahöfn, Ósló og Stokkhólmi.
3. apríl.
Undirnefndarfundur um traustvekjandi aðgerðir í öryggismálum (stjórnmálanefnd). Fundur í **Reykjavík.** Umræður um þróun mála á afvopnunarráðstefnunni í Vín.
6. apríl.
Undirnefndarfundur um viðskipti Atlantshafsríkjanna (efnahagsmálanefnd). Fundur í aðalstöðvum Evrópubandalagsins í Brussel.
14.–16. apríl.
Stjórnarnefndarfundur í Haag, Hollandi.
17.–18. apríl.
Undirnefndarfundur um samstarf í varnarmálum (varnar- og öryggismálanefnd).
Fundur í Haag.
23.–28. apríl.
Undirnefnd um samstarf á sviði rannsókna og vísinda (vísindamálanefnd). Washington, Colorado og Florida.
3.–5. maí.
Undirnefnd um málefni ráðstefnu varðandi öryggismál og samstarf Evrópuþjóða (félagsmálanefnd). London. Fundur með forráðamönnum NATO, fulltrúum Varsjárbandalagsins og hlutlausra ríkja.
3.–6. maí.
Undirnefnd um málefni Austur-Evrópu (stjórnmálanefnd). Heimsókn til Póllands.
26.–30. maí.
Vorþing í Antalya, Tyrklandi.
31. maí–2. júní.
Undirnefndarfundur um samstarf í varnarmálum (varnar- og öryggisnefnd). Fundur í Tyrklandi.
3.–5. júní.
Undirnefndarfundur um öryggis- og varnarmál Evrópu (félagsmálanefnd). Fundur í París með forráðamönnum NATO, fulltrúum Varsjárbandalagsins og hlutlausra ríkja ásamt sérfræðingum um mannréttindi.
9.–15. júní.
Undirnefndarfundur um viðskipti Atlantshafsríkjanna (efnahagsmálanefnd). Fundarefni: Utanríkisviðskiptastefna Bandaríkjanna og Kanada. Vandamál í tengslum við endurskoðun stefnu ríkjanna í landbúnaðarmálum.
Áætlun Evrópubandalagsins 1992.
Fundirnir voru haldnir í Ottawa, Chicago og Washington.

13.–16. júní.
Undirnefnd um samstarf í varnarmálum (varnar- og öryggismálanefnd). SEALINK-fundur í Annapolis.
3.–7. júlí.
Heimsókn til Sovétríkjanna í boði æðsta ráðsins. Forseti ásamt nokkrum stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra NAA.
3.–9. september.
Undirnefnd um samstarf á sviði rannsókna og vísinda (vísindanefnd). Heimsókn til Sovétríkjanna. Moskva, Novosíbírsk og Irkutsk.
4.–15. september.
Árleg ferð. Atlantshafssvæðið. Varnarstöðvar skoðaðar í Norður-Ameríku og Vestur-Evrópu.
8.–12. september.
Undirnefnd um upplýsingar varðandi varnar- og öryggismál (félagsmálanefnd).
Fundir í **Reykjavík** og Washington.
18.–20. september.
Undirnefndarfundur um nýjar leiðir í varnar- og öryggismálum Evrópu (varnar- og öryggismálanefnd).
Fundir í Lissabon og Madrid.
19.–20. september.
Heimsókn til NATO og SHAPE fyrir nýja þingfulltrúa og starfsfólk í NAA.
5.–10. október.
Ársþing í Róm.
Október.
Undirnefnd um málefni Austur-Evrópu og nýjar leiðir í öryggismálum (stjórnmálanefnd). Heimsókn til Ungverjalands.
30. okt.–2. nóvember:
Undirnefnd um málefni Austur-Evrópu (stjórnmálanefnd). Hringborðsumræður með þingmönnum frá Ungverjalandi, Póllandi og Tékkóslóvakíu í Bonn.

Framangreind upptalning gefur nokkra hugmynd um með hvaða hætti NAA starfar. Þingmenn frá helstu aðildarríkjum taka virkan þátt í starfsemi nefnda ásamt miklum fjölda sérfræðinga á ýmsum sviðum. Á skrifstofu Atlantshafsþingsins í Brussel starfa nú um 35 manns. Framkvæmdastjóri er dr. Peter Corterier, fyrrv. ráðherra og þingmaður á Sambandsþingi Þýskalands.

Matthías Á. Mathiesen var forseti Norður-Atlantshafsþingsins 1967–1968.

Stjórnarnefnd þingsins hefur tvívegis haldið fundi á Íslandi og fram undan er fundur í Reykjavík dagana 6.–8. apríl nk. Ekki hefur enn verið unnt að halda þing NAA á Íslandi vegna skorts á fullnægjandi aðstöðu hvað varðar fundahald og tæknilega útfærslu.

Skýrslur, ályktanir og greinargerðir um helstu mál, sem NAA fjallar um, eru gefnar út á ensku og dreift opinberlega. Samþykktir eða ályktanir NAA eru ekki bindandi fyrir aðildarríki Atlantshafsbandalagsins.

Dagana 5.–10. október 1989 var haustþing samtakanna haldið í Róm. Þar voru að venju tekin til umfjöllunar þau mál sem efst voru á baugi hjá Atlantshafsríkjunum. Einnig var áberandi umræða um þróun mála í Austur-Evrópu og Sovétríkjunum. Mikla athygli vakti að til þingsins var boðið Vladimir Lobov, öðrum æðsta hershöfðingja sovéska herráðsins, og John Galvin, yfirhershöfðingja NATO-herjanna. Umræðuefnið var stefnan í átt til meira jafnvægis í öryggismálum Evrópu. Þetta er í fyrsta sinn sem hershöfðingjar NATO og

Varsjárbandalagsins hittast hjá þingmannasamtökunum og spunnust miklar og líflegar umræður eftir framsögu þeirra.

Á þinginu voru samþykktir gerðar um m.a. eftirfarandi málefni:

1. Stefnu bandalagsins og stöðvun vígbúnaðar.
2. Traustvekjandi aðgerðir í öryggismálum.
3. Málefni Austur-Evrópu.
4. Nýjan skilning á öryggismálum í heiminum.
5. Sovéska utanríkisstefnu undir forustu Gorbatsjovs.
6. Atlantshafsbandalagið og almenningsálitið.
7. Almannavarnir.
8. Fræðslu um varnar- og öryggismál.
9. Ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu.
10. Viðskiptatengsl Atlantshafsríkjanna.
11. Endurbætur í sovésku efnahagskerfi.
12. Eftirlit með samningum um vígbúnaðarmál.
13. Takmörkun á útbreiðslu kjarnavopna.
14. Varnarvígbúnað.
15. Umhverfismál.
16. Samvinnu um rannsóknir og þróun.
17. Varnarsamvinnu innan bandalagsins.
18. Öryggismál Atlantshafsbandalagsins.
19. Ný viðhorf varðandi hefðbundin vopn.

Fylgiskjal I.

ATLANTSHAFSSÁTTMÁLINN

Atlantshafssáttmálinn var undirritaður 4. apríl 1949 í Washington og hljóðar svo:

Inngangsorð.

Aðilar samnings þessa lýsa yfir að nýju tryggð sinni við markmið og meginreglur sáttmála Sameinuðu þjóðanna og ósk sinni um að lifa í friði við allar þjóðir og allar ríkisstjórnir.

Þeir eru staðráðnir í því að varðveita frelsi þjóða sinna, sameiginlega arfleifð þeirra og menningu er hvíla á meginreglum lýðræðis, einstaklingsfrelsi og lögum og rétti.

Þeir leitast við að efla jafnvægi og velmegun á Norður-Atlantshafssvæðinu.

Þeir hafa ákveðið að taka höndum saman um sameiginlegar varnir og varðveislu friðar og öryggis.

Þeir hafa því orðið ásáttir um Norður-Atlantshafssamning þennan.

1. gr.

Aðilar takast á hendur, svo sem segir í sáttmála hinna Sameinuðu þjóða, að leysa hvers konar milliríkjadeilumál, sem þeir kunna að lenda í á friðsamlegan hátt, þannig að alþjóðafriði, öryggi og réttlæti sé eigi stofnað í hættu og að beita ekki hótunum né valdi í milliríkjaskiptum á nokkurn þann hátt sem ósamrýmanlegur er markmiðum Sameinuðu þjóðanna.

2. gr.

Aðilir munu stuðla að frekari þróun friðsamlegra og vinsamlegra milliríkjaviðskipta með því að styrkja frjálsar þjóðfélagsstofnanir sínar, með því að koma á auknum skilningi á meginreglum þeim, sem þær stofnanir eru reistar á, og með því að auka möguleika jafnvægis og velmegunar. Þeir munu gera sér far um að komast hjá árekstrum í efnahagslegum milliríkjaviðskiptum sínum og hvetja til efnahagssamvinnu sín á milli, hvort heldur er við einstaka samningsaðila eða alla.

3. gr.

Í því skyni að ná betur markmiðum samnings þessa munu aðilar hver um sig og í sameiningu, með stöðugum og virkum eigin átökum og gagnkvæmri aðstoð, varðveita og efla möguleika hvers um sig og allra í senn til þess að standast vopnaða árás.

4. gr.

Aðilar munu hafa samráð sín á milli hvenær sem einhver þeirra telur friðhelgi landsvæðis einhvers aðila, pólitísku sjálfstæði eða öryggi ógnað.

5. gr.

Aðilar eru sammála um að vopnuð árás á einn þeirra eða fleiri í Evrópu eða Norður-Ameríku skuli talin árás á þá alla; fyrir því eru þeir sammála um ef slík vopnuð árás verður gerð að þá muni hver þeirra í samræmi við rétt þann til eigin varnar og sameiginlegrar, sem viðurkenndur er í 51. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, aðstoða aðila þann eða þá, sem á er ráðist, með því að gera þegar í stað hver um sig og ásamt hinum aðilunum þær ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar, og er þar með talin beiting vopnavalds til þess að koma aftur á og varðveita öryggi Norður-Atlantshafssvæðisins.

Tilkynna skal öryggisráðinu tafarlaust allar þvílíkar vopnaðar árásir og allar ráðstafanir sem gerðar eru vegna þeirra. Hætta skal slíkum ráðstöfunum þegar öryggisráðið hefur gert þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að koma á aftur og varðveita alþjóðafrið og öryggi.

6. gr.*

Ákvæði 5. gr. um vopnaða árás á einn eða fleiri samningsaðila skulu taka til vopnaðrar árásar:

i. á lönd hvaða aðila sem vera skal í Evrópu eða Norður-Ameríku,** á Tyrklandi eða eyjar undir lögsögu hvers aðila sem vera skal í Norður-Atlantshafi norðan hvarfbaugs krabbans.

ii. á lið, skip eða loftför hvers aðila sem vera skal á eða yfir þessum yfirráðasvæðum eða öðru svæði í Evrópu þar sem hernámslið einhvers aðilans hafði setu þegar samningurinn gekk í gildi, eða Miðjarðarhafinu eða Norður-Atlantshafinu norðan hvarfbaugs krabbans.

7. gr.

Samningur þessi breytir engu um réttindi og skyldur þeirra aðila, sem eru meðlimir Sameinuðu þjóðanna, samkvæmt sáttmála þeirra né frumskyldu öryggisráðsins til varðveislu alþjóðafriðar og öryggis, og má á engan hátt túlka hann á þann veg.

* Eins og hún hljóðar nú, eftir inngöngu Grikklands og Tyrklands í bandalagið (1952).

** Hér er felld úr upptalningunni „hin frönsku héruð í Algier", en er Alsír fékk sjálfstæði lýstu Frakkar yfir því að landsvæði þessi teldust eigi lengur til samningssvæðisins. Atlantshafsráðið ákvað að sú breyting miðaðist við 3. júlí 1962.

8. gr.

Hver aðili um sig lýsir yfir því að engar milliríkjaskuldbindingar, sem nú eru í gildi milli þess aðila og nokkurs annars aðila samnings þessa eða nokkurs þriðja ríkis, brjóti í bága við ákvæði samnings þessa og lofar að gerast ekki aðili að nokkurri milliríkjaskuldbindingu sem brjóta mundi í bága við samning þennan.

9. gr.

Með samningi þessum setja aðilar á stofn ráð og skal hver þeirra eiga þar sæti til þess að athuga mál sem varða framkvæmd samnings þessa. Haga skal svo skipun ráðsins að það geti komið til funda tafarlaust hvenær sem er. Ráðið skal setja á stofn þær undirnefndir sem nauðsynlegar kunna að þykja; fyrst og fremst skal það stofnsetja þegar í stað varnarnefnd er geri tillögur um ráðstafanir til framkvæmdar 3. og 5. gr.

10. gr.

Aðilar geta, ef þeir eru allir sammála um það, boðið hverju öðru Evrópuríki, sem vera skal og aðstöðu hefur til að vinna að framgangi meginreglna samnings þessa og stuðla að öryggi Norður-Atlantshafssvæðisins að gerast aðili að honum. Ríki, sem boðin er þátttaka, getur orðið aðili að samningnum með því, að afhenda ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku staðfestingarskjal sitt. Ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku mun tilkynna hverjum aðila um afhendingu hvers slíks staðfestingarskjals.

11. gr.

Samning þennan skal fullgilda og skulu ákvæði hans framkvæmd af aðilum í samræmi við stjórnlagaákvæði hvers um sig. Fullgildingarskjölin skulu afhent ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku svo fljótt sem unnt er en hún tilkynnir síðan öllum öðrum ríkjum, sem undirritað hafa, um afhendingu hvers skjals. Samningurinn skal ganga í gildi milli þeirra ríkja, sem hafa fullgilt hann, jafnskjótt sem fullgildingarskjöl meiri hluta þeirra ríkja, sem undirritað hafa, þar á meðal Bandaríkjanna, Belgíu, Bretlands, Frakklands, Hollands, Kanada og Lúxemborgar, hafa verið afhent, og að því er önnur ríki varðar skal hann ganga í gildi þann dag sem fullgildingarskjöl þeirra eru afhent.

12. gr.

Þegar tíu ár eru liðin frá gildistöku samnings þessa, eða hvenær sem er eftir það, skulu aðilar ráðgast um endurskoðun hans ef einhver þeirra óskar þess. Skal þá höfð hliðsjón af þeim atriðum, sem þá hafa áhrif á frið og öryggi á Norður-Atlantshafssvæðinu, þar á meðal framvindu almennra samninga og svæðissamninga samkvæmt sáttmála hinna Sameinuðu þjóða til varðveislu alþjóðafriðar og öryggis.

13. gr.

Þegar tuttugu ár eru liðin frá gildistöku samnings þessa getur hver aðili sagt honum upp með eins árs fyrirvara, talið frá afhendingu tilkynningar þess efnis til ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku, en hún skýrir ríkisstjórnum annarra aðila frá afhendingu slíkra tilkynninga.

14. gr.

Samningur þessi er gerður á ensku og frönsku og skulu báðir textar jafngildir. Skulu þeir varðveittir í skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku. Skal hún senda staðfest eftirrit af samningnum til ríkisstjórna annarra ríkja er undirritað hafa.

Sáttmálinn tók gildi 24. ágúst 1949 (fullgildingardagur) þegar öll aðildarríki höfðu staðfest hann.

Fylgiskjal II.

STARFSREGLUR FYRIR NORÐUR-ATLANTSHAFSÞINGIÐ

Formálsorð.

Norður-Atlantshafsþingið.

Fulltrúar á Norður-Atlantshafsþingi (North Atlantic Assembly, NAA) eru valdir úr hópi fulltrúa á þjóðþingum ríkja sem aðild eiga að Atlantshafsbandalaginu með þeim hætti sem þykir hentugast í hverju landi. Ráðherrum í ríkisstjórnum er óheimilt að sitja þingið.

Markmið.

Þar sem þingfulltrúar Norður-Atlantshafsþingsins eiga einnig sæti á þjóðþingi í heimalandi sínu þjónar þingið sem tengiliður milli yfirstjórnar Atlantshafsbandalagsins og ríkisstjórna aðildarlandanna. Í umræðum sínum leitast þingið við að skapa víðtæka einingu um Atlantshafsbandalagið á löggjafarþingum aðildarríkjanna og stuðlar að markmiðum bandalagsins.

Starfsreglur.

I. AÐILD

1. gr.

1. Fjöldi þingfulltrúa skal vera 188 eins og nánar er kveðið á um í viðauka I.
2. Hver þingfulltrúi má hafa einn eða fleiri varamenn en aðeins einn þeirra má greiða atkvæði í hans stað.
3. Fulltrúar skulu kjörnir, ef kostur er, til a.m.k. eins árs í senn.
4. Þingfulltrúar verða að vera fulltrúar á þjóðþingi í heimalandi sínu. Þegar þingmennsku þeirra lýkur mega þeir sitja áfram sem fulltrúar á Norður-Atlantshafsþinginu þar til aðrir hafa verið kjörnir í stað þeirra, að öðrum kosti sex mánuði hið lengsta.
5. Sé deilt um rétt fulltrúa til þingsetu skal hann taka sæti sitt til bráðabirgða og njóta sömu réttinda sem aðrir þingfulltrúar þar til þingið hefur komist að niðurstöðu í máli hans.

II. STJÓRN ÞINGSINS

2. gr.

1. Í stjórn þingsins eru forseti, þrír varaforsetar og gjaldkeri.
2. Áður en þingfundum lýkur ár hvert skal þingið kjósa sér, í þessari röð: forseta, varaforseta og gjaldkera.
3. Framboð til embættis forseta, varaforseta og gjaldkera skal stutt skriflega af minnst þremur þingfulltrúum og verður stjórnarnefnd að samþykkja framboð þeirra.
4. Þegar stjórnarnefnd metur framboð til embættis forseta, varaforseta og gjaldkera skal hún tryggja (1) að varaforsetar komi hver frá sínu landi og (2) að a.m.k. einn stjórnarmaður þingsins sé valinn úr hópi þingfulltrúa frá Bandaríkjum Norður-Ameríku eða Kanada.
5. Kjörtímabil forseta og varaforseta er frá lokum þings á því ári sem þeir eru kjörnir til loka næsta árlegs þinghalds.
6. Kjörtímabil gjaldkera nær frá 1. apríl árið eftir að hann er kjörinn til 31. mars á þar næsta ári.

3. gr.

1. Þingfulltrúar og atkvæðisbærir varamenn þeirra kjósa stjórn þingsins samkvæmt ákvæðum 23. gr. Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg. Aðeins þeir atkvæðaseðlar, sem merktir eru nöfnum þeirra sem hafa vera skráðir í framboð með löglegum hætti, skulu taldir með fjölda greiddra atkvæða.
2. Forseti skal kjörinn leynilegri kosningu og hefur hver þingfulltrúi eða varamaður hans eitt atkvæði. Ef enginn frambjóðandi til embættis forseta hefur fengið hreinan meiri hluta greiddra atkvæða eftir tvær umferðir telst sá frambjóðandi kjörinn sem fær flest atkvæði í þriðju umferðinni. Verði atkvæði jöfn er hlutkesti látið ráða.
3. Varaforsetar skulu kjörnir leynilegri kosningu og hefur hver þingfulltrúi eða varamaður hans jafnmörg atkvæði og stöður eru lausar. Frambjóðandi eða frambjóðendur, sem fá flest atkvæði, teljast kjörnir. Verði atkvæði jöfn er hlutkesti látið ráða.
4. Gjaldkeri skal kjörinn leynilegum kosningum samkvæmt ákvæðum 2. tölul. hér að ofan.
5. Sé fjöldi frambjóðenda jafn og eða færri en fjöldi embætta sem laus eru má kjósa þá með lófataki.
6. Heimilt er að endurkjósa forseta, varaforseta og gjaldkera, varaforseta þó aðeins einu sinni.
7. Ef forseti getur af einhverjum ástæðum ekki gegnt embætti sínu á kjörtímabilinu skal einn varaforsetanna koma í hans stað og skal tilnefning hans sem forseta um stundarsakir vera borin undir stjórnarnefnd til samþykkis á næsta fundi hennar.
8. Ef gjaldkeri verður af einhverjum ástæðum ófær um að gegna embætti sínu fyrir eða á kjörtímabilinu skal stjórnarnefndin kjósa eftirmann á næsta fundi sínum til að taka við embættinu út kjörtímabilið. Verði ágreiningur um kosninguna skal stjórnarnefnd kjósa samkvæmt ákvæðum 2. tölul. 8. gr. hér að neðan.

III. FORSETI

4. gr.

Forseti setur þingið og tilkynnir þinghlé og þingslit. Honum ber auk þess að gæta reglu á þinginu, framfylgja starfsreglunum, beina athygli þingsins að málum sem falla undir markmið þess, gefa mælendum orðið, hafa umsjón með umræðum, bera tillögur undir atkvæði og tilkynna niðurstöður. Úrskurður forseta um fundarsköp er endanlegur.

5. gr.

Sjái forseti sér ekki fært að stjórna þinginu eða óski hann að taka þátt í umræðum þess skal einn varaforsetanna taka við fundarstjórn.

6. gr.

Forseti skal dreifa til hlutaðeigandi aðila afritum af öllum ályktunum sem samþykktar hafa verið af þinginu.

IV. STJÓRNARNEFND

7. gr.

1. Í stjórnarnefnd á sæti einn fulltrúi frá hverju aðildarríki og er hann tilnefndur af sendinefnd lands síns. Einnig má tilnefna varamenn. Forseti, varaforsetar og gjaldkeri sitja fundi stjórnarnefndar í krafti embættis síns.
2. Forseti, varaforsetar og gjaldkeri hafa aðeins atkvæðisrétt í stjórnarnefnd séu þeir fulltrúar sendinefndar sinnar í nefndinni eða ef enginn fulltrúi er viðstaddur frá sendinefnd þeirra.

3. Forseti kallar stjórnarnefnd saman til fundar.
4. Stjórnarnefnd má bjóða formönnum og skýrsluhöfundi þingnefndanna að sitja fundi sína með málfrelsi en án atkvæðisréttar. Formönnum þingnefndanna ber að láta stjórnarnefnd fá upplýsingar reglulega um störf nefnda sinna og niðurstöður þeirra.

8. gr.

1. Aðalhlutverk stjórnarnefndar er:
   a. Að vera málsvari þingsins á milli þinghalda.
   b. Að semja og dreifa væntanlegri dagskrá næsta fundar þingsins, að höfðu tilskildu samráði ekki seinna en þremur vikum fyrir upphaf þings, og að ákveða dag- og staðsetningu þingsins.
   c. Að sjá um skipulagningu þingfunda fram í tímann.
   d. Að undirbúa fjárhagsáætlun þingsins og afgreiða hana til bráðabirgða.
   e. Að hafa umsjón með fjármálum þingsins samkvæmt fjárhagsáætlun þess og skila uppgjöri á hverju þingtímabili. Gjaldkeri stjórnar ber ábyrgð á fjármálum þingsins.
   f. Að samræma starfsemi nefndanna, að gera undir viðeigandi kringumstæðum tillögur um mál sem taka ætti fyrir og veita þeim leiðsögn þegar fleiri en ein nefnd kynnu að vera að fást við sömu málin.
   g. Að skipa undirnefndir til að fjalla nánar um mál sé þess talin þörf.
   h. Að takmarka samkvæmt ákvæðum 30. gr. fjölda skýrslna sem leggja má fyrir þingið hverju sinni ef hún kýs að gera það.
   i. Að gera allar mögulegar ráðstafanir í gegnum Norður-Atlantshafsráðið og á annan viðeigandi hátt til að tryggja framkvæmd tilmæla og samþykkta þingsins.
2. Hver fulltrúi í stjórnarnefnd skal hafa eitt atkvæði. Þegar ákvörðun felur í sér aukin útgjöld skal vægi atkvæða taka mið af fjárframlagi frá hverju landi sem nánar er kveðið á um í viðauka II.

9. gr.

1. Stjórnarnefnd skipar og segir upp aðalritara sem er undir beinni yfirstjórn forseta.
2. Stjórnarnefnd ákvarðar vald og verksvið aðalritara.
3. Stjórnarnefnd ákveður fjölda starfsmanna við embætti aðalritara og stöðu þeirra.
4. Stjórnarnefnd skipar og segir upp aðstoðarmanni aðalritara, fjármálastjóra og endurskoðanda.

V. GJALDKERI

10. gr.

1. Gjaldkeri skal vera þingmaður sem er fulltrúi á þinginu. Hann á sæti í stjórnarnefnd en ekki atkvæðisrétt nema hann sé jafnframt fulltrúi lands síns í nefndinni.
2. Það er hlutverk gjaldkera:
   a. Að leggja fyrir stjórnarnefnd drög að fjárhagsáætlun næsta almanaksárs fyrir 1. nóvember ár hvert.
   b. Að leggja fjárhagsáætlun næsta almanaksárs fyrir þingið þegar hún hefur verið samþykkt í stjórnarnefnd.
   c. Að leggja fyrir stjórnarnefnd endurskoðaða reikninga sl. árs fyrir 1. júlí ár hvert.
   d. Að hafa yfirstjórn með fjármálum þingsins almennt. Gjaldkeri skal undirrita fyrir hönd þingsins öll skjöl er varða fjármál þess. Fjármálastjóri er fjárhagslega ábyrgur gagnvart gjaldkera.

VI. ÞINGFUNDIR

11. gr.

1. Allir þingfundir skulu haldnir í heyranda hljóði nema þingið ákveði annað.
2. Áheyrendur á áheyrendapöllum skulu vera um kyrrt í sætum sínum og hafa hljóð og er það í valdi forseta að láta ryðja áheyrendapalla verði misbrestur á því. Almenningur verður að yfirgefa pallana þegar þingið heldur lokaða fundi.

12. gr.

1. Forseti má með samþykki stjórnarnefndar bjóða aðilum öðrum en þingfulltrúum að ávarpa þingið.
2. Forseti má bjóða aðilum öðrum en þingfulltrúum að sitja fundi þingsins sem áheyrnarfulltrúar. Þeir skulu yfirgefa þingsalinn þegar þingið heldur lokaða fundi nema forseti ákveði annað.

13. gr.

1. Enginn þingfulltrúi skal taka til máls nema forseti gefi honum orðið.
2. Skýrsluhöfundar, sem leggja fram ályktanir nefnda, skulu hafa forgang á mælendaskrá.
3. Þegar tíminn, sem áætlaður hefur verið fyrir umræður, virðist ekki nægjanlegur má þingið að tillögu forseta ákveða að takmarka skuli ræðutíma hvers mælanda, þó ekki við minna en þrjár mínútur. Atkvæði skal greiða um slíka tillögu án umræðna.
4. Formönnum og skýrsluhöfundum þeirra nefnda, sem hafa lagt fram skýrslur eða ályktanir skal gefa kost á að svara fyrir sig að loknum umræðum.
5. Þegar rætt er um breytingartillögu má enginn tala lengur en fimm mínútur.
6. Enginn fulltrúi má tala lengur en þrjár mínútur þegar hann gerir grein fyrir atkvæði sínu.

14. gr.

1. Enginn má grípa fram í fyrir ræðumanni nema til þess eins að áminna hann.
2. Haldi ræðumaður sig ekki við umræðuefni má forseti áminna hann og fari ræðumaður ekki eftir ábendingunni skal honum vikið úr ræðustóli.

15. gr.

Komi fram tillaga eða athugasemd um fundarsköp má forseti gefa flutningsmanni orðið til að gera stutta grein fyrir henni. Réttur til svars er einnig leyfilegur. Tillaga eða athugasemd skal síðan afgreidd án frekari umræðna.

16. gr.

1. Tillögur, áskoranir, álitsgerðir eða tilmæli skulu varða mál sem sett verði á dagskrá fundarins annaðhvort af stjórnarnefnd eða af þinginu sjálfu á meðan á þingfundinum stendur, eftir tillögu forseta.
2. Tillögu er beint til Norður-Atlantshafsráðsins um það að ráðið grípi til aðgerða til að framfylgja stefnu þingsins og er vænst svars frá ráðinu við tillögunni.
3. Samþykkt lýsir yfir formlegu áliti þingsins í einhverju máli sem kallar ekki á aðgerðir af hálfu Norður-Atlantshafsráðsins. Má beina áskorunum til allra ríkisstjórna í löndum Norður-Atlantshafsbandalagsins eða aðeins nokkurra þeirra, til allra þjóðþinga aðildarríkjanna eða aðeins nokkurra þeirra eða til alþjóðlegra samtaka.
4. Álitsgerð tjáir álit þingsins þegar svara á formlegri fyrirspurn frá Norður-Atlantshafsráðinu eða frá alþjóðlegum samtökum um mál sem falla undir verksvið þingsins.
5. Tilmæli frá þinginu fjalla um innri málefni og skipulag þingsins og nefnda þess.
6. Í þessum reglum um starfsreglur er orðið ályktanir notað yfir tillögur, samþykktir, álitsgerðir og tilmæli.

17. gr.

Þingið má fara fram á það við forseta að hann biðji um álit annarrar alþjóðasamkomu eða samtaka á tilteknum ályktunum. Forseti má sjálfur ákveða að leita álits hjá öðrum alþjóðasamtökum.

18. gr.

1. Hver þingfulltrúi hefur rétt til að flytja breytingartillögur við ályktanir og mæla fyrir þeim.
2. Breytingartillögur verða að varða ályktunina sem þeim er ætlað að breyta. Þær skulu undirritaðar af flutningsmönnum sínum og, sé þess nokkur kostur, lagðar fram með nægilegum fyrirvara til að hægt sé að þýða þær og dreifa þeim áður en umræður hefjast. Forseti ákveður hvort þær skuli teknar til greina.
3. Breytingartillögur skal afgreiða á undan þingskjölum sem þeim er ætlað að breyta. Séu lagðar fram breytingartillögur við sömu málsgrein sem útiloka hvor aðra skulu atkvæði fyrr ganga um þá tillöguna sem, að mati forseta, gengur lengra til breytingar frá upphaflegri tillögu.
4. Í fundargerð skal að jafnaði skrá bæði breytingartillögur sem lagðar hafa verið fram og niðurstöður atkvæðagreiðslu um þær skv. 7. tölul. 23. gr.

19. gr.

1. Leyfilegt er að vísa máli aftur til nefndar hvenær sem er. Afgreiða skal tillögu þess eðlis samkvæmt reglum um atkvæðagreiðslu í 23. gr.
2. Þótt þurft hafi að vísa máli aftur til nefndar vegna framkominnar breytingartillögu skal ekki fresta umræðu um málið nema þingið ákveði það sérstaklega. Þingið má setja nefnd ákveðinn frest til að skila áliti sínu um breytingartillögu sem til hennar hefur verið vísað.

20. gr.

1. Aðkallandi mál má, að tillögu stjórnarnefndar, setja á dagskrá þingsins hvenær sem er.
2. Hver þingfulltrúi má leggja fram skriflega ósk um að fleiri atriðum verði bætt við dagskrá þingsins, þó ekki síðar en tveimur vikum fyrir upphaf fyrsta þingfundar.
3. Séu slíkar óskir studdar með undirskriftum sex eða fleiri þingfulltrúa frá a.m.k. tveimur löndum skal stjórnarnefnd fjalla um þær og getur hún, telji hún það rétt, lagt þær fyrir þingið. Ákveði stjórnarnefnd að mæla ekki með því að slíku máli verði bætt við dagskrá þingsins skulu flutningsmenn hafa rétt til að skjóta málinu til þingsins.

21. gr.

Fulltrúar bera sjálfir ábyrgð á orðum sínum og gerðum og skulu orð þeirra ekki vera að neinu leyti skuldbindandi fyrir ríkisstjórnir eða þjóðþing þeirra.

22. gr.

Hver fulltrúi skal rita nafn sitt á viðveruskrá hvers fundar áður en hann tekur sæti sitt.

VII. ATKVÆÐAGREIÐSLA

23. gr.

1. Þingfulltrúar greiða atkvæði sem einstaklingar.
2. Þingið skal að jafnaði greiða atkvæði með handauppréttingu og atkvæðaspjöldum. Spjöld þessi skulu ekki vera fleiri en fjöldi fulltrúa í hverri sendinefnd eins og tiltekið er í viðauka I og ekki bundin einstaklingum. Þeim er útbýtt til sendinefndanna tvisvar á ári og gilda aðeins fyrir eitt þingtímabil.

3. Verði niðurstaða atkvæðagreiðslu með handaupprettingum tvísýn að mati forseta skal greiða atkvæði með nafnakalli sendinefnda. Skylt er að halda atkvæðagreiðslu með nafnakalli sendinefnda fari tíu eða fleiri þingfulltrúar fram á það nema þegar verið er að kjósa stjórn þingsins og er þá kosið samkvæmt ákvæðum 3. gr. hér að ofan. Forseti má ákveða hvenær sem er að halda atkvæðagreiðslu með nafnakalli sendinefnda.
4. Hver þingfulltrúi má fara fram á sératkvæðagreiðslu um einstaka málsgrein eða hverja málsgrein í tillögu eða ályktun. Hver þingfulltrúi má fara fram á að málsgrein, sem er til meðferðar í þinginu, verði skipt í hluta og atkvæði greidd sérstaklega um hvern hluta hennar. Séu breytingar gerðar við einhverja málsgrein verður síðan að greiða atkvæði um málsgreinina í heild svo breytta.
5. Atkvæðagreiðsla með nafnakalli sendinefnda fer fyrst fram innan hverrar sendinefndar og eru atkvæðatölur skráðar fyrir hverja sendinefnd.
6. Nafnakall sendinefnda eftir stafrófsröð þeirra á ensku fer fram eftir fimm mínútna frest sem skal nota til að afla upplýsinga um og skrá niðurstöður atkvæðagreiðslunnar í hverri sendinefnd fyrir sig. Í hverri sendinefnd má hámarksfjöldi greiddra atkvæða vera jafn fjölda fulltrúa hennar. Fjöldi atkvæða, sem sendinefnd greiðir, ræðst af fjölda fulltrúa hennar sem viðstaddir eru atkvæðagreiðsluna hverju sinni og hafa atkvæðaspjöld en enginn fulltrúi má greiða fleiri en eitt atkvæði.
7. Forseti lætur telja atkvæði greidd með nafnakalli og tilkynnir niðurstöðurnar. Fjöldi greiddra atkvæða, ásamt hjásetum, skal skráður í fundargerð þingfundarins.

24. gr.

1. Að undanskildum kosningum þeim, sem lýst er í 3. gr. hér að ofan, skal einfaldur meiri hluti nægja til að ákveða niðurstöðu allra atkvæðagreiðslna.
2. Aðeins atkvæði með eða á móti skulu talin með greiddum atkvæðum.

VIII. NEFNDIR

25. gr.

1. Þingið skal skipa eftirfarandi fastanefndir:
   a. félagsmálanefnd,
   b. efnahagsmálanefnd,
   c. varnar- og öryggismálanefnd,
   d. stjórnmálanefnd,
   e. vísinda- og tæknimálanefnd.

   Þingið má skipa fleiri nefndir.
2. a. Bandaríki Norður-Ameríku skulu eiga átta sæti í stjórnmálanefndinni og sjö í hverri nefnd annarri.
   b. Frakkland, Sambandslýðveldið Þýskaland, Ítalía og Stóra-Bretland skulu hvert um sig eiga fjögur sæti í efnahags-, varnar- og öryggismálanefndunum og þrjú sæti í vísinda- og tæknimálanefndinni og í félagsmálanefnd.
   c. Kanada, Spánn og Tyrkland skulu hvert um sig eiga þrjú sæti í varnar- og öryggismálanefnd og stjórnmálanefnd og tvö sæti í öllum hinum nefndunum.
   d. Belgía, Grikkland, Holland og Portúgal skulu hvert um sig eiga tvö sæti í varnar- og öryggismálanefnd og stjórnmálanefnd og eitt sæti í öllum hinum nefndunum.
   e. Danmörk og Noregur skulu eiga eitt sæti í hverri nefnd.
   f. Ísland og Lúxemborg eiga þrjú sæti hvort um sig. Fulltrúar þeirra mega sitja fundi í öllum nefndunum og skulu þeir hafa atkvæðisrétt í þremur þeirra samkvæmt eigin vali.

   Hver sendinefnd skal tilnefna nefndarfulltrúa sína.

3. Fulltrúar mega eiga sæti í fleiri en einni nefnd.
4. Auk aðalnefndarfulltrúa má tilnefna í hverja nefnd varamenn frá sömu löndum. Varamenn njóta sömu réttinda í nefndunum og aðalmenn innan ramma ákvæða 2. tölul. 1. gr. og 6. tölul. 32. gr.
5. Þeir sem sæti eiga í yfirstjórn þingsins eiga í krafti embættis síns sæti í öllum nefndum. Þeir hafa hins vegar aðeins atkvæðisrétt ef þeir eiga sæti í nefndinni sem fulltrúar landa sinna.

26. gr.

1. Formaður nefndar ákveður hvenær skal halda nefndarfundi og fer það eftir vinnudagskrá þingsins eins og hún hefur verið lögð fram af stjórnarnefnd.
2. Að frumkvæði nefndarformanna eða fyrir tilstilli stjórnarnefndar mega tvær eða fleiri nefndir skipuleggja sameiginlega umfjöllun um mál sem varðar þær báðar.

27. gr.

1. Á meðan á þinghaldinu stendur skal hver nefnd kjósa sér formann, einn eða tvo varaformenn og skýrsluhöfunda úr hópi fulltrúa sinna.
2. Heimilt er að endurkjósa þá sem gegndu slíkum embættum á undanförnu ári en enginn formaður, varaformaður eða skýrsluhöfundur má gegna sama starfinu lengur en fjögur ár.

28. gr.

1. Nefndarfundir skulu ekki haldnir í heyranda hljóði nema slíkt hafi verið samþykkt af hlutaðeigandi nefnd. Formanni nefndarinnar er heimilt að bjóða utanaðkomandi aðilum sem eru ekki þingfulltrúar að ávarpa nefndina.
2. Hver þingfulltrúi má sækja fundi í þeim nefndum sem hann á sjálfur ekki sæti í.
3. Hver þingfulltrúi skal skrá sig á viðveruskrá nefndarfundar dag hvern áður en hann tekur sæti sitt.
4. Áheyrnarfulltrúar, eins og þeir eru skilgreindir í 2. tölul. 12. gr., mega sitja nefndarfundi sé þeim boðið af formanni hennar. Þeir mega hafa aðgang að vinnuskjölum nefndarinnar.

IX. UNDIRNEFNDIR OG VINNUHÓPAR

29. gr.

1. Hverri nefnd er heimilt, innan ramma ákvæða 2. og 3. tölul., að skipa undirnefndir og ákvarða umboð þeirra og verksvið. Nefndir mega einnig skipa vinnuhópa, þ.e. undirnefndir sem hafa bréflega samband en ferðast ekki.
2. Stjórnarnefnd ákveður hámarksfjölda undirnefnda og vinnuhópa og, reynist þess þörf, fjölda þeirra hjá hverri nefnd.
3. Bera skal samsetningu, umboð og lengd starfstíma undirnefnda og vinnuhópa undir stjórnarnefnd til samþykkis og falla öll slík leyfi niður í lok árlegs þinghalds nema endurnýjuð séu. Stjórn þingsins á í krafti embættis síns sæti í öllum undirnefndum og vinnuhópum.
4. Nefndum er heimilt að tilnefna stjórnarmenn í undirnefndum og vinnuhópum sínum, þ.e. formann, varaformann og skýrsluhöfunda, þegar undirnefnd eða vinnuhópur er skipaður. Sé það ekki gert verður undirnefndin eða vinnuhópurinn að kjósa sjálf sína stjórnarmenn eins fljótt og unnt er eftir stofnun nefndarinnar eða hópsins. Skulu þeir gegna þessum embættum eitt ár hið lengsta. Heimilt er að endurskipa þá, en ekki oftar en þrisvar.

5. Vinnuáætlanir undirnefnda og vinnuhópa, þar með taldar ferðaáætlanir og heimsóknir hinna fyrrnefndu, ákveður formaður hlutaðeigandi undirnefndar í samráði við skýrsluhöfunda hennar og formann aðalnefndarinnar og í samræmi við almenn fyrirmæli stjórnarnefndar.
6. Slíkar vinnuáætlanir skal leggja fram jafnskjótt og unnt er eftir lok þings þar sem undirnefndin eða vinnuhópurinn var skipaður og samþykktur af stjórnarnefnd. Vinnuáætlanir skulu bornar undir stjórnarnefnd, einkum til samþykktar á fyrirhuguðum útgjöldum.
7. Viðbótarferðir og heimsóknir umfram það sem áætlað var í upphafi eru aðeins heimilar þegar sérstaklega stendur á og þá með samþykki stjórnarnefndar eða forseta þingsins.
8. Engin undirnefnd skal fara í heimsókn án þess að a.m.k. einn stjórnarmaður sé með í förinni eða, sé þess ekki kostur, einn stjórnarmaður úr aðalnefndinni auk viðeigandi fulltrúa frá alþjóðaskrifstofunni.
9. Sé formaður undirnefndarinnar ekki mættur skal varaformaður koma í hans stað en séu þeir báðir forfallaðir kemur skýrsluhöfundur í stað þeirra. Sé enginn stjórnarmaður mættur má stjórnarmaður úr aðalnefndinni taka við stjórn í undirnefndinni.
10. Þegar skýrsluhöfundur undirnefndar þarf að ferðast til að undirbúa skýrslu sína skal viðeigandi fulltrúi alþjóðaskrifstofunnar fylgja honum.
11. Aðalskrifstofa þingsins greiðir eingöngu ferðakostnað þingforseta, gjaldkera, aðalritara eða fulltrúa alþjóðaskrifstofunnar.
12. Til að tryggja starfshæfni og virkni undirnefndanna mega formenn þeirra á meðan á starfstíma þeirra stendur biðja sendinefndir að tilnefna varamann fyrir fulltrúa eða nýjan fulltrúa í hans stað. Með leyfi stjórnarnefndar eða forseta má biðja þingfulltrúa frá aðildarlöndum sem eiga ekki sæti í undirnefndinni að starfa í henni tímabundið.
13. Í undantekningartilfellum má kjósa sérstaka skýrsluhöfunda fyrir eina eða fleiri nefndir til að kanna mál sem varða þær sameiginlega. Er tilnefning þeirra háð samþykki stjórnarnefndar.

X. SKÝRSLUR OG ÁLYKTANIR

30. gr.

1. Stjórnarnefnd má ákveða við hvert þinghald að takmarka fjölda skýrslna sem nefnd skal senda frá sér fyrir næsta árlegt þinghald.
2. Þegar skýrsluhöfundur undirbýr lokaskýrslu fyrir hönd nefndar sinnar skal hann, á þann hátt sem hann telur heppilegast, gera grein fyrir orðum og skoðunum nefndarmanna sem komið hafa í ljós í umræðum á fundum nefndarinnar að vori til.
3. Á fundum sínum að hausti til skal viðkomandi nefnd athuga skýrslurnar, taka þær til umræðu og greiða atkvæði um hugsanlegar breytingartillögur og síðan samþykkja þær eða hafna.
4. Aðeins skýrslur, sem samþykktar hafa verið í hlutaðeigandi nefnd, verða birtar.

31. gr.

1. Skýrsluhöfundar og sérstakir skýrsluhöfundar bera ábyrgð á að leggja uppkast að ályktunum (tillögum, samþykktum, álitsgerðum og tilmælum) fyrir nefndir sínar og síðan fyrir þingið sjálft. Þegar þeir leggja skýrslur sínar fyrir nefndirnar í fyrsta skipti skulu þeir taka fram hvaða mál þeir hafa í hyggju að bera fram ályktanir um.
2. Skýrsluhöfundar skulu láta drög að ályktunum, sem verða væntanlega lögð fyrir nefndirnar, fylgja þeim skýrslum sem dreift er fyrir nefndarfundina rétt á undan þinginu sjálfu.

3. a. Hver nefndarfulltrúi má leggja fram drög að ályktunum að eigin frumkvæði. Skal slíkt hafa borist skýrsluhöfundinum (eða sérstaka skýrsluhöfundinum sé um slíkan að ræða) ekki seinna en þremur vikum fyrir nefndarfundina sem haldnir eru á undan þinginu sjálfu.
   b. Skýrsluhöfundur skal leitast við að leggja þessi drög fyrir nefndina um leið og þau sem hann hefur sjálfur útbúið. Nefndin dæmir um hvort þau séu frambærileg. Skýrsluhöfundur má sameina drög að ályktunum sem hann fær í hendur við þau sem hann sjálfur hefur samið.
   c. Engin drög að þingskjölum má leggja fyrir nefnd sem hefur ekki borist skýrsluhöfundinum með tilgreindum fyrirvara.
4. Engin ályktun skal lögð fyrir sjálft þingið sem hefur ekki áður verið lögð fyrir og samþykkt í nefnd, að undanskildum þeim sem tilgreind eru í 20. gr. hér að ofan.

XI. ATKVÆÐAGREIÐSLA Í NEFNDUM

32. gr.

1. Nefnd skal að jafnaði greiða atkvæði með handauppréttingu og nota atkvæðaspjöld sem tilgreind voru í 2. tölul. 23. gr.
2. Í undantekningartilfellum má formaðurinn ákveða að atkvæðagreiðsla fari fram með nafnakalli sendinefnda.
3. Kosningar skulu vera leynilegar. Fái enginn frambjóðandi til formanns hreinan meiri hluta eftir fyrstu umferð skal sá frambjóðandi sem fær flest atkvæði í annarri umferð teljast réttkjörinn. Verði atkvæði jöfn er hlutkesti látið ráða. Kjósa skal varaformenn og skýrsluhöfunda með sama hætti. Sé aðeins einn frambjóðandi tilnefndur er heimilt að kjósa hann með lófataki.
4. Að undanskildum kosningum, sem kveðið er á um í 3. tölul. hér að ofan, skal einfaldur meiri hluti greiddra atkvæða nægja til að ráða úrslitum í atkvæðagreiðslum í nefndum. Aðeins skal telja atkvæði með og á móti til greiddra atkvæða.
5. Atkvæðagreiðsla í nefnd með nafnakalli verður aðeins gild sé a.m.k. einn þriðjungur nefndarmanna viðstaddur.
6. Atkvæðisréttur er bundinn einstaklingum. Varamaður, sem hefur rétt til að taka sæti aðalmanns sem er fjarstaddur eða forfallaður af einhverjum ástæðum, má greiða atkvæði í hans stað. Sendinefndir skulu tilnefna þann fjölda fulltrúa sem hefur atkvæðisrétt og allt að jafnmörgum varamönnum eins og er nánar tilgreint í 25. gr. hér að ofan og í viðauka III við starfsreglur þessar.
7. Formaður nefndar má taka þátt í umræðum og hefur atkvæðisrétt, þó ekki oddaatkvæði.
8. Hver nefndarmaður, sem ekki kemur því við að sækja nefndarfund, má senda varamann eða annan fulltrúa frá landi sínu í sinn stað.
9. Skrá skal niðurstöður úr öllum atkvæðagreiðslum.

XII. FUNDARGERÐIR NEFNDARFUNDA

33. gr.

1. Formaður nefndarinnar skal sjá til þess að fundargerð sé rituð á hverjum nefndarfundi.
2. Formlegar breytingartillögur skulu skráðar í fundargerð nefndarfundanna.
3. Fundargerðir eru trúnaðarmál og eru ætlaðar nefndarmönnum viðkomandi nefndar til afnota.

XIII. DAGSKRÁRNEFND

34. gr.

Drög að tillögum, samþykktum, álitsgerðum og tilmælum, sem samþykkt hafa verið af nefndum þingsins, skulu lögð fyrir dagskrárnefnd sem skipuð er af stjórnarnefnd og formönnum nefnda auk skýrsluhöfunda viðkomandi nefnda sem gegna hlutverki ráðgjafa. Dagskrárnefnd skal ákveða hvernig þessi drög að tillögum, samþykktum, álitsgerðum og tilmælum skulu lögð fyrir þingið.

XIV. RITARAR SENDINEFNDANNA

35. gr.

1. Sendinefndir tilnefna sína ritara sem hafa rétt til að sitja fundi þingsins og nefnda þess og hafa aðgang að þingsalnum og nefndaherbergjum.
2. Ritarar sendinefnda eru beðnir að aðstoða aðalritara við að viðhalda nánum og virkum tengslum milli starfsliðs Norður-Atlantshafsþingsins og þjóðþinganna.

XV. RÁÐGJAFARHLUTVERK

36. gr.

Þingið má, að tillögu stjórnarnefndar, leita ráða hjá alþjóðlegum stofnunum, bæði opinberum og óopinberum, sem fást við mál sem falla innan verksviðs þingsins. Það má biðja þessar stofnanir um skriflegar skýrslur um slík mál, efna til umræðu um þessar skýrslur og veita fulltrúum þessara stofnana áheyrn.

XVI. TUNGUMÁLANOTKUN

37. gr.

1. Opinber tungumál þingsins eru enska og franska. Ræður fluttar á öðru málinu skal túlka á hitt.
2. Óski ræðumaður eftir því að nota annað tungumál ber honum sjálfum að tryggja að það verði túlkað á annað hvort opinbert tungumál þingsins.

XVII. SKÝRSLUR, ÚTGÁFUSTARFSEMI

38. gr.

1. Aðalskrifstofan ber ábyrgð á dreifingu skjala fyrir upphaf hvers þingfundar.
2. Skrifstofan skal sjá um útgáfu skýrslna, tillagna, samþykkta, álitsgerða og tilmæla þingsins. Skrá verði samin yfir fundi sjálfs þingsins sem hver fulltrúi skal hafa aðgang að. Laga má stíl og formgalla fundargerða með samþykki forseta í allt að þrjá mánuði eftir að viðkomandi þinghaldi lýkur.

XVIII. FRÉTTATILKYNNINGAR

39. gr.

1. Opinberar fréttatilkynningar skal aðeins gefa út:

— varðandi starfsemi þingsins í heild, samkvæmt sérstakri fyrirskipun forseta,

— varðandi starfsemi nefndar, samkvæmt sérstakri tilskipun viðkomandi nefndarformanns og með samþykki nefndarinnar.

2. Þar fyrir utan mega fulltrúar notfæra sér aðstöðu hjá aðalskrifstofunni til að senda frá sér fréttatilkynningar á eigin ábyrgð, án þess að slíkt verði bindandi fyrir þingið að neinu leyti. Skal taka það skýrt fram í upphafi að fullyrðingar í tilkynningunni tjái skoðanir þessa fulltrúa en ekki endilega viðhorf Norður-Atlantshafsþingsins.
3. Drög að skýrslum, tillögum, samþykktum, álitsgerðum og tilmælum skal ekki senda fjölmiðlum áður en fjallað er um þau nema með samþykki skýrsluhöfundar.

XIX. UNDANÞÁGUR OG BREYTINGAR

40. gr.

Á meðan á árlegu þinghaldi stendur má forseti hvenær sem er leggja til að undanþága verði veitt frá þessum þingskapareglum. Slík tillaga verður að hljóta einróma samþykki viðstaddra þingfulltrúa.

41. gr.

Hægt er að breyta starfsreglunum með tvennu móti:

a. Sex eða fleiri þingfulltrúar frá a.m.k. tveimur löndum geta lagt fram skriflegar tillögur þess efnis. Skal leggja þessar tillögur fyrir stjórnarnefnd án umræðna en stjórnarnefnd getur vísað þeim áfram til sérstaks vinnuhóps eða skýrsluhöfunda. Stjórnarnefnd skal skila skýrslu um málið til þingsins.
b. Að öðrum kosti má stjórnarnefnd hvenær sem er tilnefna skýrsluhöfund til að endurskoða reglurnar um starfsreglur. Eftir að hafa skoðað niðurstöður hans skal stjórnarnefnd skila skýrslu um málið til þingsins.

VIÐAUKI I

Skipan þingsins.

Aðildarlönd hafi eftirfarandi fjölda þingfulltrúa:

Bandaríki Norður-Ameríku	36
Frakkland	18
Sambandslýðveldið Þýskaland	18
Ítalía	18
Stóra-Bretland	18
Kanada	12
Spánn	12
Tyrkland	12
Belgía	7
Grikkland	7
Holland	7
Portúgal	7
Danmörk	5
Noregur	5
Ísland	3
Lúxemborg	3

VIÐAUKI II

Atkvæðisréttur í stjórnarnefnd.

Þegar stjórnarnefnd tekur ákvörðun, sem felur í sér aukin fjárútgjöld, skal fjöldi atkvæða hvers fulltrúa vera sem hér segir:

Bandaríki Norður-Ameríku	6
Frakkland	5
Sambandslýðveldið Þýskaland	5
Stóra-Bretland	5
Ítalía	4
Kanada	4
Belgía	3
Holland	3
Danmörk	2
Grikkland	2
Ísland	2
Lúxemborg	2
Noregur	2
Portúgal	2
Spánn	2
Tyrkland	2

VIÐAUKI III

Skipan nefnda.

1. Fulltrúar í stjórnmálanefnd:

Bandaríki Norður-Ameríku	8
Belgía	2
Frakkland	4
Grikkland	2
Ítalía	4
Holland	2
Sambandslýðveldið Þýskaland	4
Portúgal	2
Stóra-Bretland	4
Danmörk	1
Kanada	3
Noregur	1
Spánn	3
Ísland	(1)
Tyrkland	3
Lúxemborg	(1)

Samtals: 43 (45) fulltrúar.

2. Fulltrúar í varnar- og öryggismálanefnd:

Bandaríki Norður-Ameríku	7
Belgía	2
Frakkland	4
Grikkland	2
Ítalía	4
Holland	2
Sambandslýðveldið Þýskaland	4
Portúgal	2
Stóra-Bretland	4
Danmörk	1
Kanada	3
Noregur	1
Spánn	3
Ísland	(1)
Tyrkland	3
Lúxemborg	(1)

Samtals: 42 (44) fulltrúar.

3. Fulltrúar í efnahagsmálanefnd:

Bandaríki Norður-Ameríku	7
Belgía	1
Frakkland	4
Grikkland	1
Ítalía	4
Holland	1
Sambandslýðveldið Þýskaland	4
Portúgal	1
Stóra-Bretland	4
Danmörk	1
Kanada	2
Noregur	1
Spánn	2
Ísland	(1)
Tyrkland	2
Lúxemborg	(1)

Samtals: 35 (37) fulltrúar.

4. Fulltrúar í vísinda- og tæknimálanefnd:

Bandaríki Norður-Ameríku	7
Belgía	1
Frakkland	3
Grikkland	1
Ítalía	3
Holland	1

Sambandslýðveldið Þýskaland	3
Portúgal	1
Stóra-Bretland	3
Danmörk	1
Kanada	2
Noregur	1
Spánn	2
Ísland	(1)
Tyrkland	2
Lúxemborg	(1)

Samtals: 31 (33) fulltrúar.

5. Fulltrúar í félagsmálanefnd:

Bandaríki Norður-Ameríku	7
Belgía	1
Frakkland	3
Grikkland	1
Ítalía	3
Holland	1
Sambandslýðveldið Þýskaland	3
Portúgal	1
Stóra-Bretland	3
Danmörk	1
Kanada	2
Noregur	1
Spánn	2
Ísland	(1)
Tyrkland	2
Lúxemborg	(1)

Samtals: 31 (33) fulltrúar.

VIÐAUKI IV

Skilafrestur fyrir dreifingu skjala.

Eftirfarandi texti er útdráttur úr bréfi sem aðalritari Norður-Atlantshafsþingsins sendi fulltrúum í stjórnarnefnd 16. júlí 1976 og samþykkt var á næsta fundi hennar:

Öllum ályktunum skal skilað til alþjóðaskrifstofunnar a.m.k. *sex vikum* áður en fundir hefjast þar sem þau eru til umræðu. Skýrsluhöfundar skulu skila lokadrögum sínum og athugasemdum til skrifstofunnar a.m.k. *fjórum vikum* fyrir fundina. Starfsmenn alþjóðaskrifstofunnar skulu hafa skilafresti þessa í huga þegar þeir senda ályktanir til skýrsluhöfunda nefndanna.

Skýrslur skulu sendar sendinefndum á frummáli *þremur vikum* fyrir fundinn í síðasta lagi. Sami skilafrestur á við þegar útdráttum úr skýrslum á báðum opinberum tungumálum þingsins er dreift. Þýddar útgáfur skýrslnanna skulu sendar sendinefndum a.m.k. *tveimur vikum* fyrir fundina.

VIÐAUKI V

Á fundum og ferðalögum undirnefnda og vinnuhópa, svo sem á árlegu ferðalagi þingsins, hefur hinn kjörni formaður eða tilnefndi stjórnandi forgang umfram alla aðra án tillits til stöðu þeirra. Honum fylgja síðan stjórnarmennirnir sem skilgreindir eru í fyrstu fjórum liðum hér á eftir í þeirri röð. Þar sem slíkt á við koma formaður aðalnefndar og almennur ritari aðalnefndarinnar þar á eftir. Þá koma skýrsluhöfundur og varaformaður undirnefndarinnar:

1. Forseti.
2. Varaforsetar í röð eftir starfsaldri.
3. Gjaldkeri.
4. Aðalritari.
5. Fulltrúar í stjórnarnefnd.
6. Formenn sendinefnda þjóðanna (ef aðrir en í 5).
7. Formenn fastnefndanna fimm í röð eftir starfsaldri.
8. Skýrsluhöfundar fastanefndanna fimm í röð eftir starfsaldri.
9. Varaforsetar fastanefndanna fimm í röð eftir starfsaldri.
10. Þingfulltrúar.
11. Aðstoðarmaður aðalritara.
12. Framkvæmdastjórar nefnda.

Nd. 646. Frumvarp til laga [370. mál]

um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 21. febr.)

Samhljóða þskj. 631 með þessari breytingu:

7. gr. orðast svo:

Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr stafliður sem orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 10. og 12. gr. laga þessara skal verðlagsnefnd búvöru fella niður að hluta eða öllu leyti framreikning verðlagsgrundvallar 1. mars 1990 og 1. júní 1990 og útreikning grundvallarins 1. september 1990 í samræmi við samkomulag Stéttarsambands bænda og aðila vinnumarkaðarins frá 1. febrúar 1990.

Nd. 647. Nefndarálit [118. mál]

um frv. til l. um áfengisfræðslu.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið um það umsagnir frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, áfengisvarnaráði, heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu og lögreglustjóranum í Reykjavík.

Í ljósi þess að frumvarpið fjallar um efni sem áfengisvarnaráði er falið að annast og Alþingi hefur jafnan kosið í það ráð menn með þekkingu á áfengisvarnamálum leggur nefndin til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 21. febr. 1990.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, form., frsm. | Anna Ólafsdóttir Björnsson, fundaskr. | Geir H. Haarde.

Geir Gunnarsson. | Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir. | Guðmundur G. Þórarinsson.

Ragnhildur Helgadóttir.

Nd. 648. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið um það umsögn frá Menningar- og fræðslusambandi alþýðu. Þá studdist nefndin við umsagnir frá síðasta þingi frá Tryggingastofnun ríkisins, Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Öryrkjabandalagi Íslands og Kvenfélagasambandi Íslands. Jafnframt kom Finnur Ingólfsson, formaður endurskoðunarnefndar almannatryggingalaga, á fund nefndarinnar.

Þar sem nefndinni er kunnugt um að efni þessa frumvarps verður í tillögum sem endurskoðunarnefnd almannatryggingalaga mun brátt skila frá sér leggur nefndin til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 21. febr. 1990.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, form., frsm. | Anna Ólafsdóttir Björnsson, fundaskr. | Geir H. Haarde.

Geir Gunnarsson. | Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir. | Guðmundur G. Þórarinsson.

Ragnhildur Helgadóttir.

Nd. 649. Nefndarálit [114. mál]

um frv. til l. um lyfjafræðslunefnd.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið um það umsagnir frá Apótekarafélagi Íslands, Lyfjaeftirliti ríkisins, lyfjafræðideild Háskóla Íslands, Lyfjafræðingafélagi Íslands og lyfjanefnd.

Nefndin getur fallist á þá hugsun sem býr að baki tillögunni, um að efla lyfjafræðslu, en telur hins vegar að ná megi árangri í lyfjafræðslustarfi án þess að stofna sérstaka lyfjafræðslunefnd og telur eðlilegra, einfaldara og sennilega mun ódýrara að slíkt fræðslustarf verði á

vegum einhverrar stofnunar sem þegar starfar á sviði lyfjamála. Nefndin leggur því til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 21. febr. 1990.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, form., frsm. | Anna Ólafsdóttir Björnsson, fundaskr. | Geir H. Haarde.

Geir Gunnarsson. | Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir. | Guðmundur G. Þórarinsson.

Ragnhildur Helgadóttir.

Sþ. 650. Fyrirspurn [377. mál]

til dómsmálaráðherra um stimpilgjöld.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

1. Hver er ástæða misræmis í túlkun bæjarfógeta í Reykjavík og Kópavogi annars vegar og hins vegar í Hafnarfirði um skyldu hjóna og sambúðarfólks til að greiða stimpilgjöld af yfirlýsingu sambúðarfólks vegna fasteigna sem annar aðilinn er skráður fyrir þegar óskað er eftir að nafni hins sé bætt við þannig að skráning taki til beggja aðila?
2. Hvernig er þessum málum háttað annars staðar á landinu?
3. Hvernig ber að mati dómsmálaráðherra að túlka lög um stimpilgjöld í þessu tilliti?

Sþ. 651. Tillaga til þingsályktunar [378. mál]

um friðun hrygningarsvæða.

Flm.: Kristinn Pétursson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að gera nú þegar ráðstafanir með eftirfarandi hætti til friðunar hrygningarstöðva:

1. að Hafrannsóknastofnun, í samráði við útvegsmannafélög og aðildarfélög Landssambands smábátaeigenda, geri tillögur um hrygningarsvæði sem verði alfriðuð fyrir öllum veiðum á tímabilinu 1. apríl til 30. maí ár hvert,
2. að umferð flutningaskipa og fiskiskipa verði takmörkuð á friðuðum svæðum á sama tímabili.

Greinargerð.

Tilgangurinn með þingsályktunartillögu þessari er að reyna að hafa áhrif til aukinnar viðkomu nytjastofna með því að alfriða nokkur svæði kringum landið eftir sameiginlegum tillögum Hafrannsóknastofnunar og hagsmunaaðila í útgerð.

Þar sem hrygningarstofn þorsksins og fleiri nytjastofna hefur farið minnkandi er afar brýnt að við reynum að haga okkur þannig í umgengni við náttúruna að klak helstu nytjastofna takist sem best. Með öðrum orðum að við reynum að umgangast hrygningarsvæðin þannig að hámarksárangur náist í viðkomu nytjastofna þótt hrygningarstofnarnir séu litlir.

Hér er enn fremur lagt til að umferð flutninga- og fiskiskipa verði takmörkuð á umræddum svæðum sama tímabil. Hávaði og hvinur frá vél og skrúfu berst vel í sjó. Vegalengd eins og 20–100 metrar er ekki löng. Fyllsta ástæða er til að umgangast hrygningarsvæði fiskstofna okkar með gætni það tímabil ársins sem hrygning fer fram þar sem lífskjör þjóðarinnar velta svo mikið á afrakstursgetu nytjastofna.

Ed. 652. Breytingartillaga [129. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands.

Frá Salome Þorkelsdóttur og Eyjólfi Konráð Jónssyni.

2. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1990.

Sþ. 653. Fyrirspurn [379. mál]

til viðskiptaráðherra um peningamagn í umferð.

Frá Kristni Péturssyni.

1. Hvað má peningamagn í umferð (seðlaprentun) aukast frá upphafi til loka ársins 1990 svo að það samrýmist verðlagsforsendum nýgerðra kjarasamninga?
2. Hvaða stjórntækjum hyggst viðskiptaráðherra beita til þess að ná þessum markmiðum og hvaða skrifleg eða munnleg fyrirmæli hefur hann gefið Seðlabanka Íslands varðandi seðlaprentun?
3. Telur viðskiptaráðherra rétt að fjármálaráðherra fjármagni hallarekstur ríkissjóðs með svokölluðum „yfirdrætti í Seðlabankanum“?

Sþ. 654. Þingsályktun [327. mál]

um öryggi í óbyggðaferðum.

(Afgreidd frá Sþ. 22. febr.)

Samhljóða þskj. 571.

Nd. 655. Frumvarp til laga [380. mál]

um breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

Við lögin komi ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 3. gr. skal gjalddagi bifreiðagjalds, vegna gjaldtímabilsins 1. janúar til 30. júní 1990, vera 1. apríl 1990.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, þar sem gert er ráð fyrir hækkun á bifreiðagjaldi á árinu 1990. Ekki tókst að afgreiða umrætt frumvarp frá Alþingi sem lög fyrir síðustu áramót og var af þeim sökum samþykkt með lögum

nr. 125/1989 að fresta gjalddaga bifreiðagjalds til 1. mars 1990, enda gæfist þá tími til að fjalla um frumvarpið. Frumvarpið verður tekið til meðferðar í marsmánuði. Af þessum sökum er nauðsynlegt að fresta gjalddaga bifreiðagjalds til 1. apríl nk. svo að Alþingi gefist tími til að afgreiða umrætt frumvarp eða gera á því breytingar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt þessari grein er kveðið á um það að gjalddagi bifreiðagjalds skuli vera 1. apríl 1990 vegna gjaldtímabilsins 1. janúar 1990 til 30. júní í stað 1. mars 1990.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 656. Fyrirspurn [381. mál]

til menntamálaráðherra um leikskóla.

Frá Sigríði Lillý Baldursdóttur.

1. Hyggst menntamálaráðherra leggja fram frumvarp til laga til úrbóta í dagvistarmálum barna á yfirstandandi þingi?
2. Ef svo er hvenær má vænta þess að það verði?

Ed. 657. Nefndarálit [370. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og það var afgreitt frá neðri deild.

Alþingi, 23. febr. 1990.

Margrét Frímannsdóttir, form., frsm.	Guðmundur H. Garðarsson, fundaskr.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.
Jóhann Einvarðsson.	Salome Þorkelsdóttir.	Danfríður Skarphéðinsdóttir.
	Karl Steinar Guðnason.	

Nd. 658. Nefndarálit [380. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39/1988, um bifreiðagjald.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Matthías Bjarnason og Friðrik Sophusson áskilja sér rétt til að flytja eða styðja breytingartillögur er fram kunna að koma.

Ari Skúlason, hagfræðingur ASÍ, og Hannes Sigurðsson, hagfræðingur VSÍ, komu til viðræðna við nefndina um frumvarpið.

Alþingi, 23. febr. 1990.

Páll Pétursson, form., frsm.	Þórhildur Þorleifsdóttir, fundaskr., með fyrirvara.	Matthías Bjarnason, með fyrirvara.
Friðrik Sophusson, með fyrirvara.	Jón Sæmundur Sigurjónsson.	Ragnar Arnalds.
	Guðmundur G. Þórarinsson.	

Fylgiskjal.

Minnisblað Ara Skúlasonar, hagfræðings ASÍ, fyrir fund með nefndinni 23. febr. 1990 um frestun gjalddaga bifreiðagjalds.

1. Í viðræðum fulltrúa ASÍ við ríkisstjórnina var lögð áhersla á að aðgerðir stjórnvalda til að draga úr hækkun framfærsluvísitölu beindust að því að lækka verð á brýnustu nauðsynjavörum, t.d. brauðum. Ríkisstjórnin hefur hins vegar ekki talið sér fært að verða við þeim tilmælum.
2. Með frestun gjalddaga bifreiðagjaldsins er verið að koma í veg fyrir að framfærsluvísitalan hækki 1. mars vegna þessa gjalds. ASÍ telur þessa aðgerð jákvæða enda er með henni komið í veg fyrir 0,3% hækkun á framfærsluvísitölu 1. mars miðað við upphaflegar áætlanir.
3. Fulltrúar fjármálaráðuneytisins hafa viðrað hugmyndir við ASÍ um hvernig þeir geta hugsað sér að ná takmarkinu um 0,3% lækkun á framfærsluvísitölunni miðað við það sem annars hefði orðið. Okkur er ekki kunnugt um að búið sé að útfæra þessar hugmyndir endanlega.

Nd. 659. Breytingartillaga [380. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 39/1988, um bifreiðagjald.

Frá Matthíasi Bjarnasyni og Friðriki Sophussyni.

Við 1. gr. bætist: enda hækki gjaldið ekki á gjaldtímabilinu.

Nd. 660. Lög [130. mál]

um laun forseta Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 23. febr.)

Samhljóða þskj. 134.

Ed. 661. Lög [370. mál]

um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

(Afgreidd frá Ed. 23. febr.)

Samhljóða þskj. 646 (sbr. 631).

Ed. 662. Nefndarálit [380. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39/1988, um bifreiðagjald.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 23. febr. 1990.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.
Jóhann Einvarðsson, fundaskr.
Guðrún Agnarsdóttir, með fyrirvara.
Skúli Alexandersson.
Eiður Guðnason.

Ed. 663. Nefndarálit [380. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39/1988, um bifreiðagjald.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. hefur ekkert við það að athuga að gjalddaga bifreiðagjalds verði frestað til 1. apríl, enda liggi ljóst fyrir að gjaldið verði ekki hækkað. Til þess að tryggja að svo verði flytur minni hl. breytingartillögu um það efni. Verði hún felld greiðir minni hl. atkvæði gegn frumvarpinu.

Alþingi, 23. febr. 1990.

Halldór Blöndal, frsm. Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 664. Breytingartillaga [380. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 39/1988, um bifreiðagjald.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (HBl, EKJ).

Við 1. gr. bætist: enda hækki gjaldið ekki á gjaldtímabilinu.

Ed. 665. Lög [380. mál]

um breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald.

(Afgreidd frá Ed. 23. febr.)

Samhljóða þskj. 655.

Ed. 666. Lög [129. mál]

um breytingu á lögum nr. 73 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 23. febr.)

Samhljóða þskj. 569.

Sþ. 667. Tillaga til þingsályktunar [382. mál]

um könnun á endingu og slitþoli steinefna til vegagerðar.

Flm.: Eiður Guðnason.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að láta fara fram samanburðarrannsókn á slitþoli og endingu þeirra steinefna sem notuð eru við gerð bundins slitlags á þjóðvegum og við gatnagerð í þéttbýli.

Ráðherra er jafnframt falið að leita samkomulags um að kostnaður við rannsóknina greiðist að jöfnu af Vegagerð ríkisins, Sementsverksmiðju ríkisins og Reykjavíkurborg.

Greinargerð.

Athygli vakti er frá því var greint í fjölmiðlum fyrir skömmu að hugsanlega þyrfti að flytja inn steinefni til notkunar í malbik við mannvirkjagerð á Keflavíkurflugvelli. Ástæða þessa var sögð sú að steinefni í nágrenni Keflavíkurflugvallar væru ekki nægilega hörð eða sterk svo að notum mætti koma við þessa framkvæmd.

Sífellt er umræða hér á landi um kosti og ókosti ólíkra slitlaga í vega- og gatnagerð, notkun nagladekkja og notkun salts til hálkuvarna. Sýnist þar sitt hverjum og ber mikið á milli. Í ljósi þeirra umræðna, sem fram hafa farið að undanförnu, þykir tillögumanni brýnt að þessi rannókn fari fram, enda er hér um mál að ræða er hefur mikla þjóðhagslega þýðingu, svo miklu sem það skiptir að það fé sem varið er til vegagerðar nýtist sem allra best.

Steypa — malbik.

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins gaf árið 1987 út skýrslu um hagkvæmni mismunandi slitlaga. Skýrslan var samin af starfshópi á vegum iðnaðarráðuneytisins. Í skýrslunni er reiknað með að steypa hafi 1,67 sinnum meira slitþol en malbik og að eðlilegur samanburður nái yfir 20 ár. Forsendur skýrslunnar byggjast á takmörkuðum slitmælingum á 15–25 ára gömlum steyptum vegum. Samkvæmt kostnaðarforsendum Vegagerðarinnar reyndist steypa, einkum þjöppuð þurrsteypa, lítillega ódýrari en malbik þegar umferð var komin yfir 5.000 bíla á dag.

Flutningsmaður telur að tímabært sé að endurtaka slíka rannsókn, nota fullkomnari tækjabúnað og prófa slitþol fleiri efna og við aðrar aðstæður en áður hefur verið reynt.

Bent skal á í þessu sambandi að fyrir nokkrum árum tók norska fyrirtækið Norcem í notkun slitþolstæki sem valdið hefur byltingu á Norðurlöndum í leit að slitþolinni steypu jafnframt því sem munur á slitþoli malbiks og steypu verður ljósari og áreiðanlegri tölur koma fram.

Í erindi Njarðar Tryggvasonar verkfræðings, forstjóra Sérsteypunnar á Akranesi, á steinsteypudegi 9. febrúar 1990 segir m.a.:

„Í tækinu, sem byggt er af Norcem í samráði við Vegagerðina, er mjög auðvelt að bera saman hjólfaraslit í steypu með mismunandi styrkleika ... Dekk brautarinnar er samansett af 12 einingum og er mælt slit á hverri fyrir sig bæði í blautu og þurru ástandi, þ.e. samtímis fara fram prófanir á tólf mismunandi slitlagsefnum. Viku keyrsla í tækinu svarar til 10–12 ára slits á þjóðvegi miðað við 10–12 þúsund bíla umferð á sólarhring ... Frá byrjun hefur tækið verið í stöðugri notkun, ekki aðeins fyrir Norðmenn heldur líka Svía og Finna og ekkert er því til fyrirstöðu að við Íslendingar nýtum okkur möguleika þess hvort sem um er að ræða eldri mannvirki eða ný."

Miklar framfarir hafa orðið í framleiðslu sements og gerð steinsteypu á undanförnum árum. Hefur m.a. komið til notkun þjappaðrar þurrsteypu, en þjöppuð þurrsteypa er þurr

jarðrök steypa sem er völtuð rétt eftir útlögn, en hún er tiltölulega nýtt efni í slit- og burðarlög og er einnig í vaxandi mæli notuð við stíflugerð. Unnið hefur verið að tilraunum með þurrsteypu hér á landi um nokkurra ára bil á vegum Sérsteypunnar hf. og Sementsverksmiðju ríkisins. Margt bendir til þess að tækniframfarir af ýmsu tagi hafi á síðustu árum aukið hagkvæmni þess mjög verulega að nota steypu til vegagerðar.

Gæði, þróun og slit.

Í áðurnefndu erindi fjallar Njörður Tryggvason verkfræðingur um gæði, þróun og slit steinsteypu og segir þar m.a.:

„Hin síðari ár hafa miklar framfarir orðið í steypugerð með betri og fjölbreyttari sementstegundum, íblöndun kísilryks, flugösku, trefja og ýmissa kemískra hjálparefna. Þessu til viðbótar hefur komið til vaxandi þekking á eðli, gerð og dreifingu fylliefna í steypunni. Við þetta hefur komið fram ný og betri steypa með háum styrk og miklu slitþoli.

Samkvæmt viðamiklum mælingum og athugunum Norðmanna hefur hástyrkssteypa í vegi á styrkleikabilinu 75–90 MPa og miðað við 10.000 bíla umferð á sólarhring, 15–20 ára lífstíð áður en yfirborðið þarf jöfnunar við með slípingu eða á annan hátt. Þetta þýðir að reikna má með þrisvar til fjórum sinnum lengri líftíma fyrir steyptan veg en malbikaðan af bestu gerð. Þetta skýrist betur á meðfylgjandi línuriti frá Nordisk Veibetong þar sem sýndur er viðhaldskostnaðurinn í norskum krónum á fermetra sem fall af tíma fyrir steypu og asfalt."

Samanburður á viðhaldskostnaði.



Áhrif salts.

Gatnamálastjóri Reykjavíkurborgar hefur í endurteknum auglýsingaherferðum hvatt ökumenn í Reykjavík til að nota ekki nagladekk og hlífa þannig gatnakerfinu. Sem hálkuvörn dreifa starfsmenn Reykjavíkurborgar þúsundum tonna af salti (5.800 tonnum 1989) á götur borgarinnar, einkum strætisvagnaleiðir. Ekki er flutningsmanni kunnugt um að umhverfis- eða hollustuáhrif þessa saltausturs hafi verið rannsökuð.

Í grein í Nýju helgarblaði Þjóðviljans 23. febrúar 1989 skrifar Ari Trausti Guðmundsson jarðfræðingur um frostveðrun og segir þar m.a.:

„Einna hvimleiðasta frostveðrunin í þéttbýli á sér stað á malbikuðum götum, einkum í Reykjavík, og veldur umtalsverðri mengun með nokkrum öðrum orsakavöldum. Hér er átt við tjöru- og rykmengun. Því er stundum haldið fram að nagladekkin séu mesti skaðvaldurinn í þessum efnum — þau spæni upp tjöru og bergmylsnu malbiksins. Þótt sá þáttur hafi aldrei verið rannsakaður hér liggur í augum uppi að nagladekk skemma malbik að einhverju marki. En það er líka augljóst að frostveðrun og salt hafa mikil og ef til vill meiri áhrif. Fyrst er til að taka að salt hefur tærandi áhrif á malbik — ekki endilega á tjöruna sjálfa heldur bindiflötinn milli hennar og grjótmolanna í malbikinu. Vatn þarf til þessa (og af því er nóg úti) og skýrir það af hverju þau rök saltara meðal gatnameistara höfuðborgarinnar, að ekki losni um tjöru undir saltbing í þurri geymslu gatnamálastjóra, falla um sig sjálf. Til viðbótar áhrifum salts á bindingu malbiks kemur svo eðlileg frostveðrun og er hún ef til vill meiri en vera þyrfti vegna þess að mikið er um brúnir, smáraufar, fremur grófa bergmylsnu og holur (oft vegna galla í lagningu) í malbikuðum götum borgarinnar. En aftur kemur saltið til sögunnar.

Blandi menn saman salti og snjó verður til svonefnd *kuldablanda* sem áður fyrr var notuð til að frysta t.d. rjómaís. Frostið verður 15–20 stig í blöndunni um stund hver svo sem lofthitinn er. Svellkaldur lögurinn, sífelldar hitasveiflur í yfirborði malbiksins vegna núningshita frá dekkjum bíla og frysting vatns sem er lítt eða ekki saltblandað, ýtir mjög undir frostveðrunina. Þannig á röng stefna í samgöngumálum í borginni vegna ofurkapps á notkun einkabíla, óhóflegur saltaustur og sumpart óþarfur akstur á nagladekkjum, þátt í verulegri mengun sem allt of lítið er vitað um."

Nagladekk og umferðaröryggi.

Þórir Ingason, verkfræðingur hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, hefur tekið saman innlendar og erlendar heimildir um nagladekk, salt og umferðaröryggi í þeim tilgangi að sannreyna nauðsyn nagladekkja í vetrarakstri (Mbl. 21. febrúar 1990).

Í skýrslu Þóris segir m.a.:

„Flestar athuganir benda til þess að ef negldir hjólbarðar væru bannaðir þar sem þeir eru í notkun núna mundi heildarkostnaður samfélagsins minnka. Mestur sparnaður er fólginn í minna sliti vega og gatna og minni kostnaði vegna kaupa á negldum hjólbörðum. Hins vegar leiða allar athuganir í ljós að naglabann leiðir til aukins kostnaðar vegna fjölgunar umferðaróhappa. Þar er komið inn á viðkvæmt mál vegna þess að í raun er þar verið að leggja að jöfnu mannslíf og kostnað vegna slits gatna og kaupa á negldum hjólbörðum. Með því að taka ákvörðun um að banna negldar hjólbarða væri hægt að segja um samfélagið að það væri tilbúið að fórna nokkrum mannslífum til að spara sér malbik.

Ef hins vegar væri tryggt að því fé, sem sparaðist, yrði veitt til þess að bæta umferðarmannvirki og í aðrar aðgerðir, sem mundu fækka umferðaróhöppum almennt, dygði það samkvæmt norskum athugunum til þess að minnka heildarfjölda umferðaróhappa aftur niður í það sem hann var meðan negldir hjólbarðar voru leyfðir. Á hinn bóginn virðist einnig samkvæmt sænskum heimildum vera unnt að ná árangri með því að auka slitstyrk slitlaganna. Í ljós kom að á tímabilinu 1974 til 1980 breyttust niðurstöður kostnaðarreikninga vegna banns þannig að sparnaður, sem reiknaðist 1974, var ekki fyrir hendi 1980, mest vegna aukins styrks slitlaga."

Svo sem fram hefur komið í þessari stuttu greinargerð er til margs að líta í þessum efnum. Margt bendir að mati flutningsmanns til þess að íslensk steinsteypa sé endingarbesta og ódýrasta efnið til vega- og gatnagerðar hér á landi. Nauðsynlegt er að fram fari ítarleg rannsókn á slitþoli þeirra efna sem hér eru á boðstólum til vega- og gatnagerðar áður en farið verður að flytja inn grjót til mannvirkjagerðar.

Nd. 668. Nefndarálit [265. mál]

um frv. til l. um ábyrgðadeild fiskeldislána.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um það Snorra Olsen og Sveinbjörn Óskarsson frá fjármálaráðuneytinu, Friðrik Sigurðsson frá Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva, Kristin Zimsen frá Búnaðarbanka Íslands, Jón Snorra Snorrason frá Landsbanka Íslands og Snorra Tómasson frá Framkvæmdasjóði Íslands.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Breytingarnar eru eftirtaldar:

1. Við 2. gr.
   a. Lagt til að hin nýja ábyrgðadeild hafi heimild til að veita 50% ábyrgð. Sú tillaga er byggð á reynslu af viðskiptum banka og fiskeldisfyrirtækja á undanförnum missirum. Komi til þess að bankar dragi úr lánum sínum, eða krefjist mjög aukinna trygginga, gæti ella svo farið að eldislán lækkuðu mjög og eldisfyrirtækin stæðu verr eftir samþykkt frumvarpsins en áður. Með breytingartillögunni er hins vegar stigið skref í þátt átt að tryggja eldisfyrirtækjum sambærileg afurðalán og tíðkast í helstu samkeppnislöndum okkar.
   b. Nauðsynlegt er álitið að telja það hlutverk sjóðsins að veita hafbeitarfyrirtækjum eldislánaábyrgð fremur en að heimild sé aðeins til slíks.
2. Við 3. gr.
   a. Þessi breyting er sú sama og nefnd er hér fyrr í a-lið 1. tölul., þ.e. hækkunin úr 37,5% í 50%.
   b.–e. Lagt er til að sólarlagsákvæðin séu lengd um eitt ár, þ.e. fjögur ár í stað þriggja. Þetta byggist á því að unnt verði á ábyrgðartíma að ljúka eldisferli og framleiða stærri lax, 4–6 kg, sem eykur mjög hagkvæmni eldisstöðvanna.
3. Við 4. gr. Með breytingu á orðinu „vátryggingar“ í „tryggingar“ er víðara hugtak notað, enda getur verið nauðsynlegt að setja skilyrði um fleiri tryggingar en vátryggingar.
4. Við 6. gr. Lagt er til að 2. málsl. greinarinnar falli brott. Fjármálaráðherra og sjóðsstjórn ákveða iðgjöld. Lagagrein um að deildin skuli rekin hallalaus setur þá ábyrgð á sjóðsstjórn að leggja til nógu há iðgjöld. Reynslan frá Tryggingasjóði fiskeldislána er 7% iðgjald og 7% áhættugjald eða samtals 14% gjald. Iðgjaldsupphæðin er þá ákveðin að hluta með líkindareikningi og öryggisstuðli þannig að ekki komi til halli á rekstri sjóðsins. Líkur benda sterklega til að þetta ákvæði leiði til hærra iðgjalds en ella er þörf á einmitt í byrjun þegar þessi atvinnugrein er í þröngri stöðu.
5. Við 8. gr. Lagt er til að hin nýja ábyrgðadeild taki við ábyrgðum Framkvæmdasjóðs. Nú eru mál þannig að Tryggingasjóður fiskeldislána veitir einfalda ábyrgð en Framkvæmdasjóður veitir sjálfskuldarábyrgð með bakábyrgð Tryggingasjóðs. Samkvæmt frumvarpinu tekur ábyrgðadeildin við hlutverki Tryggingasjóðs fiskeldislána, þ.e. heldur ábyrgðinni gagnvart Framkvæmdasjóði. Eðlilegra er að nýja ábyrgðadeildin taki við málinu í heild og millibilshlutverki Framkvæmdasjóðs í þessu máli ljúki.

Alþingi, 23. febr. 1990.

Friðrik Sophusson, frsm. Þórhildur Þorleifsdóttir, fundaskr. Matthías Bjarnason.

Guðmundur G. Þórarinsson.

Nd. 669. Breytingartillögur [265. mál]

við frv. til l. um ábyrgðadeild fiskeldislána.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (FrS, ÞÞ, MB, GGÞ).

1. Við 2. gr.
   a. Í stað „37,5%“ í 2. málsl. komi: 50%.
   b. Í stað orðanna „Heimilt er“ í upphafi 4. málsl. komi: Hlutverk sjóðsins er einnig.
2. Við 3. gr.
   a. Í stað „37,5%“ í 1. málsl. komi: 50%.
   b. Í stað orðanna „þrjú ár“ í 1. málsl. komi: fjögur ár.
   c. Í stað orðanna „þremur árum“ í 2. málsl. komi: fjórum árum.
   d. Í stað orðsins „þriðjung“ í 2. málsl. komi: fjórðung.
   e. Í stað orðanna „sex ár“ í 3. málsl. komi: átta ár.
3. Við 4. gr. Í stað orðsins „vátryggingar“ í 1. og 2. málsl. komi: tryggingar.
4. Við 6. gr. 2. málsl. falli brott.
5. Við 7. gr. Í stað orðsins „vátryggingar“ komi: tryggingar.
6. Við 8. gr. Við 2. mgr. bætist: Ábyrgðir Framkvæmdasjóðs Íslands, sem byggjast á einfaldri ábyrgð Tryggingasjóðs fiskeldislána, falla niður samhliða því að Tryggingasjóður fiskeldislána er lagður niður.

Nd. 670. Nefndarálit [265. mál]

um frv. til l. um ábyrgðadeild fiskeldislána.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur minni hl. hennar til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Til viðræðna við nefndina um frumvarpið komu Snorri Olsen og Sveinbjörn Óskarsson frá fjármálaráðuneytinu, Friðrik Sigurðsson frá Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva, Kristinn Zimsen frá Búnaðarbanka Íslands, Jón Snorri Snorrason frá Landsbanka Íslands og Snorri Tómasson frá Framkvæmdasjóði Íslands.

Alþingi, 23. febr. 1990.

Páll Pétursson, form., frsm.	Jón Sæmundur Sigurjónsson.	Ragnar Arnalds.

Nd. 671. Frumvarp til laga [383. mál]

um brottfall laga og lagaákvæða.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

Lög þau, lagafyrirmæli og lagaákvæði, sem greind eru í 2.–30. gr. laga þessara, eru felld úr gildi.

2. gr.

Lög er varða embættismenn og yfirvöld.

1. Tilskipun um erindi til stjórnarinnar, áritun á þau o.fl., 3. apríl 1771.
2. Opið bréf kansellíisins um afrit skjala sem send eru til staðfestingar, 23. janúar 1789.
3. Tilskipun um samningu umsókna- og kærubréfa o.fl., 28. desember 1792.
4. Konungsbréf um sektavald amtmanna, 3. janúar 1823.
5. Tilskipun um lögleiðing nokkurra lagaboða á Íslandi sem út komu fyrir Danmörku árið 1827, 21. desember 1831.
6. Konungsúrskurður um að dómsmálastjórnin skuli hafa vald til að útkljá nokkur mál, 23. desember 1864.
7. Tilskipun um hvernig gegna skuli embættisstörfum amtmanna, stiftsyfirvalda og landfógeta á Íslandi, þegar embætti þessi verða lögð niður, nr. 12/1904.

3. gr.

Lög er varða opinbera starfsmenn, þar á meðal lífeyri þeirra.

1. Tilskipun sem lögleiðir á Íslandi lög 5. janúar 1851, um eftirlaun, 31. maí 1855.
2. Opið bréf, sem lögleiðir á Íslandi með nokkrum breytingum lög 5. janúar 1851, um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eftir sinn dag, 31. maí 1855.
3. Lög um eftirlaun presta, nr. 4/1880.
4. Lög um eftirlaun prestsekkna, nr. 13/1884, svo og breytingalög nr. 36/1895.
5. Lög um eftirlaun, nr. 4/1904.
6. Lög um skyldu embættismanna til að safna sér ellistyrk eða kaupa sér geymdan lífeyri, nr. 5/1904.
7. Lög um viðauka við opið bréf 31. maí 1855, um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eftir sinn dag, nr. 28/1905.
8. Lög um ellistyrk presta og eftirlaun, nr. 48/1907.
9. Lög um skyldu presta til að kaupa ekkjum sínum lífeyri, nr. 49/1907.
10. Lög um forgangsrétt kandídata frá Háskóla Íslands til embætta, nr. 36/1911, 5. gr.

4. gr.

Lög er varða landshagi, hagfræðiskýrslur og Hagstofuna.

1. Lög um viðauka við lög 8. nóvember 1895 um hagfræðiskýrslur, nr. 20/1903.
2. Lög um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknum hér á landi, nr. 30/1956.
3. Tilskipun áhrærandi árlega kapítulstaxta á Íslandi, 16. júlí 1817.
4. Lög um afnám laga nr. 27/1954 um verðlagsskrár, nr. 6/1964, bráðabirgðaákvæði.
5. Lög um greiðslu íslenskra afurða, nr. 43/1943.

5. gr.

Lög er varða opinber gjöld og gjaldheimtu.

1. Kammerréttarskipun 18. mars 1720.
2. Tilskipun um gjaldheimtu og reikningsskil í Danmörku, 30. janúar 1793.
3. Opið bréf kansellíis um það, hvers gæta skal til að tryggja fjármuni opinberra stofnana, 10. apríl 1795.
4. Kansellíumburðarbréf um aðför eftir sátt hjá gjaldheimtumönnum konungs, 16. nóvember 1819.
5. Kansellíbréf um tilkynningu um andlát eða gjaldþrot skuldunauta hins opinbera o.fl., 17. maí 1823.

6. Opið bréf um meðöl til að frama innlausn veitingarbréfa frá stjórnarráðunum, 23. nóvember 1827.
7. Opið bréf um nokkrar ákvarðanir þeim til trausts er þinggjaldi eiga að lúka, 10. febrúar 1847.
8. Tilskipun um meðferð á störfum landsféhirðis, nr. 16/1918.
9. Lög um innheimtu gjalda af erlendum fiskiskipum, nr. 47/1925.
10. Lög um lestagjald af skipum, nr. 10/1946.
11. Lög um eignakönnun, nr. 67/1947.
12. Lög um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o.fl., nr. 22 1950.
13. Lög um breyting á lögum nr. 83 26. nóvember 1948, um skattfrelsi vinninga o.fl. varðandi happdrættislán ríkissjóðs, nr. 74/1953.
14. Lög um skatt á stóreignir, nr. 44/1957, ásamt breytingalögum nr. 19/1958.
15. Lög um sérstakan skattfrádrátt tapaðra skulda vegna skuldaskila bátaútvegsins, nr. 21 1952.

6. gr.

Lög er varða efnahagsmál.

1. Lög um efnahagsmál, nr. 4/1960, 2.–6. gr., 19. gr. og 20. gr.
2. Lög um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, nr. 103/1978.
3. Lög um niðurfærslu vöruverðs og verðbótavísitölu í september 1978, nr. 109/1978.
4. Lög um kjaramál, nr. 121/1978.
5. Lög um stjórn efnahagsmála o.fl., nr. 13/1979, 26. gr.
6. Lög um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, nr. 10/1981.
7. Lög um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana, nr. 12/1981.
8. Lög um efnahagsaðgerðir, nr. 2/1983.

7. gr.

Lög um gjaldeyrismál.

1. Lög um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning á gulli, nr. 16/1920.
2. Lög um viðauka við lög nr. 73 31. desember 1937, um gjaldeyrisverslun o.fl., nr. 82/1941.
3. Lög um breyting á lögum nr. 82 9. júlí 1941, um viðauka við lög nr. 73 31. desember 1937, um gjaldeyrisverslun o.fl., nr. 71/1942.
4. Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenskrar krónu, nr. 28/1962.
5. Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenskrar krónu, nr. 69/1967.
6. Lög um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyting á gengi íslenskrar krónu, nr. 74/1967.
7. Lög um ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o.fl., nr. 79/1967.
8. Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenskrar krónu, nr. 74/1968.
9. Lög um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breytingu á gengi íslenskrar krónu, nr. 83/1968.
10. Lög um breyting á lögum nr. 79 31. desember 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu, og um hækkun á aflahlut og breytt fiskverð, nr. 62 1972.

11. Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenskrar krónu, nr. 97/1972.
12. Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, nr. 78/1974.
13. Lög um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar, nr. 106/1974.
14. Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, nr. 2/1975.
15. Lög um ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins samkvæmt lögum nr. 2/1975 og um ráðstafanir vegna hækkunar brennsluolíuverðs til fiskiskipa, nr. 55/1975.
16. Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, nr. 2/1978.
17. Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, nr. 22/1979.
18. Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu 26. ágúst 1981 o.fl., nr. 81/1981.
19. Lög um breyting á lögum nr. 81 21. desember 1981, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu 26. ágúst 1981 o.fl., nr. 7/1982.
20. Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu 14. janúar 1982, nr. 28/1982.

8. gr.

Lög er varða ríkisábyrgðir.

1. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands til flugvélakaupa, nr. 43/1964.
2. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands til flugvélakaupa, nr. 33/1965.
3. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands hf. til kaupa á millilandaflugvél, nr. 70/1966, ásamt breytingalögum nr. 93/1966.
4. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til þriggja skipasmíðastöðva, nr. 73 1962.
5. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva, nr. 61/1965.
6. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva, nr. 17/1968.
7. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til kaupa á síldarflutningaskipi o.fl., nr. 91/1966.
8. Lög um heimild til lántöku vegna Vestfjarðaáætlunar og Norðurlandsáætlunar, nr. 60 1969.
9. Lög um ábyrgðarheimild fyrir ríkisstjórnina vegna lántöku Fiskveiðasjóðs Íslands og fleira, nr. 93/1972.
10. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á 10 fiskiskipum yfir 300 lestir og til kaupa á 2 ferjuskipum, nr. 13/1974.
11. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Rafveitu Ísafjarðar, nr. 104 1974.
12. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugleiðir hf., nr. 16/1975.
13. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán Landsvirkjunar og til að taka lán og endurlána það Landsvirkjun til virkjana í Tungnaá, nr. 70/1976.
14. Lög um ábyrgðarheimildir og heimild til lántöku vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar 1978, nr. 120/1978.

15. Lög um ábyrgðarheimildir og greiðsluheimildir vegna lántöku Framleiðsluráðs landbúnaðarins, nr. 9/1980.
16. Lög um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs, nr. 28/1980.
17. Lög um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs, nr. 37/1981.
18. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á ferjuskipi Skallagríms hf., nr. 60/1982.
19. Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast lán vegna björgunar skipsins Het Wapen, nr. 25/1983.

9. gr.

Lög er varða opinbera sjóði.

1. Lög um Jöfnunarsjóð, nr. 41/1932.
2. Lög um framkvæmdasjóð ríkisins, nr. 55/1942.

10. gr.

Lög er varða fasteignir ríkisins.

1. Lög um sölu lands úr ríkisjörðinni Grenivík í Grýtubakkahreppi, nr. 44/1967.
2. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Mosfellshreppi jarðirnar Þormóðsdal og Bringur, nr. 46/1967.
3. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja 9 jarðir og grasbýli í Neshreppi utan Ennis og eyðijörðina Lækjardal í Öxarfjarðarhreppi, nr. 55/1967.
4. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja sex eyðijarðir í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu og jörðina Rjúpnafell í Norður-Múlasýslu, nr. 56/1967.
5. Lög um sölu kristfjárjarðarinnar Litlu-Þúfu í Miklaholtshreppi, nr. 57/1967.
6. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu tiltekna landspildu úr prestssetursjörðinni Hálsi í Hálshreppi, nr. 11/1969.
7. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Árskógshreppi Hauganesland, nr. 44/1969.
8. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðirnar Höfðahóla með Hólagerði og Spákonufell í Höfðahreppi, nr. 64/1969.
9. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Fjós í Laxárdalshreppi, nr. 5/1972.
10. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Brekkuborg í Breiðdalshreppi og Þorsteinsstaði í Sauðaneshreppi, nr. 9/1972.
11. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðirnar Háls og Kambshjáleigu í Búlandshreppi, nr. 10/1972.
12. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Markúsarsel, Tunguhlíð og Veturhús í Geithellnahreppi, nr. 37/1972.
13. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grýtubakkahreppi jörðina Grenivík, eyðibýlið Svæði og nýbýlið Höfðabrekku og Borgarneshreppi hluta af landi Borgar, nr. 33/1973.
14. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Gerðahreppi jarðirnar Útskála og Brekku í Gerðahreppi, nr. 64/1973.
15. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar eignir ríkissjóðs, nr. 67/1973.
16. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Reykhólahreppi jörðina Reykhóla í Reykhólahreppi í Austur-Barðastrandarsýslu, nr. 75/1976.
17. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Reykjavíkurbæ eignina Laugarnes í Reykjavík, nr. 10/1956.
18. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Akureyrarkaupstað jörðina Ytra-Krossanes, Akureyri, nr. 16/1970.
19. Lög um sölu kirkjujarðarinnar Hvanneyrar í Siglufirði, nr. 74/1942.
20. Lög um sölu verslunarlóðarinnar á Sauðárkróki, nr. 3/1947.

21. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Þjóðólfshaga I í Holtahreppi, Rangárvallasýslu, nr. 35/1984.
22. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Bæjarstæði í Seyðisfjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu, nr. 37/1984.
23. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Hamar í Glæsibæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu, nr. 15/1985.
24. Lög um heimild til að selja hluta ríkisjarðarinnar Þóroddsstaðar í Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 60/1988.

11. gr.

Lög er varða lán og lántökuheimildir.

1. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku hjá Alþjóðabankanum í Washington, nr. 103/1961.
2. Lög um heimild til kaupa á skuldabréfum Sameinuðu þjóðanna og til lántöku í því skyni, nr. 6/1962.
3. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna viðbyggingar Landspítalans, nr. 48/1962.
4. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán, nr. 59/1964, og breytingalög nr. 23/1965.
5. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna vega- og flugvallagerða, nr. 26/1966.
6. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1966, nr. 27/1966.
7. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1967, nr. 26/1967.
8. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1968, nr. 24/1968.
9. Lög um lántökuheimild fyrir ríkissjóð, nr. 8/1969.
10. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1969, nr. 23/1969.
11. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1970, nr. 34/1970.
12. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1971, nr. 29/1971.
13. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán, nr. 82/1971.
14. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1972, nr. 26/1972.
15. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna kaupa á þyrlu og vegna viðgerða á varðskipinu Þór, nr. 83/1972.
16. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1973, nr. 8/1973.
17. Lög um lántökuheimild vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1973 og um sérstaka lántökuheimild vegna hafnarframkvæmda, nr. 91/1973.
18. Lög um lántökuheimild fyrir ríkissjóð, nr. 11/1974.
19. Lög um lántökuheimildir erlendis, nr. 37/1974.
20. Lög um lántökuheimildir erlendis, nr. 92/1974.
21. Lög um lántökuheimild fyrir ríkissjóð, nr. 9/1975.
22. Lög um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara, nr. 11/1975.

23. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmda og reksturs Rafmagnsveitna ríkisins og Vegagerðar ríkisins, nr. 15/1975.
24. Lög um heimild til erlendrar lántöku vegna opinberra framkvæmda á árinu 1976, nr. 89 1975.
25. Lög um lántökuheimild til eflingar Landhelgisgæslunnar, nr. 69/1976.
26. Lög um heimild til erlendrar lántöku vegna opinberra framkvæmda á árinu 1977, nr. 116 1976.
27. Lög um heimild til erlendrar lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlana 1978, nr. 82/1977, og breytingalög nr. 13/1981.
28. Lög um ráðstafanir í efnahagsmálum, nr. 3/1978.
29. Lög um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979, nr. 20/1979.

12. gr.

Lög er varða fjármál ríkisins.

1. Lög um lækkun lögbundinna framlaga á fjárlögum, nr. 96/1975.
2. Lög um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimild til lántöku á árinu 1980 o.fl., nr. 98/1979.
3. Lög um fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum, nr. 23/1984.
4. Lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum 1984, nr. 43/1984, 1.–3. gr., 7. gr. og 26.–29. gr.
5. Lög um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986, nr. 48/1985.

13. gr.

Ýmis eignarnámslög.

1. Lög um eignarnám á landspildu á Bolungarvíkurmölum í Hólshreppi, nr. 16/1932.
2. Lög um eignarnám á landspildu í Skeljavík við Hnífsdal, nr. 17/1932.
3. Lög um eignarnám á landspildu í Sandvíkurlandi, nr. 21/1938.
4. Lög um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á jörðunum Efri-Skútu og Neðri-Skútu í Siglufirði, nr. 37/1949.
5. Lög um eignarnám lands í Flatey á Breiðafirði, nr. 44/1966.
6. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka leigunámi tvö hvalveiðiskip hf. Hvals, nr. 9 1973.

14. gr.

Lög er varða banka og lánastofnanir.

1. Viðaukalög við lög 12. janúar 1900 um stofnun veðdeildar við Landsbankann í Reykjavík, nr. 30/1902.
2. Lög um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabréfa, nr. 60/1928.
3. Lög um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, nr. 122/1935.
4. Lög um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, nr. 94/1941.
5. Lög um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, nr. 55/1945.
6. Lög um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, nr. 73/1965.
7. Lög um rekstrarlánafélög, nr. 98/1938.

15. gr.

Lög er varða félagsmál.

1. Lög um lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn, nr. 60/1907.
2. Lög um íbúðir í kjöllurum, nr. 57/1929.
3. Lög um niðurfærslu verðlags og launa o.fl., nr. 1/1959.
4. Lög um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka, nr. 99/1970.
5. Lög um fyrirframgreiðslu opinberra gjalda, nr. 3/1971.
6. Lög um kaup og kjör yfirmanna á botnvörpuskipum, sem eru stærri en 500 rúmlestir brúttó, nr. 6/1973.
7. Lög um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o.fl., nr. 13/1975.

16. gr.

Lög er varða kirkjumálefni.

1. Konungsbréf um legorð presta, 10. desember 1646.
2. Dönsku lög Kristjáns fimmta 15. apríl 1683, 2. bók, 2. kap. 5. gr. og 11. kap. 13. gr.
3. Konungsbréf um ráðstafanir gegn prestum þeim er láta prestssetrin falla og níðast niður, 11. maí 1708.
4. Konungsbréf um legorð andlegrar stéttar manna, 9. maí 1738.
5. Konungsbréf um portionsreikninga bændakirkna, 6. maí 1740.
6. Konungsbréf um afsetta presta, 7. október 1740.
7. Konungsbréf um uppreist presta, er vikið hefur verið frá embætti, 27. febrúar 1756.
8. Viðaukalög við lög nr. 5 27. febrúar 1880, um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda, nr. 21/1890.

17. gr.

Lög er varða menntamál.

1. Lög um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda, nr. 5/1968, 6. gr. og 7. gr. 1. og 4. tölul.

18. gr.

Lög er varða heilbrigðismál.

1. Lög um útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum, nr. 2/1898.
2. Lög um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala, nr. 3/1898.
3. Lög um breyting á lögum nr. 3/1898, um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala, nr. 57/1909.

19. gr.

Lög er varða samgöngur.

1. Lög um hægri handar umferð, nr. 65/1966.
2. Lög um strandferðir, nr. 53/1913, og breytingalög nr. 41/1914.
3. Lög um úrskurðaraðila í deilu um starfsaldurslista flugmanna Flugleiða hf., nr. 8/1981.
4. Lög um málefni Flugleiða hf., nr. 74/1980.
5. Lög um happdrættislán ríkissjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi er opni hringveg um landið, nr. 99/1971.
6. Lög um happdrættislán ríkissjóðs til að fullgera Djúpveg og opna þannig hringveg um Vestfirði, nr. 48/1974.
7. Lög um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg, nr. 36/1975.

8. Lög um að útlendum skipum verði gefinn kostur á að flytja vörur hafna á milli á Íslandi og milli Íslands og Danmerkur, 17. apríl 1868.
9. Lög um dag- og næturbendingar á íslenskum skipum í sjávarháska og um ráðstafanir, er skip rekast á, nr. 13/1899.
10. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa hf. Hval innflutning á tveimur hvalveiðiskipum, nr. 99/1961.
11. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa hf. Hval innflutning á hvalveiðiskipi, nr. 9/1963.

20. gr.

Lög er varða lögreglumálefni.

1. Lög um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur, nr. 3/1876.
2. Lög um viðauka við lög 14. janúar 1876 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur, nr. 14/1891.
3. Lög um viðauka við og breyting á lögum 14. janúar 1876, um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur, nr. 9/1896.
4. Lög um eftirlit með mannflutningum til útlanda, nr. 49/1903.
5. Lög um lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli, nr. 33/1954, 1. gr. 2. mgr. og 2. gr. 2. mgr.

21. gr.

Lög er varða sveitarstjórnir og stöðu bæjarfógeta í kaupstöðum.

1. Lög um manntal í Reykjavík, nr. 18/1901, og lög um breytingar á þeim, nr. 64/1907, 57/1917 og 49/1933.
2. Lög um heimild til lóðarsölu fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 24/1905.
3. Lög um gjöld til holræsa og gangstétta í Reykjavík o.fl., nr. 42/1911.
4. Lög um mjólkursölu á Ísafirði, nr. 32/1918.
5. Lög um bæjarstjórn Vestmannaeyja, nr. 26/1918, 2. gr. 2. málsl.
6. Lög um breytingar á lögum nr. 30 22. nóvember 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði, nr. 58/1919.
7. Lög um sorphreinsun og salernahreinsun á Akureyri, nr. 49/1927.
8. Lög um sjóveitu í Vestmannaeyjum, nr. 28/1931.
9. Lög um bæjarstjórn í Neskaupstað í Norðfirði nr. 48/1928, 1. gr. 2. mgr. og 4. gr., sbr. lög nr. 23/1936, 1. gr.
10. Lög um bæjarstjórn á Akranesi, nr. 45/1941, 1. gr. 2. mgr., 2. gr. og 4. gr.
11. Lög um heimild fyrir kaupstaði og hreppsfélög til að koma á þegnskylduvinnu, nr. 63/1941.
12. Lög um bæjarstjórn í Ólafsfirði, nr. 60/1944, 1. gr. 2. mgr., 2. gr. og 4. gr.
13. Lög um nýbyggingar í Höfðakaupstað, nr. 42/1946.
14. Lög um bæjarstjórn á Sauðárkróki, nr. 57/1947, 1. gr. 2. mgr. 1. málsl.
15. Lög um bæjarstjórn í Keflavík, nr. 17/1949, 1. gr. 2. mgr. 1. málsl. 2. gr. og 4. gr.
16. Lög um bæjarstjórn í Húsavík, nr. 109/1949, 1. gr. 2. mgr. 1. málsl.
17. Lög um heimild til að fella niður manntal í Reykjavík, nr. 94/1954.
18. Lög um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað, nr. 30/1955, 1. gr. 2. mgr. 1. málsl. og 2. gr.
19. Lög um heimild fyrir sveitarstjórnir til þess að innheimta með álagi skatta og gjöld til sveitarsjóða sem miðuð eru við fasteignamat, nr. 29/1959.
20. Lög um húsbyggingar á vegum Viðlagasjóðs eða Vestmannaeyjakaupstaðar, nr. 105 1973.

22. gr.

Lög er varða landbúnað.

1. Lög um aðfluttar ósútaðar húðir, nr. 35/1891.
2. Samþykktarlög um verndun Safamýrar í Rangárvallasýslu, nr. 12/1894.

23. gr.

Lög er varða fiskveiðar, sjávarútveg og siglingar.

1. Lög fyrir Ísland um tilhögun á löggæslu við fiskiveiðar í Norðursjónum, nr. 20/1901, og breytingalög nr. 29/1902.
2. Lög um síldarnætur, nr. 28/1902.
3. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmissa ráðstafana vegna útflutnings á nýjum fiski, nr. 37/1931, og breytingalög nr. 65/1932.
4. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leyfa erlendum manni eða félagi að reisa og starfrækja síldarbræðsluverksmiðju á Austurlandi, nr. 66/1932.
5. Lög um útflutning saltaðrar síldar, nr. 70/1933.
6. Lög um stofnun síldarbræðsluverksmiðju á Norðurlandi o.fl., nr. 15/1934.
7. Lög um mat á fiskúrgangi, nr. 9/1935.
8. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa og starfrækja síldarverksmiðjuna á Raufarhöfn, nr. 47/1935.
9. Lög um útflutning á síldarmjöli, nr. 56/1935.
10. Lög um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum, nr. 92/1935.
11. Lög um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðju ríkisins á Siglufirði, nr. 10/1938.
12. Lög um breyting á lögum nr. 10 13. janúar 1938, um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðju ríkisins á Siglufirði, nr. 42/1940.
13. Lög um síldartunnur, nr. 60/1940, og lög um frestun þeirra, nr. 46/1943.
14. Lög um veiði, sölu og útflutning á kola, nr. 19/1941.
15. Lög um heimild til lántöku fyrir síldarverksmiðjur ríkisins, nr. 131/1941.
16. Lög um að reisa nýja síldarverksmiðju, nr. 93/1942.
17. Lög um olíugeyma o.fl., nr. 110/1943.
18. Lög um heimild handa ríkisstjórninni til ákvörðunar um samflot íslenskra skipa milli Íslands og Stóra-Bretlands, nr. 47/1943.
19. Lög um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa, nr. 9/1944.
20. Lög um skipakaup ríkisins, nr. 48/1945.
21. Lög um togarakaup ríkisins, nr. 109/1945.
22. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana vegna útflutnings á afurðum bátaútvegsins, nr. 46/1946.
23. Lög um smíði tveggja þilfara togara í tilraunaskyni, nr. 16/1948.
24. Lög um fiskiðjuver ríkisins í Reykjavík, nr. 52/1949.
25. Lög um að reisa stöð til hagnýtingar efna úr síldarsoði, nr. 21/1950.
26. Lög um togarakaup ríkisins, nr. 50/1950.
27. Lög um viðauka við lög nr. 50 25. maí 1950, um togarakaup ríkisins, nr. 88/1950.
28. Lög um síldarleit úr lofti, nr. 56/1954.
29. Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að kaupa togarann Vilborgu Herjólfsdóttur, nr. 49/1955.
30. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til togarakaupa fyrir Neskaupstað, nr. 50/1955.
31. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til togarakaupa fyrir Bæjarútgerð Reykjavíkur, nr. 84/1956.

32. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til skipakaupa, lántöku og sérstakra ráðstafana í útgerðarmálum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, nr. 94/1956.
33. Lög um þátttöku Síldarverksmiðja ríkisins í útgerðarfélagi á Siglufirði, nr. 27/1963.
34. Lög um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, nr. 4/1967.
35. Lög um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar og ísvarinnar síldar af fjarlægum miðum sumarið 1968, nr. 16/1969.
36. Lög um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar og ísvarinnar síldar af fjarlægum miðum sumurin 1969 og 1970, nr. 64/1970.
37. Lög um kaup á skuttogurum, nr. 113/1972.
38. Lög um ráðstöfun eftirstöðva Olíusjóðs fiskiskipa, nr. 76/1976.
39. Lög um olíusjóð fiskiskipa, olíugjald o.fl., nr. 1/1983.

24. gr.

Lög er varða verslun.

1. Opið bréf innihaldandi nákvæmari ákvarðanir með tilliti til tilskipananna um þá íslensku kauphöndlun og skipaferðir, 28. desember 1836.
2. Lög um að selja kornvörur og kol eftir vigt, nr. 29/1877.
3. Lög um að selja salt eftir vigt, nr. 37/1902.
4. Lög um sölu á eggjum eftir vigt, nr. 21/1912.
5. Lög um þyngd bakarabrauða, nr. 11/1917.

25. gr.

Lög er varða iðnað.

1. Lög um heimild til að selja Húseiningum hf. húsnæði Tunnuverksmiðju ríkisins á Siglufirði, nr. 19/1977.
2. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna byggingar áburðarverksmiðju, nr. 88/1952.
3. Lög um kaup ríkissjóðs á hlutabréfum Áburðarverksmiðjunnar hf. sem eru í einkaeign, nr. 45/1968.

26. gr.

Lög er varða orkumál.

1. Lög um eignarnám á vatnsréttindum í Andakílsá o.fl., nr. 20/1921, 1., 3. og 4. gr.
2. Lög um heimild handa landsstjórninni til framkvæmda á rannsóknum til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna, nr. 73/1921.
3. Lög um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, nr. 92/1947, 2. gr.
4. Lög um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, nr. 34/1949, 2. gr.
5. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lánveitinga til Sogs- og Laxárvirkjana og til lántöku vegna sömu fyrirtækja, nr. 63/1950.
6. Lög um ný orkuver og nýja orkuveitu rafmagnsveitna ríkisins, nr. 12/1951, 2. gr.
7. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku í Alþjóðabankanum í Washington vegna Sogs- og Laxárvirkjana, nr. 74/1952.
8. Lög um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, nr. 65/1956, 2. gr.
9. Lög um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946 um virkjun Sogsins, nr. 35/1959.
10. Lög um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946 um virkjun Sogsins, nr. 51/1963.
11. Lög um heimild til lántöku fyrir raforkusjóð, nr. 54/1963.

27. gr.

Lög er varða veitingar og gistihúsarekstur.

1. Lög um byggingu gistihúss í Reykjavík, nr. 36/1946.

28. gr.

Lög er varða félög og stofnanir.

1. Lög um heimild fyrir Sláturfélag Suðurlands til að innkalla stofnbréf sín, nr. 13/1940.
2. Lög um heimild fyrir Sláturfélag Skagfirðinga til að innkalla stofnbréf sín, nr. 89/1945.

29. gr.

Lög er varða áfengi.

1. Lög um undanþágu frá lögum nr. 91 14. nóvember 1917, um aðflutningsbann á áfengi, nr. 3/1923.

30. gr.

Lög er varða réttarfar.

1. Opið bréf er lögleiðir á Íslandi með breytingum lög 30. nóvember 1857, um innkallanir í búum, 4. janúar 1861.
2. Lög um úrskurðarvald sáttanefnda, nr. 32/1911.
3. Lög um heimild til löggildingar á fulltrúum bæjarfógeta til þess að gegna eiginlegum dómarastörfum o.fl., nr. 79/1919.
4. Tilskipun um forgöngurétt ómyndugra o.fl., 19. desember 1821.
5. Lög um breyting á þeim tíma, er manntalsþing skulu háð, nr. 68/1921.
6. Lög um bráðabirgðabreyting á dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum, nr. 3/1973.

31. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 22. maí 1984 var samþykkt í sameinuðu Alþingi tillaga til þingsályktunar „um lagahreinsun og samræmingu gildandi laga“. Flutningsmenn tillögunnar voru þau Árni Gunnarsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Stefán Benediktsson, Davíð Aðalsteinsson og Guðrún Agnarsdóttir. Tillagan var samþykkt nokkuð breytt. Þingsályktunin er svofelld:

„Alþingi ályktar:

1. Að fela ríkisstjórninni að leita eftir samstarfi við Lagastofnun Háskóla Íslands um framhaldsvinnslu lagasafns með þeim hætti að
   a. fella nýja löggjöf inn í tölvuskráðan texta Lagasafns 1984, þannig að ávallt sé tiltækur réttur texti gildandi laga í landinu,
   b. undirbúa hreinsun úreltra ákvæða úr núgildandi lögum og gera tillögur um niðurfellingu lagabálka sem engum tilgangi þjóna lengur og fella má úr gildi og um greinar gildandi laga sem eðlilegt er og nauðsynlegt að samræma,
   c. gera reglugerðum sömu skil um brottfellingu og samræmingu og
   d. leggja á ráð um framtíðarskipun á útgáfu laga og reglugerða og alhliða upplýsingamiðlun um réttarreglur, enda verði tölvutækni hagnýtt eftir því sem kostur er og henta þykir.
2. Að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að maður verði ráðinn til framkvæmdar á þessu verkefni.
3. Að kjósa nefnd níu manna til ráðuneytis um framkvæmd framangreindra verkefna.“

Hinn 20. júní 1985 var kosin nefnd níu manna, er skyldu „vera til ráðuneytis um framkvæmd“ þeirra verkefna sem þingsályktunin fjallar um. Í nefndina voru kosin dr. Ármann Snævarr, fyrrv. hæstaréttardómari, Gils Guðmundsson, fyrrv. alþingismaður, Haraldur Blöndal hæstaréttarlögmaður, Hreinn Pálsson lögfræðingur, Margrét Rún Guð-

mundsdóttir blaðamaður, Már Pétursson héraðsdómari, nú bæjarfógeti og sýslumaður, Sigurður Líndal prófessor, Snædís Gunnlaugsdóttir dómarafulltrúi og Svala Thorlacius hæstaréttarlögmaður. Margrét Rún Guðmundsdóttir hefur ekki vegna fjarvista tekið þátt í störfum nefndarinnar. Ármann Snævarr hefur gegnt störfum formanns nefndarinnar, en ritarar hafa verið Már Pétursson og Svala Thorlacius.

Nefndin hefur talið það höfuðverkefni sitt að gera tillögur um lagahreinsun og setja fram ábendingar um samræmingu laga. Er þetta verkefni bæði víðtækt og vandasamt.

Ýmis lög um landbúnaðarmálefni voru afnumin með lögum nr. 108/1988.

Um 23. gr.

Í þessari grein er lagt til að allmörg lög og lagaákvæði, er varða fiskveiðar, sjávarútveg og siglingar, verði afnumin. Hefur notið við samstarfs við sjávarútvegsráðuneyti um samningu þessarar greinar. Lög þessi eru sundurleit að efni til.

1. Í 1. tölul. er lagt til að lög nr. 20/1901, með breytingalögum nr. 29/1902, um tilhögun á löggæslu við fiskveiðar í Norðursjónum, verði afnumin. Samningur sá frá 1882, sem liggur til grundvallar lögunum, var endurnýjaður 1967, sbr. C-deild Stjórnartíðinda 1969, bls. 23, og C- deild 1977, bls. 1, enda segir í 4. gr. laga nr. 20/1901: „Lög þessi . . . skulu vera í

gildi, meðan samningur sá stendur óhaggaður, er gerður var í Haag 6. maímán. 1882 um löggæslu við fiskveiðar fyrir utan landhelgi í Norðursjónum.“ Í þessu sambandi má benda á lög nr. 68/1981 þar sem sett eru ákvæði um aðild Íslands að samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi, sbr. samning 18. nóvember 1980, sem birtur er sem fylgiskjal með lögunum, sbr. að sínu leyti um fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi, lög nr. 48/1979. Í lögum nr. 34/1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, er ráðherra heimilað að setja reglur um þessar veiðar eftir því sem þörf þykir á, svo sem til samræmingar við reglur er gilda um veiðar íslenskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. Í 2. tölul. er lagt til að lög nr. 28/1902, um síldarnætur, verði afnumin. Innflutningur sá, sem hér um ræðir, er tilkynntur tollstjórum samkvæmt almennum lögum um innflutning varnings til landsins.
3. Lög nr. 37/1931, sbr. lög nr. 65/1932, sbr. 3. tölul., um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmissa ráðstafana vegna útflutnings á nýjum fiski, eru úrelt vegna breyttra þjóðfélagsaðstæðna.
4. Lög um útflutning saltaðrar síldar, nr. 70/1933, sbr. 5. tölul., og lög um útflutning á síldarmjöli, nr. 56/1935, sbr. 9. tölul., eru úrelt og raunar sumpart andstæð yngri löggjöf. Sama er um lög um veiði, sölu og útflutning á kola, nr. 19/1941, sbr. 14. tölul.
5. Lög um mat á fiskúrgangi, nr. 9/1935, sbr. 7. tölul., og lög um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum, nr. 92/1935, sbr. 10. tölul., eru úrelt og taka yngri lög og stjórnvaldsreglur til þessara málefna.
6. Þá eru ýmis lög um að reisa og starfrækja síldarverksmiðjur og um lán í því skyni, þ.e. lög nr. 66/1932, er varða Austurland, sbr. 4. tölul., lög nr. 15/1934 (Norðurland), sbr. 6. tölul., lög nr. 47/1935 (Raufarhöfn), sbr. 8. tölul., lög nr. 10/1938 og 42/1940 (Raufarhöfn og Siglufjörður), sbr. 11. og 12. tölul., og lög nr. 93/1942 (ný síldarverksmiðja), sbr. 16. tölul., og lög nr. 131/1941 (lántaka vegna síldarverksmiðja ríkisins), sbr. 15. tölul. Hafa þau þegar gegnt ætlunarverki sínu og má afnema.
7. Lög um síldartunnur, nr. 60/1940, sbr. lög nr. 46/1943, sbr. 13. tölul., eru um margt úrelt og ekki ástæða til að halda í þau, enda eru fullnægjandi heimildir annars staðar til að skipa því máli sem þar greinir.
8. Lög um olíugeyma o.fl., nr. 110/1943, sbr. 17. tölul. hafa naumast raunhæft gildi og virðist mega afnema þau.
9. Lög nr. 47/1943, sbr. 18. tölul., um fyrirmæli um samflot skipa voru miðuð við heimstyrjöldina síðari og hafa ekki raunhæft gildi.
10. Lög um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa, nr. 9/1944, sbr. 19. tölul., lög um skipakaup ríkisins, nr. 48/1945, sbr. 20. tölul., lög um togarakaup ríkisins nr. 109/1945, sbr. 21. tölul., og nr. 50/1950, sbr. 26. tölul., og viðaukalög nr. 88/1950, sbr. 27. tölul., lög um smíði tveggja þilfara togara í tilraunaskyni, nr. 16/1948, sbr. 23. tölul., lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa togarann Vilborgu Herjólfsdóttur, nr. 49/1955, sbr. 29. tölul., lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til skipakaupa o.fl. til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, nr. 94/1956, 32. tölul., lög um kaup á skuttogurum, nr. 113/1972, sbr. 37. tölul., hafa öll gegnt því hlutverki sem þeim var ætlað. Virðist af þeirri ástæðu mega afnema þau. Sama er um lög nr. 50/1955, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán vegna togarakaupa fyrir Neskaupstað, sbr. 30. tölul., og fyrir bæjarútgerð Reykjavíkur, nr. 84/1956, sbr. 31. tölul.
11. Þá eru nokkur önnur lög orðin úrelt eða hafa ekki raunhæft gildi lengur, þ.e. lög um fiskiðjuver ríkisins í Reykjavík, nr. 52/1949, sbr. 24. tölul., lög um að reisa stöð til hagnýtingar efna úr síldarsoði, nr. 21/1950, sbr. 25. tölul., svo og lög um þátttöku Síldarverksmiðja ríkisins í útgerðarfélagi í Siglufirði, nr. 27/1963, sbr. 33. tölul.

12. Lög nr. 56/1954, um síldarleit í lofti, sbr. 28. tölul., eru úrelt um margt og hafa ekki raunhæft gildi.
13. Lög er varða ráðstafanir vegna útflutnings á afurðum bátaútvegsins, nr. 46/1946, sbr. 22. tölul., og vegna sjávarútvegsins nr. 4/1967, sbr. 34. tölul., hafa ekki raunhæft gildi.
14. Lög nr. 16/1969, sbr. 35. tölul., og nr. 64/1970, sbr. 36. tölul., um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar og ísvarinnar síldar af fjarlægum miðum eru tímabundin og hafa ekki gildi lengur.
15. Lög nr. 1/1983, um olíusjóð fiskiskipa, olíugjald o.fl, sbr. 39. tölul., má afnema, með því að sjóðurinn mun í reynd hafa verið lagður niður 1976. Með sjóðakerfisbreytingunni árið 1986 með stoð í lögum nr. 24/1986 voru m.a. lög nr. 54/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum felld niður.

Um 24. gr.

Með lögum nr. 20/1988 voru afnumin ýmis lög um viðskiptamál. Hér er tillaga um afnám opins bréfs frá 28. desember 1836 varðandi verslun og skipaferðir sem hefur ekki raunhæft gildi. Lög nr. 29/1877, 21/1912, 37/1902 og 11/1917 um sölu ýmissa vara eftir þyngd (vigt) eru greind hér samkvæmt tillögu viðskiptaráðuneytis, en í ábendingu ráðuneytisins segir: „Ákvæði þessara laga hafa nú verið leyst af hólmi með ákvæðum verðlagslaga og reglugerðum settum samkvæmt þeim.“

Um 25. gr.

Með lögum nr. 33/1989 voru afnumin ýmis lög um iðnaðarmálefni. Í þessari grein er lagt til, að höfðu samráði við iðnaðarráðuneyti, að þrenn lög til viðbótar verði afnumin. Hafa þau öll gegnt því hlutverki sem þeim var ætlað.

Um 26. gr.

Með lögum nr. 33/1989 voru afnumin nokkur lög er varða orkumál. Nefndin hefur kynnt sér álitsgerðir Orkustofnunar og Rafmagnsveitna ríkisins um afnám laga á þessu sviði. Efni 26. gr. tekur mið af þeim og samráði við iðnaðarráðuneyti. Annars vegar er hér lagt til að lög, er gegnt hafa til hlítar hlutverki sínu, verði afnumin, sbr. 2. tölul. og að mestu 1. tölul., en í flestum tilvikum er um það að ræða, að mælt er fyrir um afnám ýmissa lagaákvæða, er varða lántökur til virkjana. Í þessu efni er miðað við lántökuheimildir sem eru 25 ára gamlar eða eldri, en í flestum þeim tilvikum eru lánin greidd upp eða verða það mjög á næstunni. Í nokkrum tilvikum hafa stofnanir þær, er að framan greinir, ekki verið á einu máli um hvort heimildir til virkjana ætti að afnema. Er þá yfirleitt valin sú leið í tillagnagerð nefndarinnar að láta við lögin sitja og hagga ekki við gildi þeirra.

Um 27. gr.

Hér er lagt til að lög um byggingu gistihúss í Reykjavík, nr. 36/1946, verði afnumin. Þeim hefur ekki verið beitt og hafa þau ekki raunhæft gildi.

Um 28. gr.

Lagt er til í þessari grein að lög nr. 13/1940 og 89/1945 um innköllun stofnbréfa í tveimur sláturfélögum verði afnumin. Þau hafa þegar gegnt því hlutverki sem til var ætlast.

Um 29. gr.

Lög nr. 3/1923 um undanþágu frá lögum um aðflutningsbann á áfengi eru löngu úrelt og ber að afnema þau.

Ekki er hreyft hér við ákvæðum hegningarlaga almennt, en um það vísast til almennra athugasemda í greinargerð þessari.

Um 30. gr.

Í 1. tölul. er lagt til að opið bréf 4. janúar 1861, um innkallanir í búum, verði afnumið. Þess er ekki þörf, miðað við yngri löggjöf um það efni.

Í 2. tölul. er kveðið á um að lög nr. 32/1911, um úrskurðarvald sáttanefnda, verði felld úr gildi. Sáttanefndir voru afnumdar með lögum nr. 28/1981. Er grundvöllur undir lögum nr. 32 1911 því hruninn. Lögin eru að vísu meðal laga er lög nr. 90/1989, um aðför, afnema en gildistaka þeirra laga er 1. júlí 1992. Er réttmætt að afnema lögin formlega nú þegar.

Í 3. og 6. tölul. er lagt til að lög nr. 79/1919, um fulltrúa bæjarfógeta, og lög nr. 3/1973, um bráðabirgðabreytingu á dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum o.fl., verði afnumin. Hvort tveggja lög eru að vísu afnumin með lögum nr. 92/1989 er taka þó ekki gildi fyrr en 1. júlí 1992. Er ástæðulaust að bíða með brottfellingu laganna til þess að greind lög taki gildi.

Í 4. tölul. er mælt fyrir um að tilskipun um forgangsrétt ómyndugra frá 19. desember 1821 verði afnumin. Hefur það lagaboð ekki framar gildi, sbr. við yngri löggjöf um þetta efni.

Í 5. tölul. er lagt til að lög 68/1921 um manntalsþing verði afnumin, enda hafa þau ekki gildi lengur.

Samráð hefur verið haft við dómsmálaráðuneyti um efni þessarar greinar.

Um 31. gr.

Þarfnast ekki athugasemda.

Aldursröð þeirra laga sem lagt er til að brott falli í frumvarpi til laga um brottfall nokkurra laga og lagaákvæða.

Tilvísun í svigum á við grein í frumvarpinu.

Konungsbréf 10. desember 1646 (16. gr., 1. tölul.).
Dönsku lög Kristjáns fimmta 15. apríl 1683 2. bók, 2. kap. 5. gr. og 11. kap. 13. gr. (16. gr., 2. tölul.).
Konungsbréf 11. maí 1708 (16. gr., 3. tölul.).
Kammerréttarskipun 18. mars 1720 (5. gr., 1. tölul.).
Konungsbréf 9. maí 1738 (16. gr., 4. tölul.).
Konungsbréf 6. maí 1740 (16. gr., 5. tölul.).
Konungsbréf 7. október 1740 (16. gr., 6. tölul.).
Konungsbréf 27. febrúar 1756 (16. gr., 7. tölul.).
Tilskipun 3. apríl 1771 (2. gr., 1. tölul.).
Opið bréf 23. janúar 1789 (2. gr., 2. tölul.).
Tilskipun 28. desember 1792 (2. gr., 3. tölul.).
Tilskipun 30. janúar 1793 (5. gr., 2. tölul.).
Opið bréf 10. apríl 1795 (5. gr., 3. tölul.).
Tilskipun 16. júlí 1817 (4. gr., 3. tölul.).
Kansellíumburðarbréf 16. nóvember 1819 (5. gr., 4. tölul.).
Tilskipun 19. desember 1821 (30. gr., 4. tölul.).
Konungsbréf 3. janúar 1823 (2. gr., 4. tölul.).
Kansellíbréf 17. maí 1823 (5. gr., 5. tölul.).
Opið bréf 23. nóvember 1827 (5. gr., 6. tölul.).
Tilskipun 21. desember 1831 (2. gr., 5. tölul.).
Opið bréf 28. desember 1836 (24. gr., 1. tölul.).
Opið bréf 10. febrúar 1847 (5. gr., 7. tölul.).
Tilskipun 31. maí 1855 (3. gr., 1. tölul.).

Opið bréf 31. maí 1855 (3. gr., 2. tölul.).
Opið bréf 4. janúar 1861 (30. gr., 1. tölul.).
Konungsúrskurður 23. desember 1864 (2. gr., 6. tölul.).
Lög 17. apríl 1868 (19. gr., 8. tölul.).
Lög 3/1876 (20. gr., 1. tölul.).
Lög 29/1877 (24. gr., 2. tölul.).
Lög 4/1880 (3. gr., 3. tölul.).
Lög 13/1884 (3. gr., 4. tölul.).
Lög 21/1890 (16. gr., 8. tölul.).
Lög 14/1891 (20. gr., 2. tölul.).
Lög 35/1891 (22. gr., 1. tölul.).
Lög 12/1894 (22. gr., 2. tölul.).
Lög 36/1895 (3. gr., 4. tölul.).
Lög 9/1896 (20. gr., 3. tölul.).
Lög 2/1898 (18. gr., 1. tölul.).
Lög 3/1898 (18. gr., 2. tölul.).
Lög 13/1899 (19. gr., 9. tölul.).
Lög 18/1901 (21. gr., 1. tölul.).
Lög 20/1901 (23. gr., 1. tölul.).
Lög 28/1902 (23. gr., 2. tölul.).
Lög 29/1902 (23. gr., 1. tölul.).
Lög 30/1902 (14. gr., 1. tölul.).
Lög 37/1902 (24. gr., 3. tölul.).
Lög 20/1903 (4. gr., 1. tölul.).
Lög 49/1903 (20. gr., 4. tölul.).
Lög 4/1904 (3. gr., 5. tölul.).
Lög 5/1904 (3. gr., 6. tölul.).
Tilskipun 12/1904 (2. gr., 7. tölul.).
Lög 24/1905 (21. gr., 2. tölul.).
Lög 28/1905 (3. gr., 7. tölul.).
Lög 48/1907 (3. gr., 8. tölul.).
Lög 49/1907 (3. gr., 9. tölul.).
Lög 60/1907 (15. gr., 1. tölul.).
Lög 64/1907 (21. gr., 1. tölul.).
Lög 57/1909 (18. gr., 3. tölul.).
Lög 32/1911 (30. gr., 2. tölul.).
Lög 36/1911, 5. gr. (3. gr., 10. tölul.).
Lög 42/1911 (21. gr., 3. tölul.).
Lög 21/1912 (24. gr., 4. tölul.).
Lög 53/1913 (19. gr., 2. tölul.).
Lög 41/1914 (19. gr., 2. tölul.).
Lög 11/1917 (24. gr., 5. tölul.).
Lög 57/1917 (21. gr., 1. tölul.).
Tilskipun 16/1918 (5. gr., 8. tölul.).
Lög 26/1918, 2. gr. 2. málsl. (21. gr., 5. tölul.).
Lög 32/1918 (21. gr., 4. tölul.).
Lög 58/1919 (21. gr., 6. tölul.).
Lög 79/1919 (30. gr., 3. tölul.).
Lög 16/1920 (7. gr., 1. tölul.).

Lög 20/1921, 1., 3. og 4. gr. (26. gr., 1. tölul.).
Lög 68/1921 (30. gr., 5. tölul.).
Lög 73/1921 (26. gr., 2. tölul.).
Lög 3/1923 (29. gr., 1. tölul.).
Lög 47/1925 (5. gr., 9. tölul.).
Lög 49/1927 (21. gr., 7. tölul.).
Lög 48/1928, 1. gr. 2. mgr. og 4. gr. (21. gr., 9. tölul.).
Lög 60/1928 (14. gr., 2. tölul.).
Lög 57/1929 (15. gr., 2. tölul.).
Lög 28/1931 (21. gr., 8. tölul.).
Lög 37/1931 (23. gr., 3. tölul.).
Lög 16/1932 (13. gr., 1. tölul.).
Lög 17/1932 (13. gr., 2. tölul.).
Lög 41/1932 (9. gr., 1. tölul.).
Lög 65/1932 (23. gr., 3. tölul.).
Lög 66/1932 (23. gr., 4. tölul.).
Lög 49/1933 (21. gr., 1. tölul.).
Lög 70/1933 (23. gr., 5. tölul.).
Lög 15/1934 (23. gr., 6. tölul.).
Lög 9/1935 (23. gr., 7. tölul.).
Lög 47/1935 (23. gr., 8. tölul.).
Lög 56/1935 (23. gr., 9. tölul.).
Lög 92/1935 (23. gr., 10. tölul.).
Lög 122/1935 (14. gr., 3. tölul.).
Lög 23/1936, 1. gr. (21. gr., 9. tölul.).
Lög 10/1938 (23. gr., 11. tölul.).
Lög 21/1938 (13. gr., 3. tölul.).
Lög 98/1938 (14. gr., 7. tölul.).
Lög 13/1940 (28. gr., 1. tölul.).
Lög 42/1940 (23. gr., 12. tölul.).
Lög 60/1940 (23. gr., 13. tölul.).
Lög 19/1941 (23. gr., 14. tölul.).
Lög 45/1941, 1. gr. 2. mgr., 2. gr. og 4. gr. (21. gr., 10. tölul.).
Lög 63/1941 (21. gr., 11. tölul.).
Lög 82/1941 (7. gr., 2. tölul.).
Lög 94/1941 (14. gr., 4. tölul.).
Lög 131/1941 (23. gr., 15. tölul.).
Lög 55/1942 (9. gr., 2. tölul.).
Lög 71/1942 (7. gr., 3. tölul.).
Lög 74/1942 (10. gr., 19. tölul.).
Lög 93/1942 (23. gr., 16. tölul.).
Lög 43/1943 (4. gr., 5. tölul.).
Lög 46/1943 (23. gr., 13. tölul.).
Lög 47/1943 (23. gr., 18. tölul.).
Lög 110/1943 (23. gr., 17. tölul.).
Lög 9/1944 (23. gr., 19. tölul.).
Lög 60/1944, 1. gr. 2. mgr., 2. gr. og 4. gr. (21. gr., 12. tölul.).
Lög 48/1945 (23. gr., 20. tölul.).
Lög 55/1945 (14. gr., 5. tölul.).

Lög 89/1945 (28. gr., 2. tölul.).
Lög 109/1945 (23. gr., 21. tölul.).
Lög 10/1946 (5. gr., 10. tölul.).
Lög 36/1946 (27. gr., 1. tölul.).
Lög 42/1946 (21. gr., 13. tölul.).
Lög 46/1946 (23. gr., 22. tölul.).
Lög 3/1947 (10. gr., 20. tölul.).
Lög 57/1947, 1. gr. 2. mgr. 1. málsl. (21. gr., 14. tölul.).
Lög 67/1947 (5. gr., 11. tölul.).
Lög 92/1947, 2. gr. (26. gr., 3. tölul.).
Lög 16/1948 (23. gr., 23. tölul.).
Lög 17/1949, 1. gr. 2. mgr. 1. málsl. 2. gr. og 4. gr. (21. gr., 15. tölul.).
Lög 34/1949, 2. gr. (26. gr., 4. tölul.).
Lög 37/1949 (13. gr., 4. tölul.).
Lög 52/1949 (23. gr., 24. tölul.).
Lög 109/1949, 1. gr. 2. mgr. 1. málsl. (21. gr., 16. tölul.).
Lög 21/1950 (23. gr., 25. tölul.).
Lög 22/1950 (5. gr., 12. tölul.)
Lög 50/1950 (23. gr., 26. tölul.).
Lög 63/1950 (26. gr., 5. tölul.).
Lög 88/1950 (23. gr., 27. tölul.).
Lög 12/1951, 2. gr. (26. gr., 6. tölul.).
Lög 21/1952 (5. gr., 15. tölul.).
Lög 74/1952 (26. gr., 7. tölul.).
Lög 88/1952 (25. gr., 2. tölul.).
Lög 74/1953 (5. gr., 13. tölul.).
Lög 33/1954, 1. gr. 2. mgr. og 2. gr. 2. mgr. (20. gr., 6. tölul.).
Lög 56/1954 (23. gr., 28. tölul.).
Lög 94/1954 (21. gr., 17. tölul.).
Lög 30/1955, 1. gr. 2. mgr. 1. málsl. og 2. gr. (21. gr., 18. tölul.).
Lög 49/1955 (23. gr., 29. tölul.).
Lög 50/1955 (23. gr., 30. tölul.).
Lög 10/1956 (10. gr., 17. tölul.).
Lög 30/1956 (4. gr., 2. tölul.).
Lög 65/1956, 2. gr. (26. gr., 8. tölul.).
Lög 84/1956 (23. gr., 31. tölul.).
Lög 94/1956 (23. gr., 32. tölul.).
Lög 44/1957 (5. gr., 14. tölul.).
Lög 19/1958 (5. gr., 14. tölul.).
Lög 1/1959 (15. gr., 3. tölul.).
Lög 29/1959 (21. gr., 19. tölul.).
Lög 35/1959 (26. gr., 9. tölul.).
Lög 4/1960, 2.–6. gr., 19. gr. og 20. gr. (6. gr., 1. tölul.).
Lög 99/1961 (19. gr., 10. tölul.).
Lög 103/1961 (11. gr., 1. tölul.).
Lög 6/1962 (11. gr., 2. tölul.).
Lög 28/1962 (7. gr., 4. tölul.).
Lög 48/1962 (11. gr., 3. tölul.).
Lög 73/1962 (8. gr., 4. tölul.).

Lög 9/1963 (19. gr., 11. tölul.).
Lög 27/1963 (23. gr., 33. tölul.).
Lög 51/1963 (26. gr., 10. tölul.).
Lög 54/1963 (26. gr., 11. tölul.).
Lög 6/1964, bráðabirgðaákvæði (4. gr., 4. tölul.).
Lög 43/1964 (8. gr., 1. tölul.).
Lög 23/1965 (11. gr., 4. tölul.).
Lög 33/1965 (8. gr., 2. tölul.).
Lög 61/1965 (8. gr., 5. tölul.).
Lög 73/1965 (14. gr., 6. tölul.).
Lög 26/1966 (11. gr., 5. tölul.).
Lög 27/1966 (11. gr., 6. tölul.).
Lög 44/1966 (13. gr., 5. tölul.).
Lög 65/1966 (19. gr., 1. tölul.).
Lög 70/1966 (8. gr., 3. tölul.).
Lög 91/1966 (8. gr., 7. tölul.).
Lög 93/1966 (8. gr., 3. tölul.).
Lög 4/1967 (23. gr., 34. tölul.).
Lög 26/1967 (11. gr., 7. tölul.).
Lög 44/1967 (10. gr., 1. tölul.).
Lög 46/1967 (10. gr., 2. tölul.).
Lög 55/1967 (10. gr., 3. tölul.).
Lög 56/1967 (10. gr., 4. tölul.).
Lög 57/1967 (10. gr., 5. tölul.).
Lög 69/1967. (7. gr., 5. tölul.).
Lög 74/1967 (7. gr., 6. tölul.).
Lög 79/1967 (7. gr., 7. tölul.).
Lög 5/1968, 6. gr. og 7. gr. 1., 3. og 4. tölul. (17. gr., 1. tölul.). ’
Lög 17/1968 (8. gr., 6. tölul.).
Lög 24/1968 (11. gr., 8. tölul.).
Lög 45/1968 (25. gr., 3. tölul.).
Lög 74/1968 (7. gr., 8. tölul.).
Lög 83/1968 (7. gr., 9. tölul.).
Lög 8/1969 (11. gr., 9. tölul.).
Lög 11/1969 (10. gr., 6. tölul.).
Lög 16/1969 (23. gr., 35. tölul.).
Lög 23/1969 (11. gr., 10. tölul.).
Lög 44/1969 (10. gr., 7. tölul.).
Lög 60/1969 (8. gr., 8. tölul.).
Lög 64/1969 (10. gr., 8. tölul.).
Lög 16/1970 (10. gr., 18. tölul.).
Lög 34/1970 (11. gr., 11. tölul.).
Lög 64/1970 (23. gr., 36. tölul.).
Lög 99/1970 (15. gr., 4. tölul.).
Lög 3/1971 (15. gr., 5. tölul.).
Lög 29/1971 (11. gr., 12. tölul.).
Lög 82/1971 (11. gr., 13. tölul.).
Lög 99/1971 (19. gr., 5. tölul.).
Lög 5/1972 (10. gr., 9. tölul.).

Lög 9/1972 (10. gr., 10. tölul.).
Lög 10/1972 (10. gr., 11. tölul.).
Lög 26/1972 (11. gr., 14. tölul.).
Lög 37/1972 (10. gr., 12. tölul.).
Lög 62/1972 (7. gr., 10. tölul.).
Lög 83/1972 (11. gr., 15. tölul.).
Lög 93/1972 (8. gr., 9. tölul.).
Lög 97/1972 (7. gr., 11. tölul.).
Lög 113/1972 (23. gr., 37. tölul.).
Lög 3/1973 (30. gr., 6. tölul.).
Lög 6/1973 (15. gr., 6. tölul.).
Lög 8/1973 (11. gr., 16. tölul.).
Lög 9/1973 (13. gr., 6. tölul.).
Lög 33/1973 (10. gr., 13. tölul.).
Lög 64/1973 (10. gr., 14. tölul.).
Lög 67/1973 (10. gr., 15. tölul.).
Lög 91/1973 (11. gr., 17. tölul.).
Lög 105/1973 (21. gr., 20. tölul.).
Lög 11/1974 (11. gr., 18. tölul.).
Lög 13/1974 (8. gr., 10. tölul.).
Lög 37/1974 (11. gr., 19. tölul.).
Lög 48/1974 (19. gr., 6. tölul.).
Lög 78/1974 (7. gr., 12. tölul.).
Lög 92/1974 (11. gr., 20. tölul.).
Lög 104/1974 (8. gr., 11. tölul.).
Lög 106/1974 (7. gr., 13. tölul.).
Lög 2/1975 (7. gr., 14. tölul.).
Lög 9/1975 (11. gr., 21. tölul.).
Lög 11/1975 (11. gr., 22. tölul.).
Lög 13/1975 (15. gr., 7. tölul.).
Lög 15/1975 (11. gr., 23. tölul.).
Lög 16/1975 (8. gr., 12. tölul.).
Lög 36/1975 (19. gr., 7. tölul.).
Lög 55/1975 (7. gr., 15. tölul.).
Lög 89/1975 (11. gr., 24. tölul.).
Lög 96/1975 (12. gr., 1. tölul.).
Lög 69/1976 (11. gr., 25. tölul.).
Lög 70/1976 (8. gr., 13. tölul.).
Lög 75/1976 (10. gr., 16. tölul.).
Lög 76/1976 (23. gr., 38. tölul.).
Lög 116/1976 (11. gr., 26. tölul.).
Lög 19/1977 (25. gr., 1. tölul.).
Lög 82/1977 (11. gr., 27. tölul.).
Lög 2/1978 (7. gr., 16. tölul.).
Lög 3/1978 (11. gr., 28. tölul.).
Lög 103/1978 (6. gr., 2. tölul.).
Lög 109/1978 (6. gr., 3. tölul.).
Lög 120/1978 (8. gr., 14. tölul.).
Lög 121/1978 (6. gr., 4. tölul.).

Lög 13/1979, 26. gr. (6. gr., 5. tölul.).
Lög 20/1979 (11. gr., 29. tölul.).
Lög 22/1979 (7. gr., 17. tölul.).
Lög 98/1979 (12. gr., 2. tölul.).
Lög 9/1980 (8. gr., 15. tölul.).
Lög 28/1980 (8. gr., 16. tölul.).
Lög 74/1980 (19. gr., 4. tölul.).
Lög 8/1981 (19. gr., 3. tölul.).
Lög 10/1981 (6. gr., 6. tölul.).
Lög 12/1981 (6. gr., 7. tölul.).
Lög 13/1981 (11. gr., 27. tölul.).
Lög 37/1981 (8. gr., 17. tölul.).
Lög 81/1981 (7. gr., 18. tölul.).
Lög 7/ 1982 (7. gr., 19. tölul.).
Lög 28/1982 (7. gr., 20. tölul.).
Lög 60/1982. (8. gr., 18. tölul.).
Lög 1/1983 (23. gr., 39. tölul.).
Lög 2/1983 (6. gr., 8. tölul.).
Lög 25/1983 (8. gr., 19. tölul.).
Lög 23/1984 (12. gr., 3. tölul.).
Lög 35/1984 (10. gr., 21. tölul.).
Lög 37/1984 (10. gr., 22. tölul.).
Lög 43/1984, 1.–3. gr., 7. gr. og 26.–29. gr. (12. gr., 4. tölul.).
Lög 15/1985 (10. gr., 23. tölul.).
Lög 48/1985 (12. gr., 5. tölul.).
Lög 60/1988 (10. gr., 24. tölul.).

Sþ. 672. Skýrsla [325. mál]

utanríkisráðherra um samskipti stjórnvalda á Íslandi og í Bandaríkjum Norður-Ameríku um hvalveiðimál, um samning milli Íslands og Bandaríkjanna um fiskveiðar undan ströndum Bandaríkjanna og um svonefnt Andramál, samkvæmt beiðni.

I. Tilraunir bandarískra stjórnvalda til að hafa áhrif á afstöðu Íslands til samþykktar Alþjóðahvalveiðiráðsins um tímabundna stöðvun hvalveiða.

1. Á ársfundi Alþjóðahvalveiðiráðsins 1982 var samþykkt breyting á 10. gr. fylgiskjals (schedule) með alþjóðasáttmálanum frá 2. desember 1946 um skipan hvalveiða[1] þar sem eftirfarandi grein (10 e) um núll-kvóta o.fl. (stöðvun hvalveiða í atvinnuskyni) bættist við:

> Þrátt fyrir önnur ákvæði 10. gr. skulu aflamörk vegna veiða á hvölum í atvinnuskyni úr öllum stofnum vera núll frá og með vertíðinni 1986 frá strandstöðvum og frá og með vertíðum 1985/86 á úthafsveiðum. Þetta ákvæði mun verða til endurskoðunar, sem byggð skal á bestu vísindalegri ráðgjöf, og eigi síðar en 1990 mun ráðið framkvæma heildarendurmat á áhrifum þessarar ákvörðunar á hvalastofna og taka til athugunar hvort breyta eigi ákvæðinu og setja önnur aflamörk.

Samþykkt þessi hefur ýmist verið nefnd samþykkt um bann við hvalveiðum í atvinnuskyni eða stöðvun hvalveiða í atvinnu- eða ábataskyni. Samþykktin tekur ekki til hvalveiða

frumbyggja, „aboriginal/subsistence whaling“, og útilokar ekki heimild til hvalveiða í vísindaskyni.

2. Samkvæmt 5. gr. sáttmálans er hverju aðildarríki frjálst að mótmæla slíkri breytingu þannig að hún bindi það ríki ekki. Frestur til að mótmæla breytingunni rann út 2. febrúar 1983.

3. Hinn 17. janúar 1983 flutti Eiður Guðnason tillögu á Alþingi til þingsályktunar um að mótmæla samþykktinni.[2]

4. Ríkisstjórn Íslands ræddi hugsanleg mótmæli á fundum sínum í lok janúar 1983 og var afstaða ríkisstjórnarinnar sú að ákvörðun þar að lútandi væri á forræði sjávarútvegsráðherra. Sjávarútvegsráðherra lýsti því yfir á Alþingi að hann hygðist mótmæla samþykktinni, en hann mundi hins vegar hlíta niðurstöðu Alþingis þar sem fyrir lægi þingsályktunartillaga um málið, þ.e. að hann mundi ekki senda mótmæli ef sú yrði niðurstaða Alþingis að það skyldi ekki gert.[3]

5. Strax eftir fund Alþjóðahvalveiðiráðsins var farið að kanna afleiðingar hugsanlegra mótmæla af Íslands hálfu. Leitast var m.a. fyrir um afstöðu bandarískra stjórnvalda, en vísbending um hana kom fram í bréfi sendiráðs Bandaríkjanna til sjávarútvegsráðherra 2. nóvember 1982. Þar sagði m.a. „að ríkisstjórn Bandaríkjanna væri afar mikil alvara í afstöðu sinni til hvalveiðimála og [sjávarútvegsráðherra] ætti að taka tillit til hennar við athugun á sameiginlegum hagsmunamálum“. Í bréfinu var lýst yfir því að bandarísk stjórnvöld yrðu fyrir miklum þrýstingi um að beita refsiaðgerðum gegn Íslandi samkvæmt bandarískum lögum ef samþykktinni yrði mótmælt. Í lok bréfsins segir síðan orðrétt að „mótmæli við samþykkt um tímabundna stöðvun hvalveiða ... gætu auðveldlega leitt til alvarlegra vandamála“.

6. Fyrrgreind afstaða var nánar tilkynnt í bréfi frá Kenneth Dam, starfandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, til utanríkisráðherra Íslands, dags. 29. janúar 1983. Sjá fylgiskjal I. Í bréfinu var hart lagt að ríkisstjórn Íslands að mótmæla ekki samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins og koma þar með í veg fyrir hugsanleg vandkvæði í nánum samskiptum ríkjanna og auðvelda framtíðarsamvinnu í fiskveiðimálum.

7. Á fundi sendiherra Bandaríkjanna í Reykjavík og utanríkisráðherra 31. janúar 1983 voru tilmælin sem fram komu í fyrrgreindu bréfi áréttuð. Sjá frásögn um fundinn í fylgiskjali II. Á fundinum minntist sendiherrann á ákvæði í bandarískri löggjöf sem beita ætti ef ekki yrði farið eftir samþykktum Alþjóðahvalveiðiráðsins. Enn fremur ræddi hann hugsanlega samvinnu milli Íslands og Bandaríkjanna á sviði fiskvinnslu og fiskveiða. Hann sagði að Bandaríkin væru reiðubúin til að heimila íslenskum skipum aðgang að bandarískri landhelgi og löndun í bandarískum höfnum. Hann benti á að ákvæði bandarískra laga mundu koma í veg fyrir þess háttar samvinnu ef samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins yrði mótmælt.

8. Svo fór að Alþingi samþykkti 2. febrúar 1983 ályktun um að mótmæla ekki samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins[4] og fór ríkisstjórnin eftir þeim tilmælum Alþingis.

II. Áhrif hugsanlegrar fiskveiðisamvinnu milli Íslands og Bandaríkjanna á ákvörðun um að mótmæla ekki samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins.

9. Hér að framan er getið ummæla fulltrúa bandarískra stjórnvalda um hugsanlega samvinnu í fiskveiðimálum. Auk þess kom sérstakur sendimaður bandarískra utanríkisráðuneytisins til landsins í janúarmánuði 1983 og kynnti fyrir íslenskum stjórnvöldum það fyrirkomulag sem gilti um veiðar útlendinga í bandarískri lögsögu. Eins og fyrr segir var ákvörðun um að mótmæla ekki samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins byggð á ályktun Alþingis. Erfitt er að dæma af umræðum á Alþingi hvaða áhrif þessar upplýsingar höfðu á afstöðu einstakra þingmanna eða að hve miklu leyti þingmenn höfðu í huga þær samningaumleitanir

sem leiddu nærri tveimur árum síðar til samnings Íslands og Bandaríkjanna um fiskveiðar undan ströndum Bandaríkjanna. Vísað er til umræðna á Alþingi 27. janúar og 2. febrúar 1983.[5]

10. Hins vegar var í umræðum um þingsályktunartillögu um athugun á möguleikum íslenskra fiskiskipa til veiða í erlendri fiskveiðilandhelgi[6] allmikið fjallað um tilmæli bandarískra stjórnvalda frá því í janúar 1983. Í greinargerð með tillögunni segir m.a.:

> Þegar umræðan um stöðvun hvalveiða stóð sem hæst á Alþingi barst óformlegt boð frá Bandaríkjunum þess efnis að íslensk skip gætu fengið veiðiheimildir við strendur Bandaríkjanna gegn því að Íslendingar létu af hvalveiðum. Síðan mun hafa borist staðfesting á þessu boði og málið sent LÍÚ til umsagnar. Er flutningsmönnum kunnugt um að undirtektir útvegsmanna eru jákvæðar.

Vísað er til umræðna á Alþingi um tillöguna 26. janúar 1984.[7]

11. Tillagan var samþykkt sem ályktun Alþingis 10. apríl 1984 í svohljóðandi breyttri mynd:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna möguleika á öflun veiðileyfa fyrir íslensk fiskiskip í fiskveiðilögsögu annarra ríkja, t.d. við Norður-Ameríku og Vestur-Afríku.[8]

12. Samningur um fiskveiðar undan ströndum Bandaríkjanna var gerður 21. september 1984 og tók gildi 16. nóvember sama ár.[9] Samningurinn er birtur sem fylgiskjal III. Í fréttatilkynningu utanríkisráðuneytisins nr. 23/1984 segir að samningurinn hafi verið gerður í samræmi við fyrrgreinda ályktun Alþingis um veiðar íslenskra skipa í erlendri fiskveiðilögsögu. Fréttatilkynningin er birt sem fylgiskjal IV.

III. Afskipti íslenskra stjórnvalda af svonefndu Andramáli.

13. Þær umleitanir, sem leiddu til fyrrgreinds samnings við Bandaríkin frá 1984, voru í framhaldi af könnun ýmissa íslenskra aðila í sjávarútvegi á fiskveiðitækifærum í bandarískri fiskveiðilögsögu.

14. Hugmynd Íslendinga var þá sú að nota þau skip, sem ekki gætu veitt hér við land allt árið, til að veiða við austurströnd Bandaríkjanna. Við nánari athugun reyndust möguleikar þar ekki vænlegir og beindist því áhugi að veiðum eða vinnslu við Alaska, en þar voru fiskstofnar vanný ir á þeim tíma. Íslensk stjórnvöld veittu talsverða fyrirgreiðslu við þessa könnun, m.a. fy .r milligöngu sendiráðs Íslands í Washington. Fiskveiðisamningurinn var gerður í tengslum við þessa vinnu, enda slíkur samningur forsenda fyrir samvinnu.

15. Það fyrirkomulag, sem samningurinn gerir ráð fyrir um veitingu vinnsluleyfis, er að finna í 1. og 2. mgr. 3. gr. samningsins þar sem segir:

1. Ríkisstjórn Bandaríkjanna er fús til þess að veita erlendum fiskiskipum heimild til að nýta samkvæmt skilmálum og skilyrðum sem ákveðin yrðu í leyfum, gefnum út skv. 7. gr., þann hluta alls leyfilegs afla á sérstökum fiskveiðum sem bandarísk fiskiskip munu ekki nýta og ákveðið er að erlend fiskiskip eigi kost á samkvæmt bandarískum lögum.
2. Ríkisstjórn Bandaríkjanna skal á hverju ári, með þeim breytingum sem kunna að eiga við og í samræmi við bandarísk lög, ákveða:
   a. allan leyfilegan afla af hverri tegund fiskveiða um sig, byggt á besta afla, með hliðsjón af bestu vísindalegu niðurstöðum, sem tiltækar eru, og félagslegum, efnahagslegum og öðrum atriðum sem máli skipta;
   b. nýtingargetu bandarískra fiskiskipa að því er snertir hverja tegund fiskveiða um sig;
   c. þann hluta alls leyfilegs afla á sérstökum fiskveiðum sem erlendum fiskiskipum verður veittur aðgangur að um skeið ár hvert; og
   d. úthlutun þess hluta sem fiskiskipum lýðveldisins Íslands, er uppfylla sett skilyrði, kann að verða gefinn kostur á.

16. Í 4. gr. eru talin upp nokkur atriði sem bandarísk stjórnvöld munu leggja til grundvallar ákvörðun um þann afla sem íslenskum aðilum verður veittur aðgangur að.

17. Í 7. gr. samningsins er gert ráð fyrir því að umsóknir um fiskveiðiheimildir komi frá íslenskum stjórnvöldum. Í 8. og 9. gr. er fjallað um ákveðið eftirlit íslenskra stjórnvalda með þeim aðilum sem nýta réttindi samkvæmt samningnum.

18. Sá háttur er hafður á framkvæmd 3. gr. samningsins að svæðisbundin fiskveiðiráð fjalla á hverju ári um leyfilegan hámarksafla hvers fiskstofns og um úthlutun til erlendra aðila og taka í því skyni afstöðu til umsókna sem borist hafa. Þau gera um þessi atriði tillögur til bandarískra viðskiptaráðuneytisins sem ber ábyrgð á heildarstjórnun fiskveiða í bandarískri fiskveiðilögsögu.

19. Þeir íslenskir aðilar, sem fyrst sýndu áhuga á að nýta sér réttindi samkvæmt samningnum, komust að þeirri niðurstöðu að veiðar gætu ekki orðið arðbærar á þeim forsendum sem þeir gáfu sér. Varð því ekki úr fiskveiðisamvinnu við Bandaríkin að sinni.

20. Aðrir aðilar sýndu fiskveiðisamvinnu áhuga á árunum frá 1985. Fyrir þeirra hönd var beðið um formlega athugun á málinu og þess óskað að íslensk stjórnvöld hlutuðust til um að koma á samvinnuverkefni fyrir þessa aðila. Var þeim bent á að eðlilegast væri að þeir útveguðu sér sjálfir umboðsmenn og samvinnuaðila í Bandaríkjunum. Íslensk stjórnvöld mundu hins vegar að tilmælum þeirra annast öll formleg tengsl vegna samningsins eins og gert er ráð fyrir í honum, m.a. umsókn um vinnsluheimildir. Íslensku aðilarnir komu á samstarfi við bandaríska aðila í fiskiðnaði sem veittu þeim margs konar upplýsingar um hugsanleg samstarfsverkefni og þróun þeirra.

21. Í lok ársins 1987 hafði sendiráð Íslands í Washington milligöngu um umsókn fyrir vinnsluskipið Olaf I Gardastofu til að taka þátt í samstarfsverkefni með bandarískum aðilum á árinu 1988. Af ýmsum ástæðum gat ekki orðið úr því verkefni þrátt fyrir aðstoð íslenskra stjórnvalda.

22. Í lok ársins 1988 óskuðu sömu aðilar, og nú m.a. í samvinnu við eigendur Andra hf., eftir því að íslensk stjórnvöld sæktu enn á ný um vinnsluheimild fyrir skip í íslenskri eigu við strendur Alaska. Fiskveiðiráð Norður-Kyrrahafs, sem er í Alaska, samþykkti beiðni um vinnsluheimild fyrir árið 1989 á fundi sínum í desember 1988.[10] Um þetta verkefni gerðu þeir samstarfssamning við bandarískt fyrirtæki, Associated Vessel Services, Inc.

23. Af ýmsum orsökum urðu umtalsverðar tafir á því að íslenskt skip gæti komist á vettvang og hafið vinnslu á árinu 1989 og lýstu bandarísku samstarfsaðilarnir áhyggjum sínum vegna þeirra. Íslensk stjórnvöld veittu margs konar aðstoð á þessu tímabili í samskiptum við bandarísk stjórnvöld sökum vandamála sem urðu vegna þessara tafa. Alþingi samþykkti lög til að heimila skráningu skipsins sem taka átti þátt í þessu verkefni.[11] Sjávarútvegsráðuneytið og utanríkisráðuneytið mæltu með setningu þeirra laga. Sjá fylgiskjöl V og VI. Endanleg vinnsluheimild var gefin út af hálfu bandarískra stjórnvalda 5. október 1989, en skipið kom ekki á vettvang fyrr en í lok desembermánaðar og tókst ekki að nýta nema örfá tonn.

24. Hinn 26. október 1989 var sótt um vinnsluleyfi fyrir þessa aðila árið 1990 á svipuðum afla og árið 1989.[12] Umsóknin var samþykkt, en í desemberbyrjun samþykkti fiskveiðiráð Norður-Kyrrahafs hins vegar áætlun fyrir árið 1990 þar sem tekið var fram að enginn þorskvinnslukvóti yrði veittur í Beringshafi í samvinnuverkefni við útlendinga.

25. Sendiráð Íslands í Washington sendi 7. desember 1989 orðsendingu til bandarískra utanríkisráðuneytisins þar sem hvatt var til þess að bandarísk stjórnvöld forðuðust allar aðgerðir sem gætu reynst samvinnuverkefni Íslendinga og Bandaríkjamanna skaðlegar.

26. Hinn 14. desember 1989 ritaði utanríkisráðherra bréf til Bakers, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, varðandi málið og var það afhent honum í Brussel. Í bréfinu lét utanríkisráðherra í ljós áhyggjur vegna málsins. Í bréfinu sagði að yrði ákvörðun fiskveiðiráðsins í Alaska

haldið til streitu mundi það hafa óbætanlegt tjón í för með sér fyrir viðkomandi íslenskt fyrirtæki og skaða samvinnu ríkjanna á þessu mikilvæga sviði. Jafnframt var minnt á orðsendingu sendiráðs Íslands í Washington 7. desember 1989 þar sem Bandaríkjastjórn var hvött til þess að forðast allar aðgerðir sem gætu reynst skaðlegar fyrir samvinnuverkefni Íslendinga og Bandaríkjamanna. Að lokum hvatti utanríkisráðherra til viðræðna sem fyrst til að finna lausn sem þjónaði hagsmunum beggja þjóða.

27. Hinn 4. janúar 1990 ritaði sjávarútvegsráðherra bréf til Mosbachers, viðskiptaráðherra Bandaríkjanna, þar sem látin var í ljós von um samvinnu til að leysa vandamálið sem leiddi af ákvörðun fiskveiðiráðsins.

28. Á tímabilinu 17. til 25. janúar 1990 fóru fram viðræður við bandarísk stjórnvöld undir forustu sendiherra Íslands í Washington, en í þeim tóku þátt auk starfsmanna sendiráðsins tveir fulltrúar utanríkisráðuneytisins auk aðstoðarmanns sjávarútvegsráðherra. Í lok viðræðnanna var beiðni íslenskra stjórnvalda um sérstaka fyrirgreiðslu hafnað, sbr. fréttatilkynningu utanríkisráðuneytisins nr. 8/1990. Sjá fylgiskjal VII.

29. Hraðar breytingar hafa orðið í bandarískum fiskiðnaði undanfarin ár. Í nýlegri fréttatilkynningu bandarískra stjórnvalda er nefnt sem dæmi að fyrir sex árum var enginn verksmiðjutogari í eigu Bandaríkjamanna, en árið 1989 voru þeir orðnir 60 talsins. Árið 1985 veiddu japönsk fiskiskip eina milljón lesta af fiski í bandarískri lögsögu en hefðu nú engar fiskveiðiheimildir. Árið 1987 veiddu erlend fiskiskip 80 af hundraði alls afla við strendur Bandaríkjanna en fengu nú einungis heimild til þess að vinna um 10 af hundraði heildaraflans.

30. Andra I var 26. janúar 1990 að nýju veitt leyfi til að taka þátt i samstarfsverkefnum með bandarískum fiskiskipum á árinu 1990 til vinnslu á þeim fisktegundum sem úthlutað var til verkefna með erlendum aðilum.

[1] Sjá samninga Íslands við erlend ríki nr. 62, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda nr. 55/1947.
[2] Tillaga til þingsályktunar um mótmæli gegn hvalveiðibanni. Þingskjal 93. Alþt. 1982-1983. A. (105. löggjafarþing).
[3] Alþt. 1982-1983. B. (105. löggjafarþing), 1669. dálkur.
[4] Alþt. 1982-1983. B. (105. löggjafarþing), 1680. dálkur. Ályktunin var svohljóðandi:
Alþingi ályktar að samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um takmörkun hvalveiða, sem kunngerð var með bréfi til ríkisstjórnarinnar dags. 2. september 1982, verði ekki mótmælt af Íslands hálfu.
[5] Alþt. 1982-1983. B. (105. löggjafarþing), 1578.–1703. dálkar.
[6] Þingskjal 82. Alþt. 1983-1984. A. (106. löggjafarþing).
[7] Alþt. 1983-1984. B. (106. löggjafarþing), 2367.–2380. dálkar.
[8] Þingskjal 597. Alþt. 1983-1984. A. (106. löggjafarþing).
[9] Sjá auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 16/1984. Samningurinn gilti til 1. júlí 1989, en var framlengdur til 1. júlí 1991 með orðsendingaskiptum milli ríkjanna dags. 23. nóvember 1988 og 17. janúar 1989.
[10] Vinnuslubeiðnin hljóðaði upp á vinnslu á 1800 mt af ufsa, 30.000 mt af Kyrrahafsþorski, 1700 mt af Atka-makríl og 1800 mt af sandkola.
[11] Lög nr. 27/1989, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa Köfunarstöðinni og Íslenska úthafsútgerðarfélaginu hf. innflutning á skipum.
[12] Í byrjun desember 1989 var leitað til sjávarútvegsráðuneytisins um að íslensk stjórnvöld legðu fram umsókn um vinnsluheimild fyrir M/S Bjornoey. Hinn 4. desember 1989 var sótt um heimild, en umsóknin var afturkölluð 7. desember 1989, m.a. vegna formgalla.

Fylgiskjal I.

Bréf starfandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna til utanríkisráðherra Íslands.
(29. janúar 1983.)

Dear Mr. Minister,

I understand that the Government of Iceland is considering whether to lodge an objection to the decision of the International Whaling Commission (IWC) for a moratorium on commercial whaling to begin by 1986.

We strongly urge Iceland to choose the course of not objecting to the IWC decision. The moratorium decision resulted from the strong support of the great majority of other nations. It is a clear expression of world opinion that throughout the history of whaling management decisions made in good faith have had disastrous results.

I make this suggestion in full awareness of the difficulties that it could cause for the Government of Iceland. At the same time, I believe that it would provide a basis for adding your very substantial contribution to conservation, removing a potential obstacle to our very close relationship, and allowing us to work together on future cooperative fisheries ventures.

Fylgiskjal II.

Frásögn af fundi sendiherra Bandaríkjanna og utanríkisráðherra Íslands.
(31. janúar 1983.)

Sendiherra Bandaríkjanna, Marshall Brement, gekk í dag kl. 15:30 á fund utanríkisráðherra að eigin ósk. Í fylgd með honum var Algirdas J. Rimas, sendiráðsritari.

Sendiherrann kvaðst vilja árétta bréf það dags. 29. þ.m., er Dam, varautanríkisráðherra, hefði sent utanríkisráðherra, þar sem mjög eindregið er lagt til, að Ísland mótmæli ekki hvalveiðibanni Alþjóðahvalveiðiráðsins og varað við þeim erfiðleikum, sem slík ákvörðun gæti haft í för með sér.

Minnti sendiherrann í þessu sambandi á bandarísk lagaákvæði í svokallaðri Pelley Amendment, sem hægt er að beita til að hindra sölu fiskafurða frá löndum sem ekki fara eftir ákvörðunum Alþjóðahvalveiðiráðsins um friðun hvala. Einnig minnti hann á Packwood/ Magnusson Amendment, sem hefur að geyma ákvæði um að takmarka fiskveiðimöguleika landa, sem samkvæmt samningnum hafa leyfi til að veiða innan bandarískrar fiskveiðilögsögu.

Sem svar við athugasemd utanríkisráðherra um, hvort slíkt innflutningsbann mundi ekki brjóta í bága við GATT-reglur, sagði Mr. Rimas, að þess yrði gætt að haga málatilbúningi þannig, að svo yrði ekki.

Sendiherrann vék að ummælum í umræddu bréfi bandaríska varautanríkisráðherrans um möguleika á samvinnu í framtíðinni milli Íslands og Bandaríkjanna um fyrirtæki á sviði fiskvinnslu og fiskveiða. Kvað sendiherrann Bandaríkin reiðubúin til samvinnu þannig að íslenskum skipum yrði heimilaður aðgangur að bandarískri landhelgi og veitt leyfi til landana í bandarískum höfnum. Mætti jafnvel hugsa sér að bæta að einhverju leyti tjón það sem Hvalur hf. yrði fyrir, ef það fyrirtæki yrði að hætta hvalveiðum, með þátttöku í þess konar rekstri.

Benti sendiherrann á, að ákvæði Packwood/Magnusson Amendment mundi koma í veg fyrir svona samvinnu, ef hvalveiðibanninu yrði mótmælt.

Utanríkisráðherra sagði, að Íslendingum væri vel ljóst, að hér væri um mjög viðkvæmt mál að ræða. Þrýstihópar sem mjög hefðu sig í frammi væru öflugir, en ekki væri auðvelt að láta undan þrýstingi frá þeim. Sagði ráðherrann, að við værum viðkvæmir fyrir hvers konar þrýstingi, hvaðan svo sem hann kæmi.

Augljóst var, að sendiherrann skildi hvað ráðherrann var að fara.

Fylgiskjal III.

SAMNINGUR

milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Bandaríkjanna um fiskveiðar undan ströndum Bandaríkjanna

Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn Bandaríkjanna

hafa í huga sameiginlegan áhuga sinn á skynsamlegri stjórnun og verndun fiskstofna undan ströndum Bandaríkjanna og að sem bestur afli náist;

viðurkenna að Bandaríkin hafa með forsetaúrskurði frá 10. mars 1983 ákveðið sérefnahagslögsögu innan 200 sjómílna frá ströndum sínum þar sem Bandaríkin hafa fullveldisréttindi til að rannsaka, hagnýta, vernda og stjórna öllum fiski og að Bandaríkin hafa einnig þessi réttindi yfir hinum lífrænu auðlindum landgrunnsins, sem Bandaríkin ráða yfir, og fisktegundum af bandarískum uppruna, sem leita aftur upp í ár; og

AGREEMENT

between the Government of the Republic of Iceland and the Government of the United States of America concerning fisheries off the coasts of the United States

The Government of the Republic of Iceland and the Government of the United States of America,

Considering their common concern for the rational management, conservation and achievement of optimum yield of fish stocks off the coasts of the United States;

Recognizing that the United States has established by Presidential Proclamation of March 10, 1983 an exclusive economic zone within 200 nautical miles off its coasts within which the United States has sovereign rights to explore, exploit, conserve and manage all fish and that the United States also has such rights over the living resources of the continental shelf appertaining to the United States and to anadromous species of fish of United States origin; and

vilja ákveða hóflega skilmála og skilyrði varðandi fiskveiðar sem eru sameiginlegt áhugamál og Bandaríkin hafa fullveldisréttindi yfir að því er varðar rannsóknir, hagnýtingu, verndun og stjórnun;

hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. gr.

Markmiðið með samningi þessum er að stuðla að virkri verndun og skynsamlegri stjórnun í fiskveiðum undan ströndum Bandaríkjanna, sem eru sameiginlegt áhugamál, og að sem bestur afli náist, auðvelda skjóta og gagngera þróun bandarísks sjávarútvegs og skapa sameiginlegan skilning á meginreglunum og reglunum um heimild ríkisborgara og skipa lýðveldisins Íslands til að stunda veiðar á hinum lífrænu auðlindum sem Bandaríkin hafa fullveldisréttindi yfir að því er varðar rannsóknir, hagnýtingu, verndun og stjórnun.

2. gr.

Í samningi þessum merkir hugtakið

1. „lífrænar auðlindir sem Bandaríkin hafa fullveldisréttindi yfir að því er varðar rannsóknir, hagnýtingu, verndun og stjórnun“ allan fisk innan sérefnahagslögsögu Bandaríkjanna (nema miklar fartegundir túnfisks), allar fisktegundir sem leita aftur upp í ár, er hrygna á ferskvatnseða árósasvæðum Bandaríkjanna og halda til hafs, þegar þær eru í sérefnahagslögsögu Bandaríkjanna og á svæðum utan fiskveiðilögsögu ríkja, sem viðurkennd er af Bandaríkjunum, og allar lífrænar auðlindir landgrunnsins sem Bandaríkin ráða yfir;

2. „fiskur“ allan fisk, lindýr, krabbadýr og aðrar tegundir dýra- og jurtalífs í hafinu, þó ekki sjávarspendýr, fugla og miklar fartegundir;

3. „fiskveiðar“

a. einn eða fleiri fiskstofna sem líta má á sem einingu að því er varðar verndun og stjórnun og flokkaðir eru á grundvelli landfræðilegra, vísindalegra, tæknilegra, afþreyingarlegra og efnahagslegra einkenna; og

b. veiði á þessum stofnum;

4. „sérefnahagslögsaga“ belti sem liggur að landhelgi Bandaríkjanna og eru mörk þess sjávarmegin lína, dregin þannig að sérhver staður á henni er 200 sjómílur frá grunnlínunni sem víðátta landhelgi Bandaríkjanna er mæld frá;

Desirous of establishing reasonable terms and conditions pertaining to fisheries of mutual concern over which the United States has sovereign rights to explore, exploit, conserve and manage;

Have agreed as follows:

Article I

The purpose of this Agreement is to promote effective conservation, rational management and the achievement of optimum yield in the fisheries of mutual interest off the coasts of the United States, to facilitate the rapid and full development of the United States fishing industry and to establish a common understanding of the principles and procedures under which fishing may be conducted by nationals and vessels of the Republic of Iceland for the living resources over which the United States has sovereign rights to explore, exploit, conserve and manage.

Article II

As used in this Agreement, the term

1. "living resources over which the United States has sovereign rights to explore, exploit, conserve and manage" means all fish within the exclusive economic zone of the United States (except highly migratory species of tuna), all anadromous species of fish that spawn in the fresh or estuarine waters of the United States and migrate to ocean waters while present in the United States exclusive economic zone and in areas beyond national fisheries jurisdictions recognized by the United States and all living resources of the continental shelf appertaining to the United States;

2. "fish" means all finfish, molluscs, crustaceans, and other forms of marine animal and plant life, other than marine mammals, birds and highly migratory species;

3. "fishery" means

a. one or more stocks of fish that can be treated as a unit for purposes of conservation and management and that are identified on the basis of geographical, scientific, technical, recreational and economic characteristics; and

b. any fishing for such stocks;

4. "exclusive economic zone" means a zone contiguous to the territorial sea of the United States, the seaward boundary of which is a line drawn in such a manner that each point on it is 200 nautical miles from the baseline from which the breadth of the territorial sea of the United States is measured;

5. „veiðar“
a. veiði, töku eða nýtingu á fiski;
b. tilraunir til veiði, töku eða nýtingar á fiski;

c. aðrar athafnir sem ætla má með rökum að leiði til veiði, töku eða nýtingar á fiski;

d. starfsemi á sjó, m. a. vinnslu, beint til stuðnings eða undirbúnings undir athafnir sem lýst er í a- til c-lið hér að ofan enda feli þetta hugtak ekki í sér önnur lögmæt not úthafsins, m. a. vísindarannsóknastarfsemi;

6. „fiskiskip“ skip, bát, far eða annan farkost sem notaður er til, búinn tækjum til notkunar fyrir eða af tegund sem er venjulega notuð til
a. veiða; eða
b. hjálpar eða aðstoðar við eitt eða fleiri skip á sjó við framkvæmd starfsemi sem snertir veiðar, m. a. undirbúnings, birgðaaðflutnings, geymslu, frystingar, flutnings eða vinnslu;

7. „miklar fartegundir“ tegundir túnfisks sem á lífsskeiði sínu hrygna á og fara um víðáttumikil hafsvæði; og

8. „sjávarspendýr“ spendýr sem sköpunarlega séð tengist hafrýminu, m. a. sæotra og dýr úr ættbálkunum Sirenia, Pinnipedia og Cetacea, eða eiga einkum heimkynni sín í hafrýminu, svo sem ísbirni.

3. gr.

1. Ríkisstjórn Bandaríkjanna er fús til þess að veita erlendum fiskiskipum heimild til að nýta, samkvæmt skilmálum og skilyrðum sem ákveðin yrðu í leyfum, gefnum út samkvæmt 7. gr., þann hluta alls leyfilegs afla á sérstökum fiskveiðum sem bandarísk fiskiskip munu ekki nýta og ákveðið er að erlend fiskiskip eigi kost á samkvæmt bandarískum lögum.

2. Ríkisstjórn Bandaríkjanna skal á hverju ári, með þeim breytingum sem kunna að eiga við og í samræmi við bandarísk lög, ákveða:

a. allan leyfilegan afla á hverri tegund fiskveiða um sig, byggt á besta afla, með hliðsjón af bestu vísindalegu niðurstöðum, sem tiltækar eru, og félagslegum, efnahagslegum og öðrum atriðum sem máli skipta;
b. nýtingargetu bandarískra fiskiskipa að því er snertir hverja tegund fiskveiða um sig;

5. "fishing" means
a. the catching, taking or harvesting of fish;
b. the attempted catching, taking or harvesting of fish;
c. any other activity that can reasonably be expected to result in the catching, taking or harvesting of fish;
d. any operations at sea, including processing, directly in support of, or in preparation for, any activity described in subparagraphs a. through c. above, provided that such term does not include other legitimate uses of the high seas, including any scientific research activity;

6. "fishing vessel" means any vessel, boat, ship, or other craft that is used for, equipped to be used for, or of a type that is normally used for
a. fishing; or
b. aiding or assisting one or more vessels at sea in the performance of any activity relating to fishing, including preparation, supply, storage, refrigeration, transportation or processing;

7. "highly migratory species" means species of tuna which in the course of their life cycle, spawn and migrate over great distances in waters of the ocean; and

8. "marine mammal" means any mammal that is morphologically adapted to the marine environment, including sea otters and members of the orders Sirenia, Pinnipedia, and Cetacea, or primarily inhabits the marine environment such as polar bears.

Article III

1. The Government of the United States is willing to allow access for foreign fishing vessels to harvest, in accordance with terms and conditions to be established in permits issued under Article VII, that portion of the total allowable catch for a specific fishery that will not be harvested by United States fishing vessels and is determined to be available to foreign fishing vessels in accordance with United States law.

2. The Government of the United States shall determine each year, subject to such adjustments as may be appropriate and in accordance with United States law
a. the total allowable catch for each fishery based on optimum yield, taking into account the best available scientific evidence, and social, economic and other relevant factors;

b. the harvesting capacity of United States fishing vessels in respect of each fishery;

c. þann hluta alls leyfilegs afla á sérstökum fiskveiðum sem erlendum fiskiskipum verður veittur aðgangur að um skeið ár hvert; og

d. úthlutun þess hluta sem fiskiskipum lýðveldisins Íslands, er uppfylla sett skilyrði, kann að verða gefinn kostur á.

3. Bandaríkin skulu á hverju ári ákveða nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir ofveiði samtímis því sem náð er á varanlegum grundvelli sem bestum afla í hverri tegund fiskveiða um sig í samræmi við bandarísk lög. Til þessara ráðstafana geta m. a. talist:

a. tiltekin svæði og tímabil sem veiðar skulu leyfðar á, takmarkaðar á eða aðeins stundaðar á af sérstökum tegundum fiskiskipa eða með sérstökum tegundum og fjölda veiðarfæra;
b. takmarkanir á fiskafla miðað við svæði, tegund, stærð, fjölda, þyngd, kyn, aukaafla, samanlögð lífefni eða önnur atriði;
c. takmarkanir á fjölda og tegundum fiskiskipa, sem stunda mega veiðar, og/eða á fjölda daga er hvert skip um sig úr heildarflotanum má stunda sérstakar fiskveiðar á tilteknu svæði;

d. kröfur varðandi tegundir veiðarfæra sem heimilt eða óheimilt er að nota; og
e. kröfur sem miða að því að auðvelda framkvæmd þessara skilyrða og takmarkana, m. a. um að hafa viðeigandi staðsetningar- og auðkennisbúnað.

4. Ríkisstjórn Bandaríkjanna skal tímanlega tilkynna ríkisstjórn lýðveldisins Íslands ákvarðanirnar sem kveðið er á um í þessari grein.

4. gr.

Við ákvörðun á þeim hluta afgangsins sem gefa má skipum hvers lands um sig, m. a. lýðveldisins Íslands, kost á mun ríkisstjórn Bandaríkjanna leggja til grundvallar atriði sem talin eru í bandarískum lögum, m. a.:

1. hvort og að hve miklu leyti þessar þjóðir setji upp tollahindranir eða aðrar hindranir en tollahindranir gegn innflutningi bandarísks fisks eða fiskafurða eða takmarki á annan hátt aðgang að markaðinum;

2. hvort og að hve miklu leyti þessar þjóðir hafi samstarf við Bandaríkin um að auka gamla og nýja möguleika í fiskviðskiptum, einkum með kaupum á fiski eða fiskafurðum af bandarískum framleiðendum eða fiskimönnum;

c. the portion of the total allowable catch for a specific fishery to which access will be provided, on a periodic basis each year, to foreign fishing vessels; and
d. the allocation of such portion that may be made available to qualifying fishing vessels of the Republic of Iceland.

3. The United States shall determine each year the measures necessary to prevent overfishing while achieving, on a continuing basis, the optimum yield from each fishery in accordance with United States law. Such measures may include *inter alia:*

a. designated areas where, and periods when, fishing shall be permitted, limited, or conducted only by specified types of fishing vessels or with specified types and quantities of fishing gear;
b. limitations on the catch of fish based on area, species, size, number, weight, sex, incidental catch, total biomass or other factors;
c. limitations on the number and types of fishing vessels that may engage in fishing and/or on the number of days each vessel of the total fleet may engage in a designated area for a specified fishery;
d. requirements as to the types of gear that may, or may not, be employed; and
e. requirements designed to facilitate enforcement of such conditions and restrictions, including the maintenance of appropriate position-fixing and identification equipment.

4. The Government of the United States shall notify the Government of the Republic of Iceland of the determinations provided for by this Article on a timely basis.

Article IV

In determining the portion of the surplus that may be made available to vessels of each country, including the Republic of Iceland, the Government of the United States will decide on the basis of the factors identified in United States law including:

1. whether, and to what extent, such nations impose tariff barriers or nontariff barriers on the importation, or otherwise restrict the market access, of United States fish or fishery products;

2. whether, and to what extent, such nations are cooperating with the United States in the advancement of existing and new opportunities for fisheries trade, particularly through the purchase of fish or fishery products from United States processors or from United States fishermen;

3. hvort og að hve miklu leyti þessar þjóðir og fiskiskipaflotar þessara þjóða hafi haft samstarf við Bandaríkin um framkvæmd bandarískra veiðireglna;

4. hvort og að hve miklu leyti þessar þjóðir þarfnist fisksins, sem nýttur er í sérefnahagslögsögunni, vegna innanlandsneyslu sinnar;

5. hvort og að hve miklu leyti þessar þjóðir stuðli á annan hátt að heilbrigðum og hagkvæmum bandarískum sjávarútvegi eða auki vöxt hans, m. a. með því að draga sem mest úr veiðarfæraárekstrum við bandarískra fiskimenn, sem veiðar stunda, og með því að miðla veiði- eða vinnslutækni sem koma mun bandarískum sjávarútvegi að gagni;

6. hvort og að hve miklu leyti fiskiskip þessara þjóða hafi venjulega stundað þessar fiskveiðar;

7. hvort og að hve miklu leyti þessar þjóðir hafi samstarf við Bandaríkin um og leggi fram verulegan skerf til fiskirannsókna og fundar fiskveiðiauðlinda; og

8. önnur þau atriði sem Bandaríkin telja eiga við.

5. gr.

Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands skal hafa samstarf við Bandaríkin um og aðstoða þau við þróun bandarísks sjávarútvegs og aukningu á útflutningi bandarískra fiskafurða með því að gera ráðstafanir eins og að draga úr eða fella niður hömlur á innflutningi og sölu bandarískra fiskafurða, veita upplýsingar um tæknilegar og stjórnarfarslegar kröfur varðandi aðgang bandarískra fiskafurða að lýðveldinu Íslandi, láta í té gögn um efnahagsleg atriði, skiptast á sérfræðiþekkingu, auðvelda miðlun veiði- eða vinnslutækni til bandarísks sjávarútvegs, greiða fyrir viðeigandi sameiginlegum fyrirtækjum og öðrum ráðstöfunum, upplýsa sjávarútveg sinn um möguleika á viðskiptum við og sameiginlegum fyrirtækjum með Bandaríkjunum og grípa til annarra aðgerða eftir því sem við getur átt.

6. gr.

Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja:

1. að ríkisborgarar og skip lýðveldisins Íslands forðist veiðar á lífrænum auðlindum, sem Bandaríkin hafa fullveldisréttindi yfir að því er varðar rannsóknir, hagnýtingu, verndun og stjórnun, nema samkvæmt heimild í samningi þessum;

3. whether, and to what extent, such nations and the fishing fleets of such nations have cooperated with the United States in the enforcement of United States fishing regulations;

4. whether, and to what extent, such nations require the fish harvested from the exclusive economic zone for their domestic consumption;

5. whether, and to what extent, such nations otherwise contribute to, or foster the growth of, a sound and economic United States fishing industry, including minimizing gear conflicts with fishing operations of United States fishermen, and transferring harvesting or processing technology which will benefit the United States fishing industry;

6. whether, and to what extent, the fishing vessels of such nations have traditionally engaged in fishing in such fishery;

7. whether, and to what extent, such nations are cooperating with the United States in, and making substantial contributions to, fishery research and the identification of fishery rescources; and

8. such other matters as the United States deems appropriate.

Article V

The Government of the Republic of Iceland shall cooperate with and assist the United States in the development of the United States fishing industry and the increase of United States fishery exports by taking such measures as reducing or removing impediments to the importation and sale of United States fishery products, providing information concerning technical and administrative requirements for access of United States fishery products into the Republic of Iceland, providing economic data, sharing expertise, facilitating the transfer of harvesting or processing technology to the United States fishing industry, facilitating appropriate joint venture and other arrangements, informing its industry of trade and joint venture opportunities with the United States, and taking other actions as may be appropriate.

Article VI

The Government of the Republic of Iceland shall take all necessary measures to ensure:

1. that nationals and vessels of the Republic of Iceland refrain from fishing for living resources over which the United States has sovereign rights to explore, exploit, conserve and manage except as authorized pursuant to this Agreement;

2. að öll þau skip, sem veitt er slík heimild, fari eftir ákvæðum leyfa, sem gefin eru út samkvæmt samningi þessum, og viðeigandi lögum Bandaríkjanna; og

3. að ekki sé á nokkrum fiskveiðum farið fram úr heildarúthlutuninni sem getið er í 3. gr., 2. tl. d, samnings þessa.

7. gr.

Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands getur lagt fyrir ríkisstjórn Bandaríkjanna umsókn um leyfi fyrir sérhvert fiskiskip lýðveldisins Íslands sem kýs að stunda veiðar í sérefnahagslögsögunni samkvæmt samningi þessum. Undirbúa skal þessa umsókn og fjalla um hana samkvæmt viðaukanum sem er óaðskiljanlegur hluti samnings þessa. Ríkisstjórn Bandaríkjanna getur farið fram á greiðslu þóknunar fyrir þessi leyfi og veiðar í sérefnahagslögsögu Bandaríkjanna. Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands skuldbindur sig til að halda fjölda umsókna í tilskildu lágmarki til að greiða fyrir virkri stjórnun leyfaáætlunarinnar.

8. gr.

Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands skal tryggja að ríkisborgarar og skip lýðveldisins Íslands forðist að áreita, elta, taka eða drepa, eða gera tilraun til að áreita, elta, taka eða drepa, nokkurt sjávarspendýr í sérefnahagslögsögu Bandaríkjanna nema kveðið kunni að vera á um annað í alþjóðasamningi um sjávarspendýr, sem Bandaríkin eru aðili að, eða samkvæmt sérstakri heimild og skilyrðum af hálfu ríkisstjórnar Bandaríkjanna um óreglulega töku sjávarspendýra.

9. gr.

Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands skal tryggja að við framkvæmd fiskveiða samkvæmt samningi þessum:

1. sé leyfisheimildin til handa sérhverju skipi lýðveldisins Íslands sýnd á áberandi stað í stýrishúsi þess skips;

2. sé viðeigandi staðsetningar- og auðkennisbúnaði, samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar Bandaríkjanna, komið fyrir og haldið starfhæfum í hverju skipi;

3. sé tilnefndum bandarískum gæslumönnum leyft að fara um borð í hvert slíkt fiskiskip þegar farið er fram á það og sé þeim sýnd sú kurteisi og

2. that all such vessels so authorized comply with the provisions of permits issued pursuant to this Agreement and applicable laws of the United States; and

3. that the total allocation referred to in Article III, paragraph 2.d. of this Agreement is not exceeded for any fishery.

Article VII

The Government of the Republic of Iceland may submit an application to the Government of the United States for a permit for each fishing vessel of the Republic of Iceland that wishes to engage in fishing in the exclusive economic zone pursuant to this Agreement. Such application shall be prepared and processed in accordance with the Annex, which constitutes an integral part of this Agreement. The Government of the United States may require the payment of fees for such permits and for fishing in the United States exclusive economic zone. The Government of the Republic of Iceland undertakes to keep the number of applications to the minimum required, in order to aid in the efficient administration of the permit program.

Article VIII

The Government of the Republic of Iceland shall ensure that nationals and vessels of the Republic of Iceland refrain from harassing, hunting, capturing or killing, or attempting to harass, hunt, capture or kill, any marine mammal within the United States exclusive economic zone, except as may be otherwise provided by an international agreement respecting marine mammals to which the United States is a party, or in accordance with specific authorization for and controls on incidental taking of marine mammals established by the Government of the United States.

Article IX

The Government of the Republic of Iceland shall ensure that in the conduct of the fisheries under this Agreement:

1. the authorizing permit for each vessel of the Republic of Iceland is prominently displayed in the wheelhouse of such vessel;

2. appropriate position-fixing and identification equipment, as determined by the Government of the United States, is installed and maintained in working order on each vessel;

3. designated United States observers are permitted to board, upon request, any such fishing vessel, and shall be accorded the courtesies and

veittur sá aðbúnaður sem yfirmenn skipsins njóta meðan þeir eru um borð í slíku skipi, hafi eigendur, útgerðarmenn og áhafnir slíks skips samstarf við gæslumenn við rækslu opinberra skyldna þeirra og enn fremur sé ríkisstjórn Bandaríkjanna endurgreiddur kostnaðurinn sem lagt er í vegna starfs gæslumanna;

4. séu skipaðir umboðsmenn með aðsetur í Bandaríkjunum er hafi heimild til að taka við og hafa uppi varnir gegn sérhverri stefnu sem gefin er út í Bandaríkjunum og snertir eiganda eða útgerðarmann skips lýðveldisins Íslands vegna tilefnis er stafar frá framkvæmd veiða á hinum lífrænu auðlindum sem Bandaríkin hafa fullveldisréttindi yfir að því er varðar rannsóknir, hagnýtingu, verndun og stjórnun; og

5. séu gerðar allar nauðsynlegar ráðstafanir til að draga sem mest úr veiðarfæraárekstrum og tryggja að bandarískir ríkisborgarar fái tafarlaust hæfilegar skaðabætur vegna tjóns eða skaða á fiskiskipum, veiðarfærum eða afla sínum, svo og efnahagslegs tjóns sem þar af leiðir, enda valdi eitthvert fiskiskip lýðveldisins Íslands þessu samkvæmt ákvörðun á grundvelli viðeigandi málsmeðferðar í Bandaríkjunum.

accommodations provided to ship's officers while aboard such vessel, and owners, operators and crews of such vessel shall cooperate with observers in the conduct of their official duties, and, further, the Government of the United States shall be reimbursed for the costs incurred in the utilization of observers;

4. agents are appointed and maintained within the United States possessing the authority to receive and respond to any legal process issued in the United States with respect to an owner or operator of a vessel of the Republic of Iceland for any cause arising out of the conduct of fishing activities for the living resources over which the United States has sovereign rights to explore, exploit, conserve and manage; and

5. all necessary measures are taken to minimize fishing gear conflicts and to ensure the prompt and adequate compensation of United States citizens for any loss, or damage to, their fishing vessels, fishing gear or catch, and resultant economic loss, that is caused by any fishing vessel of the Republic of Iceland as determined by applicable United States procedures.

10. gr.

Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að aðstoða Bandaríkin við framkvæmd laga sinna varðandi veiðar í sérefnahagslögsögunni og að tryggja að sérhvert skip lýðveldisins Íslands, er stundar veiðar á lífrænum auðlindum sem Bandaríkin hafa fullveldisréttindi yfir að því er varðar rannsóknir, hagnýtingu, verndun og stjórnun, leyfi sérhverjum eftirlitsmanni Bandaríkjanna með fullu umboði að fara um borð í og skoða slíkt skip og aðstoði hann við það og hafi samstarf um þá framkvæmdaraðgerð sem gripið kann að verða til samkvæmt lögum Bandaríkjanna.

Article X

The Government of the Republic of Iceland shall take all appropriate measures to assist the United States in the enforcement of its laws pertaining to fishing in the exclusive economic zone and to ensure that each vessel of the Republic of Iceland that engages in fishing for living resources over which the United States has sovereign rights to explore, exploit, conserve and manage shall allow and assist the boarding and inspection of such vessel by any duly authorized enforcement officer of the United States and shall cooperate in such enforcement action as may be undertaken pursuant to the laws of the United States.

11. gr.

1. Ríkisstjórn Bandaríkjanna mun leggja viðeigandi refsingar samkvæmt lögum Bandaríkjanna á skip lýðveldisins Íslands ellegar eigendur, útgerðarmenn eða áhafnir þeirra sem uppfylla ekki kröfur samnings þessa eða leyfis sem gefið er út samkvæmt honum.

2. Skipum, sem tekin hafa verið, og áhöfnum þeirra skal tafarlaust sleppa, gegn viðhlítandi skuldabréfi eða annarri tryggingu eftir því sem dómstóllinn kann að ákveða.

3. Í máli, sem á rætur að rekja til veiða samkvæmt samningi þessum, skal refsing fyrir

Article XI

1. The Government of the United States will impose appropriate penalties, in accordance with the laws of the United States, on vessels of the Republic of Iceland or their owners, operators, or crews that violate the requirements of this Agreement or of any permit issued hereunder.

2. Arrested vessels and their crews shall be promptly released, subject to such reasonable bond or other security as may be determined by the court.

3. In any case arising out of fishing activities under this Agreement, the penalty for violation

brot á fiskveiðireglum ekki fela í sér refsivist nema þegar um er að ræða brot sem snerta framkvæmd, svo sem árás á eftirlitsmann eða neitað er að leyfa uppgöngu og skoðun.

4. Þegar bandarísk stjórnvöld hafa tekið og kyrrsett skip lýðveldisins Íslands skal tafarlaust senda tilkynningu fyrir milligöngu sendierindreka og láta þannig ríkisstjórn lýðveldisins Íslands vita um aðgerðina, sem gripið hefur verið til, og refsingar sem síðar hafa verið lagðar á.

of fishery regulations shall not include imprisonment except in the case of enforcement related offenses such as assault on an enforcement officer or refusal to permit boarding and inspection.

4. In cases of seizure and arrest of a vessel of the Republic of Iceland by the authorities of the Government of the United States, notification shall be given promptly through diplomatic channels informing the Government of the Republic of Iceland of the action taken and of any penalties subsequently imposed.

12. gr.

1. Ríkisstjórnir lýðveldisins Íslands og Bandaríkjanna skulu starfa saman að framkvæmd nauðsynlegra vísindarannsókna til að stjórna og vernda lífrænar auðlindir sem Bandaríkin hafa fullveldisréttindi yfir að því er varðar rannsóknir, hagnýtingu, verndun og stjórnun, m. a. með því að taka saman bestu vísindalegu upplýsingarnar sem tiltækar eru varðandi stjórnun og verndun stofna sem eru sameiginlegt áhugamál.

2. Þar til bærar stofnanir ríkisstjórnanna tveggja skulu starfa saman að því að móta reglulega rannsóknaáætlun um stofna, sem eru sameiginlegt áhugamál, með bréfaskriftum eða fundum eftir því sem við á og geta þær breytt henni öðru hverju með samkomulagi. Samþykktu rannsóknaáætlanirnar geta falið í sér, en takmarkast ekki við, skipti á upplýsingum og vísindamönnum, fundi sem eru áætlaðir reglulega milli vísindamanna til að undirbúa rannsóknaáætlanir og fylgjast með gangi mála og rannsóknaverkefni sem eru framkvæmd sameiginlega.

3. Ekki skal líta svo á að framkvæmd samþykktra rannsókna um borð í fiskiskipi lýðveldisins Íslands í sérefnahagslögsögu Bandaríkjanna, meðan á reglulegum veiðum í viðskiptatilgangi stendur, breyti eðli starfsemi skipsins úr veiðum í vísindarannsóknir. Því mun enn vera nauðsynlegt að fá leyfi fyrir skipið samkvæmt 7. gr.

4. Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands skal starfa með ríkisstjórn Bandaríkjanna að því að framkvæma reglur um söfnun og dreifingu hagskýrsluupplýsinga um lífrænar auðlindir og fiskveiðigagna, m. a. afla- og veiðisóknarskýrslna, samkvæmt reglum sem Bandaríkin munu áskilja. Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands skal á sama hátt láta í té þau gögn um efnahagsleg atriði sem Bandaríkin kunna að biðja um.

Article XII

1. The Governments of the Republic of Iceland and the United States shall cooperate in the conduct of scientific research required for the purpose of managing and conserving living resources over which the United States has sovereign rights to explore, exploit, conserve and manage, including the compilation of the best available scientific information for management and conservation of stocks of mutual interest.

2. The competent agencies of the two Governments shall cooperate in the development of a periodic research plan on stocks of mutual concern through correspondence or meetings as appropriate, and may modify it from time to time by agreement. The agreed research plans may include, but are not limited to, the exchange of information and scientists, regularly scheduled meetings between scientists to prepare research plans and review progress, and jointly conducted research projects.

3. The conduct of agreed research during regular commercial fishing operations on board a fishing vessel of the Republic of Iceland in the United States exclusive economic zone shall not be deemed to change the character of the vessel's activities from fishing to scientific research. Therefore, it will still be necessary to obtain a permit for the vessel in accordance with Article VII.

4. The Government of the Republic of Iceland shall cooperate with the Government of the United States in the implementation of procedures for collecting and reporting biostatistical information and fisheries data, including catch and effort statistics, in accordance with procedures which will be stipulated by the United States. The Government of the Republic of Iceland shall similarly provide such economic data as may be requested by the United States.

13. gr.

Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn Bandaríkjanna skulu reglulega efna til tvíhliða viðræðna um framkvæmd samnings þessa og þróun frekara samstarfs á sviði fiskveiða sem eru sameiginlegt áhugamál, m. a. samstarfs innan vébanda viðeigandi marghliða stofnana um söfnun og rannsókn vísindalegra gagna viðvíkjandi þessum fiskveiðum.

14. gr.

Ef ríkisstjórn Bandaríkjanna gefur ríkisstjórn lýðveldisins Íslands til kynna að ríkisborgarar og skip Bandaríkjanna kjósi að stunda veiðar í fiskverndarlögsögu lýðveldisins Íslands eða samsvarandi lögsögu mun ríkisstjórn lýðveldisins Íslands leyfa þessar veiðar á gagnkvæmnisgrundvelli og með eigi strangari skilmálum en þeim sem ákveðnir eru samkvæmt samningi þessum.

15. gr.

Ekkert í samningi þessum skal hafa áhrif á skoðanir hvorrar ríkisstjórnarinnar um sig á núverandi landhelgi eða annarri lögsögu strandríkisins í sérhverjum tilgangi öðrum en verndun og stjórnun í fiskveiðum.

16. gr.

1. Samningur þessi skal ganga í gildi á degi, sem samþykkja skal með erindaskiptum eftir að báðar ríkisstjórnirnar hafa lokið meðferð málsins innanlands, og gilda til 1. júlí 1989 nema hann sé framlengdur með erindaskiptum milli aðilanna. Þrátt fyrir framangreint getur hvor aðilinn um sig sagt samningi þessum upp eftir að hann hefur gefið hinum aðilanum skriflega tilkynningu um þessa uppsögn með sex mánaða fyrirvara.

2. Að beiðni hvors aðilans um sig skal samningur þessi sæta endurskoðun af hálfu ríkisstjórnanna tveggja tveimur árum eftir gildistöku sína.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Washington 21. september 1984 í tvíriti á ensku sem skal vera hið fullgilda tungumál. Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands mun fyrir milli-

Article XIII

The Government of the Republic of Iceland and the Government of the United States shall carry out periodic bilateral consultations regarding the implementation of this Agreement and the development of further cooperation in the field of fisheries of mutual concern, including cooperation within the framework of appropriate multilateral organizations for the collection and analysis of scientific data respecting such fisheries.

Article XIV

Should the Government of the United States indicate to the Government of the Republic of Iceland that nationals and vessels of the United States wish to engage in fishing in the fishery conservation zone of the Republic of Iceland, or its equivalent, the Government of the Republic of Iceland will allow such fishing on the basis of reciprocity and on terms not more restrictive than those established in accordance with this Agreement.

Article XV

Nothing contained in the present Agreement shall prejudice the views of either Government with respect to the existing territorial or other jurisdiction of the coastal State for all purposes other than the conservation and management of fisheries.

Article XVI

1. This Agreement shall enter into force on a date to be agreed upon by exchange of notes, following the completion of internal procedures of both Governments, and remain in force until July 1, 1989, unless extended by exchange of notes between the Parties. Notwithstanding the foregoing, either Party may terminate this Agreement after giving written notice of such termination to the other Party six months in advance.

2. At the request of either Party, this Agreement shall be subject to review by the two Governments two years after its entry into force.

In witness whereof, the undersigned, being duly authorized for this purpose, have signed this Agreement.

Done at Washington, this 21st day of September, 1984, in duplicate in the English language, which shall be the authentic language. The Gov-

göngu sendierindreka láta í té opinbera þýðingu af samningnum á íslensku.

Fyrir hönd ríkisstjórnar
lýðveldisins Íslands:
H. G. Andersen

Fyrir hönd ríkisstjórnar
Bandaríkjanna:
E. E. Wolfe

ernment of the Republic of Iceland will provide through diplomatic channels the official translation of the Agreement in the Icelandic language.

For the Government of the
Republic of Iceland:
H. G. Andersen

For the Government of the
United States of America:
E. E. Wolfe

VIÐAUKI

Reglur um umsóknir og leyfi

Eftirfarandi reglur skulu gilda um umsóknir um og útgáfu á árlegum leyfum þar sem skipum lýðveldisins Íslands er veitt heimild til að stunda veiðar á lífrænum auðlindum sem Bandaríkin hafa fullveldisréttindi yfir að því er varðar rannsóknir, hagnýtingu, verndun og stjórnun:

1. Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands getur lagt fyrir þar til bær yfirvöld í Bandaríkjunum umsókn fyrir sérhvert fiskiskip lýðveldisins Íslands sem kýs að stunda veiðar samkvæmt samningi þessum. Þessa umsókn skal gera á eyðublöð sem ríkisstjórn Bandaríkjanna útvegar í því skyni.

2. Í hverri slíkri umsókn skal tiltaka

a. nafn og opinbert númer eða annað auðkenni sérhvers fiskiskips, sem leyfi er sótt um fyrir, ásamt nafni og heimilisfangi eiganda og útgerðarmanns þess;

b. rúmlestatölu, afkastagetu, hraða, vinnslubúnað, tegund og fjölda veiðarfæra og aðrar þær upplýsingar um einkenni skipsins með tilliti til fiskveiða sem beðið kann að vera um;

c. lýsingu á hverjum þeim fiskveiðum sem hvert skip um sig kýs að taka þátt í;

d. heildarmagn fisks eða tonnatölu afla eftir tegundum sem gert er ráð fyrir til handa hverju skipi um sig á þeim tíma er þetta leyfi gildir;

e. hafsvæðið og vertíðina eða tímabilið sem þessar veiðar verða stundaðar á; og

f. aðrar þær viðeigandi upplýsingar sem beðið kann að vera um, m. a. umhleðslusvæði sem óskað er eftir.

3. Ríkisstjórn Bandaríkjanna skal athuga sérhverja umsókn, ákveða hvaða skilyrði og tak-

ANNEX

Application and Permit Procedures

The following procedures shall govern the application for and issuance of annual permits authorizing vessels of the Republic of Iceland to engage in fishing for living resources over which the United States has sovereign rights to explore, exploit, conserve and manage:

1. The Government of the Republic of Iceland may submit an application to the competent authorities of the United States for each fishing vessel of the Republic of Iceland that wishes to engage in fishing pursuant to this Agreement. Such application shall be made on forms provided by the Government of the United States for that purpose.

2. Any such application shall specify

a. the name and official number or other identification of each fishing vessel for which a permit is sought, together with the name and address of the owner and operator thereof;

b. the tonnage, capacity, speed, processing equipment, type and quantity of fishing gear, and such other information relating to the fishing characteristics of the vessel as may be requested;

c. a specification of each fishery in which each vessel wishes to fish;

d. the amount of fish or tonnage of catch by species contemplated for each vessel during the time such permit is in force;

e. the ocean area in which, and the season or period during which, such fishing would be conducted; and

f. such other relevant information as may be requested, including desired transshipping areas.

3. The Government of the United States shall review each application, shall determine what

markanir kunni að þurfa að setja og hvaða þóknunar verði krafist og láta ríkisstjórn lýðveldisins Íslands vita um þessar ákvarðanir. Ríkisstjórn Bandaríkjanna áskilur sér rétt til að hafna umsóknum.

4. Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands skal því næst tilkynna ríkisstjórn Bandaríkjanna hvort hún samþykkir þessi skilyrði og takmarkanir eða hafnar þeim og, þegar um höfnun er að ræða, hverjar mótbárur hennar gegn þeim séu.

5. Þegar ríkisstjórn lýðveldisins Íslands hefur samþykkt skilyrðin og takmarkanirnar og þóknun hefur verið greidd skal ríkisstjórn Bandaríkjanna samþykkja umsóknina og gefa út leyfi fyrir sérhvert fiskiskip lýðveldisins Íslands og skal það fiskiskip þá hafa heimild til að veiða samkvæmt samningi þessum og skilmálunum og skilyrðunum sem greint er frá í leyfinu. Þessi leyfi skal gefa út fyrir ákveðið skip og skal ekki framselja þau.

6. Ef ríkisstjórn lýðveldisins Íslands tilkynnir ríkisstjórn Bandaríkjanna mótbárur sínar gegn sérstökum skilyrðum og takmörkunum geta báðir aðilarnir ráðgast við um það og ríkisstjórn lýðveldisins Íslands getur því næst lagt fram endurskoðaða umsókn.

7. Reglunum í þessum viðauka má breyta með samkomulagi í erindaskiptum milli ríkisstjórnanna tveggja.

SAMÞYKKT BÓKUN

Að því er snertir 14. gr. viðurkenndu fulltrúi ríkisstjórnar Bandaríkjanna og fulltrúi ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands að aðeins væri unnt að koma á tvíhliða fiskveiðisamstarfi og halda því áfram ef gagnkvæmar hagsbætur væru tryggðar. Fulltrúar aðilanna tveggja viðurkenndu enn fremur að þessar hagsbætur gætu verið í ýmsu formi. Fulltrúi ríkisstjórnar Bandaríkjanna viðurkenndi að gagnkvæmur aðgangur fiskimanna Bandaríkjanna að fiskveiðiauðlindum lýðveldisins Íslands væri kominn undir því að í lögsögu lýðveldisins Íslands væri að finna fiskveiðiauðlindir til úthlutunar. Fulltrúi ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands tók fram að sá kostur væri nú ekki fyrir hendi í lögsögu lýðveldisins Íslands. Fulltrúi ríkisstjórnar Bandaríkjanna viðurkenndi að í reyndinni yrði hagsbótum til handa Bandaríkjunum nú sem stæði náð fram og haldið samkvæmt samningnum með sameiginlegum fyrirtækjum, kaupum lýðveldisins Íslands á unnum vörum frá

conditions and restrictions may be needed, and what fee will be required, and shall inform the Government of the Republic of Iceland of such determinations. The Government of the United States reserves the right not to approve applications.

4. The Government of the Republic of Iceland shall thereupon notify the Government of the United States of its acceptance or rejection of such conditions and restrictions and, in the case of a rejection, of its objections thereto.

5. Upon acceptance of the conditions and restrictions by the Government of the Republic of Iceland and the payment of any fees, the Government of the United States shall approve the application and issue a permit for each fishing vessel of the Republic of Iceland, which fishing vessel shall thereupon be authorized to fish in accordance with this Agreement and the terms and conditions set forth in the permit. Such permits shall be issued for a specific vessel and shall not be transferred.

6. In the event the Government of the Republic of Iceland notifies the Government of the United States of its objections to specific conditions and restrictions, the two sides may consult with respect thereto and the Government of the Republic of Iceland may thereupon submit a revised application.

7. The procedures in this Annex may be amended by agreement through an exchange of notes between the two Governments.

AGREED MINUTE

With respect to Article XIV, the representative of the Government of the Republic of Iceland and the representative of the Government of the United States recognized that bilateral fisheries cooperation can be achieved and sustained only if reciprocal benefits are assured. The representatives of the two Parties further recognized that such benefits may take various forms. The representative of the Government of the United States acknowledged that reciprocal access by fishermen of the United States to the fishery resources of the Republic of Iceland is dependent upon availability of fishery resources for allocation in the zone of the Republic of Iceland. The representative of the Government of the Republic of Iceland noted that such availability does not exist at present in the zone of the Republic of Iceland. The representative of the Government of the United States recognized that, as a practical matter, benefits to the United

Bandaríkjunum og öðrum mögulegum efnahagslegum hagsbótum á sviði fiskveiða.

States at the present time will be achieved and sustained under the Agreement through joint ventures, purchases of United States processed products by the Republic of Iceland, and other possible fishery economic benefits.

Fylgiskjal IV.

Fréttatilkynning frá utanríkisráðuneytinu.
(22. september 1984.)

Í gær var undirritaður fiskveiðisamningur milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna um fiskveiðar undan ströndum Bandaríkjanna. Samningurinn er gerður í samræmi við ályktun Alþingis á síðasta þingi, að fela ríkisstjórninni að kanna möguleika á veiðum íslenskra skipa m.a. í bandarískri lögsögu. Gerð þessa samnings er forsenda fyrir úthlutun fiskveiðileyfa í bandarískri lögsögu, en ekki felst í samningnum sjálfum skuldbinding um veitingu leyfa, heldur þarf að sækja um þau á grundvelli samningsins.

Hans G. Andersen, sendiherra Íslands í Washington, undirritaði samninginn fyrir Íslands hönd.

Fylgiskjal V.

Bréf sjávarútvegsráðuneytisins til samgönguráðherra.
(27. janúar 1989.)

Skráning á verksmiðjuskipinu „ARAMO".

Á árunum 1983 og 1984 lagði ráðuneytið í allverulegan kostnað til þess að koma á samningi milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna um nýtingu fiskveiði- og fiskvinnsluheimilda í bandarískri fiskveiðilögsögu. Samningar tókust en því miður hafa íslensk skip ekki nýtt sér þá möguleika sem þessi samningur opnaði eins og menn höfðu þó gert sér vonir um.

Síðastliðin tvö ár hafa nýir aðilar tekið málið upp að nýju og reynt að koma af stað útgerð verksmiðjuskips undan ströndum Alaska. Á síðasta ári fengu þessir aðilar úthlutað 40 þús. tonna þorskkvóta af fiskveiðiráði Alaska. Þessa úthlutun reyndist ekki unnt að nýta þar eð áform um viðeigandi vinnsluskip brugðust. Nú hefur samsvarandi kvótaúthlutun verið endurnýjuð fyrir árið 1989, sem er síðasta gildisár fyrrgreinds rammasamnings. Sjávarútvegsráðuneytið hefur veitt lítils háttar styrk til þessa verkefnis, auk þess sem ráðuneytið hefur leitast við að greiða fyrir framgangi þess, m.a. í samvinnu við sendiráð Íslands í Washington.

Ráðuneytið telur því mjög þýðingarmikið að Íslendingar reyni að nýta sér þá möguleika sem þarna eru fyrir hendi með samstarfi við bandaríska aðila og skapi sér þannig einhverja

reynslusögu áður en samningurinn rennur út og kemur til endurskoðunar. Ráðuneytið mælir því eindregið með að flutt verði frumvarp um að heimilt verði að taka „ARAMO“ á íslenska skipaskrá, enda fullnægi það þeim reglum, sem gera þarf til búnaðar skipsins.

Ráðuneytið vill þó jafnframt leggja áherslu á, að skip þetta mun aldrei undir nokkrum kringumstæðum fá leyfi til veiða eða til vinnslu sjávarafla í íslenskri fiskveiðilögsögu.

Fylgiskjal VI.

Bréf utanríkisráðherra til samgönguráðherra.
(25. janúar 1989.)

Utanríkisráðuneytið, fyrir sitt leyfi, styður eindregið að stuðlað verði að því að Íslendingar nýti sér samningsbundin réttindi til veiða í bandarískri fiskveiðilögsögu.

Við teljum mikilvægt að úr því fáist skorið hvort hagkvæmt reynist að nýta þær heimildir sem samið var um og að áhugi Íslendinga verði staðfestur.

Því leggjum við til að skráning verði heimiluð enda sé tryggt að skipið verði notað eingöngu til vinnslu afla sem veiddur er utan íslenskrar lögsögu og verði ekki til aukningar á fiskiskipaflota sem sækir á okkar mið.

Fylgiskjal VII.

Fréttatilkynning frá utanríkisráðuneytinu.
(26. janúar 1990.)

Eins og kunnugt er hefur sendiráð Íslands í Washington, ásamt embættismönnum frá utanríkisráðuneytinu og sjávarútvegsráðuneytinu, átt viðræður við fulltrúa utanríkisráðuneytisins í Washington um mál sem snerta milliríkjasamning ríkjanna um fiskveiðar (Governing International Fisheries Agreement) frá 1984. Til umræðu hefur verið m.a. vinnslukvóti Íslenska úthafsútgerðarfélagsins.

Í gær veittu bandarísk stjórnvöld Íslenska úthafsútgerðarfélaginu heimild til að hefja vinnslu á sandkola strax og tilskilin gjöld hefðu verið greidd. Heimild þessi var veitt eftir að erindi þess efnis hafði verið lagt fram sama dag á fundi íslenskra og bandarískra embættismanna í Washington.

Á þessu ári er 163.000 tonna kvóta af sandkola úthlutað til samstarfsverkefna og mun það magn, að mati bandarískra viðskiptaráðuneytisins, duga erlendum vinnsluskipum fram á mitt ár. Nú stunda skip frá Póllandi, Kóreu, Sovétríkjunum og Alþýðulýðveldinu Kína vinnslu á sandkola.

Á fyrrgreindum fundi í Washington var íslenskum embættismönnum enn fremur flutt afsvar bandarískra stjórnvalda við þeirri málaleitan að Íslenska úthafsútgerðarfélagið gæti hafið vinnslu á þorski í samvinnuverkefni við bandarískt útgerðarfélag. Einnig var gefið í skyn

að við óbreyttar aðstæður yrði ekki úthlutað þorskkvóta til vinnslu erlendra fyrirtækja í samvinnu við bandarísk fyrirtæki síðar á þessu ári.

Í viðræðunum þessa viku tóku eftirfarandi þátt fyrir Íslands hönd: Ingvi S. Ingvarsson sendiherra, Guðmundur Eiríksson þjóðréttarfræðingur, Stefán L. Stefánsson sendiráðsritari og Hermann Sveinbjörnsson, aðstoðarmaður sjávarútvegsráðherra. Af hálfu Bandaríkjanna voru viðstaddir fundinn í gær: Ralph Johnson, varaaðstoðarutanríkisráðherra í Evrópu- og Kanadadeild, Edward Wolfe, varaaðstoðarutanríkisráðherra í fiskimáladeild, og Kenneth Longmyer í Íslandsdeild utanríkisráðuneytisins.

Sþ. 673. Fyrirspurn [384. mál]

til samgönguráðherra um reglugerð um leigubifreiðar.

Frá Guðmundi Ágústssyni.

1. Var með þeirri reglugerð, sem sett var 1. júlí sl. með heimild í lögum um leigubifreiðar, tekið af skarið um það hvað telst til fólksflutninga og hvað vöruflutninga? Kemur fram í sömu reglugerð sá vilji Alþingis að skýr verkaskipting sé á milli þeirra er flytja fólk og þeirra er flytja varning?
2. Stendur til að breyta reglugerðinni um leigubifreiðar með tilliti til laga um virðisaukaskatt þar sem þeim er stunda vöruflutninga er gert að greiða virðisaukaskatt en þeir er stunda fólksflutninga eru undanþegnir virðisaukaskatti?

Sþ. 674. Nefndarálit [54. mál]

um till. til þál. um nýja atvinnumöguleika á landsbyggðinni.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Nefndin fékk á sinn fund til viðræðna um tillöguna Jón Erlendsson, forstöðumann Upplýsingaþjónustu Háskólans. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Byggðastofnun, Byggðahreyfingunni Útverði, Fjórðungssambandi Norðlendinga, Iðnþróunarfélagi Eyjafjarðar hf., Iðnþróunarfélagi Þingeyinga, Kvenfélagasambandi Íslands, Póst- og símamálastofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar, Stéttarsambandi bænda, Upplýsingaþjónustu Háskólans, Fjarvinnustofunni Víst sf., Atvinnuþróunarfélagi Austurlands, Iðnþróunarfélagi Norðurlands vestra, iðnráðgjöfum Vesturlands og Suðurlands og Átaksverkefni Vestur-Húnvetninga.

Með nefndaráliti þessu eru birt sem fylgiskjöl minnispunktar frá Jóni Erlendssyni og umsögn frá Atvinnuþróunarfélagi Austurlands o.fl.

Ólafur Þ. Þórðarson og Matthías Á. Mathiesen voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk nefndaráliti þessu.

Alþingi, 5. mars 1990.

Árni Gunnarsson, form., frsm. — Jón Kristjánsson. — Geir Gunnarsson.

Geir H. Haarde. — Hreggviður Jónsson.

Fylgiskjal I.

Jón Erlendsson, forstöðumaður Upplýsingaþjónustu Háskóla Íslands:

ATVINNUMÁL — NOKKUR BRÝN VERKEFNI SEM ATVINNUMÁLANEFND SAMEINAÐS ALÞINGIS GÆTI STUTT EÐA BEITT SÉR FYRIR
Minnispunktar.

Almenn fræðsla.

Sú ótrúlega staðreynd blasir við að innan skólakerfisins er nánast ekkert fjallað um atvinnumál, sköpun atvinnutækifæra, eflingu framtaks og margt annað sem stuðlað getur að virkri þátttöku alls almennings í eflingu atvinnulífs. Undantekningar eru hér í formi nokkurra námskeiða sem styðja hluta þessa máls og kennd eru litlum hluta nemenda.

Athugi menn reynslu og þekkingu erlendis á því hvar best gengur er það hjá fyrirtækjum og aðilum sem ná því að virkja *hvern einasta starfsmann* til virkra athafna, hugmyndasköpunar, hagræðingar o.fl. Slíkt fólk hefur meiri ánægju af vinnu sinni og störfum en aðrir, það eflir sjálfstæði sitt og þekkingu, það finnur fyrir ábyrgð á því sem það gerir vegna þess að tekið er mark á tillögum þess og hugmyndum. Svona mætti lengi telja. Og það sem ef til vill skiptir ekki minnstu er að slíkt fólk verður betur undir það búið að gerast raunverulegir frumkvöðlar (e. entrepreneurs) og líklegra til þess en þeir starfsmenn sem ekki fá að njóta sín í hugmyndasköpun og framtaki.

Það er því allt að vinna í því að koma þekkingu á virkum athöfnum, hugmynda- og tækifærasköpun inn hjá sem flestum og búa þannig um hnútana hjá stofnunum og fyrirtækjum að sóst sé eftir hugmyndum starfsfólks og framkvæmt það af þeim sem fært er:

Sé ástandið skoðað hér á landi blasir við að:

— Þekking á virku athafnalífi er bundin við *lítinn* hóp manna sem lært hafa stjórnun eða aflað sér slíkrar þekkingar með langri reynslu — og oft mistökum. Allur almenningur er ekki „með í þeim leik". Hvern skyldi undra að almenningur sýni sjónarmiðum atvinnulífs og þörfum oft fálæti og taki lítinn virkan þátt í þeim bæði sem einstaklingar og starfsmenn. Þeir sem vinna að því að skapa eða finna ný tækifæri eru einnig örfáir.

Athugið að sú þekking, sem miðlað hefur verið til skamms tíma á sviði stjórnunar, hefur lítið með það að gera hvernig menn skapa og nýta ný tækifæri (þ.e. entrepreneurship).

— Margir athafnamenn, sem undirritaður hefur rætt þessi mál við, tala um undarlegan sljóleika starfsbræðra sinna við að finna og nýta ný tækifæri. Menn eru mjög misvökulir að þessu leyti. *Allur almenningur er hreinlega ekki með í þessum „leik"*. Þó er næg lífsorka, tími og fé til að gera margt ef viljinn, þekkingin, hvatningin og aðstaðan er fyrir hendi. Ekki þarf að líta á annað en allan þann tíma sem fer í marghátt að tómstundastarf til að sjá að tíminn og peningarnir eru til.

Það sem hér þarf er almenn og umfangsmikil fræðsla um atvinnumál, jákvætt menningarlegt umhverfi. Sköpun stórra og smárra tækifæra gæti orðið að þjóðaríþrótt ef að því væri unnið.

Hagræðing — skortur — tækifæri.

Lestur nýlegra erlendra rita bendir eindregið til þess að skólar erlendis hafi vanrækt áherslu á virkni og framleiðni rétt eins og skólar hérlendis. Þetta ástand skapar tækifæri fyrir þá sem geta komið með nýjar lausnir.

Sjálfstæði — verkefnishugmynd.
Meðfylgjandi er lausleg lýsing á skipulagi verkefnis við að kanna þá þætti sem leiða til sjálfstæðrar hugsunar og athafna. Sjálfstæð hugsun er náskyld og næstum því það sama og skapandi hugsun. Sá sem gerir eitthvað fullkomlega sjálfstætt er um leið skapandi.

Sjálfstæði — upplýsingalindir.
Auk hefðbundinnar ritaskrár, gagnabanka o.fl. eru fjölmargar upplýsingalindir sem má nýta til að afla upplýsinga um sjálfstæði og eflingu þess.

Hönnunarhugarfar í stað athugunarhugarfars.
Akademían einkennist af *ofuráherslu á athugun* og ónógri áherslu á *sköpun* fullkomlega *nýrra lausna, hönnun* og *athöfnum* (e. Design and Action Orientation). Með því að ná fram áherslubreytingu má skapa mikil tækifæri.

Að miðla hugmynd um mikilvægi námsefnisins.
Margir nemendur sækja fyrirlestra fyrst og fremst til þess að „finna út hverjar áherslur kennarans eru í námsefninu". Sé þetta meginatriði í því sem fram fer má leysa það á miklu einfaldari hátt, sjá útlistun hér að neðan.

Óvandað val kennslubóka.
Með því að vanda val (erlendra) kennslubóka má ná fram verulegum vinnusparnaði í námi. Mikil brögð eru þó að því víða að lítilli vinnu sé eytt í val kennslubóka og að úrvalið sé næsta lítið þegar valið er. Þannig er sóað miklum tíma fyrir nemendum.

Launakerfi sem setur vinnuframlagi kennara þröngar skorður.
Yfirleitt fá kennarar ekki greitt fyrir neitt annað en viðveru í kennslustundum. Þetta leiðir til þess að aðeins þeir áhugasömustu sinna námsefnisgerð og þeim er sjaldnast umbunað og námsefnisgerðin eftir því vanrækt. Því er ofgnótt kennslustunda og skortur á námsefni.

Upplýsingaöflun í stað utanferða.
Mikið er um utanferðir á vegum hins opinbera. Verulegur hluti þeirra er réttlættur með því að verið sé að afla mikilvægra upplýsinga. Oft ef ekki oftast má afla mun yfirgripsmeiri upplýsinga fyrir miklu minni kostnað með tölvuleit o.fl.

Kostnaður við óþarfar endurskriftir námsefnis.
Í kennslustundum og fyrirlestrum tíðkast miklar endurskriftir námsefnis, svokölluð glósuskrif. Gera má ráð fyrir því að hver nemandi eyði að óþörfu 1–2 klst. á dag í slíkt. Miðað við 250 kr. á klst. og 4.000 nemendur (HÍ) má meta þennan óþarfa á 1–2 milljónir á dag.

Yfirferðarhugmyndin — versti draugurinn.
Sá vinnusiður eða „menningarhefð" innan skólakerfisins að „fara þurfi yfir" allt *námsefnið í kennslustundum er einn versti þröskuldurinn á vegi hagræðingar og framfara.* Samkvæmt henni eru nemendur nánast ófærir um að nema sjálfir!!!

Námsefnisgerð — tækifæri.
Gott námsefni getur í mörgum tilvikum nægt að verulegu leyti í stað hefðbundinna kennslustunda. Með því að beina vinnu kennara (og nemenda) að því að byggja upp betra námsefni má minnka hlutfall kennslustunda í skólastarfinu og auðvelda fjarkennslu.

Námsefnisgerð — aukin framleiðni.

Með beitingu tölvutækni má auðvelda námefnisgerð til muna. Upplýsingakerfi þetta er eitt dæmi um slíkt. Því er ljóst að eitt af því sem gera þarf er að afla upplýsinga um og þróa aðferðir um vinnusparandi tækni fyrir námsefnisgerð.

Kjörorð: Nýsköpun er fyrir alla — og sífellt!

Virkt atvinnulíf byggir á sívirkri (daglegri!) nýsköpun hvers og eins — í smáu og stóru. Nýsköpun verður að vera sívirk iðja til að læra. Enginn grípur í neyð til nýsköpunar með árangri eftir áralanga vanrækslu hennar!

Mörgu sem kennt er nú og lýtur að eflingu atvinnulífs eru settar þröngar skorður úr hófi. Þannig er t.d. stjórnun kennd þeim einum sem ætla að verða stjórnendur. Stjórnun er þó að miklu leyti samskiptareglur manna á milli og því fráleitt að kenna aðeins öðrum aðilanum þær! — Hvernig gengi fólki að dansa ef einungis annar aðilinn kynni sporin?

Það sama má segja um námskeið um stofnun fyrirtækja. Þekkinguna, sem fáum er kennd í þeim, ætti að kynna miklu fleirum, þó ekki væri til annars en þess að gefa innsýn í rekstur atvinnulífs sem allt of fáir skilja.

Fylgiskjal II.

Álitsgerð frá Atvinnuþróunarfélagi Austurlands, Iðnþróunarfélagi Norðurlands vestra, iðnráðgjöfum Vesturlands og Suðurlands og Átaksverkefni Vestur-Húnvetninga.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um nýja atvinnumöguleika á landsbyggðinni.

(Send atvinnumálanefnd sameinaðs Alþingis 11. janúar 1990.)

Hin hraðfara þróun tölvu- og upplýsingatækninnar á Íslandi á síðustu árum hefur í allt of litlum mæli komið landsbyggðinni og íbúum hennar að gagni. Að þessu leyti eru Íslendingar skrefi á eftir nágrannaþjóðum sínum sem hafa lagt mikla áherslu á að þessi nýja tækni gæti orðið jaðarbyggðum að gagni. Það hefur nánast orðið tíska að flytja upplýsingatæknina út í jaðarbyggðirnar í hinum vestræna heimi og er orðinn hluti af byggðastefnu þessara landa, fyrst og fremst vegna þess að í ljós hefur komið að hefðbundnar atvinnugreinar, eins og iðnaður, verslun og landbúnaður, hafa ekki getað tryggt viðgang landsbyggðarinnar. Á þann hátt hafa íbúarnir orðið þátttakendur í hinni tæknilegu þróun og fengið aðgang að hinni gífurlegu þekkingu upplýsingasamfélagsins. Það er því á þessu sviði sem ný atvinna verður til í samfélagi nútímans og framtíðarinnar.

Fyrsta fjarvinnslustofan í heiminum leit dagsins ljós í september 1985 í smábænum Vemdalen í Harjedalen í Svíþjóð, raunar eftir danskri uppskrift. Fjarvinnslustofur, tölvustofur eða hvað svo sem kalla má slík fyrirtæki eru að mestu leyti norræn hugmynd sem nú er verið að gera að veruleika í hundruðum smásamfélaga í Evrópu. Margar fjarvinnslustofur á Norðurlöndum eru í samtökum sem nefnast *Foreningen af Informationsteknologiske Lokalcentre i Norden, FILIN,* og leitast þau við að koma fram sem norræn heild í einhverju sem nefna mætti alþjóðlega hreyfingu. Aðstæður fjarvinnslustofanna eru þó svo mismunandi að vart er hægt að líta á þessi samtök sem eina heild.

Aðstæður á Íslandi.

Fyrsta viðleitnin til að koma á slíkum upplýsingamiðstöðvum á Íslandi kom fram 1989 á Hvammstanga, Vík í Mýrdal, Selfossi og Seyðisfirði. Þessar miðstöðvar, sem ekki hafa allar

hafið starfsemi enn, eru í flestum tilfellum tengdar staðbundnum átaksverkefnum og/eða iðnráðgjöfum. Markmið þessara miðstöðva eru ólík og þær hafa ekki tekið upp neina formlega samvinnu.

Jafnframt hefur Byggðastofnun í samvinnu við Gunnlaug Jósefsson hjá Fjarhönnun hf. ákveðið að styðja við bakið á slíkum verkefnum með aðstoð við fjármögnun á vél- og hugbúnaði, jafnframt því að veita nokkra kennslu. Markmiðið er að miðstöðvarnar víðs vegar um landið tengist saman í net þar sem hver og ein getur tekið að sér ákveðin sérhæfð og/eða almenn verkefni. Dæmi um slík sérhæfð verkefni eru t.d. kortateikning, vinnsla gagnabanka fyrir ákveðin héruð eða landsvæði, frágangur og prentun ýmiss konar efnis o.s.frv., en almennari verkefni, sem fleiri væru færir um að vinna, eru t.d. þýðingar, textavinnsla, skráning o.s.frv. Fram að þessu hafa einstakar stofur einkum lagt áherslu á sérhæfð verkefni.

Enn sem komið er hafa stofurnar ekkert skipulagt samstarf sín í milli. Þó eru Upplýsingaþjónusta Háskólans og Guðjón Ingvi Stefánsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, aðilar að FILIN og er Guðjón fulltrúi Íslands í stjórninni.

Við teljum mjög mikilvægt að þessi þróun verði studd af alefli til að stuðla að því að landsbyggðin verði virk í þróun upplýsingatækninnar.

Fjarvinnslustofan.

Meginverksvið norrænu fjarvinnslustofanna eru þrenns konar:

1. *Að veita íbúum viðkomandi svæðis þekkingu á eðli upplýsingatækninnar.*
2. *Að veita íbúunum aðgang að nauðsynlegum tækjum og að gagnabönkum upplýsingaaldarinnar.*
3. *Að veita einkaaðilum og opinberum stofnunum þjónustu á ýmsum sviðum.*

Samkvæmt sænskum upplýsingum mun fjarvinnslustofa, sem uppfyllir þessi meginskilyrði, þurfa u.þ.b. 9 milljónir íslenskra króna (1988) til kaupa á vél- og hugbúnaði, húsgögnum og öðrum skrifstofuútbúnaði. Nauðsynlegt væri að leigja u.þ.b. 200 m² húsnæði. Svíarnir hafa reiknað út að hvert ársverk, sem búið er til í greininni, kosti u.þ.b. 2 milljónir íslenskra króna sem er fimmti hluti þess sem það kostar að skapa eitt ársverk í iðnaði. Svíunum finnst því fjárfestingar í fjarvinnslunni vera sérlega ódýrar.

Á Íslandi er þó ekki hægt að vera svo stórhuga vegna þess hve smá og einangruð mörg sveitarfélög eru. Það mun t.d. ekki alltaf verða hægt að koma öllum ofannefndum meginverksviðum fyrir í venjulegri fjarvinnslustofu á Íslandi. Sums staðar væri meira vit í því að tengja fyrsta verksviðið skólakerfinu sem nú þegar fjárfestir töluvert í tölvubúnaði. Annað verksvið væri hugsanlegt að tengja bókasöfnum sem eru sorglega vanrækt hér á landi. Stærri bæir með nokkur þúsund íbúa ættu þó með góðu móti að geta nýtt sér sænsku fyrirmyndina, en yrðu þó að einhverju leyti háð opinberri aðstoð við fjárfestingar og rekstur fyrsta kastið.

Í þorpum og smábæjum, þar sem tölvuvæðingin hefur ekki haldið innreið sína, verður þó að leggja áherslu á að koma á fót fjarvinnslustofum sem einkum sinna þriðja meginverksviðinu. Þar með verður fjárfestingin mun minni, tekjumöguleikarnir meiri og meira er hægt að treysta á einstaklingsframtakið.

Í sænsku fjarvinnslustofunum er lögð áhersla á að þjóna fyrst og fremst opinberum aðilum og einkaaðilum á viðkomandi svæði. Þetta stafar af því að sænskar jaðarbyggðir eru fjölmennari en á Íslandi, oft fjölmennari en allir Íslendingar samanlagt. Á Íslandi er ekki hægt að líta þannig á hlutina. Hér verður hver stofa að hafa allt landið — og þar sem mögulegt er — öll Norðurlönd að markaði. Lítið hérað getur aðeins að litlu leyti skapað vel rekinni fjarvinnslustofu verkefni. Á nokkrum sviðum mætti þó með góðu móti þjóna atvinnulífinu á staðnum. Dæmi um það eru t.d.:

— Telefax-þjónusta.
— Afleysingar í sumarfríum.
— Bókhald.

— Textainnsláttur og skráning ýmissa gagna.
— Að veita ýmsum aðilum á staðnum aðgang að tölvum og hugbúnaði stofunnar til útreikninga, skráningar o.fl.

Rétt er þó að leggja áherslu á að mikilvægt er að fjarvinnslustofurnar víðs vegar um landið starfi í neti þar sem hægt er að taka við ýmiss konar verkefnum og miðla verkefnum á milli stofanna. Á Íslandi ætti líkt að heppnast ef takast má að flytja fjölda þjónustustarfa, sem nú eru unnin á höfuðborgarsvæðinu, til fjarvinnslustofanna úti á landi. Slík störf gætu t.d. verið eftirtalin:

— Þýðingar.
— Gerð skráa af ýmsu tagi.
— Útprentun á nafnalistum og heimilisföngum samkvæmt völdum skilyrðum.
— Vinnsla og útsending á bæklingum og fréttabréfum o.þ.h.
— Vinnsla á ýmsum tölfræðilegum gögnum fyrir einkafyrirtæki og opinbera aðila.
— Textavinnsla af ýmsu tagi (innsláttur, prófarkalestur, umbrot).
— Símaþjónusta og bókhald.
— Kortateikning.

Undirbúningur heima fyrir.

Fjarvinnslustofan þarf helst að spretta upp úr hinu staðbundna umhverfi og vera rækilega tengd því. Fyrstu fjarvinnslustofurnar á Norðurlöndum voru einmitt stofnaðar af *hvetjandi og áhugasömum eldhugum eða mönnum sem starfa að atvinnuþróun.* Þeir stofnuðu áhugahópa sem komu sér saman um markmið og skröpuðu saman því sem nauðsynlega þurfti til verkefnisins. Verkefnið á Hvammstanga, sem stutt er af Átaksverkefninu, er að mestu leyti byggt á slíkum eldhugum.

Á landsbyggðinni á Íslandi er þó ekki alls staðar hægt að ganga út frá því að undirbúningurinn gangi svo greiðlega fyrir sig. Eitt mesta vandamál landsbyggðarinnar er nefnilega gífurlegur *atgervisflótti.* Á móti því kemur þó að víða er vaxandi vilji fyrir því að taka þátt í heimi upplýsingatækninnar. Þessi vilji kemur ekki síst fram hjá konum og yngra fólki sem helst verða fyrir barðinu á hinu lélega og einhæfa atvinnuástandi. Það er því mjög mikilvægt út frá sjónarmiði byggðaþróunar og byggðastefnu að menn átti sig vel á því hvernig best verður stutt við bakið á áhugahópum á landsbyggðinni sem vilja taka upplýsingatæknina í þjónustu sína.

Á Seyðisfirði er hópur kvenna tengdur fyrirtækinu Frú Láru hf. sem tekið hefur frumkvæðið að stofnun fjarvinnslustofu. Þessar konur eru gott dæmi um viljann til verka, en þær vantar hins vegar grundvallarþekkingu á tölvutækninni. Þær eru því óöruggar og ófærar um að taka síðustu nauðsynlegu skrefin án hjálpar utan frá.

En þrátt fyrir atgervisflótta og almennt minni menntun úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu er þrátt fyrir allt fyrir hendi mjög víðtæk kunnátta í öllum héruðum landsins. Til þess að hægt sé að reka fjarvinnslustofuna á besta hugsanlegan máta verður að kortleggja þessa kunnáttu. Á þann hátt munu margir íbúar fá hlutverk og hlutastarf á fjarvinnslustofunni. Það væri stórt skref í átt til þess að skapa almennan áhuga á upplýsingatækni á svæðinu og það gæti síðan stuðlað að því að yngra fólk sæi fram á einhverja framtíð á heimaslóðum.

Þegar búið er að kortleggja þekkinguna á svæðinu vita menn jafnframt hverjir veikleikarnir eru. Þá ætti að vera hægt að halda námskeið fyrir það fólk sem óskar eftir að starfa við fjarvinnslustofuna í framtíðinni. Þessi námskeið verða að vera vönduð og munu eflaust þarfnast einhvers stuðnings. Það er nefnilega mikilvægt að hver einstök stofa geti veitt það góða þjónustu að allar hinar stofurnar séu sáttar við hana. Fjarvinnslukerfið getur því aðeins gengið að einkaaðilar og opinberar stofnanir sjái sér hag í að nýta sér þær, að þar geti þeir fengið unnin verkefni ódýrar og betur en með því að vinna þau sjálfir.

Átaksverkefnið á Hvammstanga er eini aðilinn sem enn hefur framkvæmt slíka kortlagningu.

Markaðsundirbúningur.

Eins og þegar hefur verið getið mun vel starfhæft fjarvinnslunet verða ríkulega háð því að hægt sé að fá einkaaðila og opinber fyrirtæki til að flytja ýmis verkefni til fjarvinnslustofanna. Það er því mjög mikilvægt að sem fyrst verði mögulegur markaður á þessu sviði kannaður.

Í opinbera geiranum er fjöldi stofnana og fyrirtækja sem hefðu hag af því að láta fjarvinnslustofurnar vinna ýmis verkefni, t.d. skráningu af ýmsu tagi, ýmis venjubundin störf, útgáfu á kynningarbæklingum o.fl. Í umræðunni um þetta mál hefur m.a. verið rætt um að bókasöfnin, Byggðastofnun, Sjóminjasafnið, Hagstofan, tryggingafélög og jafnvel skattstofurnar gætu notið góðs af þjónustu fjarvinnslustofanna. Eflaust mætti nefna ótal önnur dæmi um stofnanir sem hag hefðu af því að flytja ýmis verkefni til þessara stofa.

Það má þó búast við því að slíkar breytingar gætu mætt andstöðu meðal starfsmanna stofnananna og yfirmanna þeirra. Af reynslu vitum við að opinberar stofnanir eru með íhaldsömustu einingum samfélagsins og þær eru ekki líklegar til að taka þátt í endurskipulagningu sem leiðir til hagræðingar og fækkunar starfsfólks af fúsum og frjálsum vilja. Það verður því að gera ráð fyrir því að þessi þróun muni að einhverju leyti krefjast pólitískrar stýringar.

En það er þó alls ekki hægt að koma fjarvinnslunetinu á fyrst og fremst með pólitískri valdbeitingu. Það verður umfram allt að byggja á því að fjarvinnslustofurnar geti veitt hraðari, ódýrari og betri þjónustu en allir aðrir. Því þarf að markaðssetja þessa þjónustu og er alveg nauðsynlegt að farið sé að eins og í Svíþjóð og sett á fót söluskrifstofa í Reykjavík fyrir þjónustu stofanna. Aðeins á þann hátt verður hægt að komast inn á markað í Reykjavík að einhverju marki. Slík söluskrifstofa þarf að vera eign fjarvinnslustofanna og hún verður að lúta stjórn fjarvinnslustofanna víðs vegar um landið, hugsanlega í samvinnu við rótgróið fyrirtæki á fjarskiptasviðinu.

Niðurstöður.

Við undirrituð viljum lýsa ánægju okkar með að atvinnumálanefnd sameinaðs Alþingis skuli nú huga að möguleikum á því að tölvu- og upplýsingatæknin geti komið hinum dreifðu byggðum að gagni. Við teljum að það séu miklir faglegir og tæknilegir möguleikar á því að flytja fjölda verkefna á vegum hins opinbera út á land, jafnframt því sem við vitum að víða um land er mikill vilji fyrir því að koma á fót starfsemi sem byggir á fjarskipta- og tölvutækni.

Á síðustu árum hefur verið rætt um að flytja ýmis af verkefnum ríkisins út á land. Þetta hefur aðeins tekist að framkvæma í litlum mæli. Stofnun fjarvinnslustofa víða um landið má því teljast vera *góð málamiðlun* því að annars vegar eru stofnanirnar áfram starfræktar í Reykjavík, en hins vegar mun mjög vaxandi hluti opinberrar starfsemi verða unninn úti á landi.

Til að vinna úr þessum hugmyndum og koma þeim áleiðis teljum við að nauðsynlegt sé að sem allra fyrst sé komið á fót *vinnuhóp með verkefnisstjóra.*

Samsetning vinnuhópsins yrði ákveðin af atvinnumálanefnd sameinaðs Alþingis. Hópurinn má ekki vera of stór, en þó það breiður að hann spanni sem flesta þætti málsins. Þannig mættu gjarnan vera í slíkum hópi fulltrúi frá Byggðastofnun, Háskólanum, ráðuneytum, Rannsóknastofnun atvinnuveganna, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, aðilum vinnumarkaðarins, opinberum starfsmönnum, Stéttarsambandi bænda, iðnráðgjöfum og jafnvel fulltrúi frá fjarvinnslustofunum sjálfum. Það er mikilvægt að bæði kynin eigi svipaðan fjölda fulltrúa í hópnum.

Verkefnisstjórinn skal vera ráðinn í fullt starf og verksvið hans yrði m.a.:

— Að afla upplýsinga um samsvarandi kerfi erlendis og þar með að athuga möguleika á tengslum við alþjóðleg netkerfi.
— Að gera skrá yfir hvers konar verkefni, almenn eða sérhæfð, henti best að flytja til fjarvinnslustofa úti á landi.

— Að gera athugun á möguleikum þess að flytja störf úr opinbera geiranum á höfuðborgarsvæðinu til fjarvinnslustofanna.
— Að finna besta samstarfsformið milli hins opinbera og fjarvinnslustofanna.
— Að semja um flutning á ákveðnum opinberum verkefnum til fjarvinnslustofanna sem allra fyrst svo að fljótlega sé hægt að skapa störf fyrir fjarvinnslustofur sem þegar hafa verið settar á fót.
— Að gera markaðskönnun á þörf einkageirans fyrir þjónustu fjarvinnslustofanna.
— Að gera athugun á því á hvaða stöðum menn hafa vilja og getu til að koma á fjarvinnslustofum.
— Að standa fyrir athugun á hæfni væntanlegra starfsmanna sem fyrir hendi eru á þeim stöðum þar sem ætlunin er að koma á fót fjarvinnslustofum, hugsanlega í samvinnu við iðnráðgjafa.
— Að setja lágmarkskröfur og reglur um starfsemi fjarvinnslustofanna.
— Að búa til kennsluáætlun fyrir starfsmenn fjarvinnslustofanna.
— Að undirbúa stofnun söluskrifstofu í Reykjavík.
— Að gera kostnaðar- og rekstraráætlun fyrir allt verkefnið og kanna þar með samfélagslega hagkvæmni eða óhagkvæmni.

Sþ. 675. Breytingartillögur [54. mál]

við till. til þál. um nýja atvinnumöguleika á landsbyggðinni.

Frá atvinnumálanefnd.

1. Við fyrri mgr. tillgr. bætist: svo og hvernig auka megi tölvufræðslu.
2. Fyrirsögn till. orðist svo: Till. til þál. um nýja atvinnumöguleika á landsbyggðinni með áherslu á fjarvinnu.

Sþ. 676. Nefndarálit [43. mál]

um till. til þál. um landgræðslu.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt.

Nefndin vill vekja athygli á því að þar sem Alþingi hefur enn ekki afgreitt frumvarp til laga um yfirstjórn umhverfismála liggur ekki fyrir hvort það verkefni, sem landbúnaðarráðherra er falið samkvæmt tillögunni, verði á hans hendi eða hjá umhverfisráðherra.

Nefndinni bárust umsagnir um tillöguna frá Áburðarverksmiðju ríkisins, landbúnaðarráðuneytinu, Landgræðslu ríkisins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Skógrækt ríkisins.

Ólafur Þ. Þórðarson og Matthías Á. Mathiesen voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 5. mars 1990.

Árni Gunnarsson, form., frsm. Geir Gunnarsson. Jón Kristjánsson.

Hreggviður Jónsson. Geir H. Haarde.

Sþ. 677. Frumvarp til fjáraukalaga [385. mál]

fyrir árið 1990 vegna kjarasamninga í febrúar 1990.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1990 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1990:

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**-2 600 000**
Óbeinir skattar	-300 000	
Breyting tekna vegna breyttra verðlagsforsendna	-2 300 000	
Gjöld		**-1 955 000**
Rekstrarliðir:		
Samneysla	-94 000	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	762 000	
Fjárfesting:		
Stofnkostnaður	-509 000	
Fjármagnstilfærslur	-64 000	
Breyting gjalda, sbr. 4. gr.	-2 050 000	
Gjöld umfram tekjur		**645 000**
Lánahreyfingar		
Lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**645 000**
Lántökur		650 000
Innlend lán	650 000	
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		5 000

2. gr.

Vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um að greiða fyrir kjarasamningum og til að stuðla að því að forsendur kjarasamninga um hjöðnun verðbólgu standist, breytast útgjöld ríkissjóðs frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1990 sem hér segir, sbr. sundurliðun í 3. gr.:

	Þús. kr.	Þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	-83 000	
02 Menntamálaráðuneyti	-99 000	
03 Utanríkisráðuneyti	-5 000	
04 Landbúnaðarráðuneyti	-28 000	
05 Sjávarútvegsráðuneyti	-8 000	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	-55 000	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	-145 000	
09 Fjármálaráðuneyti	-116 000	
10 Samgönguráðuneyti	-144 000	
11 Iðnaðarráðuneyti	-20 000	
12 Viðskiptaráðuneyti	800 000	
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	-2 000	
Samtals		95 000

3. gr.

Sundurliðun gjalda skv. 2. gr. á stofnanir og viðfangsefni er þessi:

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-201 Alþingi

Viðfangsefni:

Stofnkostnaður:	Þús. kr.	Þús. kr.
6 90 Ýmis stofnkostnaður	-6 000	
Gjöld samtals		-6 000

00-510 Bessastaðir

Viðfangsefni:

Stofnkostnaður:		
6 01 Mannvirkjagerð	-75 000	
Gjöld samtals		-75 000

00-620 Ríkisendurskoðun

	Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		
6 01 Tölvu- og húsbúnaður	-2 000	
Gjöld samtals		-2 000

02 Menntamálaráðuneyti

02-233 Rannsóknasjóður

Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		
6 01 Rannsóknasjóður	-10 000	
Gjöld samtals		-10 000

02-318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður

Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		
6 10 Menntaskólinn í Reykjavík, endurbætur húss KFUM og K	-1 500	
6 11 Menntaskólinn á Laugarvatni, endurbætur	-500	
6 12 Menntaskólinn við Hamrahlíð, breyting á húsnæði	-1 000	
6 13 Menntaskólinn við Sund, endurbætur og hönnun	-1 500	
6 14 Menntaskólinn á Egilsstöðum, mötuneyti o.fl.	-3 000	
6 15 Menntaskólinn í Kópavogi, stjórnsýsluálma	-1 000	
6 16 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, íþróttahús	-2 500	
6 17 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, lóðaframkvæmdir	-500	
6 19 Fjölbrautaskóli Vesturlands, mötuneyti	-2 500	
6 20 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, viðbygging	-1 000	
6 22 Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki, bóknámshús	-2 500	
6 25 Verkmenntaskóli Austurlands, kennsluhúsnæði og frágangur lóðar	-500	
6 26 Verkmenntaskólinn á Akureyri, nýbygging	-1 000	
6 27 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, innrétting á húsnæði	-500	
6 28 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu, skólastjórabústaður	-500	
6 29 Fjölbrautaskólinn Ármúla, viðbygging	-500	
6 30 Framhaldsskólinn Laugum	-500	
6 31 Framhaldsskólinn á Húsavík	-500	
6 32 Menntaskólinn á Akureyri, stofnkostnaður	-500	
6 34 Menntaskólinn á Ísafirði	-500	
6 35 Menntaskólinn á Ísafirði, íþróttahús	-3 500	
Gjöld samtals		-26 000

02-422 Námsgagnastofnun

	Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		
6 02 Innrétting húsnæðis	-8 000	
Gjöld samtals		-8 000

02-501 Tækniskóli Íslands

Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		
6 02 Tækniskóli Íslands	-3 000	
Gjöld samtals		-3 000

02-518 Fiskvinnsluskólinn

Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		
6 10 Lóðaframkvæmdir	-2 000	
Gjöld samtals		-2 000

02-531 Íþróttakennaraskóli Íslands

Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		
6 10 Sundlaug	-2 000	
Gjöld samtals		-2 000

02-533 Hússtjórnarskólar

Viðfangsefni:		
Viðhaldsverkefni:		
5 90 Viðhald, óskipt	-1 000	
Gjöld samtals		-1 000

02-610 Héraðsskólar almennt

Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		
6 90 Stofnkostnaður	-10 000	
Gjöld samtals		-10 000

02-902 Þjóðminjasafn Íslands

Viðfangsefni:		
Viðhaldsverkefni:		
5 01 Húseign við Suðurgötu	-8 000	
Gjöld samtals		-8 000

02-903 Þjóðskjalasafn Íslands

	Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		
6 01 Innréttingar	-8 000	
Gjöld samtals		-8 000

02-978 Endurbótasjóður menningarstofnana

Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		
6 01 Endurbótasjóður menningarstofnana	-112 000	
6 02 Ráðstafað til framkvæmda á Bessastöðum	75 000	
6 03 Ráðstafað til framkvæmda við Þjóðskjalasafn	8 000	
6 04 Ráðstafað til framkvæmda við Þjóðminjasafn	8 000	
Gjöld samtals		-21 000

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 50 Viðskiptaskrifstofa	-5 000	
Gjöld samtals		-5 000

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 01 Yfirstjórn	-390	
Gjöld samtals		-390

04-201 Búnaðarfélag Íslands

Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 01 Yfirstjórn	-210	
1 20 Ráðunautar	-125	
1 30 Sérfræðileg aðstoð við landbúnaðinn	-125	
Gjöld samtals		-460

04-202 Hagþjónusta landbúnaðarins

	Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 01 Almennur rekstur	-50	
Gjöld samtals		-50

04-205 Veiðistjóri

Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 01 Veiðistjóri	-70	
Gjöld samtals		-70

04-206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 01 Aðalstöðvar	-440	
1 82 Stóra-Ármót	-10	
1 83 Tilraunabúið Hesti	-10	
1 85 Tilraunastöðin Möðruvöllum	-20	
1 87 Tilraunastöðin Sámsstöðum	-30	
Gjöld samtals		-510

04-231 Skógrækt ríkisins

Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 01 Almennur rekstur	-710	
Gjöld samtals		-710

04-232 Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins

Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 01 Rannsóknastöðin á Mógilsá	-60	
Gjöld samtals		-60

04-235 Landgræðsla ríkisins

Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 10 Almenn landgræðsla	-860	
1 60 Búrekstur	-60	
Gjöld samtals		-920

04-242 Mat á landbúnaðarafurðum

	Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 01 Mat á landbúnaðarafurðum	-50	
Gjöld samtals		-50

04-243 Sauðfjárveikivarnir

Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 01 Sauðfjárveikivarnir	-60	
Gjöld samtals		-60

04-244 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða

Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 01 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	-10	
Gjöld samtals		-10

04-246 Veiðimálastofnun

Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 01 Veiðimálastofnun	-320	
Gjöld samtals		-320

04-247 Yfirdýralæknir

Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 01 Yfirstjórn	-20	
1 20 Héraðsdýralæknar	-50	
1 30 Dýralæknir fisksjúkdóma	-20	
1 52 Eftirlit og eftirlitsferðir	-10	
Gjöld samtals		-100

04-288 Jarðræktar- og búfjárræktarlög, framlög

Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		
6 20 Jarðræktar- og búfjárræktarframlög	-10 000	
Gjöld samtals		-10 000

04-290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir

	Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 10 Framleiðnisjóður landbúnaðarins	-10 000	
Gjöld samtals		-10 000

04-299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi

Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 22 Ýmis verkefni	-2 000	
Gjöld samtals		-2 000

04-501 Bændaskólinn á Hvanneyri

Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 01 Yfirstjórn	-130	
1 30 Rekstur skóla	-290	
1 40 Rannsóknir og tilraunastarfsemi	-20	
1 50 Búrekstur	-190	
Gjöld samtals		-630

04-502 Bændaskólinn á Hólum

Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 01 Bændaskólinn á Hólum	-460	
Gjöld samtals		-460

04-503 Garðyrkjuskóli ríkisins

Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 01 Garðyrkjuskóli ríkisins	-190	
1 10 Tilraunir og rannsóknastarf	-10	
Gjöld samtals		-200

04-998 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 01 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	-1 000	
Gjöld samtals		-1 000

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-202 Hafrannsóknastofnun

	Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		
6 90 Búnaður deilda og útibúa	-4 000	
Gjöld samtals		-4 000

05-299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi

Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 32 Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir í sjávarútvegi	-4 000	
Gjöld samtals		-4 000

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-201 Hæstiréttur

Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 02 Útgáfa hæstaréttardóma	-1 000	
Gjöld samtals		-1 000

06-204 Borgarfógetinn í Reykjavík

Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		
6 01 Tæki og búnaður	-1 000	
Gjöld samtals		-1 000

06-205 Sakadómur Reykjavíkur

Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		
6 02 Tölvuvæðing málaskrár	-1 000	
Gjöld samtals		-1 000

06-206 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 20 Almenn löggæsla	-6 000	
1 21 Eftirlit á vegum	-2 000	

	Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:		
6 80 Endurnýjun ökutækja	-3 000	
6 81 Breyting á verkstæði	-8 000	
Gjöld samtals		-19 000

06-208 Rannsóknarlögregla ríkisins

Viðfangsefni:

Almennur rekstur:		
1 01 Rannsóknarlögregla ríkisins	-1 000	
Stofnkostnaður:		
6 01 Tæki og búnaður	-2 000	
Gjöld samtals		-3 000

06-211 Sýslumenn og bæjarfógetar

Viðfangsefni:

Viðhaldsverkefni:		
5 50 Fasteignir	-6 000	
Stofnkostnaður:		
6 10 Tæki og búnaður	-5 000	
6 50 Húsnæði vegna sjúkratrygginga	-1 000	
Gjöld samtals		-12 000

06-212 Bæjarfógeti Akranesi

Viðfangsefni:

Stofnkostnaður:		
6 10 Innrétting lögreglustöðvar	-3 000	
Gjöld samtals		-3 000

06-251 Landhelgisgæsla Íslands

Viðfangsefni:

Stofnkostnaður:		
6 90 Tæki og búnaður	-8 000	
Gjöld samtals		-8 000

06-Dómsmál, ýmis starfsemi

Viðfangsefni:

Almennur rekstur:		
1 10 Málskostnaður	-7 000	
Gjöld samtals		-7 000

07 Félagsmálaráðuneyti

07-271 Byggingarsjóður ríkisins	Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		
6 01 Byggingarsjóður ríkisins	-100 000	
Gjöld samtals		-100 000

07-982 Ríkisábyrgð á launum

Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 01 Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota	100 000	
Gjöld samtals		100 000

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-271 Tryggingastofnun ríkisins

Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 10 Lífeyristryggingar	110 000	
Gjöld samtals		110 000

08-273 Atvinnuleysistryggingasjóður, framlag

Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 01 Framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs	-200 000	
Gjöld samtals		-200 000

08-372 Borgarspítalinn

Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		
6 01 Ýmis eignakaup	-10 000	
Gjöld samtals		-10 000

08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Viðfangsefni:		
Viðhaldsverkefni:		
5 50 Viðhald sjúkrahúsa, óskipt	-10 000	

	Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:		
6 60 Tækjakaup, óskipt	-10 000	
6 90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	-17 000	
Gjöld samtals		-37 000

08-385 Framkvæmdasjóður aldraðra

Viðfangsefni:

Stofnkostnaður:		
6 01 Framkvæmdasjóður aldraðra	-8 000	
Gjöld samtals		-8 000

09 Fjármálaráðuneyti

09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Viðfangsefni:

Stofnkostnaður:		
6 01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	-50 000	
Gjöld samtals		-50 000

09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Viðfangsefni:

Stofnkostnaður:		
6 21 Bjarnarbraut 8, Borgarnesi	-11 000	
6 22 Stjórnsýsluhús Akranesi, hönnun	-1 000	
6 50 Sölvhólsgata 7	-2 000	
Gjöld samtals		-14 000

09-989 Launa- og verðlagsmál

Viðfangsefni:

Almennur rekstur:		
1 10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra í samræmi við samþykktir ríkisstjórnarinnar	-20 000	
Stofnkostnaður:		
6 01 Stofnkostnaður	-32 000	
Gjöld samtals		-52 000

10 Samgönguráðuneyti

	Þús. kr.	Þús. kr.
10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 01 Yfirstjórn	-610	
Gjöld samtals		-610
10-211 Vegagerð ríkisins		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 01 Yfirstjórn	-4 000	
Stofnkostnaður:		
6 10 Nýframkvæmdir	-75 000	
Gjöld samtals		-79 000
10-321 Strandferðir, framlög		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 10 Skipaútgerð ríkisins	-5 000	
1 20 Flóabátar og vöruflutningar	-3 000	
Gjöld samtals		-8 000
10-331 Vita- og hafnamálaskrifstofan		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 01 Vita- og hafnamálaskrifstofan	-530	
Gjöld samtals		-530
10-332 Vitastofnun Íslands		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 10 Rekstur vita	-860	
1 20 Sjómerki	-70	
Stofnkostnaður:		
6 30 Vitabyggingar	-1 000	
Gjöld samtals		-1 930

10-333 Hafnamál

	Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 10 Hafnarannsóknir og mælingar	-660	
Stofnkostnaður:		
6 30 Hafnarmannvirki	-25 000	
Gjöld samtals		-25 660

10-341 Siglingamálastofnun ríkisins

Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 01 Siglingamálastofnun ríkisins	-1 200	
1 02 Mengunarmælingar í sjó	-180	
Gjöld samtals		-1 380

10-342 Rannsóknanefnd sjóslysa

Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 01 Rannsóknanefnd sjóslysa	-70	
Gjöld samtals		-70

10-471 Flugmálastjórn

Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 01 Yfirstjórn	-12 880	
1 20 Loftferðaeftirlit	-280	
1 30 Reykjavíkurflugvöllur	-970	
1 40 Flugvalladeild	-2 330	
1 50 Flugleiðsöguþjónusta	-1 090	
1 60 Flugumferðarþjónusta	-670	
1 70 Alþjóðaflugþjónusta	-1 180	
Gjöld samtals		-19 400

10-485 Ýmis framlög

Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 23 Sjálfvirkt tilkynningarkerfi fyrir skip	-2 000	
Gjöld samtals		-2 000

10-651 Ferðamálaráð

	Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 01 Ferðamálaráð	-120	
Gjöld samtals		-120

10-652 Veðurstofa Íslands

Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 01 Yfirstjórn	-390	
1 02 Bóka- og skjalasafn	-20	
1 03 Síma- og útvarpskostnaður	-560	
1 10 Veðurspádeild	-80	
1 11 Veðurfarsdeild	-50	
1 12 Veðurstöðvar	-50	
1 20 Jarðeðlisfræðideild	-120	
1 40 Tölvudeild	-120	
1 50 Tækni- og veðurathuganadeild	-220	
1 60 Hálendisathuganir	-60	
1 61 Hafísathuganir	-10	
1 62 Snjóflóðavarnir	-20	
1 63 Veðurfræðirannsóknir	-10	
1 65 Alþjóðasamvinna	-70	
1 70 Veðurþjónusta vegna millilandaflugs	-450	
Gjöld samtals		-2 230

10-656 Landmælingar Íslands

Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 01 Landmælingar Íslands	-1 770	
1 10 Sérstök verkefni í kortagerð	-300	
Gjöld samtals		-2 070

10-998 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 01 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	-1 000	
Gjöld samtals		-1 000

11 Iðnaðarráðuneyti

11-371 Orkusjóður

	Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		
6 21 Styrking dreifikerfis í sveitum	-20 000	
Gjöld samtals		-20 000

12 Viðskiptaráðuneyti

12-201 Niðurgreiðslur á vöruverði

Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 01 Niðurgreiðslur á vöruverði	800 000	
Gjöld samtals		800 000

15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun

15-101 Fjárlaga- og hagsýslustofnun, aðalskrifstofa

Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		
1 01 Yfirstjórn	-1 000	
1 10 Hagræðingarverkefni	-1 000	
Gjöld samtals		-2 000

4. gr.

Auk þeirra breytinga á gjöldum ríkissjóðs sem kveðið er á um í 2. gr., sbr. sundurliðun í 3. gr., er fjármálaráðherra heimilt að lækka gjöld ríkissjóðs á árinu 1990 um allt að 2.050.000 þús. kr. vegna breyttra launa- og verðlagsforsendna fjárlaga í kjölfar kjarasamninga í febrúar 1990.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til að afla nauðsynlegra heimilda til breytinga á útgjöldum ríkissjóðs í fjárlögum 1990 sem leiðir af niðurstöðu nýgerðra kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins annars vegar og ríkisins við BSRB hins vegar.

Kjarasamningarnir hafa með tvennum hætti áhrif á afkomu ríkissjóðs á þessu ári. Annars vegar féllst ríkisstjórnin á að leggja ákveðnar kvaðir á ríkissjóð í því skyni að greiða fyrir gerð kjarasamninganna. Hins vegar lækka bæði tekjur og gjöld ríkissjóðs frá fjárlagaáætlun vegna þess að launa- og verðlagshækkanir verða minni á árinu en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga um síðustu áramót.

Í því augnamiði að greiða fyrir gerð kjarasamninganna ákvað ríkisstjórnin að beita sér fyrir aðgerðum sem felast í hækkun útgjalda um 1.010 m.kr. og lækkun tekna um 300 m.kr. Til þess að koma í veg fyrir óheppileg áhrif aukins ríkissjóðshalla á efnahagslífið og til þess að standa undir auknum skuldbindingum er jafnframt lagt til við Alþingi að útgjöld verði lækkuð um 915 m.kr.

Fjárlög fyrir árið 1990 byggðust á þeim forsendum að verðlag hækkaði að meðaltali um 16–17% á milli áranna 1989 og 1990, verð á erlendum gjaldeyri um 13–14% og laun um 11%. Í forsendum nýgerðra kjarasamninga felast að jafnaði 2,0–3,5% minni breytingar þessara þátta milli ára. Af þessu leiðir að breytingar koma fram bæði á tekju- og gjaldahlið fjárlaganna. Þannig er áætlað að tekjur ríkissjóðs lækki um 2.300 m.kr. frá fjárlögum og útgjöld um allt að 2.050 m.kr.

Heildaráhrif þessara breytinga fela þannig í sér 645 m.kr. aukningu gjalda umfram tekjur. Nú eru því horfur á um 4,3 milljarða króna rekstrarhalla á ríkissjóði á þessu ári. Það svarar til um það bil 1,3% af landsframleiðslu. Eftirfarandi yfirlit sýnir framangreindar meginbreytingar í ríkisfjármálum:

Tafla 1. Afkoma ríkissjóðs 1990 í kjölfar endurskoðunar fjárlaga.

	Fjárlög 1990 (m.kr.)	Breyting verð- og launa-forsendna (m.kr.)	Sérstakar breyt-ingar (m.kr.)	Endurskoðuð áætlun (m.kr.)
1. Tekjur	91 545	-2 300	-300	88 945
2. Gjöld	95 232	-2 050	95	93 277
3. Gjöld umfram tekjur	**3 687**	**250**	**395**	**4 332**
4. Lánahreyfingar, útstreymi	5 290	-	-	5 290
5. Lánsfjárþörf, brúttó	**8 977**	**250**	**395**	**9 622**
6. Lántökur, alls	8 995	250	400	9 645
7. Greiðslujöfnuður	18	-	5	23

Reiknað er með að tekjuhlið fjárlaga lækki um 2.600 m.kr. eða um 2,8% frá niðurstöðum fjárlaga. Er þá miðað við að breyttar verð- og launaforsendur lækki tekjur ríkissjóðs um 2.300 m.kr. frá fjárlögum og til að greiða fyrir kjarasamningum lýsti ríkisstjórnin því yfir að hún mundi beita sér fyrir lækkun skatta eða öðrum sambærilegum aðgerðum sem leiddi til 0,3% lækkunar á framfærsluvístölunni. Þessar breytingar fela í sér um 300 m.kr. sérstaka lækkun á bensíngjaldi, þungaskatti og bifreiðasköttum. Tekjulækkunin skiptist í megindráttum þannig:

Tafla 2. Tekjur ríkissjóðs 1990 í kjölfar endurskoðunar fjárlaga.

	Fjárlög 1990 (m.kr.)	Breyting verð- og launa-forsendna (m.kr.)	Sérstök breyting tekna (m.kr.)	Endurskoðuð áætlun (m.kr.)
Beinir skattar	**16 390**	**-400**	**-**	**15 990**
Óbeinir skattar	**68 732**	**-1 365**	**-**	**67 367**
Innflutningsgjöld	10 525	-160	-	10 365
Virðisaukaskattur	38 650	-900	-	38 750
Launaskattur	3 800	-80	-	3 720
Aðrir skattar	15 757	-225	-300	15 232
Vaxtatekjur	**6 423**	**-535**	**-**	**5 888**
Samtals	**91 545**	**-2 300**	**-300**	**88 945**

Útgjöld ríkissjóðs eru talin lækka samtals um 1.955 m.kr. eða um 2% frá niðurstöðum fjárlaga. Eftirfarandi yfirlit sýnir sundurliðun breytinga á útgjaldahlið:

Tafla 3. Gjöld ríkissjóðs 1990 í kjölfar endurskoðunar fjárlaga.

	Fjárlög 1990 (m.kr.)	Breyting verð- og launa-forsendna (m.kr.)	Sérstakar breytingar gjalda (m.kr.)	Endurskoðuð áætlun (m.kr.)
Launa- og rekstrarkostnaður, nettó	44 049	-1 002	-70	42 977
Rekstrar- og neyslutilfærslur	39 669	-818	762	39 613
Viðhald og stofnkostnaður	11 514	-230	-597	10 687
Samtals	**95 232**	**-2 050**	**95**	**93 277**

Hækkun útgjaldaliða, sem tengist yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninganna, er þríþætt:

Í fyrsta lagi aukast niðurgreiðslur um 800 m.kr. og eiga að koma í veg fyrir hækkun á smásöluverði hefðbundinna búvara fram til 1. desember 1990, enda standist sú forsenda samkomulags samningsaðila og bænda að verð til framleiðenda hækki ekki á tímabilinu.

Í öðru lagi var í fjárlögum við það miðað að greiðsluábyrgð ríkissjóðs við gjaldþrot yrði breytt með lögum. Þar var gert ráð fyrir verulega þrengri ákvæðum um bótarétt á hendur ríkissjóði samanborið við ákvæði núgildandi laga. Þannig var áætlað að bótagreiðslur ríkissjóðs mundu að breyttum lögum lækka um allt að 150 m.kr. á árinu 1990 frá því sem ella hefði orðið. Til að greiða fyrir gerð kjarasamninga ákvað ríkisstjórnin að falla frá fyrirhugaðri þrengingu bótaréttar að stórum hluta. Því er nauðsynlegt að hækka áætluð útgjöld ríkissjóðs um 100 m.kr.

Að lokum hækkar framlag til lífeyristrygginga vegna fyrirhugaðrar hækkunar á frítekjumarki tekjutryggingarþega í 19 þús. kr. 1. júlí nk. sem er í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þess efnis. Áætlað er að þetta hafi í för með sér 110 m.kr. aukningu útgjalda á árinu 1990.

Lækkun útgjalda er af tvennum toga eins og áður segir, þ.e. vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um sértækan niðurskurð útgjalda, alls að fjárhæð 915 m.kr., og vegna breyttra verð- og launaforsendna, alls um 2.050 m.kr.

Ýmsar aðstæður í þjóðarbúskapnum benda til þess að raunveruleg hætta sé á peningaþenslu. Fjárlög fyrir árið 1990 voru afgreidd með um 3,7 milljarða króna rekstrarhalla. Fyrirsjáanlegt er mikið útstreymi úr ríkissjóði á fyrstu mánuðum ársins, bæði vegna halla á fjárlögum og greiðslufrests vegna upptöku virðisaukaskatts. Þá er lausafjárstaða bankanna tiltölulega góð og sama er að segja um gjaldeyrisstöðu Seðlabanka. Aukinn ríkissjóðshalli við þessar aðstæður getur valdið óæskilegum þensluáhrifum sem leitt gæti til aukinnar verðbólgu og viðskiptahalla. Við þessar aðstæður er mikilvægt að beita aðhaldi í peningamálum og ríkisfjármálum. Til þess að forðast enn frekari halla á rekstri ríkissjóðs í kjölfar kjarasamninganna ákvað ríkisstjórnin að leggja fyrir Alþingi tillögur um lækkun útgjalda á tilteknum fjárlagaliðum um 915 m.kr. Þessi niðurskurður skiptist þannig að gjöld vegna launa- og rekstrarkostnaðar og rekstrar- og neyslutilfærslna lækka um 318 m.kr. og útgjöld vegna fjárfestingar og viðhaldsverkefna lækka um um 597 m.kr. Þessi lækkun útgjalda skiptist á eftirfarandi hátt eftir ráðuneytum:

	Þús. kr.	Þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	83 000	
02 Menntamálaráðuneyti	99 000	
03 Utanríkisráðuneyti	5 000	
04 Landbúnaðarráðuneyti	28 000	
05 Sjávarútvegsráðuneyti	8 000	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	55 000	
07 Félagsmálaráðuneyti	100 000	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	255 000	
09 Fjármálaráðuneyti	116 000	
10 Samgönguráðuneyti	144 000	
11 Iðnaðarráðuneyti	20 000	
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	2 000	
Samtals		915 000

Í 3. gr. frumvarpsins kemur fram nákvæm sundurliðun á gjaldabreytingum eftir viðfangsefnum og ekki er ástæða til að fjölyrða um hverja fyrir sig. Þó skal á það bent að lækkun framlags til framkvæmda hjá Vegagerð ríkisins um 75 m.kr. stafar af lækkun tekna af bensíngjaldi og þungaskatti, en það er einn liður í aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að stuðla að lækkun framfærsluvísitölu um 0,3% í tengslum við kjarasamninga.

Breyttar verð- og launaforsendur hafa ívið minni áhrif til lækkunar á útgjöldum ríkissjóðs en tekjum. Skýringarnar eru þær að lækkunin kemur ekki fram á öllum útgjaldaþáttum, svo sem niðurgreiðslum og vaxtagjöldum, og áhrif verðbreytinganna koma fyrr fram á tekjuhlið fjárlaganna en gjaldahlið.

Lækkun útgjalda vegna breyttra verð- og launaforsendna frá forsendum fjárlaga skiptist þannig í megindráttum að launagjöld lækka um nálægt 3,2% eða um 860 m.kr. Þá er reiknað með að kostnaður ríkissjóðs vegna annarra rekstrargjalda og rekstrar- og neyslutilfærslna lækki um nálægt 2% eða um 1.050 m.kr., en ekki er gert ráð fyrir lækkun niðurgreiðslna á matvörum eða vaxtakostnaði ríkissjóðs. Þá lækka fjárfestingarútgjöld og gjöld vegna viðhaldsverkefna einnig um nálægt 2% eða 230 m.kr. Á móti vegur að sértekjur lækka einnig um sama hlutfall eða um 90 m.kr. Lækkun útgjaldanna verður framkvæmd með sambærilegum hætti og gert er með verðbætur í sambandi við gerð greiðsluáætlunar fyrir allar stofnanir og ráðuneyti.

Að öllu samanlögðu eru horfur á að staða ríkissjóðs veikist um 645 m.kr. Til þess að forðast það að ríkissjóður valdi aukinni þenslu á innanlandsmarkaði er lögð áhersla á að nauðsynlegs lánsfjár verði aflað innan lands eins og frekast er kostur. Því verður leitað til innlendra fjármagnseigenda, svo sem lífeyrissjóða, um fjármögnun og er það í samræmi við þá stefnu og yfirlýsingar sem gefnar voru við gerð kjarasamninga nú í febrúar.

Ed. 678. Frumvarp til laga [386. mál]

um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

I. KAFLI

Um skipan prestakalla og prófastsdæma.

1. gr.

Prestaköllum og prófastsdæmum skal skipa þannig:

I. Múlaprófastsdæmi.

1. *Skeggjastaðaprestakall:*
   Skeggjastaðasókn.
   Prestssetur: Skeggjastaðir.

2. *Hofsprestakall:*
   Vopnafjarðar- og Hofssóknir.
   Prestssetur: Hof.

3. *Valþjófsstaðarprestakall:*
   Valþjófsstaðar-, Ás-, Hofteigs-, Eiríksstaða- og Möðrudalssóknir.
   Prestssetur: Eiðar.

4. *Eiðaprestakall:*
   Eiða-, Hjaltastaðar-, Kirkjubæjar- og Sleðbrjótssóknir.
   Prestssetur: Eiðar.

5. *Egilsstaðaprestakall:*
   Egilsstaða-, Vallanes- og Þingmúlasóknir.
   Prestssetur: Egilsstaðir.

6. *Desjarmýrarprestakall:*
Bakkagerðissókn.
Prestssetur: Desjarmýri.

7. *Seyðisfjarðarprestakall:*
Seyðisfjarðarsókn.
Prestssetur: Seyðisfjörður.

II. Austfjarðaprófastsdæmi.

1. *Norðfjarðarprestakall:*
Norðfjarðar- og Brekkusóknir.
Prestssetur: Neskaupstaður.

2. *Eskifjarðarprestakall:*
Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarsóknir.
Prestssetur: Eskifjörður.

3. *Kolfreyjustaðarprestakall:*
Kolfreyjustaðar- og Fáskrúðsfjarðarsóknir.
Prestssetur: Kolfreyjustaður.

4. *Heydalaprestakall:*
Heydala- og Stöðvarfjarðarsóknir.
Prestssetur: Heydalir.

5. *Djúpavogsprestakall:*
Berunes-, Berufjarðar-, Djúpavogs- og Hofssóknir.
Prestssetur: Djúpivogur.

III. Skaftafellsprófastsdæmi.

1. *Hafnarprestakall:*
Stafafells-, Bjarnanes- og Hafnarsóknir.
Prestssetur: Höfn.

2. *Kálfafellsstaðarprestakall:*
Brunnhóls-, Kálfafellsstaðar- og Hofssóknir.
Prestssetur: Kálfafellsstaður.

3. *Klausturspresta kall:*
Kálfafells-, Prestsbakka-, Langholts-, Grafar- og Þykkvabæjarsóknir.
Prestssetur: Kirkjubæjarklaustur.

4. *Víkurprestakall:*
Víkur-, Reynis- og Skeiðflatarsóknir.
Prestssetur: Vík.

IV. Rangárvallaprófastsdæmi.

1. *Holtsprestakall:*
Eyvindarhóla-, Ásólfsskála- og Stóradalssóknir.
Prestssetur: Holt.

2. *Bergþórshvolsprestakall:*
Akureyjar- og Krosssóknir.
Prestssetur: Bergþórshvoll.

3. *Breiðabólsstaðarprestakall:*
Hlíðarenda-, Breiðabólsstaðar- og Stórólfshvolssóknir.
Prestssetur: Breiðabólsstaður.

4. *Oddaprestakall:*
Odda-, Keldna- og Hábæjarsóknir.
Prestssetur: Oddi.

5. *Fellsmúlaprestakall:*
Árbæjar-, Kálfholts-, Haga-, Marteinstungu- og Skarðssóknir.
Prestssetur: Fellsmúli.

V. Árnesprófastsdæmi.

1. *Hrunaprestakall:*
Hruna-, Hrepphóla- og Stóranúpssóknir.
Prestssetur: Hruni.

2. *Hraungerðisprestakall:*
Ólafsvalla-, Hraungerðis- og Villingaholtssóknir.
Prestssetur: Hraungerði.

3. *Skálholtsprestakall:*
Skálholts-, Bræðratungu-, Haukadals- og Torfastaðasóknir.
Um þjónustu prestakallsins fer eftir ákvæði 42. gr. laga þessara.

4. *Mosfellsprestakall:*
Mosfells-, Stóruborgar-, Búrfells-, Miðdals- og Úlfljótsvatnssóknir.
Prestssetur: Mosfell.

5. *Selfossprestakall:*
Selfoss- og Laugardælasóknir.

6. *Eyrarbakkaprestakall:*
Eyrarbakka-, Stokkseyrar- og Gaulverjabæjarsóknir.
Prestssetur: Eyrarbakki.

7. *Hveragerðisprestakall:*
Hveragerðis- og Kotstrandarsóknir.
Prestssetur: Hveragerði.

8. *Þorlákshafnarprestakall:*
Hjalla- og Strandarsóknir.
Prestssetur: Þorlákshöfn.

9. *Þingvallaprestakall:*
Þingvallasókn.
Prestssetur: Þingvellir.

VI. Borgarfjarðarprófastsdæmi.

1. *Saurbæjarprestakall:*
Saurbæjar-, Innrahólms- og Leirársóknir.
Prestssetur: Saurbær.

2. *Akranessprestakall:*
Akranessókn.
Prestssetur: Akranes.

3. *Hvanneyrarprestakall:*
Hvanneyrar-, Bæjar-, Lundar- og Fitjasóknir.
Prestssetur: Staðarhóll.

4. *Reykholtsprestakall:*
Reykholts-, Stóraás-, Gilsbakka- og Síðumúlasóknir.
Prestssetur: Reykholt.

5. *Stafholtsprestakall:*
Stafholts-, Hjarðarholts-, Norðtungu- og Hvammssóknir.
Prestssetur: Stafholt.

6. *Borgarprestakall:*
Borgar-, Borgarnes-, Akra-, Álftártungu- og Álftanessóknir.
Prestssetur: Borg.

VII. Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi.

1. *Staðastaðarprestakall:*
Staðastaðar-, Staðarhrauns-, Fáskrúðarbakka-, Rauðamels- og Kolbeinsstaðasóknir.
Prestssetur: Staðastaður.

2. *Ingjaldshólsprestakall:*
Hellna-, Búða- og Ingjaldshólssóknir.
Prestssetur: Hellissandur.

3. *Ólafsvíkurprestakall:*
Ólafsvíkur- og Brimilsvallasóknir.
Prestssetur: Ólafsvík.

4. *Grundarfjarðarprestakall:*
Setbergssókn.
Prestssetur: Grundarfjörður.

5. *Stykkishólmsprestakall:*
Bjarnarhafnar-, Helgafells-, Stykkishólms-, Narfeyrar- og Breiðabólsstaðarsóknir.
Prestssetur: Stykkishólmur.

6. *Búðardalsprestakall:*
Snóksdals-, Kvennabrekku-, Stóra-Vatnshorns- og Hjarðarholtssóknir.
Prestssetur: Búðardalur.

7. *Hvolsprestakall:*
Hvamms-, Staðarfells-, Dagverðarnes-, Skarðs- og Staðarhólssóknir.
Prestssetur: Hvoll í Saurbæ.

VIII. Barðastrandarprófastsdæmi.

1. *Reykhólaprestakall:*
Reykhóla-, Garpsdals-, Gufudals- og Flateyjarsóknir.
Prestssetur: Reykhólar.

2. *Patreksfjarðarprestakall:*
Patreksfjarðar-, Sauðlauksdals-, Breiðuvíkur- og Saurbæjarsóknir.
Prestssetur: Patreksfjörður.

3. *Tálknafjarðarprestakall:*
Stóra-Laugardals-, Haga- og Brjánslækjarsóknir.
Prestssetur: Tálknafjörður.

4. *Bíldudalsprestakall:*
Bíldudals- og Selárdalssóknir.
Prestssetur: Bíldudalur.

IX. Ísafjarðarprófastsdæmi.

1. *Þingeyrarprestakall:*
Hrafnseyrar-, Þingeyrar-, Mýra-, Núps- og Sæbólssóknir.
Prestssetur: Þingeyri.

2. *Holtsprestakall:*
Kirkjubóls-, Holts- og Flateyrarsóknir.
Prestssetur: Holt í Önundarfirði.

3. *Suðureyrarprestakall:*
Staðarsókn.
Prestssetur: Suðureyri.

4. *Bolungarvíkurprestakall:*
Hólssókn.
Prestssetur: Bolungarvík.

5. *Ísafjarðarprestakall:*
Hnífsdals-, Ísafjarðar- og Súðavíkursóknir.
Prestssetur: Ísafjörður.

6. *Vatnsfjarðarprestakall:*
Vatnsfjarðar-, Nauteyrar-, Melgraseyrar-, Unaðsdals- og Ögursóknir.
Prestssetur: Vatnsfjörður.

X. Húnavatnsprófastsdæmi.

1. *Árnessprestakall:*
Árnessókn.
Prestssetur: Árnes.

2. *Hólmavíkurprestakall:*
Kaldrananes-, Drangsnes-, Staðar-, Hólmavíkur- og Kollafjarðarnessóknir.
Prestssetur: Hólmavík.

3. *Prestbakkaprestakall:*
Prestbakka-, Staðar- og Óspakseyrarsóknir.
Prestssetur: Prestbakki.

4. *Melstaðarprestakall:*
Efranúps-, Staðarbakka-, Melstaðar- og Víðidalstungusóknir.
Prestssetur: Melstaður.

5. *Hvammstangaprestakall:*
Hvammstanga-, Tjarnar-, Vesturhópshóla- og Breiðabólsstaðarsóknir.
Prestssetur: Hvammstangi.

6. *Þingeyrarklausturssprestakall:*
Blönduós-, Þingeyrar- og Undirfellssóknir.
Prestssetur: Blönduós.

7. *Bólstaðarhlíðarprestakall:*
Bólstaðarhlíðar-, Bergsstaða-, Holtastaða-, Svínavatns- og Auðkúlusóknir.
Prestssetur: Bólstaður.

8. *Skagastrandarprestakall:*
Höskuldsstaða-, Höfða- og Hofssóknir.
Prestssetur: Skagaströnd.

XI. Skagafjarðarprófastsdæmi.

1. *Sauðárkrókssprestakall:*
Sauðárkróks-, Hvamms- og Ketusóknir.
Prestssetur: Sauðárkrókur.

2. *Glaumbæjarprestakall:*
Reynistaðar-, Glaumbæjar-, Víðimýrar- og Reykjasóknir.
Prestssetur: Glaumbær.

3. *Mælifellsprestakall:*
Mælifells-, Goðdala- og Ábæjarsóknir.
Prestssetur: Mælifell.
Presturinn skal auk sóknarprestsstarfa gegna starfi farprests í Skagafjarðarprófastsdæmi samkvæmt nánari ákvörðun vígslubiskups og prófasts.

4. *Miklabæjarprestakall:*
Silfrastaða-, Miklabæjar-, Flugumýrar-, Hofsstaða- og Rípursóknir.
Prestssetur: Miklibær.

5. *Hólaprestakall:*
Hóla- og Viðvíkursóknir.
Um þjónustu prestakallsins fer eftir ákvæði 42. gr. laga þessara.

6. *Hofsósprestakall:*
Hofsós-, Hofs-, Fells- og Barðssóknir.
Prestssetur: Hofsós.

7. *Siglufjarðarprestakall:*
Siglufjarðarsókn.
Prestssetur: Siglufjörður.

XII. Eyjafjarðarprófastsdæmi.

1. *Ólafsfjarðarprestakall:*
Ólafsfjarðarsókn.
Prestssetur: Ólafsfjörður.

2. *Dalvíkurprestakall:*
Upsa-, Tjarnar-, Urða- og Vallasóknir.
Prestssetur: Dalvík.

3. *Hríseyjarprestakall:*
Hríseyjar- og Stærra-Árskógssóknir.
Prestssetur: Hrísey.

4. *Möðruvallaprestakall:*
Möðruvalla-, Bakka-, Bægisár- og Glæsibæjarsóknir.
Prestssetur: Möðruvellir.

5. *Glerárprestakall:*
Lögmannshlíðarsókn.

6. *Akureyrarprestakall:*
Akureyrar- og Miðgarðasóknir.

7. *Laugalandsprestakall:*
Grundar-, Saurbæjar-, Hóla-, Möðruvalla-, Munkaþverár- og Kaupangssóknir.
Prestssetur: Syðra-Laugaland.

XIII. Þingeyjarprófastsdæmi.

1. *Laufássprestakall:*
Svalbarðs-, Laufás- og Grenivíkursóknir.
Prestssetur: Laufás.

2. *Ljósavatnsprestakall:*
Draflastaða-, Háls-, Illugastaða-, Ljósavatns-, Lundarbrekku- og Þóroddsstaðasóknir.
Prestssetur: Háls.

3. *Skútustaðaprestakall:*
Skútustaða-, Reykjahlíðar- og Víðirhólssóknir.
Prestssetur: Skútustaðir.

4. *Grenjaðarstaðarprestakall:*
Grenjaðarstaðar-, Þverár-, Einarsstaða- og Nessóknir.
Prestssetur: Grenjaðarstaður.

5. *Húsavíkurprestakall:*
Húsavíkursókn.
Prestssetur: Húsavík.

6. *Skinnastaðarprestakall:*
Skinnastaðar-, Garðs- og Snartarstaðasóknir.
Prestssetur: Skinnastaður.

7. *Raufarhafnarprestakall:*
Raufarhafnarsókn.
Prestssetur: Raufarhöfn.

8. *Þórshafnarprestakall:*
Sauðanes- og Svalbarðssóknir.
Prestssetur: Þórshöfn.

XIV. Kjalarnessprófastsdæmi.

Nær yfir Vestmannaeyjar og sóknir í Reykjaneskjördæmi utan Kópavogs og Seltjarnarness.

XV. Reykjavíkurprófastsdæmi.

Nær yfir sóknir í Reykjavík vestan Elliðavogs og Reykjanesbrautar og Seltjarnarnesskaupstað.

XVI. Holta- og Vogaprófastsdæmi.

Nær yfir sóknir í Kópavogskaupstað og í Reykjavík austan Elliðavogs og Reykjanesbrautar.

2. gr.

Ráðherra ákveður takmörk sókna og prestakalla og fjölda presta í Kjalarnessprófastsdæmi, Reykjavíkurprófastsdæmi og Holta- og Vogaprófastsdæmi, að fengnum tillögum

biskups og hlutaðeigandi safnaðarráðs. Prestssetur skulu haldast í Vestmannaeyjum, á Reynivöllum í Kjósarhreppi, í Mosfellsbæ, í Grindavík og Útskálum í Gerðahreppi.

Í Kjalarnessprófastsdæmi, Reykjavíkurprófastsdæmi og Holta- og Vogaprófastsdæmi skulu vera safnaðarráð. Skulu þau skipuð formönnum sóknarnefnda, safnaðarfulltrúum og prestum prófastsdæmisins. Prófastar eru formenn ráðanna og kalla þau saman. Skylt skal að kalla safnaðarráð saman til fundar þegar fullur þriðjungur safnaðarráðsmanna óskar þess.

Verkefni safnaðarráðs eru:

1. Að gera tillögur um skiptingu prófastsdæmisins í sóknir og prestaköll og um breytingar á þeim.
2. Að vinna að eflingu kirkjulegs starfs innan prófastsdæmisins.

Aðalfundur safnaðarráðs er héraðsfundur prófastsdæmisins og fer eftir lögum um héraðsfundi.

3. gr.

Í hverju prestakalli skal vera einn sóknarprestur.

Ráðherra er heimilt að ráða prest sóknarpresti til aðstoðar í prestaköllum þar sem íbúafjöldi er yfir 4.000. Í mannfærri prestaköllum hefur ráðherra sömu heimild ef sérstaklega stendur á. Nú fer íbúafjöldi yfir 8.000 og skal prestakallinu þá að jafnaði skipt.

Aðstoðarprestur er ráðinn samkvæmt tillögu biskups í samráði við sóknarprest og með samþykki sóknarnefndar. Ráðningartími aðstoðarprests skal vera allt að þremur árum í senn.

Aðstoðarprestur starfar undir stjórn sóknarprests samkvæmt erindisbréfi er biskup setur.

4. gr.

Ráðherra er heimilt að stofna nýtt prestakall eða breyta mörkum prestakalla eftir tillögu biskups og að fengnum umsögnum héraðsfundar (safnaðarráðs) og aðalsafnaðarfundar viðkomandi sókna, sbr. 2. gr.

5. gr.

Verði prestakalli skipt í tvö eða fleiri prestaköll, sbr. 4. gr., hefur skipaður sóknarprestur rétt til þess að velja hvaða hluta þess hann hyggst þjóna.

6. gr.

Ráðherra er heimilt, að fenginni tillögu biskups og umsögn viðkomandi héraðsfundar, að sameina prestakall öðru prestakalli, fari íbúafjöldi þess niður fyrir 250.

Prestsembættum innan þjóðkirkjunnar utan Reykjavíkur- og Kjalarnessprófastsdæma skal þó ekki fækka við framkvæmd þessa ákvæðis.

7. gr.

Ráðherra skipar prest, er sitji á Þingvöllum og gegni Þingvallaprestakalli skv. 1. gr., að fengnum tillögum biskups og Þingvallanefndar, enda gegni hann þá jafnframt starfi þjóðgarðsvarðar.

8. gr.

Þar sem prestssetur er samkvæmt lögum þessum, er presti skylt að hafa aðsetur og lögheimili, nema biskup heimili annað um stundarsakir, að fenginni umsögn prófasts og viðkomandi sóknarnefnda.

Um réttindi og skyldur presta gagnvart prestssetursjörðum gilda ákvæði ábúðarlaga og annarra laga, eftir því sem við getur átt. Leigugjald af prestssetursjörðum skal ákveðið með reglugerð, sem kirkjumálaráðherra setur, að fenginni umsögn biskups.

Farprestar (skv. 9. gr.) njóti sambærilegra húsnæðiskjara og sóknarprestar.

Eigi má ráðstafa prestssetri til langframa, nema til þess komi samþykki biskups, að fenginni umsögn viðkomandi prófasts, héraðsfundar og sóknarnefnda í viðkomandi prestakalli, svo og samþykki þess prests er veitingu hefur fyrir viðkomandi brauði.

Nú er prestssetur selt þar sem prestakall er lagt niður samkvæmt lögum þessum, og skal þá andvirði þess renna í Kristnisjóð.

Ráðherra er heimilt, að fenginni umsögn biskups og hlutaðeigandi prófasts, sóknarnefndar og sóknarprests, að flytja prestssetur til innan prestakalls. Ákvörðun um þetta efni skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

II. KAFLI

Um sérþjónustuembætti.

9. gr.

Ráðherra er heimilt samkvæmt tillögu biskups að ákveða að í prófastsdæmum starfi farprestar er hafi með höndum eftirtalin verkefni:

1. Að vera til aðstoðar í fjölmennum eða víðlendum prestaköllum.
2. Að þjóna í forföllum.
3. Að annast tiltekin sérverkefni.

Heimilt er að ákveða að sami farprestur starfi í fleiri en einu prófastsdæmi.

Ráðningartími farprests skal vera allt að þremur árum í senn.

10. gr.

Ráðherra er heimilt samkvæmt tillögu biskups að ákveða að prestar starfi meðal Íslendinga erlendis. Ráðningartími þeirra skal vera allt að þremur árum í senn.

11. gr.

Á sjúkrastofnunum skal halda uppi prestsþjónustu.

Þar sem þess er þörf skal ráða presta að sjúkrastofnunum og hafi þeir sérmenntun til starfans. Við ráðningu sjúkraprests ber að leita álits stjórnar hlutaðeigandi stofnunar og ber honum að starfa í samráði við stofnunina.

12. gr.

Við fangelsi skal starfa prestur (prestar), er hafi sérmenntun til starfans.

13. gr.

Meðal heyrnarskertra skal starfa prestur er hafi sérmenntun til starfans.

14. gr.

Heimilt er ráðherra að ráða presta til sérþjónustu í fleiri tilvikum en greinir hér að framan.

Ráðherra ákveður í reglugerð, að fenginni tillögu biskups, starfssvið presta, er gegna sérþjónustu, kveður á um skipulag prestsþjónustu þeirra og stöðu þeirra gagnvart sóknarprestum.

III. KAFLI

Um embættisgengi presta.

15. gr.

Kirkjumálaráðherra skipar sóknarpresta í embætti, sbr. lög um veitingu prestakalla, nr. 44/1987. Ráðherra ræður aðra presta til þjónustu, að fengnum tillögum biskups.

Biskup setur prestum erindisbréf.

16. gr.

Almenn skilyrði til skipunar eða setningar í prestsembætti eru þessi:

1. 25 ára aldur. Kirkjumálaráðherra getur þó, að tillögu biskups, veitt undanþágu frá því ákvæði.
2. Embættispróf frá guðfræðideild Háskóla Íslands eða frá viðurkenndri guðfræðideild eða guðfræðiskóla og skal biskup um hið síðarnefnda atriði leita umsagnar guðfræðideildar Háskóla Íslands.
3. Áður en kandídat hlýtur vígslu skal hann hafa starfað með sóknarpresti eigi skemur en fjóra mánuði undir eftirliti prófasts. Um framkvæmd og eftirlit þessa skal nánar kveðið á um í reglugerð. Að öðru leyti fer um nám í kennimannlegri guðfræði, svo sem segir í reglugerð um nám í guðfræðideild Háskóla Íslands.
4. Aðili hafi ekki gerst sekur um athæfi sem ætla má að rýri álit hans og sé ósamboðið manni í prestsstarfi. Nú telur biskup að hæfni kandídats orki tvímælis og getur hann þá kvatt þriggja manna nefnd sér til ráðuneytis.
5. Að öðru leyti verður maður að fullnægja almennum skilyrðum 3. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

17. gr.

Biskup skal vandlega gæta þess að eigi veljist aðrir til prestsþjónustu í þjóðkirkjunni en þeir, sem til þess eru hæfir að framkvæma prestlegt embætti og annast sálgæslu sóknarbarna sinna. Er engum óvígðum guðfræðingi heimilt að sækja um prestsstarf í þjónustu kirkjunnar, nema fyrir liggi umsögn biskups um að hann fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru til prestsvígslu.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði um presta og starfsskyldur þeirra.

18. gr.

Sóknarprestar og aðrir starfsmenn þjóðkirkjunnar, sem lög þessi ná til og taka laun úr ríkissjóði, eru opinberir starfsmenn og njóta lögkjara og bera skyldur samkvæmt því, sbr. m.a. lög nr. 38/1954.

19. gr.

Skylt er sóknarpresti að taka við embætti sínu jafnskjótt og föng eru á eftir að hann hefur hlotið skipun. Ráðherra getur þó samkvæmt tillögu biskups veitt presti, er situr jörð, frest til næstu fardaga til að taka við embættinu.

20. gr.

Hver sóknarprestur skal hafa með höndum kirkjulega þjónustu samkvæmt vígslubréfi í sínu prestakalli, nema lög eða stjórnvaldsreglur mæli fyrir um annað.

21. gr.

Samstarf presta innan hvers prófastsdæmis skal einkum lúta að:

1. Afleysingaþjónustu í sumarleyfum og á frídögum presta.
2. Samvinnu um ýmsa kirkjulega þjónustu sem er með einhverjum hætti sameiginleg fyrir prófastsdæmið í heild eða hluta þess.

22. gr.

Biskupi er heimilt að fela sóknarpresti, er þjónar í fámennu prestakalli, að annast tiltekin verkefni án viðbótarlauna en gegn greiðslu kostnaðar.

23. gr.

Sóknarpresti er skylt að taka að sér aukaþjónustu sókna innan prófastsdæmis, ef þörf krefur, samkvæmt boði biskups gegn launum skv. 26. gr. laga nr. 38/1954.

24. gr.

Nú er kirkja á prestssetursjörð og skal prestur þá hafa umsjón með henni í samvinnu við sóknarnefnd. Ef prestur situr ekki prestssetursjörð skal ábúanda skylt, að ósk sóknarnefndarmanna, að hafa eftirlit með slíkri kirkju.

25. gr.

Sóknarprestur skal að jafnaði sitja sóknarnefndarfundi, sbr. 17. gr. laga um kirkjusóknir o.fl., nr. 25/1985. Hann á sæti á héraðsfundum og er skylt að sækja þá. Þá er honum að forfallalausu skylt að sitja fundi er biskup og prófastur boða hann til.

26. gr.

Nú rís ágreiningur milli presta um rétt eða skyldu þeirra til tiltekinnar þjónustu. Ber þá viðkomandi prófasti að leita sátta í málinu. Ef niðurstaða næst ekki leggur hann málið fyrir biskup til úrskurðar.

V. KAFLI
Um prófasta.

27. gr.

Kirkjumálaráðherra skipar prófasta úr hópi þjónandi presta í prófastsdæminu með ráði biskups er leitað hefur áður álits þjónandi presta í prófastsdæminu og þriggja fulltrúa leikmanna, sem kosnir eru á héraðsfundi til fjögurra ára í senn, þó ekki fleiri en þjónandi prestar eru í prófastsdæminu. Sóknarpresti er skylt að takast á hendur prófastsembætti. Biskup getur falið presti eða nágrannaprófasti að gegna prófastsembætti um stundarsakir ef sérstaklega stendur á, svo sem vegna fjarveru prófasts eða veikinda hans eða vegna þess að prófasts missir við.

Nú lætur prófastur af prestsembætti í prestakalli og verður prófastsembætti þá laust. Nú telur prófastur sér óhægt að gegna embættinu vegna veikinda eða af öðrum sérstökum persónulegum ástæðum og er þá heimilt að leysa hann undan því embætti þótt hann gegni prestsembætti sínu eftirleiðis.

Biskup setur próföstum erindisbréf.

28. gr.

Prófastur er fulltrúi biskups í prófastsdæminu og trúnaðarmaður hans og hefur í umboði hans almenna umsjón með kirkjulegu starfi þar. Hann er í fyrirsvari fyrir prófastsdæmið að því er varðar sameiginleg málefni þess, gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og einstaklingum.

Nú er kirkjuleg starfsstöð stofnuð í prófastsdæminu og veitir prófastur henni jafnaðarlega forstöðu og skipuleggur starfsemi á hennar vegum. Hann er formaður stjórnar héraðssjóðs prófastsdæmis, svo og héraðsnefndar. Hann boðar héraðsfund í samvinnu við héraðsnefnd og stjórnar fundum hennar, undirbýr mál, sem sá fundur fær til meðferðar og kemur ályktunum fundarins til biskups og annarra aðila og fylgir þeim eftir, sbr. og VII. kafla laga nr. 25/1985.

29. gr.

Prófastur hefur eftirlit með prestssetrum, kirkjum og kirknaeignum í prófastsdæmi. Hann skýrir biskupi frá því sem honum þykir athugavert um þessar eignir, þar á meðal skort á viðhaldi, og getur biskup lagt fyrir rétta aðila að bæta úr.

Prófastur framkvæmir úttekt á prestssetrum og embættisbústöðum presta við prestaskipti og þegar prestur flytur í annað húsnæði innan prestakallsins. Hann tekur út nýjar kirkjur, kapellur og safnaðarheimili.

Prófastur setur nýjan prest í embætti, heimsækir presta og vísiterar kirkjur og söfnuði samkvæmt nánari ákvæðum í erindisbréfi. Hann fylgir biskupi á vísitasíum hans til presta og safnaða í prófastsdæminu.

Prófastur hefur eftirlit með að prestar skili embættisskýrslum til Hagstofu Íslands. Hann gengur eftir því að starfsskýrslum og endurskoðuðum reikningum sé skilað á réttum tíma og leggur fyrir héraðsfund með athugasemdum sínum og sóknarnefnda og gerir tillögur um úrlausn. Þá fjallar hann um ágreining sem kann að rísa milli sóknarprests, sóknarnefndar og safnaðar.

Prófastur löggildir gerðabækur og aðrar bækur sóknarnefndar, eftir því sem við á.

Prófastur veitir presti leyfi til fjarvista úr prestakalli um stundarsakir, en leyfi til lengri fjarvista veitir biskup, að höfðu samráði við kirkjumálaráðherra.

Prófastur skipuleggur samstarf presta í sumarleyfi þeirra og önnur samningsbundin leyfi í prófastsdæminu.

Nú getur sóknarprestur ekki gegnt embætti vegna veikinda, fjarvista eða af öðrum ástæðum, og ákveður prófastur þá í samráði við sóknarprest hvernig þjónusta hans skuli leyst af hendi.

30. gr.

Prófastur hefur þau afskipti af veitingu prestakalla sem lög kveða á um.

Prófastur skipuleggur endurmenntun presta, sem prófastsdæmið beitir sér fyrir, í samráði við biskup og prestafélög.

Prófastur sér um bókasafn prófastsdæmis, en guðfræðilegu bókasafni prófastsdæmis skal komið á fót samkvæmt ákvörðun héraðsfundar og héraðsnefndar fyrir fé sem veitt kann að vera á fjárlögum í þessu skyni og úr héraðssjóði, svo og fyrir framlög einstakra manna.

31. gr.

Prófastur hefur þau afskipti af kirkjugörðum og heimagrafreitum sem lög kveða á um.

32. gr.

Í hverju prófastsdæmi skal með samþykki ráðherra og að fenginni tillögu biskups leggja prófasti til sérstaka aðstöðu eða árlegt fjárframlag vegna skrifstofuhalds, eftir því sem ráðuneytið samþykkir.

33. gr.

Prófastur fær greiðslur úr ríkissjóði vegna ferðalaga í þágu prófastsdæmisins samkvæmt reikningi er dóms- og kirkjumálaráðuneytið úrskurðar.

34. gr.

Biskup boðar prófasta til fundar a.m.k. einu sinni á ári til umræðna um málefni þjóðkirkjunnar og þau mál er sérstaklega varða störf prófasta og tengsl þeirra við biskup og dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Ferðakostnaður prófasta og önnur útgjöld vegna fundarsetu greiðist úr ríkissjóði samkvæmt reikningi er dóms- og kirkjumálaráðuneytið úrskurðar.

VI. KAFLI

Um biskup Íslands og embætti hans.

35. gr.

Ísland skal vera eitt biskupsdæmi.

Forseti Íslands skipar biskup Íslands. Um kosningu hans og kjörgengi fer samkvæmt lögum um biskupskosningu, nr. 96/1980. Biskup hefur aðsetur í Reykjavík.

36. gr.

Biskup fer með yfirstjórn málefna þjóðkirkjunnar, nema mál heyri undir kirkjumálaráðherra samkvæmt lögum eða venju.

Biskup er forseti kirkjuþings og kirkjuráðs. Hann fylgir eftir markaðri stefnu kirkjuþings og prestastefnu og hefur ákvörðunarvald um einstök mál, nema þau lúti forsjá kirkjuráðs.

Biskup vígir presta og kirkjur að svo miklu leyti sem hann felur ekki vígslubiskupum það verkefni. Hann hefur yfirumsjón með kristnihaldi og kirkjulegu starfi í landinu. Hann vísiterar kirkjur, presta og söfnuði.

Biskup hefur samráð við vígslubiskup eða vígslubiskupa um ákvörðun meiri háttar málefna er kirkjuna varðar og getur falið vígslubiskupi að koma fram fyrir hönd kirkjunnar.

37. gr.

Embættisskrifstofa biskups, biskupsstofa, skal vera í Reykjavík. Þar hafa kirkjuþing og kirkjuráð einnig aðsetur. Biskupsstofa annast afgreiðslu mála þjóðkirkjunnar, þar á meðal mála kirkjuþings og kirkjuráðs.

Biskupsstofa annast vörslu og reikningshald sjóða og annarra eigna þjóðkirkjunnar.

38. gr.

Biskup ræður starfsmenn á biskupsstofu, að fenginni heimild ráðherra, þar á meðal biskupsritara, skrifstofustjóra, forstöðumenn deilda, fulltrúa og aðra starfsmenn. Enn fremur ræður biskup aðra starfsmenn þjóðkirkjunnar, nema lög mæli fyrir um annað.

Ráðherra getur, eftir tillögum biskups, ákveðið hæfnisskilyrði og ráðningartíma starfsmanna er gegna tilteknum verkefnum á biskupsstofu.

39. gr.

Biskup boðar prestastefnu Íslands og er forseti hennar.

Á prestastefnu hinnar íslensku þjóðkirkju eiga setu og atkvæðisrétt vígslubiskupar, allir starfandi þjóðkirkjuprestar, svo og fastir kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands með guðfræðimenntun. Aðrir prestar og guðfræðingar eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti.

40. gr.

Biskup boðar til leikmannastefnu. Á henni eiga sæti fulltrúar frá prófastsdæmum landsins, kjörnir á héraðsfundum. Þá eiga þar sæti fulltrúar frá landssamtökum kristilegra félaga, sem starfa á kenningargundvelli þjóðkirkjunnar, svo og fastir kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands sem ekki eru guðfræðingar.

Biskup setur nánari reglur um leikmannastefnu (m.a. um kjör fulltrúa), að fengnum tillögum hennar.

41. gr.

Í forföllum biskups setur ráðherra þann vígslubiskup er biskup tilkveður til þess að gegna embætti biskups.

Nú fellur biskup frá eða lætur af embætti og skal þá setja þann vígslubiskup sem eldri er að biskupsvígslu til þess að gegna embætti biskups.

VII. KAFLI
Um vígslubiskupa og embætti þeirra.

42. gr.

Tveir vígslubiskupar skulu vera hér á landi. Hafa þeir aðsetur í Skálholti í Biskupstungum og á Hólum í Hjaltadal.

Vígslubiskup í Skálholti hefur með höndum prestsþjónustu í Skálholtsprestakalli og skal honum ráðinn aðstoðarprestur.

Vígslubiskup á Hólum hefur með höndum prestsþjónustu í Hólaprestakalli. Skal hann njóta aðstoðarþjónustu nágrannapresta eða farprests í Skagafjarðarprófastsdæmi.

Heimilt er þó ráðherra að ákveða aðra tilhögun á búsetu vígslubiskupa og prestsþjónustu, að fenginni tillögu biskups, enda mæli meiri hluti þeirra sem rétt eiga til biskupskjörs í viðkomandi vígslubiskupsdæmi með því.

43. gr.

Forseti Íslands skipar vígslubiskupa.

Um kosningu vígslubiskupa og kjörgengi gilda ákvæði laga um biskupskjör, nr. 96 frá 1980, eftir því sem við getur átt, en ráðherra setur í reglugerð nánari reglur um kosningu og kjörgengi þeirra.

44. gr.

Umdæmi vígslubiskups í Skálholti nær yfir Múla-, Austfjarða-, Skaftafells-, Rangárvalla-, Árness-, Kjalarness-, Reykjavíkur-, Holta- og Voga-, Borgarfjarðar-, Snæfellsness- og Dala-, Barðastrandar- og Ísafjarðarprófastsdæmi.

Umdæmi vígslubiskups á Hólum nær yfir Húnavatns-, Skagafjarðar-, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.

45. gr.

Verkefni vígslubiskupa í hvoru umdæmi fyrir sig skulu vera eftirfarandi:

1. Að hafa tilsjón með kristnihaldi og vera biskupi til aðstoðar um kirkjuleg málefni.
2. Að vígja kirkjur í umboði biskups.
3. Að vígja presta að boði biskups.
4. Að vísitera kirkjur, presta og söfnuði umdæma sinna í samráði við biskup.

Einnig skulu vígslubiskupar vera biskupi til ráðuneytis um sameiginleg málefni þjóðkirkjunnar og gegna að öðru leyti þeim störfum, sem biskup felur þeim.

46. gr.

Vígslubiskupar eiga sæti á árlegum prófastafundi. Þeir skulu sitja fundi kirkjuráðs, þegar þeir eru tilkvaddir af ráðinu og sérstaklega er fjallað um málefni embætta þeirra og umdæma. Þeir eiga enn fremur sæti á kirkjuþingi og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, sbr. lög um kirkjuþing og kirkjuráð, nr. 48 frá 1982.

VIII. KAFLI
Stjórnvaldsreglur o.fl.

47. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, að fengnum tillögum biskups.

48. gr.

Nú er prestakall lagt niður samkvæmt lögum þessum og skal þá presti í því prestakalli gefinn kostur á embætti í viðkomandi prófastsdæmi eða öðru og skal hann njóta launa og annarra starfskjara eigi lægri en hann áður hafði.

49. gr.

Við gildistöku laga þessara ber starfandi sóknarprestum og próföstum að hlíta, án sérstakra viðbótarlauna, þeim breytingum er verða á stærð prestakalla og prófastsdæma.

50. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Frá sama tíma falla úr gildi þessi lög og réttarreglur:

Konungsbréf 16. febr. 1621, um aldur presta.

Alþingissamþykkt 30. júní 1629, um legorð presta.

Alþingissamþykkt 1. júlí 1629, um prestmötu.

Konungsbréf 10. desember 1646, um legorð presta.

Dönsku lög Kristjáns V. frá 15. apríl 1683, 2. bók 2. kap., 5. gr. og 2. bók 11. kap. 13. gr.

Konungsbréf 9. maí 1738, um legorð andlegrar stéttar manna.

Konungsbréf 6. maí 1740, um portionsreikninga bændakirkna.

Tilskipun 29. maí 1744, áhrærandi ungdómsins catechisation á Íslandi.

Konungsbréf 19. maí 1747, um gegnumdregnar bækur.

Konungsbréf 27. febr. 1756, um uppreist presta, er vikið hefur verið frá embætti.

Konungsbréf 11. mars 1796, um prestsverk prófasta innan prófastsdæmis.

Lög nr. 4 27. febr. 1880, um eftirlaun presta.

Lög nr. 13 3. okt. 1884, um eftirlaun prestsekkna.

Lög nr. 21 22. maí 1890, viðaukalög við lög nr. 5 27. febr. 1880, um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda.

Lög nr. 47 16. nóv. 1907, um laun prófasta, 3. gr.

Lög nr. 48 16. nóv. 1907, um ellistyrk presta og eftirlaun.

Lög nr. 49 16. nóv. 1907, um skyldu presta til að kaupa ekkjum sínum lífeyri.

Lög nr. 38 30. júlí 1909, um vígslubiskupa.

Lög nr. 26 16. febr. 1953, um heimild fyrir kirkjumálaráðherra til að taka leigunámi og byggja á erfðaleigu hluta af prestssetursjörðum.

Lög nr. 35 9. maí 1970, um skipan prestakalla og prófastsdæma og um Kristnisjóð, 1.–4., 6.–10. og 14.–17. gr. Heiti þeirra laga breytist jafnframt og verður: Lög um Kristnisjóð o.fl.

Við gildistöku laganna skal Múlasókn í Barðastrandarprófastsdæmi sameinast Gufudalssókn í sama prófastsdæmi, Staðarsókn í Grunnavík í Ísafjarðarprófastsdæmi sameinast Hólssókn í sama prófastsdæmi og Flateyjarsókn í Þingeyjarprófastsdæmi sameinast Húsavíkursókn í sama prófastsdæmi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal óbreytt skipan haldast um tvo sóknarpresta í tvímenningsprestaköllum meðan þeir prestar gegna stöðum þessum, sem ráðnir voru til starfa fyrir gildistöku laganna. Verði prestakalli, sem tveir sóknarprestar þjóna, skipt sbr. 5. gr., hefur sá prestur, sem lengri hefur þjónustualdur í kallinu, rétt til þess að velja hvaða hluta þess hann hyggst þjóna.
2. Ráðherra getur ákveðið, ef sérstaklega stendur á, að fresta ákvörðun um sameiningu prestakalla skv. 1. gr.
   Ákvörðun um þetta skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.
3. Í staðinn fyrir þau prestsembætti, sem lögð eru niður skv. 1. gr., skulu upp tekin í prófastsdæmunum samkvæmt liðum I–XIII í sömu grein, eigi færri embætti farpresta og/eða aðstoðarpresta, sbr. 3. og 9. gr.

4. Ákvæði laga þessara um vígslubiskupa taka til þeirra vígslubiskupa, sem nú eru í starfi. Þó skulu ákvæði 42. gr., um fasta búsetu vígslubiskupa, ekki eiga við um vígslubiskupa, sem eru í starfi við gildistöku laganna.
5. Meðan núverandi sóknarprestur í Skálholtsprestakalli þjónar kallinu, taka ákvæði 42. gr., um að vígslubiskup í Skálholti gegni prestsstörfum í Skálholtsprestakalli, ekki gildi.
6. Lög þessi skulu koma til endurskoðunar eigi síðar en 1998.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Endanleg gerð frumvarpsins er unnin á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í samráði við biskup og kirkjuráð.

Til skýringa er rétt að gera grein fyrir undirbúningi og gerð þess á fyrri stigum.

Frumvarpið var upphaflega tvö frumvörp, þ.e. frumvarp til laga um skipan prestakalla og prófastsdæma og frumvarp til laga um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.

Frumvarpið um starfsmenn þjóðkirkju Íslands var lagt fram á 108 löggjafarþingi 1985–86, en hlaut ekki afgreiðslu.

Síðla árs 1985 skipaði þáverandi kirkjumálaráðherra, Jón Helgason, nefnd til þess að endurskoða ákvæði laga um skipan prestakalla og prófastsdæma. Nefndin skilaði álitsgerð 3. okt. 1988, ásamt frumvarpi til laga um skipan prestakalla og prófastsdæma.

Í nefndarálitinu er bent á að frumvarpið fjalli að nokkru um sama efni og frumvarp til laga um starfsmenn þjóðkirkju Íslands fjallaði um, einkum hvað snertir hin svokölluðu sérþjónustuembætti innan kirkjunnar.

Í október 1988 skipaði þáverandi kirkjumálaráðherra, Halldór Ásgrímsson, nefnd til þess að fara yfir frumvarp til laga um starfsmenn þjóðkirkju Íslands og sameina ýmis ákvæði þess frumvarpi til laga um skipan prestakalla og prófastsdæma.

Nefndin skilaði áliti í sama mánuði og lagði til að umrædd frumvörp yrðu sameinuð og að heiti fumvarpsins yrði: Frumvarp til laga um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.

Kaflaskipting frumvarpsins var þessi:

I. kafli. Um skipan prestakalla og prófastsdæma.
II. kafli. Um sérþjónustuembætti.
III. kafli. Um embættisgengi presta.
IV. kafli. Ýmis ákvæði um presta og samstarf þeirra.
V. kafli. Um prófasta.
VI. kafli. Um biskupsdæmi.
VII. kafli. Stjórnvaldsreglur o.fl.

I. og II. kafli var tekinn nær óbreyttur úr tillögum nefndar er samdi frumvarp um skipan prestakalla og prófastsdæma. Þar var gert ráð fyrir að fækka prestaköllum um sex.

III. kafli var efnislega samhljóða 1.–4. gr. og 45. gr. starfsmannafrumvarpsins.

Í IV. kafla voru ýmis ákvæði um presta og samstarf þeirra. Hluti kaflans, þ.e. ákvæði 20.–22. og 26. gr. voru samhljóða ákvæðum í III. kafla frumvarps um skipan prestakalla og prófastsdæma. 23. gr. var efnislega samhljóða 11. gr. starfsmannafrumvarpsins. 24. gr. var samhljóða 9. gr. starfsmannafumvarpsins og 25. gr. var samhljóða 10. gr. starfsmannafrumvarpsins.

V. kaflinn um prófasta var nær óbreyttur tekinn upp úr starfsmannafrumvarpinu.

VI. kafli frumvarpsins fjallaði um biskupsdæmi landsins. Tillögurnar gerðu ráð fyrir að landið yrði áfram eitt biskupsdæmi, en að embætti vígslubiskupa yrðu efld verulega. Gert var ráð fyrir, að vígslubiskupar hefðu í framtíðinni aðsetur í Skálholti og á Hólum. Hér var vikið frá tillögum í IV. kafla starfsmannafrumvarpsins um að landinu verði skipt í þrjú biskups-

dæmi. Skrefið er þó stigið til hálfs með því að efla núverandi vígslubiskupsembætti. Hér var um málamiðlunartillögu að ræða.

Umrædd frumvörp voru lögð fyrir kirkjuþing 1988. Þingið féllst á þá lausn að sameina frumvörpin í eitt í samræmi við tillögur þeirrar nefndar, er skipuð var í október 1988 og lýst hefur verið hér að framan. Kirkjuþing gerði þó nokkrar breytingar á einstökum greinum frumvarpsins. Hér verður þeim ekki lýst, en síðar verður þó vikið að einstökum breytingum eftir því sem tilefni gefst til.

Frumvarpið eins og kirkjuþing gékk frá því var síðan sent próföstum landsins til umsagnar, er kynntu það fulltrúum sókna. Frumvarpið var til umfjöllunnar á prófastafundi í mars 1989 og á prestastefnu í júní 1989.

Kirkjuráð tók framkomnar ábendingar og breytingartillögur til skoðunar og gerði nokkrar breytingar á fyrri gerð frumvarpsins.

Kirkjulaganefnd hefur komið með nokkrar gagnlegar ábendingar og hafa margar af þeim verið teknar til greina.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu var farið yfir endanlega gerð frumvarpsins eins og það er hér lagt fram í samráði við biskup og kirkjuráð.

Yfirlit yfir efni frumvarpsins og nokkrar helstu breytingar sem það hefur í för með sér.

Í fyrsta kafla er gerð grein fyrir skipan prestakalla og prófastsdæma landsins. Þar er að finna ákvæði um prestssetur og um heimildir til breytingar á prestaköllum. Enn fremur ákvæði um Þingvallaprest og ráðningu aðstoðarpresta.

Þær breytingar sem verða á skipan prófastsdæma og prestakalla samkvæmt frumvarpinu eru sem hér segir:

Í Skaftafellsprófastsdæmi fækkar prestaköllum um eitt þar sem Ásaprestakall sameinast Klausturprestakalli. Í Rangárvallaprófastsdæmi fækkar prestaköllum sömuleiðis um eitt, þar sem Kirkjuhvolsprestakall er lagt niður og sóknir þess færðar undir Fellsmúla- og Oddaprestakall. Í Árnesprófastsdæmi er eitt prestakall lagt niður, Stóranúpsprestakall, en tvö ný stofnuð, Þorlákshafnar- og Hraungerðisprestaköll. Í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi er eitt prestakall lagt niður, Söðulholtsprestakall, en eitt stofnað, Ingjaldshólsprestakall. Í Barðastrandarprófastsdæmi er Sauðlauksdalsprestakall lagt niður, en stofnað nýtt prestakall, Tálknafjarðarprestakall. Í Þingeyjarprófastsdæmi fækkar prestaköllum um eitt þar sem lagt er til að Háls- og Staðarfellsprestaköll sameinist í Ljósavatnsprestakall. Alls fækkar prestaköllum yfir landið í heild um tvö.

Á prófastsdæmunum er gerðar þær breytingar, að Reykjavíkurprófastsdæmi er skipt í tvö prófastsdæmi, Reykjavíkur- og Holta- og Vogaprófastsdæmi. Aðrar breytingar eru ekki gerðar á prófastsdæmunum, nema Siglufjarðarprestakall færist úr Eyjafjarðarprófastsdæmi yfir í Skagafjarðarprófastsdæmi.

Heimild ráðherra til að ákveða takmörk sókna og prestakalla er rýmkuð frá gildandi lögum þannig að hún nái bæði til Reykjavíkur- og Kjalarnessprófastsdæma. Veitt er heimild til að ráða aðstoðarpresta í fjölmennum prestaköllum og gerir frumvarpið ráð fyrir að í stað tvímenningsprestakalla verði sóknarpresti ráðinn aðstoðarprestur.

Nýmæli er að ráðherra er veitt heimild til að sameina prestaköll ef íbúafjöldi prestakalls fer niður fyrir 250. Þó er sá fyrirvari gerður að prestsembættum innan þjóðkirkjunnar, utan Reykjavíkur og Kjalarnessprófastsdæmis, skuli ekki fækka við framkvæmd þessa ákvæðis.

Í öðrum kafla eru ákvæði um sérþjónustupresta. Heimild til ráðningar þeirra er rýmkuð frá því sem er í gildandi lögum, m.a. er veitt heimild til þess að ráða farpresta til starfa í prófastsdæmunum, en nú eru tveir farprestar í starfi fyrir allt landið.

Í þriðja kafla eru ákvæði um skipun og setningu í prestsembætti og um embættisgengi presta. Nýmæli er að kveðið er á um skyldubundna starfsþjálfun kandídata um prestsembætti í a.m.k. fjóra mánuði áður en þeir hljóta vígslu.

Í fjórða kafla er fjallað um réttarstöðu presta og starfskyldur þeirra. Þar eru einnig ákvæði um samstarf presta. Nýmæli er að biskupi er heimilað að fela sóknarpresti í fámennu prestakalli tiltekin verkefni án viðbótarlauna, en gegn greiðslu kostnaðar. Í kaflanum er ákvæði um það hvernig leysa eigi úr ágreiningi presta um rétt eða skyldu þeirra til tiltekinnar þjónustu og er það einnig nýmæli.

Í fimmta kafla eru ákvæði um skipun og starfsskyldur prófasta. Gert er ráð fyrir að auk þjónandi presta taki leikmenn þátt í tilnefningu á prófasti og er það nýmæli.

Sjötti kafli fjallar um biskup Íslands og embætti hans. Þar er að finna ákvæði um skipun biskups og um helstu starfskyldur hans. Enn fremur ákvæði um biskupsstofu og starfsmenn hennar.

Í sjöunda kafla eru ákvæði um vígslubiskupa og embætti þeirra. Lagt er til að vígslubiskupar verði tveir eins og nú er. Hins vegar er lagt til að embætti þeirra verði efld verulega. Þannig er gert ráð fyrir að vígslubiskupsembættið verði fullt starf. Lagt er til að vígslubiskupar hafi aðsetur á hinum fornu biskupssetrum, Skálholti og Hólum, og að þeir hafi með höndum prestsþjónustu á þessum stöðum með aðstoð.

Í áttunda kafla eru ákvæði um gildistöku, brottfallin lög og kveðið á um ýmis framkvæmdaratriði.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um skiptingu landsins í prófastsdæmi og prestaköll. Í frumvarpinu er gengið út frá því, að landinu sé skipt í sóknir. Sóknir, prestaköll og prófastsdæmi eru stjórnsýslueiningar innan þjóðkirkjunnar. Sóknin er grunneiningin. Fjöldi sókna og heiti þeirra hvíla á aldagamalli venju. Um sóknir fjalla lög nr. 25/1985. Samkvæmt 1. gr. þeirra laga skulu mörk sókna, prestakalla og prófastsdæma vera óbreytt. svo sem þau hafa mótast af lögum og í lagaframkvæmd, en um breytingar á þeim fer eftir því sem greinir í lögum.

Prófastsdæmin.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að prófastsdæmi landsins verði 16 í stað 15 samkvæmt gildandi lögum. Núverandi Reykjarvíkurprófastsdæmi er skipt í tvö prófastsdæmi, Reykjavíkurprófastsdæmi, sem nær yfir sóknir í Reykjavík vestan Elliðavogs og Reykjanesbrautar og Seltjarnarnesskaupstað og Holta- og Vogaprófastsdæmi er nær yfir sóknir í Kópavogskaupstað og þann hluta núverandi Reykjavíkurprófastsdæmis er liggur austan Elliðavogs og Reykjanesbrautar.

Aðrar breytingar á mörkum prófastsdæma eru þær að Siglufjarðarprestakall er fært frá Eyjafjarðarprófastsdæmi til Skagafjarðarprófastsdæmis. Ástæður eru einkum þessar: Eyjafjarðarprófastsdæmi er bæði víðlendara og mun fjölmennara en Skagafjarðarprófastsdæmi. Samgöngur eru betri við Skagafjörð en Eyjafjarðarsvæðið. Siglufjörður er í sama kjördæmi og Skagafjörður og meiri stjórnsýsluleg tengsl eru við Skagafjarðarsvæðið en Eyjafjörð.

Þess má geta að nefnd sú, sem samdi upphaflega frumvarp til laga um skipan prestakalla og prófastsdæma, lagði til að fleiri breytingar yrðu gerðar á mörkum prófastsdæma eða þessar: Vestmannaeyjar fylgdu Árnesprófastsdæmi, Mosfellsprestakall og Reynivallaprestakall fylgdu eystri hluta Reykjavíkurprófastsdæmis, en það prófastsdæmi var nefnt Reykjavíkurprófastsdæmi eystra. Lagt var til að núverandi Söðulsholtsprestkall og Staðastaðarprestakall sameinuðust og færðust til Borgarfjarðarprófastdæmis, Reykhólaprestkall færðist til Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmis, er nefndist Breiðarfjarðaprófastsdæmi, og Laufássprestkall færðist til Eyjafjarðarprófastsdæmis.

Prestaköllin.

Í landinu eru nú 114 prestaköll. Þar af eru fimm tvímenningsprestaköll. Íbúafjöldi í prestaköllum er afar misjafn. Fjöldi íbúa að baki hverjum presti er 1.424 utan Reykjavíkurprófastsdæmis, en 5.075 í Reykjavíkurprófastsdæmi. Í fimm prestaköllum er íbúafjöldi innan við 200 manns. Í 35 prestaköllum er íbúafjöldi innan við 500 manns. Í 24 tilvikum er íbúafjöldi yfir 4.000 manns á hvern prest. Rúmur helmingur presta í landinu eða 60 talsins þjóna prestköllum er telja á milli 500 til 4.000 manns. Af þessu sést að misræmið er mikið.

Í greinargerð með upphaflegri gerð frumvarpsins um skipan prestakalla og prófastsdæma er tekið fram að nefnd sú, sem samdi frumvarpið hafi haft til viðmiðunar eftirtalda þætti varðandi breytingar á skipan prestakalla:

1. Mannfjölda.
2. Fjölda sókna.
3. Samgöngur.
4. Víðáttu prestakalls.
5. Þjónustumiðstöðvar; sjúkrastofnanir, öldrunarheimili, menntastofnanir, kirkjulegar miðstöðvar og ferðamiðstöðvar.

Nefndin taldi þó að taka þyrfti tillit til ýmissa fleiri atriða, svo sem einangrun byggða sem gerir það að verkum að erfitt er í sumum tilfellum að leggja niður fámenn prestaköll.

Samkvæmt gildandi lögum skulu prestar vera svo margir í Reykjavík og kaupstöðum úti á landi að sem næst 4.000 manns komi á hvern að meðaltali. Þótt hafður sé til viðmiðunar ákveðinn íbúafjöldi, sem þykir hæfilegur í prestakalli í þéttbýli, þá verður að líta á fleiri þætti þar sem sérstök þjónustuþörf er fyrir hendi, t.d. þar sem eru sjúkrastofnanir. Er eðlilegt í þeim tilvikum að miða við lægri tölu íbúa í prestakalli en 4.000.

Erfiðara er að finna einhvern lágmarksfjölda til að miða við vegna breytilegra aðstæðna. Setja má þó fram sem viðmiðun að ekki skuli að jafnaði vera færri en 500 manns í prestakalli og aðstæður að öðru leyti hindri ekki eðlilega þjónustu.

Verður nú vikið að einstökum prófastsdæmum og gerð grein fyrir breytingum á prestakallaskipaninni sem felast í frumvarpinu.

Múlaprófastsdæmi.

Mannfjöldi er 5.049 og sjö prestaköll eða 721 íbúi á hvern prest að meðaltali. Sóknir eru samtals 17. Tvö prestaköll eru mjög fámenn, Skeggjastaðaprestkall með 134 íbúa og Desjarmýrarprestkall með 213 íbúa. Hér er um að ræða einangraðar byggðir og því er lagt til að umrædd prestaköll haldist. Þær breytingar eru einar gerðar í prófastsdæminu að heiti Vallanessprestakalls breytist í Egilsstaðaprestakall.

Austfjarðaprófastsdæmi.

Mannfjöldi er 5.830 og fimm prestaköll eða 1.166 á hvern prest. Sóknir eru samtals 12. Ekki eru lagðar til breytingar í prófastsdæminu.

Skaftafellsprófastsdæmi.

Mannfjöldi er 3.583 og fimm prestaköll eða 717 íbúar á hvern prest. Sóknir eru samtals 14. Ásaprestakall er fámennasta prestakallið, telur 201 íbúa. Lagt er til að það verði sameinað Klausturspresta kalli. Eftir þá breytingu verða í Klausturspresta kalli 648 íbúar og fimm sóknir. Heiti Bjarnarnesspresta kalls breytist í Hafnarprestakall.

Rangárvallaprófastsdæmi.

Mannfjöldi er 3.264 og sex prestaköll eða 544 íbúar á hvern prest. Sóknir eru samtals 16. Eitt prestakallið, Oddaprestakall, er þó langfjölmennast, telur 1.447 íbúa. Fjögur prestaköll

eru með innan við 500 íbúa. Prófastsdæmið er ein samfelld byggð og samgöngur góðar. Lagt er til að í prófastsdæminu verði fimm prestaköll. Kirkjuhvolsprestakall verði lagt niður.

Hábæjarsókn, sem tilheyrði Kirkjuhvolsprestakalli, færist yfir til Oddaprestakalls og aðrar sóknir, er tilheyrðu Kirkjuhvolsprestakalli, þ.e. Kálfholts- og Árbæjarsóknir leggist til Fellsmúlaprestakalls. Enn fremur er lagt til að Stórólfshvolssókn, sem áður tilheyrði Oddaprestakalli, færist yfir til Breiðabólsstaðarprestakalls.

Þess má geta að nefnd sú, er samdi upphaflega frumvarpið, lagði auk framangreindra breytinga til að Bergþórshvolsprestakall yrði sameinað Holtsprestakalli.

Árnesprófastsdæmi.

Mannfjöldi er 10.883 og átta prestaköll eða 1.360 íbúar á hvern prest að meðaltali. Þingvallaprestakall hefur sérstöðu þar sem presturinn gegnir jafnframt stöðu þjóðgarðsvarðar. Ekkert hinna prestakallanna er verulega fámennt, en tvö fjölmenn, þ.e. Hveragerðisprestakall með 3.102 og tvo meginbyggðakjarna, Hveragerði og Þorlákshöfn og fjórar sóknir og Selfossprestakall með 4.302 íbúa og fjórar sóknir.

Lagt er til að stofnuð verði tvö ný prestaköll, Þorlákshafnarprestakall og Hraungerðisprestakall, en Stóranúpsprestakall verði lagt niður. Þorlákshafnarprestakall er með 1.281 íbúa og myndað af Hjalla- og Strandarsóknum sem áður tilheyrðu Hveragerðisprestakalli. Hraungerðisprestakall er myndað af Ólafsvalla-, Hraungerðis- og Villingaholtssóknum sem áður tilheyrðu Selfossprestakalli og Stóranúpsprestakalli.

Lagt er til að við Hrunaprestakall bætist Stóranúpssókn sem áður var í Stóranúpsprestakalli.

Borgarfjarðarprófastsdæmi.

Mannfjöldi er 9.178 og sex prestaköll eða 1.530 íbúar á hvern prest. Sóknir eru samtals 21. Í Garðaprestakalli eru 5.380 manns. Í fjórum prestaköllum eru milli 400 og 600 manns.

Ekki eru lagðar til aðrar breytingar í prófastsdæminu en að heiti Garðaprestakalls breytist í Akranessprestakall. Geta má þess að nefnd sú, er samdi upphaflega frumvarpið, lagði til að Söðulholtsprestakall og Staðastaðarprestakall í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi yrðu sameinuð og færð undir Borgarfjarðarprófastsdæmi.

Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi.

Mannfjöldi er 5.478 og sjö prestaköll eða 783 íbúar á hvern prest. Gert er ráð fyrir að fjöldi prestakalla haldist óbreyttur.

Fámennustu prestaköllin eru Staðastaðarprestakall og Söðulholtsprestakall. Lagt er til að Söðulholtsprestakall verði lagt niður og sóknir þess færðar undir Staðastaðarprestakall. Jafnframt er lagt til að nýtt prestakall verði stofnað, Ingjaldshólsprestakall með Hellna- og Búðasóknum, sem tilheyrðu áður Staðastaðarprestakalli og Ingjaldshólssókn sem tilheyrði áður Ólafsvíkurprestakalli. Heiti Setbergsprestakalls breytist í Grundarfjarðarprestakall. Á sama hátt breytist heiti Hjarðarholtsprestakalls í Búðardalsprestakall og Hvammsprestakalls í Hvolsprestakall, en engar breytingar verða á sóknum þessara prestakalla.

Barðastrandarprófastsdæmi.

Mannfjöldi í prófastsdæminu er 2.291 og fjögur prestaköll eða 573 íbúar á hvern prest að meðaltali. Gert er ráð fyrir að fjöldi prestakalla haldist óbreyttur.

Lagt er til að Sauðlauksdalsprestakall verði lagt niður og upp tekið nýtt prestakall, Tálknafjarðarprestakall. Tálknafjarðarprestakall er myndað af Stóru-Laugardalssókn sem áður tilheyrði Patreksfjarðarprestakalli og Haga- og Brjánslækjarsóknum, sem áður tilheyrðu Sauðlauksdalsprestakalli. Lagt er til að aðrar sóknir, sem tilheyrðu Sauðlauksdalsprestakalli, falli undir Patreksfjarðarprestakall.

Ísafjarðarprófastsdæmi.

Mannfjöldi er 6.507 og sex prestar eða 1.085 íbúar á hvern prest að meðaltali. Sóknir eru samtals 19.

Engar breytingar eru gerðar á prestakallaskipaninni í prófastsdæminu. Gert er ráð fyrir að heiti Staðarprestakalls breytist í Suðureyrarprestakall og Staðarsókn í Grunnavík, Bolungarvíkurprestakalli, sameinist Hólssókn í sama prestakalli, sbr. 50. gr. frumvarpsins.

Húnavatnsprófastsdæmi.

Mannfjöldi í prófastsdæminu er 5.088 og átta prestaköll eða 636 íbúar á hvern prest að meðaltali. Ekkert prestakall er óhæfilega stórt eða mannmargt. Hins vegar eru fjögur prestaköll fámenn, eitt með 117 íbúa og þrjú með íbúa milli 300 til 400 manns. Ekki er lagt til að breyting verði á fjölda prestakalla.

Þótt Árnessprestakall sé fámennt, með 117 íbúa, er ekki lagt til að það verði lagt niður sökum þess hve prestakallið er einangrað.

Gert er ráð fyrir að auk prests á Melstað verði prestur á Hvammstanga. Breiðabólsstaðarprestakall verði að Hvammstangaprestakalli og Hvammstangasókn, sem samkvæmt gildandi lögum tilheyrir Melstaðarprestakalli, færist undir Hvammstangaprestakall. Víðidalstungusókn, sem nú tilheyrir Breiðabólsstaðarprestakalli, færist undir Melstaðarprestakall.

Geta má þess að nefndin er samdi upphaflega frumvarpið lagði til að Prestbakkaprestakall yrði lagt niður.

Í austurhluta prófastsdæmisins eru ekki gerðar breytingar, nema Höfðakaupstaðarprestakall verður að Skagastrandarprestakalli, en engar breytingar eru gerðar á sóknum prestakallsins.

Skagafjarðarprófastsdæmi.

Mannfjöldi í prófastsdæminu er nú 4.600 og sex prestar eða 767 manns á hvern prest að meðaltali. Sóknir eru nú samtals 21.

Sauðárkróksprestakall er langfjölmennast með 2674 íbúa. Fámennast er Mælifellsprestakall með 283 íbúa. Í þremur prestaköllum eru milli 300–500 íbúar. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á fjölda prestakalla, nema að lagt er til að Siglufjarðarprestakall færist frá Eyjarfjarðarprófastsdæmi yfir í Skagafjarðarprófastsdæmi eins og áður hefur verið gerð grein fyrir.

Í Skagafjarðarprófastsdæmi eru samgöngur góðar og fjarlægðir innan héraðs ekki miklar. Lagt er til að Mælifellsprestur hafi skyldur umfram sóknarprestsskyldur, þ.e. gegni starfi farprests í prófastsdæminu, sbr. 9. gr. frumvarpsins. Í 42. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að vígslubiskup á Hólum njóti aðstoðar nágrannaprests eða farprests við þjónustu í Hólaprestakalli. Því er lagt til að vígslubiskup og prófastur taki nánari ákvörðun um störf farprestsins. Lagt er til að Reykjasókn, sem nú tilheyrir Mælifellsprestakalli, færist undir Glaumbæjarprestakall. Enn fremur er lagt til að Rípursókn, sem nú tilheyrir Hólaprestakalli, færist undir Miklabæjarprestakall.

Eyjafjarðarprófastsdæmi.

Mannfjöldi er nú 21.212 og níu prestar eða 2.357 manns á hvern prest. Sóknir eru samtals 21. Eina breytingin, sem lögð er til, fyrir utan flutning Siglufjarðarprestakalls, er sú að Miðgarðasókn í Grímsey falli undir Akureyrarprestakall í stað Glerárprestakalls. Miðgarðasókn hefur nokkra sérstöðu vegna legu sinnar. Fari svo að farprestur verði ráðinn í Eyjafjarðarprófastsdæmi, mætti hugsa sér að honum yrði falið að þjóna sókninni.

Þingeyjarprófastsdæmi.

Mannfjöldi er nú 6.708 manns og níu prestar eða 745 manns á hvern prest. Sóknir eru samtals 24. Húsavíkurprestakall er fjölmennast með 2.617 manns. Lagt er til að prestaköllum fækki um eitt. Fámennustu prestaköllin Hálsprestakall með 227 íbúa og Staðarfellsprestakall með 371 íbúa verði sameinuð í eitt, Ljósavatnsprestakall. Enn fremur er lagt til að heiti Sauðanessprestakalls breytist í Þórshafnarprestakall án þess að breyting sé gerð á sóknum prestakallsins.

Reykjavíkur- og Kjalarnessprófastsdæmi.

Samkvæmt gildandi lögum er prestakallaskipan utan Reykjavíkurprófastsdæmis ákveðin í lögum, en í Reykjavíkurprófastsdæmi er hún ákveðin samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Lagt er til að sú breyting verði gerð að ráðherra ákveði prestakallaskipanina í núverandi Reykjavíkurprófastsdæmi og Kjalarnessprófastsdæmi. Á þessu landsvæði á sér stað mikil mannfjölgun. Því þykir heppilegra að hafa betri möguleika á að breyta prestakallaskipaninni til samræmis við breyttar aðstæður á hverjum tíma.

Núverandi Reykjavíkurprófastsdæmi er lang stærst af prófastsdæmum landsins. Mannfjöldi í því er yfir 45% af öllum landsmönnum. Því er lagt til að Reykjavíkurprófastsdæmi verði skipt í Reykjavíkurprófastsdæmi og Holta- og Vogaprófastsdæmi.

Bent skal á að verði Reykjavíkurprófastsdæmi skipt þarf að breyta lögum um kirkjuþing og kirkjuráð íslensku þjóðkirkjunnar, nr. 48/1982, varðandi kjör fulltrúa á kirkjuþing.

Í núverandi Reykjavíkurprófastsdæmi eru 19 prestaköll, þar af fjögur tvímenningsprestaköll. Í prófastsdæminu eru nú 5.075 íbúar á hvern prest. Til þess að 4.000 íbúar væru á hvern prest, þyrftu að vera 29 prestar. I Reykjavík eru allar helstu sjúkrastofnanir landsins. Samtals eru í Reykjavíkurhéraði sjúkrarúm fyrir 1.477 sjúklinga. Hjúkrunarrúm fyrir aldraða eru 390 og vistrúm 379. Sjúkra- og vistrúm fyrir áfengissjúklinga eru 169. (Tölur eru frá árinu 1988.)

Lögð er áhersla á aukna prestsþjónustu á sjúkrastofnunum og því þarf augljóslega að fjölga prestum í Reykjavík til að sinna þeirri þjónustu.

Í Kjalarnessprófastsdæmi eru eftirtalin prestaköll með yfir 4.000 íbúa: Keflavíkurprestakall 7.436 íbúar, Hafnarfjarðarprestakall 8.905 íbúar, Víðistaðaprestakall 5.641 íbúar og Garðaprestakall 8.485 íbúar.

Það er því augljóst að fjölga þarf prestum í umræddum prófastsdæmum.

Um 1. gr.

Hér að framan hefur verið gerð nokkur grein fyrir breytingum á skipan prestakalla og prófastsdæma landsins samkvæmt frumvarpinu. Í 1. gr. frumvarpsins er tilgreint heiti hvers prestakalls og hvaða sóknir heyri þeim til. Í langflestum tilfellum er heiti prestakallsins dregið af þeim stað þar sem prestur situr.

Nokkrar sóknir, sem tilgreindar eru í lögum nr. 35/1970, eru ekki taldar upp í 1. gr. Þetta eru sóknir sem hafa verið aflagðar annaðhvort vegna þess að þær hafa verið sameinaðar öðrum sóknum eða þær hafa eyðst af fólki. Í 50. gr. frumvarpsins er lagt til að þrjár sóknir, Múlasókn í Barðastrandarprófastsdæmi, Staðarsókn í Grunnavík, Ísafjarðarprófastsdæmi og Flateyjarsókn í Þingeyjarprófastsdæmi, verði sameinaðar öðrum sóknum.

Í gildandi lögum er aðsetursstaður prests tilgreindur. Í frumvarpinu er aðsetursstaður eða prestssetur á sama hátt tilgreint. Þess má geta að nefndin, er samdi upphaflega frumvarpið, lagði til að aðsetursstaður eða prestssetur væri aðeins tilgreint í þeim tilfellum þar sem prestssetur eru jarðir.

Um 2. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er prestakallaskipan utan Reykjavíkurprófastsdæmis ákveðin í lögum, en í Reykjavíkurprófastsdæmi er hún ákveðin samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Lagt er til að sú breyting verði gerð að ráðherra ákveði prestakallaskipanina í Reykjavíkurprófastsdæmi, Holta- og Vogaprófastsdæmi og Kjalarnessprófastsdæmi.

Gengið er út frá því, eins og nú er í lögum, að safnaðarráð í hverju prófastsdæmi geri tillögur um skiptingu hvers prófastsdæmis í sóknir og prestaköll.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. segir að í hverju prestakalli skuli aðeins vera einn sóknarprestur. Þetta ákvæði girðir þó ekki fyrir það að fleiri prestar geti verið ráðnir til starfa í sama prestakalli. Ef íbúafjöldi í prestakalli fer yfir 4.000 manns eða aðrar ástæður gera það að verkum að verkefni í prestakalli eru meiri en svo að ætlandi sé einum presti að vinna þau þá getur ráðherra heimilað fleiri prestsstöður. Sem dæmi um tilgreindar ástæður mætti nefna sjúkrastofnanir þar sem verulegrar prestsþjónustu er þörf þótt mannfjöldi í prestakalli nái ekki tilgreindum mörkum.

Aðstoðarprestar, sem ráðnir eru, starfa undir stjórn viðkomandi sóknarprests.

Eðlilegt þótti að takmarka ráðningartíma aðstoðarpresta við þrjú ár. Ákvæði laga um veitingu prestakalla, nr. 44/1987, gilda ekki um ráðningu aðstoðarpresta. Tilskilið er að haft sé samráð við viðkomandi sóknarprest, þegar aðstoðarprestur er ráðinn enda nauðsynlegt, að samstarf milli þeirra sé sem best.

Gengið er út frá því að laun aðstoðarpresta þjóðkirkjunnar séu greidd úr ríkissjóði. Samkvæmt 25. gr. laga um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o.fl., nr. 25/1985, er gert ráð fyrir því, að söfnuðir geti ráðið til sín starfsmenn til safnaðarstarfa. Frumvarp það, sem hér um ræðir, tekur ekki til slíkra starfsmanna, heldur aðeins til presta þjóðkirkjunnar.

Samkvæmt síðustu málsgrein er gert ráð fyrir að biskup setji aðstoðarprestum erindisbréf.

Um 4. gr.

Í lögum nr. 35/1970 er heimild til þess að skipta prestaköllum í kaupstöðum utan Reykjavíkurprófastsdæmis þar sem eru tveir eða fleiri prestar.

Ákvæði þessarar greinar er nokkuð rýmra.

Um 5. gr.

Ákvæði greinarinnar er efnislega samhljóða 4. gr. laga nr. 35/1970.

Um 6. gr.

Ákvæðið er nýmæli. Með sama hætti og ráðherra hefur heimild til þess að stofna ný prestaköll, sbr. 4. gr. Þá hefur hann jafnframt heimild til þess að leggja niður prestaköll, að fenginni tillögu biskups og umsögn viðkomandi héraðsfundar. Tilskilið er að íbúafjöldi í prestakalli sé undir 250 manns.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því, að skv. 1. gr. eru 7 prestaköll nú undir 300 manns, þar af er eitt þeirra Þingvallaprestakall sem hefur nokkra sérstöðu. Í fjórum tilvikum eru prestaköll í afskekktum byggðarlögum, þar sem ekki þótti eðlilegt að leggja niður prestaköll og í einu þeirra er gert ráð fyrir að presturinn gegni jafnframt stöðu farprests.

Í 2. mgr. er áskilið að heimild þessi sé bundin því skilyrði að prestsembættum fækki ekki í prófastsdæmum utan Reykjavíkur- og Kjalarnessprófastsdæmi við niðurlagningu prestakalla skv. 1. mgr.

Um 7. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 6. gr. laga nr. 35/1970.

Um 8. gr.

Þar sem prestssetur er tilgreint í 1. gr. er presti skylt að hafa aðsetur og lögheimili, nema biskup heimili annað um stundarsakir. Um leigugjald af embættisbústöðum presta gildir nú reglugerð nr. 334/1982, sbr. lög nr. 27/1968.

Ýmis ákvæði ábúðarlaga, nr. 64/1976, gilda um samskipti presta sem leiguliða og dóms- og kirkjumálaráðuneytisins sem fer með forræði prestssetursjarða. Í því sambandi má nefna að framkvæmdir, sem prestur kostar á prestssetursjörð, eru metnar með sama hætti og segir í ábúðarlögum, sbr. 16. gr. þeirra. Um leigutíma gilda að sjálfsögðu ekki sömu reglur og almennt gilda samkvæmt ábúðarlögum. Miðað er við að ábúðartími prests sé sá sami og embættistími hans, sbr. þó 19. gr. frumvarpsins, sem gerir ráð fyrir að ráðherra geti veitt presti, er situr jörð, frest fram til næstu fardaga til að taka við embætti. Gera verður þó ráð fyrir að þetta frávik sé undantekning. Í 2. mgr. 8. gr. er kveðið á um það að kirkjumálaráðherra setji reglugerð um leigugjald af prestssetursjörðum.

Í 3. mgr. 8. gr. er mælt fyrir um að farprestar, sbr. 9. gr. frumvarpsins, skuli njóta sambærilegra húsnæðiskjara og sóknarpresta. Þetta vísar til þess að farprestum skuli annaðhvort tryggður embættisbústaður, ef skilyrðum 2. gr. laga nr. 27/1968 um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins er fullnægt, eða húsaleigustyrkur.

Í 4. mgr. 8. gr. eru sett ákveðin skilyrði fyrir því að prestssetri sé ráðstafað til langframa. Telja verður að ákvæðið eigi ekki við um tímabundna leigu. Þó verður að telja eðlilegt, að í þeim tilvikum sé haft samráð við biskup. Ákvæðið á ekki við ef prestssetur er selt vegna þess að prestakall er lagt niður með þeim hætti sem lög áskilja, sbr. 5. mgr. greinarinnar, eða það er flutt til, sbr. 6. mgr. greinarinnar.

Síðasta málsgrein 8. gr. er efnislega samhljóða 14. gr. laga nr. 35/1970.

Um II. kafla.

Í þessum kafla eru dregin saman ákvæði er eiga við um svokölluð sérþjónustuembætti. Hér er átt við alla presta innan þjóðkirkjunnar sem ekki eru sóknarprestar eða aðstoðarprestar sóknarpresta.

Með breyttum áherslum innan kirkjunnar og breytingu á þjóðfélagsgerðinni á síðari árum hefur þörf fyrir ýmsa sérþjónustu presta aukist. Einnig má benda á að á síðari árum hafa prestar í auknum mæli farið í sérnám er gerir þá hæfari til að sinna sérhæfðum verkefnum. Er áskilið í frumvarpinu að slíkir prestar hafi sérnám að baki, sbr. 11.–13. gr. þess.

Lögð er áhersla á aukna þjónustu á sjúkrahúsum og vistheimilum.

Um 9. gr.

Ákvæði greinarinnar er nýmæli. Gefinn er möguleiki á því að ráða farpresta er starfi í prófastsdæmum.

Verkefni þeirra eru:

1. Að vera til aðstoðar í fjölmennum og víðlendum prestaköllum.
2. Að þjóna í forföllum.
3. Að annast tiltekin sérverkefni.

Gert er ráð fyrir að farprestar, sem ráðnir eru til þjónustu í tilteknu prófastsdæmi, starfi samkvæmt erindisbréfi biskups. Í framkvæmd skipuleggur hlutaðeigandi prófastur starf þeirra í samræmi við fyrirmæli biskups.

Farprestum er ætlað að aðstoða sóknarpresta í fjölmennum prestaköllum. Einnig er þeim ætlað að þjóna í forföllum. Einkum er hér átt við forfallaþjónustu um skamman tíma, t.d. í

veikindaleyfum. Auk umgetinnar aðstoðarþjónustu við einstaka sóknarpresta er farprestum ætlað að annast tiltekin sérverkefni, svo sem ýmsa félagslega þjónustu, t.d. er lýtur að æskulýðs- og öldrunarmálum, sjúkrahúsaþjónustu o.fl. Með tilkomu héraðssjóðanna samkvæmt lögum um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987, opnast möguleiki fyrir söfnuði til þess að vinna saman að ýmsum málum innan hvers prófastsdæmis. Ákvæði 9. gr. ætti að greiða fyrir slíku samstarfi.

Ákvæði gildandi laga um farpresta, sem eru til þjónustu fyrir landið í heild, er ekki tekið upp í frumvarpið.

Um 10. gr.

Í 9. gr. laga nr. 35/1970 er ákvæði um prest er skuli starfa í Kaupmannahöfn.

Nú eru starfandi prestar í Kaupmannahöfn og London. Ákvæði 10. gr. gera ráð fyrir að ráðherra ákveði hvar íslenskir prestar skuli starfa erlendis. Ekki þykir eðlilegt að binda það nákvæmlega í lögum.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. segir að á sjúkrastofnunum skuli halda uppi prestsþjónustu. Með þessu er verið að undirstrika nauðsyn þess að prestur veiti sjúklingum þjónustu. Er þetta í samræmi við ákvæði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 25/1985 um kirkjusóknir, safnaðarfundi, héraðsfundi o.fl. Í langflestum tilfellum getur sjúklingur ekki sótt guðsþjónustur eða leitað til prests eins og fullhraust fólk getur. Með ákvæði þessu er verið að leggja áherslu á skyldur sóknarpresta til að veita þjónustu á sjúkrahúsum. Ekki aðeins með guðsþjónustuhaldi, eftir því sem aðstæður leyfa, heldur einnig með heimsóknum, viðtölum og sálgæslustarfi. Starf sóknarprests á sjúkrastofnun er hluti af starfi hans.

Þar sem þess er þörf er gert ráð fyrir að ráða sérstaka sjúkrapresta er sinni eingöngu þessari þjónustu.

Nauðsynlegt er að prestsstarf á sjúkrahúsum sé unnið í fullu samráði við hlutaðeigandi sjúkrastofnun og er því gerður áskilnaður um það í greininni. Einnig er tiltekið að þegar sérstakur sjúkraprestur er ráðinn beri að leita álits stjórnar hlutaðeigandi sjúkrastofnunar.

Um 12. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 8. gr. laga nr. 35/1970.

Um 13. gr.

Í nokkur ár hefur starfað prestur er þjónað hefur heyrnarskertum þótt ekki sé um það fjallað í lögum nr. 35/1970.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. segir að heimilt sé að ráða presta til sérþjónustu í fleiri tilfellum en tiltekið er beint í lögunum. Þykir rétt að gera ráð fyrir slíkum möguleika.

Ekki þótti rétt að binda í lögum nákvæmar reglur um réttarstöðu sérþjónustupresta, einkum þó stöðu þeirra gagnvart sóknarprestum. Eðlilegra þótti að slíkar reglur væru mótaðar innan kirkjunnar. Því er í 3. mgr. kveðið á um að ráðherra setji í reglugerð, að fenginni tillögu biskups, ákvæði um starfssvið sérþjónustupresta, skipulag prestsþjónustu þeirra og stöðu þeirra gagnvart sóknarprestum.

Um III. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um skipun og setningu í prestsembætti og um embættisgengi presta.

Um 15. gr.

Samkvæmt greininni skipar kirkjumálaráðherra sóknarpresta í embætti, sbr. lög nr. 44 1987, en ræður aðra presta til þjónustu eftir tillögum biskups, þ.e. í samræmi við tillögur hans. Gert er ráð fyrir að sú venjubundna tilhögun standi óbreytt að biskup setji (ráði) menn til að gegna embætti um stundarsakir. Hér gætir því eigi breytinga frá þeirri framkvæmd sem nú tíðkast.

Um 16. gr.

Í greinni er mælt fyrir um embættisgengi sóknarpresta, þ.e. hvaða skilyrðum maður verður að fullnægja til þess að verða skipaður eða settur í embætti sóknarprests.

1. Í 1. tölul. er áskilinn 25 ára aldur, sbr. konungsbréf 16. febrúar 1621, sem gert er ráð fyrir að numið verði úr lögum. Ákvæðið er undanþægt, sbr. og tilgreint lagaboð. Á árum áður var það alltítt að aldursleyfi væru veitt, en er fátítt hin síðari ár.
2. Í 2. tölul. er það lagaskilyrði að maður hafi lokið embættisprófi í guðfræði frá guðfræðideild Háskóla Íslands eða kandídatsprófi frá viðurkenndri guðfræðideild eða guðfræðiskóla. Um hið síðastnefnda skal biskup leita umsagnar guðfræðideildar Háskóla Íslands. Telja má víst að próf frá norrænu guðfræðideildunum yrðu viðurkennd hér á landi, en um kennimannlega guðfræði kann þó að gegna sérstöku máli. Með þessu ákvæði er lagt til að lögfestar verði reglur sem nú gilda í raun að því er ætla verður.
3. Í 3. tölul. er kveðið á um starfsþjálfun kandídats í a.m.k. fjóra mánuði áður en hann hlýtur vígslu. Er það nýmæli. Kirkjunnar menn hafa oft bent á nauðsyn slíkrar starfsþjálfunar og hefir þessu máli m.a. verið hreyft á kirkjuþingi. Í frumvarpinu er lagt til að prófasti sé falin umsjón í þessu efni, en um framkvæmd og eftirlit verði nánar mælt í reglugerð. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að kandídat hljóti fræðslu í kennimannlegri guðfræði í guðfræðideild Háskólans eftir því sem nánar segir í reglugerð um það nám. Lágmarkstími starfsþjálfunar er fjórir mánuðir, en hann má lengja með reglugerðarákvæði. Eigi er kveðið á um launakjör guðfræðings í starfsþjálfun, en á því er byggt að hann hljóti laun meðan á þessari starfsþjálfun stendur. Ekki er það forsenda fyrir því að kandídat geti hlotið starfsþjálfun að hann hafi umsögn biskups um að hann sé hæfur til að takast á hendur prestsþjónustu í þjóðkirkjunni, sbr. 4. tölul. 16. gr. og 17. gr. frumvarpsins. Benda má á í sambandi við 3. tölul. að á Alþingi 1942 flutti séra Sveinbjörn Högnason frumvarp til laga um verklegt nám kandídata frá Háskóla Íslands, þar á meðal guðfræðinga, en það frumvarp náði ekki fram að ganga.
4. Í 4. tölul. eru ákvæði um að sá maður sé ekki embættisgengur, sem gerst hafi sekur um athæfi, sem ætla megi að rýri álit hans og sé ósamboðið manni í prestsstarfi. Í þessu felst, sbr. og tilvísun 5. tölul. til 3. gr. laga 38/1954, að sá maður, sem hefir flekkað mannorð í lagaskilningi, sé ekki embættisgengur, nema fengið hafi uppreist æru. Í 4. tölul. er hins vegar gengið lengra, svo sem títt er um ýmsa aðra ríkisstarfsmenn, sbr. t.d. um dómara 35. gr. laga 85/1936 og um lækna, læknalög, nr. 80/1969. Að því er varðar siðferðiskröfur orkar ekki tvímælis að gera verður ríkar kröfur til presta, en ýmis lagaboð frá 17. og 18. öld, sem enn eru tekin í lagasöfn, eru gersamlega úrelt, og er lagt til að þau verði afnumin, sbr. 50. gr. frumvarpsins. Tekið skal fram að skv. 4. tölul. þarf athæfi, sem maður er sakaður um, að vera sannað með dómi eða með öðrum ótvíræðum hætti, og má hér benda á ákvæðin um kirkjudóm í 7. gr. laga nr. 74/1974 og Synódalrétt í 3. gr. laga nr. 75/1973.
5. Í 5. tölul. er vísað hvað varðar almenn skilyrði til að gegna embætti til 3. gr. laga 38/1954 og felst í því að íslenskur ríkisborgararéttur er almennt áskilinn, sbr. þó undanþáguheim-

ild í 4. tölul. 3. gr., lögræði og væntanlega fjárforræði, svo og óflekkað mannorð. Enn fremur felst í þessari tilvísun að konur og karlar hafa sama rétt til embætta innan þjóðkirkjunnar og sama rétt til launa og annarra starfskjara.
Skilyrðum um embættisgengi verður bæði að fullnægja þegar manni er veitt embætti og svo síðar.

Um 17. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um að áður en óvígður guðfræðingur sækir um prestsstarf í þjóðkirkjunni skuli liggja fyrir umsögn biskups um að hann fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru til prestsvígslu. Sérstök ástæða er til að benda á 4. tölul. 16. gr. í tengslum við 17. gr. Þetta eru forn ákvæði í kirkjurétti, sbr. einnig 43. gr., í erindisbréfi handa biskupum frá 1. júlí 1746. Biskup verður vitaskuld að gæta lögmæltra embættisskilyrða og réttra lagasjónarmiða og t.d. væri eigi lögmætt að synja kvenguðfræðingi um vottorð vegna kynferðis hennar, sbr. 5. tölul. 16. gr. Vísað er annars til athugasemda við 16. gr. frumvarpsins, m.a. við 3. tölul.

Um IV. kafla.

Í kaflanum er fjallað um atriði, er varða ýmis réttindi og skyldur presta, um samstarf presta í prófastsdæmum o.fl. Um réttindi og skyldur gilda ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 38/1954. Um prestsembætti hljóta þó einnig að gilda sérstakar reglur er taka mið af stöðu þeirra og stöðu þjóðkirkjunnar í þjóðfélaginu.

Um 18. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda. Ákvæðið er ekki tæmandi og ber að varast gagnályktun.

Um 19. gr.

Hér er lagt til að unnt sé að veita sóknarpresti sem skipaður hefir verið í embætti nokkurn frest til að taka við því. Reynir einkum á þetta þegar prestur flyst milli prestakalla. Getur verið erfitt fyrir hann að flytjast til nýs prestakalls fyrirvaralítið þegar hann situr preststsetur sem bújörð fylgir. Er það gömul regla að þá skuli miða við fardaga, ef prestur óskar, sbr. tilskipun 6. janúar 1847, og er lagt til að ákvæði sem að því lúti verði áréttað í þessari grein. Ekki er vikið sérstaklega að því hvernig ráðstafa skuli þjónustu í því prestakalli, sem prestur hefir verið skipaður í, og geta ýmsir kostir komið þar til greina, en um það fer eftir almennum reglum sem myndast hafa.

Um 20. gr.

Ákvæði greinarinnar lýsir þeirri meginreglu, sem í gildi hefur verið, að hver sóknarprestur þjóni sínu prestakalli, nema lög eða stjórnvaldsreglur mæli fyrir um annað. Er þetta efnislega í samræmi við 9. gr. í kirkjuordinatiu Kristjáns IV. hins norska frá 2. júlí 1907. Rétt er að athuga hvaða undantekningar kunna að vera á umræddri meginreglu.

Sérþjónustuprestar hafa ekki með sama hætti og sóknarprestar ákveðið þjónustusvæði, prestakall, til þess að þjóna. Sérþjónustuprestar þjóna annaðhvort tiltekinni stofnun, t.d. fangaprestur eða sjúkraprestur, sem að sjálfsögðu er í einhverri sókn eða þeir þjóna tilteknum hópi manna, t.d. heyrnarlausum sem tilheyra einhverjum þjóðkirkjusöfnuði eða þeir starfa að tilteknum verkefnum í prófastsdæmunum, sbr. 3.tölul., 9. gr. frumvarpsins. Þannig skarast þjónustusvið sóknarpresta og sérþjónustupresta. Í frumvarpinu eru ekki settar fram fastar reglur um samskipti sérþjónustupresta og sóknarpresta. Þess í stað er ráðherra heimilað að setja slíkar reglur eftir tillögum biskups, sbr. 14. gr. frumvarpsins. Einnig má líta á ákvæði 21. og 22. gr. frumvarpsins að nokkru sem frávik frá umræddri meginreglu. Með sama hætti ber að líta á ákvæði laga um leysing á sóknarbandi nr. 9/1882, einkum miðað við þá lagaframkvæmd sem hefur verið.

Um 21. gr.

Efni greinarinnar er í samræmi við lagaframkvæmd. Í nokkur ár hafa verið ákvæði í kjarasamningi Prestafélags Íslands þess efnis að prestum beri að leysa hver annan af í sumarleyfum og á vikulegum frídegi. Í seinni tíð hefur samstarf safnaða aukist. Með tilkomu héraðsnefnda og héraðssjóða opnast möguleikar til meira samstarfs safnaða innan prófastsdæmis. Ákvæði greinarinnar eiga að stuðla að slíku samstarfi.

Um 22. gr.

Ákvæði greinarinnar er nýmæli. Nokkur prestaköll eru fámenn. Biskupi er heimilt að fela prestum, er þjóna þeim, verkefni utan prestakallsins. Hér kæmi til greina að presti væru falin tiltekin verkefni í öðru prestakalli undir stjórn viðkomandi sóknarprests eða verkefni í fleiru en einu prestakalli eða tiltekið þjónustuvið, t.d. þjónusta við aldraða eða sjúka. Einnig er biskupi heimilt að fela þeim önnur verkefni er hann ákveður.

Um 23. gr.

Ákvæði þessarar greinar er til að taka af tvímæli, en greinin er í samræmi við lagaframkvæmdina.

Um 24. gr.

Ákvæði þessarar greinar mun vera í samræmi við lagaframkvæmd.

Um 25. gr.

Í þessari grein segir um skyldu sóknarprests til að sitja fundi sóknarnefndar, sbr. og lög um kirkjusóknir o.fl., nr. 25/1985, 17. gr., og skyldu til að sækja héraðsfundi, svo og fundi sem biskup eða prófastur boðar honum. Þessi grein mun vera í samræmi við það sem nú er talið gilda, en ástæða er til að lögfesta þær reglur.

Um 26. gr.

Ákvæði greinarinnar segir til um hvernig skuli leysa úr ágreiningi er kann að rísa milli presta um skyldur þeirra eða rétt til tiltekinnar þjónustu. Ákvæðið er nýmæli.

Um V. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um prófasta. Þau hafa sætt rækilegri athugun á prófastafundum, en ákvæðin í frumvarpinu eru eins og kirkjuþing afgreiddi þau haustið 1984. Ákvæðin gera ráð fyrir að prófastur verði virkari við eftirlit og umsjón með kirkjustarfi en nú er, en störf sín vinnur hann að verulegu leyti í umboði biskups. Ef kirkjulegri starfsstöð verður komið á fót í prófastsdæmi, veitir prófastur henni jafnaðarlega forstöðu, sbr. 28. gr. Störf prófasta verða samkvæmt frumvarpinu með svipuðum hætti ella og verið hefir. Bent er á að samkvæmt lögum nr. 25/1985, um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o.fl., skal héraðsnefnd starfa undir forsæti prófasts. Samkvæmt lögum um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987, er prófastur stjórnarformaður héraðssjóðs.

Um 27. gr.

Nokkur nýmæli eru í þessari grein.

Í 1. mgr. er kveðið á um að þjónandi prestar í prófastsdæmi kjósi prófast. Nauðsynlegt er að setja nánari reglur um rétt sérþjónustupresta til að taka þátt í prófaststilnefningu, sbr. 2. mgr. 14. gr. frumvarpsins.

Það er nýmæli að þrír fulltrúar leikmanna skuli taka þátt í tilnefningu. Þeir skulu kosnir á héraðsfundi sérstaklega til þess og til fjögurra ára í senn þó ekki fleiri en prestar eru í

prófastsdæmi. Um þátttöku leikmanna í þessari tilnefningu hafa verið uppi ýmsar hugmyndir, en frumvarpið er hér í samræmi við afgreiðslu kirkjuþings. Biskup og kirkjumálaráðherra eru ekki bundnir við álit presta og leikmanna samkvæmt þessu. Byggt er hér á að ráðherra muni ávallt fara eftir tillögu biskups.

Í 27. gr. 1. mgr. segir enn fremur að sóknarpresti sé skylt að takast á hendur prófastsembætti, en þó er heimilt skv. 2. mgr. að leysa hann undan því starfi ef hann telur sér óhægt að gegna því vegna veikinda eða af öðrum persónulegum ástæðum þótt hann gegni prestsembætti áfram.

Sérstök ákvæði eru um það er prófastur getur ekki gegnt embætti um stundarsakir vegna veikinda eða fjarvista eða af öðrum ástæðum. Getur biskup þá falið presti eða nágrannaprófasti að gegna embættinu um stundarsakir. Er þetta í samræmi við venjur.

Um 28. gr.

Í 1. mgr. eru almenn ákvæði um stöðu prófasta og eru þau í samræmi við venjur og lög.

Í 2. mgr. er rætt um kirkjulega starfsstöð í prófastsdæmi. Eru hugmyndir uppi um það innan kirkjunnar að stofna slíka stöð er skipuleggi starfsemi kirkjunnar innan prófastsdæmis og verði til liðsinnis við kirkjulegt starf ýmiskonar. Í tengslum við það er svo hugmyndin um héraðssjóði, sbr. 8. gr. laga 91/1987 um sóknargjöld o.fl. Er lagt til í 28. gr. frumvarpsins að prófastur verði að jafnaði forstöðumaður starfsstöðvar. Um hið síðarnefnda skal tekið fram að heimilt er að ráða einn af sóknarprestum prófastsdæmis forstöðumann starfsstöðvar, m.a. þegar prófastur færist undan að gegna þeim starfa.

Í 2. mgr. segir enn fremur um störf prófasts í tengslum við héraðsfundi, bæði um boðun fundar, undirbúning hans og um að fylgja eftir ályktunum fundarins, sbr. nánar í VII. kafla laga um kirkjusóknir o.fl. nr. 25/1985 , er áður greinir.

Um 29. gr.

Í þessari grein er kveðið á um ýmis störf prófasta. Er greinin um sumt samantekt á ýmsum lagaákvæðum og venjum, en að öðru leyti er um nýmæli að ræða.

Eitt af meginverkefnum prófasts frá fornu fari er eftirlit með prestssetrum, kirkjum og kirknaeignum í prófastsdæmi, sbr. tilskipun 24. júlí 1789, og svo bókasöfnum prestakalla, sbr. lög nr. 17/1931.

Annað meginverkefni er úttekt á prestssetrum og öðrum embættisbústöðum presta við prestaskipti, sbr. 2. mgr., þar sem því er bætt við að prófastur geri úttekt á nýjum kirkjum, kapellum og safnaðarheimilum.

Þriðja verkefnið er að vísitera kirkjur og söfnuði og að fylgja biskupi á vísitasíum hans, sbr. 3. mgr.

Fjórða verkefnið er að setja nýjan prest í embætti og er löng venja fyrir því.

Í 4. mgr. eru ákvæði um störf prófasta varðandi starfsskýrslur og endurskoðaða reikninga sem hann leggur fyrir héraðsfundi.

Í sömu málsgrein er vikið að því að prófastur fjalli um ágreining sem rísa kann milli sóknarprests, sóknarnefndar og safnaðar í því skyni að jafna þann ágreining.

Í 5. mgr. er svo fyrir mælt að prófastur löggildi gerðabækur og aðrar bækur sóknarnefndar þar á meðal reikningsskilabækur.

Í 6. mgr. segir að prófastur veiti presti leyfi til fjarvista úr prestakalli um stutta stund, en til lengri leyfa þarf samþykki ráðherra, að fenginni tillögu biskups.

Í 7. mgr. segir að prófastur skipuleggi sumarleyfi og önnur samningsbundin leyfi presta í prófastsdæmi. Er mikilvægt að þeim málum sé skipað með hagkvæmum hætti.

Að lokum er svo prófasti ætlað í 8. mgr. að ákveða hvernig þjónusta skuli af hendi leyst ef sóknarprestur getur ekki vegna veikinda, fjarvista eða af öðrum ástæðum gegnt embætti. Skal

sú skipan á gerð í samráði við sóknarprest. Ef t.d. er um meiri háttar og langvarandi veikindi að ræða hlýtur mál að koma til kasta biskups og ráðherra. Flest þessara starfa eru í samræmi við gildandi lög og venjur.

Um 30. gr.

Í 1. mgr. segir almennt að prófastur hafi þau afskipti af veitingu prestakalla sem lög kveði á um. Samkvæmt lögum nr. 44/1987 er prófasti ætlað mikið hlutverk við val á sóknarpresti og vísast til þeirra laga í heild sinni um það efni.

Í 2. mgr. er prófasti ætlað að skipuleggja endurmenntun presta sem prófastsdæmið beitir sér fyrir. Mundi slík endurmenntun væntanlega fara fram í samvinnu við starfsstöð sem komið yrði á fót. Þetta ákvæði er nýmæli.

Í 3. mgr. segir að prófastur sjái um bókasafn prófastsdæmis er koma skuli á fót. Er þetta nýmæli. Vitaskuld er hér átt við yfirumsjón með bókasafni, en vinna við það kæmi eftir atvikum í hlut annarra manna.

Um 31. gr.

Í þessari grein er vísað til laga varðandi afskipti prófasts af kirkjugörðum og heimagrafreitum. Eru nú fyrirmæli um það efni í lögum um kirkjugarða, nr. 21/1963. Er prófasti þar ætluð margs konar verkefni og vísast til laganna í heild sinni um það efni.

Um 32. gr.

Hér er kveðið á um að í hverju prófastsdæmi verði prófasti lögð til starfsaðstaða með samþykki ráðherra og að fenginni tillögu biskups eða árlegt fjárframlag vegna skrifstofuhalds. Hagar hér mismunandi til eftir aðstæðum.

Um 33. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um geiðslur til prófasta vegna ferðalaga.

Um 34. gr.

Biskup hefir boðað prófasta til fundar einu sinni á ári á sl. árum. Hafa fundirnir gegnt mikilvægu hlutverki. Hér er lagt til að lagagrundvöllur verði fenginn fyrir fundum þessum.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla frumvarpsins er fjallað um biskup og embætti hans.

Frumvarp til laga um fjölgun biskupa og um biskupsdæmi hafa verið flutt þrívegis á Alþingi, árin 1941, 1945 og 1976. Jafnframt hefur kirkjuþing alloft samþykkt frumvörp sem fela í sér fjölgun biskupa, þ.e. árin 1958, 1964, 1966 og síðast árin 1982 og 1984. Á prestastefnu og hjá Prestafélagi Íslands hafa slíkar hugmyndir einnig oft komið fram. Sama er og um kirkjuráð. Langoftast hafa hugmyndir manna hnigið að því að biskupsdæmi yrðu þrjú og biskupar þrír með fullu biskupsvaldi.

Hér er lagt til að landið verði áfram eitt biskupsdæmi. Jafnframt eru embætti vígslubiskupa efld verulega. Með þessari tilhögun er ekki girt fyrir að síðar geti sú breyting orðið að landinu verði skipt í þrjú biskupsdæmi ef reynslan sýnir að það sé nauðsynlegt. Með því að efla embætti vígslubiskupa er komið að verulegu leyti til móts við sjónarmið þeirra manna sem telja þörf á að styrkja biskupsembættið í landinu. Jafnframt er með þessum tillögum komið til móts við sjónarmið þeirra sem telja að það að skipta landinu í þrjú biskupsdæmi geti skapað vissa óeiningu innan kirkjunnar. Einnig má benda á að þessi tilhögun hefur lítinn aukakostnað í för með sér.

Um 35. gr.

Ákvæði greinarinnar er í samræmi við gildandi reglur.

Um 36. gr.

Ákvæði 1. til 3. mgr. eru í samræmi við gildandi reglur og lagaframkvæmd.

Ákvæði 4. mgr. um að biskup hafi samráð við vígslubiskupa um ákvörðun meiri háttar málefna, er kirkjuna varðar, er eðlileg vísun til þeirra breytinga er verða á embættum vígslubiskupa, sbr. VII. kafla frumvarpsins.

Um 37. gr.

Ákvæði greinarinnar er í samræmi við lagaframkvæmd.

Um 38. gr.

Í gildandi lögum eru ákvæði um æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar, sbr. 7. gr. laga nr. 35 1970. Um aðra starfsmenn biskups eru ekki ákvæði í lögum.

Fræðslu- og félagsstarf þjóðkirkjunnar hefur eflst á síðari árum. Með hliðsjón af þessu hefur skipulag á biskupsstofu verið endurskoðað. Ráðinn hefur verið fræðslustjóri sem jafnframt er deildarstjóri fræðsludeildar. Undir þá deild heyra m.a. æskulýðsmál er áður voru í höndum æskulýðsfulltrúa.

Rétt þykir að hafa almennt ákvæði um starfsmenn, en ekki tilgreina starfsheiti einstakra starfsmanna. Því er ekki tekið upp í frumvarpið heitið æskulýðsfulltrúi.

Í greininni er enn fremur kveðið á um að biskup ráði aðra starfsmenn þjóðkirkjunnar en þá sem starfa á biskupsstofu, ef lög kveða ekki á um annað. Þannig ræður biskup forstöðumann fyrir starfi kirkjunnar að Löngumýri í Skagafirði. Að sjálfsögðu er ávallt áskilið að samþykki ráðherra liggi fyrir.

Um 39. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um prestastefnu.

Biskup boðar til prestastefnu íslensku þjóðkirkjunnar og er forseti hennar eins og verið hefir. Á prestastefnu hafa atkvæðisrétt allir starfandi þjóðkirkjuprestar og þá einnig vígslubiskupar, svo og fastir kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands, þeir er guðfræðimenntun hafa. Er hér átt við prófessora og dósenta og lektora í föstu starfi, ef því væri að skipta. Aðrir prestar, þar á meðal fríkirkjuprestar, svo og aðrir guðfræðingar, þar á meðal prestar er látið hafa af embætti, eiga rétt á fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti.

Ekki eru ákvæði í frumvarpinu um verkefni prestastefnu og fá lagaákvæði tengjast henni, sbr. þó um bókanefnd prestakalla 4. gr. laga nr. 17/1931. Þykir ekki þörf á að setja ákvæði í frumvarpið um þetta efni.

Um 40. gr.

Ákvæðið fjallar um leikmannastefnu og er nýmæli.

Biskup boðar til hennar. Leikmannastefna á að fjalla um ýmis sameiginleg málefni þjóðkirkjunnar og safnaða, einkum þau er varða leikmenn og störf þeirra innan kirkjunnar. Ekki þykir þörf á að lögfesta ákvæði um verkefni leikmannastefnu. Er gert ráð fyrir að biskup setji nánari reglur um leikmannastefnu, þar á meðal um kjör fulltrúa á hana. Leikmenn eru einir kjörgengir og er eðlilegt að telja að guðfræðingar séu það ekki, enda eiga þeir sæti á prestastefnu. Gert er ráð fyrir að leikmannastefna setji sér fundarsköp, þar á meðal um kosningu forseta og varaforseta og annarra starfsmanna, um undirbúning funda, milliþinganefndir o.fl.

Benda má á að hinir svonefndu almennu kirkjufundir tíðkuðust um alllangt árabil og gegndu góðu hlutverki sem vettvangur til almennra umræðna um málefni þjóðkirkjunnar. Eru þeir m.a. fyrirmyndin að ákvæðum frumvarpsins um leikmannastefnu.

Um 41. gr.

Ákvæði greinarinnar lýtur að því hvernig skuli háttað biskupsþjónustu þegar biskup forfallast, lætur af embætti eða fellur frá.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um vígslubiskupa.

Gildandi lög um vígslubiskupa eru frá 1909. Í þeim lögum segir aðeins eftirfarandi um starfssvið þeirra: „Annar vígslubiskupanna vígir biskup landsins, er svo stendur á, að fráfarandi biskup getur eigi gert það. Í forföllum biskups vígja þeir og presta, hvor í sínu umdæmi.“

Samkvæmt gildandi lögum eru embætti vígslubiskupa ekki fullt starf heldur er þeim ætlað að sinna vígslubiskupsstörfum til viðbótar föstu starfi. Með frumvarpinu er lagt til að sú breyting verði gerð að embætti vígslubiskupa verði fullt starf og að þeir hafi að hluta til sóknarprestsskyldur, sbr. 42. gr.

Ekki er gert ráð fyrir að verkefni flytjist frá biskupstofu til vígslubiskupa hvað varðar almenna stjórnsýslu kirkjunnar. Þannig verður starfsmannahald, ráðning og setning presta áfram í höndum biskups. Vígslubiskupum er fyrst og fremst ætlað að vera til aðstoðar biskupi, en undir hans stjórn hvað varðar samskipti við söfnuði og presta landsins, sbr. 45. gr.

Ekki sýnist þörf á að ráða þeim almennt skrifstofufólk.

Um 42. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að aðsetursstaðir vígslubiskupa skuli vera á hinum fornu biskupssetrum, Skálholti og Hólum í Hjaltadal. Heimilt er þó að víkja frá þessu ákvæði skv. 4. mgr., að fenginni tillögu biskups, enda mæli meiri hluti þeirra sem rétt eiga til biskupskjörs í viðkomandi vígslubiskupsumdæmi með því.

Skv. 2. mgr. hefur vígslubiskup í Skálholti með höndum prestsþjónustu í Skálholtsprestakalli. Til þess að hann geti sinnt störfum sínum sem vígslubiskup er áskilið að honum sé ráðinn aðstoðarprestur.

Skv. 3. mgr. hefur vígslubiskup á Hólum með höndum prestsþjónustu í Hólaprestakalli. Jafnframt eru ákvæði um að hann skuli njóta aðstoðarþjónustu nágrannapresta eða farprests í Skagafjarðarprestakalli.

Um 43. gr.

Greinin fjallar um skipun, kjörgengi og kosningu vígslubiskupa.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að forseti Íslands skipi vígslubiskupa og er það í samræmi við gildandi reglur.

Í 2. mgr. er kveðið á um að lög um biskupskosningu gildi um vígslubiskupa, eftir því sem við getur átt, sem vísar til þess að við ákvörðun á kjörgengi og kosningarétti til vígslubiskupskjörs skuli taka tillit til vígslubiskupsumdæmisins. Í greininni er enn fremur mælt fyrir um að ráðherra skuli í reglugerð setja nánari reglur um þetta efni.

Ákvæði laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eiga við um vígslubiskupa, sbr. 18. gr. frumvarpsins, þar á meðal ákvæði þeirra laga um aldurshámark embættismanna.

Um 44. gr.

Í greininni er gerð grein fyrir umdæmum vígslubiskupsembættanna og er lagt til að ekki verði gerð breyting á þeim.

Um 45. gr.

Í greininni er gerð grein fyrir helstu verkefnum vígslubiskupa annars vegar í umdæmi sínu, sbr. 1. mgr., og hins vegar hlutverki þeirra að vera biskupi til aðstoðar varðandi málefni þjóðkirkjunnar í heild, sbr. 2. mgr.

Um 46. gr.

Í greininni er það lögfest að vígslubiskupar skuli eiga sæti á árlegum fundi sem biskup boðar til með próföstum landsins, sbr. 34. gr. frumvarpsins. Enn fremur að þeir skuli sitja fundi kirkjuráðs þegar þeir eru boðaðir af ráðinu og fjallað er um málefni embætta þeirra og umdæma. Síðasti hluti greinarinnar er efnislega samhljóða 2. gr. laga um kirkjuþing og kirkjuráð, þar sem fram kemur að vígslubiskupar eigi rétt til fundarsetu á kirkjuþingi og hafi þar málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt, nema þeir séu jafnframt kjörnir þingfulltrúar.

Um VIII. kafla.

Í þessum kafla er m.a. að finna reglur um það hvernig framkvæma eigi þær breytingar, sem frumvarpið mun hafa í för með sér, verði það að lögum. Hér er einnig að finna almenna reglugerðarheimild, ákvæði um sameiningu sókna, gildistökuákvæði, ákvæði um brottfallin lög o.fl.

Um 47. gr.

Efni greinarinnar þarfnast ekki skýringa.

Um 48. gr.

Nokkur prestaköll eru lögð niður samkvæmt frumvarpinu. Í ákvæðinu er kveðið á um það að presti í prestakalli sem lagt er niður skuli gefinn kostur á öðru embætti í viðkomandi prófastsdæmi eða öðru og er honum í ákvæðinu tryggður réttur til sambærilegra launakjara.

Um 49. gr.

Í frumvarpinu eru nokkrar tilfærslur á sóknum milli prestakalla. Samkvæmt greininni er prestum skylt að hlíta slíkum breytingum hvort sem er fækkun sókna eða fjölgun án sérstakra viðbótarlauna.

Um 50. gr.

Í ákvæðinu eru felld úr gildi ýmis gömul og úrelt lagaboð um presta, svo sem ákvæði um legorð presta. Einnig ákvæði um vígslubiskupa og prófasta og um aldur presta þar sem í frumvarpinu er að finna ákvæði sem leysa þau af hólmi.

Lagt er til að 1.–4., 6.–10. og 14.–17. gr. laga nr. 35/1970, um skipun prestakalla og prófastsdæma, falli niður þar sem þessi ákvæði samræmast ekki ákvæðum frumvarpsins. Jafnframt er lagt til að heiti laga nr. 35/1970 breytist til samræmis við innihald þeirra ef frumvarpið verður að lögum. Með lögum nr. 25/1985 voru ákvæði 11.–13. gr. laga nr. 35/1970 felld úr gildi. Eftir standa því af þeim lögum 5. gr. og II. kafli þeirra sem fjallar um Kristnisjóð.

Með lögunum eru þrjár sóknir sameinaðar öðrum. Hér er um tvær mannlausar sóknir að ræða, Múlasókn í Barðastrandarprófastsdæmi og Flateyjarsókn í Þingeyjarprófastsdæmi og Staðarsókn í Grunnavík í Ísafjarðarprófastsdæmi, með einn íbúa.

Í ákvæðum til bráðabirgða eru reglur er lúta að framkvæmd þeirra breytinga sem frumvarpið hefur í för með sér. Í lokalið þeirra er tilskilið að verði frumvarpið að lögum skuli þau koma til endurskoðunar eigi síðar en 1998. Verður þá væntanlega komin reynsla af þeirri skipan sem lagt er til að verði, einkum á kafla frumvarpsins um biskupsembætti.

Fylgiskjal.

Yfirlit yfir mannfjölda í prófastsdæmum, prestaköllum og sóknum 1. desember 1989.

Aftan við sóknir er tilgreind tala í sviga, sem er fjarlægð í km. frá prestssetri að kirkjustað.
Tölur eru fengnar frá Hagstofu Íslands. Samkvæmt upplýsingum Hagstofu voru 92.9% af mannfjöldanum í þjóðkirkjunni.

	Sóknir	Prestaköll	Prófastsdæmi
I. Múlaprófastsdæmi			5049
1. Skeggjastaðaprestakall	134		
Skeggjastaðasókn	134		
2. Hofsprestakall		927	
Vopnafjarðarsókn (15)	701		
Hofssókn	226		
3. Valþjófsstaðarprestakall		643	
Valþjólfsstaðarsókn	118		
Ássókn (32)	358		
Hofteigssókn (83)	89		
Eiríksstaðasókn (123)	70		
Möðrudalssókn (138)	8		
4. Eiðaprestakall		445	
Eiðasókn	159		
Hjaltastaðasókn (20)	87		
Kirkjubæjarsókn (33)	98		
Sleðbrjótssókn (55)	101		
5. Vallanesprestakall		1665	
Vallanessókn (17)	170		
Þingmúlasókn (31)	109		
Egilsstaðasókn	1386		
6. Desjarmýraprestakall		213	
Borgarfjarðarsókn	213		
7. Seyðisfjarðarprestakall		1022	
Seyðisfjarðarsókn	1022		
II. Austfjarðaprófastsdæmi			5830
8. Norðfjarðarprestakall		1864	
Norðfjarðarsókn	1833		
Brekkusókn (97)	31		

	Sóknir	Prestaköll	Prófastsdæmi
9. Eskifjarðarprestakall		1814	
Eskifjarðarsókn	1095		
Reyðarfjarðarsókn (14)	719		
10. Kolfreyjustaðarprestakall		843	
Kolfreyjustaðarsókn	66		
Fáskrúðsfjarðarsókn (10)	777		
11. Heydalaprestakall		701	
Heydalasókn	358		
Stöðvarfjarðarsókn (25)	343		
12. Djúpavogsprestakall		608	
Djúpavogssókn	448		
Berunessókn (42)	39		
Berufjarðarsókn (24)	43		
Hofssókn (35)	78		
III. Skaftafellsprófastsdæmi			3583
13. Bjarnanessprestakall		1993	
Bjarnanessókn	298		
Stafafellssókn (35)	56		
Hafnarsókn (9)	1639		
14. Kálfafellsstaðarprestakall		328	
Kálfafellsstaðarsókn	118		
Brunnhólssókn (28)	93		
Hofssókn (61)	117		
15. Klausturspresta kall		447	
Prestsbakkasókn	388		
Kálfafellssókn (27)	59		
16. Ásaprestakall		201	
Grafarsókn (10)	86		
Þykkvabæjarsókn (30)	39		
Langholtssókn (25)	76		
17. Víkurprestakall		614	
Víkursókn	360		
Reynissókn (9)	94		
Skeiðflatarsókn (12)	160		

	Sóknir	Prestaköll	Prófastsdæmi
IV. Rangárvallaprófastsdæmi			3264
18. Holtsprestakall		403	
Eyvindarhólasókn (14)	194		
Ásólfsskálasókn (4)	118		
Stóradalssókn (17)	91		
19. Bergþórshvolsprestakall		345	
Akureyjarsókn (7)	132		
Krosssókn (11)	213		
20. Breiðabólsstaðarprestakall		293	
Breiðabólsstaðarsókn	161		
Hlíðarendasókn (10)	132		
21. Oddaprestakall		1447	
Oddasókn	717		
Stórólfshvolssókn (13)	652		
Keldnasókn (20)	78		
22. Kirkjuhvolsprestakall		514	
Kálfholtssókn (33)	142		
Hábæjarsókn	223		
Árbæjarsókn (20)	149		
23. Fellsmúlaprestakall		262	
Skarðssókn (2)	119		
Hagasókn (26)	60		
Marteinstungusókn (19)	83		
V. Árnesprófastsdæmi			10833
24. Hrunaprestakall		594	
Hrunasókn	449		
Hrepphólasókn	145		
25. Stóranúpsprestakall		560	
Stóranúpssókn (6)	312		
Ólafsvallasókn (22)	248		
26. Skálholtsprestakall		512	
Skálholtssókn	159		
Bræðratungusókn (28)	32		
Haukadalssókn (33)	76		
Torfastaðasókn (8)	245		

	Sóknir	Prestaköll	Prófastsdæmi
27. Mosfellsprestakall		541	
Mosfellssókn	113		
Stóruborgarsókn (10)	73		
Búrfellssókn (21)	74		
Miðdalssókn (25)	234		
Úlfljótssókn (31)	47		
28. Selfossprestakall		4302	
Selfosssókn	3848		
Hraungerðissókn (9)	161		
Laugardælasókn (3)	129		
Villingaholtssókn (18)	164		
29. Eyrarbakkaprestakall		1223	
Eyrarbakkasókn	540		
Stokkseyrarsókn (7)	560		
Gaulverjarbæjarsókn (17)	123		
30. Hveragerðisprestakall		3102	
Hveragerðissókn	1586		
Kotstrandarsókn (4)	235		
Hjallasókn (9)	1271		
Strandarsókn (35)	10		
31. Þingvallaprestakall		49	
Þingvallasókn	49		
VI. Kjalarnessprófastsdæmi			47051
32. Grindavíkurprestakall		2273	
Grindavíkursókn	2143		
Kirkjuvogssókn (26)	130		
33. Útskálaprestakall		2325	
Útskálasókn	1074		
Hvalsnessókn (11)	1251		
34. Keflavíkurprestakall		7436	
Keflavíkursókn	7436		
35. Njarðvíkurprestakall		2398	
Ytri-Njarðvíkursókn	1941		
Innri-Njarðvíkursókn (4)	457		
36. Hafnarfjarðarprestakall		8905	
Hafnarfjarðarsókn	8905		

	Sóknir	Prestaköll	Prófastsdæmi
37. Víðistaðaprestakall		5641	
Víðistaðasókn	5641		
38. Garðaprestakall		8485	
Garðasókn	6882		
Bessastaðasókn (5)	950		
Kálfatjarnarsókn (21)	653		
39. Mosfellsprestakall		4252	
Lágafellssókn	4252		
40. Reynivallaprestakall		536	
Reynivallasókn	130		
Saurbæjarsókn (20)	80		
Brautarholtssókn (26)	326		
41. Vestmannaeyjaprestakall		4800	
Ofanleitissókn	4800		
VII. Borgarfjarðarprófastsdæmi			9178
42. Saurbæjarprestakall		538	
Saurbæjarsókn	156		
Leirársókn (17)	210		
Innrahólmssókn (25)	172		
43. Garðaprestakall		5380	
Akranessókn	5380		
44. Hvanneyrarprestakall		427	
Hvanneyrarsókn	225		
Bæjarsókn (18)	86		
Lundarsókn	102		
Fitjasókn	14		
45. Reykholtsprestakall		468	
Reykholtssókn	318		
Stóraássókn (15)	48		
Gilsbakkasókn (20)	50		
Síðumúlasókn (11)	52		
46. Stafholtsprestakall		414	
Stafholtssókn	170		
Hjarðarholtssókn (9)	65		
Hvammssókn (31)	118		
Norðtungusókn (20)	61		

	Sóknir	Prestaköll	Prófastsdæmi
47. Borgarprestakall		1951	
Borgarsókn	106		
Borgarnessókn (3)	1687		
Álftanessókn (23)	66		
Álftártungusókn (17)	47		
Akrasókn (35)	45		
VIII. Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi			5478
48. Söðulsholtsprestakall	363		
Rauðamelssókn (7)	70		
Kolbeinsstaðasókn (11)	128		
Staðarhraunssókn (36)	46		
Fáskrúðarbakkasókn (12)	119		
49. Staðastaðarprestakall		165	
Staðastaðarsókn	80		
Búðasókn (25)	50		
Hellnasókn (43)	35		
50. Ólafsvíkurprestakall		1802	
Ólafsvíkursókn	1186		
Ingjaldshólssókn (8)	591		
Brimilsvallasókn (8)	25		
51. Setbergsprestakall		823	
Setbergssókn	823		
52. Stykkishólmsprestakall		1367	
Stykkishólmssókn	1227		
Helgafellssókn (6)	72		
Bjarnarhafnarsókn (22)	8		
Narfeyrarsókn (28)	22		
Breiðabólsstaðarsókn (40)	38		
53. Hjarðarholtsprestakall		617	
Kvennabrekkusókn (12)	105		
Stóra-Vatnshornssókn (16)	54		
Snóksdalssókn (15)	55		
Hjarðarholtssókn (4)	403		
54. Hvammsprestakall		341	
Hvammssókn (24)	101		
Staðarhólssókn (3)	104		
Skarðssókn (29)	54		
Dagverðarnessókn (49)	17		
Staðarfellssókn (47)	65		

	Sóknir	Prestaköll	Prófastsdæmi
IX. Barðastrandarprófastsdæmi			2291
55. Reykhólaprestakall		358	
Reykhólasókn	206		
Garpsdalssókn (36)	88		
Gufudalssókn (51)	39		
Flateyjarsókn	25		
Múlasókn (115)	0		
56. Sauðlauksdalsprestakall		253	
Sauðlauksdalssókn	55		
Saurbæjarsókn (20)	17		
Brjánslækjarsókn (58)	75		
Hagasókn (40)	90		
Breiðavíkursókn (26)	16		
57. Patreksfjarðarprestakall		1299	
Patreksfjarðarsókn	931		
Stóra-Laugardalssókn (23)	368		
58. Bíldudalsprestakall		381	
Bíldudalssókn	363		
Selárdalssókn (26)	18		
X. Ísafjarðarprófastsdæmi			6507
59. Þingeyrarprestakall		582	
Þingeyrarsókn	465		
Mýrasókn (34)	46		
Núpssókn (39)	13		
Sæbólssókn (61)	27		
Hrafnseyrarsókn	31		
60. Holtsprestakall		467	
Holtssókn	60		
Flateyrarsókn (9)	393		
Kirkjubólssókn (7)	14		
61. Staðarprestakall		394	
Staðarsókn	394		
62. Bolungarvíkurprestakall		1219	
Hólssókn	1218		
Staðarsókn í Grunnavík	1		

	Sóknir	Prestaköll	Prófastsdæmi
63. Ísafjarðarprestakall		3686	
Ísafjarðarsókn	3033		
Hnífsdalssókn (4)	422		
Eyrarsókn (46)	231		
64. Vatnsfjarðarprestakall		159	
Vatnsfjarðarsókn	46		
Nauteyrarsókn (61)	35		
Melgraseyrarsókn	26		
Unaðsdalssókn (96)	14		
Ögursókn (56)	38		
XI. Húnavatnsprófastsdæmi			5088
65. Árnessprestakall		117	
Árnessókn	117		
66. Hólmavíkurprestakall		747	
Hólmavíkursókn	434		
Kaldrananessókn (37)	44		
Drangsnessókn (37)	122		
Staðarsókn (14)	26		
Kollafjarðarnessókn (23)	121		
67. Prestbakkaprestakall		293	
Prestbakkasókn	117		
Staðarsókn (31)	127		
Óspakseyrarsókn (34)	49		
68. Melstaðarprestakall		1041	
Melstaðarsókn	171		
Hvammstangasókn (12)	728		
Staðarbakkasókn (5)	96		
Efranúpssókn (23)	46		
69. Breiðabólsstaðarprestakall		317	
Tjarnarsókn	37		
Vesturhópshólasókn (24)	60		
Breiðabólsstaðarsókn (36)	37		
Víðidalstungusókn (52)	183		
70. Þingeyrarklausturprestakall		1413	
Þingeyrarsókn (25)	157		
Undirfellssókn (33)	104		
Blönduóssókn	1152		

	Sóknir	Prestaköll	Prófastsdæmi
71. Bólstaðarhlíðarprestakall		310	
Bólstaðarhlíðarsókn	58		
Bergsstaðasókn (10)	65		
Auðkúlusókn (18)	61		
Svínavatnssókn (14)	71		
Holtastaðasókn (17)	55		
72. Höfðakaupstaðarprestakall		850	
Höskuldsstaðasókn (12)	85		
Höfðasókn	703		
Hofssókn (10)	62		
XII. Skagafjarðarprófastsdæmi			4600
73. Sauðárkróksprestakall		2674	
Sauðárkrókssókn	2613		
Hvammssókn (22)	41		
Ketusókn (47)	20		
74. Glaumbæjarprestakall		437	
Glaumbæjarsókn	109		
Víðimýrarsókn (10)	233		
Reynistaðasókn (6)	95		
75. Mælifellsprestakall		283	
Mælifellssókn	60		
Reykjasókn	126		
Goðdalasókn	96		
Ábæjarsókn	1		
76. Miklabæjarprestakall		313	
Miklabæjarsókn	102		
Silfrastaðasókn (10)	41		
Flugumýrarsókn (9)	95		
Hofsstaðasókn (25)	75		
77. Hólaprestakall		350	
Hólasókn	145		
Viðvíkursókn (10)	110		
Rípursókn (31)	95		
78. Hofsóssprestakall		543	
Hofsóssókn	236		
Hofssókn (2)	83		
Fellasókn (16)	45		
Barðasókn (32)	179		

	Sóknir	Prestaköll	Prófastsdæmi
XIII. Eyjafjarðarprófastsdæmi			21 212
79. Siglufjarðarprestakall		1808	
Siglufjarðarsókn	1808		
80. Ólafsfjarðarprestakall		1191	
Ólafsfjarðarsókn	1191		
81. Dalvíkurprestakall		1736	
Vallasókn (6)	91		
Tjarnarsókn (5)	91		
Urðarsókn (15)	108		
Upsasókn (1)	1446		
82. Hríseyjarprestakall		635	
Hríseyjarsókn	277		
Stærra-Árskógssókn	358		
83. Möðruvallaprestakall		657	
Möðruvallasókn	327		
Glæsibæjarsókn (10)	177		
Bakkasókn (25)	60		
Bægisársókn (16)	93		
84. Akureyrarprestakall		8856	
Akureyrarsókn	8856		
85. Glerárprestakall		5358	
Lögmannshlíðarsókn	5243		
Miðgarðasókn	115		
86. Laugalandsprestakall		971	
Munkaþverársókn (4)	255		
Kaupangssókn (8)	151		
Grundarsókn (9)	316		
Möðruvallasókn (15)	74		
Saurbæjarsókn (19)	108		
Hólasókn (28)	67		
XIV. Þingeyjarprófastsdæmi			6708
87. Laufássprestakall		737	
Laufássókn	79		
Svalbarðssókn (17)	309		
Grenivíkursókn (12)	349		

	Sóknir	Prestaköll	Prófastsdæmi
88. Hálsprestakall		227	
Hálssókn	127		
Illugastaðasókn (18)	34		
Draflastaðasókn (10)	66		
89. Staðarfellsprestakall		371	
Ljósavatnssókn	111		
Þóroddsstaðasókn (15)	136		
Lundarbrekkusókn (36)	124		
90. Skútustaðaprestakall		560	
Skútustaðasókn	192		
Reykjahlíðarsókn (15)	356		
Víðirhólssókn (67)	12		
91. Grenjaðarstaðarprestakall		741	
Grenjaðarstaðarsókn	232		
Þverársókn (12)	19		
Einarsstaðasókn (14)	305		
Nessókn (11)	185		
92. Húsavíkurprestakall		2617	
Húsavíkursókn	2617		
Flateyjarsókn	0		
93. Skinnastaðarprestakall		493	
Skinnastaðarsókn	115		
Garðssókn (21)	133		
Snartarstaðasókn (28)	245		
94. Raufarhafnarprestakall		413	
Raufarhafnarsókn	413		
95. Sauðanessprestakall		549	
Sauðanessókn	424		
Svalbarðssókn (35)	125		

Yfirlit yfir mannfjölda í Reykjavíkurprófastsdæmi.
(1. desember 1989.)

	Mannfjöldi
1. Dómkirkjuprestakall	
Dómkirkjusókn 2 prestar	7293
2. Nesprestakall	
Nessókn 2 prestar	10 177
3. Seltjarnarnessprestakall	
Seltjarnarnessókn	4083
4. Hallgrímsprestakall	
Hallgrímssókn 2 prestar	6569
5. Háteigsprestakall	
Háteigssókn 2 prestar	8640
6. Laugarnessprestakall	
Laugarnessókn	4430
7. Ásprestakall	
Ássókn	4028
8. Langholtsprestakall	
Langholtssókn	5394
9. Grensásprestakall	
Grensássókn	6335
10. Bústaðaprestakall	
Bústaðasókn	7273
11. Breiðholtsprestakall	
Breiðholtssókn	4370
12. Seljaprestakall	
Seljasókn	9161
13. Fellaprestakall	
Fellasókn	5740
14. Hólabrekkuprestakall	
Hólasókn	4609
15. Árbæjarprestakall	
Árbæjarsókn	8142
16. Grafarvogsprestakall	
Grafarvogssókn	4566
17. Kársnesprestakall	
Kársnessókn	4412
18. Digranesprestakall	
Digranessókn	6546
19. Hjallaprestakall	
Hjallasókn	4968
Samtals	116 736

Sþ. **679. Svar** [293. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Ásgeirs Hannesar Eiríkssonar um hlut Þróunarfélagsins í Iceland Crown í Hamborg og í dótturfyrirtæki þess í Reykjavík.

Spurt er:

1. *Hvað hefur Þróunarfélagið lagt mikla peninga í Iceland Crown sölufyrirtækið í Hamborg?*
2. *Hvers vegna er Iceland Crown að opna dótturfyrirtæki í Reykjavík?*
3. *Hve mikla peninga hafa Iceland Crown og Þróunarfélagið lagt í það nýja fyrirtæki?*
4. *Geta fyrirtæki einstaklinga og félaga þeirra ekki annast þau viðskipti sem:*
   a. *Iceland Crown hefur í Hamborg,*
   b. *dótturfyrirtæki þess hefur í Reykjavík?*

Forsætisráðuneytið leitaði svara við nefndum spurningum hjá Þróunarfélagi Íslands hf. Í svarbréfi, er barst ráðuneytinu frá félaginu, segir m.a. svo í inngangi:

„Þar sem spurningin fjallar einnig um málefni annars fyrirtækis en Þróunarfélagsins vill félagið nota tækifærið og óska eftir að vakin sé athygli hæstvirtra alþingismanna á því að gera verður greinarmun á fyrirspurnum varðandi Þróunarfélagið sjálft og fyrirspurn um starfsemi sjálfstæðra hlutafélaga sem Þróunarfélagið á hluti í. Það verður að teljast í hæsta máta óeðlilegt að eignaraðild ríkisjóðs að hlutafélaginu Þróunarfélag Íslands og fyrirspurnatímar í hæstvirtu Alþingi séu notaðir til að opinbera einkamál hlutafélaga sem Þróunarfélagið á í flestum tilvikum minni hluta í. Fyrirtæki eiga flest hver í harðri samkeppni og spurning er hvort Þróunarfélagið hefur siðferðilegan eða lagalegan rétt til að verða við slíkum beiðnum. Hafi þingmenn í framtíðinni sérstakan áhuga á einkamálefnum hlutafélaga sem Þróunarfélagið hefur fjárfest í óskum við eindregið eftir að viðkomandi þingmenn hafi samband við Þróunarfélagið eða viðkomandi félag og fái þær upplýsingar, sem fyrirtækið kann að vilja gefa, afhentar í trúnaði. Með því móti er komist hjá að einkahagir séu á torg bornir."

Umbeðin svör eru svohljóðandi í réttri töluröð fyrirspurna:

1. Þróunarfélagið lagði fram 3.772.953 kr. og á 41% hlut í félaginu.
2. Iceland Crown hefur ekki opnað dótturfyrirtæki hvorki í Reykjavík né annars staðar í heiminum. Engin slík áform eru uppi eða hafa verið rædd. Fyrirspurnin byggist því á einhverjum misskilningi.
3. Enga peninga, sbr. svar við spurningu 2.
4. Iceland Crown er fyrirtæki í eigu einstaklinga og félaga. Fyrirtækið er alþjóðlegt verslunarhús sem leggur áherslu á innflutning á íslenskri matvöru sem og annarri vöru inn á markaðssvæði Efnahagsbandalagsins. Velta fyrirtækisins á sl. ári (fyrsta starfsári félagsins) var um 600 milljónir íslenskra króna. Hvort önnur fyrirtæki geta annast þessi viðskipti er því til að svara að verkin verða að tala, enda öllum frjálst að reyna. Sá hluti fjórðu spurningar, er snýr að meintu dótturfyrirtæki í Reykjavík, á ekki við rök að styðjast, sbr. það sem að framan segir. Þess má geta að flestir viðskiptavina Iceland Crown hér á landi snúa sér beint til fyrirtækisins í Hamborg varðandi sölu á vörum, enda fyrirtækið tilbúið að kanna sölumöguleika fyrir þá framleiðendur íslenskrar matvöru sem geta boðið góða söluvöru á samkeppnisfæru verði.

Sþ. **680. Svar** [306. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Friðriks Sophussonar um aðkeypta sérfræðiþjónustu á vegum ríkisstjórnarinnar.

1. *Hve hárri fjárhæð var varið til aðkeyptrar sérfræðiþjónustu á árinu 1989 af fjárlagalið ríkisstjórnarinnar og/eða forsætisráðuneytinu?*

Samkvæmt bókhaldi ráðuneytisins fyrir árið 1989, yfirliti dags. 12. febrúar 1990, voru eftirtaldar fjárhæðir, sem flokkast undir þennan lið, greiddar annars vegar fyrir ríkisstjórn og hins vegar fyrir aðalskrifstofu forsætisráðuneytisins.

a. Ríkisstjórn, 2.665.114 kr.
b. Forsætisráðuneyti, 1.576.134 kr.
Samtals námu þessar greiðslur því 4.241.248 krónum.

2. *Hvaða aðilum var greitt á árinu 1989 fyrir sérfræðiþjónustu, sbr. 1. tölul.?*

a. Af ríkisstjórnarlið voru eftirtaldar greiðslur:

1. Lögmenn Suðurlandsbraut 4, greinargerð um lögmæti þess að breyta grundvelli lánskjaravísitölu, 32.256 kr.
2. Trausti Valsson arkitekt, greinargerð fyrir markaðs- og sölunefnd Íslands, 56.000 kr.
3. Þorsteinn Gunnarsson arkitekt, undirbúningsvinna vegna endurreisnar Bessastaða, 69.102 kr.
4. Teiknistofan Óðinstorgi, undirbúningsvinna vegna endurreisnar Bessastaða, 168.622 kr.
5. Húsameistari ríkisins, vegna komu páfa, 522.127 kr.
6. Húsameistari ríkisins, vegna komu páfa, 78.932 kr.
7. Húsameistari ríkisins, vegna komu páfa, 416.181 kr.
8. Hjalti Zóphóníasson, vegna fjármagnsskattanefndar, þýðing á ýmsu úr danskri löggjöf, 15.916 kr.
9. Hjalti Zóphóníasson, vegna sama, 37.138 kr.
10. Trausti Þorlákssson, sérfræðiaðstoð vegna Samtaka jafnréttis og félagshyggju, 90.576 kr.
11. Trausti Þorlákssson, vegna sama, 90.576 kr.
12. Hjalti Zóphóníasson, vegna stjórnsýslunefndar, þýðing danskrar stjórnsýslulöggjafar, 82.830 kr.
13. Þorkell Helgason prófessor, sérfræðivinna fyrir stjórnarskrárnefnd, 37.471 kr.
14. Hjalti Zóphóníasson, vegna stjórnsýslunefndar, þýðing danskar stjórnsýslulöggjafar, 28.654 kr.
15. Björk Ingimundardóttir, úrvinnsla gamalla skjala vegna endurreisnar Bessastaða, 13.500 kr.
16. Trausti Valsson arkitekt, vegna markaðs- og kynningarnefndar, 56.000 kr.
17. KOM, Kynning og markaður, fjölmiðlaráðgjöf og samskipti vegna komu páfa, 56.181 kr.
18. ÓSA, auglýsingastofa, þýðing og útgáfa greinargerðar vegna markaðs- og kynningarmála, 90.667 kr.
19. Háskóli Íslands, Félagsvísindastofnun, samanburðarkönnun á lífskjörum, 280.000 kr.
20. Háskóli Íslands, Félagsvísindastofnun, samanburðarkönnun á lífskjörum, 442.385 kr.

b. Af lið aðalskrifstofu forsætisráðuneytis voru eftirtaldar greiðslur:

1. Markús Sigurbjörnsson prófessor, lögfræðileg álitsgerð um ábyrgð stjórnarmanna í Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina, 7.840 kr.
2. Lögmenn Suðurlandsbraut 4, lögfræðileg álitsgerð um mál Hagvirkis hf., 28.672 kr.

3. Lögfræðistofan Höfðabakka, álitsgerð um breytingu á grundvelli lánskjaravísitölu, 83.160 kr.
4. Lögmenn Suðurlandsbraut 4, lögfræðileg álitsgerð um lánskjaravísitölu, 53.312 kr.
5. Magni Guðmundsson hagfræðingur, útlagður kostnaður vegna álitsgerðar og hagkannana, 43.000 kr.
6. Tryggvi Gunnarsson lögfræðingur, sérfræðivinna vegna nefndar um eignarrétt á almenningum og afréttum, 75.000 kr.
7. Ágúst Þ. Jónsson verkfræðingur, sérfræðivinna vegna nefndar um blýlaust bensín, 281.534 kr.
8. Guðni Kolbeinsson, sérfræðivinna vegna öryggismálanefndar, 27.875 kr.
9. Jónína M. Guðnadóttir, ensk þýðing fyrir kynningar- og markaðsnefnd, 88.420 kr.
10. Hjalti Zóphóníasson, dönsk þýðing, 12.379 kr.
11. Árni Böðvarsson, sérfræðivinna vegna öryggismálanefndar, 20.125 kr.
12. Magni Guðmundsson, hagfræðileg álitsgerð, 22.785 kr.
13. Árni Gunnarsson, sænsk þýðing, 3.920 kr.
14. Magnús Torfi Ólafsson, dönsk þýðing, 14.300 kr.
15. Gunnar Helgi Kristinsson lektor, sérfræðivinna vegna öryggismálanefndar, 119.660 kr.
16. Anna H. Yates, ensk þýðing, 8.000 kr.
17. Jóhann Þorvarðarson, ritgerð um spálíkön fyrir gjaldþrot, 20.000 kr.
18. Sverrir Konráðsson, sérfræðivinna fyrir öryggismálanefnd, 67.200 kr.
19. Páll H. Jónsson, ensk þýðing vegna ráðstefnu Financial Times, 34.255 kr.
20. Solveig Lára Guðmundsdóttir, prestsþjónusta í Dómkirkjunni við setningu Alþingis, 18.360 kr.
21. Sverrir Konráðsson, sérfræðivinna fyrir öryggismálanefnd, 67.200 kr.
22. Gauti Kristmannsson, sérfræðivinna fyrir öryggismálanefnd, 67.200 kr.
23. Anna H. Yates, ensk þýðing stefnuræðu, 20.000 kr.
24. Karl Axelsson, sérfræðivinna fyrir nefnd um eignarrétt á almenningum og afréttum, 65.522 kr.
25. Stefán Ólafsson, sérfræðivinna fyrir nefnd um eignarrétt á almenningum og afréttum, 65.522 kr.
26. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, vegna öryggismálanefndar, 112.000 kr.
27. Elín Konráðsdóttir, dönsk þýðing, 10.052 kr.
28. Þorsteinn Magnússon, sérfræðivinna fyrir öryggismálanefnd, 48.265 kr.
29. Trausti Þorláksson, sérfræðivinna fyrir Samtök jafnréttis og félagshyggju, 90.576 kr.

3. Hversu mörg sérfræðiálit eða greinargerðir var greitt fyrir, sbr. 1. tölul.? Upplýst sé enn fremur hvaða viðfangsefni var fjallað um í álitunum og greinargerðunum.

Vísað er til svars við 2. tölul.

4. Hvert er álit forsætisráðherra á mikilvægi einstakra álitsgerða?

Svo sem sjá má af framantöldu er ýmislegt fært til gjalda sem aðkeypt sérfræðiþjónusta þótt þjónustan sé hvorki í formi álitsgerða né greinargerða. Má þar t.d. nefna allar þýðingar, ýmsa sérfræðiráðgjöf og vinnu embættis húsameistara ríkisins, sérstakar kannanir Félagsvísindastofnunar Háskólans fyrir nefndir forsætisráðuneytisins o.fl.

Almennt er vart á færi forsætisráðherra að leggja mat á mikilvægi einstakra álitsgerða, enda eru þær flestar unnar fyrir nefndir sem starfa sjálfstætt eins og sjá má af framangreindu.

Þó má nefna að lögfræðilegar álitsgerðir hafa verið sérstaklega unnar vegna mála sem upp hafa komið annaðhvort í ráðuneytinu eða á vettvangi ríkisstjórnar. Hefur verið við þær

stuðst í afgreiðslu mála, t.d. álitsgerðir Markúsar Sigurbjörnssonar prófessors, Lögmanna Suðurlandsbraut 4 og Lögfræðistofunnar Höfðabakka. Álitsgerð Magna Guðmundssonar um vexti og verðbætur hefur sýnt nokkuð annað sjónarhorn en oftast er í álitsgerðum opinberra stofnana og tel ég æskilegt að hafa það sjónarhorn með í efnahagslegum umræðum og ákvörðunum. Þegar ríkisstjórn var mynduð með aðild Samtaka jafnréttis og félagshyggju 28. september 1988 lá fyrir að þingmaður samtakanna treysti sér ekki til þess að bera ábyrgð á störfum ríkisstjórnarinnar án þess að fá nokkra sérfræðiaðstoð m.a. til þess að kynna sér og yfirfara frumvörp og þingmál ríkisstjórnarinnar. Var Trausti Þorláksson ráðinn til þess starfa. Að mati ríkisstjórnar hefur hann unnið gott starf, a.m.k. hefur ekki staðið á afgreiðslu þeirra mála sem send eru til meðferðar Samtaka jafnréttis og félagshyggju.

Ástæða er til þess að geta þess í tengslum við fyrirspurnina að afar örðugt er fyrir forsætisráðuneytið að áætla fyrir fram hvaða útgjöld kunni hverju sinni að verða til þeirra viðfangsefna sem hér er spurt um. Oft er um að ræða nefndarskipanir, kannanir og úttektir sem ríkisstjórn er falið að framkvæma samkvæmt þingsályktunum eða öðrum tilmælum frá Alþingi. Má sem dæmi um þetta nefna nefnd um blýlaust bensín sem skipuð var í mars 1988. Hún skilaði af sér síðari hluta árs 1989 og kom þá til greiðslu sérfræðireikningur verkfræðings að fjárhæð 281.534 kr. Önnur nefnd, sem hér er greint frá kostnaði við, er um sérstaka samanburðarkönnun á launum karla og kvenna. Hún var skipuð í októbermánuði 1987, en greiðslur á aðkeyptri sérfræðiaðstoð vegna hennar á árinu 1989 nema 722.385 kr. Þriðja nefndin, sem nefna má hér, er nefnd um eignarrétt á almenningum og afréttum sem skipuð var 1985 og hefur unnið að rannsóknum og undirbúningi frumvarps um efnið allt frá þeim tíma. Kostnaður vegna hennar á árinu 1989 er 206.044 kr. Kostnaður vegna sérfræðiaðstoðar fyrir öryggismálanefnd nemur 529.525 kr. og sérfræðiaðstoð vegna endurreisnar Bessastaða nam 251.224 kr. Allt er þetta vegna ákvarðana nefnda sem starfað hafa um nokkurt skeið eða voru að störfum þegar núverandi ríkisstjórn tók við. Í mörgum tilvikum er slíkur kostnaður þó greiddur af sérstakri fjárveitingu til hlutaðeigandi viðfangsefnis sem fellur undir aðalskrifstofu forsætisráðuneytis. Má sem dæmi um það nefna öryggismálanefnd.

Ed. 681. Frumvarp til laga [387. mál]

um breytingu á lögum um húsaleigusamninga, nr. 44 1. júní 1979, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Ágústsson.

1. gr.

Á eftir 8. gr. laganna komi ný grein svohljóðandi og greinatala breytist samkvæmt því:

Leigusala atvinnuhúsnæðis er óheimilt að nýta húsnæðið til sams konar starfsemi og þar var stunduð ef telja má víst að leigutaki hafi með starfsemi sinni skapað hinu leigða viðskiptavild og leigusali hafi hafnað ósk leigutaka um framlengingu leigumálans eða gerð nýs leigumála.

Ákvæði 1. mgr. gilda einnig ljúki leigumála með riftun af öðrum ástæðum en þeim sem greinir í 21. gr. Ef telja má að riftun skv. 21. gr. leiði til óeðlilegrar auðgunar leigusalans gilda ákvæði 1. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpinu er lögð til sú breyting á lögum um húsaleigusamninga, nr. 44 frá 1979, að áunnin viðskiptavild leigutaka verði að loknum tímabundnum leigusamningi um atvinnuhúsnæði metin sem lögvarin eign leigutakans. Með frumvarpinu er með öðrum orðum lagt til að eign geti talist annað en lausir og fastir munir.

Á undanförnum árum hefur það aukist að fyrirtæki, sem eru í leiguhúsnæði, séu seld. Kemur þá oft upp vandamál milli seljandans og leigusalans þar sem hinn síðargreindi er í þeirri aðstöðu að neita að samþykkja kaupandann sem leigutaka og þannig koma í veg fyrir að fyrirtæki sé selt. Er þessi réttur sjálfsagður og í samræmi við þau grunnsjónarmið kröfuréttar að eigandi þurfi ekki að hlíta samningum sem aðrir gera um ráðstöfun á eign hans. Það vandamál, sem upp kemur, er það verðmæti sem er fólgið í rekstrinum sem oft og tíðum er meira en verðmæti eignarinnar sem slíkrar. Koma því upp hagsmunaárekstrar milli leigutakans og leigusalans. Húsaleigulögin meta hagsmuni leigutakans einskis.

Með frumvarpi þessu er ekki gengið svo langt að skerða rétt leigusalans til að neita aðilaskiptum á leiguhúsnæði, heldur er verið með frumvarpinu að verja leigutakann gagnvart því óréttlæti við lok leigutímans að leigusali geti hagnýtt sér þá viðskiptavild, sem leigutakinn hefur áunnið sér, með því að neita áframhaldandi leigu.

Þó svo að í húsaleigulögunum sé ákvæði þess efnis að leigutakanum sé tryggður framleiguréttur gildir sá réttur ekki ef leigusalinn sjálfur ætlar að nýta sér húsnæðið til eigin þarfa. Frumvarpinu er m.a. ætlað að koma í veg fyrir að leigusali geti skotið sér á bak við þetta ákvæði sjálfum sér til framdráttar.

Gert er ráð fyrir því að ákvæðið gildi einnig ljúki leigusamningi með riftun ef telja má að leigusali verði fyrir óeðlilegri auðgun vegna riftunarinnar. Er þar einkum átt við að leigusali selji eftir riftun leigusamnings öðrum aðila reksturinn og hagnist með þeim hætti á riftun leigusamnings.

Aðaltilgangur flutningsmanns með frumvarpinu er að tryggja að eign leigutakans verði ekki fyrir borð borin við lok leigusamnings og einnig að koma í veg fyrir þann möguleika að leigusalinn geti hagnast á kostnað leigutakans með því að lýsa yfir ótímabærri riftun eða með neitun á framlengingu tímabundins leigusamnings.

Ed. 682. Frumvarp til laga [388. mál]

um breyting á lögum nr. 43 30. mars 1987, um lögskráningu sjómanna.

Flm.: Guðmundur Ágústsson.

1. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðist svo: Einnig er lögskráningarstjóra skylt að verða við beiðni um lögskráningu á smærri skip.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 7. gr. laganna:

a. Upphaf 1. mgr. orðist svo:

Við fyrstu árlegu lögskráningu í skiprúm skv. 2. tölul. 4. gr. skal, með þeim undantekningum sem gilda um smábáta í öðrum lögum og reglugerðum, sýna lögskráningarstjóra eftirtalin gögn:

b. 2. mgr. orðist svo:

Ef skilyrðum 1. mgr. er fullnægt ritar lögskráningarstjóri vottorð sitt á gögnin. Ef eitthvert gagna skv. 1.–4. og 6. tölul. vantar, sbr. þó þær undantekningar sem gilda um smábáta skv. 1. mgr., skal eigi lögskrá fyrr en úr því er bætt.

3. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum, enda liggi ekki þyngri refsing við þeim samkvæmt öðrum lögum. Verði skipstjóri eða útgerðarmaður með dómi fundinn sekur um ítrekað brot á lögskráningarskyldu sinni samkvæmt lögum þessum má dæma skipstjóra jafnframt til að hafa fyrirgert skírteini sínu um stundarsakir eða svipta viðkomandi skip útgerðar á sama hátt haffærisskírteini.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðari árum hefur fiskibátum, 12 rúmlestir brúttó og minni, fjölgað mjög í skipastól Íslendinga og aflahlutdeild þeirra vaxið að sama skapi. Hins vegar skortir mjög á að þeir fjölmörgu sjómenn, sem róa á þessum bátum, njóti réttinda eða sinni skyldum til jafns við starfsbræður sína á stærri skipum.

Þrátt fyrir stórbættan aðbúnað og öryggisbúnað, sem fylgt hefur framþróun og nýsmíði í þessum flokki fiskibáta, hefur félagsleg réttarstaða þeirra sjómanna, sem á þeim róa, dregist aftur úr, m.a. vegna þess að lögskráningarstjórar hafa ekki talið sér skylt að verða við óskum um lögskráningu þeirra.

Frumvarp þetta er lagt fram til þess að útgerð eða skipstjórar á minni bátum en 12 rúmlestir eignist ótvíræðan rétt til lögskráningar. Þeir sem nýta réttinn til lögskráningar stofna þannig gagnkvæmt aðhald milli útgerðar og sjómanna og gildir þá einu þótt útgerðarmaður og skipstjóri sé einn og sami aðilinn því að skyldur og réttindi, sem lögskráning kemur á, koma honum og hans nánustu engu síður að gagni en öðrum í áhöfn hans.

Ávinningur þess, að lögskráning fáist á þessa báta, felst í auknu eftirliti, m.a. með því að:

a. smábátar fari ekki á sjó öðruvísi en með fullgild haffærisskírteini,
b. betur verði tryggt að allir stjórnendur smábáta verði með tilskilin réttindi,
c. lögskyldar tryggingar liggi fyrir,
d. vitneskja um áhafnir verði ætíð í höndum lögskráningarstjóra ef slys ber að höndum,
e. samningsréttur sjómanna verði betur tryggður,
f. sjómenn njóti mánaðarlega sjómannafrádráttar við staðgreiðslu skatta.

Með frumvarpi þessu er séð til þess að verði breytingar á öðrum lögum, svo sem um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, lögum er kveða á um haffærisskírteini og öðrum þeim lögum er varða réttindi og skyldur í útgerð smábáta, raskist ekki fyrirhugaður réttur til lögskráningar áhafna á smábátum.

Ókostir þessara lögskráninga eru þeir helstir að:

a. óregluleg mannaskipti eru nokkur á smábátum,
b. strangt eftirlit með að útgerð og áhafnir uppfylli réttindi og skyldur kann að leiða til þess að réttmæt lögskráning dragist gegn vilja áhafnarinnar,
c. eftirlitsskyldan vaxi fyrr en varir lögskráningarstjórum yfir höfuð.

Á móti vega þær staðreyndir að lagt er til að þessar lögskráningar séu einungis heimilar en ekki lögskyldar og því er ljóst að töluverður hluti smábátaflotans mun eftirleiðis sem hingað til vera utan lögskráningar, fyrst og fremst bátar þeirra sem sækja sjóinn í frístundum og sér til skemmtunar á góðviðrisdögum.

Loks skal á það bent að í núgildandi lögum eru lagðar nokkrar skyldur á útgerðarmenn eða forsvarsmenn útgerða til að annast lögskráningu, sbr. 2. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 12. gr., og verður svo áfram þrátt fyrir breytingar á lögunum samkvæmt þessu frumvarpi. Í refsiákvæðum laganna er hins vegar ekki gert ráð fyrir ábyrgð þeirra til að sæta sérstakri refsingu séu þeir sannanlega og ítrekað ábyrgir fyrir vanefndum á skráningarskyldu eins og stefnt er gegn skipstjórum í 2. málsl. 17. gr. frumvarpsins.

Að óbreyttum lögum um sérstök refsiákvæði er ljóst að vanefndir útgerðarmanns eða forsvarsmanns útgerðar geta áskapað skipstjóra sakarefni. Til samræmingar er því talið rétt að tilgreina sérstök viðurlög, sem þessir aðilar þurfa að beygja sig undir, umfram almenn refsiákvæði sem til álita koma skv. 1. málsl. 1. mgr. 17. gr. laganna.

Með breytingum á 17. gr. er lagt til að útgerð gjaldi fyrir ítrekaðar vanefndir með sviptingu haffærisskírteinis skips sem jafngildir kyrrsetningu þess um stundarsakir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með ákvæði greinarinnar eru tekin af öll tvímæli um rétt skipstjóra eða útgerðar minni báta en 12 rúmlestir brúttó að fá lögskráningu.

Um 2. gr.

Í 7. gr. gildandi laga eru talin upp í sex töluliðum þau atriði sem uppfylla ber til þess að lögskráning fáist. Í ýmsum lögum og reglum eru nú veittar heimildir til frávika frá þessum skilyrðum að hluta til eða að öllu leyti fyrir smábáta og verður því að taka tillit til þess svo að þau hindri ekki að lögskráning á þá nái fram að ganga.

Með b-lið greinarinnar er áréttað enn frekar að lögskráningarstjóra beri að taka fullt tillit til þeirra frávika sem önnur lög eða reglur veita smábátum gagnvart þeim skilyrðum sem sett eru fyrir lögskráningu.

Um 3. gr.

Þar sem útgerðarmenn eða forsvarsmenn útgerða bera nokkra ábyrgð á lögskráningu skv. 2. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 12. gr. gildandi laga er talið rétt að auka á ábyrgð þeirra með sérstökum refsiákvæðum til jafns við þau er skipstjórum ber að hlíta. Með þessu er leitast við að bægja frá þeirri hættu að vanefndir þeirra á skyldum sínum til lögskráningar geti áskapað skipstjóra sakarefni og refsiábyrgð.

Að öðru leyti vísast um efni greinarinnar til almennra athugasemda um frumvarpið í greinargerð þessari.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa við.

Sþ. 683. Fyrirspurn [389. mál]

til fjármálaráðherra um frest skattstjóra til að úrskurða kærur.

Frá Guðmundi Ágústssyni.

1. Hefur orðið misbrestur á framkvæmd ákvæða 1. mgr. 99. gr. laga nr. 75/1981 um að skattstjórar úrskurði kærur innan tveggja mánaða frá lokum kærufrests?
2. Hafa skattstjórar einhvern viðbótarfrest sem ekki er getið um í lögunum?
3. Hversu margar kærur höfðu ekki verið úrskurðaðar um sl. áramót vegna gjaldársins 1989? Voru einhverjar kærur vegna fyrri gjaldára enn óafgreiddar um sl. áramót?

Sundurliðun óskast eftir skattumdæmum þar sem fjöldi óafgreiddra kæra um sl. áramót er tilgreindur. Jafnframt er óskað eftir því að fram komi sundurliðun eftir gjaldárum og gerð sé grein fyrir því hvort um einstaklinga án rekstrar sé að ræða, einstaklinga með rekstur eða lögaðila.

4. Komi í ljós misbrestur á framkvæmd laganna að þessu leyti, hvað hyggst fjármálaráðherra þá gera til úrbóta?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 684. Fyrirspurn [390. mál]

til fjármálaráðherra um greiðslu vaxta af ofgreiddum sköttum.

Frá Guðmundi Ágústssyni.

1. Hvernig er háttað framkvæmd á greiðslu vaxta af ofgreiddum sköttum, sbr. 2. mgr. 112. gr. laga nr. 75/1981?
2. Er hugsanlegt að gjaldendur, sem ofgreitt hafa skatta, m.a. vegna rangrar álagningar skattstjóra, þurfi að óska sérstaklega eftir því að fá vexti fyrir það tímabil sem féð var í vörslu ríkissjóðs?
3. Er hugsanlegt að þeir gjaldendur, sem ekki átta sig á rétti sínum til vaxta, fái aldrei leiðréttingu þrátt fyrir ótvíræð ákvæði laganna um að endurgreiða *skuli*?
4. Er framkvæmd þessa lagaákvæðis eins hjá öllum innheimtumönnum ríkissjóðs?
5. Hafi orðið misbrestur á framkvæmd laganna að þessu leyti, hefur fjármálaráðherra þá í hyggju að beita sér fyrir leiðréttingu þeim til handa sem ekki hafa fengið greidda vexti svo sem vera ber?

Sþ. 685. Tillaga til þingsályktunar [391. mál]

um undirmálsfisk.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að undirbúa löggjöf sem feli það í sér að útgerðarfyrirtæki séu skylduð til að gera sjómönnum kleift að hirða allan undirmálsfisk sem um borð kemur. Slíkur afli yrði eign sjómanna og ekki inni í hlutaskiptum. Sama eigi við um það sem litið hefur verið á sem fiskúrgang, svo sem lifur.

Greinargerð.

Undanfarið hefur mikið verið rætt um að undirmálsfiski sé í talsverðum mæli hent fyrir borð á íslenskum fiskiskipum. Þessi umræða hefur oft komið upp áður, en hefur nú aukinn þunga vegna minnkandi veiðiheimilda. Niðurstöður nýbirtrar könnunar sem SKÁÍS vann fyrir Kristin Pétursson alþingismann gefa vísbendingu um að hér geti verið um verulega sóun verðmæta að ræða. Reynt hefur verið að bregðast við hættu á því, að undirmálsfiski sé hent, með setningu reglugerða. En miðað við þær vísbendingar, sem fyrrgreind könnun gefur og ummæli sjómanna, duga reglugerðarákvæði ein og sér skammt.

Við togveiðar kemur undirmálsfiskur einatt með í mismiklum mæli, hversu mikið í raun munum við ekki staðreyna fyrr en allur fiskur, sem veiðist, kemur í land.

Nú er það svo að ⅓ af undirmálsfiski, sem kemur í land, er talinn í kvóta viðkomandi skips, nema hlutfallið fari upp fyrir 10% í veiðiferð þá telst allt í kvóta. Jafnframt hefur verið reynt með verðlagningu verðlagsráðs að vinna gegn því að undirmálsfiskur komi á land. Hvorki útgerð né áhöfn er þess vegna hagur í því við núverandi aðstæður að slíkur afli sé hirtur. Hvorki stærðarmörk né verðlagning verðlagsráðs segja þó til um möguleika á nýtingu eða hugsanlegt verðmæti þess afla sem með þessum hætti yrði aðgengilegur fyrir fiskvinnsluna.

Veiddur fiskur er dauður fiskur og okkur ber skylda til að nýta hann. Til þess að það geti orðið þurfa sjómenn að sjá sér hag í að hirða allan undirmálsfisk. Sama á við um innyfli, enda sýnir reynslan að lifur er vegna verðlagningar nær eingöngu hirt þar sem mannskapurinn fær að eiga hana og sér sér þannig hag í aukinni vinnu. Látum þá sem auka þurfa vinnu sína um borð til að nýta undirmálsfiskinn eiga hann.

Eðlilegt væri að sjómenn skiptu jafnt andvirði undirmálsfisks.

Ljóst er að skipstjóra væri ekki vel stætt á því gagnvart útgerð að koma í land með hátt hlutfall undirmálsfisks, verðlausan fyrir útgerðina, og mundi hann því leita á aðrar slóðir um leið og óeðlilegs magns gætti í afla. Þannig fælist í þessu fyrirkomulagi virk verndunarstefna. Á hinn bóginn væri honum heldur ekki stætt á að gefa fyrirmæli um að henda undirmálsfiski vegna hagsmuna áhafnar.

Ef sú regla gilti áfram að ⅓ af undirmálsfiski færi inn í kvóta viðkomandi skips yrði lagt enn meira að skipstjóranum í því að halda sig frá slíkum veiðisvæðum. Þá má búast við að fjölmiðlar og almenningsálit hafi sitt að segja um aðhald.

Hitt er þó meginmálið að með því fyrirkomulagi, sem hér er lagt til, bærist meiri afli á land sem ella væri hent, minni verðmætasóun yrði og sjómenn gætu með meiri vinnu aukið við rýrnandi tekjur sínar.

Sþ. 686. Fyrirspurn [392. mál]

til fjármálaráðherra um risnu- og ferðakostnað ráðuneyta frá 1984 til 1989.

Frá Málmfríði Sigurðardóttur.

1. Hver var risnukostnaður ráðuneyta frá og með árinu 1984 til og með árinu 1989?
2. Hver var ferðakostnaður ráðuneyta á sama tímabili?
   Svar, reiknað á verðlagi í mars 1990, óskast sundurliðað eftir ráðuneytum og árum.

Skriflegt svar óskast.

Nd. 687. Frumvarp til laga [393. mál]

um breytingu á sektarmörkum nokkurra laga o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

Erindisbréf handa biskupum, 1. júlí 1746.

a. Síðari málsliður 18. gr. falli niður.
b. 2. málsl. 21. gr. falli niður.

2. gr.

Konungsbréf um prestsverk prófasta innan prófastsdæmis, 11. mars 1796.

Í 3. gr. falli niður orðin „en ef héraðsprófasti er eigi sagt til, þó að það hefði vel mátt gera, bera honum 2 rd.“.

3. gr.

Tilskipun um veiði á Íslandi, 20. júní 1849.

a. 5. gr. orðist svo:

Nú drepur maður dýr eða veiðir án heimildar í annars manns landi og varðar það sektum.

b. 2. mgr. 7. gr. falli niður.

c. 3. málsl. 8. gr. falli niður.

d. 9.–21. gr. falli niður.

e. Ný grein, 9. gr., orðist svo:

Enginn má skjóta landsel eða útsel á fjörðum eða víkum, þar sem látur eru eða lagnir, nær en hálfa sjómílu frá þeim.

f. Ný grein, 10. gr., orðist svo:

Vöðuseli eða annan farsel má hver maður skjóta eða veiða í nót hvar sem hann vill, en þó ekki nær annars manns landi en 300 metra frá stórstraumsfjörumáli þar sem nótlög eru, né heldur skjóta nær eggveri eða látrum en greinir í 9. gr., sbr. og lög nr. 30 27. júní 1925.

Nú vill maður leggja nót af landi eða í nótlögum annars manns og skal hann þá semja um það við þann sem veiði á.

g. Ný grein, 11. gr., orðist svo:

Brot gegn fyrirmælum þessum varða sektum og fer um mál út af þeim samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Heimilt er að gera upptæk net og aðrar veiðitilfæringar, svo og skotvopn, sem brot hafa verið framin með.

4. gr.

Tilskipun fyrir Ísland um síldar- og upsaveiði með nót, 12. febrúar 1872.

a. 7. gr. falli niður.

b. Í 1. málsl. 12. gr. falli niður orðin „frá 5 til 200 rd.“, svo og 2. málsl. greinarinnar.

c. 1. mgr. 13. gr. orðist svo:

Um mál út af brotum á lagaboði þessu fer að hætti opinberra mála.

d. 14. gr. falli niður.

5. gr.

Lög um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl., nr. 3 12. apríl 1878.

2. gr. falli niður.

6. gr.

Lög um leysing á sóknarbandi, nr. 9 12. maí 1882.

4. málsl. 4. gr. falli niður.

7. gr.

Lög um beitutekju, nr. 39 2. nóvember 1914.

a. Síðari málsliður 1. mgr. 1. gr. orðist svo: Ef landeigandi verður fyrir tjóni vegna þessa á hann rétt á bótum.
b. 2. mgr. 1. gr. falli niður.
c. 2. mgr. 2. gr. falli niður.
d. Í 3. gr. falli niður orðin „20 til 200 króna“.
e. 6. gr. falli niður.
f. 7. gr. orðist svo:

Mál út af brotum á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

8. gr.

Lög um áveitu á Flóann, nr. 68 14. nóvember 1917.

6. gr. orðist svo:

Ákveða má að brot gegn samþykkt varði sektum og fer um mál vegna brota að hætti opinberra mála.

9. gr.

Lög um landamerki o.fl., nr. 41 28. nóvember 1919.

7. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum og fer um mál vegna þeirra að hætti opinberra mála.

10. gr.

Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að banna flutning til landsins á varningi, sem stjórnin telur stafa sýkingarhættu af, nr. 8 18. maí 1920.

2. gr. orðist svo:

Brot gegn ákvæðum laga þessara og fyrirmælum settum samkvæmt þeim varða sektum og sæta mál út af því meðferð opinberra mála.

11. gr.

Lög um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum, nr. 53 27. júní 1921.

5. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum og fer um mál út af þeim að hætti opinberra mála.

12. gr.

Lög um verslunarskýrslur, nr. 12 19. júní 1922.

a. Í 2. gr. falli niður orðin „allt að 200 kr.“.
b. 5. gr. orðist svo:

Vísvitandi röng skýrslugjöf varðar sektum nema þyngri refsing liggi við að lögum. Tregðist nokkur við að láta í té skýrslu sem hann hefur fengið frest á að gefa má þröngva honum til þess að frestinum liðnum með dagsektum allt að 10.000 kr. og getur lögreglustjóri tiltekið sektina í bréfi til hlutaðeiganda.

c. 6. gr. orðist svo:

Mál út af brotum á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

13. gr.

Vatnalög, nr. 15 20. júní 1923.

a. 107. gr. orðist svo:
Brot gegn félagssamþykktum varða sektum og um mál út af þeim fer að hætti opinberra mála.
b. Í stað orðanna „einföldu fangelsi“ í a-lið 1. tölul. 153. gr. komi: varðhaldi.
c. Í stað orðanna „einföldu fangelsi“ í b-lið 1. tölul. 153. gr. komi: varðhaldi.
d. 2. tölul. 153. gr. falli niður.
e. 154. gr. orðist svo:
Um mál út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

14. gr.

Lög um nauðasamninga, nr. 19 4. júní 1924.

a. Í stað orðanna „20 kr.“ í 1. mgr. 54. gr. komi: lögmælt gjald.
b. Í 2. mgr. 54. gr. falli niður orðin „20–200 kr.“.

15. gr.

Lög um viðauka við lög nr. 33 19. júní 1922, um fiskiveiðar í landhelgi, nr. 4 4. maí 1925.

3. gr. orðist svo:
Brot gegn lögum þessum varða sektum, 200–20.000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, og fer um mál vegna brota að hætti opinberra mála.

16. gr.

Lög um selaskot á Breiðafirði og uppidráp, nr. 30 27. júní 1925.

2. gr. orðist svo:
Brot gegn 1. gr. varðar sektum.
Skotvopn og veiðifang má gera upptækt, sbr. 69. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 1940.

17. gr.

Lög um einkenning fiskiskipa, nr. 31 27. júní 1925.

a. Í 1. mgr. 3. gr. falli niður orðin „frá 50–2.000 kr.“.
b. Í 2. mgr. 3. gr. falli niður orðin „allt að 400 kr.“.
c. 1. mgr. 4. gr. orðist svo:
Um mál út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

18. gr.

Hjúalög, nr. 22 7. maí 1928.

a. 31. gr. falli niður.
b. 32. gr. orðist svo:
Brot gegn 7. og 19. gr. varða sektum og fer um mál vegna þess að hætti opinberra mála.
c. 33. gr. falli niður.

19. gr.

Lög um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, nr. 24 1. febrúar 1936.

Í 2. mgr. 11. gr. falli niður orðin „100–10.000 krónum“.

20. gr.

Lög um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936.

Í 3. mgr. 34. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 33/1963, falli niður orðin „200–4.000 krónur“.

21. gr.

Lög um samvinnufélög, nr. 46 13. júní 1937.

a. Í stað orðanna „fangelsi, samkv. 26. gr. hinna almennu hegningarlaga“ í 1. mgr. 43. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 47/1977, komi: varðhaldi.
b. Í stað orðanna „sem almenn lögreglumál“ í 44. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 47/1977, komi: að hætti opinberra mála.

22. gr.

Lög um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir að það auki kyn sitt, nr. 16 13. janúar 1938.

Í 9. gr. falli niður orðin „100–10.000 krónum“.

23. gr.

Lög um ostrurækt, nr. 21 12. júní 1939.

5. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum og fer um mál út af þeim samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

24. gr.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna að veita upplýsingar um ferðir skipa, nr. 9 12. febrúar 1940.

3. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Mál vegna brota á lögunum fara að hætti opinberra mála.

25. gr.

Landskiptalög, nr. 46 27. júní 1941.

Í 2. mgr. 15. gr. falli niður orðin „allt að 1.000 kr.“.

26. gr.

Lög um beitumál, nr. 45 7. maí 1946.

15. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 13/1947, orðist svo:

Brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum og fer um mál vegna brota að hætti opinberra mála.

27. gr.

Lög um stjórn flugmála, nr. 119 28. desember 1950.

Í 4. gr. falli niður orðin „allt að 30.000 krónum“.

28. gr.

Lög um að banna hnefaleika, nr. 92 27. desember 1956.

Í 3. gr. falli niður orðin „allt að 10.000 krónum“.

29. gr.

Lög um dýravernd, nr. 21 13. apríl 1957.

Í stað orðanna „200 krónum“ í 2. mgr. 14. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 38/1968, komi: 10.000 krónum.

30. gr.

Lög um efnahagsmál, nr. 4 20. febrúar 1960.

Í 36. gr. falli niður orðin „allt að 500.000 kr.“.

31. gr.

Lög um söluskatt, nr. 10 22. mars 1960.

25. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 33/1982, breytist þannig:

a. Í 2. mgr. falli niður orðin „allt að 50.000 kr.“.
b. Í 3. mgr. falli niður orðin „allt að 25.000 kr.“.
c. Í 4. mgr. falli niður orðin „allt að 100.000 kr.“.
d. Í 7. mgr. falli niður orðin „allt að 100.000 kr.“.

32. gr.

Lög um dánarvottorð, nr. 64 25. apríl 1962.

Í 12. gr. falli niður orðin „allt að 1.000 krónum“.

33. gr.

Lyfsölulög, nr. 30 29. apríl 1963.

Í 1. mgr. 68. gr. falli niður orðin „frá 100 til 200.000 króna“.

34. gr.

Lög um eyðingu svartbaks, nr. 50 18. maí 1965.

1. málsl. 1. mgr. 11. gr. orðist svo: Fyrir hvern unninn svartbak á veiðimaður rétt á greiðslu samkvæmt því er nánar verður kveðið á um í reglugerð er ráðherra setur að fengnum tillögum veiðistjóra.

35. gr.

Lög um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33 26. apríl 1966.

a. 2. mgr. 37. gr. falli niður.
b. 41. gr., er felld var niður með 47. gr. laga nr. 75/1982, orðist svo:

Tilraun til brota á lögum þessum og hlutdeild í þeim er refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

36. gr.

Lög um lax- og silungsveiði, nr. 76 25. júní 1970.

Í 2. mgr. 97. gr. falli niður orðin „allt að 500.000 kr.“.

37. gr.

Lög um náttúruvernd, nr. 47 16. apríl 1971.

Í stað orðanna „2.000 krónum“ í 3. mgr. 37. gr. komi: 10.000 krónum.

38. gr.

Búfjárræktarlög, nr. 31 24. apríl 1973.

1. málsl. 59. gr. orðist svo: Sá er sekur verður um illa meðferð á skepnum skv. 58. gr. skal sæta sektum eða varðhaldi allt að sex mánuðum nema þyngri refsing liggi við að lögum.

39. gr.

Lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 36 2. maí 1974.

Í stað orðanna „2.000 krónum“ í 2. mgr. 8. gr. komi: 10.000 krónum.

40. gr.

Lög um bátaábyrgðarfélög, nr. 18 23. apríl 1976.

Í 3. mgr. 7. gr. falli niður orðin „frá 1.000–25.000 krónum“.

41. gr.

Lög um flokkun og mat á gærum, nr. 22 10. maí 1976.

Í 6. gr. falli niður orðin „frá 5.000 til 100.000 króna“.

42. gr.

Lög um sauðfjárbaðanir, nr. 22 10. maí 1977.

10. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum svo og reglugerðum og fyrirmælum samkvæmt þeim varða sektum og fer um mál vegna þeirra að hætti opinberra mála.

43. gr.

Lög um manntal 31. janúar 1981, nr. 76 19. desember 1980.

Í 1. mgr. 10. gr. falli niður orðin „allt að 500 nýkrónum“.

44. gr.

Lög um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75 14. september 1981.

107. gr. breytist þannig:

a. Í 2. mgr. falli niður orðin „allt að 10.000 kr.“.
b. Í 3. mgr. falli niður orðin „allt að 5.000 kr.“.
c. Í 4. mgr. falli niður orðin „allt að 10.000 kr.“.
d. Í 7. mgr. falli niður orðin „allt að 10.000 kr.“.

45. gr.

Lög um ákvörðun fésekta, nr. 14 8. mars 1948, falli niður.

46. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Drög að frumvarpi þessu ásamt greinargerð samdi dr. Ármann Snævarr, fyrrv. hæstaréttardómari, að ósk dómsmálaráðuneytisins og hafa þau sætt athugun í ráðuneytinu.

I.

Með lögum nr. 75/1982 og 10/1983 var breytt sektarmörkum allmargra laga. Var þar mörkuð sú stefna að horfið skyldi frá því að greina lágmark og hámark sekta í sérrefsilögum. Í stað þess skyldi aðeins greina að brot varðaði sekt og réðist þá lágmark og hámark sektar samkvæmt því er greinir í 50. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. nú 7. gr. laga nr. 42/1985 (hámark 4 millj. kr.). Jafnframt var sú stefna mörkuð að sektir skyldu almennt renna í ríkissjóð en eigi í sérsjóði nema sérstaklega stæði á. Enn fremur var ákveðum um meðferð mála breytt svo að í stað almennra lögreglumála, sem oft greinir í eldri refsiboðum, skyldi koma að mál sætti meðferð opinberra mála.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að breyta enn nokkrum sérrefsilagaboðum til samræmis við refsistefnu laganna frá 1982 og 1983. Er frumvarp þetta því framhald á því starfi sem þá var unnið. Þá tekur frumvarpið mið af tillögum lagahreinsunarnefndar um brottfall ýmissa laga þannig að ekki er lögð til breyting á þeim ákvæðum sem þær tillögur gera ráð fyrir að verði felld úr gildi. Er með þessu lokið endurskoðun lagaákvæða er greina lágmark og hámark sekta í sérlögum og er þá lagt til að lög um ákvörðun fésekta, nr. 14/1948, verði felld úr gildi.

Tekið skal fram að nokkrum dagsektarákvæðum hefur verið breytt með framangreindum lögum og í þessu frumvarpi er einnig vikið að dagsektarákvæðum í nokkrum tilvikum. Dagsektarákvæði í lögum hafa þó ekki sætt endurskoðun í heild sinni.

II.

Einstakar greinar frumvarpsins skýra sig nánast sjálfar. Eftirfarandi athugasemdir skulu þó settar fram:

1. Í 3. gr. felast nokkrar breytingar á refsiákvæðum veiðitilskipunar frá 1849 sem reistar eru á almennri endurskoðun þeirra ákvæða. Vafalaust er þörf á endurskoðun þessa lagaboðs í heild sinni.
2. Í 31. gr. eru lagðar til breytingar á refsiákvæðum laga um söluskatt, nr. 10/1960. Refsiákvæði þeirra laga verða raunhæf enn um sinn þótt lögin þoki fyrir nýrri löggjöf um virðisaukaskatt.
3. Í 35. gr. er lagt til að ákvæði laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966, um tilraun og hlutdeild í brotum á lögunum verði rýmkað þannig að það nái til allra brota gegn þeim, en verði ekki einskorðað við 37. gr. þeirra svo sem nú er talið að því er varðar tilraun, sbr. hrd. 1984, bls. 1341.
4. Varðandi 38. gr. er bent á að 59. gr. búfjárræktarlaga, nr. 31/1973, er ekki afnumin með 19. gr. laga nr. 84/1989.

Nd. 688. Frumvarp til laga [394. mál]

um breytingu á Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands í hlutafélög.

Flm.: Þorsteinn Pálsson, Friðrik Sophusson, Ingi Björn Albertsson, Kristinn Pétursson, Ólafur G. Einarsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun eins hlutafélagsbanka um Landsbanka Íslands og annars um Búnaðarbanka Íslands. Skal hlutverk þessara hlutafélagsbanka vera að hafa á hendi hvers konar viðskiptabankastarfsemi og starfsemi í tengslum við hana.

Í þessu skyni er ríkisstjórninni heimilt:

a. að leggja Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands eignir, skuldir og skuldbindingar hvors banka um sig til þess nýja hlutafélagsbanka sem stofnaður verður um viðkomandi banka,
b. að láta fara fram mat á eignum annars vegar Landsbanka Íslands og hins vegar Búnaðarbanka Íslands til viðmiðunar við ákvörðun um upphæð hlutafjár hvors hins nýja hlutafélagsbanka um sig. Við stofnun eru öll hlutabréf í báðum hlutafélagsbönkunum í eigu ríkisins.

2. gr.

Ákvæði 1. mgr. 5. gr. laga um viðskiptabanka, nr. 86/1985, og 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 17. gr. laga um hlutafélög, nr. 32/1978, með síðari breytingum, gilda ekki um tölu stofnenda og tölu hluthafa í hlutafélagsbanka skv. 1. gr.

Ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 6. gr. laga um viðskiptabanka um takmörkun atkvæðisréttar gilda ekki að því er varðar eignaraðild ríkisins að hlutafélagsbanka skv. 1. gr.

3. gr.

Fastráðnir starfsmenn Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, sem taka laun samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra bankamanna eða kjarasamningum annarra stéttarfélaga, skulu eiga rétt á starfi hjá viðkomandi hlutafélagsbanka skv. 1. gr. við stofnun hans. Nú tekur maður, sem áður gegndi starfi hjá Landsbanka Íslands eða Búnaðarbanka Íslands, við starfi hjá viðkomandi hlutafélagsbanka skv. 1. gr. og fellur þá niður réttur hans til launa það sem eftir er af uppsagnarfresti hans hjá Landsbanka Íslands eða Búnaðarbanka Íslands ef hinu nýja starfi fylgja jafnhá eða hærri laun en hann áður hafði, en ella greiðist launamismunurinn til loka uppsagnarfrestsins.

Um ráðningu bankastjóra, aðstoðarbankastjóra, útibússtjóra og forstöðumanna endurskoðunardeilda hlutafélagsbanka skv. 1. gr. skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

4. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands sem stofnað er til áður en bankarnir eru lagðir niður með yfirtöku hlutafélagsbanka á þeim skv. 1. gr. þessara laga, sbr. og 2. mgr. Ríkisábyrgð á innstæðum í Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands fellur þó niður tveimur árum eftir yfirtöku hinna nýju hlutafélagsbanka á Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, sbr. 9. gr. Ríkissjóður ábyrgist jafnframt nýjar innstæður í hlutafélagsbanka skv. 1. gr. til sama tíma.

Ríkissjóður yfirtekur ábyrgð Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands á skuldbindingum Eftirlaunasjóðs starfsmanna Landsbanka Íslands og Eftirlaunasjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands sem stofnast hafa til fyrir gildistöku laga þessara eða stofnast munu fram að yfirtökudegi, sbr. 9. gr. Eftirlaunasjóður starfsmanna Landsbanka Íslands og Eftirlaunasjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands flytjast eigi til hlutafélagsbanka skv. 1. gr. og taka sjóðirnir eftir yfirtökudag eigi lengur við iðgjöldum en skulu starfræktir áfram til lúkningar þeim skuldbindingum sem á þeim hvíla.

Nú tekur maður, er áður gegndi starfi hjá Landsbanka Íslands eða Búnaðarbanka Íslands, við starfi hjá viðkomandi hlutafélagsbanka skv. 1. gr. og skal þá réttur hans til elli- og örorkulífeyris og réttur maka hans til maka- eða barnalífeyris eða annar réttur samkvæmt reglugerðum um Eftirlaunasjóð starfsmanna Landsbanka Íslands og Eftirlaunasjóð starfsmanna Búnaðarbanka Íslands, sem í gildi er á yfirtökudegi, sbr. 9. gr., eigi vera lakari en hefði verið ef hann hefði áfram greitt iðgjald til Eftirlaunasjóðs starfsmanna Landsbanka Íslands eða Eftirlaunasjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands þann tíma er hann starfar hjá viðkomandi hlutafélagsbanka skv. 1. gr. Ríkissjóður og viðkomandi hlutafélagsbanki skv. 1. gr. skulu hlutfallslega greiða það sem á vantar að greiðslur úr Eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbanka Íslands eða Eftirlaunasjóði starfsmanna Búnaðarbanka Íslands og greiðslur, sem réttur hefur stofnast til úr þeim lífeyrissjóði, sem viðkomandi starfsmaður greiðir til meðan hann starfar hjá viðkomandi hlutafélagsbanka skv. 1. gr., séu samanlagt jafnháar og greiðslur hefðu numið úr Eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbanka Íslands eða Eftirlaunasjóði starfsmanna Búnaðarbanka Íslands samkvæmt þeirri reglugerð sem í gildi er á yfirtökudegi, sbr. 9. gr., ef viðkomandi starfsmaður hefði greitt til annars sjóðsins eftir því sem við á. Skal greiðsluhlutfall ríkissjóðs annars vegar og viðkomandi hlutafélagsbanka skv. 1. gr. hins vegar af þessum mismun vera hið sama og hlutfallslegur starfstími viðkomandi starfsmanns hjá hvorum hlutaðeigandi aðila um sig. Ríkissjóður, viðkomandi hlutafélagsbanki skv. 1. gr. og Eftirlaunasjóður starfsmanna Landsbanka Íslands eða Eftirlaunasjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands skulu semja sín á milli um nánari framkvæmd þessa ákvæðis og skal við það miðað að einn aðili annist útborganir vegna viðkomandi starfsmanns, en endurkrefji síðan hina og hlutaðeigandi lífeyrissjóð eftir því sem við á.

Eftir gildistöku laga þessara skulu reglugerðir um Eftirlaunasjóð starfsmanna Landsbanka Íslands og Eftirlaunasjóð starfsmanna Búnaðarbanka Íslands endurskoðaðar með tilliti til þeirra breytinga sem leiðir af lögum þessum. Fjármálaráðherra skal tilnefna einn fulltrúa í stjórn hvors sjóðsins í stað formanns bankaráðs og eins bankastjóra viðkomandi ríkisbanka uns endurskoðun reglugerðar um sjóðina er lokið, en við þá endurskoðun skal miðað að stjórn sjóðanna verði framvegis skipuð jafnmörgum mönnum frá fjármálaráðherra og þeim sem hafa greitt til þeirra. Heimilt skal að fela Tryggingastofnun ríkisins umsjón með rekstri sjóðanna, ávöxtun á fé þeirra og greiðslur úr þeim.

5. gr.

Innlánsreikningar í Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands skulu flytjast til hlutaðeigandi hlutafélagsbanka nema innstæðueigendur óski annars. Skulu Landsbanki Íslands og Búnaðarbanki Íslands sjá um opinberar auglýsingar til viðskiptavina sinna vegna þessa.

6. gr.

Greiðslustaðir skuldaskjala í eigu Landsbanka Íslands eða Búnaðarbanka Íslands skulu flytjast í viðkomandi hlutafélagsbanka eftir yfirtöku þeirra á Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Almenn opinber auglýsing til viðskiptavina nægir til þess að gera þetta kunnugt.

7. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að selja hlutafé ríkissjóðs í hlutafélagsbanka skv. 1. gr. Söluverð hlutabréfa skal ákveðið með tilliti til eiginfjárstöðu, afkomu og afkomuhorfa viðkomandi hlutafélagsbanka á hverjum tíma. Heimilt skal að bjóða hlutabréf ríkissjóðs til sölu á Verðbréfaþingi Íslands. Eigi skal árlega selja meira en nemur 25% af upphaflegri hlutafjáreign ríkisins í viðkomandi hlutafélagsbanka.

Heimilt er að auka hlutafé hlutafélagsbankanna með útgáfu nýrra hlutabréfa.

8. gr.

Lög þessi koma í stað stofnsamnings skv. II. kafla laga nr. 32/1978, um hlutafélög. Stofnfund hlutafélagsbanka skv. 1. gr. skal halda innan mánaðar frá gildistöku laga þessara og skal leggja drög að samþykktum fyrir hlutaðeigandi hlutafélagsbanka fram á stofnfundinum.

9. gr.

Einn hlutafélagsbanki skv. 1. gr. yfirtekur Landsbanka Íslands 1. júlí 1990 og telst Landsbanki Íslands lagður niður frá og með þeim degi og annar hlutafélagsbanki skv. 1. gr. yfirtekur Búnaðarbanka Íslands 1. janúar 1991 og telst Búnaðarbanki Íslands lagður niður frá og með þeim degi.

10. gr.

Þar sem Landsbanki Íslands eða Búnaðarbanki Íslands hafa tilnefnt stjórnarmenn eða verið falið að reka sjóði eða stofnanir eða falið að sinna verkefnum samkvæmt öðrum lögum tekur viðkomandi hlutafélagsbanki við þeim réttindum eða skyldum.

11. gr.

Viðskiptaráðherra annast fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning að stofnun hlutafélagsbanka skv. 1. gr. og fer með eignarhlut ríkisins í honum. Alþingi skal þó fyrir stofnfund og hvern aðalfund hlutaðeigandi hlutafélagsbanka kjósa þá fulltrúa er viðskiptaráðherra hyggst bjóða fram til kjörs í bankaráð og svarar til eignarhlutar ríkisins.

12. gr.

Viðkomandi hlutafélagsbanki skv. 1. gr. tekur við öllum skattalegum réttindum og skyldum Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

13. gr.

Um hlutafélagsbanka skv. 1. gr. skulu að öðru leyti en leiðir af ákvæðum laga þessara gilda ákvæði laga um viðskiptabanka og laga um hlutafélög eftir því sem við á.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umboð núverandi bankaráða Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands skulu haldast þar til viðkomandi hlutafélagsbanki tekur yfir, sbr. 9. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum hlutafélagsbanka skv. 1. gr. sem stofnast gagnvart erlendum aðilum í allt að eitt ár eftir stofnun þeirra.

Greinargerð.

Með setningu núgildandi laga um viðskiptabanka og annarra laga á sviði fjármálalífsins var löggjöfin færð til nútímalegs horfs. Aukin samkeppni viðskiptabankanna hefur m.a. leitt til samruna þriggja banka sem áður höfðu keypt Útvegsbankann hf. Á næstu árum má enn búast við harðnandi samkeppni ekki síst vegna fyrirsjáanlegra breytinga á viðskiptum og bankaþjónustu á sameiginlegu markaðssvæði EB-ríkjanna. Gera má ráð fyrir að þegar á þessu ári verði tekin afstaða til framtíðarskipulags þessara mála í samningaviðræðum EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins. Flest bendir til þess að niðurstaðan verði sú að lánastofnanir geti starfað utan heimalandsins, stofnað þar útibú eða keypt hlut í starfandi lánastofnunum.

Viðskiptaráðherra hefur upplýst að tímasett áætlun um heimildir fyrir erlendar lánastofnanir til að starfa hér á landi séu til umræðu á vettvangi ríkisstjórnarinnar. Til að styrkja samkeppnisstöðu innlendra viðskiptabanka er nauðsynlegt að breyta ríkisviðskiptabönkunum í hlutafélög. Þannig mætti leggja grunn að dreifðari eignaraðild og öflun nýs eigin fjár. Segja má að slík breyting á rekstrarformi núverandi ríkisviðskiptabanka og stækkun og samruni einkabankanna séu forsendur aðlögunar að breyttum viðskiptaháttum.

Íslenska ríkið hefur verið óvenjulega umsvifamikið í bankakerfi landsins sé leitað samanburðar við nágrannalöndin. Til skamms tíma átti ríkið og rak þrjá stærstu viðskiptabankana.

Oft hafa komið fram hugmyndir um að ríkið seldi hlut sinn í einum eða öllum þessum bönkum og þeir störfuðu á sama grundvelli og flest fyrirtæki landsins. Þessum hugmyndum hefur einkum verið andmælt á þeim forsendum að nauðsynlegt væri fyrir ríkið að eiga verulegan hlut í bankakerfinu til þess að koma í veg fyrir misnotkun lánsfjármagns og veita einstökum fyrirtækjum og atvinnuvegum stuðning. Auk þess hefur verið talið að yfirráðum yfir bönkunum fylgdu mikil völd sem sjálfsagt væri að stjórnvöld sætu að.

Áhrif stjórnvalda hafa leitt til þess að ríkisbankarnir hafa ekki að öllu leyti verið reknir á venjulegum viðskipta- og bankalegum forsendum. Afleiðingin af þessari stefnu hefur vægast sagt verið óheppileg þar sem stjórnvöld hafa í reynd allt of oft haldið atvinnufyrirtækjum í taprekstri með stjórnvaldsaðgerðum á einu sviði, en á hinn bóginn litið á bankana sem stjórntæki til þess að koma í veg fyrir stöðvun fyrirtækjanna og viðhalda þar með taprekstrinum. Þannig hefur þessi stefna ekki verið til hagsbóta fyrir atvinnulífið þegar lengra er litið.

Þessi stefna hefur ekki verið til góðs fyrir bankana þar sem rekstur þeirra hefur í mörgum atriðum ekki fengið að þróast eðlilega og ljóst að bankarnir eiga mörg verkefni fram undan við að auka hagræðingu í rekstri sínum þegar samkeppni eykst.

Með því að leggja til að ríkisbankarnir verði seldir er verið að taka brott eitt stjórntæki til þess að halda atvinnufyrirtækjum í taprekstri. Einnig er með því verið að skapa skilyrði fyrir auknum sveigjanleika og nútímalegra bankakerfi þar sem sjálfstæðir bankar hafa mun meira svigrúm til þess að bregðast við breytilegum aðstæðum en ríkisbankar.

Annað sjónarmið, sem jafnframt ræður miklu um sölu bankanna, er að í þeim hefur ríkið bundið mikið fé sem gæti nýst betur til annarra þarfa en að eiga og reka banka. T.d. mætti ráðstafa því til framfaramála sem fyrst og fremst tengjast því að byggja upp á landsbyggðinni í atvinnumálum og græða upp landið svo að nefndar séu hugmyndir sem fram hafa komið.

Lögð er áhersla á að eignarhald í hlutafélagsbönkunum verði sem allra dreifðast við sölu bréfanna og því er ekki gert ráð fyrir að selja megi meira en 25% árlega af upphaflegri hlutabréfaeign ríkisins. Jafnframt er gert ráð fyrir að gefa megi út ný hlutabréf til að styrkja eiginfjárstöðuna.

Farin er sú leið hér í þessu frumvarpi að gera lagaákvæði um sölu Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands hliðstæð því sem gert var með myndun hlutafélags um Útvegsbanka Íslands og heimildarákvæði um sölu hlutabréfa í honum. Sambærileg ákvæði munu því gilda

um starfsfólk bankanna og skuldbindingar þeirra við breytingu þeirra í hlutafélagsbanka eins og gilti við sams konar breytingu á Útvegsbanka Íslands.

Þannig skulu innstæður flytjast sjálfkrafa milli úr hvorum ríkisbanka yfir í viðkomandi hlutafélagsbanka og sömuleiðis greiðslustaðir skuldaskjala.

Miðað er við að hlutafélagsbanki verði stofnaður um Landsbanka Íslands 1. júlí 1990 og annar verði stofnaður um Búnaðarbanka Íslands 1. janúar 1991.

Eitt veigamikið frávik er þó á hlutafélagsbönkum samkvæmt frumvarpi þessu og lögunum um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands. Lagt er til að Alþingi kjósi þá stjórnarmenn sem viðskiptaráðherra býður fram sem fulltrúa ríkisins í bankaráð viðkomandi banka á stofnfundi eða aðalfundum. Þetta þýðir að viðskiptaráðherra tilnefnir ekki sjálfur bankaráðsmenn eins og gilti fyrir Útvegsbanka Íslands hf.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í grein þessari er ákvörðun um stofnun hlutafélagsbanka sett fram.

Um 2. gr.

Þetta ákvæði er nauðsynlegt vegna þess að einn aðili, ríkið, myndar hlutafélagið upphaflega.

Um 3. gr.

Samhljóða sama ákvæði vegna starfsmanna sem áður unnu hjá Útvegsbanka Íslands og fullkomin sátt virðist hafa náðst um.

Um 4. gr.

Sama og gildir um 3. gr.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Með ákvæði þessu er mörkuð sú stefna að bankarnir skuli seldir, en jafnframt reynt að tryggja, svo sem föng eru á, að eignarhald á þeim verði dreift. Þá er gert ráð fyrir þeim möguleika að auka hlutaféð með útgáfu nýrra bréfa til að styrkja eiginfjárhlutfall bankanna.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um. 9. gr.

Hér er mörkuð sú stefna að koma þessum breytingum í framkvæmd svo fljótt sem auðið er.

10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

11. gr.

Hér er lagt til að Alþingi kjósi fulltrúa ríkisins í bankaráð. Í lögunum stofnun hlutfélagsbanka um Útvegsbanka Íslands er viðskiptaráðherra falið að skipa bankaráðsmenn.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um. 14. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 689. Tillaga til þingsályktunar [395. mál]

um frelsi í gjaldeyrismálum og aðlögun að sameiginlegum fjármagnsmarkaði Evrópuríkjanna.

Flm.: Þorsteinn Pálsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Ingi Björn Albertsson, Friðrik Sophusson, Halldór Blöndal, Ragnhildur Helgadóttir, Kristinn Pétursson, Ólafur G. Einarsson, Guðmundur H. Garðarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gefa gjaldeyrisviðskipti frjáls í samræmi við alþjóðlega þróun í þeim efnum og tryggja þannig að Ísland taki þátt í sókn nágrannalandanna til aukinnar hagsældar og framfara.

Jafnframt er ríkisstjórninni falið að falla frá sérstökum fyrirvara, sem gerður var af Íslands hálfu við Efnahagsáætlun Norðurlanda 1989–1992, sem hamlar á móti því að eðlileg tengsl skapist við viðskipta- og fjármálalíf í nálægum löndum.

Greinargerð.

Ákvörðun Evrópubandalagsins um sameinaðan markað frá 1992 hefur skapað gerbreytt viðhorf í viðskipta- og atvinnulífi Evrópu. Á það jafnt við um lönd innan bandalagsins og lönd utan þess, eins og Ísland, sem á þar mikilla viðskiptahagsmuna að gæta. Einhver mesta breytingin, sem er að verða á efnahagslegu umhverfi Evrópu, felst í óhindruðu fjármagnsflæði milli landa og frjálsum bankaviðskiptum og annarri fjármálaþjónustu þvert á landamæri.

Íslendingar standa í þessum efnum frammi fyrir nýjum aðstæðum sem kalla á viðbrögð af hálfu stjórnvalda og atvinnulífs. Óskiptur fjármagnsmarkaður í Evrópu mun stuðla að því að fjármagnið rennur þangað sem arðsemi þess er mest. Eigendum þess bjóðast fjölbreyttari og betri ávöxtunarkostir. Notkun fjármagns er mikil í fjölmörgum greinum atvinnurekstrar. Samkeppnisstaða fyrirtækja getur af þeim sökum ráðist af því hversu greiðan aðgang þau hafa að fjármagni og á hvaða kjörum. Það er því þýðingarmikið hagsmunamál íslenskra atvinnufyrirtækja að þau hafi í þessu efni ekki lakari aðstöðu en keppinautar þeirra í Evrópu. Margt þarf að breytast til að svo verði.

Ákvörðun Evrópubandalagsins um afnám allra hafta í fjármagnsviðskiptum tekur gildi 1. júlí 1990. Þessi ákvörðun gildir um öll aðildarlönd Evrópubandalagsins, en Spánn, Portúgal, Grikkland og Írland hafa frest til ársloka 1992 til að framfylgja ákvæðum hennar. Bretland, Vestur-Þýskaland og Holland hafa fellt niður hömlur á gjaldeyrisviðskipti. Sama gildir um Danmörku. Danski seðlabankinn tilkynnti 1. október 1988 að Danmörk hefði að fullu uppfyllt ákvæðin í fyrrgreindri ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins um afnám hafta í fjármagnsflutningum.

Evrópubandalagið lét á sínum tíma kanna hvaða fjárhagslegur ávinningur gæti orðið af aukinni samkeppni í fjármálaþjónustu í framhaldi af samruna fjármagnsmarkaða í aðildarríkjum bandalagsins og heimilda til að bjóða fram og selja þjónustu af þessu tagi. Meginniðurstaðan af þessari athugun, sem tók til átta aðildarríkja bandalagsins, er að búast má við 10% lækkun á þjónustukostnaði að meðaltali og svarar þessi lækkun til 0,7% af samanlagðri landsframleiðslu landanna átta. Niðurstöðurnar bera jafnframt með sér að gera má ráð fyrir enn meiri ávinningi í þeim löndum þar sem fjármagnsmarkaðir eru skammt á veg komnir á þróunarbrautinni og einangraðir frá umheiminum. Ef gert er ráð fyrir að niðurstöður athugunarinnar eigi í grófum drættum einnig við hér á landi svara fyrrgreindar tölur til þess að á Íslandi væri um að ræða sparnað í lækkuðum þjónustugjöldum sem svaraði til um tveggja milljarða króna á ári[1].

Gera má ráð fyrir að ákvarðanir Evrópuríkjanna um frelsi fjármagnshreyfinga og fjármálaþjónustu muni leiða af sér miklar efnahagslegar breytingar þegar þeim hefur að fullu verið hrundið fram. Sýnt er að aukin samkeppni og stærri markaður mun leiða til þess að vextir verða áþekkir um álfuna alla. Ríki Evrópubandalagsins stefna að því að treysta stöðugleika í gengi milli einstakra mynta á grundvelli frjálsra fjármagnshreyfinga. Stefna þessara ríkja byggir á að fylgt sé jafnvægisstefnu í ríkisfjármálum og peningamálum sem ásamt stöðugleika í gengi tryggja að verðbólgu og kostnaðarhækkunum sé haldið í skefjum.

Íslendingar hljóta að stefna inn á sömu braut vilji þeir koma á jafnvægi og stöðugleika í efnahagslífinu.

Á þingi Norðurlandaráðs, sem haldið var í Stokkhólmi í fyrra, var samþykkt sérstök áætlun um efnahagsmál, Efnahagsáætlun Norðurlanda 1989–1992. Áætlun þessi kemur í framhaldi af fyrri áætlun um efnahagsmál sem samþykkt var á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík 1985. Hin nýja áætlun ber þess mjög merki að á Norðurlöndum er talið brýnt að bregðast af snerpu við ákvörðunum Evrópubandalagsins. Sérstakur kafli í áætluninni fjallar um aukið frjálsræði í fjármálaviðskiptum og fjármagnshreyfingum. Fjármálaráðherra gerði sérstakan fyrirvara af Íslands hálfu við þennan hluta hinnar norrænu áætlunar á meðan hún var í höndum norrænu ráðherranefndarinnar. Forsætisráðherra staðfesti á Alþingi 9. mars 1989 að fyrirvarinn lýsi stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki.

Efnahagsáætlunin gerir ráð fyrir að Norðurlönd muni á tímaskeiði áætlunarinnar rýmka heimildir gjaldeyrisreglna hvað varðar:

1. kaup á erlendum hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða sem fjárfest hafa í erlendum hlutabréfum,
2. kaup erlendra aðila á hlutabréfum í innlendum fyrirtækjum og hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða sem fjárfest hafa í slíkum bréfum,
3. fasteignakaup erlendis,
4. rekstrarlán fyrirtækja í erlendum gjaldeyri til lengri tíma en eins árs,
5. lán í innlendum og erlendum gjaldeyri til allt að eins árs til að fjármagna innflutning og útflutning,
6. lán gjaldeyrisbanka í erlendri mynt til erlendra aðila,
7. heimildir fyrirtækja til að geyma gjaldeyristekjur tímabundið á erlendum reikningi.

Efnahagsáætlun Norðurlanda gerir ráð fyrir að tilgreindum áföngum í frjálsræðisátt skuli náð fyrir árlok 1992. Eins og áður segir hefur Danmörk uppfyllt ákvæðin í ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins um afnám hafta í fjármagnsflutningum. Heita má að Svíþjóð eigi aðeins skamma leið ófarna að markmiðinu um frjáls gjaldeyrisviðskipti. Nýjar reglur á sviði gjaldeyrisviðskipta tóku gildi 1. júlí sl. og frá þeim tíma hefur Svíþjóð uppfyllt ákvæðin um aukið frelsi í gjaldeyrismálum í norrænu áætluninni. Í Noregi og Finnlandi hefur

[1] Sjá nánar í European Economy, tímariti Evrópubandalagsins, nr. 35, mars 1988.

verið haldið áfram á þeirri braut að losa um hömlur á gjaldeyrisviðskiptum. Hér á landi komst um tíma nokkur skriður á afnám hafta á þessu sviði, en á síðustu missirum hefur hægt á þeirri þróun.

Í áætluninni er lýst því markmiði að heimiluð verði starfsemi fjármálafyrirtækja frá löndum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, í hverju landi fyrir sig. Möguleikinn á að þessi stefna geti komið til framkvæmda á tímabilinu 1990–1992 verður athugaður í ljósi þróunarinnar á þessu sviði innan Evrópubandalagsins.

Á aukafundi Norðurlandaráðs á Álandseyjum 14. nóvember sl. gáfu fjármálaráðherrar Norðurlanda út yfirlýsingu þess efnis að frá og með 1. júlí 1990 skuli öllum hömlum á fjármagnsflutningum milli landanna rutt úr vegi. Af hálfu íslenska fjármálaráðherrans var enn gerður fyrirvari, í þetta sinn varðandi umrædda tímasetningu. Endurteknir fyrirvarar bera með sér að ríkisstjórnin treystir sér ekki til að vera nágrannaþjóðunum samferða í aðlögun að breyttum aðstæðum í evrópsku fjármála- og viðskiptalífi. Þessi fyrirvarastefna er misráðin og hættuleg. Íslensk fyrirtæki í mörgum greinum atvinnurekstrar eiga líf sitt undir því að geta staðist erlendum keppinautum snúning. Möguleikar á fjármagni á samkeppniskjörum getur ráðið úrslitum í þessu efni. Jafnframt er eðlilegt að fjármagn hafi farveg út úr landinu til mótvægis við miklar lántökur erlendis frá. Reynslan sýnir að þegar fjármagnið streymir einungis í eina átt getur skapast mikill þrýstingur og jafnvægisleysi í efnahagslífinu.

Af öllum þessum ástæðum ber að fella brott hinn sérstaka fyrirvara sem gerður hefur verið af Íslands hálfu við hina norrænu áætlun. Íslendingum er heillavænlegast að eiga samstarf við nágrannaþjóðirnar í aðlögun að breyttum aðstæðum í Evrópu og verða þeim samferða að því marki. Leggja ber áherslu á það sem Ísland á sameiginlegt í efnahagslegu tilliti með nágrönnum sínum sem er miklu meira en það sem skilur á milli. Jafnframt er eðlilegt að fella á brott almennan fyrirvara sem gerður er af hálfu Íslands við samþykkt Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París, OECD, um aukið frelsi fjármagnshreyfinga (Code of Liberalisation of Capital Movements). Ísland er eina aðildarland stofnunarinnar sem gerir slíkan fyrirvara við samþykktina í heild sinni, en önnur lönd styðjast við fyrirvara við einstök atriði samþykktarinnar og hafa miðað að því að fækka slíkum fyrirvörum jafnt og þétt.

Gildandi lög um gjaldeyris- og viðskiptamál geyma víðtækar heimildir til að auka frelsi í gjaldeyrisviðskiptum. Á grundvelli þeirra má stíga öll þau skref í frjálsræðisátt sem hin norræna áætlun gerir ráð fyrir.

Nd. 690. Nefndarálit [240. mál]

um frv. til l. vegna aðildar Íslands að Evrópusamningi um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin fékk Þorstein A. Jónsson, deildarstjóra í dómsmálaráðuneytinu, á sinn fund til viðræðna um efni frumvarpsins. Lagt er til að frumvarpið verði samþykkt án breytinga.

Sighvatur Björgvinsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. mars 1990.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Ólafur G. Einarsson, fundaskr.	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.
Guðni Ágústsson.	Friðjón Þórðarson.	Ingi Björn Albertsson.

Nd. 691. Nefndarálit [263. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 41/1973.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin fékk Þorstein A. Jónsson, deildarstjóra í dómsmálaráðuneytinu, á sinn fund til viðræðna um efni frumvarpsins. Lagt er til að frumvarpið verði samþykkt án breytinga.

Sighvatur Björgvinsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. mars 1990.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Ólafur G. Einarsson, fundaskr.	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.
Guðni Ágústsson.	Friðjón Þórðarson.	Ingi Björn Albertsson.

Sþ. 692. Tillaga til þingsályktunar [396. mál]

um könnun á magni endurnýtanlegs pappírs, söfnun hans og endurnýtingu.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Margrét Frímannsdóttir.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta kanna hve mikið fellur til árlega af endurnýtanlegum pappír og með hvaða hætti væri unnt að safna honum skipulega saman og endurnýta.

Greinargerð.

Á árinu 1989 voru flutt til landsins 15.173,3 tonn af pappír. Sáralítið af því magni hefur verið endurnýtt. Ýmsir aðilar hafa verið með tilburði í þá átt að safna saman pappír til útflutnings eða endurvinnslu, en nú er einungis einn aðili sem safnar pappírsúrgangi og endurvinnur, þ.e. fyrirtækið Silfurtún hf. Þar eru framleiddir eggjabakkar og plöntuhlífar úr afskurði frá prentsmiðjum og stefnir nú í að með þeim hætti verði á þessu ári nýtt 200 tonn af pappírsúrgangi sem ella hefðu farið á haugana. Tvö hundruð tonn eru lítill hluti af öllum þeim pappír sem árlega er fluttur til landsins og fullyrða má að mun meira mætti nýta til endurvinnslu ef skipulega yrði staðið að könnun á því sem til fellur af endurnýtanlegum pappírsúrgangi, með hvaða hætti væri unnt að safna honum saman og þeim möguleikum sem eru á framleiðslu úr endurnýtanlegum pappír.

Alþingismenn mega leggja fram ný þingmál á þessu þingi fram til 10. apríl í vor. Frá þeim degi og til þinglausna er þó aðeins einn fundur í sameinuðu þingi á dagskrá og fjórir þingdagar í deildum, sjá fylgiskjal. Þannig er ljóst að ekki gefst tími til að fylgja seint fram komnum málum úr hlaði og tala fyrir þeim á þingfundum, hvað þá að ræða þau í nefndum Alþingis, leita álits og umsagna hjá fólki utan þingsins og ljúka málflutningi með lokaafgreiðslu í þingsölum. Sama má segja um þingmál sem lögð voru fram fyrr í vetur og jafnvel snemma á haustþingi. Mörg þingmál liggja enn óhreyfð í þingnefndum og sum hafa ekki enn þá verið tekin á dagskrá til umræðu.

Samkvæmt yfirliti um stöðu þingmála frá 9. mars 1990 bíður nú eitt stjórnarfrumvarp framhaldsumræðu í efri deild og þrettán eru komin til nefnda. Átta stjórnarfrumvörp bíða umræðu í neðri deild og sjö eru komin þar til nefnda. Tólf þingmannafrumvörp eru í nefndum efri deildar og tvö frumvörp bíða þar umræðu. Tuttugu og átta þingmannafrumvörp eru hins vegar komin til þingnefnda í neðri deild og átta frumvörp bíða umræðu. Fjáraukalög fyrir árið 1988 bíða afgreiðslu til nefndar í sameinuðu þingi og fjáraukalög fyrir árið 1990 bíða þar fyrstu umræðu.

Af sextíu stjórnarfrumvörpum er búið að afgreiða tuttugu og níu sem lög frá Alþingi. Fimmtíu þingmannafrumvörp hafa hins vegar ekki verið afgreidd. Átta munnlegum fyrirspurnum er ósvarað og tuttugu og þremur skriflegum en sumar þeirra eru síðan á miðju haustþingi.

Fjórtan þingsályktunartillögur frá alþingismönnum bíða umræðu í sameinuðu Alþingi en sextíu og þrjár tillögur eru í þingnefndum. Ein var felld, en fjórar hafa verið samþykktar. Fram að þinglausnum eru fjórtán almennir þingfundir í deildum Alþingis og átta fundir í sameinuðu þingi samkvæmt áætlun. Þannig er alveg ljóst að fjöldi þingmála mun á því Alþingi sem nú situr aldrei fá svokallaða þinglega meðferð: Að vera borið upp til atkvæða.

V.

Andinn á bak við þingræðið er að Alþingi ráði málum til lykta með lögum. Þannig tryggir þjóðin lýðræðið sem Íslendingar hafa kosið í landi sínu og skipt er í þrjá þætti: Löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Þingheimur velur sér svo ráðherra til að stjórna ríkinu í umboði Alþingis og framkvæma vilja þingsins. Alþingi er hin raunverulega valdastofnun fólksins í landinu og alþingismaðurinn er þar hornsteinn. Þetta er kjarni málsins.

Nú stendur yfir 112. löggjafarþing íslensku þjóðarinnar og liðin eru 1059 ár frá stofnun Alþingis. Fyrsti ráðherrann tók hins vegar við embætti á Íslandi fyrir áttatíu og sex árum og fyrsta ríkisstjórnin fyrir sjötíu og þremur árum. Þannig er Alþingi miklu eldri stofnun en bæði ráðherrar og ríkisstjórnir. Alþingi getur vel stjórnað án ráðherra en ráðherrar ekki án Alþingis. Löggjafarvaldið er æðra en framkvæmdarvaldið. Þetta er andi þingræðis og honum mega alþingismenn aldrei glata.

En framkvæmdarvaldið hefur því miður vaxið stöðugt í þjóðfélaginu á kostnað Alþingis, bæði í höndum ráðherra í ríkisstjórnum og eins hafa þingmenn löngum seilst í stærri hluta af framkvæmdarvaldinu fyrir sjálfa sig. Þannig hafa alþingismenn ekki staðið vörð um Alþingi sem löggjafarþing og afhenda sífellt stærri hluta af valdi þingsins umboðsmönnum sínum í ríkisstjórnum. Fyrir bragðið er komin slagsíða á löggjafann.

VI.

Hér skal nefnt dæmi um undanhald alþingismanna fyrir fulltrúum sínum á ráðherrastóli: Þingmál ríkisstjórnarinnar ganga sífellt fyrir þingmálum einstakra alþingismanna á dagskrá Alþingis. Alþingismenn eru kallaðir til aukafunda svo að ríkisstjórnarmál fáist afgreidd og iðulega er brugðið út af eðlilegri meðferð mála til að svo megi verða. Þingmenn stjórnarflokka eru líka boðaðir sérstaklega í þingsali þegar þingmál ríkisstjórnar eru borin undir atkvæði.

Þingmál alþingismanna hljóta að öllu jöfnu ekki svo röska afgreiðslu á Alþingi. Þau sitja jafnan á hakanum þegar þingmál ríkisstjórna hafa forgang. Þingheimur er ekki kallaður saman til aukafunda svo að afgreiða megi þingmál einstakra alþingismanna. Þingmenn stjórnarflokka eða stjórnarandstöðu eru heldur ekki boðaðir sérstaklega í þingsali þegar þingmál alþingismanna eru á dagskrá. Alþingismaðurinn hefur því sjálfur afsalað sér réttinum til að hafa áfram aldargamalt frumkvæði á Alþingi samkvæmt andanum á bak við þingræðið.

Má í þessu sambandi benda á frumvarp til laga frá þingmönnum fjárveitinganefndar í neðri deild Alþingis um fjárgreiðslur úr ríkissjóði. Frumvarpið bíður nú umræðu í deildinni en fyrsti flutningsmaður er Sighvatur Björgvinsson, formaður fjárveitinganefndar. Með því frumvarpi vilja flutningsmenn færa fjárveitingavaldið aftur í hendur Alþingis frá ráðherrum.

Þetta frumvarp er prófsteinn á vilja Alþingis í dag: Vill þingheimur færa kjarna þingstarfanna aftur undir löggjafarvald Alþingis eða vill þingheimur áfram vera í húsmennsku hjá ráðherrum sínum. Það er spurningin.

VII.

Á þingfundum á háttvirtu Alþingi í vetur hefur flutningsmanni stundum liðið eins og hverjum öðrum grip í eigu ríkisstjórnarinnar eða eins og bandingja í klóm stjórnarandstöðunnar. Þessar tvær fylkingar ráða framvindu mála í þingsölum og alþingismaðurinn sjálfur má

sín lítils með sín þingmál frammi fyrir þessu ofurefli. Þannig hefur yfirbygging þinghaldsins náð að sliga hornsteinana. Það eru döpur málalok.

Af þeirri líðan er þessi tillaga um breytta meðferð allra þingmála sprottin. Flutningsmaður telur það ekki í anda þingræðis að mál alþingismanna fái ekki þinglega meðferð hverju sinni og sæti lokaafgreiðslu í þingsölum. Hann sér ekki þingræðið í störfum Alþingis ef mál alþingismanna eru ekki borin undir atkvæði þingsins jafnt og mál ríkisstjórna. Það er frekar ríkisstjórnaræði en þingræði.

Án meiri hluta á þingi eru störf Alþingis vissulega erfiðleikum háð og meiri hluta þarf í öllum málum til að tryggja þingræðið. En hér er bent á að án alþingismannsins fæst aldrei meiri hluti. Alþingismaðurinn er áfram hornsteinn Alþingis.

VIII.

Með flutningi þessarar þingsályktunartillögu gerir flutningsmaður þær kröfur að öll þingmál, sem fram koma fyrir 10. apríl 1990, fái þinglega meðferð og sæti lokaafgreiðslu á Alþingi Íslendinga sem nú situr: Frumvörp til laga, þingsályktunartillögur, beiðnir um skýrslur og fyrirspurnir, eða önnur þau mál sem Alþingi fjallar um, hverju nafni sem nefnast. Greidd verði atkvæði um frumvörp, tillögur og beiðnir og fyrirspurnum svarað. Forsetar Alþingis ásamt formönnum þingflokka tryggi alþingismönnum þessi málalok með breyttri skipan mála og dagskrár fram að þinglausnum. Alþingi sitji lengur en til 27. apríl 1990 ef þess gerist þörf til að ná þessu markmiði.

Fylgiskjal.

OKTÓBER 1989	NÓVEMBER 1989	DESEMBER 1989	JANÚAR 1990	FEBRÚAR 1990	MARS 1990	APRÍL 1990
10.Þ Þingsetning 11.M Forsetakjör 12.F Nefndakjör 13.F 14.L	1.M Deildir 2.F Sþ. 3.F 4.L	1.F 2.L	1.M 2.Þ 3.M 4.F 5.F 6.L	1.F Sþ. 2.F 3.L	1.F 2.F 3.L	1.S 2.M Sþ. 3.Þ Deildir 4.M Deildir 5.F Byggðastofnun 6.F Deildir 7.L
15.S 16.M Sþ. 17.Þ Deildir 18.M Deildir 19.F Sþ. 20.F 21.L	5.S 6.M Sþ. 7.Þ Deildir 8.M Deildir 9.F Sþ. 10.F 11.L	3.S 4.M Sþ. 5.Þ Deildir 6.M 2. umr. fjárlaga 7.F Sþ. 8.F Deildir 9.L	7.S 8.M 9.Þ 10.M 11.F 12.F 13.L	4.S 5.M Sþ. 6.Þ Deildir 7.M Deildir 8.F Sb. 9.F 10.L	4.S 5.M Sþ. 6.Þ Deildir 7.M Deildir 8.F Sb. 9.F 10.L	8.S 9.M Sþ. 10.Þ Deildir *
22.S 23.M Stefnuræða 24.Þ Deildir 25.M Deildir 26.F 1. umr. fjárlaga 27.F 28.L	12.S 13.M Sþ. 14.Þ Deildir 15.M 16.F 17.F 18.L	10.S 11.M Sþ. 12.Þ Deildir 13.M Deildir 14.F Sþ. 15.F Deildir 16.L	14.S 15.M 16.Þ 17.M 18.F 19.F 20.L	11.S 12.M Sþ. 13.Þ Deildir 14.M Deildir 15.F Sþ. 16.F 17.L	11.S 12.M Sþ. 13.Þ Deildir 14.M Deildir 15.F Sþ., skýrsla um- 16.F (boðs- 17.L (manns	11.M 12.F (Skírdagur) 13.F (Föstud. langi) 14.L
29.S 30.M Sþ. 31.Þ Deildir	19.S 20.M Sþ. 21.Þ Deildir 22.M Deildir 23.F Sþ., EFTA-EB 24.F Sþ. 25.L	17.S 18.M Sþ., deildir 19.Þ 3. umr. fjárlaga 20.M Deildir. Sþ. 21.F Jólahlé 22.F 23.L	21.S 22.M Sþ. 23.Þ Deildir 24.M Deildir 25.F Sþ., skýrslur al- 26.F (þjóða- 27.L (nefnda	18.S 19.M Sþ. 20.Þ Deildir 21.M Deildir 22.F Sþ. 23.F 24.L	18.S 19.M Sþ. 20.Þ Deildir 21.M Deildir 22.F Utanríkismál 23.F Utanríkismál 24.L	15.S (Páskar) 16.M (Annar páskad.) 17.Þ 18.M Deildir 19.F (Sumard. fyrsti) 20.F Deildir 21.L
	26.S 27.M Sþ., kosningar 28.Þ Deildir 29.M Deildir 30.F Sþ.	24.S (Aðfangadagur) 25.M 26.Þ 27.M 28.F 29.F 30.L	28.S 29.M Sþ. 30.Þ Deildir 31.M Deildir	25.S 26.M (Norðurlanda- 27.Þ ráðsfundur í 28.M Reykjavík)	25.S 26.M Sþ. 27.Þ Deildir 28.M Deildir 29.F Sþ. 30.F 31.L	22.S 23.M Eldhús 24.Þ Deildir 25.M Deildir 26.F Sþ. 27.F Þinglausnir 28.L
		31.S				29.S 30.M

* Síðasti skiladagur nýrra þingmála

Ed. 700. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til l. um Námsgagnastofnun.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Ásgeir Guðmundsson, forstjóri Námsgagnastofnunar, kom til viðræðna við nefndina um efni frumvarpsins. Einnig bárust nefndinni umsagnir Bandalags kennarafélaga, Námsgagnastofnunar og Samtaka foreldra og kennara í Reykjavík.

Nefndarmenn eru sammála um að leggja til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Þessar breytingar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að fyrri málsgrein 1. gr. og 1. málsl. 8. gr. verði sameinuð.
2. Aðrir málsliðir 8. gr. falli brott þar sem málsskotsleið sú, sem kveðið er á um, er þegar fyrir hendi, sbr. almennar reglur stjórnsýsluréttar.
3. Lagt er til að 2. mgr. 1. gr. verði breytt þannig að Námsgagnastofnun verði heimilt að annast verkefni fyrir tónlistarskóla.
4. 2. gr. verði breytt þannig að stjórn stofnunarinnar skipi áfram sjö menn og verði hún skipuð með sambærilegum hætti og núgildandi lög kveða á um.

Salome Þorkelsdóttir og Guðrún Agnarsdóttir áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum er fram kunna að koma.

Halldór Blöndal var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. mars 1990.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr., með fyrirvara.	Salome Þorkelsdóttir, með fyrirvara.
Skúli Alexandersson.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Jón Helgason.

Ed. 701. Breytingartillögur [167. mál]

við frv. til l. um Námsgagnastofnun.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Hlutverk Námsgagnastofnunar er að sjá grunnskólum fyrir sem bestum náms- og kennslugögnum sem eru í samræmi við uppeldis- og kennslufræðileg markmið laga um grunnskóla og aðalnámsskrár.
   b. Á undan orðinu „framhaldsskóla“ í 2. mgr. komi: tónlistarskóla og.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „níu manna námsgagnastjórn“ í fyrri málsgrein komi: sjö manna námsgagnastjórn.
   b. a-liður fyrri málsgreinar orðist svo:
      einn fulltrúa tilnefndan af Félagi skólastjóra og yfirkennara.
   c. b-liður fyrri málsgreinar orðist svo:
      tvo fulltrúa tilnefnda af Kennarasambandi Íslands og skulu þeir starfa á grunnskólastigi.
   d. c-liður fyrri málsgreinar orðist svo:
      einn fulltrúa tilnefndan af Hinu íslenska kennarafélagi og skal hann starfa á framhaldsskólastigi.

e. d-liður fyrri málsgreinar orðist svo:
einn fulltrúa tilnefndan af Kennaraháskóla Íslands.
f. Við greinina bætist ný málsgrein er orðist svo:
Ef stofnuð verða landssamtök foreldrafélaga skal þeim heimilt að tilnefna einn áheyrnarfulltrúa í námsgagnastjórn með málfrelsi og tillögurétti.

3. 8. gr. falli brott.

Nd. 702. Frumvarp til laga [402. mál]

um innflutning dýra.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

Merking orða er í lögum þessum sem hér segir:

Búfé: Hvers konar dýr sem haldin eru og alin í þeim tilgangi að hafa af þeim nytjar.

Búfjárræktarnefnd: Nefnd skv. 5. gr. laga um búfjárrækt, nr. 84 30. maí 1989.

Dýr: Öll lifandi landdýr, bæði hryggdýr og hryggleysingjar, að undanskildum manninum, og lagardýr sem lifa að hluta eða öllu leyti í fersku vatni.

Einangrunarstöð: Sóttvarnaraðstaða fyrir loðdýr, fugla og fiska.

Erfðaefni: Hvers kyns efni sem geymir erfðaeiginleika, dýra svo sem fósturvísir (frjóvgað egg eða fóstur á frumstigi), egg, sæði eða annað lifandi efni sem af getur vaxið nýtt dýr.

Sóttvarnastöð: Staður þar sem dýr og erfðaefni eru geymd meðan rannsakað er hvort þau eru haldin smitsjúkdómi.

Umsjónardýralæknir: Hver sá dýralæknir sem sérstaklega hefur verið skipaður vegna innflutnings samkvæmt lögum þessum.

Umsjónarmaður: Yfirmaður sóttvarnastöðvar þar sem dýr hafa verið flutt inn samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin og villt, svo og erfðaefni.

Landbúnaðarráðherra getur, að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, vikið frá banni því sem um getur í 1. mgr. og leyft innflutning dýra og erfðaefnis, enda sé stranglega fylgt þeim fyrirmælum, sem felast í lögum þessum, og reglugerðum er settar verða samkvæmt þeim.

Dýrum, sem flutt eru inn án heimildar, skal tafarlaust lógað og skrokkum eytt svo að eigi stafi hætta af. Eggjum, sæði eða fósturvísum, skal á sama hátt eytt, svo og dýrum sem sædd kunna að hafa verið eða notuð sem fósturmæður, og afkvæmum sem kunna að hafa fæðst eftir slíkan ólöglegan innflutning.

3. gr.

Þegar yfirdýralæknir mælir með eða hafnar innflutningi dýra eða annars erfðaefnis skal hann skila rökstuddu áliti um heilbrigðisástand í viðkomandi landi eða landsvæði og meðmælum skulu fylgja vottorð frá viðkomandi heilbrigðisyfirvöldum um að þar finnist ekki sjúkdómar í dýrum sem sérstaklega þarf að óttast hér á landi.

Þegar óskað er heimildar til innflutnings á búfé skal ráðherra skipa nefnd þriggja dýralækna, yfirdýralækni til ráðuneytis. Skal einn þeirra tilnefndur af Tilraunastöð Háskólans í meinafræði, annar af yfirdýralækni og sá þriðji skipaður án tilnefningar.

4. gr.

Áður en leyfi til innflutnings á búfé eða erfðaefni þess er veitt skal ráðherra leita álits búfjárræktarnefndar í viðkomandi búgrein og skal hún meta þörf eða hugsanlegan ábata fyrir íslenska búfjárrækt af slíkum innflutningi. Skal nefndin gera tillögur um hvaða kyn skuli flytja inn, með hvaða hætti og frá hvaða landi.

Búfjárræktarnefnd skal leggja mat á innflutning þann, sem óskað er eftir skv. þeim upplýsingum, sem fylgja með umsókninni, og yfirdýralæknir lætur í té skv. 3. gr. þessara laga. Nefndin getur lagt til annað form á innflutningi en umsækjandi gerir ráð fyrir telji hún það tryggara og forsendur fyrir meðmælum með umsókninni.

5. gr.

Áður en leyfi er veitt til innflutnings á nýjum dýrategundum eða erlendum stofnum tegunda sem hér eru fyrir skal landbúnaðarráðherra afla umsagnar Náttúruverndarráðs.

6. gr.

Landbúnaðarráðuneytið skal annast og bera ábyrgð á innflutningi búfjár sem heimilaður kann að verða samkvæmt lögum þessum. Á sama hátt annast það framræktun kynja, sem inn verða flutt, en landbúnaðarráðherra er þó heimilt að fela hana einstökum búgreinasamtökum eða ræktunarfélögum, enda mæli yfirdýralæknir og viðkomandi búfjárræktarnefnd með því. Viðkomandi aðili skal þá sýna fram á að hann geti fullnægt öllum skilyrðum um sóttvarnir og aðbúnað og kostað framræktunina að öllu leyti. Slíkt framsal skal ávallt bundið við einn innflutning með ákveðnum tímamörkum.

7. gr.

Vegna innflutnings á dýrum og erfðaefni samkvæmt lögum þessum skal vera til staðar eða byggð sóttvarnastöð á hentugum stað. Öll aðstaða til einangrunar og sóttvarna skal fullnægja þeim kröfum sem yfirdýralæknir telur nauðsynlegar og nánar skal kveðið á um í reglugerð.

8. gr.

Þegar dýr eða erfðaefni er valið til innflutnings skal hvert einstakt dýr, sem flytja skal inn, karldýr sem eru fyrirhugaðir sæðisgjafar, og foreldrar, sem gefið hafa frjóvguð egg, heilbrigðisskoðuð af viðurkenndum dýralækni og skulu vottorð og aðrar nauðsynlegar upplýsingar fylgja með þegar innflutningur fer fram. Fósturvísa, egg eða sæði má aðeins flytja frá viðurkenndum kynbótastöðvum þar sem fylgst hefur verið með heilbrigði foreldra eða foreldris nægilega lengi að mati yfirdýralæknis. Landbúnaðarráðherra skal setja reglur samkvæmt tillögum yfirdýralæknis um kröfur til hvers kyns upplýsinga og vottorða sem þurfa að liggja fyrir þegar slíkur innflutningur er leyfður.

9. gr.

Einangra skal öll innflutt dýr og erfðaefni á sóttvarnastöð svo lengi sem yfirdýralæknir telur þörf á undir stöðugu eftirliti umsjónarmanns stöðvarinnar.

Umsjónarmaður sóttvarnastöðvar skal ráðinn af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, og skal hann fá sérstakt erindisbréf. Umsjónarmaður skal vera dýralæknir er hafi sérstaka þekkingu og þjálfun í eggjaflutningi og sæðingum búfjár. Umsjónarmanni er óheimilt að stunda lækningar dýra utan sóttvarnastöðvar.

Landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, reglugerð um allt er veit að rekstri sóttvarna- og einangrunarstöðva og öryggi gagnvart hugsanlegri sýkingarhættu frá þeim, þar á meðal ströng ákvæði um mannaferðir, meðferð áburðar, hvers konar úrgangs og afurða frá stöðvunum. Starfsmenn við slíkar stöðvar skulu fá sérstök erindisbréf og skal umsjónarmaður ábyrgur fyrir því að öryggisreglum sé fylgt.

10. gr.

Óheimilt er að flytja innflutt dýr eða dýr, sem hafa vaxið af innfluttu erfðaefni, út af sóttvarnastöð.

Þegar tryggt þykir að við innflutning hafi ekki borist neinir erfðagallar eða smitsjúkdómar, hættulegir íslenskum dýrum og liðinn er ákveðinn tími, sem nánar skal kveðið á um í reglugerð, frá síðasta innflutningi dýra eða erfðaefnis getur yfirdýralæknir heimilað að dýr eða erfðaefni, annað en getið er í 1. mgr., séu flutt úr sóttvarnastöð.

11. gr.

Hreinræktun innfluttra kynja og blöndun þeirra við innlent búfé skal vera undir stjórn viðkomandi búfjárræktarnefnda sem starfa eftir lögum um búfjárrækt.

12. gr.

Íslensk dýr, sem tekin eru til blöndunar við innflutt búfjárkyn eða til að vera fósturmæður við innflutning á fósturvísum, skulu valin af ráðunautum Búnaðarfélags Íslands í viðkomandi búgrein og skal yfirdýralæknir eða fulltrúi hans ganga úr skugga um að þeir séu eigi grunaðir um eða haldnir smitsjúkdómum. Ekki má hefja ræktun á íslensku búfjárkyni með innfluttu kyni fyrr en gengið hefur verið úr skugga um hvernig kynin blandast og að einblendingsrækt með íslenska kyninu fylgi ekki alvarlegir burðarerfiðleikar eða skapgerðargallar.

Gæta skal þess að verðmætir eiginleikar í íslenskum búfjárkynjum tapist ekki við blöndun við innflutt kyn. Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði sem kveða svo á um að aðeins megi nota hið innflutta kyn til einblendingsræktar telji ráðunautur Búnaðarfélags Íslands og/eða viðkomandi búfjárræktarnefnd ástæðu til.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. þessara laga er landbúnaðarráðherra heimilt að leyfa innflutning loðdýra, sem haldin eru í búrum, frjóvgaðra alifuglaeggja frá viðurkenndum kynbótabúum og fiskum og erfðaefni þeirra á einangrunarstöð. Slíkt leyfi skal þó aðeins veita ef fyrir liggja meðmæli yfirdýralæknis. Aðeins skal leyft að flytja dýr úr einangrunarstöð á bú sem fullnægja þeim ákvæðum sem yfirdýralæknir setur til að hindra smithættu frá þeim og fá viðurkenningu landsráðunautar í greininni. Dýr má ekki flytja úr einangrunarstöð fyrr en þau hafa dvalið svo lengi í einangrun að tryggt þyki að mati yfirdýralæknis að þau séu ekki haldin neinum smitsjúkdómi.

14. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt, ef fyrir liggja meðmæli yfirdýralæknis, að víkja frá ákvæðum 10. gr. þessara laga og veita leyfi til þess að heimilisdýr, sem ekki eru af ætt hóf- og klaufdýra, séu flutt úr sóttvarnastöð. Slíkur flutningur skal ekki fara fram fyrr en dýrin hafa verið svo lengi í einangrun að tryggt þyki að mati yfirdýralæknis að dýrin séu ekki haldin neinum smitsjúkdómum. Slíku leyfi mega fylgja ákvæði um að dýralæknir fylgist reglulega með heilsufari dýranna á kostnað eigenda svo lengi sem yfirdýralæknir telur slíkt nauðsynlegt.

15. gr.

Komi upp alvarlegur smitsjúkdómur í sóttvarna- eða einangrunarstöð skal gera hverjar þær ráðstafanir sem þurfa þykir til að hefta útbreiðslu hans, m.a. fella dýr, ef nauðsyn krefur, og stöðva dreifingu erfðaefnis þaðan. Rekstraraðili ber allan kostnað af slíkum aðgerðum og er skyldur að hlíta fyrirmælum yfirdýralæknis í einu og öllu.

Eigendum er skylt að hlíta fyrirmælum yfirdýralæknis um eyðingu dýra í stöðvunum og eiga þeir ekki rétt á bótum fyrir dýr sem eyða þarf vegna slíkra aðgerða.

16. gr.

Heimilt er að geyma djúpfryst sæði eða fósturvísa utan sóttvarnastöðvar að fengnu leyfi og eftir fyrirsögn yfirdýralæknis. Umsjónarmaður sóttvarnastöðvar skal halda nákvæma skrá um alla gripi sem koma í stöðina eða fæðast þar, svo og um sæði og fósturvísa sem þar er tekið eða þaðan flutt. Við mælingar á gripum og skýrsluhald skal umsjónarmaður fara eftir fyrirmælum viðkomandi búfjárræktarnefndar.

17. gr.

Nú telur yfirdýralæknir að tryggt sé orðið að með innflutningi Galloway-kyns til Hríseyjar hafi engir hættulegir sjúkdómar borist og getur hann þá heimilað að erfðaefnið verði flutt til lands. Ræktun kynsins í landi skal lúta ákvæðum laga um búfjárrækt.

18. gr.

Nú er ákveðið að leggja niður sóttvarnastöð sem starfrækt hefur verið og ekki þykir rétt að mati viðkomandi búfjárræktarnefndar að nota frekar það erfðaefni sem þar er geymt og skal þá eyða því svo að ekki stafi hætta af eða gera aðrar ráðstafanir sem tryggja að frá því stafi ekki sýkingarhætta. Gripi slíkrar stöðvar skal fella hafi ekki verið heimilað samkvæmt lögum þessum að flytja þá úr einangrun.

19. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs. Berist sjúkdómur til landsins vegna vanrækslu, varðar það þann sem vanrækslu hefur sýnt starfs- og stöðumissi eða fangelsi ef miklar sakir eru.

Ef lifandi dýr, fósturvísar, egg eða annað erfðaefni dýra er flutt til landsins án heimildar, sbr. 2. gr., varðar það sektum fyrir eiganda, svo og fyrir skipstjóra eða flugstjóra á farartæki því, sem dýrin eða erfðaefnið flutti, ef ætla má að það sé flutt með hans vitund.

20. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og Búnaðarfélags Íslands.

Um starfsemi sóttvarnastöðvar ríkisins í Hrísey fer samkvæmt lögum þessum.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög um innflutning búfjár, nr. 74 28. apríl 1962, lög nr. 49 11. maí 1989, um breytingu á þeim lögum, 48.–52. gr. búfjárræktarlaga, nr. 31 24. apríl 1973, svo og 3. gr. laga um loðdýrarækt, nr. 53 29. maí 1981.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 24. febrúar 1987 var samþykkt á Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að láta endurskoða lög um innflutning búfjár, nr. 74/1962. Endurskoðun laganna taki mið af þeim breytingum sem orðið hafa á tækni við flutning erfðaefnis búfjár og athuguð verði sérstaklega sú grein laganna sem fjallar um þær tegundir nautgripa sem innflutningur er heimill á. Stefnt verði að því að leggja lagafrumvarp um mál þetta fyrir næsta þing.

Í samræmi við ályktun Alþingis skipaði landbúnaðarráðherra, með bréfi dags. 26. maí 1987, eftirtalda í nefnd til að vinna að endurskoðun laganna: Davíð Aðalsteinsson formann, Jónas Jónsson og Þorstein Ólafsson.

Við umfjöllun Alþingis var málið sent nokkrum aðilum til umsagnar. Flestar umsagnir voru jákvæðar fyrir efni tillögunnar en lögð var áhersla á mikilvægi þess að ýtrustu varúðar skyldi gætt framvegis sem hingað til um allar sjúkdómavarnir.

Segja má að samkvæmt orðanna hljóðan fjalli umrædd þingsályktun í þrengsta skilningi um nautgripi, sbr. „og athuguð verði sérstaklega sú grein laganna sem varðar tegundir nautgripa sem innflutningur er heimill á“. Jafnframt er í greinargerð með tillögunni efnislega svo að segja eingöngu fjallað um nautgripi.

Nefndin tók þann kostinn að vinna við endurskoðun laganna á breiðum grunni og án þess að taka afstöðu til innflutnings einstakra búfjárkynja eða dýrategunda, enda verði slíkt til ákvörðunar hverju sinni þar til bærra aðila á grundvelli laga og reglna. Nefndin leitaði álits margra á sviði búfjárræktar og sjúkdómavarna. Viðhorf einstakra aðila voru nokkuð breytileg til þessara mála og mismunandi rök færð fyrir þörfinni á breyttum reglum um innflutning dýra. Þrátt fyrir ólíkar áherslur, sem fram komu í greinargerðum og/eða viðræðum við nefndina, voru allir á einu máli um að allrar varúðar skyldi gætt til að forðast sjúkdóma.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er að stofni til byggt á tillögum ofangreindrar nefndar. Frá því að gengið var frá þeim tillögum hafa verið sett ný lög um búfjárrækt og því hafa ýmis atriði frumvarpsins, sem lúta að búfjárrækt, verið sett upp í samræmi við hin nýju lög. Einnig hafa möguleikar til innflutnings í þeim tilgangi að bæta alifugla- og svínastofna í landinu verið til sérstakrar athugunar af hálfu landbúnaðarráðuneytisins og viðkomandi bænda að undanförnu og sú umræða hefur m.a. varpað ljósi á atriði sem gera þarf ráð fyrir í lögum um innflutning dýra og erfðaefnis.

Í frumvarpinu er meginreglan sú að bannað sé að flytja inn dýr, svo sem verið hefur. Landbúnaðarráðherra getur þó vikið frá banni þessu, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, og leyft innflutning, eins og er í gildandi lögum, og einnig á erfðaefni, en frá setningu gildandi laga hefur flutningur þess komið til sögunnar með nýrri tækni.

Gert er ráð fyrir því að landbúnaðarráðherra geti því aðeins leyft innflutning að yfirdýralæknir mæli með slíkum innflutningi, og að fenginni umsögn búfjárræktarnefnda, þegar um búfé er að ræða. Jafnframt er gert ráð fyrir að landbúnaðarráðherra leiti umsagnar Náttúruverndarráðs þegar um nýja stofna eða tegundir dýra er að ræða og fela breytingar þessar í sér víðtækara faglegt mat en er nú samkvæmt gildandi lögum.

Þau ákvæði frumvarpsins, sem kveða á um aðdraganda að umfjöllun af hálfu búfjárræktarnefnda, ættu að tryggja fagleg viðhorf með tilliti til ræktunar og kynbóta.

Frumvarp þetta, ef að lögum verður, skyldar ríkissjóð ekki til nýrra fjárútláta, enda er ákvörðun landbúnaðarráðherra um innflutning sjálfstæð ákvörðun hverju sinni.

Af öryggisástæðum er það mikilvæg grundvallarregla að opinber aðili annist innflutning og geti þannig borið ábyrgð á að ekki berist til landsins sjúkdómar sem valda stórfelldu tjóni eins og dæmin sanna.

Unnt er að verulegu leyti að nýta þær fjárfestingar sem fyrir eru í landinu til sóttvarna vegna þess innflutnings sem nauðsynlegur kann að reynast á næstunni og á það bæði við um gæludýr og flest nytjadýr. Hins vegar er gert ráð fyrir að einangrunarstöðvar vegna innflutnings á loðdýrum, alifuglaeggjum og erfðaefni fiska verði eingöngu í höndum innflutningsaðila en undir ströngu eftirliti opinberra aðila.

Að öðru leyti skal vísað til athugasemda um einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er áréttað, eins og í eldri lögum, bann við innflutningi dýra. Með dýrum er átt við öll dýr, önnur en menn og lagardýr, eins og nánar er rakið í orðskýringum 1. gr.

Jafnframt er getið frávika sem landbúnaðarráðherra getur leyft, þó aðeins að fengnum meðmælum yfirdýralæknis. Þá er einnig getið um hvernig eytt skuli ólöglegum, innfuttum dýrum eða erfðaefni.

Um 3. gr.

Greinin segir til um hlutverk yfirdýralæknis við umsóknir um innflutning og nefnd dýralækna sem skal vera honum til ráðuneytis þegar sótt er um að flytja til landsins búfé eða erfðaefni þess.

Um 4. gr.

Í greininni er lagt til að búfjárræktarnefndir meti þörf á innflutningi í hverju einstöku tilviki þegar um búfé eða erfðaefni þess er að ræða og á það að tryggja að við innflutning, ef leyfður verður, ráði ræktunarfræðileg sjónarmið ákvörðun um hvaða kyn eru valin og hvaðan flutt.

Um 5. gr.

Greinin er nýmæli og fjallar um tilvik þegar flytja á inn nýjar dýrategundir eða erlenda stofna tegunda sem fyrir eru í landinu. Þá skal landbúnaðarráðherra afla umsagna frá Náttúruverndarráði sem í samráði við aðra sérfróða aðila á sviði náttúrufræði og líffræði legði mat á þau áhrif sem innflutningur viðkomandi dýra gæti haft á íslenska náttúru. Slíkt ákvæði verður að telja afar mikilvægt til að útiloka röskun hins viðkvæma lífríkis landsins.

Um 6. gr.

Frumvarpið gengur út frá þeirri meginreglu að landbúnaðarráðuneytið annist og beri ábyrgð á innflutningi búfjár. Af öryggisástæðum er það mikilvæg grundvallarregla að opinber aðili annist innflutning og geti þannig borið ábyrgð á að ekki berist til landsins sjúkdómar sem valda stórfelldu tjóni, eins og dæmin sanna. Af sömu ástæðum er gert ráð fyrir að ríkissjóður kosti innflutning búfjár, nema um annað sé sérstaklega samið, t.d. við samtök bænda í viðkomandi búgrein. Gert er ráð fyrir að slíkt kæmi frekast til ef um væri að ræða endurtekinn innflutning sem ætla mætti að skilaði sér tiltölulega fljótt í betri afkomu greinarinnar. Innflutning með langtímamarkmið í huga mundi ríkissjóður kosta svo fremi að fé væri til þess veitt á fjárlögum. Þar gæti þó jafnframt komið til kostnaðarþátttaka utanaðkomandi aðila.

Framræktun kynja, sem inn verða flutt, þ.e. eftir að fyrstu einangrun lýkur, skal ráðuneytið sömuleiðis annast, en þó er ráðherra heimilt að fela hana að öllu leyti einstökum búgreinasamtökum eða ræktunarfélögum að uppfylltum vissum skilyrðum.

Um 7. gr.

Fjallað er um sóttvarnastöð fyrir dýr sem skal vera tilbúin til notkunar áður en innflutningur á sér stað. Um sóttvarnastöðvar ber að setja reglugerðir þegar í upphafi byggingar þeirra.

Um 8. gr.

Greinin fjallar um kröfur til heilbrigðisskoðunar á öllum dýrum sem snerta fyrirhugaðan innflutning. Ástæða þykir til að setja með reglugerð nánari ákvæði um kröfur til heilbrigðisvottorða og annarra upplýsinga, svo sem um ætterni sem liggja verða fyrir við innflutning.

Um 9. gr.

Hér kemur fram að öll dýr eða erfðaefni, sem til landsins koma, skulu í upphafi vistuð í sóttvarnastöð. Fjallað er um einangrun innfluttra dýra, eyðingu úrgangs og um kröfur til starfsmanna. Ákvæði þessarar greinar verða nánar útfærð í reglugerð.

Um 10. gr.

Hér er lagt bann við að innflutt dýr eða dýr sem hafa vaxið af innfluttu erfðaefni, svo sem kálfar, sem fæðst hafa eftir notkun á innfluttu sæði, eða grís sem kom til einangrunarstöðvar sem fósturvísir, fari lifandi út úr sóttvarnastöð. Hins vegar getur yfirdýralæknir, þegar hann metur það óhætt, heimilað að erfðaefni og jafnvel dýr af síðari kynslóðum séu flutt úr stöðinni. Flutningur lifandi dýra frá sóttvarnastöð mundi þó fyrst og fremst geta komið til á lokastigi hvers „innflutnings“, sbr. 18. gr.

Um 11. gr.

Í greininni eru ákvæði um stjórn framræktunar innfluttra búfjárkynja og blöndun þeirra við íslenskt búfé.

Um 12. gr.

Í greininni eru nánari ákvæði um blöndun innlendra og erlendra dýra, m.a. til að koma í veg fyrir að hin innfluttu dýr smitist af innlendum búfjársjúkdómum og að eiginleikar íslenskra dýra fari ekki forgörðum við blöndun búfjárkynja.

Um 13. gr.

Hér eru sérstök ákvæði um innflutning loðdýra, sem haldin eru í búrum, frjóvgaðra alifuglaeggja og fiska eða erfðaefnis þeirra og heimild til að hafa þau í sérstökum einangrunarstöðvum. Þau ákvæði eru sniðin eftir þeim venjum sem fylgt hefur verið við innflutning loðdýra og alifuglaeggja til landsins á undanförnum árum.

Um 14. gr.

Greinin fjallar um innflutning heimilisdýra og flutning þeirra úr einangrun.

Um 15. gr.

Í þeim tilfellum, sem hér um ræðir, hefur yfirdýralæknir yfirumsjón og úrslitavald í aðgerðum gegn alvarlegum smitsjúkdómum sem upp koma í sóttvarnastöð eða einangrunarbúi. Í 2. mgr. eru tekin af öll tvímæli um að eigendum dýra í sóttkví sé skylt að hlíta fyrirmælum um ráðstafanir gegn útbreiðslu smitsjúkdóma í sóttvarna- eða einangrunarstöð og að þeir eigi ekki rétt á bótum fyrir dýr sem eyða þarf.

Um 16. gr.

Greinin fjallar um hugsanlega geymslu djúpfrysts erfðaefnis utan sóttvarnastöðvar og um skýrsluhald og ræktunarþætti.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Hér eru ákvæði um hvernig staðið skuli að því að leggja niður sóttvarnastöð.

Um 19. gr.

Ákvæði greinarinnar um sektir eru óbreytt frá gildandi lögum.

Um 20.–21. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Ed. 703. Frumvarp til laga [403. mál]

um breytingu á lögum nr. 51 29. maí 1981, um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein er verði 2. mgr., svohljóðandi:

Til að standa straum af kostnaði við eftirlit með innflutningi plantna samkvæmt lögum þessum er ráðherra heimilt að láta innheimta sérstakt eftirlitsgjald af öllum innfluttum plöntum og má gjaldið vera tiltekin krónutala á hverja þyngdareiningu eða hlutfall af tollverði vörunnar. Þó má eftirlitsgjaldið aldrei vera hærra en nemur 2% af tollverði vörunnar. Eftirlitsgjald þetta má taka lögtaki. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gjaldskyldu, innheimtu, gjalddaga, lögvernd og annað er lýtur að framkvæmd á innheimtu gjaldsins. Þá setur ráðherra í reglugerð ákvæði um eftirlitsgjald á útfluttar plöntur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum nr. 51 29. maí 1981, um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, er m.a. gert ráð fyrir því að reynt sé að koma í veg fyrir að hættulegir skaðvaldar berist til landsins og dreifist innan lands, svo og að þeim skaðvöldum, sem þegar hafa borist til landsins, verði útrýmt ef það telst framkvæmanlegt. Eru landbúnaðarráðherra veittar ýmsar heimildir samkvæmt lögunum í þessu skyni, þar á meðal að kveða á um eftirlit með inn- og útflutningi og dreifingu innan lands á öllum tegundum plantna, mold, húsdýraáburði o.fl. sem borið getur sjúkdóma og meindýr í plöntur. Eftirlit þetta hefur Rannsóknastofnun landbúnaðarins á hendi samkvæmt ákvörðun ráðherra í reglugerð.

Reynslan sýnir að skaðvaldar, sem borist hafa til landsins með innfluttum plöntum, hafa valdið verulegu tjóni í ræktun hér á landi. Má í því sambandi nefna bakteríusjúkdóminn hringrot í kartöflum og skordýrið „ameríska blómatripsið“ í gróðurhúsum, sem valdið hafa verulegu tjóni og kostnaði við útrýmingaraðgerðir. Á síðasta ári var óskað eftir sérstakri fjárveitingu að upphæð 6 millj. kr. til að auðvelda útrýmingu á „ameríska blómatripsinu“ sem áður er nefnt, án þess að það væri samþykkt.

Telja verður eðlilegt að lög um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum veiti svigrúm til að leggja sérstakt eftirlitsgjald á innfluttar plöntur, eins og þær eru skilgreindar í lögunum, þannig að innflutningur þessara vörutegunda beri að einhverju eða öllu leyti þann kostnað sem af eftirliti leiðir. Slíkt gjald er jafnframt nauðsynlegt til að unnt sé að efla það eftirlit, sem nú er með slíkum innflutningi, en mikilvægi þess þarf vart að tíunda nánar. Heimild til gjaldtöku þeirrar, sem frumvarp þetta miðar að, skortir í áðurnefnd lög nr. 51 29. maí 1981 og því er frumvarp þetta flutt.

Fordæmi er fyrir gjaldtöku sem þessari í lögum nr. 53 16. maí 1978, um eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, áburði og sáðvöru og verslun með þær vörur. Í 23. og 24. gr. þeirra laga er kveðið á um gjaldskyldu innflutningsaðila og framleiðenda á vörunum til eftirlitssjóðs Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og miðast gjaldtakan við að standa undir óhjákvæmilegum kostnaði við framkvæmd eftirlits.

Gert er ráð fyrir því að eftirlitsgjaldið sé annað tveggja tiltekin krónutala á hverja þyngdareiningu eða hlutfall af tollverði vörunnar. Er innheimtu þess fyrst og fremst ætlað að

ná til innfluttra blómlauka, græðlinga, pottaplantna, trjáa og runna, afskorinna blóma, jólatrjáa, kartaflna og fersks grænmetis í 6. og 7. kafla tollskrár. Ekki er ætlunin að innheimta gjaldið af innfluttum ávöxtum vegna plöntusjúkdóma, enda verður að líta svo á að eftirlit þeirra vegna snúist fyrst og fremst um ýmis aðskotaefni. Á sama hátt er ekki ætlunin að innheimta eftirlitsgjaldið af frystum og þurrkuðum matjurtum.

Í 1. gr. frumvarpsins er sá varnagli að gjaldið verði aldrei hærra en sem nemur 2% af tollverði vörunnar. Þá er í greininni gert ráð fyrir að ráðherra setji í reglugerð fyllri ákvæði varðandi gjaldskyldu og önnur atriði er lúta að framkvæmd á innheimtu eftirlitsgjaldsins.

Sþ. 704. Tillaga til þingsályktunar [404. mál]

um heillaóskir til litáísku þjóðarinnar í tilefni sjálfstæðisyfirlýsingar hennar.

Frá utanríkismálanefnd.

Alþingi ályktar að senda litáísku þjóðinni heillaóskir vegna sjálfstæðisyfirlýsingar Litáens sem þjóðþingið samþykkti í gær.

Alþingi telur að sjálfsforræði þjóða með lýðræðiskjörnum þingum sé grundvöllur frjálsra samskipta og stuðli að friði í heiminum.

Alþingi fagnar því endurheimt sjálfstæðis Litáens og væntir góðrar samvinnu við lýðræðiskjörna fulltrúa þess.

Greinargerð.

Þing Litáens samþykkti í gær yfirlýsingu um endurheimt sjálfstæðis landsins. Á fundi utanríkismálanefndar í morgun var einróma samþykkt af því tilefni að flytja þingsályktunartillögu þessa.

Sþ. 705. Þingsályktun [404. mál]

um heillaóskir til litáísku þjóðarinnar í tilefni sjálfstæðisyfirlýsingar hennar.

(Afgreidd frá Sþ. 12. mars.)

Samhljóða þskj. 704.

Sþ. 706. Nefndarálit [19. mál]

um till. til þál. um ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1989.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Nefndinni barst umsögn um tillöguna frá Íslandsdeild Norðurlandaráðs og er hún prentuð sem fylgiskjal með þessu nefndaráliti.

Alþingi, 12. mars 1990.

Jóhann Einvarðsson, form., frsm.	Hjörleifur Guttormsson, fundaskr.	Karl Steinar Guðnason.
Ey. Kon. Jónsson.	Ragnhildur Helgadóttir.	Guðmundur G. Þórarinsson.

Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Fylgiskjal.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs:

Bréf til utanríkismálanefndar Alþingis varðandi þingsályktunartillögur um ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1990.
(25. janúar 1990.)

Með bréfi dagsettu 28. nóvember 1990 sendi utanríkismálanefnd Alþingis Íslandsdeild Norðurlandaráðs til umsagnar þingsályktunartillögur um ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1990.

Íslandsdeild fjallaði um ályktanirnar á fundi sínum 24. janúar sl. og samþykkti eftirfarandi umsögn um þær:

Íslandsdeild Norðurlandaráðs lýsir stuðningi við tillögu þingmannaráðsins um að fé verði veitt af fjárlögum næstu þrjú ár til starfsemi vestnorrænu ferðamálanefndarinnar til kynningarstarfs, áætlanagerðar og markaðsrannsókna á sviði ferðamála. Íslandsdeild Norðurlandaráðs minnir jafnframt á að Alþingi samþykkti með fjárlögum ársins 1990 fjárveitingu til þessa starfs.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs lýsir einnig stuðningi við að skipulögð verði kennaraskipti á grunnskóla- og framhaldsskólastigi milli Íslands, Færeyja og Grænlands. Íslandsdeild bendir á að þegar eru hafin kennara- og nemendaskipti milli Færeyja, Grænlands og Íslands annars vegar og Danmerkur, Finnlands, Noregs, Álandseyja og Svíþjóðar hins vegar með fjárstuðningi frá ráðherranefnd Norðurlanda og ríkisstjórn Íslands, og undir stjórn norrænu félaganna. Deildin bendir á þann möguleika að unnið verði að því að útvíkka þessi kennara- og nemendaskipti þannig að þau tækju einnig til skipta milli Færeyja, Grænlands og Íslands innbyrðis án þess að leita þyrfti til landsstjórna Færeyja og Grænlands um fjárstuðning.

Varðandi tillögu þingmannaráðsins um að skrifstofa Íslandsdeildar Norðurlandaráðs annist fyrst um sinn verkefni stjórnunarlegs eðlis fyrir Vestnorræna þingmannaráðið og að Alþingi veiti til þess nauðsynlegt fé og aðstöðu vill Íslandsdeild Norðurlandaráðs taka fram að eðlilegt hljóti að teljast að stjórnunarverkefnum Vestnorræna þingmannaráðsins sé sinnt af hálfu Alþingis frekar en af þingum hinna aðildarlandanna. Deildin bendir á að störfum fyrir Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins hafi hingað til verið sinnt af aðalskrifstofu Alþingis með nokkurri aðstoð frá skrifstofu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs. Deildin telur eðlilegt að samvinna milli aðalskrifstofu Alþingis og skrifstofu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs verði höfð um stjórnunarverkefni fyrir þingmannaráðið, eftir því sem samkomulag kann að verða um. Deildin bendir og á að unnt kunni að vera að nýta að einhverju leyti starfskrafta hinnar nýstofnuðu nefnda- og þingmáladeildar Alþingis til þessara starfa.

Íslandsdeild gerir ekki athugasemdir við tillögu Vestnorræna þingmannaráðsins um að árið 1992 verði gert að sérstöku vestnorrænu ári þar sem sérstaklega verði hugað að jafnréttis-, umhverfis- og æskulýðsmálum. Deildin bendir þó á að rétt sé að forðast tvíverknað og ákveðið hafi verið af ráðherranefnd Norðurlanda og Norðurlandaráði að tímabilið frá 6. júní 1990 til sama tíma 1991 verði helgað umhverfismálum um öll Norðurlönd og nefnt norrænt umhverfisár. Einnig bendir hún á að tillögur hafa verið lagðar fram í Norðurlandaráði um að halda norræna kvennaráðstefnu, Nordisk Forum, á ný árið 1992 með þátttöku fulltrúa alls staðar að frá Norðurlöndum.

Sþ. 707. Breytingartillaga [19. mál]

við till. til þál. um ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1989.

Frá utanríkismálanefnd.

Í stað orðanna „hrint verði í framkvæmd ályktunum“ komi: vinna að framkvæmd ályktana.

Nd. 708. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 16. apríl 1971, um náttúruvernd, l. nr. 20 30. apríl 1986, um Siglingamálastofnun ríkisins, og ýmsum lögum er varða yfirstjórn umhverfismála.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin óskaði eftir áliti fjölmargra aðila um frumvarpið og bárust umsagnir frá Almannavörnum ríkisins, Bjarna Guðleifssyni, dr. sci., borgarlækni, Búnaðarfélagi Íslands, Bændaskólanum á Hólum, Bændaskólanum á Hvanneyri, Dýralæknafélagi Íslands, eiturefnanefnd, Félagi íslenskra iðnrekenda, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, félagsmálaráðuneytinu, Ferðamálaráði Íslands, Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Geislavörnum ríkisins, Hafrannsóknastofnun, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Heilbrigðisfulltrúafélagi Íslands, Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, Hjörleifi Guttormssyni alþingismanni, Hollustuvernd ríkisins, iðnaðarráðuneytinu, Jarðfræðafélagi Íslands, landbúnaðarráðuneytinu, Landgræðslu ríkisins, landlækni, Landmælingum Íslands, Landvernd, Lífi og landi, Líffræðistofnun Háskólans, menntamálaráðuneytinu, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruverndarráði, Orkustofnun, Rannsóknaráði ríkisins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins að Mógilsá, röntgendeildum Landspítalans, Borgarspítalans og Landakotsspítala, Röntgentæknafélagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, samgönguráðuneytinu, Siglingamálastofnun ríkisins, Skipulagi ríkisins, Skógrækt ríkisins, Skógræktarfélagi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Veðurstofu Íslands, Vinnueftirliti ríkisins, Vísindaráði, yfirdýralækninum í Reykjavík, Þjóðminjasafni Íslands. Auk þess hafði nefndin til athugunar umsagnir sem bárust allsherjarnefnd á síðasta þingi um þau frumvörp um yfirstjórn umhverfismála er þá lágu fyrir og umsagnir þær sem bárust nefnd þeirri sem samdi frumvarp það sem nú er til umfjöllunar.

Nefndin hefur kannað rækilega þau atriði frumvarpsins sem mestur ágreiningur er um og kallað til viðræðna við nefndina þá aðila sem málið varðar mest. Þeir eru Hermann Sveinbjörnsson, stjórnarformaður Hollustuverndar ríkisins, Leifur Eysteinsson, framkvæmdastjóri Hollustuverndar ríkisins, Þórhallur Halldórsson, forstöðumaður heilbrigðiseftirlits Hollustuverndar ríkisins, Ólafur Pétursson, forstöðumaður mengunarvarnasviðs Hollustuverndar ríkisins, Guðlaugur Hannesson, forstöðumaður rannsóknarstofu Hollustuverndar ríkisins, Daníel Viðarsson, forstöðumaður eiturefnasviðs Hollustuverndar ríkisins, Páll Bergþórsson veðurstofustjóri, Magnús Jóhannesson siglingamálastjóri, Gunnar Ágústsson, forstöðumaður mengunarvarnasviðs Siglingamálastofnunar ríkisins, Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Sigurður M. Magnússon, forstöðumaður Geislavarna ríkisins, Guðjón Magnússon, stjórnarmaður í Geislavörnum ríkisins, Ólafur Ólafsson landlæknir, Jón Loftsson skógræktarstjóri, Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri, Jón Gunnar Ottósson, forstöðumaður Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins að Mógilsá, Sveinbjörn Dagfinnsson, ráðuneytisstjóri í landbúnaðarráðuneytinu, Þór Magnússon þjóðminjavörður, Páll Hersteinsson veiðistjóri, Ágúst Guðmundsson, forstjóri

Landmælinga Íslands, Þorsteinn Tómasson, forstöðumaður Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri, Hjörtur E. Þórarinsson, formaður Búnaðarfélags Íslands, Bjarni Guðráðsson frá Búnaðarfélagi Íslands, Einar Þorsteinsson frá Búnaðarfélagi Íslands og Birgir Blöndal, skrifstofustjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Ljóst er að skiptar skoðanir eru um tilflutning stofnana á milli ráðuneyta. Hluti vandans felst í því að verkefni margra stofnana eru fjölþætt og ekki er hægt að telja alla þætti starfseminnar beint til umhverfismála. Einnig er vandasamt að kljúfa stofnanir upp með tilliti til ólíkra verkefna og tryggja að verksvið þeirra eða ráðuneyta skarist ekki. Hefur meiri hl. nefndarinnar kannað sérstaklega hvort unnt væri að skilja á milli mengunarvarnasviðs og heilbrigðiseftirlits Hollustuverndar ríkisins með því að kljúfa stofnunina upp. Í ljós kom að á því eru margir vankantar og ókostirnir fleiri en kostirnir. Ekki reyndist heldur unnt að láta mengunarvarnasviðið heyra undir umhverfisráðherra, en önnur svið undir heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra, á svipaðan hátt og frumvarpið gerir ráð fyrir að mengunarvarnasvið Siglingamálastofnunar ríkisins heyri undir umhverfisráðherra, en önnur svið stofnunarinnar undir samgönguráðherra.

Tilgangur með stofnun umhverfisráðuneytis er m.a. sá að gera umhverfismálum hærra undir höfði innan stjórnsýslunnar en verið hefur og tryggja samræmi í yfirstjórn þeirra. Með skírskotun til þess telur meiri hl. nefndarinnar rétt að þær stofnanir, sem frumvarpið fjallar um, flytjist undir yfirstjórn umhverfisráðuneytis, að undanskilinni húsafriðunarnefnd. Með því eykst umhverfisþátturinn í starfi stofnana á næstu árum, þótt ekki megi vanrækja aðra þætti sem gætu eins átt undir önnur ráðuneyti en umhverfisráðuneyti.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Í fyrsta lagi er lagt til að lokamálsgrein 1. gr. verði breytt á þann veg að umhverfisráðherra beri að leita samráðs við landbúnaðarráðherra um friðunar- og uppgræðsluaðgerðir á sviði gróður- og skógverndar.

Í öðru lagi er lagt til að 21. gr falli brott. Meiri hl. nefndarinnar telur rétt að húsafriðunarmálefni og húsafriðunarnefnd heyri áfram undir menntamálaráðuneytið.

Í þriðja lagi er lagt til að við bætist bráðabirgðaákvæði, sem áður var í 129. máli, um Stjórnarráð Íslands, þó með þeirri breytingu að einungis er gert ráð fyrir endurskoðun laga um landgræðslu og skógrækt.

Í fjórða lagi eru tvær breytingar tæknilegs eðlis. Lagt er til að breytt verði tilvísun 1. mgr. 1. gr og einnig gildistökuákvæði frumvarpsins í 22. gr.

Alþingi, 12. mars 1990.

Jón Kristjánsson, form., frsm. | Guðni Ágústsson, með fyrirvara. | Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Sighvatur Björgvinsson.

Nd. 709. Breytingartillögur [128. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 16. apríl 1971, um náttúruvernd, l. nr. 20 30. apríl 1986, um Siglingamálastofnun ríkisins, og ýmsum lögum er varða yfirstjórn umhverfismála.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar (JK, AðB, GuðnÁ, SighB).

1. Við 1. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
   Við 7. gr. laga nr. 47 16. apríl 1971, um náttúrurvernd, sbr. lög nr. 29 10. maí 1989, bætast þrjár nýjar málsgreinar er orðist svo.

b. 4. mgr. orðist svo:

Umhverfisráðherra getur, að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs og í samráði við landbúnaðarráðherra, ákveðið friðunar- og uppgræðsluaðgerðir á sviði gróður- og skógverndar skv. 5. og 6. mgr.

2. 21. gr. falli brott.
3. 22. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. Við bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Fyrir 1. nóvember 1990 skal umhverfisráðherra í samráði við landbúnaðarráðuneyti beita sér fyrir endurskoðun á lögum um Landgræðslu ríkisins, nr. 17/1965, og Skógrækt ríkisins, nr. 3/1955, með síðari breytingum.

Sþ. 710. Fyrirspurn [405. mál]

til samgönguráðherra um skipulagðar hópferðir erlendra aðila um hálendi Íslands.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur.

Hvernig hyggst samgönguráðherra bregðast við tíðindum um áform erlendra aðila í ferðaþjónustu um að bjóða upp á jeppaferðir fyrir erlenda ferðamenn um hálendi Íslands næsta sumar?

Sþ. 711. Fyrirspurn [406. mál]

til félagsmálaráðherra um atvinnumál fatlaðra.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur.

1. Hve margir fatlaðir eru nú skráðir atvinnulausir? Svar óskast sundurliðað eftir kjördæmum.
2. Liggur fyrir sú úttekt á atvinnumálum fatlaðra sem unnið hefur verið að á vegum félagsmálaráðuneytisins síðan í haust? Ef svo er, hvaða vísbendingar er að finna í henni um atvinnumál fatlaðra?
3. Hvernig hyggst félagsmálaráðherra vinna að jafnrétti með fötluðum og ófötluðum á vinnumarkaði?

Sþ. 712. Fyrirspurn [407. mál]

til félagsmálaráðherra um jafnréttisáætlanir.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur.

1. Hve mörgum aðilum voru send tilmæli um að gera jafnréttisáætlanir í framhaldi af samþykkt ríkisstjórnarinnar um að ráðuneyti og stofnanir semji jafnréttisáætlanir fyrir tímabilið 1. janúar 1989 til 31. desember 1992?
2. Hve margar jafnréttisáætlanir hafa borist félagsmálaráðuneytinu?
3. Með hvaða hætti verður þessum áætlunum fylgt eftir?

Sþ. 713. Fyrirspurn [408. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um breytingu á reglugerð um bifreiðastyrki til fatlaðra.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hefur ráðherra uppi áform um að breyta reglugerð frá 22. apríl 1987 um þátttöku almannatrygginga í bifreiðakaupum fatlaðra

a. hvað varðar þann fjölda sem árlega nýtur hærri styrksins, sbr. 2. tölul. 5. gr. reglugerðarinnar,
b. hvað snertir skilyrði fyrir úthlutun varðandi aldur þeirra bifreiða sem styrkur fæst út á, sbr. 4. tölul. 4. gr.?

Sþ. 714. Fyrirspurn [409. mál]

til félagsmálaráðherra um stöðu jafnréttismála í ráðuneytum Stjórnarráðsins.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur.

1. Hve mörg stöðugildi eru í hverju ráðuneyti fyrir sig? Hvernig skiptast þau á milli starfsheita og hvernig dreifast þau starfsheiti á milli kynjanna?
2. Hvernig er dreifing starfsfólks ráðuneyta á launaflokka? Svar óskast sundurliðað eftir ráðuneytum og kynjum.
3. Hversu há fjárhæð var greidd fyrir yfirvinnu starfsfólks í ráðuneytum á síðasta ári? Hvernig skiptist sú fjárhæð milli ráðuneyta? Svar óskast sundurliðað eftir launaflokkum og kynjum.
4. Hversu margir fatlaðir einstaklingar starfa nú í einstökum ráðuneytum? Hvernig dreifast þeir á launaflokka? Svar óskast sundurliðað eftir kynjum.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 715. Fyrirspurn [410. mál]

til utanríkisráðherra um leyfisveitingar til útflutnings sjávarafurða árið 1989.

Frá Guðmundi H. Garðarssyni.

1. Hvernig var leyfisveitingum til útflutnings sjávarafurða árið 1989 háttað?
2. Hversu margir aðilar fengu útflutningsleyfi á:
   a. frystum sjávarafurðum,
   b. söltuðum afurðum,
   c. fiskimjöli,
   d. lýsi,
   e. öðrum sjávarafurðum?
3. Hverjir voru helstu leyfishafar? Óskað er sundurliðunar eftir helstu vöruflokkum.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 716. Svar [262. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um opinber gjöld í gjaldþrotaskiptum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mikið hefur tapast af opinberum gjöldum í gjaldþrotamálum síðastliðin tvö ár:

a. *af söluskatti*
b. *af öðrum opinberum gjöldum?*

Til svars fyrirspurninni hafa verið teknar saman eftirfarandi upplýsingar:

a. Afskriftir á söluskatti vegna gjaldþrota námu 110.486.917 kr. á árinu 1988. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um afskriftir á dráttarvöxtum en áætlað er að þær nemi um 100 millj. kr.

   Afskriftir á söluskatti á árinu 1989 vegna gjaldþrota námu 118.466.201 kr. Afskrifaðir dráttarvextir námu um 170 millj. kr.

   Það skal tekið fram að þótt þessar afskriftir hafi verið gerðar á árunum 1988 og 1989 eru þær ekki allar tilkomnar vegna skiptaloka á þeim árum, þ.e. kröfur eru ekki alltaf afskrifaðar á því ári sem skiptalok verða.

b. Listi yfir afskriftir á opinberum gjöldum á árinu 1988 fylgir hér með. Upplýsingar um afskriftir á árinu 1989 liggja ekki fyrir fyrr en síðar á þessu ári.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneytið
RÍKISBÓKHALD
29/01/90 GR

AFSKRIFTIR Á ÁRINU 1988 SKV. HEILDARSKILAGREINUM TEKNA.

GJÖLD UTAN STAÐGREIÐSLU TIL SKILA Í RÍKISSJÓÐ.

	ÞINGGJÖLD EINSTAKLINGA	ÞINGGJÖLD FÉLÖG	SAMTALS
0000 Gjaldheimtan í Reykjavík	71.536.049	49.459.152	120.995.201
1000 Bæjarfógeti Kópavogi	2.979.098	1.546.640	4.525.738
1100 Gjaldheimtan á Seltjarnarnesi .	0	0	0
1300 Gjaldheimtan í Garðabæ	0	0	0
1400 Sýslum. og bæjarf. Hafnarfirði	258.530	165.376	423.906
1401 Gjaldheimtan í Hafnarfirði	-101.478	0	-101.478
1603 Gjaldheimta Bessastaðahrepps ..	0	0	0
1604 Gjaldheimtan í Mosfellsbæ	0	0	0
2200 Sýslum. og bæjarf Keflavík	5.686.222	22.818.386	28.504.608
2401 Gjaldheimta Suðurnesja	0	0	0
2509 Lögreglustj Keflavíkurflugv. ..	350.467	0	350.467
3000 Bæjarfógeti Akranes	0	9.816.511	9.816.511
3500 Sýslumaður Borgarnes	51.894	433.657	485.551
3700 Sýslum. og bæjarf. Stykkishólmi	0	0	0
3800 Sýslumaður Búðardalur	0	0	0
4000 Sýslum. og bæjarf. Ísafirði ...	3.881.400	837.996	4.719.396
4100 Bæjarfógeti Bolungarvík	0	2.701	2.701
4500 Sýslumaður Patreksfirði	1.225.416	1.788.218	3.013.634
4900 Sýslumaður Hólmavík	0	0	0
5000 Bæjarfógeti Siglufirði	0	0	0
5100 Sýslum. og bæjarf. Sauðárkróki	209.560	7.869	217.429
5500 Sýslumaður Blönduósi	1.689.191	848.830	2.538.021
6000 Sýslum. og bæjarf. Akureyri ...	5.976.870	4.400.287	10.377.157
6100 Sýslum. og bæjarf. Húsavík	152.095	108.347	260.442
6200 Bæjarfógeti Ólafsfirði	0	0	0
7000 Sýslum. og bæjarf. Seyðisfirði	-245.633	0	-245.633
7100 Bæjarfógeti Neskaupsstað	359.238	489.525	848.763
7200 Sýslum. og bæjarf. Eskifirði ..	1.019	1.009.636	1.010.655
7700 Sýslumaður Höfn í Hornafirði ..	872.255	353.080	1.225.335
8000 Bæjarfógeti Vestmannaeyjum	2.088	0	2.088
8100 Sýslum. og bæjarf Selfossi	188.761	369.618	558.379
8500 Sýslumaður Vík í Mýrdal	0	303.956	303.956
8600 Sýslumaður Hvolsvelli	99.086	28.345	127.431
Samtals	95.172.128	94.788.130	189.960.258

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneytið
RÍKISBÓKHALD
29/01/90 GR

AFSKRIFTIR Á ÁRINU 1989 SKV. BRÁÐABIRGÐAUPPGJÖRI.

GJÖLD UTAN STAÐGREIÐSLU TIL SKILA Í RÍKISSJÓÐ.

		ÞINGGJÖLD EINSTAKLINGA	ÞINGGJÖLD FÉLÖG	SAMTALS
0000	Gjaldheimtan í Reykjavík .....*	0	0	0
1000	Bæjarfógeti Kópavogi	7.013.942	9.025.926	16.039.868
1100	Gjaldheimtan á Seltjarnarnesi .	1.235.146	795.563	2.030.709
1300	Gjaldheimtan í Garðabæ .....*	0	0	0
1400	Sýslum. og bæjarf. Hafnarfirði	494	677	1.171
1401	Gjaldheimtan í Hafnarfirði	2.409.501	748.334	3.157.835
1603	Gjaldheimta Bessastaðahrepps ..*	0	0	0
1604	Gjaldheimtan í Mosfellsbæ .....*	0	0	0
2200	Sýslum. og bæjarf. Keflavík ...	131.283	526.511	657.794
2401	Gjaldheimta Suðurnesja .....*	0	0	0
2509	Lögreglustj. Keflavíkurflugv. .*	0	0	0
3000	Bæjarfógeti Akranesi	797.292	2.653.982	3.451.274
3500	Sýslumaður Borgarnesi	393.277	758.215	1.151.492
3700	Sýslum. og bæjarf. Stykkishólmi	9.041.610	0	9.041.610
3800	Sýslumaður Búðardal	0	1.055.071	1.055.071
4000	Sýslum. og bæjarf. Ísafirði ...	354.311	0	354.311
4100	Bæjarfógeti Bolungarvík	0	0	0
4500	Sýslumaður Patreksfirði	939.231	235.833	1.175.064
4900	Sýslumaður Hólmavík	0	0	0
5000	Bæjarfógeti Siglufirði	0	0	0
5100	Sýslum. og bæjarf. Sauðárkróki	163.408	89.284	252.692
5500	Sýslumaður Blönduósi	192.362	328.712	521.074
6000	Sýslum. og bæjarf. Akureyri ...	358.109	8.555.812	8.913.921
6100	Sýslum. og bæjarf. Húsavík	690.265	396.456	1.086.721
6200	Bæjarfógeti Ólafsfirði	485.359	1.127.509	1.612.868
7000	Sýslum. og bæjarf. Seyðisfirði	325.504	0	325.504
7100	Bæjarfógeti Neskaupsstað	140.837	109.001	249.838
7200	Sýslum. og bæjarf. Eskifirði ..	693.692	797.166	1.490.858
7700	Sýslumaður Höfn í Hornafirði ..	315.000	650.001	965.001
8000	Bæjarfógeti Vestmannaeyjum	1.040.944	0	1.040.944
8100	Sýslum. og bæjarf. Selfossi ...	848.680	767.226	1.615.906
8500	Sýslumaður Vík í Mýrdal	0	0	0
8600	Sýslumaður Hvolsvelli	0	0	0
	Samtals	27.570.247	28.621.279	56.191.526

* Upplýsingar liggja ekki fyrir.

Ed. 717. Frumvarp til laga [411. mál]

um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980.

Flm.: Guðrún Agnarsdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir.

1. gr.

59. gr. laganna orðist svo:

Barn merkir í lögum þessum einstakling innan 16 ára aldurs.

Ungmenni merkja í lögum þessum unglinga á aldursskeiði 16–18 ára.

2. gr.

60. gr. orðist svo:

Börn yngri en 14 ára má ekki ráða nema til léttra, hættulítilla starfa. Ekki má láta börn á aldrinum 14 og 15 ára, né heldur þau sem yngri eru, vinna við hættulegar vélar og við hættulegar aðstæður.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur leiðbeinandi skilgreiningar um hvað teljast létt, hættulítil störf, hættulegar vélar og hættulegar aðstæður, sbr. lög nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, og að höfðu samráði við Barnaverndarráð Íslands.

3. gr.

Í stað orðsins „unglinga“ í fyrri málsgrein 61. gr. komi: barna. Í stað orðsins „unglingar“ í síðari málsgrein greinarinnar komi: ungmenni.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um vinnu barna og unglinga. Tilgangur þeirra er annars vegar að auka vernd gegn slysum og hins vegar að samræma aldursmörk þeim mörkum sem gilda í lögum um vernd barna og ungmenna, nr. 53 frá 1966, með áorðnum breytingum.

Tíundi kafli laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46 frá 1980, fjallar um vinnu barna og unglinga. Enn hafa ekki verið settar sérstakar reglur um framkvæmd þessa þáttar laganna og reynslan hefur sýnt að ákvæðin, sem varða vinnu ungmenna, veita þeim ekki nægа vernd gegn slysum. Allt of mörg dæmi eru þess að börn og unglingar yngri en 15 ára hafi verið sett til vinnu við mjög hættulegar vélar sem þau kunnu lítið með að fara eða að búnaði vélanna var áfátt. Slíkt getur og hefur reyndar leitt til alvarlegra slysa.

Enn fremur ber á það að líta að ákvæðin um vinnu barna og unglinga í lögum nr. 46 frá 1980 eru ekki í samræmi við ákvæði laga um vernd barna og ungmenna, nr. 53 frá 1966, um sama efni hvað snertir aldursmörk. Í marsmánuði 1983 var gerð eftirfarandi breyting á skilgreiningu *barna* og *ungmenna* í síðarnefndu lögunum: „Með börnum er samkvæmt lögum þessum átt við einstaklinga innan 16 ára aldurs, en ungmenni eru unglingar á aldursskeiði 16–18 ára, sbr. ákvæði 1. mgr. 43. gr. þessara laga.“ (1. gr. laga nr. 14/1983.)

Í þessu frumvarpi eru aldursmörk hækkuð til samræmis í því skyni að lengja það æviskeið sem í lögum er kölluð bernska. Jafnframt er bætt inn sérstöku ákvæði um hættulegar vélar og hættulegar aðstæður. Báðar þessar breytingar eru gerðar með það í huga að draga úr slysahættu og óhóflegu vinnuálagi á börn. Brýnt er að settar verði nánari reglur um framkvæmd þessara lagaákvæða strax þegar breytingar þessar hafa náð fram að ganga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér eru aldursmörk hækkuð úr 14 í 16 ára fyrir börn og úr 14–17 ára í 16–18 ára fyrir ungmenni í samræmi við áorðnar breytingar á lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.

Um 2. gr.

Hér er að hluta stuðst við fyrri skilgreiningu á börnum, þ.e. að börnum yngri en 14 ára er einungis ætlað að vinna létt og hættulítil störf. Hins vegar má fela 14 og 15 ára börnum erfiðari störf, en sérstök áhersla er jafnframt lögð á það að hvorki þau né yngri börn megi vinna við hættulegar vélar eða hættulegar aðstæður.

Rétt þykir að stjórn Vinnueftirlitsins hafi samráð við Barnaverndarráð Íslands þegar hún setur nánari reglur og skilgreiningar um vinnu barna og ungmenna.

Um 3. gr.

Í greininni er einungis breytt orðalagi til samræmingar við fyrri breytingar.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Vinna barna og unglinga — X. kafli laga nr. 46 frá 1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

59. gr. Barn merkir í lögum þessum einstakling innan 14 ára aldurs.

Ungmenni merkja í lögum þessum unglinga á aldursskeiði 14–17 ára.

60. gr. Börn má ekki ráða, nema til léttra, hættulítilla starfa.

Vinnueftirlit ríkisins setur leiðbeinandi skilgreiningar um, hvað teljast létt, hættulítil störf, sbr. lög nr. 53 1966 um vernd barna og ungmenna.

61. gr. Vinnutími unglinga, sem eru 14 og 15 ára, skal ekki fara fram úr venjulegum vinnutíma fullorðinna, sem starfa í sömu starfsgrein.

Unglingar mega ekki vinna lengur en 10 klukkustundir á dag. Vinnutíminn skal vera samfelldur og aðeins vera rofinn af hæfilegum matmáls-, kaffi- og hvíldartímum.

62. gr. Unglingar, sem eru 16 og 17 ára, skulu hafa minnst 12 klukkustunda hvíld á sólarhring. Hvíldartíminn skal að jafnaði vera á tímanum milli klukkan 19 og 7.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins getur sett sérstakar reglur um lengd vinnutíma unglinga 16 og 17 ára og hvenær hann skal vera, fyrir störf og starfsgreinar, þegar aðstæður eru slíkar, að nauðsynlegt er að setja slíkar reglur.

63. gr. Stjórn Vinnueftirlits ríkisins getur sett reglur um:

a. að hve miklu leyti megi leyfa vinnu unglinga, sem eru 16 og 17 ára, fram yfir venjulegan vinnutíma í viðkomandi starfsgrein.

b. takmörkun á því að unglingar, sem eru 16 og 17 ára, vinni við þau skilyrði, sem nefnd eru í 3. mgr. 55. gr. og 1. mgr. 56. gr., staflið a.

Fylgiskjal II.

41. gr. laga nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.

Barnaverndarnefnd skal hafa eftirlit með því, að barni eða ungmenni sé ekki ofþjakað við þunga eða óholla vinnu, með löngum vinnutíma, vökum eða óreglulegum vinnuháttum.

Eigi má ráða barn yngra en 15 ára til vinnu í verksmiðju, enda hafi það lokið fullnaðarprófi barnafræðslu eða burtfararprófi. Eigi má hafa yngri karlmenn en 15 ára og eigi yngri konur en 18 ára við vinnu í skipum, nema skólaskipi eða æfingaskipi. Yngri menn en 18 ára mega ekki vera kyndarar eða kolamokarar, og eigi mega yngri menn en 19 ára starfa við vélgæslu á skipum. Eigi má ráða yngri karlmenn en 15 ára og eigi yngri konur en 18 ára til vinnu í loftfari. Til iðnaðarnáms má eigi ráða barn yngra en 16 ára.

Rétt er ráðherra að setja reglugerðir, er taki yfir landið í heild, ef við á, en annars einstök umdæmi, þar sem nánar er kveðið á um aldur barna til vinnu í tiltekinni starfsgrein, hvíld, aðbúð, orlof og önnur vinnuskilyrði barna og ungmenna í tilteknum starfsgreinum og við tiltekin störf starfsgreinar. Þá skal einnig setja ákvæði í reglugerð, er sporni við yfirvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu barna og ungmenna, og kveða á um hámarksvinnutíma svo og eftir atvikum læknisskoðun til úrlausnar um það fyrir fram, að vinna sé ekki barni eða ungmenni um megn. Enn fremur skal setja ákvæði í reglugerð, er sporni við vinnu barna og ungmenna með tækjum, er sérstök slysahætta stafar af.

Rétt er, að ákvæði reglugerða um vinnuvernd barna og ungmenna taki m.a. yfir vernd sendisveina í starfi, þar á meðal útbúnað flutningatækja þeirra; takmörkun á blaðasölu barna og ungmenna og annarri verslunarstarfsemi þeirra; störf barna og ungmenna í veitingahúsum og opinberum skemmtistöðum og þátttöku þeirra í opinberri skemmtistarfsemi, svo og önnur störf, sem siðferði þeirra getur stafað hætta af.

Brot gegn ákvæðum greinar þessarar, svo og brot gegn ákvæðum reglugerða, er settar eru samkvæmt henni, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Auk refsingar má svipta mann réttindum samkvæmt almennum hegningarlögum, ef miklar sakir eru.

Fylgiskjal III.

Fjórði kafli reglugerðar nr. 105/1970, um vernd barna og ungmenna.

Barnaverndarnefnd skal hafa eftirlit með því, að barni eða ungmenni sé ekki ofþjakað við þunga eða óholla vinnu, með löngum vinnutíma, vökum eða óreglulegum vinnuháttum.

Eigi má ráða barn yngra en 15 ára til vinnu í verksmiðju, enda hafi það lokið fullnaðarprófi barnafræðslu eða burtfararprófi. Eigi má hafa yngri karlmenn en 15 ára og eigi yngri konur en 18 ára við vinnu í skipum, nema skólaskipi eða æfingaskipi. Yngri menn en 18 ára mega ekki vera kyndarar eða kolamokarar, og eigi mega yngri menn en 19 ára starfa við vélgæslu á skipum. Eigi má ráða yngri karlmenn en 15 ára og eigi yngri konur en 18 ára til vinnu í loftfari. Til iðnaðarnáms má eigi ráða barn yngra en 16 ára.

Við framkvæmd ákvæða um vernd barna og ungmenna, skal jafnan kosta kapps um að ala þau upp í anda starfs og framkvæmda, og að öðru leyti á þann veg að andlegur og líkamlegur þroski þeirra glæðist og að þau fái sem best neytt hæfileika sinna.

Jafnframt skal þess gætt í starfsvali að starfið sé í samræmi við afkastagetu og starfsþol viðkomanda. Sérstaklega skal þess gætt að starfið reyni ekki um of á líkamsþrek viðkomanda, hvorki að því er varðar eðli starfsins né lengd starfstíma. Þannig ber að gæta þess að tímalengd starfsins fari eigi í bág við andlega uppfræðslu barnsins eða ungmennisins, svo sem skólavist þess. Enn fremur skal þess gætt að viðkomandi njóti nægrar hvíldar, svefns og fæðis.

Þá skal þess gætt, að starfsaðstaða á vinnustað sé góð, andrúmsloft gott, frekar lögð áhersla á úti- en innivinnu, þar sem því verður komið við.

Enn ber að gæta þess sérstaklega, að barni eða ungmenni sé eigi falið starf, sem í eðli sínu eða vegna starfsliðs geti haft siðspillandi áhrif á viðkomanda.

Hafa ber um hönd nákvæmt eftirlit með líkamlegri og andlegri heilsu barna og ungmenna í sambandi við starf, bæði að því er varðar val starfs og í sambandi við starfið að öðru leyti. Þannig ber að sjá fyrir nægu eftirliti læknis, bæði að því er varðar viðkomanda sjálfan og samstarfslið.

Forðast skal að fela börnum meðferð fjár eða önnur verslunarviðskipti í starfi. Þá skal þess gætt að fela eigi börnum eða ungmennum starf með hættulegum tækjum, svo sem hvers konar ökutækjum eða öðrum tækjum sem sérstök slysahætta getur stafað af, nema þau hafi hlotið kennslu og hæfnispróf.

Að því er varðar vinnu með ökutækjum við landbúnaðarstörf, vegavinnu og önnur störf, þar sem aðstæður kunna að valda því, að slík vinna sé eðlileg eða óhjákvæmileg skal þess gætt að hún fari eingöngu fram á sléttlendi eða þar sem eigi er hætta á veltu ofan í gryfjur, skurði eða aðrar slíkar misfellur í landi.

Ef nauðsynlegt þykir eða óhjákvæmilegt að fela börnum eða ungmennum starf í frystihúsum, skipum eða annars staðar, þar sem vélar eða önnur hættuleg tæki eru staðsett og notuð, skal það því aðeins heimilt, að barnið sé yfir 14 ára og að foreldri, aðrir forráðamenn eða sérstakir trúnaðarmenn viðkomandi barnaverndarnefndar hafi tryggt eftirlit með högum barnsins við vinnuna. Í slíkum tilvikum séu börn eða ungmenni frekar höfð við útistörf en innistörf og eingöngu á stöðum, þar sem auðvelt er að fylgjast nákvæmlega með þeim.

Bannað er að börn innan 16 ára vinni að jafnaði lengur en 6 klukkutíma í einu eða næturvinnu.

Nd. 718. Frumvarp til laga [412. mál]

um lögfræðiráðgjöf og aðstoð í hjúskapar-, sambúðar- og sifjaréttarmálum.

Flm.: Málmfríður Sigurðardóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson,
Sigríður Lillý Baldursdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

1. gr.

Rétt til lögfræðiráðgjafar og lögfræðiaðstoðar samkvæmt lögum þessum eiga allir þeir sem eiga lögheimili hérlendis og hafa ekki hærri árstekjur en sem nemur tvöföldum þeim tekjuskattsstofni sem ekki greiðist tekjuskattur af, sbr. ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt. Mæðralaun skulu í þessu tilviki ekki teljast til tekjuskattsstofns. Sá sem hefur barn eða börn á framfæri sínu hefur enn fremur rétt til að draga frá tekjuskattsstofni upphæð sem svarar til meðlags, barnabóta og barnabótaauka.

2. gr.

Einstaklingur, sem þarf á lögfræðiráðgjöf eða aðstoð að halda, skal framvísa afriti af síðasta skattframtali sínu eða sambærilegum gögnum til lögmanns til staðfestingar tekjum þannig að ljóst sé að hann eigi rétt á lögfræðiþjónustu skv. 1. gr.

3. gr.

Með lögfræðiráðgjöf er átt við ráðgjöf og upplýsingar varðandi réttarstöðu aðila í hjúskap og í óvígðri sambúð, svo sem við slit hjúskapar og við slit sambúðar.

Að jafnaði skal gengið út frá að ráðgjöfin miðist við eitt viðtal.

Það telst óvígð sambúð ef karl og kona stofna til sambúðar og hafa átt barn saman eða konan er þunguð af hans völdum eða ef sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár.

4. gr.

Með lögfræðiaðstoð er átt við aðstoð vegna mála er aðilar eiga í varðandi forsjár-, framfærslu- og umgengnisréttarmál, við minni háttar búskipti og önnur mál er á reynir í þessum málaflokkum.

Skal lögfræðiaðstoðin miða að því að endanleg niðurstaða eða samkomulag náist í málinu.

5. gr.

Öllum starfandi lögmönnum er skylt að veita þeim er til þeirra leita lögfræðilega ráðgjöf eins og hún er skilgreind í 3. gr.

Sama skylda hvílir ekki á starfandi lögmönnum varðandi lögfræðiaðstoð skv. 4. gr. laga þessara. Dómsmálaráðuneytið skal halda skrá yfir starfandi héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn sem gefa kost á sér til að veita almenningi lögfræðiráðgjöf og aðstoð samkvæmt lögum þessum.

Lögmenn skulu veita aðstoð og ráðgjöf nema þeir telji slíkt brjóta í bága við siðareglur lögmanna eða starfsannir þeirra banni.

Ef ekki er kostur á þjónustu starfandi lögmanna eða fulltrúa þeirra getur dómsmálaráðuneytið heimilað öðrum lögfræðingum að láta í té ráðgjöf skv. 3. gr.

6. gr.

Fyrir lögfræðiráðgjöf og aðstoð samkvæmt lögum þessum skal greitt í samræmi við gjaldskrá Lögmannafélags Íslands sem staðfest er af dómsmálaráðuneytinu, enda sé reikningi framvísað á því reikningsformi, sem dómsmálaráðherra ákveður, ásamt afriti af skattframtali skjólstæðings eða sambærilegum gögnum, sbr. 2. gr.

Fyrir lögfræðiráðgjöf samkvæmt lögum þessum greiðist föst þóknun er miðast við munnlegar álitsgerðir og lögfræðilegar leiðbeiningar, sbr. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, og skal ríkissjóður greiða þrjá fjórðu hluta þóknunar en skjólstæðingur fjórðung.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd lögfræðiaðstoðar skv. 4. gr. Jafnan skal miðað við að ríkissjóður greiði þrjá fjórðu hluta þóknunarreiknings lögmanns en skjólstæðingur fjórðung. Dómsmálaráðherra getur ákveðið að lækka eða fella greiðslu skjólstæðings niður ef sérstakar ástæður mæla með því.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Íslenskt samfélag hefur tekið miklum stakkaskiptum á undanförnum áratugum og sífellt koma upp mál er benda til þess að almenningur sé mjög illa að sér um réttarstöðu sína í ýmsum málum. Þetta kemur ekki síst í ljós við hjónaskilnað og sambúðarslit. Því varðar miklu að fólk eigi greiðan aðgang að lögfræðiráðgjöf og aðstoð.

Þau atriði, sem oft valda deilum, snerta gjarnan lagalega stöðu aðila. Þetta á ekki eingöngu við atriði er snerta eignaskipti heldur einnig þau atriði er varða umgengni, framfærslu og forsjá barna. Erfiðleikar við skilnað og sambúðarslit bitna oft hart á börnum og því ætti að leitast við að gera þann feril eins auðveldan og mögulegt er.

Það er mat flutningsmanna að ekki þyrfti alltaf til skilnaðar eða sambúðarslita að koma ef fólk ætti kost á ráðgjöf þar sem því væri gerð ljós í tíma réttarstaða þess og leyst væri úr vandamálum sem geta virst óyfirstíganleg en eru ef til vill ekki eins flókin og hlutaðeigendur álíta.

Tryggja þarf að sérhver einstaklingur hafi tækifæri til að leita sér lögfræðiþjónustu án tillits til efnahags. Þeir sem ekki hafa fjárhagslega getu til að kaupa sér þjónustu lögmanna fullu verði eiga nú um tvo kosti að velja, að leita til ráðgjafar Orators, félags laganema eða til Kvennaráðgjafarinnar. Eins og heiti Kvennaráðgjafarinnar ber með sér er hún sérstaklega hugsuð fyrir konur og þangað hefur mjkill fjöldi kvenna leitað þau sex ár sem ráðgjöfin hefur verið starfrækt. Það eru ekki síst konur sem standa uppi varnarlausar gagnvart lagakrókum sem beitt er í forsjár-, skilnaðar- og sambúðarslitamálum. Þær hafa oft og tíðum ekki fjárhagslega getu til að leita sér lögfræðiþjónustu. Karlar hafa hærri tekjur en konur, svo sem kunnugt er, og geta því yfirleitt greitt fyrir lögfræðiþjónustu ef þeim sýnist svo. Það er óverjandi að fjárhagsleg staða ráði því hvort fólk leitar lögfræðiþjónstu þegar vanda ber að höndum og af þeim sökum er þetta frumvarp lagt fram.

Á löggjafarþinginu 1974–75 var lögð fram þingsályktunartillaga um lögfræðiþjónustu fyrir efnalítið fólk. Þeirri tillögu var vísað til ríkisstjórnarinnar. Á 102. löggjafarþingi, 1979–80, lagði þáverandi dómsmálaráðherra, Vilmundur Gylfason, fram frumvarp um lögfræðiaðstoð. Því var vísað til nefndar en ekki afgreitt þaðan. Í umræddu frumvarpi var gert ráð fyrir að efnalítið fólk gæti fengið niðurgreidda lögfræðiaðstoð í fleiri málaflokkum en lagt er til í því frumvarpi sem hér liggur fyrir. Ástæða þess, að flutningsmenn einskorða sig við mál er snerta hjúskapar-, sambúðar- og sifjaréttarmál, er sú að þeir telja þau mál eiga að hafa forgang verði lögfræðiráðgjöf eða lögfræðiaðstoð komið á laggirnar. Mjög oft koma börn við sögu í þessum málum og þar sem þau eiga hlut í ber að stuðla að því að réttinda allra sé gætt og mál gangi svo greiðlega sem kostur er. Þá þótti flutningsmönnum rétt að benda á skjótvirka leið til að bæta úr brýnni þörf fyrir lögfræðiaðstoð. Í stjórnarfrumvarpi um fjölskylduráðgjöf, sem lagt var fram á Alþingi veturinn 1988–89, er lagt til að sett verði á stofn sérstök miðstöð fjölskylduráðgjafar þar sem sálfræðingar og lögfræðingar annast ásamt öðrum fræðslu um málefni barna í tengslum við sambúðarslit foreldra og leiðbeini um úrlausn í forsjár- og umgengnisréttarmálum. Þessu frumvarpi var vísað til nefndar en var ekki afgreitt þaðan. Í því frumvarpi, sem hér er lagt fram, er bent á greiðari leið til að bæta úr brýnustu þörfinni á lögfræðiráðgjöf og lögfræðiaðstoð í þessum málaflokkum. Það er þó skoðun flutningsmanna að fengur yrði að sérstakri stofnun sem veitti alhliða fjölskylduráðgjöf.

Samkvæmt frumvarpi þessu yrði um tvenns konar þjónustu að ræða, annars vegar *lögfræðiráðgjöf* og hins vegar *lögfræðiaðstoð*. Sambærileg þjónusta hefur verið í boði annars staðar á Norðurlöndum og í Bretlandi um alllangt skeið.

Lögfræðiráðgjöf og lögfræðiaðstoð, eins og lögð er til í þessu frumvarpi, má líta á sem neyðarhjálp þegar í óefni er komið. Hins vegar er ljóst að mikil þörf er á fyrirbyggjandi

aðgerðum og má þar til dæmis nefna fjölskylduráðgjöf. Þannig mætti hugsanlega koma í veg fyrir að mál þróuðust á þann veg að fólk teldi einu lausnina vera skilnað eða sambúðarslit. Flutningsmenn telja að ráðgjöf og aðstoð samkvæmt frumvarpinu ætti að vera auðvelt að koma á án langs undirbúnings. Væri þá tryggt að þeir sem þyrftu fengju þá aðstoð við málflutning sinn sem nauðsynleg er.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er fjallað um hverjir skulu eiga rétt á lögfræðiráðgjöf og lögfræðiaðstoð. Markmiðið er að auðvelda tekjulágu fólki aðgang að þessari þjónustu. Vandasamt er að ákveða hvar setja skuli mörkin þegar ákveða á hverjir skuli njóta þjónustu eins og þeirrar er hér um ræðir. Gæta verður þess að viðmiðun sé ekki svo lág að þeir sem þurfa eigi ekki rétt á þessari þjónustu. Í lögum um tekjuskatt og eignarskatt er ákvarðaður tekjuskattsstofn sem ekki greiðist tekjuskattur af. Sá skattstofn er svo lágur að mönnum er gert að greiða skatt af tekjum sem eru langt undir mörkum mannsæmandi framfærslu. Því er hér lagt til að miða við tvöfaldan tekjuskattsstofn sem ekki greiðist af tekjuskattur.

Lagt er til að mæðralaun teljist ekki til tekjuskattsstofns samkvæmt frumvarpinu. Enn fremur er lagt til að upphæð, sem svarar til meðlags, barnabóta og barnabótaauka, dragist frá tekjuskattsstofni. Þetta eru greiðslur sem ætlað er að kosta framfærslu barna og því óeðlilegt að þær teljist tekjur foreldra.

Um 2. gr.

Ákvæði þessarar greinar miðast við að þeir njóti aðstoðarinnar sem fjárhags síns vegna þurfa á henni að halda miðað við þær forsendur sem gefnar eru í 1. gr. Á undanförnum árum hafa rauntekjur fólks farið lækkandi, einkum í þjónustustörfum, en þar eru konur langflestar. Til að þessi lagagrein nái tilgangi sínum verður að vera hægt að taka tillit til tekna á þeim tíma sem aðstoðarinnar er óskað. Skattframtal síðastliðins árs er því ekki alltaf rétt viðmiðun. Launaseðlar yfirstandandi árs eða önnur gögn, sem sýna fram á lágar tekjur eða tekjuleysi, geta því verið nauðsynleg sönnun þess að viðkomandi eigi rétt á þjónustunni skv. 1. gr.

Um 3. gr.

Hér er tekið fram hvað felst í ráðgjöf og hverjir eiga rétt á að njóta hennar. Við ráðgjöfina er rétt að fólki sé gert ljóst hver kostnaður þess geti hugsanlega orðið kjósi það að reka mál sín lengra.

Almenningur á ekki greiðan aðgang að upplýsingum um réttarfarslega stöðu sína hvorki í þeim málum sem hér um ræðir né öðrum. Lögum og reglum er sífellt breytt þannig að erfitt getur verið fyrir einstaklinga að átta sig á því hver réttur þeirra er. Það getur því verið gagnlegt fyrir fólk að eiga möguleika á að hitta lögmann í eitt skipti til að fá upplýsingar um réttarfarslega stöðu sína. Með því móti má jafnvel koma í veg fyrir að mál þróist á þann veg að til skilnaðar eða sambúðarslita komi. Slík ráðgjöf ætti að geta nægt til þess að hver og einn þekkti réttindi sín og stöðu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fólk geti leitað til lögmanna og fengið slíka ráðgjöf niðurgreidda samkvæmt ákveðnum reglum. Þessa þjónustu eiga allir starfandi lögmenn að veita.

Ástæða þess að ráðgjöf miðast við eitt viðtal er sú að telja má að það nægi til að skýra réttarstöðu einstaklings í hjúskap eða sambúð og veita almennar ráðleggingar sem gætu nægt til að skýra þau mál sem viðkomandi þarf upplýsingar um.

Um 4. gr.

Í greininni er lögfræðiaðstoð skilgreind. Lögfræðiaðstoð tekur við eftir að ráðgjöf hefur farið fram vilji viðkomandi fylgja málum sínum eftir. Oft og tíðum enda mál vegna skilnaðar eða sambúðarslita fyrir dómstólum og þá er nauðsynlegt að tryggja að báðir aðilar málsins hafi lögmann til að annast mál sín.

Ef um efnalítið fólk er að ræða getur það reynst því ofviða og er því lagt til að ríkisvaldið komi til móts við það og greiði niður aðstoð vegna hjúskapar-, sambúðar- og sifjaréttarmála.

Þau minni háttar búskipti, sem tilgreind eru í lagagreininni, geta einnig tekið til erfðamála að því leyti er þau kunna að tengjast málum þeim er greinin fjallar um.

Um 5. gr.

Fyrsta málsgrein varðar það að öllum lögmönnum sé skylt að veita ráðgjöf, sé þess óskað, og almennar upplýsingar sem allir lögmenn kunna skil á.

Lögfræðiaðstoð varðandi þá málaflokka, sem frumvarpið fjallar um, er mun sérhæfðari og því ástæða til að sú skylda hvíli ekki á lögmönnum að láta hana í té, heldur að þeir einir, sem áhuga hafa og óska þess, fjalli um slík mál. Úti á landi er ekki alls staðar kostur á lögmannaþjónustu og er dómsmálaráðuneytinu gert að taka tillit til þess samkvæmt síðustu málsgrein þessarar greinar.

Þessa þjónustu munu þeir héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn veita sem hafa gefið kost á sér til þess. Skal dómsmálaráðuneytið halda skrá yfir þá lögmenn sem gefa kost á sér til að veita lögfræðiaðstoð í þeim málaflokkum sem þetta frumvarp fjallar um. Á þennan hátt er reynt að tryggja að þeir sem þurfa á þessari þjónustu að halda standi ekki frammi fyrir því að leita til lögmanns sem ef til vill hefur ekki áhuga á að sinna málinu, en sjái sig nauðbeygðan til þess vegna lagaboða.

Um 6. gr.

Hér er fjallað um gjaldtöku vegna lögfræðiráðgjafar og aðstoðar samkvæmt frumvarpi þessu. Ekki þykir ástæða til að hafa aðra viðmiðun en staðfesta gjaldskrá Lögmannafélagsins og lagagreinin miðast við að gera endurkröfu lögfræðinga á dómsmálaráðuneytið eins einfalda og kostur er.

Flutningsmenn frumvarpsins telja æskilegt að notendur þessarar þjónustu greiði sjálfir hluta kostnaðar, en á hinn bóginn verður að gæta þess að sá kostnaður verði í engu tilviki notanda ofviða. Hlutur skjólstæðingsins fer m.a. eftir því hversu viðamikið málið er. Því er í lagagreininni heimild til ráðherra að lækka þessa greiðslu eða fella hana niður.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 719. Tillaga til þingsályktunar [413. mál]

um ráðningu sjúkraþjálfara í öll fræðsluumdæmi.

Flm.: Anna Ólafsdóttir Björnsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir,
Guðrún Agnarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Sigríður Lillý Baldursdóttir,
Þórhildur Þorleifsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að beita sér fyrir því að ráðnir verði sjúkraþjálfarar í öllum fræðsluumdæmum landsins.

Greinargerð.

Grunnskólarnir eru fjölmennustu vinnustaðir landsins og stærsti hópurinn, sem þar er við nám og störf, er börn og unglingar. Á skólaárunum er lagður grunnur að líkamlegri og andlegri velferð barna. Þau eyða mörgum klukkustundum á degi hverjum innan veggja skólans og því er mikilvægt að vel sé búið að þeim á vinnustað.

Brýnt er að tryggja skólabörnum þá sjálfsögðu þjónustu að fylgst sé með velferð þeirra á viðkvæmum uppvaxtarárum. Í upphafi skólagöngu eru bein barna ekki fullhörðnuð og samhæfing hreyfinga er einnig á viðkvæmu þroskastigi. Við rangt álag geta bein barna bognað og þroski samhæfinga og hreyfanleika líkamans er háður því að örvun sé við hæfi.

Börn þurfa, ekki síður en fullorðnir, að búa við góða vinnuaðstöðu og viðeigandi ráðgjöf og kennslu til að tryggja eðlilega líkamsbeitingu, samhæfingu og hreyfanleika. Í því skyni er hér lagt til að komið verði á fót stöðu sjúkraþjálfara í öllum fræðsluumdæmum landsins. Þar sem ekki væri kostur á sjúkraþjálfara í fast starf yrði fenginn sjúkraþjálfari af öðru svæði er veitti þá þjónustu, sem hægt væri, í hlutastarfi. Hlutverk sjúkraþjálfara væri fjórþætt:

1. Að fylgjast með vinnuaðstöðu skólabarna og veita ráðgjöf við innkaup á húsgögnum.
2. Að leiðbeina kennurum og nemendum um rétta líkamsbeitingu.
3. Að tengjast heilsugæslu skólabarna, t.d. með því að taka þátt í skólaskoðun ásamt lækni og hjúkrunarfræðingi eða skoða einstaka hópa skólabarna.
4. Að eiga samstarf við íþróttakennara vegna barna sem ekki eru í almennri leikfimi.

Þýðing forvarna og vinnuverndar hefur komið æ betur í ljós á síðari árum. Góðar forvarnir og fræðsla fækka ekki einungis veikindadögum heldur bæta einnig líðan fjölda fólks á vinnustöðum. Einfaldar úrbætur á vinnustað geta þar skipt sköpum. Góð fræðsla um líkamsbeitingu er fjárfesting sem kemur öllum til góða og minnkar líkur á að leita þurfi dýrra úrræða á sjúkrahúsum síðar meir vegna álagssjúkdóma.

Skólinn er vinnustaður barna og það fordæmi, sem þar er gefið, er veganesti út í lífið. Forvarnastarf í skólum er því ekki einungis mikilvægt til að hlífa börnum á viðkvæmu þroskaskeiði heldur jafnframt sá grunnur sem vinnuvernd framtíðarinnar byggir á.

Nd. 720. Breytingartillögur [128. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 16. apríl 1971, um náttúruvernd, l. nr. 20 30. apríl 1986, um Siglingamálastofnun ríkisins, og ýmsum lögum er varða yfirstjórn umhverfismála.

Frá Málmfríði Sigurðardóttur, Önnu Ólafsdóttur Björnsson,
Sigríði Lillý Baldursdóttur, Þórhildi Þorleifsdóttur.

1. Á undan 1. gr. frv. komi tvær nýjar greinar svohljóðandi:
   a. (1. gr.)
      1. málsl. 2. gr. laga nr. 3/1955, um skógrækt, sbr. lög nr. 76/1984, orðist svo:
      Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn skógræktarmála samkvæmt lögum þessum, sbr. þó IV. kafla laga þessara um ræktun nytjaskóga á bújörðum.
   b. (2. gr.)
      Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í upphafi 3. gr. laga nr. 17/1965, um landgræðslu, sbr. 2. gr. laga nr. 54/1975, komi: umhverfisráðherra.
      Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytinu“ í 2. mgr. 2. tölul. 7. gr. sömu laga komi: umhverfisráðuneytinu.
      Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 4. mgr. 8. gr. sömu laga komi: umhverfisráðherra.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. málsl. 13. gr. sömu laga komi: umhverfisráðherra.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytið“ í 5. mgr. 23. gr. sömu laga, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1982, komi: umhverfisráðuneyti.

2. Lokamálsgrein 1. gr. frumvarpsins falli brott.
3. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Fyrri málsgrein 4. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, orðist svo:

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum, annarra en mengunarvarnamála sem heyra undir umhverfisráðherra.

Í stað orðanna „heilbrigðisráðherra staðfestir“ í 3. mgr. 5. gr. sömu laga komi: heilbrigðisráðherra að því er varðar 2. gr. og umhverfisráðherra 3. gr. staðfesta.

Nd. 721. Frumvarp til laga [414. mál]

um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

Flm.: Þorsteinn Pálsson, Friðrik Sophusson, Geir H. Haarde, Ingi Björn Albertsson, Matthías Á. Mathiesen, Birgir Ísl. Gunnarsson, Ólafur G. Einarsson, Kristinn Pétursson.

1. gr.

Lög þessi gilda um hvers kyns fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi nema annað leiði af sérákvæðum annarra laga eða reglum settum samkvæmt þeim.

2. gr.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Erlendur aðili merkir einstakling, búsettan erlendis, án tillits til ríkisfangs, félag, stofnun, sjóð eða annan lögaðila, sem á heimili erlendis, erlent ríki og ríkisfyrirtæki, svo og atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum. Einstaklingur telst búsettur erlendis ef hann á lögheimili erlendis eða á þar heimili samkvæmt skilgreiningu lögheimilislaga á heimili þótt hann sé jafnframt skráður með lögheimili hér á landi. Lögaðili telst eiga heimili erlendis ef hann er skráður til heimilis erlendis eða telur heimili sitt erlendis samkvæmt samþykktum sínum.

Íslenskt atvinnufyrirtæki merkir atvinnufyrirtæki sem stundar atvinnurekstur hér á landi og á heimili hér á landi, án tillits til þess hvernig rekstrarformi og eignarhaldi viðkomandi atvinnufyrirtækis er háttað. Atvinnufyrirtæki telst eiga heimili hér á landi ef það er skráð hér á landi, ef það telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn þess er hér á landi.

Atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum merkir íslenskt atvinnufyrirtæki þar sem erlendur aðili eða aðilar eiga meiri hluta fyrirtækisins, svo sem meiri hluta hlutafjár eða stofnfjár, eða fara með meiri hluta atkvæðisréttar eða hafa með öðrum hætti raunveruleg yfirráð yfir viðkomandi atvinnufyrirtæki.

Fjárfesting merkir fjárframlag eða annað framlag til eigin fjár atvinnufyrirtækis eða kaup á eignarhlut sem fyrir er í atvinnufyrirtæki.

Erlend fjárfesting merkir fjárfestingu erlends aðila í atvinnurekstri hér á landi, án tillits til þess hvort um er að ræða nýtt framlag eða endurfjárfestingu á úthlutuðum arði eða hlut eða söluandvirði vegna fyrri fjárfestingar hér á landi.

3. gr.

Erlendum aðilum er heimilt að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi með þeim takmörkunum sem í þessum lögum eða sérlögum greinir og að uppfylltum öðrum skilyrðum og að fengnum tilskildum leyfum lögum samkvæmt.

4. gr.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi er háð eftirfarandi takmörkunum:

1. Fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands mega einir stunda íslenskir ríkisborgarar og þeir íslenskir lögaðilar sem slíkt er heimilt samkvæmt ákvæðum laga nr. 33/1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi, ásamt síðari breytingum.
2. Erlendum aðila skal óheimilt að reka fiskvinnslu hér á landi, en með fiskvinnslu er hér átt við hvers konar vinnslu, verkun og úrvinnslu á fiski og öðrum sjávarafurðum. Erlendum aðila skal óheimilt að eiga hlut í íslensku atvinnufyrirtæki sem rekur fiskvinnslu hér á landi ef viðkomandi atvinnufyrirtæki stundar jafnframt fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Samanlagður eignarhlutur erlendra aðila í íslensku atvinnufyrirtæki, sem rekur fiskvinnslu hér á landi en stundar ekki jafnframt fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, má á hverjum tíma ekki vera meiri er 50%, nema með sérstöku leyfi viðskiptaráðherra.
3. Erlendum aðila skal óheimilt að gefa út dagblað eða að reka útvarpsstöð hér á landi. Samanlagður eignarhlutur erlendra aðila í íslensku atvinnufyrirtæki, sem gefur út dagblað eða rekur útvarpsstöð hér á landi, má á hverjum tíma ekki vera meiri en 25%. Með dagblaði er hér átt við blað sem kemur út að jafnaði a.m.k. fimm daga í viku.
4. Samanlögð hlutafjáreign erlendra aðila í viðskiptabanka, sem rekinn er af hlutafélagi, hlutafélagsbanka, má á hverjum tíma ekki vera meiri en 25% hlutafjár hlutafélagsbankans.
5. Erlendum aðila skal óheimilt að gerast félagsmaður í félagi sem á heimili og stundar atvinnurekstur hér á landi þar sem allir félagsmenn bera fulla ábyrgð á skuldbindingum félagsins, nema með sérstöku leyfi viðskiptaráðherra. Sé um að ræða félag þar sem sumir félagsmenn bera fulla ábyrgð á skuldbindingum félags en aðrir ekki getur erlendur aðili ekki verið einn þeirra félagsmanna sem fulla ábyrgð ber á skuldbindingum félagsins, nema með sérstöku leyfi viðskiptaráðherra. Leyfis viðskiptaráðherra er þó ekki þörf vegna þátttöku atvinnufyrirtækis undir erlendum yfirráðum í félögum sem hér um ræðir.
6. Fjárfesting erlends ríkis eða fyrirtækis í eigu erlends ríkis í atvinnurekstri hér á landi er óheimil, nema með sérstöku leyfi viðskiptaráðherra.
7. Fari heildarfjárfesting erlends aðila eða samanlögð fjárfesting fjárhagslega tengdra erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi fram úr 200 milljónum króna á einu almanaksári skal fjárfesting umfram fyrrgreind viðmiðunarmörk háð sérstöku leyfi viðskiptaráðherra. Viðmiðunarmörkin miðast við lánskjaravísitölu í febrúar 1990 og breytast í samræmi við breytingar sem verða á henni til hækkunar eða lækkunar. Fjárfesting erlends aðila telst eiga sér stað í skilningi þessa töluliðar þegar tilkynningarskylda stofnast, sbr. 5. gr.
8. Setja má í samþykktir félags eða félagssamning ákvæði sem takmarka sölu eða annað framsal eignarhluta í viðkomandi félagi til erlends aðila.
9. Nú vill erlendur aðili reka atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni og skal þá svo með fara:
   a. Sé um að ræða einstakling sem búsettur er erlendis skal honum óheimilt að vinna sjálfstætt eða starfrækja eigið atvinnufyrirtæki hér á landi, nema með sérstöku leyfi viðskiptaráðherra, enda sé búseta hér á landi ekki óundanþægt skilyrði samkvæmt lögum um viðkomandi atvinnugrein eða veiting undanþágu frá búsetuskilyrði falin öðrum.
   b. Um rétt hlutafélags, sem á heimili erlendis, til að starfa hér á landi fer samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög.

c. Viðskiptaráðherra getur veitt öðrum lögaðilum, sem heimili eiga erlendis, leyfi til að starfa hér á landi, enda sé þá að því er varðar slíka lögaðila og starfsemi þeirra hér á landi fullnægt sömu skilyrðum og fylgt sömu meginreglum og að því er varðar erlend hlutafélög, sbr. b-lið hér að framan. Útibú slíks lögaðila skal skráð í firmaskrá á heimilisvarnarþingi útibúsins.

10. Nú telur nefnd um erlenda fjárfestingu, sbr. 2. mgr. 11. gr., að tiltekin erlend fjárfesting ógni öryggi landsins, skerði verulega samkeppni fyrirtækja í viðkomandi atvinnugrein eða sé á annan hátt til þess fallin að hafa óæskileg áhrif á atvinnulíf í landinu og getur viðskiptaráðherra þá stöðvað viðkomandi fjárfestingu, enda kunngeri hann þá slíka ákvörðun innan þriggja vikna frá því að Seðlabanka Íslands, gjaldeyriseftirliti, berst tilkynning um hlutaðeigandi fjárfestingu, sbr. 5. gr.

5. gr.

Tilkynna ber Seðlabanka Íslands, gjaldeyriseftirliti, alla erlenda fjárfestingu jafnskjótt og samningur eða ákvarðanir þar að lútandi liggja fyrir. Tilkynningarskyldan tekur bæði til fjárfestingar erlends aðila í atvinnufyrirtæki sem hann hefur ekki átt í áður og viðbótarfjárfestingar í slíku fyrirtæki. Tilkynningu skulu fylgja afrit eða ljósrit af skjölum eða gögnum sem málið varða og nauðsynleg teljast að mati Seðlabanka Íslands. Seðlabanki Íslands gerir viðskiptaráðherra jafnharðan grein fyrir þeim tilkynningum um erlenda fjárfestingu sem gjaldeyriseftirlitinu berast. Sé um að ræða erlenda fjárfestingu í íslensku atvinnufyrirtæki hvílir tilkynningarskyldan á viðkomandi atvinnufyrirtæki, en sé um að ræða fyrirhugaða atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni erlends aðila hvílir tilkynningarskyldan á honum.

Gjaldeyriseftirlit Seðlabanka Íslands hefur sams konar rétt til upplýsingaöflunar og athugana vegna fjárfestingar erlendra aðila og það hefur samkvæmt lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

6. gr.

Erlendum aðila, sem fjárfestir í atvinnurekstri hér á landi, skal frjálst að flytja í því skyni til landsins erlendan gjaldmiðil, enda sé slíkur fjármagnsflutningur tilkynntur gjaldeyriseftirliti Seðlabanka Íslands. Um skilaskyldu slíks gjaldmiðils skal fara samkvæmt almennum reglum. Sé um að ræða erlendan gjaldmiðil sem Seðlabanki Íslands annast reglubundna gengisskráningu á skal hinn erlendi aðili eiga rétt á að fá hinum erlenda gjaldmiðli skipt í íslenskar krónur. Um framkvæmd slíkrar gjaldeyrisyfirfærslu skal fara samkvæmt gildandi lögum og reglum um framkvæmd gjaldeyrismála á hverjum tíma.

7. gr.

Erlendur aðili, sem fjárfestir í atvinnurekstri hér á landi, skal eiga rétt á að fá yfirfært í hvern þann erlendan gjaldmiðil, sem Seðlabanki Íslands annast reglubundna skráningu á, móttekinn arð eða annan hagnaðarhlut og söluandvirði fjárfestingar. Um framkvæmd slíkrar gjaldeyrisyfirfærslu skal fara samkvæmt gildandi lögum og reglum um framkvæmd gjaldeyrismála á hverjum tíma.

8. gr.

Í íslenskum atvinnufyrirtækjum skulu framkvæmdastjórar og meiri hluti stjórnarmanna ávallt vera búsettir hér á landi óháð eignarhlut, atkvæðisrétti eða öðrum yfirráðum erlendra aðila. Viðskiptaráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

9. gr.

Um heimildir erlends aðila eða íslensks atvinnufyrirtækis, sem erlendur aðili á hlut í, til að öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteignum hér á landi til notkunar í atvinnurekstri skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 19/1966, um eignarrétt eða afnotarétt fasteigna, ásamt síðari breytingum.

10. gr.

Um skattskyldu erlends aðila, sem fjárfestir í atvinnurekstri hér á landi, fer samkvæmt ákvæðum almennra íslenskra skattalaga. Sé í gildi samningur milli Íslands og heimaríkis slíks aðila til að koma í veg fyrir tvísköttun fer um skattskyldu hins erlenda aðila eftir ákvæðum þess samnings.

11. gr.

Viðskiptaráðherra fer með leyfisveitingar samkvæmt lögum þessum og annast eftirlit með framkvæmd þeirra að svo miklu leyti sem tiltekið eftirlit eða leyfisveitingar eru ekki samkvæmt ákvæðum laganna faldar öðrum.

Sérstök fimm manna nefnd, nefnd um erlenda fjárfestingu, skal vera viðskiptaráðherra til ráðuneytis um leyfisveitingar samkvæmt lögum þessum og umsagnaraðili um einstök mál. Viðskiptaráðherra skipar nefndina eftir hverjar alþingiskosningar. Einn nefndarmanna skipar ráðherra án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu iðnaðarráðherra, einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra, einn samkvæmt tilnefningu dómsmálaráðherra og einn samkvæmt tilnefningu utanríkisráðherra. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Viðskiptaráðherra skipar einn nefndarmanna formann nefndarinnar og annan varaformann hennar.

Viðskiptaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að fjórum árum.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

13. gr.

1. gr. laga nr. 33/1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi, orðist svo:

Fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands mega einir stunda íslenskir ríkisborgarar og lögaðilar sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara eða annarra íslenskra aðila.

14. gr.

2. gr. laga nr. 33/1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi, orðist svo:

Til fiskveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands má aðeins hafa íslenska báta eða skip, en íslenskir nefnast í lögum þessum þeir bátar eða skip sem skráð eru hér á landi.

15. gr.

8. gr. og 11. gr. laga nr. 33/1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi, falla niður.

16. gr.

1. gr. laga nr. 26/1949, um hvalveiðar, breytist þannig:

a. 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. orðist svo: Slík leyfi má aðeins veita aðilum er fullnægja skilyrðum til að mega stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.
b. 2. mgr. 1. gr. falli niður.

17. gr.

2. gr. laga nr. 19/1987, um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla, orðist svo:

Leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar má einungis veita aðilum sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

a. Hafa íslenskan ríkisborgararétt og eru búsettir hér á landi. Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

b. Eru fjárráða.
c. Hafa forræði á búi sínu.

Enn fremur má veita hlutafélögum eða öðrum lögaðilum leyfi til reksturs, enda uppfylli stjórnarmenn og framkvæmdastjórar lögaðila skilyrði b- og c- liða 1. mgr. hér að framan. Sé um að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í skal auk þess fullnægt þeim skilyrðum sem sett kunna að vera í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

18. gr.

10. gr. námulaga, nr. 24/1973, orðist svo:

Rétt er ráðherra að veita sérleyfi til leitar og vinnslu jarðefna hér á landi, enda sé fullnægt ákvæðum 7., 8. og 9. gr. laga þessara ef um einkaeign er að ræða. Sé um að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í skal enn fremur fullnægt þeim skilyrðum sem sett kunna að verða í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

19. gr.

1. mgr. 10. gr. laga nr. 57/1956, um prentrétt, orðist svo:

Útgefandi blaðs eða tímarits, sem gefið er út hér á landi, skal vera íslenskur ríkisborgari, fjárráða og með forræði á búi sínu og búsettur hér á landi, félag eða annar lögaðili. Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang. Um heimildir erlends aðila eða íslensks lögaðila, sem erlendur aðili á hlut í, til að gefa út hér á landi blað eða tímarit, fer samkvæmt lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

20. gr.

2. tölul. 2. mgr. 3. gr. útvarpslaga, nr. 68/1985, orðist svo: Um heimildir erlends aðila eða íslensks lögaðila, sem erlendur aðili á hlut í, til að reka útvarpsstöð hér á landi fer samkvæmt lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

21. gr.

Í stað 1. málsl. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, komi tveir málsliðir, svohljóðandi: Hlutafé í hlutafélagsbanka skal skiptast í a.m.k. 50 hluti og nema minnst 100.000.000 kr. Um heimildir erlends aðila til að eiga hlut í hlutafélagsbanka fer samkvæmt lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

22. gr.

15. gr. laga nr. 7/1987, um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands, falli niður.

23. gr.

3. gr. iðnaðarlaga, nr. 42/1978, breytist þannig:

a. Við 1. tölul. 3. gr. bætist: Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.
b. Síðari málsliður 6. tölul. 3. gr. orðist þannig: Iðnaðarráðherra getur veitt undanþágur frá ríkisfangsskilyrði 1. tölul. og ákvæðum 4. og 5. tölul.

24. gr.

4. gr. iðnaðarlaga, nr. 42/1978, orðist svo:

Nú vill félag eða annar lögaðili reka iðnað og getur þá slíkur lögaðili fengið til þess leyfi, enda uppfylli framkvæmdastjórar og stjórnarmenn lögaðila og, sé um að ræða félag þar sem

allir eða sumir félagsmanna bera fulla ábyrgð á skuldbindingum félagsins, þeir félagsmanna, sem fulla ábyrgð bera á skuldbindingum félagsins, skilyrði 2.–6. tölul. 3. gr. Sé um að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í skal enn fremur fullnægt þeim skilyrðum sem sett kunna að verða í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

Iðnaðarráðherra getur veitt undanþágu frá þeim skilyrðum er greinir í 4. og 5. tölul. 3. gr.

25. gr.

Við 1. tölul. 4. gr. laga nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, bætist: Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

26. gr.

5. gr. laga nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, orðist svo:

Félag eða annar lögaðili á rétt á verslunarleyfi eða endurnýjun verslunarleyfis, enda uppfylli framkvæmdastjórar og stjórnarmenn lögaðila og, sé um að ræða félag þar sem allir eða sumir félagsmanna bera fulla ábyrgð á skuldbindingum félagsins, þeir félagsmanna, sem fulla ábyrgð bera á skuldbindingum félagsins, skilyrði 2. og 4. tölul. 4. gr. Þá skal einn stjórnarmanna og framkvæmdastjóri jafnframt fullnægja skilyrðum 3. tölul. 4. gr. Sé um að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í skal enn fremur fullnægt þeim skilyrðum sem sett kunna að verða í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

27. gr.

5. mgr. 10. gr. laga nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, orðist svo:

Heimilt er ráðherra að veita undanþágu frá ríkisfangsskilyrði 1. tölul. 4. gr.

28. gr.

9. gr. laga nr. 26/1982, um atvinnuréttindi útlendinga, breytist þannig:

a. Upphaf 1. mgr. 9. gr. orðist svo:
   Útlendingi, sem búsettur hefur verið hér á landi í minna en eitt ár, er óheimilt ...
b. 1. tölul. 2. mgr. 9. gr. orðist svo:
   1. umsækjandi eigi lögheimili á Íslandi.

29. gr.

Við 2. mgr. 14. gr. laga nr. 50/1978, um vátryggingarstarfsemi, bætist: Enn fremur skal fullnægt þeim skilyrðum sem sett kunna að verða í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

30. gr.

Við 2. mgr. 34. gr. laga nr. 50/1978, um vátryggingarstarfsemi, bætist: Sé um að ræða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í er leyfisveiting háð því að fullnægt sé þeim skilyrðum sem sett kunna að verða í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

31. gr.

Við 84. gr. laga nr. 34/1964, um loftferðir, bætist ný málsgrein er verði 4. mgr. 84. gr., svohljóðandi:

Sé um að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í er leyfi til loftferðastarfsemi háð því að fullnægt sé þeim skilyrðum sem sett kunna að verða í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

32. gr.

17. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, breytist þannig:

a. 1. mgr. 17. gr. orðist svo:

Skilyrði til að geta öðlast leyfi til reksturs ferðaskrifstofu er að leyfishafi uppfylli eftirtalin skilyrði:

a. Sé búsettur hér á landi.
b. Sé fjárráða og hafi forræði á búi sínu.

b. 3. mgr. 17. gr. orðist svo:

Leyfi má veita félagi eða öðrum lögaðila, enda sé framkvæmdastjóri slíks lögaðila fjárráða og hafi forræði á búi sínu. Sé um að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í er leyfisveiting þó háð því að fullnægt sé þeim skilyrðum sem sett kunna að verða í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

33. gr.

1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 67/1985, um veitinga- og gististaði, orðist svo:

Til þess að öðlast leyfi samkvæmt lögum þessum þarf umsækjandi að:

a. Vera búsettur hér á landi.
b. Vera fjárráða og hafa forræði á búi sínu.

Leyfi samkvæmt lögum þessum má veita félagi eða öðrum lögaðila, enda sé framkvæmdastjóri slíks lögaðila fjárráða og hafi forræði á búi sínu. Sé um að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í er leyfisveiting þó háð því að fullnægt sé þeim skilyrðum sem sett kunna að verða í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

34. gr.

Við 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 34/1986, um fasteigna- og skipasölu, bætist: Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

35. gr.

Við a-lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 27/1986, um verðbréfamiðlun, bætist: Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

36. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. laga nr. 87/1985, um sparisjóði, bætist: Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

37. gr.

Við 4. tölul. 9. gr. og 4. tölul. 14. gr. laga nr. 61/1942, um málflytjendur, bætist: Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

38. gr.

Við 1. tölul. 2. gr. laga nr. 74/1938, um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns, bætist: Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

39. gr.

Við 2. gr. laga nr. 58/1976, um sjúkraþjálfun, bætist: Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

40. gr.

Við 2. gr. laga nr. 75/1977, um iðjuþjálfun, bætist: Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

41. gr.

Við 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 35/1978, um lyfjafræðinga, bætist: Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

42. gr.

Við 1. tölul. 3. gr. laga nr. 48/1933, um leiðsögu skipa, bætist: Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

43. gr.

Aftan við 1. málsl. 2. gr. laga nr. 17/1984, um sjóntækjafræðinga, bætist nýr málsliður er verði 2. málsl. 2. gr., svohljóðandi: Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

44. gr.

1. gr. laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, orðist svo:

Enginn má öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteignum á landi hér, þar á meðal veiðirétt, vatnsréttindi eða önnur fasteignaréttindi, hvort sem er fyrir frjálsa afhendingu eða nauðungarráðstöfun, hjúskap, erfðir eða afsal, nema þeim skilyrðum sé fullnægt sem nú skal greina:

1. Ef einstakur maður er þá skal hann vera íslenskur ríkisborgari.
2. Ef fleiri menn eru með í félagi og ber hver fulla ábyrgð á skuldum félagsins þá skulu þeir allir vera íslenskir ríkisborgarar.
3. Ef félag er og bera sumir fulla en sumir takmarkaða ábyrgð á skuldum félagsins þá skulu þeir er fulla ábyrgð bera allir vera íslenskir ríkisborgarar.
4. Ef félag er, þar sem enginn félaga ber fulla ábyrgð á skuldum félagsins, eða stofnun þá skal félagið eða stofnunin eiga hér heimilisfang og varnarþing og stjórnendur allir vera íslenskir ríkisborgarar. Í hlutafélögum skulu ⅘ hlutar hlutafjár vera eign íslenskra ríkisborgara og íslenskir ríkisborgarar fara með meiri hluta atkvæða á hluthafafundum.

Nú eru skilyrði þau eigi fyrir hendi er í 1.–4. tölul. 1. mgr. segir og er ráðherra þá rétt að veita leyfi ef ástæða þykir til. Eigi þarf þó leyfi:

1. Ef um er að ræða leigu á fasteign eða réttindi yfir henni, sé leigutími eða annar réttindatími þrjú ár eða skemmri eða sé uppsögn áskilin með eigi lengri en árs fyrirvara.
2. Ef aðili, sem ekki fullnægir skilyrðum 1.–4. tölul. 1. mgr. en hefur rétt til þess að stunda atvinnurekstur hér á landi, öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteign til beinnar notkunar í atvinnustarfseminni, enda fylgi henni einungis venjuleg lóðarréttindi, en ekki önnur réttindi, svo sem veiðiréttur eða vatnsréttindi.

Leggja skal fyrir dómsmálaráðuneytið samninga, afsöl eða önnur heimildarskjöl vegna gerninga sem um ræðir í 2. tölul. 2. mgr. og öðlast gerningurinn eigi gildi fyrr en ráðuneytið hefur staðfest hann með áritun sinni.

45. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Takmarkanir þær, sem lög þessi setja fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi, skulu ekki ná til fjárfestingar erlends aðila sem átt hefur sér stað fyrir gildistöku laga þessara samkvæmt heimildum í eldri lögum. Tilkynna ber slíka fjárfestingu til Seðlabanka Íslands, gjaldeyriseftirlits, sbr. 5. gr., innan þriggja mánaða frá gildistöku laga þessara.

Greinargerð.

Að undanförnu hafa farið fram talsverðar umræður um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi. Allnokkuð er um liðið síðan því máli var hreyft á Alþingi að endurskoða þyrfti gildandi lagareglur um þetta efni. Í tíð þeirra tveggja ríkisstjórna, sem sátu á árunum 1983–1988, var unnið verulegt undirbúningsstarf, bæði með almennri skýrslugerð og frumvarpssmíð.

Nefnd, sem forsætisráðherra skipaði í september 1987, skilaði fullbúnu frumvarpi í byrjun árs 1988. Innan þáverandi ríkisstjórnar tókst ekki samkomulag um málið. Sjálfstæðisflokkur og Alþýðuflokkur voru tilbúnir að styðja framgang þess, en málið strandaði á Framsóknarflokknum. Svo fór að forsætisráðherra lagði frumvarpið fram á Alþingi vorið 1988 einvörðungu til kynningar.

Flutningsmenn hafa kosið að endurflytja frumvarpið frá 1988 í þeim tilgangi að láta reyna á vilja Alþingis til breytinga á þessu sviði. Ljóst er að gildandi löggjöf er ófullkomin, sundurlaus og brotakennd. Þegar af þeirri ástæðu er þörf á nýrri heilsteyptri löggjöf.

Auk þess sem almenn þörf er fyrir hendi á endurskoðun og nýrri löggjöf mun aukin alþjóðleg efnahagssamvinna og væntanlegir samningar Fríverslunarsamtakanna (EFTA) um tengingu við löggjöf Evrópubandalagsins, um svokallaðan innri markað, gera breytingar óhjákvæmilegar. Mikilvægt er að draga ekki á langinn nauðsynlegar breytingar á löggjöf í samræmi við þessa þróun.

Almenn samstaða virðist vera um að halda íslenskum auðlindum utan almennra reglna um fjárfestingu útlendinga. Það ætti að vera okkur til styrktar í væntanlegum formlegum samningaviðræðum EFTA og Evrópubandalagsins, ef við fyrir fram setjum þær skorður í löggjöfina, sem við teljum eðlilegar, jafnframt því sem við rýmkum almennar heimildir.

Loks er rétt að leggja áherslu á að íslenskt atvinnulíf þarf að eiga greiðan aðgang að erlendu áhættufjármagni engu síður en erlendu lánsfjármagni. Breytingar á þessu sviði geta því örvað atvinnustarfsemi og stuðlað að meiri fjölbreytni bæði í framleiðslu og þjónustu.

Frá því að þetta frumvarp var samið hafa orðið miklar breytingar í alþjóðlegu umhverfi og á viðhorfi til aukins frjálsræðis í þessum efnum. Þannig þarf t.d. að athuga hvort ekki er nauðsynlegt að rýmka enn frekar heimildir fyrir erlenda banka svo að þau ákvæði geti verið í góðu samræmi við væntanlega niðurstöðu í samningaviðræðum EFTA og Evrópubandalagsins. Viðmiðunarmörkum í 7. tölul. 4. gr. frumvarpsins er breytt í 200 millj. kr. í stað 100 millj. kr. og vísitöluviðmiðun er breytt í febrúar 1990 í stað 1988.

Til nánari skýringar fylgja hér með almennar athugasemdir og athugasemdir um einstakar greinar eins og þær birtust með frumvarpinu er það var lagt fram til kynningar vorið 1988:

Undirbúningur þessa máls hófst í tíð fyrrverandi forsætisráðherra, en frumvarp þetta er samið af nefnd sem núverandi forsætisráðherra skipaði hinn 4. september 1987 til þess að gera tillögur um samræmingu á lögum og reglum um fjárfestingu erlendra aðila í íslensku atvinnulífi. Í nefndinni áttu sæti: Baldur Guðlaugsson hæstaréttarlögmaður, formaður, Björn Friðfinnsson, aðstoðarmaður dómsmálaráðherra, Brynjólfur Bjarnason framkvæmdastjóri,

Eiríkur Tómasson hæstaréttarlögmaður, Margeir Daníelsson hagfræðingur og Þorvaldur Gylfason prófessor. Með nefndinni starfaði Tryggvi Axelsson deildarstjóri.

Nefndin, sem frumvarp þetta samdi, hafði tvennt að leiðarljósi í störfum sínum. Í fyrsta lagi þá nauðsyn sem til þess ber að samræma lagareglur um heimildir erlendra aðila til að fjárfesta í íslenskum atvinnurekstri, en gildandi lagaákvæði þar að lútandi eru bæði sundurleit og ósamstæð. Vísast í því sambandi til skýrslu þáverandi viðskiptaráðherra um erlenda fjárfestingu og íslenskt atvinnulíf sem lögð var fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–1987, en skýrslan fylgir frumvarpi þessu. Skýrsla þessi var tekin saman í framhaldi af þingsályktun sem Alþingi samþykkti 9. maí 1985, en þar var skorað á þáverandi ríkisstjórn að láta fara fram endurskoðun á gildandi lagaákvæðum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi. Í öðru lagi lagði nefndin til grundvallar starfi sínu þá pólitísku stefnumörkun sem fram kemur í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar um markmið endurskoðunar og samræmingar á lögum og reglum um erlent fjármagn í íslensku atvinnulífi, en í starfsáætluninni segir: „Erlent áhættufé geti komið í staðinn fyrir erlent lánsfé við fjármögnun atvinnufyrirtækja hér á landi, en jafnframt verði tryggt að erlendir aðilar nái ekki tökum á náttúruauðlindum lands og sjávar."

Sem áður greinir eru gildandi lagaákvæði um heimildir erlendra aðila til að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi mjög ósamstæð að efni til. Auk þess eru þessi ákvæði á víð og dreif í lögum. Mjög erfitt er því að fylgjast með og hafa yfirsýn yfir fjárfestingu erlendra aðila hér á landi. Við endurskoðun og samræmingu þessara lagaákvæða koma tvær aðferðir til greina. Annars vegar sú aðferð að leitast við að samræma efnisákvæði hinna einstöku laga, en láta þá skipan haldast eftir sem áður að ákvæði um erlenda fjárfestingu sé að finna á víð og dreif í lögum. Hin aðferðin felur í sér að sett sé almenn löggjöf um erlenda fjárfestingu sem leysi af hólmi ákvæði í einstökum lögum. Nefndin valdi síðari kostinn og réð þar úrslitum sú skoðun nefndarinnar að þannig náist betri samræming á efnisreglum, betri yfirsýn yfir gildandi rétt á þessu sviði sem og betri möguleikar til að fylgjast með erlendri fjárfestingu hér á landi en samkvæmt hinni aðferðinni. Auk þess gilda lögin þá sjálfkrafa um núverandi og nýjar atvinnugreinar þótt sérstök lög hafi ekki verið um þær sett. Má í því sambandi nefna að nokkur óvissa og skoðanamunur hefur ríkt varðandi það hverjar séu heimildir erlendra aðila til að fjárfesta í ýmsum atvinnugreinum hér á landi sem sérstök lög hafa ekki verið sett um. Samkvæmt frumvarpinu kæmu sem fyrr segir ein lög að mestu í stað margra og margvíslegra lagaákvæða sem nú gilda um heimildir erlendra aðila til að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi.

Áður en nánar er vikið að einstökum greinum frumvarpsins þykir rétt að gera nokkra grein fyrir þeim almennu viðhorfum innan lands sem utan er til hliðsjónar voru höfð við gerð þessa frumvarps. Sérstaklega skal þó bent á áðurnefnda skýrslu viðskiptaráðherra um erlenda fjárfestingu og íslenskt atvinnulíf, en þar er bæði að finna yfirlit um gildandi lagaákvæði er lúta að erlendri fjárfestingu hér á landi og um stöðu þessara mála erlendis, einkum í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) sem Ísland á aðild að, auk þess sem í skýrslunni er fjallað um gildi erlendrar fjárfestingar, aðallega í samanburði við erlendar lántökur.

Frá því árið 1960, eða frá upphafi OECD, hafa aðildarríki stofnunarinnar verið sammála um að stefna beri að sem frjálsustum viðskiptum með fjármagn, vöru og þjónustu. Stefna þessi byggir á því að með auknu frjálsræði í fjármagnsviðskiptum milli landa verði tryggð hámarksnýting þeirra framleiðslugæða sem hagsæld hvílir á. Samþykktir OECD um að stefnt skuli að frjálsum fjármagnshreyfingum taka bæði til beinnar fjárfestingar, svo sem með hlutafjárkaupum, sem og til óbeinnar fjárfestingar, svo sem með lánveitingum. Meginmarkmiðið er að svipað frelsi gildi um fjármagn og almennt þykir sjálfsagt í dag að gildi um viðskipti með vörur og þjónustu.

Milliríkjaviðskipti með fjármagn og sú efnahagsuppbygging, sem af þessu hlýst, leiða yfirleitt til virkari og víðtækari samskipta ríkja á milli og eru þá líkleg til að leiða til bættrar

hagstjórnunar aðildarríkjanna. Jafnframt er stefnt að því að atvinnufyrirtækjum í aðildarríkjum OECD, sem við slíkt frjálsræði búa, séu tryggð jöfn starfsskilyrði samkvæmt lögum og reglugerðum, svo og í stjórnarframkvæmd allri, þótt fyrirtækin séu í eigu eða undir stjórn erlendra aðila.

Þrátt fyrir frjálslynda stefnu í þessum efnum hafa aðildarríki OECD lagt á það áherslu í samþykktum sínum að ekki séu fyrir borð bornir almennir öryggishagsmunir þeirra né réttur til að standa við gerða samninga á alþjóðavettvangi.

Í kjölfar stefnuyfirlýsinga OECD og markvissra rannsókna á löggjöf í aðildarríkjum OECD hafa aðildarríkin á undanförnum árum breytt löggjöf sinni og dregið úr takmörkunum á erlendum fjárfestingum. Að sama skapi hefur traust í alþjóðlegum fjárfestingum farið vaxandi.

Samhliða þeirri þróun hefur verðmæti erlendrar fjárfestingar OECD-ríkja vaxið verulega. Þannig nam heildarfjárfesting þeirra samkvæmt skýrslum OECD á árunum 1980–1983 samtals 21,3 milljörðum bandarískra dala á ári til samanburðar við 18,6 milljarða dala á ári á árunum 1974–1979.

Við nánari athugun á tölum fyrir tímabilið 1980–1983 kemur í ljós að nokkrar sveiflur eru á milli einstakra ára innan tímabilsins. Enn fremur sést að nokkur frávik eru hjá einstökum ríkjum OECD frá þeim meðaltalstölum sem er að finna í könnunum OECD. Sérstaka athygli vekur að verðmæti erlendrar fjárfestingar Japana og Ítala hefur verið hlutfallslega mikið og stöðugt á undanförnum árum gagnstætt því sem segja má um Bandaríkin. Samhliða hefur orðið mikil aukning á beinni fjárfestingu erlendra aðila innan Bandaríkjanna.

Sú grófa mynd, er hér hefur verið dregin upp varðandi nýjustu vísbendingar um erlendar fjárfestingar, endurspeglar jafnframt hin almennu efnahagsskilyrði sem einkennt hafa þau ár sem athuguð hafa verið. Einn meginhvati að mikilli fjárfestingu erlendis hefur verið ótryggt efnahagsástand þegar litið er á heiminn í heild. Telja verður að háir vextir svo og þróun gengismála í heiminum hafi haft einna mest áhrif. Mikil skuldasöfnun ríkja í rómönsku Ameríku og afleiðingar hennar hafa einnig mikil áhrif á það til hvaða landa erlend fjárfesting beinist hverju sinni.

Auk þeirra meginþátta efnahagslífs, sem hér eru nefndir, hafa margir aðrir þættir veruleg áhrif eins og nánar kemur fram í skýrslum OECD um þessi efni. Rétt er þó að geta þess að þær tölur, sem síðasta könnun OECD byggir á, eru frá árinu 1983, en samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir árin 1984 og 1985 virðist sem erlendar fjárfestingar hafi enn aukist. Svo virðist þó sem alþjóðlegar og beinar fjárfestingar verði stöðugt háðari þeim breytingum sem verða á fyrrnefndum meginþáttum efnahagslífsins og lúta þær því meira en áður ársbundnum sveiflum.

Í frumvarpinu er lagt til að aukið samræmi verði tryggt í þeim reglum er um fjárfestingar erlendra aðila gilda og hefur nefndin í því skyni kannað ítarlega þær reglur sem í gildi eru í hinum margvíslegustu atvinnugreinum. Þá er í frumvarpinu gerð tilraun til að skilgreina nokkur hugtök sem þýðingu hafa á sviði erlendrar fjárfestingar. Verður þannig að finna á einum stað lagaumgjörð um réttarstöðu erlendra fjárfestingaraðila.

Tillögur nefndarinnar taka mið af þeim fyrirvara, sem getið er í áðurnefndri grein, í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar, þ.e. að full yfirráð Íslendinga verði tryggð yfir náttúruauðlindum lands og sjávar. Auk þess geymir frumvarpið nokkrar aðrar takmarkanir á erlendum fjárfestingum hér á landi, einkum vegna öryggishagsmuna og af menningarlegum ástæðum. Helstu takmarkanir eru á sviði fiskveiða og fiskvinnslu. Þá eru skorður reistar við aðild erlendra aðila að viðskiptabönkum, blaðaútgáfu og rekstri útvarpsstöðva hér á landi, auk þess sem erlend fjárfesting er í vissum tilvikum háð leyfi. Með frumvarpi þessu er þó almennt lagt til að um verulega rýmkun verði að ræða varðandi rétt erlendra aðila til fjárfestingar í atvinnurekstri hér á landi. Jafnframt er lögð áhersla á eftirlit með erlendri fjárfestingu og að

þeir erlendir aðilar, sem hér fjárfesta, lúti í einu og öllu íslenskum lögum, þar á meðal skattalögum, og lögsögu íslenskra dómstóla.

Nefndin telur að með því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, sé stigið mikilvægt skref í þá átt að erlent áhættufé geti í ríkara mæli komið í staðinn fyrir erlent lánsfé við fjármögnun atvinnurekstrar hér á landi. Frumvarp þetta mun því, ef að lögum verður, hafa mikilvæg áhrif á vaxtar- og þróunarskilyrði atvinnufyrirtækja innan fjölmargra atvinnugreina. Auknir möguleikar innlendra fyrirtækja til samvinnu við erlenda aðila, einkum í framleiðslu- og útflutningsgreinum, geta skapað ný tækifæri sem leitt geta til aukinnar verðmætasköpunar innan lands og þar af leiðandi til aukinnar hagsældar þjóðarbúsins í heild, svo sem vegna aukinna skatttekna, hærri vinnulauna, aukinnar þekkingar og lækkaðs verðlags svo að eitthvað sé nefnt. Er og vert að hafa hugfast í þessu sambandi að fáar þjóðir eru svo háðar utanríkisviðskiptum sem Íslendingar. Fer og í vöxt að íslenskir aðilar reki og taki þátt í atvinnufyrirtækjum í öðrum löndum. Á hitt ber þó jafnframt að líta að þótt heimildir erlendra aðila til að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi verði rýmkaðar er ekki þar með sagt að vænta megi mikils áhuga erlendra aðila. Hér eru ekki í boði neinir sérstakir fjárfestingarhvatar eins og víða annars staðar, heimamarkaðurinn er lítill, fjarlægðir frá öðrum mörkuðum verulegar og náttúruauðæfi ekki fjölbreytt. En verði frumvarp þetta að lögum ættu þó a.m.k. ekki lagalegir óvissuþættir og hindranir að þurfa að standa í vegi fyrir fjárfestingu erlendra aðila í sama mæli og til þessa sé áhugi erlendra aðila á annað borð fyrir hendi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er gildissvið frumvarpsins afmarkað. Samkvæmt þessari grein frumvarpsins eiga lögin að gilda um fjárfestingu erlendra aðila, sbr. nánari skilgreiningu á fjárfestingu og erlendum aðilum í 2. gr. frumvarpsins, en ekki um venjulegar lánveitingar eða aðra fjármagnsflutninga erlendra aðila til landsins sem ekki tengjast eignar- og rekstraraðild þeirra að atvinnurekstri hér á landi. Þá tekur frumvarpið einungis til fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri, en ekki til annarrar hugsanlegrar fjárfestingar erlendra aðila hér á landi, svo sem fjárfestingar í skuldabréfum, fasteignum, frímerkjum, málverkum eða öðrum verðmætum. Tekið er fram að frumvarpið gildi um hvers kyns fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi, nema annað leiði af sérákvæðum annarra laga eða reglum settum samkvæmt þeim. Í því sambandi skal minnt á að í gildi eru sérstök lög um heimildir erlendra aðila til þátttöku í tilteknum stóriðjuverum, svo sem lög nr. 76/1966, um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík, ásamt síðari lögum um lagagildi viðaukasamninga milli sömu aðila, lög nr. 80/1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, ásamt síðari breytingum og viðaukum, lög nr. 18/1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, ásamt síðari breytingum, og lög nr. 70/1982, um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Frumvarpið gildir um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi hvort sem hinn erlendi aðili hyggst stunda hér atvinnurekstur beint í eigin nafni eða með eignaraðild að íslensku atvinnufyrirtæki.

Um 2. gr.

Hér eru helstu hugtök skilgreind. Búseta einstaklings og heimili lögaðila eru lögð til grundvallar varðandi skilgreiningu á því hver teljist vera erlendur aðili í skilningi frumvarpsins. Þannig telst t.d. íslenskur ríkisborgari, sem á lögheimili erlendis, vera erlendur aðili. Er þetta í samræmi við þá stefnu sem fylgt er t.d. hjá OECD þar sem áherslan liggur á búsetunni en ekki þjóðerninu. Til erlends aðila telst og íslenskt atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum, en þá er átt við að erlendur aðili eða aðilar eigi meiri hluta fyrirtækisins eða fari með meiri hluta atkvæðisréttar í því þótt minnihlutaeigandi sé eða hafi með öðrum hætti, svo

sem með stjórnunarsamningi, raunveruleg yfirráð yfir viðkomandi atvinnufyrirtæki. Ástæðan fyrir því að íslenskt atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum er í frumvarpinu skilgreint sem erlendur aðili er sú að þannig á að reyna að girða fyrir að erlendur aðili geti farið bakdyramegin inn á svið þar sem fjárfestingu erlendra aðila eru skorður settar. Ella gæti erlendur aðili fyrst stofnað eða fjárfest í atvinnufyrirtæki hér á landi sem þar með teldist íslenskur aðili og það fyrirtæki síðan fjárfest á umræddu sviði. Sé hins vegar um að ræða íslenskt atvinnufyrirtæki sem íslenskir aðilar hafa yfirráð yfir þótt erlendir aðilar eigi jafnframt hlut í því eru ákvæði frumvarpsins ekki því til fyrirstöðu að slíkt fyrirtæki fjárfesti í öðru atvinnufyrirtæki hér á landi. Við mat á því, hvort um fjárfestingu er að tefla, getur það ráðið úrslitum hvort um er að ræða framlag til eigin fjár viðkomandi atvinnufyrirtækis. Lánveiting telst því ekki fjárfesting nema um sé að ræða lán í einhverju því formi sem skattyfirvöld viðurkenna eða úrskurða að flokka beri sem eigið fé viðkomandi fyrirtækis. Hér mundu einkum geta komið til álita svonefnd víkjandi lán. Auk þess sem nú er nefnt teljast kaup á eignarhlut, sem fyrir er í atvinnufyrirtæki, að sjálfsögðu vera fjárfesting þótt endurgjaldið renni þá ekki alltaf til fyrirtækisins sjálfs, heldur til þeirra sem áttu eignarhlut fyrir.

Um 3. gr.

Í 3. gr. kemur fram sú meginstefna frumvarpsins að erlendum aðilum sé heimilt að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi með þeim takmörkunum einum sem af öðrum ákvæðum frumvarpsins og ákvæðum sérlaga leiðir og að uppfylltum öðrum skilyrðum og að fengnum tilskildum leyfum lögum samkvæmt. Fjórða grein frumvarpsins hefur að geyma ákvæði um ýmis frávik frá þessari meginreglu. Einnig leiðir af ákvæðum ýmissa annarra laga að á sumum sviðum er í reynd útilokað fyrir erlenda aðila að fjárfesta. Sem dæmi má nefna að samkvæmt áfengislögum, póstlögum og lögum um Áburðarverksmiðju ríkisins hafa tiltekin ríkisfyrirtæki einkarétt til starfrækslu á ákveðnum sviðum. Og lög um viðskiptabanka takmarka rétt erlendra banka til að stunda bankastarfsemi hér á landi. En eftir sem áður felst í 3. gr. frumvarpsins sú grundvallarstefna að erlendum aðilum sé heimilt að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi að því marki sem slíkri fjárfestingu eru ekki bein takmörk sett. Fjárfesting erlendra aðila er þó með sama hætti og fjárfesting íslenskra aðila háð því að almennum lagaskilyrðum sé fullnægt, enda verða erlendir aðilar, sem reka atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni sem og íslensk atvinnufyrirtæki með erlendri eignaraðild, í einu og öllu háð íslenskum lögum og reglum og lúta lögsögu íslenskra dómstóla að því er varðar starfsemina hér á landi.

Samkvæmt gildandi lögum er ýmis atvinnustarfsemi háð sérstöku leyfi stjórnvalda, oft ráðherra. Má nefna sem dæmi um slík leyfi iðnaðarleyfi, verslunarleyfi, leyfi til reksturs ferðaskrifstofu og leyfi til vátryggingarstarfsemi. Hin ýmsu sérlög geyma ákvæði um hæfisskilyrði, svo sem um menntun og starfsreynslu, sem uppfylla þarf til að leyfi eða löggildingu megi veita til starfa á viðkomandi sviði. Fjárfesting erlendra aðila verður að sjálfsögðu því háð að hinir erlendu aðilar eða íslensk atvinnufyrirtæki, sem þeir hyggjast taka þátt í að stofna eða kaupa sig inn í, uppfylli sett skilyrði og hafi tilskilin leyfi. Það er síðan mismunandi eftir atvinnugreinum hvar leyfisveitingarvaldið liggur.

Rétt er að taka fram að í frumvarpinu felast hvorki breytingar á lagaákvæðum um skráningu skipa eða skráningu loftfara og munu því áfram gilda sömu skilyrði að því er varðar eignarhald til þess að skip eða loftfar fáist skráð hér á landi.

Um 4. gr.

Fjórða grein frumvarpsins hefur að geyma ýmsar undantekningar frá meginreglu 3. gr. Þær takmarkanir, sem þar er kveðið á um, eru af þrennum toga. Í fyrsta lagi eru lagðar fyrir fram hömlur við fjárfestingu erlendra aðila á tilteknum sviðum, þ.e. í útgerð, fiskvinnslu, útgáfu dagblaða, rekstri útvarpsstöðva og í viðskiptabönkum, sbr. 1.–4. tölul. 4. gr. Í öðru lagi verður tiltekin fjárfesting háð leyfi ráðherra, sbr. 5.–7. tölul. og 9. tölul. 4. gr. Og í þriðja lagi

getur ráðherra í sérstökum tilvikum og innan vissra tímamarka stöðvað tiltekna erlenda fjárfestingu, sbr. 10. tölul. 4. gr.

Verður nú vikið nánar að hverjum tölulið 4. gr. fyrir sig.

Um 1. tölul.

Í 1. tölul. er vísað til laga nr. 33/1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi, að því er varðar efnisregluna um það hverjir stunda megi fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Að þessu leyti er hér annar háttur á hafður en almennt er fylgt í frumvarpinu því að við gerð frumvarpsins var leitast við flytja efnisákvæði um heimildir erlendra aðila til að fjárfesta í íslenskum atvinnurekstri úr hinum ýmsu sérlögum í þau heildarlög sem hér er gerð tillaga um. Ástæða þess að gerð er undantekning, að því er varðar rétt til fiskveiða, er sú að ýmis önnur ákvæði laga nr. 33/1922, sem og ákvæði í öðrum lögum, byggja á ákvæðum 1. og 2. gr. laga nr. 33/1922, þar sem kveðið er á um hverjir stunda megi veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Þótti því ekki fært að flytja þessi ákvæði úr lögunum. Þar sem frumvarpi þessu er ætlað að draga upp sem heillegasta mynd af þeim reglum sem um erlenda fjárfestingu eiga að gilda þykir rétt engu að síður að 4. gr. geymi tilvísun til laga nr. 33/1922.

Samkvæmt núgildandi ákvæðum laga nr. 33/1922 mega íslenskir ríkisborgarar einir reka fiskveiðar í landhelgi við Ísland og má aðeins hafa íslenska báta eða skip til veiðanna. Tekið er fram að íslenskir kallist þeir bátar eða skip sem íslenskir ríkisborgarar eiga einir. Þrátt fyrir þessa meginreglu mega erlendir ríkisborgarar skv. 11. gr. laga nr. 33/1922 eiga í hlutafélögum sem fiskveiðar stunda í landhelgi, svo lengi sem meira en helmingur hlutafjárins er eign íslenskra ríkisborgara, félagið á heimili á Íslandi og stjórn þess er skipuð íslenskum ríkisborgurum, enda sé a.m.k. helmingur þeirra búsettur hér á landi.

Í 13.–15. gr. frumvarps þessa er gerð tillaga um nokkra breytingu á lögum nr. 33/1922. Eru þessar breytingar þríþættar. Í fyrsta lagi er lagt til að úr gildi verði numin heimild erlendra aðila til að eiga allt að helmingi hlutafjár í útgerðarhlutafélögum. Er og með því leitast við að laga löggjöfina að þeirri stefnumörkun sem fram kemur í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar, að þrátt fyrir rýmkun á heimildum erlendra aðila til að fjárfesta í íslenskum atvinnurekstri skuli tryggt að erlendir aðilar nái ekki tökum á náttúruauðlindum lands og sjávar. Í öðru lagi er með 14. gr. frumvarpsins gerð tillaga um þá breytingu á lögum nr. 33/1922 að í stað þess að miða við, að þeir bátar og þau skip teljist íslensk í skilningi laganna sem íslenskir ríkisborgarar einir eiga, sé við það miðað að þeir bátar og þau skip teljist íslensk sem skráð eru hér á landi. Ræðst það þá af skilyrðum laga um skráningu skipa á hverjum tíma. Í þriðja lagi er lagt til að niður falli 8. og 11. gr. úr lögum nr. 33/1922, bæði vegna þess að tillaga er gerð um að niður verði felld heimild erlendra aðila til eignaraðildar að útgerðarfélögum vegna þess að ákvæðin eru að nokkru leyti úrelt og vegna þess að þau hafa gefið tilefni til lagaóvissu um það hvort erlendir aðilar mættu reka eða eiga hlut í fiskvinnslu hér á landi. Um það yrði samkvæmt frumvarpinu kveðið á í 2. tölul. 4. gr.

Um 2. tölul.

Hér er lagt til að erlendum aðila skuli óheimilt að reka fiskvinnslu hér á landi beint í eigin nafni og skuli einnig óheimilt að eiga hlut í íslensku atvinnufyrirtæki sem rekur fiskvinnslu hér á landi ef viðkomandi atvinnufyrirtæki stundar jafnframt fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Sé hins vegar um að ræða íslenskt atvinnufyrirtæki sem ekki stundar útgerð hér við land er erlendum aðilum heimilt að fjárfesta í slíku fyrirtæki, en þó má samanlagður eignarhlutur erlendra aðila í slíku fyrirtæki á hverjum tíma ekki vera meiri en 50% nema með sérstöku leyfi viðskiptaráðherra. Ljóst er að mörkin á milli fiskiðnaðar og annars iðnaðar geta í sumum tilvikum verið óglögg, en samkvæmt frumvarpinu er með fiskvinnslu átt við hvers konar vinnslu, verkun og úrvinnslu á fiski og öðrum sjávarafurðum. Fiskiðnaður Íslendinga er

viðkvæm atvinnugrein í harðri erlendri samkeppni. Því þykir rétt að setja fjárfestingarheimildum erlendra aðila í fiskvinnslu nokkrar skorður þótt ágreiningslaust sé að rétturinn til sjálfra veiðanna skipti mestu varðandi yfirráð yfir þessari mikilvægustu náttúruauðlind þjóðarinnar.

Um 3. tölul.

Samkvæmt 2. tölul. 2. mgr. 3. gr. útvarpslaga, nr. 68/1985, er óheimilt að veita erlendum aðila leyfi til útvarpsrekstrar né félagi eða stofnun þar sem eignarhlutdeild erlendra aðila er meiri en 10%. Að því er varðar útgáfu blaða og tímarita er óljóst samkvæmt gildandi lögum hvort og þá að hvaða marki erlendir aðilar geta átt í útgáfufyrirtæki sem hér á heimili því að skv. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 57/1956, um prentrétt, getur íslenskur ópersónulegur aðili verið útgefandi blaðs eða tímarits, en ósagt er látið hvort erlendur aðili geti verið eigandi eða meðeigandi slíks íslensks ópersónulegs aðila.

Hér er lagt til að erlendum aðilum skuli óheimilt að gefa út dagblað eða reka útvarpsstöð hér á landi. Hins vegar verði erlendum aðilum heimilt að eiga í íslensku atvinnufyrirtæki sem gefur út dagblað eða rekur útvarpsstöð, en samanlagður eignarhlutur erlendra aðila í hverju slíku fyrirtæki má þó á hverjum tíma ekki vera meiri en 25%. Þrátt fyrir þá rýmkun á heimildum erlendra aðila til fjárfestingar hér á landi, sem í frumvarpinu felst, þykir rétt að standa sérstakan vörð um þessar tvær höfuðgreinar fjölmiðlunar. Er það í samræmi við það sem tíðkast víða erlendis þótt fjárfestingarheimildir erlendra aðila séu að öðru leyti rúmar. Tekið skal fram að takmörkun sú, sem í þessum tölulið felst, nær ekki til annarra blaða en dagblaða og ekki til tímarita og verður erlendum aðilum því að fullnægðum öðrum skilyrðum heimilt að gefa út önnur blöð og tímarit eða eiga í íslenskum atvinnufyrirtækjum sem slíka útgáfu hafa með höndum. Nú er það svo að ekkert íslenskt „dagblað“ kemur út daglega og er því ekki unnt að miða mörkin milli dagblaða og annarra blaða við þá útgáfutíðni. En með hliðsjón af því hvernig útgáfu íslenskra dagblaða er hagað er í frumvarpi þessu við það miðað að dagblöð séu þau blöð sem út eru gefin að jafnaði a.m.k. fimm daga í viku.

Um 4. tölul.

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 86/1985 skal hlutafé í hlutafélagsbanka allt vera í íslenskri eigu. Með 15. gr. laga nr. 7/1987, um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands, var gerð undantekning að því er varðar Útvegsbanka Íslands hf. og kveðið svo á að bönkum, sem eiga lögheimili og varnarþing erlendis, skuli heimilt að eiga á hverjum tíma samtals allt að 25% hlutafjár í bankanum. Hér er lagt til að aflétt sé hinu algjöra banni viðskiptabankalaganna við erlendri eignaraðild, en samanlögð hlutafjáreign erlendra aðila í hlutafélagsbanka megi þó á hverjum tíma ekki vera meiri en 25% hlutafjár hlutafélagsbankans. Samkvæmt viðskiptabankalögum getur einungis verið um að ræða tvenns konar viðskiptabanka hér á landi, ríkisviðskiptabanka í eigu ríkisins og hlutafélagsbanka. Eignaraðild erlendra aðila takmarkast því eðli málsins samkvæmt við hlutafélagsbanka. Heimild erlendra aðila til takmarkaðrar eignaraðildar að hlutafélagsbönkum einskorðast samkvæmt frumvarpinu ekki við erlenda banka eins og nú er að því er varðar Útvegsbanka Íslands hf., heldur verður að fullnægðum öðrum skilyrðum frumvarpsins hvaða erlendum aðila sem er heimilt að gerast hluthafi í hlutafélagsbanka.

Sú takmörkun, sem í töluliðnum felst, tekur einvörðungu til hlutafélagsbanka. Hún nær hins vegar ekki til annarra fyrirtækja á íslenskum fjármagnsmarkaði, svo sem verðbréfafyrirtækja, fjárfestingarfyrirtækja, fjármögnunarleigna og greiðslukortafyrirtækja. Eignaraðild erlendra aðila að slíkum fyrirtækjum eru engar skorður settar samkvæmt gildandi lögum. Samkvæmt frumvarpinu gæti aðild erlendra aðila að slíkum fyrirtækjum á hinn bóginn takmarkast af ákvæðum annarra tölulíða 4. gr.

Um 5. tölul.

Hér segir að án sérstaks leyfis viðskiptaráðherra geti erlendur aðili ekki verið félagsmaður í félagi sem á heimili og stundar atvinnurekstur hér á landi ef því fylgir að hann beri fulla ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Tekur þetta til að mynda bæði til sameignar- og samlagsfélaga. Rétt þykir að hafa þennan hátt á svo unnt sé að meta hvert tilvik sérstaklega og hugsanlega að setja skilyrði, svo sem varðandi það að hinn erlendi aðili hafi fyrirsvarsmann hér á landi svo auðveldara sé að stefna honum fyrir íslenska dómstóla ef þess gerist þörf. Vegna hinnar víðtæku ábyrgðar viðkomandi félagsmanna á skuldbindingum viðkomandi félags, sem oft gerir það að verkum að félag nýtur meira lánstrausts en ella væri, þykir nauðsynlegt að hafa nokkra hönd í bagga með fjárfestingum erlendra aðila í þessu formi. Tekið er fram að leyfis ráðherra sé ekki þörf þegar atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum tekur þátt í félögum sem um ræðir í töluliðnum, enda á slíkt atvinnufyrirtæki heimili hér á landi, þótt það sé skilgreint sem erlendur aðili.

Um 6. tölul.

Hér er lagt til að til þurfi að koma sérstakt leyfi viðskiptaráðherra til þess að erlent ríki eða fyrirtæki í eigu erlends ríkis geti og megi fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi. Fyrir þessari skipan eru þau rök að áhugi erlends ríkis á að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi getur stafað af öðru en voninni um ávinning af slíkri fjárfestingu. Þykir því rétt að tækifæri gefist til að skoða hvert tilvik sérstaklega.

Um 7. tölul.

Með þessum tölulið er sleginn ákveðinn varnagli að því er varðar umfang fjárfestinga einstakra erlendra aðila hér á landi.

Samkvæmt þessum tölulið þarf sérstakt leyfi viðskiptaráðherra til að koma til þess að heildarfjárfesting erlends aðila eða samanlögð fjárfesting fjárhagslega tengdra aðila geti farið fram úr ákveðinni fjárhæð á ári hverju. Gildir þá einu hvort fyrirhuguð fjárfesting felur í sér meirihlutaeign eða minnihlutaeign í viðkomandi atvinnufyrirtæki. Ekki er ástæða til að ætla að oft muni að vænta erlendrar fjárfestingar af þeirri stærðargráðu sem í töluliðnum greinir eða að slík fjárfesting, ef af yrði, orki þá einhvers tvímælis. Ákvæði töluliðarins er alfarið á því byggt að eðlilegt sé að gæta vissrar varfærni þegar stærri fjárfesting er annars vegar.

Um 8. tölul.

Hér er áréttuð sú meginregla að í samþykktir félags eða félagssamning íslensks félags megi setja ákvæði sem takmarka sölu eða annað framsal eignarhluta í viðkomandi félagi til erlends aðila. Slíkum takmörkunum verður við komið óháð hluthafafjölda í hlutafélögum því að bann 18. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, við viðskiptahömlum í hlutafélögum, þar sem hluthafar eru 200 eða fleiri, nær einungis til þess að leggja hömlur á viðskipti með almenn hlutabréf milli íslenskra aðila. Ekkert er því t.d. til fyrirstöðu að hlutafélag gefi út hlutabréf í tveimur eða fleiri flokkum og takmarki sölu eða annað framsal hlutabréfa í einum flokki til erlendra aðila þótt sala eða annað framsal hlutabréfa í öðrum flokkum sé án takmarkana.

Um 9. tölul.

Í þessum tölulið er kveðið á um það hvernig með skuli fara ef erlendur aðili vill reka atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni, en ekki með aðild að íslensku atvinnufyrirtæki. Greint er á milli þess hvort um er að ræða erlendan einstakling, erlent hlutafélag eða annan erlendan lögaðila. Í hlutafélagalögum eru ákvæði um heimildir erlendra hlutafélaga til að starfa hér á landi, sbr. XVII. kafla laga nr. 32/1978, um hlutafélög, og er tekið fram í 9. tölul. að um rétt hlutafélags, sem á heimili erlendis til að starfa hér á landi, fari samkvæmt þeim

ákvæðum. Viðskiptaráðherra getur veitt öðrum erlendum lögaðilum leyfi til að starfa hér á landi, enda sé þá, að því er varðar slíka lögaðila og starfsemi þeirra hér á landi, fullnægt sömu skilyrðum og fylgt sömu meginreglum og að því er varðar erlend hlutafélög sem starfa hér á landi. Þá segir að einstaklingi, sem búsettur er erlendis, sé óheimilt að vinna sjálfstætt eða starfrækja eigið atvinnufyrirtæki hér á landi, nema með sérstöku leyfi viðskiptaráðherra. Sé búseta hins vegar óundanþægt skilyrði samkvæmt lögum um viðkomandi atvinnugrein eins og oftast er eða veiting undanþágu frá búsetuskilyrðinu falin öðrum getur viðskiptaráðherra ekki veitt viðkomandi einstaklingi leyfi. Til kasta viðskiptaráðherra kemur því fyrst og fremst ef um er að ræða áhuga erlendra einstaklinga á að stunda hér atvinnustarfsemi sem ekki hafa verið sett nein sérstök lög um. Í þeim tilvikum gæti ráðherra t.d. bundið leyfi því skilyrði að viðkomandi einstaklingur hafi fyrirsvarsmann með heimilisfesti hér á landi og helgast það m.a. af réttarfarsástæðum.

Um 10. tölul.

Hér er lagt til að stöðva megi tiltekna fjárfestingu ef hún er talin ógna öryggi landsins, skerða verulega samkeppni fyrirtækja í viðkomandi atvinnugrein eða ef hún er á annan hátt til þess fallin að hafa óæskileg áhrif á atvinnulíf í landinu. Þessu ákvæði er ætlað að vera ákveðinn öryggisventill vegna fjárfestingar erlendra aðila sem hættuleg þykir eða óæskileg, en er hvorki bönnuð né háð leyfi viðskiptaráðherra samkvæmt einhverjum af fyrri tölulíðum 4. gr. eða samkvæmt ákvæðum annarra laga. Ógnun við öryggi landsins getur bæði falið í sér ógnun við innra og ytra öryggi landsins. Með verulegri skerðingu á samkeppni fyrirtækja í viðkomandi atvinnugrein er fyrst og fremst átt við tilvik sem ætla má að gengju þvert á löggjöf um auðhringa og hringamyndanir, ef sett hefðu verið, með hliðsjón af ákvæðum slíkrar löggjafar í nágrannalöndum. Ekki er fyrir fram unnt að sjá fyrir á tæmandi hátt þau dæmi sem upp gætu komið um fjárfestingu erlendra aðila sem þættu til þess fallin að hafa óæskileg áhrif á atvinnulíf í landinu. Þar verður reynslan að skera úr. Þótt það leiði þannig af eðli máls að útilokað sé að skilgreina nákvæmlega í lögum skilyrði fyrir því að stöðvunarheimild þessari sé beitt og þar hljóti ávallt að verða að vera visst svigrúm fyrir frjálst mat er ljóst að ákvæðinu er eingöngu ætlað að vera nokkurs konar varnagli sem ekki sé gripið til nema nauðsyn beri til. Því er lagt til að viðskiptaráðherra geti því aðeins stöðvað erlenda fjárfestingu á grundvelli þessa töluliðar að fyrir liggi álit nefndar um erlenda fjárfestingu, sbr. 2. mgr. 11. gr., um að skilyrði fyrir beitingu stöðvunarheimildar séu fyrir hendi. Og til þess að erlendir aðilar þurfi ekki að vera lengi í óvissu um það hvort tiltekin fjárfesting nær fram að ganga, en það er eitt og sér til þess fallið að draga úr áhuga erlendra aðila á að fjárfesta í tilteknu landi ef lengi þarf að bíða niðurstöðu um það hvort fjárfesting verður heimiluð eða stöðvuð, er tekið fram að það sé skilyrði fyrir stöðvun fjárfestingar að ákvörðun þar að lútandi sé kunngerð innan þriggja vikna frá því að réttum stjórnvöldum berst tilkynning um hlutaðeigandi fjárfestingu.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að öll erlend fjárfesting verði tilkynningarskyld til gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands jafnskjótt og samningur eða ákvarðanir þar að lútandi liggja fyrir. Tilkynningarskyldan tekur jafnt til viðbótarfjárfestingar erlends aðila í atvinnufyrirtæki sem hann á þegar í, sem og fjárfestingar í nýju fyrirtæki eða starfandi fyrirtæki sem hann hefur ekki átt í áður. Tímabilið, sem stöðvunarheimild skv. 10. tölul. 4. gr. stendur, hefst þegar gjaldeyriseftirlitinu berst tilkynning um hlutaðeigandi fjárfestingu.

Tekið er fram að gjaldeyriseftirlitið hafi sams konar rétt til upplýsingaöflunar og athugana vegna fjárfestingar erlendra aðila og það hefur samkvæmt lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Vísast í því sambandi einkum til 3. og 4. mgr. 6. gr. laga nr. 63 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

Um 6.–7. gr.

Í 6. gr. og 7. gr. frumvarpsins er lagt til að tekin verði af öll tvímæli í lögum um rétt erlends fjárfestingaraðila til innflutnings á erlendu fjármagni vegna fjárfestingar og yfirfærslu þess í íslenskar krónur, um tilkynningarskyldu slíks fjármagnsflutnings og um rétt aðila til að flytja arð og söluandvirði eða annað endurgreiðsluverð úr landinu að nýju. Samkvæmt lögum nr. 63 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, og reglum settum samkvæmt þeim, er greiðsla arðs til erlendra aðila sem hér hafa fjárfest svo og endurgreiðsla á verðmæti fjárfestingar, svo sem vegna sölu á eignarhlut eða slita á atvinnufyrirtæki, háð leyfi og frjálsu mati gjaldeyrisyfirvalda. Sú skipan er til þess fallin að vekja tortryggni og efasemdir hjá hugsanlegum fjárfestingaraðilum. Með 7. gr. er þeirri óvissu eytt. Um framkvæmd gjaldeyrisyfirfærslna vegna fjármagnsflutninga til og frá landinu í tengslum við erlenda fjárfestingu skal fara samkvæmt gildandi lögum og reglum um framkvæmd gjaldeyrismála á hverjum tíma. Aðrar fjármagnsgreiðslur til og frá landinu munu áfram háðar óbreyttum lögum og reglum.

Um 8. gr.

Í 8. gr. frumvarpsins er sett fram sú meginregla að framkvæmdastjórar og meiri hluti stjórnarmanna í íslenskum atvinnufyrirtækjum skuli ávallt vera búsettir hér á landi óháð eignarhlut, atkvæðisrétti eða öðrum yfirráðum erlendra aðila. Viðskiptaráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði. Hér er um að ræða sams konar ákvæði og gildir varðandi búsetu framkvæmdastjóra og meiri hluta stjórnarmanna í hlutafélögum, sbr. 2. mgr. 50. gr. hlutafélagalaga, en þetta verður nú almenn regla óháð félagsformi.

Um 9. gr.

Samkvæmt lögum nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, þarf sérstakt leyfi dómsmálaráðherra til þess að erlendir aðilar eða íslenskir lögaðilar með erlendri félagsaðild eða eignaraðild umfram tiltekið eignarhlutfall geti eignast eða fengið afnotarétt að fasteign. Þetta er afar óþjál og að mörgu leyti óeðlileg skipan þegar í hlut eiga aðilar sem rétt hafa til að stunda atvinnustarfsemi hér á landi og um er að ræða eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteign til beinnar notkunar í viðkomandi atvinnustarfsemi. Í 9. gr. segir að um þessi efni skuli áfram fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 19/1966, en í 44. gr. frumvarpsins er hins vegar lagt til að sú breyting verði á 1. gr. laga nr. 19/1966 að ekki þurfi leyfi ráðherra, þótt um sé að ræða aðila sem ekki fullnægi almennum skilyrðum 1. gr. laga nr. 19/1966, til að öðlast án leyfis eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteign hér á landi ef viðkomandi aðili hefur rétt til að stunda atvinnurekstur hér á landi og um er að ræða eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteign til beinnar notkunar í atvinnustarfseminni, enda fylgi fasteigninni einungis venjuleg lóðarréttindi. Eftir sem áður þyrfti leyfi dómsmálaráðherra til þess að framangreindir aðilar gætu eignast eða nýtt önnur réttindi yfir fasteignum, svo sem vatns- og veiðiréttindi.

Þar sem rísa kunna álitamál um það hvenær fasteignaréttindi eru undanþegin leyfi á grundvelli þessa ákvæðis er kveðið svo á um að heimildarskjöl vegna slíkra gerninga skuli lögð fyrir dómsmálaráðuneytið og öðlast gerningurinn ekki gildi fyrr en ráðuneytið hefur staðfest hann með áritun sinni.

Um 10. gr.

Í 10. gr. frumvarpsins er tekið fram að um skattskyldu erlends aðila, sem fjárfestir hér á landi, fari samkvæmt ákvæðum almennra íslenskra skattalaga. Sé í gildi svonefndur tvísköttunarsamningur milli Íslands og heimaríkis erlends fjárfestingaraðila gilda ákvæði slíks samnings. Ísland hefur ekki gert tvísköttunarsamninga nema við fáein ríki, en unnið er að gerð slíkra samninga við fleiri ríki. Nefndin, sem frumvarpið samdi, íhugaði en hafnaði að taka upp í frumvarpið almenna heimild til þess að beita ákvæðum tiltekins tvísköttunarsamnings ef í hlut ætti erlendur aðili frá ríki sem tvísköttunarsamningur hefur ekki verið gerður við, sbr. hins vegar 8. gr. laga nr. 18/1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Um 11. gr.

Samkvæmt 11. gr. mun viðskiptaráðherra fara með leyfisveitingar og annast eftirlit með framkvæmd laganna ef frumvarpið verður að lögum, að svo miklu leyti sem tiltekið eftirlit eða leyfisveitingar eru ekki samkvæmt ákvæðum frumvarpsins beinlínis faldar öðrum. Öll rök hníga að því að eftirlit með hvers kyns erlendri fjárfestingu, leyfisveitingar og vald til að stöðva tiltekna erlenda fjárfestingu heyri undir einn ráðherra þegar ein fjárfestingarlög koma í stað ákvæða í mörgum og mismunandi lögum. Og með því að gjaldeyris- og viðskiptamál falla undir viðskiptaráðherra er lagt til að hann fari með yfirstjórn mála sem varða erlenda fjárfestingu. Í þessu sambandi er þó rétt að endurtaka það sem áður greinir að veiting leyfa til að stunda ákveðna atvinnustarfsemi verður, þar sem slíkra leyfa er krafist, áfram í höndum sömu stjórnvalda og áður.

Í 11. gr. er jafnframt lagt til að sérstök nefnd, nefnd um erlenda fjárfestingu, verði viðskiptaráðherra til ráðuneytis um leyfisveitingar samkvæmt frumvarpinu og umsagnaraðili um einstök mál. Samkvæmt 10. tölul. 4. gr. þarf nefnd þessi og að hafa komist að þeirri niðurstöðu að þargreind skilyrði séu til staðar til þess að viðskiptaráðherra geti stöðvað tiltekna erlenda fjárfestingu. Lagt er til að nefndin verði skipuð fimm mönnum og að viðskiptaráðherra skipi einn þeirra án tilnefningar en hina fjóra samkvæmt tilnefningum jafnmargra ráðherra, þ.e. iðnaðarráðherra, sjávarútvegsráðherra, dómsmálaráðherra og utanríkisráðherra. Er með þessum hætti leitast við að tryggja að stjórnvaldsákvarðanir á sviði erlendrar fjárfestingar muni styðjast við sem víðfeðmasta faglega og pólitíska ráðgjöf. Þess er að vænta að erlend fjárfesting muni einkum koma til álita á sviði iðnaðar, viðskipta, verslunar og fiskvinnslu. Því er eðlilegt að iðnaðarráðherra, viðskiptaráðherra og sjávarútvegsráðherra tilnefni menn til setu í nefndinni. Rökin fyrir því að utanríkisráðherra tilnefni mann til setu í nefndinni eru þau annars vegar að hann fer með utanríkisviðskiptamál og hins vegar þau að æskilegt er í sumum tilvikum að í nefndinni sitji fulltrúi tilnefndur af utanríkisráðherra, svo sem þegar mat er lagt á það hvort leyfa eigi fjárfestingu erlends ríkis eða erlends ríkisfyrirtækis, sbr. 6. tölul. 4. gr., og þegar mat er lagt á það hvort tiltekin erlend fjárfesting ógni öryggi landsins, sbr. 10. tölul. 4. gr. Aðild fulltrúa tilnefnds af dómsmálaráðherra að nefndinni er með sama hætti æskileg bæði vegna mats á hugsanlegri ógnun við öryggi landsins og vegna aðildar dómsmálaráðuneytisins að málum sem varða fasteignaréttindi.

Um 12. gr.

Hér er lagt til að brot gegn ákvæðum laganna og reglum settum samkvæmt þeim varði sektum eða fangelsi allt að fjórum árum og að mál út af brotum á lögunum fari að hætti opinberra mála.

Meðal brota gegn lögunum má nefna að ekki sé tilkynnt um erlenda fjárfestingu eða fjármagnsflutninga vegna hennar, að ekki séu virtar fjárfestingartakmarkanir skv. 1.–4. tölul. 4. gr. og að leyfis viðskiptaráðherra sé ekki leitað til erlendrar fjárfestingar þegar skylt er. Refsiábyrgðin getur eftir atvikum og almennum reglum ýmist legið hjá erlendum og/eða innlendum aðilum.

Um 13.–15. gr.

Vísað er til athugasemda við 1. og 2. tölul. 4. gr.

Um 16. gr.

Hér er lagt til að samræmi verði komið á varðandi það hverjir stunda mega fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands annars vegar og hverjum veita megi leyfi samkvæmt lögum um hvalveiðar hins vegar.

Um 17. gr.

Að auki er nauðsynlegt að tekið verði upp ákvæði í lögin um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála er setti skýr mörk milli þessarar fjárfestingar og erlendra lána. Við samningu þessa ákvæðis mætti hafa hliðsjón af skilgreiningu OECD á hugtakinu, sbr. I. kafla. Einnig þarf að lögfesta á einum stað hvað hugtakið „erlendur aðili“ merkir. Þykir rétt að mæla með að fylgt verði reglum OECD og miðað við búsetu (heimilisfesti) utan fjárfestingarlandsins. Slíkt ákvæði ætti einnig að leysa af hólmi ákvæði þeirra atvinnulaga um ríkisfang sem ekki er lagt til að verði afnumin, sbr. það sem segir hér á eftir.

Ef ákveðið yrði að ráðast í framangreindar breytingar yrði og að breyta ákvæðum laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt af fasteignum. Annars er hætt við því að ekki næðist það samræmi í stjórnarframkvæmd á þessu sviði sem að væri stefnt. Tryggja verður fyrirtækjum í eigu erlendra aðila rétt til að kaupa eða leigja þær fasteignir sem nauðsynlegar eru vegna starfseminnar. Að öðru leyti væru fyrirtækin hins vegar háð ákvæðum laganna.

Almennt er viðurkennt í ríkjum OECD að veigamikil rök geti verið fyrir því að takmarka aðgang útlendinga að vissum atvinnugreinum. Þau rök styðjast einkum við öryggishagsmuni sem m.a. felast í því að tryggja öruggar samgöngur og yfirráð mikilvægra náttúruauðlinda, en einnig styðjast þau við það sem kalla má þjóðerniskennd og gætir slíkra sjónarmiða t.d. á sviði menningarmála. Þessi viðhorf geta átt nokkurn rétt á sér, a.m.k. er víst að þeirra gætir í ríkum mæli hér á landi. Erlendis, þar sem reynslan er meiri, hafa þessi sjónarmið látið undan síga á undanförnum árum og rýmkun reglna um erlenda fjárfestingu átt þar vaxandi fylgi að fagna. Hin Norðurlöndin eru eftirtektarvert dæmi um þessa framvindu mála. Í stað verulegra takmarkana gegn beinni erlendri fjárfestingu hafa ríki OECD eflt með sér samstarf og upplýsingaskipti á þessu sviði og samræmt að nokkru marki þær reglur sem gilda um fjármagnsflutninga. Með þessu móti hafa ríkin reynt að gæta þess að erlendir fjárfestingaraðilar fylgi settum reglum um leið og þau færa sér í nyt þá kosti sem ótvírætt geta fylgt erlendri fjárfestingu.

Hér er lagt til að farið verði inn á nýjar brautir í þessu efni að fordæmi annarra þjóða. Fyrst í stað yrðu takmarkanir á erlendri fjárfestingu afnumdar á sviði verslunar, iðnaðar, þar á meðal fiskiðnaðar, ferðamannaþjónustu, þar með talinn hótel- og veitingarekstur, að því marki sem takmarkana gætir þar nú, og einnig á sviði fjármálaþjónustu og annarrar þjónustustarfsemi. Fiskeldi félli einnig hér undir en fjárfesting erlendra aðila í þeirri grein er einungis háð ákvæðum laga um eignarrétt og afnotarétt af fasteignum. Síðar mætti hugsa sér að fram færi athugun á því hvernig til hefði tekist og metið hvort frekari breytinga væri þörf. Á það ber hins vegar að leggja áherslu að þrátt fyrir þessar breytingar mundu fyrirtæki í eigu erlendra aðila lúta íslenskum lögum og lögsögu um þau lögskipti sem af starfsemi þeirra leiðir.

2. Seta í stjórn fyrirtækis. Í þeim lögum þar sem lagt er til að ákvæði, er takmarka erlenda fjárfestingu, verði afnumin er einnig lagt til að ákvæði um íslenskt ríkisfang og heimilisfesti stjórnarmanna verði felld úr gildi. Í stað þessara ákvæða muni ákvæði hlutafélagalaga gilda að því er varðar hlutafélög, en þar segir að meiri hluti stjórnarmanna skuli vera búsettir hér á landi, svo og framkvæmdastjóri. Viðskiptaráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðinu. Að því er varðar önnur félagsform, svo sem sameignarfélög, er lagt til að sams konar ákvæði verði tekið upp í lög nr. 42/1903, um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð. Sé um einstaklingsfyrirtæki að ræða í eigu erlends aðila sem ekki er hér búsettur er nauðsynlegt að fyrirtækið hafi forsvarsmann með heimilisfang hér á landi og helgast það m.a. af réttarfarslegum ástæðum.

3. Reglur um fjármagnsflutninga vegna erlendrar fjárfestingar. Markmið framangreindra tillagna er m.a. það að tryggja fyrirtækjum sambærileg starfskjör án tillits til þess hvort um erlenda eignaraðild er að ræða. Með tilliti til þessa er nauðsynlegt að fjármagnsgreiðslur til erlendra eigenda fyrirtækja hér á landi, sem fela í sér greiðslu arðs eða endurgreiðslu á upphaflegu fjárfestingarframlagi, t.d. vegna sölu á eignarhlut, séu ekki bundnar takmörkunum. Að öðrum kosti búa þeir ekki við sömu kjör og innlendir eigendur fyrirtækja. Aðrar fjármagnsgreiðslur verða hins vegar að lúta almennum reglum en í því efni er þó mikilvægt að meðferð gjaldeyrisyfirvalda sé í sem bestu samræmi við reglur OECD. Í þessu felst ekki að um frjálst mat gjaldeyrisyfirvalda verði áfram að ræða, heldur yrði leitast við að kynna hverjar væru þær viðmiðanir sem gjaldeyrisyfirvöld nota við afgreiðslu umsókna.

4. Skattalög. Ekki er ástæða til að gera aðra tillögu en þá að áfram verði unnið að gerð tvísköttunarsamninga við önnur ríki og er raunar unnið nú þegar að slíku á vegum fjármálaráðuneytisins.

5. Starfið innan OECD. Á sama tíma og unnið yrði að frágangi nýrra reglna um erlenda fjárfestingu þarf að endurskoða afstöðu Íslands til samstarfsins sem fram fer innan OECD um aukið frelsi í fjármagnsflutningum og fjallað var um í 2. lið III. kafla. Skiptir mestu máli að Íslendingar láti verða af því síðastir aðildarríkja OECD að falla frá hinum almenna fyrirvara gagnvart samþykktinni um frelsi í fjármagnsflutningum. Þess í stað mætti kanna hvort ekki væri fremur ástæða til að nýta heimild 2. gr. samþykktarinnar um fyrirvara um einstök ákvæði hennar.

Sþ. 722. Svar [367. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Ásgeirs Hannesar Eiríkssonar um húsameistara ríkisins.

Fyrirspurnin var send húsameistara ríkisins með beiðni um upplýsingar og er í svari forsætisráðherra stuðst við þær.

1. *Hvaða reglur gilda um viðskipti opinberra stofnana og fyrirtækja við húsameistara ríkisins?*

Ekki eru til lögfestar reglur um viðskipti opinberra stofnana og fyrirtækja við húsameistara ríkisins, en í 1. gr. reglugerðar nr. 259 frá 16. ágúst 1973 (fylgiskjal I) um embætti húsameistara ríkisins segir: „Verksvið embættis húsameistara ríkisins, sem heyrir undir

forsætisráðuneytið, sbr. 2. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands, er tvíþætt. Í fyrsta lagi umsjá (viðhald, breytingar) með þeim opinberu byggingum sem greindar eru í 2. gr. Í öðru lagi frumathugun og áætlunargerð (sbr. II. og III. kafla laga nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda) varðandi opinberar byggingar, eftir því sem um semst milli embættis húsameistara ríkisins og eignaraðila.“

Þær opinberu byggingar, sem greindar eru í 2. gr. reglugerðarinnar og húsameistara ríkisins ber samkvæmt reglugerð að hafa umsjá með, eru: embættisbústaður forseta Íslands, gestahúsnæði ríkisins, Alþingishús og Hæstiréttur, skrifstofuhúsnæði Stjórnarráðsins, Safnahús í Reykjavík og Þjóðleikhús.

Samkvæmt reglugerðinni skal fast starfslið embættisins vera: húsameistari ríkisins, þrír arkitektar, tveir byggingartæknifræðingar, einn innanhússarkitekt, einn byggingaeftirlitsmaður (byggingamaður), einn aðalbókari og gjaldkeri, ein vélritunar- og símastúlka og ein vélritunarstúlka. Auk þess er heimilt að ráða tímabundna aukaaðstoð sérfræðinga vegna sérstakra verkefna sem teiknistofu embættisins eru falin. Hjá embætti húsameistara ríkisins eru því ekki starfandi iðnaðarmenn til þess að sinna framkvæmd viðhalds- og breytingaverkefna.

Umsjá húsameistaraembættisins (viðhald og breytingar) með opinberum húsakosti, sem því er falin, er því einkum sú að sinna eftirliti, gæta þess að viðhaldi sé ekki áfátt, gera áætlanir, teikningar og tillögur þegar leggja á út í framkvæmdir og hafa eftirlit með því að vinna iðnaðarmanna, sem ráðnir eru til framkvæmda, sé í samræmi við eðlilegar kröfur bæði hvað snertir afköst og gæði.

Rekstur embættis húsameistara ríkisins er fjármagnaður þannig að þeir sem kaupa þjónustu embættisins greiða samkvæmt reikningi fyrir framlag starfsmanna meðan þeir sinna hlutaðeigandi verkefni. Fyrir störf arkitekta er greitt samkvæmt taxta Arkitektafélags Íslands og fyrir vinnu annarra starfsmanna einnig samkvæmt taxta sem um útselda vinnu á því sviði gilda. Eftirlitsmaður embættis húsameistara fylgist með störfum iðnaðarmanna hverju sinni og skrifar upp á reikninga þeirra, en verkkaupi greiðir honum laun fyrir eftirlitshlutverkið. Embætti húsameistara ríkisins fær ekki framlög beint á fjárlögum og er raunar ætlað að skila hart nær 7 milljóna króna framlagi í ríkissjóð í ár.

Lög um skipan opinberra framkvæmda, sem vísað er til í reglugerðinni, nefna hvergi embætti húsameistara ríkisins, enda segir í ívitnaðri reglugerð að frumathugun og áætlunargerð varðandi opinberar byggingar hafi húsameistari með höndum eftir því sem um semst milli embættis húsameistara ríkisins og eignaraðila.

2. *Hvaða opinberar stofnanir og fyrirtæki hafa samkvæmt þeim reglum heimild til að kaupa beint þjónustu húsameistara ríkisins?*

Í svari húsameistara við þessari spurningu segir: „Allar opinberar stofnanir og fyrirtæki hafa heimild til, án milligöngu, að kaupa þjónustu af embætti húsameistara ríkisins. Aðeins örfáar opinberar byggingar falla undir umsjá húsameistara ríkisins samkvæmt reglugerðinni. Forsvarsmönnum þeirra bygginga ber því í reynd að leita eftir þjónustu frá embætti húsameistara ríkisins. Þau embætti og stofnanir, sem þessar byggingar falla undir, eru: embætti forseta Íslands, Stjórnarráð Íslands, Alþingi, Hæstiréttur, Þjóðminjasafn Íslands, Landsbókasafn Íslands, Listasafn Íslands, Náttúrufræðistofnun og Þjóðleikhúsið. Allar aðrar stofnanir, embætti og/eða fyrirtæki á vegum ríkissjóðs hafa því samkvæmt reglugerðinni frjálst val um það, hvort þeir leita til embættis húsameistara ríkisins um þjónustu eða annarra aðila ...“

Ekki verður séð að heimild opinberra stofnana til þess að kaupa beint þjónustu af embættinu séu nokkrar skorður settar ef þær telja það hagkvæmt.

3. *Hvaða forsvarsmenn þessara stofnana og fyrirtækja hafa heimild til að skuldbinda þau fjárhagslega á þann hátt?*

Um það hljóta að gilda almennar reglur og fara eftir skipulagi einstakra stofnana hverjir heimild hafa til þess að binda þeim fjárhagslegar skuldbindingar. Í svari húsameistara ríkisins við þessum tölulið segir: „Það er skilningur undirritaðs að forsvarsmenn hinna ýmsu stofnana hafi, innan fjárhagsramma viðkomandi stofnunar, heimild til að semja við embætti húsameistara um þjónustu. Í reynd gengur þetta fyrir sig á þann hátt að ýmist eru það yfirmenn hinna ýmsu ráðuneyta, forstöðumenn stofnana eða formenn byggingarnefnda, á vegum hins opinbera, sem til okkar leita með beiðni um þjónustu. Í langflestum tilfellum er um að ræða verkefni þar sem verkbeiðnin kemur beint frá ráðuneytum eða byggingarnefndum sem skipaðar eru af ráðherrum eða ráðuneytum."

4. *Hvaða opinberar stofnanir og fyrirtæki eða aðrir aðilar á vegum ríkisins, hverju nafni sem nefnast, keyptu þjónustu af húsameistara ríkisins árið 1987, 1988 og 1989 og fyrir hve háa fjárhæð hver aðili í hvert sinn?*

Fylgiskjal II er listi frá embætti húsameistara ríkisins um alla selda þjónustu samkvæmt reikningum embættisins árin 1987, 1988 og 1989. Fjárhæðin er 35.140.772 kr. árið 1987, 50.290.398 kr. árið 1988 og 62.210.576 kr. árið 1989 eða samtals 147.641.746 kr. Fjárhæðirnar eru án söluskatts og á verðlagi hvers árs.

5. *Hafa einstaklingar og fyrirtæki þeirra eða félög, sveitarfélög og stofnanir þeirra og fyrirtæki eða aðrir aðilar, sem ekki eru á ábyrgð ríkissjóðs, keypt þjónustu af húsameistara ríkisins. Ef svo er hvað námu þau viðskipti háum fjárhæðum árin 1987, 1988 og 1989?*

Fylgiskjal III er listi frá embætti húsameistara ríkisins þar sem tekin er út úr fylgiskjali II nöfn þeirra viðskiptavina sem taldir eru falla undir skilgreininguna í þessari spurningu. Fjárhæðirnar eru 517.224 kr. árið 1987, 2.432.736 kr. árið 1988 og 1.895.029 kr. árið 1989 eða samtals 4.844.989 kr. Athuga ber að þessar fjárhæðir eru innifaldar í fjárhæðum í svari við 4. tölul.

6. *Er opinberum stofnunum og fyrirtækjum eða öðrum aðilum á vegum ríkisins heimilt að kaupa á frjálsum markaði þá þjónustu sem húsameistari ríkisins býður?*

Þessu er í raun svarað undir 1. tölul. þar sem segir varðandi aðrar opinberar byggingar en þær sem taldar eru í 2. gr. reglugerðar nr. 259/1973 að um kaup á þjónustu frá húsameistara ríkisins fari „eftir því sem um semst milli embættis húsameistara ríkisins og eignaraðila".

Hvað þær byggingar áhrærir, sem taldar eru í 2. gr. reglugerðar nr. 259/1973, kveður reglugerðin á um að það sé hlutverk embættis húsameistara ríkisins að hafa umsjá (viðhald, breytingar) með þeim.

Fylgiskjal I.

REGLUGERÐ
um embætti Húsameistara ríkisins, nr. 259 frá 16. ágúst 1973.

1. gr.

Verksvið embættis húsameistara ríkisins, sem heyrir undir forsætisráðuneytið, sbr. 2. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands, er tvíþætt. Í fyrsta lagi umsjá (viðhald, breytingar) með þeim opinberu byggingum, sem greindar eru í 2. gr. Í öðru lagi frumathugun og áætlunargerð (sbr. II. og III. kafla laga nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda) varðandi opinberar byggingar, eftir því sem um semst milli embættis húsameistara ríkisins og eignaraðila.

2. gr.

Þær opinberu byggingar, sem falla undir umsjá embættis húsameistara ríkisins, sbr. 1. gr., eru þessar:

Embættisbústaður forseta Íslands.
Gestahúsnæði ríkisins.
Alþingishús og Hæstiréttur.
Skrifstofuhúsnæði Stjórnarráðsins.
Safnahús í Reykjavík.
Þjóðleikhús.

3. gr.

Til þess að anna verkefnum skv. 1. og 2. gr. skal fast starfslið embættisins vera húsameistari ríkisins.

3 arkitektar (yfirarkitekt og 2 deildararkitektar).
2 byggingartæknifræðingar.
1 innanhússarkitekt.
1 byggingaeftirlitsmaður (byggingamaður).
1 aðalbókari og gjaldkeri.
1 vélritunar- og símastúlka.
1 vélritunarstúlka.

4. gr.

Þegar um sérstök verkefni er að ræða, sem teiknistofu embættisins eru falin til úrlausnar, er heimilt að ráða tímabundna aukaaðstoð sérfræðinga að fengnu samþykki nefndar skv. lögum nr. 48/1958.

Forsætisráðuneytið, 16. ágúst 1973.

Ólafur Jóhannesson.

Guðmundur Benediktsson.

Fylgiskjal II.

Seld þjónusta árið 1987.
(Samkvæmt reikningum embættisins í kr.)

Alþingi	1.174.364,-
Barnaskólinn Brautarholti Skeiðum	283.109,-
Danska sendiráðið	119.723,-
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	1.241.594,-
Fasteignir ríkissjóðs	50.200,-
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	16.102.450,-
Forseti Íslands	72.380,-
Háskóli Íslands	2.272.465,-
Kirkja Reykholti	114.392,-
Listasafn Íslands	2.701.925,-
Lögreglustjórinn Keflavíkurflugvelli	23.476,-
Menntaskólinn Laugarvatni	119.162,-
Reykjanesskóli við Ísafjarðardjúp	15.744,-
Sjávarútvegsráðuneytið	2.272.465,-
Sjúkrahús Suðurlands Selfossi	3.064.380,-

Skógaskóli	62.826,-
Skrifstofa Ríkisspítalanna	1.209.719,-
Utanríkisráðuneytið	203.970,-
Yfirstjórn mannvirkjagerðar á Landspítalalóð	3.847.667,-
Þjóðleikhúsið	33.216,-
Samtals	**35.140.772,-**

Seld þjónusta árið 1988 (án söluskatts).
(Samkvæmt reikningum embættisins í kr.)

Akureyrarkirkja	107.793,-
Alþingi	6.274.666,-
Barnaskólinn Drangsnesi	844.919,-
Barnaskólinn Brautarholti á Skeiðum	455.660,-
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	409.404,-
Embætti forseta Íslands (Bessastaðir)	3.981.112,-
Fasteignir ríkissjóðs	690.288,-
Félagsmálaráðuneytið	28.731,-
Fjármálaráðuneytið	1.050.201,-
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	2.073.305,-
Forsætisráðuneytið	4.916.998,-
Hafrannsóknastofnun	1.658.658,-
Hallgrímskirkja	39.596,-
Háskóli Íslands	3.677.586,-
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	126.566,-
Hjallakirkja Ölfusi	107.056,-
Húseignin Borgartún 7	219.499,-
Iðnaðarráðuneytið	304.591,-
Kirkja Reykholti	79.389,-
Kirkja Djúpavogi	51.799,-
Kristnesspítali Eyjafirði	27.350,-
Listasafn Einars Jónssonar	21.530,-
Listasafn Íslands	792.515,-
Listasafn Ásgríms Jónssonar	100.964,-
Menntamálaráðuneytið	201.943,-
Menntaskólinn Akureyri	123.976,-
Menntaskólinn Laugarvatni	98.406,-
Núpsskóli	140.064,-
Reykjanesskóli við Ísafjarðardjúp	10.008,-
Sameignin Laugavegur 105 Reykjavík	591.423,-
Sjávarútvegsráðuneytið	1.397.583,-
Skálholt	100.612,-
Skógaskóli	63.097,-
Skógrækt ríkisins	182.256,-
Skrifstofa Ríkisspítalanna	1.384.329,-
Sveitarstjóri Rangárvallahrepps	32.959,-
Umboðsmaður Alþingis	191.894,-
Utanríkisráðuneytið	47.532,-
Varmalandsskóli	10.598,-

Vélskólinn í Reykjavík	13.124,-
Viðskiptaráðuneytið	27.888,-
Yfirstjórn mannvirkjagerðar á Landspítalalóð	16.362.284,-
Þjóðleikhúsið	1.270.246,-
Samtals	**50.290.398,-**

Seld þjónusta árið 1989 (án söluskatts).
(Samkvæmt reikningum embættisins í kr.)

Akureyrarkirkja	108.787,-
Alþingi	25.351,-
Barnaskólinn Brautarholti á Skeiðum	186.642,-
Barnaskólinn Drangsnesi	55.366,-
Borgarneskirkja	252.815,-
Byggingarnefnd Bessastaða	6.902.151,-
Danska sendiráðið	118.212,-
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	1.487.399,-
Fasteignir ríkissjóðs	640.180,-
Fjármálaráðuneytið	180.879,-
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	103.956,-
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	1.600.736,-
Forsætisráðuneytið	4.971.713,-
Hafrannsóknastofnunin	2.380.627,-
Hagstofa Íslands	1.066.477,-
Háskóli Íslands	2.630.826,-
Hæstiréttur Íslands	467.489,-
Laugarneskirkja	1.012.469,-
Laugavegur 24	107.978,-
Listasafn Íslands	516.151,-
Menntamálaráðuneytið	484.893,-
Reykholtskirkja	500.651,-
Ríkisendurskoðun	32.840,-
Sameignin Laugavegur 105 Reykjavík	10.882,-
Sjávarútvegsráðuneytið	109.004,-
Sjúkrahús Suðurlands Selfossi	1.872.870,-
Skrifstofa Ríkisspítalanna	2.064.132,-
Viðskiptaráðuneytið	36.038,-
Yfirstjórn mannvirkjagerðar á Landspítalalóð	19.131.511,-
Þingvallanefnd	238.193,-
Þjóðleikhúsið	12.913.358,-
Samtals	**62.210.576,-**

Fylgiskjal III.

Seld þjónusta árið 1987.
(Samkvæmt reikningum embættisins í kr.)

Barnaskólinn Brautarholti Skeiðum	283.109,-
Danska sendiráðið	119.723,-
Kirkja Reykholti	114.392,-
Samtals	**517.224,-**

Seld þjónusta árið 1988 (án söluskatts).
(Samkvæmt reikningum embættisins í kr.)

Akureyrarkirkja	107.793,-
Barnaskólinn Brautarholti á Skeiðum	455.660,-
Barnaskólinn Drangsnesi	844.919,-
Hallgrímskirkja	39.596,-
Hjallakirkja Ölfusi	107.056,-
Kirkja Djúpavogi	51.799,-
Kirkja Reykholti	79.389,-
Listasafn Einars Jónssonar	21.530,-
Sameignin Laugavegur 105 Reykjavík	591.423,-
Skálholt	100.612,-
Sveitarstjóri Rangárvallahrepps	32.959,-
Samtals	**2.432.736,-**

Seld þjónusta árið 1989 (án söluskatts).
(Samkvæmt reikningum embættisins í kr.)

Borgarneskirkja	252.815,-
Danska sendiráðið	118.212,-
Laugarneskirkja	1.012.469,-
Reykholtskirkja	500.651,-
Sameignin Laugavegur 105 Reykjavík	10.882,-
Samtals	**1.895.029,-**

Sþ. 723. Svar [309. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Friðriks Sophussonar um alþjóðlega ráðstefnu um verndun hafsins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Verður haldin hér á landi alþjóðleg ráðstefna um verndun hafsins á þessu ári, sbr. þingsályktun frá 18. mars 1987?

Í svari forsætisráðherra, sem byggðist á áliti Siglingamálastofnunar ríkisins við fyrirspurn sama fyrirspyrjanda um sömu ályktun á síðasta þingi, sagði m.a. svo:

Ætla má að lágmarksundirbúningur fyrir alþjóðlega ráðstefnu um mengun sjávar, þar sem eingöngu yrði fagleg umfjöllun, sé um 12 mánuðir frá því að ákvörðun er tekin um að halda hana hér. Með vísun til þess og hins að mikið er að gerast á þessum vettvangi hér á landi eða í næsta nágrenni okkar seinni hluta þessa árs og fyrri hluta árs 1990 sýnist ekki skynsamlegt að stefna að því nú að halda slíka ráðstefnu fyrr en í fyrsta lagi seinni hluta árs 1990 eða fyrri hluta árs 1991. Undirbúningur að ályktunarhæfri ráðstefnu tæki eflaust mun lengri tíma og jafnvel álitamál hvort fagleg ráðstefna þyrfti ekki einmitt nú að koma til áður en boðað yrði til slíkrar ráðstefnu.

Hér á landi eru fyrirhugaðir eftirfarandi alþjóðlegir fundir og ráðstefnur um mengunar- og umhverfismál:

1. Seinni hluta janúarmánaðar hefur utanríkisráðuneytið boðið fulltrúum aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins, sem sæti eiga í umhverfismálanefnd bandalagsins (Committee on the Challenges to Modern Society), til hringborðsumræðna í Reykjavík um mengun úthafa dagana 17.–18. apríl nk.

Drög að dagskrá hringborðsumræðnanna voru undirbúin í samráði við Geislavarnir ríkisins, Siglingamálastofnun ríkisins og Hafrannsóknastofnun. Þar er gert ráð fyrir að fjallað verði um mengun í hafi af völdum þungamálma, frávirkra lífrænna efna og geislavirkra efna.

Fastanefnd Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu kynnti tillögu Íslendinga sérstaklega á fundi umhverfismálanefndarinnar í Brussel 5. febrúar sl. Til þessa hafa engin formleg svör borist frá aðildarríkjum bandalagsins. Óvíst er því um endanlega tímasetningu þessarar ráðstefnu og hvort af henni verður.

2. Ársfundur Óslóar- og Parísarsamninganna 1990 í Reykjavík 11.–23. júní 1990.

3. Ríkisstjórn Íslands hefur ákveðið að fimmta norræna ráðstefnan um umhverfismenntun (umhverfisfræðslu), „Miljö 91“, fari fram í Reykjavík 12.–14. júní 1991.

Á 8. áratugnum stóðu Norðurlöndin fyrir sameiginlegu átaki til að efla umhverfisfræðslu í skólum. Í framhaldi af því var ákveðið að efna til ráðstefnu annað hvert ár til skiptis á Norðurlöndum. Fyrsta ráðstefnan var í Stokkhólmi 1983, önnur í Ósló 1985, sú þriðja í Helsinki 1987 og sú fjórða í Kaupmannahöfn vorið 1989. Á þessum ráðstefnum hafa verið rúmlega 1.000 manns. Í Kaupmannahöfn voru t.d. 1.200 manns, þ.e. 500 Danir og 700 frá öðrum Norðurlöndum, þar af 13 Íslendingar. Umfangsmiklar sýningar og skoðunarferðir eru hluti af þessum ráðstefnum, enda er lögð mikil áhersla á að kynna og ræða um það sem verið er að gera á sviði umhverfismenntunar.

Auk framangreindra funda eru fjölmargir fundir og ráðstefnur fyrirhugaðar, um mengunar- og umhverfismál, sem Ísland er aðili að á næstu mánuðum og árum erlendis. Má í því sambandi nefna alþjóðlegan fund sem haldinn verður í Bergen 8.–16. maí nk., að frumkvæði Norðmanna, til að fylgja eftir Brundtland-skýrslunni. Á síðasta þingi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar 9.–20. október sl. var samþykkt ályktun þess efnis að boða til alþjóðlegrar ráðstefnu næsta haust til að ganga frá alþjóðasamningi um samstarf og skipulag vegna hreinsunar olíu úr sjó þegar mengunaróhöpp verða. Ákveðið er að halda ráðstefnuna 19.–23. nóvember 1990 í höfuðstöðvum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar í London. Þá er fyrirhugaður fyrsti ráðherrafundur Óslóar- og Parísarnefndanna um varnir gegn mengun sjávar í júní 1992.

Með hliðsjón af framansögðu og þeim sjónarmiðum, sem fram komu í svari við fyrirspurn sama fyrirspyrjanda á síðasta þingi, er af hálfu Siglingamálastofnunar ríkisins talið heppilegt að stefna að ráðstefnu vísindamanna um varnir gegn mengun sjávar í apríl eða maí 1991 og hefja þegar athugun og undirbúning með það að leiðarljósi.

Af hálfu stjórnvalda hefur umhverfisráðherra verið falið að vinna að undirbúningi ráðstefnu um varnir gegn mengun hafsins við Ísland á grundvelli nefndrar þingsályktunar, frá 18. mars 1987, í samvinnu og samráði við Siglingamálastofnun ríkisins, Hafrannsóknastofnun, Geislavarnir ríkisins og Háskóla Íslands.

Ed. 724. Frumvarp til laga [415. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 109/1988 og 76/1989.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

2. málsl. 1. gr. laganna orðist svo:

— að stuðla að jafnrétti í húsnæðismálum þannig að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

2. gr.

5. og 10. tölul. 11. gr. laganna falli brott.

3. gr.

Á eftir IV. kafla laganna, Húsbréfaviðskipti (sbr. lög nr. 76/1989), og í stað 30.–47. gr. (Lán til almennra kaupleiguíbúða), V. kafla, Byggingarsjóður verkamanna og félagslegar íbúðarbyggingar, 69.–97. gr., og VII. kafla, Félagslegar kaupleiguíbúðir, 104.–122. gr., kemur nýr V. kafli með 52 nýjum greinum, 51.–102. gr. Fyrirsögn kaflans er: **Félagslegar íbúðir.** Töluröð annarra greina breytist samkvæmt því. Hinn nýi V. kafli orðast svo:

a. (51. gr.)

Markmið.

Markmið með lánveitingum til félagslegra íbúða samkvæmt lögum þessum er að jafna kjör og aðstöðu fólks í landinu og skapa fólki öryggi að því er húsnæðismál varðar.

Skal það gert með því

a. að gera sveitarfélögum, félagasamtökum eða fyrirtækjum kleift, með hagstæðum lánum, að koma upp húsnæði ætlað sem eignaríbúðir, leiguíbúðir, leiguíbúðir með hlutareign eða leiguíbúðir með kauprétti,
b. að gefa fólki kost á því að eignast húsnæði á félagslegum kjörum,
c. að gefa fólki færi á að leigja húsnæði, eða leigja með hlutareign eða kauprétti á félagslegum kjörum.

Við framkvæmd félagslegrar aðstoðar samkvæmt grein þessari skal við það miðað

a. að fólk eigi val um þá kosti sem fram koma í grein þessari,
b. að aðstoð til húsnæðismála gangi bæði til eignar- og leiguíbúða,
c. að húsnæðiskostnaður einstaklinga eða fjölskyldna á hverjum tíma fari ekki fram úr þriðjungi af heildartekjum fjölskyldu,
d. að binda opinberar aðgerðir til jöfnunar á húsnæðiskostnaði við aðstæður einstaklinga eða fjölskyldna eins og þær eru á hverjum tíma,
e. að þess sé gætt að félagslegar íbúðir séu ávallt vandaðar að allri gerð og blandist annarri íbúðabyggð með eðlilegum hætti.

b. (52. gr.)

Félagslegar íbúðir. Skilgreiningar.

Félagslegar íbúðir samkvæmt lögum þessum eru:

1. Kaupleiguíbúðir.
2. Félagslegar eignaríbúðir.
3. Félagslegar leiguíbúðir.

4. Íbúðir í verkamannabústöðum, leiguíbúðir sveitarfélaga og félagasamtaka sem byggðar voru í tíð eldri laga, svo og íbúðir sem byggðar voru á vegum framkvæmdanefndar byggingaráætlunar og íbúðir sem byggðar voru samkvæmt lögum nr. 58/1973 og 38/1976.

Framkvæmdaraðili hefur val um þá kosti sem fram koma í 1.–3. tölul. og skal við lánsumsókn kveðið á um hvers konar íbúð er um að ræða.

Með félagslegum eignaríbúðum er átt við íbúðir sem kaupandi festir kaup á þegar í upphafi, sbr. ákvæði eldri laga um verkamannabústaði.

Með félagslegum leiguíbúðum er átt við íbúðir sem eingöngu eru til leigu.

Kaupleiguíbúðir eru tvenns konar: félagslegar kaupleiguíbúðir og almennar kaupleiguíbúðir. Í kaupleiguíbúðum er um þrjá kosti að velja.

a. Kaupréttur nýttur strax í upphafi.
b. Leigu með kauprétti.
c. Leigu með hlutareign.

Félagslegar kaupleiguíbúðir eru byggðar eða keyptar á vegum sveitarfélaga eða viðurkenndra félagasamtaka, fjármagnaðar með láni úr Byggingarsjóði verkamanna fyrir allt að 90% af samþykktum byggingarkostnaði og 10% framlagi af hálfu framkvæmdaraðila.

Almennar kaupleiguíbúðir eru byggðar eða keyptar á vegum sveitarfélaga, viðurkenndra félagasamtaka eða fyrirtækja, fjármagnaðar með lánum úr Byggingarsjóði verkamanna fyrir allt að 70% og 20% af samþykktum byggingarkostnaði, sbr. 66. og 68. gr., og 10% framlagi af hálfu framkvæmdaraðila eða fyrir allt að 70% af samþykktum byggingarkostnaði og 30% framlagi af hálfu framkvæmdaraðila.

c. (53. gr.)

Framkvæmdaraðilar. Skilgreiningar.

Framkvæmdaraðilar koma á fót og reka félagslegar íbúðir. Þeir eru sveitarfélög, viðurkennd félagasamtök eða fyrirtæki með þeim hætti sem hér segir:

a. Félagslegar kaupleiguíbúðir: Sveitarfélög eða félagasamtök.
b. Félagslegar eignaríbúðir: Sveitarfélög.
c. Félagslegar leiguíbúðir: Sveitarfélög eða félagasamtök.
d. Almennar kaupleiguíbúðir: Sveitarfélög, félagasamtök eða fyrirtæki.

Framkvæmdaraðilar geta einnig staðið að verkefni í sameiningu.

Með félagasamtökum er átt við almannasamtök sem starfa að húsnæðismálum með það langtímamarkmið að koma á fót húsnæði og sjá um rekstur þess í þágu félagsmanna sinna. Félagsmálaráðherra skal með reglugerð setja skilyrði um fjárhagslega ábyrgð félagasamtaka.

Fyrirtæki, sem hér er átt við, geta verið einstaklingar, félög og aðrir sem reka sjálfstæða starfsemi og þurfa af brýnni nauðsyn að koma upp íbúðarhúsnæði vegna starfsemi sinnar. Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skilyrði fyrir lánum til fyrirtækja.

Félagasamtök og fyrirtæki skulu hafa hlotið staðfestingu félagsmálaráðherra til þess að teljast fullgildir framkvæmdaraðilar samkvæmt lögum þessum.

d. (54. gr.)

Skipulag og stjórn.

Yfirstjórn.

Um yfirstjórn félagslegra húsnæðismála af hálfu ríkisins vísast til II. kafla laga þessara.

e. (55. gr.)

Sveitarstjórnir og húsnæðisnefndir.

Sveitarfélag ber ábyrgð á félagslegu húsnæði á vegum þess.

f. (56. gr.)

Í sveitarfélögum með 400 íbúa eða fleiri skal sveitarstjórn skipa fimm manna húsnæðisnefnd og jafnmarga til vara að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum, þrjá kosna af sveitarstjórn og tvo fulltrúa tilnefnda af stærstu samtökum launafólks í sveitarfélaginu. Nefndin fer með stjórn og samræmingu félagslegs húsnæðis í sveitarfélaginu í umboði sveitarstjórnar og almennar upplýsingar og ráðgjöf varðandi húsnæðismál.

Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.

Í sveitarfélögum með færri íbúa en 400 er heimilt að skipa sérstakan húsnæðisfulltrúa í stað húsnæðisnefndar.

g. (57. gr.)

Skyldur, ábyrgð og verksvið sveitarfélaga.

Sveitarstjórn ber fjárhagslega ábyrgð á félagslegum íbúðum á vegum hennar og enn fremur ábyrgð á framkvæmdum.

Skylt er sveitarstjórn að hafa frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf þess fólks í sveitarfélaginu sem þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflun.

Sveitarstjórn ber að kanna heildarþörf á félagslegu húsnæði í sveitarfélaginu og á grundvelli hennar skal unnin fjögurra ára áætlun um byggingu eða kaup á félagslegum íbúðum sem endurskoðuð skal árlega.

Áætlanir um byggingu eða kaup félagslegra íbúða eiga að byggjast á mati á þörf fyrir nýjar íbúðir, upplýsingum um stöðu húsnæðismála í sveitarfélaginu, horfum í atvinnulífinu og mannfjöldaþróun. Einnig komi fram í áætluninni fjöldi þeirra íbúða sem nauðsynlegt er að byggja eða kaupa, æskilegar stærðir, húsgerð og áætlaður byggingartími. Jafnframt skal gerð grein fyrir æskilegri skiptingu íbúða milli eignaríbúða og leiguíbúða.

h. (58. gr.)

Sveitarfélag skal lána 10% kostnaðarverðs hverrar íbúðar við byggingu eða kaup á eignaríbúð. Skal það gert með því að kaupa skuldabréf af Húsnæðisstofnun ríkisins. Húsnæðisstofnun endurgreiðir sveitarfélaginu lánið á 15 árum, sbr. 2. mgr. 70. gr.

i. (59. gr.)

Verði byggingarkostnaður meiri eða kaupverð íbúðar hærra en sá kostnaðargrundvöllur sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt að lánveitingu fjármagnar viðkomandi sveitarstjórn þann kostnað sem umfram er.

Sveitarstjórn er ábyrg fyrir framkvæmdum, á framlagi hennar sem framkvæmdaraðila, á nýtingu fjármagns, uppgjöri og ráðstöfun þeirra íbúða sem eru á vegum sveitarfélagsins.

j. (60. gr.)

Sveitarfélag ber fjárhagslega ábyrgð á þeim umsýslukostnaði sem endursala íbúða hefur í för með sér. Er sveitarfélagi heimilt að áskilja sér allt að 1% álag vegna eigendaskipta sem skiptist jafnt milli seljanda og kaupanda.

Sveitarfélag ber þann kostnað sem kann að verða ef íbúð stendur auð við innlausn og endursölu.

Nú selst eignaríbúð ekki og er sveitarfélagi þá heimilt að leigja hana tímabundið þar til kaupandi fæst. Um leigufjárhæð gildir viðmiðunarregla 89. gr. Í reglugerð skal nánar kveðið á um leigu samkvæmt grein þessari.

k. (61. gr.)

Skyldur og verksvið húsnæðisnefnda.

Verkefni húsnæðisnefndar eru m.a.:

1. að gera áætlanir fyrir sveitarfélagið um þörf á félagslegu húsnæði,
2. að hafa eftirlit með framgangi félagslegra íbúðarbygginga í sveitarfélaginu,
3. að hafa eftirlit með því að ákvæðum laga um félagslegt húsnæði sé framfylgt í sveitarfélaginu,
4. að meta greiðslugetu umsækjenda þegar sótt er um eignaríbúðir, sbr. 80. gr.,
5. að úthluta félagslegum íbúðum á vegum sveitarfélagsins til einstaklinga í umboði sveitarstjórnar,
6. að sjá um endursölu félagslegra eignaríbúða,
7. að veita íbúum sveitarfélagsins upplýsingar og aðra nauðsynlega þjónustu varðandi félagslegt húsnæði og húsaleigusamninga,
8. að annast skráningu félagslegra íbúða í sveitarfélaginu,
9. að vinna með félögum, félagasamtökum og einstaklingum að húsnæðismálum í sveitarfélaginu.

l. (62. gr.)

Skyldur, ábyrgð og verksvið félagasamtaka sem standa að félagslegum íbúðum.

Félagasamtök, sem fengið hafa staðfestingu félagsmálaráðherra um heimild til þess að koma á fót og reka félagslegar íbúðir, bera fulla ábyrgð á byggingu eða kaupum, á rekstri og ráðstöfun félagslegra íbúða á þeirra vegum.

Verði byggingarkostnaður meiri eða kaupverð íbúðar á vegum félagasamtaka hærra en sá kostnaðargrundvöllur sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt að lánveitingu fjármagnar viðkomandi framkvæmdaraðili þann kostnað sem umfram er. Sama gildir ef fyrirtæki fær staðfestingu félagsmálaráðherra til að koma á fót og reka almennar kaupleiguíbúðir.

m. (63. gr.)

Byggingarsjóður verkamanna.

Hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna er að annast lánveitingar til félagslegra íbúða með það að markmiði að bæta úr húsnæðisþörf þess fólks sem þarfnast til þess sérstakrar fyrirgreiðslu.

n. (64. gr.)

Byggingarsjóður verkamanna er í vörslu Seðlabanka Íslands. Fjár til hans skal aflað sem hér segir:

a. með tekjum af eigin fé sjóðsins, þ.e. afborgunum vöxtum og verðtryggingu af veittum lánum,
b. með árlegum framlögum úr ríkissjóði eins og kveðið er á um í fjárlögum hverju sinni,
c. með láni sveitarfélags til Húsnæðisstofnunar ríkisins, sbr. 58. gr.,
d. með sölu skuldabréfa til lífeyrissjóða samkvæmt samningum Húsnæðisstofnunar ríkisins við lífeyrissjóði,
e. með sérstökum lántökum sem ákveðnar verða í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hverju sinni þegar ráðstöfunarfé samkvæmt a–d-liðum nægir ekki til áformaðra framkvæmda.

Stefna skal að því að byggja félagslegt húsnæði sem nemur a.m.k. einum þriðja af árlegri íbúðaþörf landsmanna og skal fjáröflun til sjóðsins hagað samkvæmt því.

Afgreiðsla lána úr sjóðnum og innheimta þeirra fara fram í almennum lánastofnunum sem Húsnæðisstofnun semur við um þá þjónustu.

o. (65. gr.)

Framlög ríkissjóðs skv. 64. gr. skulu greidd Byggingarsjóði verkamanna í samræmi við greiðslubyrði hans á hverjum tíma.

p. (66. gr.)

Lánaflokkar.

Lánaflokkar Byggingarsjóðs verkamanna eru:

1. Lán til félagslegra kaupleiguíbúða (90% lán).
2. Lán til félagslegra eignaríbúða (90% lán).
3. Lán til félagslegra leiguíbúða (90% lán).
4. Lán til almennra kaupleiguíbúða (70% og 20% lán).

r. (67. gr.)

Auk lána til íbúða er heimilt að lána til bílskýla ef nauðsynlegt er að bílskýli fylgi íbúð af skipulagsástæðum.

Einnig er heimilt að veita lán til upphitunar á gangstétt.

Því aðeins er heimilt að lána til bílskýla og upphitunar á gangstétt að samanlagður kostnaður við það og íbúðina fari ekki fram úr þeim kostnaðargrundvelli um hámarksverð á íbúð sem húsnæðismálastjórn setur.

Við endursölu á eignaríbúðum skal bílskýli fylgja íbúð.

Nánar skal kveðið á um efni greinar þessarar í reglugerð.

s. (68. gr.)

Lán. Lánskjör.

Lán til félagslegra íbúða veitir húsnæðismálastjórn úr Byggingarsjóði verkamanna. Lánshlutfall má nema allt að 90% af byggingarkostnaði eða kaupverði, þó aldrei hærra en 90% af þeim kostnaðargrundvelli að lánveitingu sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt.

Sé um sambýli eða íbúðir fatlaðra eða aldraðra að ræða skal heimilt að taka tillit til umframkostnaðar á fermetra.

Lán til félagslegra eignaríbúða og til kaupa á kaupleiguíbúðum eru til 43 ára.

Lán til félagslegra leiguíbúða og til kaupleiguíbúða, sem eru í leigu, eru til 50 ára.

Sérstök lán til framkvæmdaraðila vegna almennra kaupleiguíbúða (20% lán) eru til 25 ára.

Sé um lán til kaupa á notuðum íbúðum að ræða má lánið nema sama hlutfalli af kaupverði og lánað er til nýbygginga.

Lán Byggingarsjóðs verkamanna skulu vera að fullu verðtryggð og skal höfuðstóll lánsins miðast við lánskjaravísitölu eins og hún er á hverjum tíma.

Hvert lán skal tryggt með 1. veðrétti í hlutaðeigandi íbúð.

Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar hvert ár gera tillögur til félagsmálaráðuneytis um vexti af lánum Byggingarsjóðs verkamanna. Ríkisstjórnin tekur ákvörðun um vexti af lánum (lánaflokkum) Byggingarsjóðs verkamanna að fenginni umsögn Seðlabankans. Húsnæðismálastjórn ákveður lántökugjald og aðra þóknun af lánum sjóðsins.

Lánin eru afborgunarlaus fyrsta árið, þó ekki þegar um er að ræða íbúðir sem eingöngu eru í leigu (án hlutareignar).

Lánin endurgreiðast að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands á eftirstöðvum lánstímans.

Gjalddagar lána skulu eigi vera færri en fjórir á ári.

Húsnæðisstofnun ríkisins er heimilt að fjölga gjalddögum ef það er talið æskilegt.

Byggingarsjóður verkamanna veitir samsvarandi fyrirgreiðslu með sömu kjörum vegna íbúða í endursölu sem framkvæmdaraðili leysir til sín samkvæmt ákvæðum þessara laga um forkaupsrétt.

t. (69. gr.)

Hafi framkvæmdaraðili áður hafnað forkaupsrétti að félagslegri íbúð skal ekki veitt lán úr Byggingarsjóði verkamanna næstu þrjú ár frá því forkaupsrétti var hafnað.

u. (70. gr.)

Bygging eða kaup á félagslegum íbúðum.

Þegar sveitarstjórn eða annar viðurkenndur framkvæmdaraðili hefur tekið ákvörðun um byggingu eða kaup á félagslegum íbúðum skal hann tilkynna Húsnæðisstofnun ríkisins ákvörðun sína og jafnframt sækja formlega um lán úr Byggingarsjóði verkamanna. Í umsókn komi fram hvaða tegund félagslegra íbúða um er að ræða, fjöldi þeirra, stærð og gerð, framkvæmdatími, áætlaður byggingarkostnaður eða kaupverð og annað það sem nauðsynlegt er til þess að Húsnæðisstofnun geti tekið afstöðu til lánveitinga til framkvæmdanna eða kaupanna. Með umsókn fylgi jafnframt greinargerð um stöðu og horfur byggingarframkvæmda á vegum framkvæmdaraðila. Í greinargerð skal liggja fyrir áætluð byggingarþörf næstu fjögur árin og helstu forsendur fyrir þeirri þörf sem áætluð er.

Með umsókn sinni um lán til félagslegra eignaríbúða skuldbinda sveitarfélög sig til að leggja fram 10% kostnaðar við félagslegar eignaríbúðir með því að kaupa skuldabréf af Húsnæðisstofnun ríkisins. Húsnæðisstofnun endurgreiðir sveitarfélögum bréfin með árlegum greiðslum á 15 árum. Vextir af skuldabréfum þessum skulu vera þeir sömu og gilda um útlán sjóðsins hverju sinni til félagslegra eignaríbúða.

Umsókn sveitarfélags eða annars framkvæmdaraðila skal berast Húsnæðisstofnun ríkisins fyrir 1. október ár hvert.

Framkvæmdaraðilar skulu eiga kost á ráðgjöf um fjárhagsleg og tæknileg atriði framkvæmda gegn gjaldi sem Húsnæðisstofnun ákveður.

v. (71. gr.)

Eigi skal hefja framkvæmdir né ganga frá kaupum á félagslegum íbúðum fyrr en borist hefur staðfesting húsnæðismálastjórnar um byggingarkostnað, húsgerð, gæði, íbúðarstærð og framkvæmdarhraða.

x. (72. gr.)

Þegar húsnæðismálastjórn hefur samþykkt lánveitingar til byggingaráfanga og framkvæmdir eru hafnar skal húsnæðisnefnd í umboði sveitarstjórnar, eða annar framkvæmdaraðili, auglýsa íbúðirnar til sölu eða leigu. Í auglýsingu skal koma fram hverjir eigi rétt á íbúð, áætlaður afhendingartími og greiðsluskilmálar. Umsóknarfrestur má ekki vera skemmri en fjórar vikur frá birtingu auglýsingar.

Sveitarstjórn, húsnæðisnefnd í umboði sveitarstjórnar eða annar framkvæmdaraðili ákveður skiptingu heildarbyggingarkostnaðar á einstakar íbúðir samkvæmt ákvæðum reglugerðar um ákvörðun eignarhluta í fjölbýlishúsum og með hliðsjón af öðrum sérstökum ástæðum, svo sem staðsetningu og sérbúnaði íbúðar. Hið sama á við um kaup á notuðum íbúðum eftir því sem við á.

y. (73. gr.)

Framkvæmdaraðilar, sem fá lán úr Byggingarsjóði verkamanna, þ.e. 70% og 20% lán til almennra kaupleiguíbúða eða 90% lán til félagslegra kaupleiguíbúða, skulu sjá um að afla 10% af kostnaðarverði eða kaupverði íbúðar.

Heimilt er framkvæmdaraðila að selja einstaklingum 10% hlutareign í íbúð sem með því vilja tryggja sér búseturétt, sbr. 92. gr.

Þegar um almennar kaupleiguíbúðir er að ræða er heimilt að selja einstaklingum hlutareign frá 10% og allt að 30%, sbr. 92. gr.

z. (74. gr.)

Framkvæmdalán.

Telji Húsnæðisstofnun að skilyrðum laga þessara sé fullnægt til að hefjast handa við byggingarframkvæmdir veitir hún hlutaðeigandi sveitarfélagi eða öðrum framkvæmdaraðila framkvæmdaheimild og jafnframt framkvæmdalán.

Heimilt er að greiða allt að 95% af láninu á framkvæmdatímanum. Lánið kemur til greiðslu í samræmi við ákvæði samnings við framkvæmdaraðila, þó aldrei umfram framkvæmdarhraða né samningsbundnar greiðslur við kaup á notuðu húsnæði. Í sérstökum undantekningartilvikum er heimilt að greiða allt að 5% umfram verkstöðu framkvæmda. Framkvæmdirnar sjálfar standa til tryggingar veittu framkvæmdaláni á hverjum tíma. Húsnæðismálastjórn setur nánari reglur um tryggingar sem framkvæmdaraðili verður að leggja fram við veitingu framkvæmdaláns. Framkvæmdalán skulu verðtryggð með lánskjaravísitölu. Vextir skulu vera þeir sömu og gilda um framkvæmdalán úr Byggingarsjóði ríkisins. Verðbætur og vextir teljast til byggingarkostnaðar.

Verði framkvæmdalán ekki gerð upp innan tveggja mánaða frá lok samnings eða lokaúttektar skal framkvæmdaraðili greiða vexti frá sama tíma að telja og teljast þeir ekki til byggingarkostnaðar. Heimilt er þó húsnæðismálastjórn að fella niður vaxtagreiðslu framkvæmdaraðila við sérstakar aðstæður.

þ. (75. gr.)

Byggingarkostnaður. Hagkvæmir byggingarhættir.

Sveitarstjórn eða annar framkvæmdaraðili skal kosta kapps um að íbúðir séu svo ódýrar í byggingu eða kaupum sem kostur er.

Val á lóð fyrir félagslegt húsnæði sé með þeim hætti að unnt sé að byggja það á hagkvæman hátt og þess gætt að um lóð gildi ekki dýrir skipulagskilmálar, svo sem kvöð um bílskúr.

Sett sé hámarkskostnaðarviðmiðun áður en hönnun hefst.

Byggingarefni og byggingaraðferð sé með þeim hætti að viðhaldskostnaður verði hóflegur.

Framkvæmdaraðili, sem hyggst byggja eða kaupa félagslega íbúð, skal gera það með útboði eða öðrum hætti sem tryggir hagkvæman byggingarkostnað.

Kostnaðareftirlit er í höndum Húsnæðisstofnunar ríkisins. Skal hún árlega birta opinberlega upplýsingar um byggingarkostnað íbúða sem lokið hefur verið við.

Kostnaðargrundvöll húsnæðismálastjórnar að lánveitingu úr Byggingarsjóði verkamanna skal miða við raunverð á fermetra sem uppgjör á félagslegum íbúðum leiðir í ljós.

æ. (76. gr.)

Telji húsnæðismálastjórn að ekki sé gætt ákvæða 75. gr. eða að íbúðir séu óhóflegar að stærð og gerð eða ef byggingarkostnaður fer yfir samþykktan kostnaðargrundvöll húsnæðismálastjórnar synjar hún um lán til slíkra framkvæmda.

ö. (77. gr.)

Þegar íbúð er fullgerð skal Húsnæðisstofnun ríkisins undantekningarlaust staðfesta lok framkvæmda og byggingarkostnað með úttekt sinni.

Sveitarstjórn (húsnæðisnefnd) eða annar framkvæmdaraðili skal skila lokauppgjöri á byggingarkostnaði innan mánaðar frá því er framkvæmdalánssamningur rann út eða lokaúttekt fór fram og innan tveggja mánaða þinglýstum skuldabréfum til breytinga á framkvæmdaláni í endanlegt lán.

Að uppfylltu ákvæði 2. mgr. skulu eftirstöðvar framkvæmdaláns greiddar.

aa. (78. gr.)

Kaupverð.

Ef talið er hagkvæmt að kaupa félagslegt húsnæði skal húsnæðið fullnægja þeim almennu kröfum sem gerðar eru um félagslegt íbúðarhúsnæði og kaupverð sé eigi hærra en kostnaðargrundvöllur húsnæðismálastjórnar að teknu tilliti til aldurs íbúðar.

bb. (79. gr.)

Stærðir íbúða.

Félagslegar íbúðir skulu miðast við fjölskyldustærð en þó aldrei vera stærri en 130 fermetrar brúttó.

cc. (80. gr.)

Réttur einstaklinga til félagslegra íbúða.

Félagslegar eignaríbúðir.

Kaup á félagslegum kaupleiguíbúðum.

Réttur til að festa kaup á félagslegri eignaríbúð eða félagslegri kaupleiguíbúð er bundinn við þá sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

a. Eiga ekki íbúð fyrir eða samsvarandi eign í öðru formi.
b. Hafa haft meðaltekjur síðustu þrjú árin áður en úthlutun fer fram sem svarar eigi hærri fjárhæð en 974.667 kr. fyrir einstakling og 88.900 kr. fyrir hvert barn. Viðmiðunartekjur hjóna skulu vera 25% hærri en hjá einstaklingi. Með meðaltekjum er átt við heildartekjur umsækjanda, maka hans og barna. Fyrrgreindar fjárhæðir eru miðaðar við meðaltekjur áranna 1986, 1987 og 1988. Tekjumörk þessi skulu ákvörðuð af húsnæðismálastjórn í upphafi hvers árs að fengnum upplýsingum hjá Þjóðhagsstofnun um breytingar á atvinnutekjum milli ára.
c. Sýna fram á greiðslugetu sem metin er hjá húsnæðisnefnd sveitarfélaga eða öðrum aðilum sem hún vísar til. Við það mat skal miðað við að greiðslubyrði lána fari ekki yfir þriðjung af tekjum. Komi upp ágreiningur má vísa honum til húsnæðismálastjórnar.

Auk áðurgreindra skilyrða er sveitarstjórn heimilt að gera kröfu til þess að umsækjandi eigi lögheimili í sveitarfélaginu þegar íbúðir á vegum hennar eru auglýstar.

Heimilt er að víkja frá ákvæði a-liðar þegar um er að ræða umsækjendur sem búa við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu.

Enn fremur er heimilt að víkja frá a- og b-liðum þegar umsækjendur hafa orðið fyrir meiri háttar röskun á högum og hafa vegna fráfalls maka eða af öðrum ástæðum lækkað svo í tekjum að þeir geta ekki haldið íbúðum sínum. Umsóknum um lán samkvæmt þessari málsgrein skal fylgja umsögn félagsmálaráðs í hverju sveitarfélagi eða viðkomandi sveitarstjórnar.

dd. (81. gr.)

Félagslegar leiguíbúðir og félagslegar kaupleiguíbúðir.

Rétt til leiguíbúða á vegum sveitarfélaga eða félagasamtaka eiga þeir sem búa við erfiðar aðstæður, eiga ekki íbúð eða aðra samsvarandi eign og hafa haft tekjur sem eru undir þeim tekjumörkum sem fram koma í b-lið 1. mgr. 80. gr.

Sömu skilyrði gilda um leigu á félagslegri kaupleiguíbúð.

ee. (82. gr.)

Almennar kaupleiguíbúðir.

Framkvæmdaraðili skal setja sérstakar úthlutunarreglur. Í reglunum komi fram að tekið sé tillit til húsnæðisaðstæðna og fjölskyldustærðar umsækjanda. Reglurnar skulu birtar á opinberum vettvangi.

ff. (83. gr.)

Ráðstöfun íbúða.

Húsnæðisnefnd úthlutar í umboði sveitarstjórnar öllum félagslegum íbúðum á vegum sveitarfélaga í samræmi við ákvæði laga þessara.

Sé íbúð á vegum annars framkvæmdaraðila en sveitarfélags er úthlutunin í höndum hans.

gg. (84. gr.)

Réttarstaða eigenda eða leigjenda félagslegra íbúða.

Eignarhald á félagslegri eignaríbúð.

Kaupandi skal greiða 10% áætlaðs kostnaðarverðs eða kaupverðs þegar kaupsamningur er undirritaður, sbr. 2. mgr.

Kaupandi skal inna af hendi fyrstu greiðslu sína upp í áætlað kostnaðarverð innan þriggja mánaða frá því að úthlutun fer fram. Sveitarstjórn, eða húsnæðisnefnd í umboði hennar, ákveður gjalddaga á framlagi kaupanda og skiptingu fjárhæðarinnar milli gjalddaga en miða skal við að framlag kaupanda greiðist á byggingartíma íbúðanna. Standi kaupandi að íbúð ekki í skilum með framlag sitt á réttum gjalddögum samkvæmt ákvörðun sveitstjórnar fellur réttur hans til íbúðarinnar niður og fær hann þá endurgreitt það sem hann hafði þegar greitt, eigi síðar en við lok uppgjörs, auk verðbóta samkvæmt lánskjaravísitölu en án vaxta.

hh. (85. gr.)

Þegar sveitarstjórn hefur gert upp byggingarkostnað og Húsnæðisstofnun staðfest hann með úttekt sinni, sbr. 77. gr., skal sveitarstjórn sjá um að kaupandi fái í hendur skriflegt afsal fyrir íbúðinni, enda hafi kaupandi undirritað veðskuldabréf til Byggingarsjóðs verkamanna og staðið í skilum með útborgun og aðrar greiðslur sem honum ber að inna af hendi.

Í afsali skal tekið fram að íbúðin sé háð ákvæðum laga þessara eins og þau verða á hverjum tíma. Enn fremur skal í afsali kveðið á um skyldu íbúðareiganda til þátttöku með öðrum íbúðareigendum í sambýlishúsinu í húsfélagi sem annist sameiginleg verkefni.

ii. (86. gr.)

Íbúðareigendum er óheimilt að leigja út íbúð sína nema að fengnu leyfi sveitarstjórnar eða húsnæðisnefndar í umboði hennar sem hafi milligöngu um útleigu íbúðarinnar.

Verði íbúð leigð út í óleyfi í lengri tíma en þrjá mánuði er framkvæmdaraðila heimilt að rifta samningi við kaupanda og afturkalla úthlutun á íbúðinni. Einnig er honum heimilt að fella niður verðbætur til íbúðareiganda þegar til endursölu kemur.

Ákvæði þetta á við um allt félagslegt húsnæði, einnig það sem byggt var samkvæmt eldri lögum.

jj. (87. gr.)

Eigendum er óheimilt að veðsetja íbúðir sínar fyrr en áhvílandi lán úr Byggingarsjóði verkamanna eru lægri en 75% af uppfærðu kostnaðarverði íbúða.

kk. (88. gr.)

Leiga á kaupleiguíbúð.
Kaupréttur.

Í almennum og félagslegum kaupleiguíbúðum getur umsækjandi valið um þrjá kosti: kaup, leigu með kauprétti eða leigu með hlutareign.

Ef félagsskapur er byggður um eitt ákveðið form kaupleiguíbúða, og það komi skýrt fram í samþykktum félagsins sem staðfestar hafa verið af félagsmálaráðherra, er heimilt að víkja frá ákvæði 1. mgr.

ll. (89. gr.)

Í samningi um leigu með kauprétti felst að leigutaki á rétt á því að festa kaup á íbúðinni innan ákveðins tíma. Framkvæmdaraðili ákveður frest þann sem leigutaki hefur til að neyta kaupréttar og skal sá frestur kynntur leigjanda. Frestur sá skal þó eigi vera skemmri en fimm ár.

Með leigusamningi með kauprétti stofnast persónulegur réttur leigutaka til afnota af íbúð og til kaupa á henni. Í samningum skal koma skýrt fram hvaða kjör eru í boði verði kaupréttarins neytt. Réttur þessi er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Þó getur framkvæmdaraðili heimilað að maki yfirtaki íbúðina við andlát leigutaka, hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna eða setu í óskiptu búi.

Meðan leigutaki, sem á kauprétt á íbúð, stendur í skilum að sínu leyti eiga uppsagnarákvæði laga um húsaleigusamninga ekki við. Verði hins vegar vanefndir af hans hálfu má rifta leigusamningi í samræmi við ákvæði laga um húsaleigusamninga.

Framkæmdaraðili skal senda tilkynningu til leigutaka um lokafrest hans til að neyta kaupréttar þremur mánuðum áður en sá frestur rennur út. Neyti leigutaki ekki kaupréttar eiga ákvæði laga um húsaleigusamninga um uppsögn á leiguhúsnæði við frá þeim tíma er fyrrnefndur frestur rann út.

Leigugjald miðast við afborganir og vexti af láni Byggingarsjóðs verkamanna og vaxtakostnað af framlagi framkvæmdaraðila, auk almenns rekstrarkostnaðar. Leiga greiðist með jöfnum mánaðarlegum afborgunum. Um ákvörðun húsaleigu skal kveðið nánar í reglugerð.

Að öðru leyti gilda lög nr. 44/1979, um húsaleigusamninga, eftir því sem við á, m.a. um heimild framkvæmdaraðila til að rifta samningi ef íbúð er framleigð án heimildar.

mm. (90. gr.)

Kaup á kaupleiguíbúð.

Tilkynni leigutaki innan tilskilins frests, sbr. 89. gr., að hann hyggist neyta kaupréttar síns skal gerður skriflegur kaupsamningur milli aðila, enda sé áður staðfest af hálfu Húsnæðisstofnunar ríkisins að leigutaki eigi lánsrétt skv. 12. gr. laga þessara.

Kaupverð íbúðar er upphaflegt kostnaðarverð hennar eða síðasta söluverð, framreiknað samkvæmt vísitölu lánskjara. Frá því verði skal draga 1,5% fyrningu fyrir hvert ár sem liðið er frá þeim tíma er upphaflegt kostnaðarverð eða síðasta söluverð var ákveðið. Við framreiknað verð íbúðarinnar má bæta kostnaðarverði endurbóta sem á henni hafa verið gerðar.

Kaupverð greiðist með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, sbr. þó 8. mgr.

Við kaupin greiðir kaupandi eftirfarandi gjöld:

1. ársvexti, afborganir og verðbætur af áhvílandi lánum úr Byggingarsjóði verkamanna,
2. 10% framlag sem aflað hefur verið af hálfu framkvæmdaraðila; framlagið skal framreiknað skv. 101. gr.; lánstími verði allt að 15 árum,
3. vaxtakostnað af 10% framlagi; heimilt er framkvæmdaraðila að ákveða að kaupandi greiði hærri vexti af framlagi en greiddir voru samkvæmt leigusamningi, allt að þeim vöxtum er framkvæmdaraðili greiðir lánardrottni sínum.

Jafnframt ber kaupandi ábyrgð á öllum gjöldum af íbúðinni svo og ábyrgð á rekstri hennar og viðhaldi samkvæmt almennum reglum.

Réttur kaupanda, sem stofnast við kaupsamning, er persónulegur réttur. Hann er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Þó getur framkvæmdaraðili heimilað nafnaskipti á íbúð í sérstökum tilfellum, svo sem við hjónaskilnað eða kaupmála milli hjóna.

Kaupverðið, sbr. 1.–3. tölul. 4. mgr., greiðist með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, sbr. þó 8. mgr. Framkvæmdaraðili skal sjá um að greiða afborganir af láni Byggingarsjóðs verkamanna þar til afsal er gefið út.

Þegar um almennar kaupleiguíbúðir er að ræða skal 20% lán úr Byggingarsjóði verkamann gjaldfellt og endurgreiðast framkvæmdaraðila á fimm árum.

Ef kaupandi ætlar að selja íbúðina áður en framlag til framkvæmdaraðila er greitt að fullu skal hann gera full skil við framkvæmdaraðila um greiðslu á framlaginu.

Kaupanda er óheimilt að veðsetja kaupleiguíbúð meðan hann hefur ekki að fullu greitt framlag framkvæmdaraðila nema að fengnu veðleyfi hans.

nn. (91. gr.)

Þegar kaupandi hefur að fullu greitt framlag til framkvæmdaraðila og staðið í skilum með aðrar greiðslur fær hann afsal, innan tveggja mánaða, fyrir íbúðinni og yfirtekur um leið áhvílandi veðskuldir.

Í afsali skal tekið fram að íbúðin sé háð ákvæðum laga þessara eins og þau verða á hverjum tíma.

oo. (92. gr.)

Kaup á eignarhlut í kaupleiguíbúð.

Heimilt er að tryggja leigutaka ótímabundinn afnotarétt af félagslegri kaupleiguíbúð með því að selja honum eignarhlut í henni fyrir 10% kostnaðarverðs eða kaupverðs íbúðarinnar með þeim kvöðum að eignarhlutur hans standi óhreyfður í íbúðinni meðan hann hefur afnot af henni.

Heimilt er að selja eignarhlut fyrir 30% af kostnaðarverði í almennum kaupleiguíbúðum. Einnig er framkvæmdaraðila heimilt að selja 10% eignarhlut að því tilskildu að leigutaki sé innan eignamarka sem húsnæðismálastjórn ákveður. Við ákvörðun eignarmarka skal við það miðað að umsækjandi eigi fullnægjandi íbúð, skuldlausa eða skuldlitla, eða aðra samsvarandi eign. Húsnæðismálastjórn setur nánari reglur um efni þessarar málsgreinar.

Frá og með undirritun samnings um kaup leigutaka á eignarhlut í íbúð, sbr. 1. og 2. mgr., eiga ákvæði húsaleigusamninga um uppsögn leigusala á húsnæði ekki við, enda verði ekki um meiri háttar vanefndir af hálfu leigutaka að ræða.

Eignarhlut leigutaka, sbr. 1. og 2. mgr., skal þinglýst sem kvöð á íbúðinni.

Réttur leigutaka til íbúðar samkvæmt þessari grein er persónulegur, þ.e. er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Hætti leigutaki afnotum af íbúð skal eignarhlutinn endurgreiddur með fullum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu, án vaxta. Framkvæmdaraðili getur þó heimilað að réttur til afnota af íbúð með eignarhlut færist yfir til maka við andlát leigutaka, hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna eða setu í óskiptu búi.

Um leigufjárhæð gildir ákvæði 89. gr.

Um heimild framkvæmdaraðila til að rifta leigusamningi, ef íbúð er framleigð í heimildarleysi, gilda ákvæði laga um húsaleigusamninga, nr. 44/1979, með síðari breytingum.

pp. (93. gr.)

Leiga á félagslegri leiguíbúð.

Um samskipti leigutaka og framkvæmdaraðila gilda ákvæði laga um húsaleigusamninga.

Um leigugjald gildir ákvæði 89. gr.

rr. (94. gr.)

Þinglýsing og stimpilgjald.

Eigi skal greiða stimpilgjald af afsölum fyrir félagslegri íbúð en kostnað við þinglýsingu greiðir kaupandi.

Eigi skal greiða stimpilgjald af skuldabréfum félagslegra íbúða. Þó skal greiða stimpilgjald við kaup á almennum kaupleiguíbúðum.

ss. (95. gr.)

Endurskoðun vaxta.

Byggingarsjóður verkamanna skal að átta árum liðnum frá undirritun kaupsamnings um félagslega íbúð kanna fjölskyldutekjur kaupanda og upp frá því á fimm ára fresti. Leiði sú endurskoðun í ljós að tekjur kaupanda eru yfir þeim tekjumörkum sem gilda hverju sinni skv. b-lið 1. mgr. 80. gr. skal breyta vöxtum þannig að þeir verði hinir sömu og gilda um lán til almennra kaupleiguíbúða.

Ákvæði þetta á við um allt félagslegt húsnæði þar sem lánveitingar Byggingarsjóðs verkamanna voru ekki ákveðnar með föstum vöxtum.

tt. (96. gr.)

Endurskoðun greiðslukjara.

Húsnæðismálastjórn getur heimilað frestun á greiðslum hjá einstökum lánþegum ef greiðslubyrði afborgana, vaxta og verðbóta fer yfir tiltekið hlutfall af heildartekjum greiðanda.

uu. (97. gr.)

Varasjóður.

Af öllum félagslegum íbúðarbyggingum skal leggja allt að 1% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar í varasjóð er gegni því hlutverki að tryggja gæði og bæta fyrir áföll sem kunna að verða, svo sem byggingargalla, og ekki teljast eðlilegt viðhald.

Varasjóður skal varðveittur í Byggingarsjóði verkamanna.

Nánari ákvæði um varasjóð skulu sett í reglugerð.

vv. (98. gr.)

Kaupskylda. Forkaupsréttur.

Framkvæmdaraðili hefur kaupskyldu á öllum félagslegum eignaríbúðum og félagslegum kaupleiguíbúðum fyrstu 10 árin frá útgáfu afsals en í fimm ár á almennum kaupleiguíbúðum. Eftir þann tíma hefur framkvæmdaraðili forkaupsrétt á eignaríbúðum og kaupleiguíbúðum sem boðnar eru til sölu.

Þegar íbúðir, sem forkaupsréttur er á, eru til sölu skal eigandi senda tilkynningu þess efnis til viðkomandi aðila. Sveitarstjórn eða annar framkvæmdaraðili skal tilkynna eiganda afstöðu sína skriflega innan 30 daga. Berist tilkynning ekki innan þess tíma telst forkaupsrétti hafnað.

Hafni framkvæmdaraðili forkaupsrétti á félagslegri eignaríbúð eða kaupleiguíbúð eða hafi íbúð verið í eigu sama aðila í 30 ár frá útgáfu afsals er eiganda heimilt að selja íbúðina á almennum markaði enda greiði hann upp skuld við framkvæmdaraðila og Byggingarsjóð verkamanna. Framkvæmdaraðili skal þá gefa út yfirlýsingu um að niður séu fallnar allar kvaðir sem verið hafa á íbúðinni um forkaupsrétt og takmarkanir á ráðstöfunarrétti. Skal yfirlýsingunni þinglýst.

xx. (99. gr.)

Sveitarstjórn hefur kaupskyldu á öllum íbúðum í verkamannabústöðum byggðum eftir gildistöku laga nr. 51/1980 til gildistöku laga þessara við verði sem tilgreint er í 102. gr. fyrstu 15 árin frá útgáfu afsals. Eftir þann tíma á sveitarstjórn forkaupsrétt að þeim íbúðum sem boðnar hafa verið til sölu. Hafni sveitarstjórn forkaupsrétti að verkamannabústað eða að félagslegri íbúð samkvæmt lögum þessum eða hafi íbúð í verkamannabústað verið í eigu sama eiganda í 30 ár samfellt er eiganda heimilt að selja íbúðina á frjálsum markaði enda greiði hann upp áhvílandi uppfærðar eftirstöðvar láns Byggingarsjóðs verkamanna. Sveitarstjórn skal þá gefa út yfirlýsingu um að niður séu fallnar allar kvaðir sem verið hafa á íbúðinni um forkaupsrétt og takmarkanir á ráðstöfunarrétti. Skal yfirlýsingunni þinglýst.

yy. (100. gr.)

Nú er íbúð, sem byggð hefur verið samkvæmt þessum lögum eða eldri lögum um verkamannabústaði, seld á nauðungaruppboði og skal sveitarstjórn þá neyta forkaupsréttar síns, sbr. þó 99. gr., og krefjast þess á uppboðsþingi að eignin verði lögð henni út til eignar á því verði sem hæst hefur verið boðið í eignina eða á söluverði skv. 2. mgr. 102. gr. ef það er lægra en hæsta boð. Að fengnu afsali samkvæmt þessu ákvæði skal afmá í veðmálabókum veðbönd og höft á eigninni.

zz. (101. gr.)

Endursala eignaríbúða.

Eigandi félagslegrar íbúðar, sem hyggst selja íbúð sína, skal tilkynna það húsnæðisnefnd (sveitarstjórn) eða öðrum framkvæmdaraðila. Framkvæmdaraðili kaupir íbúðina og selur að nýju samkvæmt ákvæðum þessara laga og reglugerða útgefinna samkvæmt þeim.

Húsnæðisnefnd skal í umboði sveitarstjórnar annast kaup og endursölu félagslegra íbúða á vegum sveitarfélaga sem eru í eigu einstaklinga ef sveitarstjórn neytir forkaupsréttar. Viðkomandi framkvæmdaraðili sér annars um að leysa inn og endurselja íbúðir.

Við kaup íbúðar skal seljandi hennar fá endurgreitt það fjármagn sem hann lagði fram við kaup íbúðarinnar og þær afborganir sem hann hefur greitt af láni Byggingarsjóðs verkamanna frá því kaupsamningur var gerður. Við greiðslur þessar bætast verðbætur samkvæmt vístölu lánskjara frá greiðsludegi til söludags.

Þá skal seljandi íbúðarinnar fá endurgreiddar þær endurbætur sem hann hefur gert á fasteigninni samkvæmt samkomulagi milli aðila eða að mati sérstakra matsmanna.

Frá greiðslu til seljanda skal draga fyrningu, 1,5% fyrstu 20 árin en 0,75% eftir það, af framreiknuðu verði íbúðarinnar fyrir hvert eignarhaldsár.

Vanræksla á viðhaldi íbúðarinnar frá og með gerð kaupsamnings skal einnig koma til frádráttar frá greiðslu seljanda samkvæmt samkomulagi eða að mati sérstakra matsmanna. Sama gildir um lausaskuldir og vangreidd gjöld af íbúðinni.

Kostnað við mat greiðir sá sem óskar eftir því.

þþ. (102. gr.)

Sveitarfélag eða annar framkvæmdaraðili skal annast útreikning á söluverði félagslegra íbúða þar sem kaupskyldu eða forkaupsréttar er neytt, sbr. 98. gr. Húsnæðisstofnun ríkisins skal staðfesta útreikninginn. Ágreiningi milli aðila um verðlagningu íbúðanna skal vísa til húsnæðismálastjórnar sem sker úr um hann með rökstuddri ákvörðun.

Við endursölu íbúðar skal framreikna upphaflegt kostnaðarverð hennar eða síðasta söluverð samkvæmt vísitölu lánskjara frá gerð kaupsamnings til söludags. Frá því verði skal draga 1,5% fyrningu fyrstu 20 árin en 0,75% eftir það fyrir hvert eignarhaldsár. Við

framreiknað verð íbúðarinnar má bæta kostnaðarverði endurbóta sem á henni hafa verið gerðar.

Kaupandi íbúðarinnar tekur við eftirstöðvum af láni Byggingarsjóðs verkamanna uppfærðum til söludags. Ef uppfærðar eftirstöðvar lánsins nema lægri fjárhæð en 90% af endursöluverði íbúðarinnar er heimilt að veita lán úr Byggingarsjóði verkamanna þannig að heildarlán sjóðsins nemi því hlutfalli. Heildarlán má þó ekki nema hærri fjárhæð en 90% af kostnaðargrundvelli sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt.

Fyrning á félagslegu húsnæði, byggðu í tíð eldri laga, fer eftir ákvæðum þeirra laga.

4. gr.

VI. kafli laganna (sbr. lög nr. 76/1989), **Forkaupsréttur sveitarfélaga á íbúðum byggðum samkvæmt lögum fyrir gildistöku laga nr. 51/1980,** breytist svo:

a. 98. gr. laganna (verður 103. gr.) breytist svo:

Í stað orðanna „stjórnar verkamannabústaða“ í fyrri málslið 2. mgr. komi: húsnæðisnefnd, og í stað „Stjórnin“ í síðari málslið sömu málsgreinar komi: Nefndin. Í stað orðanna „Stjórnir verkamannabústaða“ í síðari málslið 3. mgr. komi: Húsnæðisnefndir, og í stað orðanna „stjórn verkamannabústaða“ í 2. málsl. 4. mgr. komi: húsnæðisnefnd.

b. 99. gr. laganna (verður 104. gr.) breytist svo:

Í stað orðanna „Stjórn verkamannabústaða“ í 2. mgr. komi: Húsnæðisnefnd.

3. mgr. falli brott.

c. 1. mgr. 100. gr. laganna (verður 105. gr) orðist svo:

Húsnæðisnefnd skal ákveða söluverð íbúða í verkamannabústöðum þar sem kaupskyldu eða forkaupsréttar er neytt. Við ákvörðun söluverðs skal m.a. taka tillit til byggingarkostnaðar íbúða á þeim tíma sem sala fer fram, áhvílandi lána frá Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna og ástands íbúðar. Húsnæðisnefnd annast sölu íbúða í umboði sveitarstjórnar.

d. 103. gr. laganna (verður 108. gr.) orðist svo:

Húsnæðismálastjórn skal úrskurða um þann ágreining milli seljanda íbúða og húsnæðisnefnda sem til hennar er vísað og varðar útreikning á greiðslu til seljanda skv. 101. gr., svo og ákvarðanir um endursölu íbúða skv. 102. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 3. júlí 1989 skipaði félagsmálaráðherra Jóhanna Sigurðardóttir nefnd til að gera tillögur um endurskipulagningu og framtíðarskipan félagslega hluta húsnæðiskerfisins. Hlutverk nefndarinnar var samkvæmt skipunarbréfi „að leggja fram tillögur um endurbætur á fyrirkomulagi lánveitinga til félagslegra íbúðarbygginga með það að markmiði að einfalda lánafyrirkomulag og auka skilvirkni félagslega íbúðalánakerfisins. Nefndinni er falið að gera tillögur um breytt fyrirkomulag á stjórnun og úthlutun á félagslegri aðstoð í húsnæðiskerfinu. Jafnframt er nefndinni falið að gera tillögur um framkvæmd ráðstafana og leiða til að auka framboð leiguhúsnæðis og til að jafna húsnæðiskostnað leigjenda til samræmis við húseigendur.“

Í nefndinni sátu eftirtaldir: Percy B. Stefánsson, forstöðumaður Byggingarsjóðs verkamanna, tilnefndur af Húsnæðisstofnun ríkisins, Grétar Þorsteinsson, formaður Trésmiðafélags Reykjavíkur, tilnefndur af ASÍ, Arna A. Antonsdóttir meinatæknir, tilnefnd af BSRB, Jón Karlsson, formaður Verkamannafélagsins Fram, tilnefndur af Verkamannasambandi Íslands, Reynir Ingibjartsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af samtökunum „Þak yfir höfuðið", Dan J. Brynjarsson, hagsýslustjóri Akureyrar, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Karl Steinar Guðnason alþingismaður, tilnefndur af Alþýðuflokknum, Jón Kristjánsson alþingismaður, tilnefndur af Framsóknarflokknum, Guðni A. Jóhannesson verkfræðingur, tilnefndur af Alþýðubandalaginu.

Félagsmálaráðherra skipaði Inga Val Jóhannsson, félagsfræðing í félagsmálaráðuneytinu, formann nefndarinnar og Kristínu Ástgeirsdóttur sagnfræðing ritara hennar. Þorgerður Benediktsdóttir, lögfræðingur í félagsmálaráðuneytinu, starfaði með nefndinni.

Í starfi sínu lagði nefndin til grundvallar skýrslu til félagsmálaráðherra, dags. 20. febrúar 1989, frá vinnuhópi sem skipaður var til að athuga fyrirkomulag og fjármögnun félagslega húsnæðiskerfisins. Í skýrslunni eru upplýsingar um þróun og stöðu félagslega íbúðalánakerfisins.

Nefndin ræddi ítarlega um kosti og galla þess fyrirkomulags sem við nú búum við, kallaði á fund sinn fulltrúa þeirra sem vinna við félagslega húsnæðiskerfið, neytendur, fulltrúa félagasamtaka, embættismenn og aflaði víðtækra gagna um félagslega íbúðalánakerfið. Niðurstaða nefndarstarfsins varð sú að skila af sér sameiginlegum tillögum í fernu lagi:

1. Frumvarpi til laga um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins.
2. Tillögum um breytt skipulag húsnæðismála í landinu.
3. Tillögum um húsaleigubætur og leigumiðlanir.
4. Tillögum um endurskoðun laga um húsaleigusamninga.

Góð samstaða var í nefndinni en ólík sjónarmið og áherslumunur kom fram varðandi skipan í húsnæðisnefndir sveitarfélaga. Niðurstöður nefndarinnar liggja fyrir í ítarlegri skýrslu: *Skýrsla nefndar um félagslega húsnæðiskerfið,* febrúar 1990.

Þróun félagslega húsnæðiskerfisins.

Lánveitingar hins opinbera til félagslegra íbúðarbygginga hér á landi eiga sér orðið langa sögu, mun lengri en almenna húsnæðislánakerfið. Upphaf félagslegra íbúðarbygginga á Íslandi má rekja til ársins 1919 þegar fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík beitti sér fyrir stofnun samvinnufélags um byggingu leiguíbúða er hlaut nafnið Byggingarfélag Reykjavíkur. Á þeim tíma var Reykjavík í örum vexti, skortur á húsnæði til leigu mikill og það sem í boði var oft afar lélegt.

Fyrsta frumvarpið um opinberan stuðning við byggingu verkamannabústaða var flutt á Alþingi árið 1928 og voru fyrstu lögin um verkamannabústaði samþykkt ári síðar. Í samræmi við þau lög starfaði sérstakur byggingarsjóður verkamanna í hverju bæjarfélagi þar sem verkamannabústaðir voru byggðir. Á næstu árum voru stofnuð byggingarfélög í mörgum byggðarlögum.

Árið 1935 var gerð sú skipulagsbreyting að fjármögnun bygginganna var færð til eins sjóðs fyrir landið allt: Byggingarsjóðs verkamanna. Á tímabilinu frá setningu laganna 1929 til setningar fyrstu almennu húsnæðislöggjafarinnar 1946 voru byggðar 300–400 íbúðir í verkamannabústöðum. Eftir setningu laga nr. 44/1946, um opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, jukust félagslegar íbúðarbyggingar verulega. Árið 1970 höfðu samtals verið byggðar 1.748 íbúðir í verkamannabústöðum.

Fyrsti kafli húsnæðislöggjafarinnar frá 1946 fjallar um verkamannabústaði en með þessum lögum var fyrst opnað fyrir möguleika á lánveitingum til byggingar félagslegra íbúða á vegum sveitarfélaga. Í kjölfar samninga aðila vinnumarkaðarins 1965 var gefin út svokölluð

„júlíyfirlýsing“ sem var undanfari hinna miklu framkvæmda í Breiðholti í Reykjavík. Gerður var samningur um byggingu 1.250 íbúða á vegum ríkisins og Reykjavíkurborgar í samvinnu við verkalýðsfélögin. Á vegum framkvæmdanefndar byggingaráætlunar, sem hafði umsjón með verkefninu, var byggð samtals 1.251 íbúð á árunum 1968–1980. Þar af voru 248 leiguíbúðir sem komu í hlut Reykjavíkurborgar.

Árið 1973 var lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins breytt með það fyrir augum að sveitarfélög, sem ekki áttu kost á íbúðum framkvæmdanefndar byggingaráætlunar, gætu byggt leiguíbúðir. Gert var ráð fyrir að byggðar yrðu allt að 1.000 íbúðir á fimm árum. Lánað var úr Byggingarsjóði ríkisins fyrir 80% kostnaðar til 33 ára með almennum vaxtakjörum sjóðsins. Þremur árum síðar var lögum um leiguíbúðir sveitarfélaga breytt og var sveitarfélögum heimilað að selja leiguíbúðirnar á almennum markaði. Samtals voru byggðar 849 leiguíbúðir samkvæmt þessum lögum og hefur ríflega helmingur þeirra verið seldur.

Byggingarsjóður ríkisins hefur jafnan tekið virkan þátt í fjármögnun félagslegra íbúða. Árið 1968 veitti Alþingi húsnæðismálastjórn heimild til þess að veita Öryrkjabandalagi Íslands lán til byggingar leiguíbúða. Byggingar Öryrkjabandalagsins og Sjálfsbjargar eru m.a. fjármagnaðar úr Byggingarsjóði ríkisins. Með fyrrnefndri heimild opnuðust einnig möguleikar á lánveitingum til dvalarheimila og íbúða fyrir aldraða. Leiguíbúðir sveitarfélaga, sem nefndar voru hér á undan, íbúðarbyggingar á vegum framkvæmdanefndar byggingaráætlunar, nýbyggingar á vegum sveitarfélaga í stað heilsuspillandi húsnæðis, leiguíbúðir eða heimili fyrir aldraða og dagvistarstofnanir fyrir börn og aldraða eru allt félagsleg verkefni sem Byggingarsjóður ríkisins hefur haft með höndum. Auk þess má nefna lánveitingar til ýmissa líknarfélaga sem helga sig því markmiði að eiga og reka húsnæði í þágu félagsmanna eða skjólstæðinga sinna.

Árið 1980 tóku gildi ný lög um Húsnæðisstofnun ríkisins. Með þeim lögum var verkaskipting opinberu byggingarlánasjóðanna skýrt afmörkuð og Byggingarsjóði verkamanna falið að sjá um félagslegar íbúðarbyggingar í þágu láglaunafólks. Í lögunum var einnig að finna þau nýmæli að kveðið var á um að stefnt skuli að því að Byggingarsjóður verkamanna geti fjármagnað a.m.k. einn þriðja hluta af árlegri íbúðarþörf landsmanna. Fjármögnun félagslegra íbúðarbygginga var efld og sjóðnum tryggðir nýir tekjustofnar, tekjur ríkissjóðs af 1% launaskatti og framlög sveitarfélaga er nema 10% af lánveitingum sjóðsins til verkamannabústaða.

Lánað var allt að 90% byggingarkostnaðar verkamannabústaða (miðað var við svokallaða staðalíbúð) til 43 ára með 0,5% vöxtum, en lánið var afborgunarlaust fyrsta árið. Lán til leiguíbúða sveitarfélaga voru til 16 ára, afborgunarlaus fyrsta árið og báru 2% vexti.

Þann 21. maí 1984 voru samþykkt á Alþingi ný lög um Húsnæðisstofnun ríkisins, lög nr. 60/1984. Með þeim lögum var horfið frá því að fastbinda vexti af lánum byggingarsjóðanna í lögum en ákvörðunarvald fært til ríkisstjórnarinnar. Frá 1. júlí 1984 voru vextir af öllum lánum Byggingarsjóðs verkamanna hækkaðir og ákveðnir 1%. Þá var lánshlutfall félagslegra íbúða lækkað úr 90% byggingarkostnaðar „staðalíbúðar“ í 80%.

Í lögum frá 1984 voru heimildir Byggingarsjóðs verkamanna til leiguíbúðalána auknar verulega. Lánstími leiguíbúða sveitarfélaga var lengdur úr 16 árum í 31 ár. Þá var einnig tekið í lög nýtt ákvæði (c-liður 33. gr.) um lánveitingar til sveitarfélaga, félagasamtaka, stofnana á vegum ríkisins eða sveitarfélaga sem byggja eða kaupa leiguíbúðir ætlaðar til útleigu á hóflegum kjörum fyrir námsmenn, aldraða og öryrkja. Samkvæmt þessu nýja ákvæði var einnig heimilað að selja leigutaka eignarhlut í íbúð að því tilskildu að eignarhluti standi óhreyfður meðan leigutaki hefur afnot af íbúðinni.

Þegar húsnæðislöggjöfinni var breytt 1986 (lög nr. 54/1986) urðu þær breytingar hjá Byggingarsjóði verkamanna að lánshlutfall var hækkað úr 80% í 85% af samþykktu kostnaðarverði íbúðar. Jafnframt var heimilað að hækka lánshlutfallið í 90% ef um

sérstaklega erfiðar fjölskyldu- eða fjárhagsaðstæður var að ræða. Þá tók gildi ný heimild til að veita sérstök lán til allt að þriggja ára þeim sem að eiga í verulegum erfiðleikum með útborgun við kaup á íbúðum í verkamannabústöðum.

Árið 1988 voru samþykkt lög um kaupleiguíbúðir (lög nr. 56/1988). Kaupleiguíbúðir eru byggðar eða keyptar á þeim forsendum að íbúar eiga kost á að velja um leigu eða kaup með jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Kaupleiguíbúðirnar eru tvenns konar: félagslegar kaupleiguíbúðir og almennar kaupleiguíbúðir. Byggingarsjóður verkamanna annast lánveitingar til sveitarfélaga og félagasamtaka sem kaupa eða byggja félagslegar kaupleiguíbúðir ætlaðar fólki sem af félagslegum ástæðum þarf aðstoð við útvegun húsnæðis. Almennar kaupleiguíbúðir eru byggðar og reknar á félagslegum grundvelli fyrir almennan húsnæðismarkað og fjármagnaðar úr Byggingarsjóði ríkisins. Húsnæðismálastjórn hefur úthlutað lánum til kaupa eða byggingar á samtals 491 kaupleiguíbúð árin 1988 og 1989.

Á árinu 1988 var einnig gerð sú breyting (lög nr. 25/1988) að lánstími leiguíbúðalána til sveitarfélaga og félagasamtaka skv. b- og c-liðum 33. gr. laga um Húsnæðisstofnu ríkisins var lengdur úr 31 ári í 43 ár til samræmis við lán Byggingarsjóðs verkamanna.

Af þeirri sögu, sem hér hefur verið rakin, má sjá að verkefni Byggingarsjóðs verkamanna hafa aukist jafnt og þétt, félagslegar byggingar og íbúðarkaup heyra undir báða byggingarsjóðina, tilhneiging hefur verið til að lengja lánstíma og hækka lánshlutfall á ný og sjá má að þörfin fyrir leiguhúsnæði hefur smátt og smátt verið viðurkennd innan húsnæðiskerfisins.

Kostir og gallar félagslega kerfisins.

Á undanförnum árum hafa verið gerðar ýmsar breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nú síðast þær sem gerðar voru árið 1989 með setningu laga um húsbréfaviðskipti og þar áður með tilkomu kaupleiguíbúðanna.

Sú mikla breyting, sem fylgja mun húsbréfakerfinu, kallar á að horft sé yfir íbúðalánkerfið í heild, og reynt að skoða þörfina í ljósi nýrra aðstæðna.

Þótt félagslegar íbúðir í landinu séu nærri sjö þúsund talsins og nýir kostir hafi komið til sögu á undanförnum árum er eftirspurnin og þörfin fyrir félagslegar íbúðir langt umfram framboð. Umsóknir um verkamannabústaði og kaupleiguíbúðir eru víðast hvar margfalt fleiri en þær íbúðir sem eru til úthlutunar. Sú staðreynd að lán vegna greiðsluerfiðleika hafa verið viðvarandi í húsnæðislánakerfinu frá árinu 1985 og að einstaklingar hafa jafnvel þurft greiðsluerfiðleikalán í tvígang sýna að á milli félagslega kerfisins og almenna kerfisins er bil sem þarf að brúa. Of margir reyna við kaup á almennum markaði sem ekki ráða við þau. Það fólk þyrfti að eiga aðgang að félagslegum lánum.

Þær kannanir, sem gerðar hafa verið, sýna að veruleg þörf er fyrir leiguhúsnæði bæði fyrir þá hópa, sem leigja tímabundið, og þá sem verða eða kjósa að leigja. Meðal leigjenda eru margir þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu og þurfa mest á félagslegri aðstoð að halda í húsnæðismálum. Í hópi leigjenda eru námsmenn, einstæðir foreldrar, gamalt fólk og fatlað stærstu hóparnir. Verulegur skortur er á námsmannahúsnæði, aldraðir mynda langa biðröð eftir íbúðum og margt fatlað fólk þarfnast úrlausnar sinna mála. Þessar staðreyndir sýna hve nauðsynlegt er að gera áætlanir um byggingu eða kaup leiguíbúða og að fjármagni sé beint til byggingar eða kaupa á kaupleigu- og leiguíbúðum í því formi sem best hentar á hverjum stað.

Hingað til hefur áherslan í félagslega húsnæðiskerfinu verið á byggingu eignaríbúða í verkamannabústöðum. Eins og áður segir eru umsóknir um félagslegar íbúðir margfalt fleiri en hægt er að sinna og sýna mikla neyð þeirra sem lægst hafa launin. Núverandi kerfi hefur leyst vanda margra en í áranna rás hafa komið í ljós ýmsir gallar sem þarfnast leiðréttingar. Stjórnir verkamannabústaða á landinu reyna að veita þeim úrlausn sem hvað erfiðast eiga, en í stað þess að leysa vanda er skapaður nýr þar sem margir þeirra, sem fá úthlutað, ráða engan veginn við kaup á íbúðum, jafnvel ekki með þeim 100% lánum sem þeim standa til boða.

Íbúðir fara á nauðungaruppboð, vanskil eru töluverð, veitt hafa verið greiðsluerfiðleikalán og íbúðir eru afhentar án þess að kaupandi hafa greitt eina krónu. Þótt hér sé aðeins um hluta þeirra að ræða sem kaupa íbúðir í verkamannabústöðum bendir flest til þess að verið sé að úthluta fólki félagslegum íbúðum sem er of neðarlega í tekjustiganum og væri betur sett í leiguíbúðum.

Það hefur verið vandamál stjórna verkamannabústaða (sérstaklega í Reykjavík) hve margar íbúðir eru leigðar út án leyfis, jafnvel árum saman. Það bendir til þess að annaðhvort þurfi eigandinn ekki á íbúðinni að halda eða að hann sé að standa straum af kaupunum með því að leigja hana út.

Tilgangur félagslega húsnæðiskerfisins á að vera sá að hjálpa þeim sem þurfa á aðstoð að halda. Sé það staðreynd að íbúðum sé úthlutað til þeirra sem ekki þurfa á þeim að halda þarf nýjar reglur um úthlutun og leiðir fyrir sveitarfélögin til að ná íbúðunum til sín aftur. Þau lagaákvæði, sem hafa verið í gildi um óleyfilega útleigu, hafa ekki komið að nægilegu gagni og þarfnast endurskoðunar til að tryggja megi sem besta nýtingu þess almannafjár sem úthlutað er úr Byggingarsjóði verkamanna.

Eins og stjórnun félagslega húsnæðiskerfisins er nú háttað fara ábyrgð á framkvæmdum, uppgjör og úthlutun ekki saman auk þess sem framkvæmdir eru í margra höndum. Starfandi eru stjórnir verkamannabústaða, leigunefndir bæja og kaupleiguíbúðirnar eru á vegum sveitarfélaganna. Æskilegast er að ábyrgð á fjármagni og framkvæmdum fari saman og að yfirsýn yfir þörf sveitarfélagsins fyrir félagslegt húsnæði sé á einum stað. Uppgjör byggingaráfanga hafa stundum dregist á langinn öllum til óhagræðis og mannaskipti t.d. í stjórnum verkamannabústaða eru ör þannig að þekking og reynsla glatast. Tillögum frumvarpsins um húsnæðisnefndir er ætlað að bæta úr þessu.

Þá hefur reynslan leitt í ljós ýmsa aðra galla á núverandi fyrirkomulagi, svo sem að fyrning eldri íbúða er of lág og þær því of dýrar í endursölu miðað við aldur, ekki er gerður munur á einstaklingum og hjónum þegar tekjumark er reiknað út o.fl.

Síðast en ekki síst eru sveitarfélög mismunandi viljug til að sinna þeirri lagalegu skyldu sinni að sjá því fólki fyrir húsnæði sem ekki getur gert það sjálft. Lög og reglur þurfa því að veita sveitarfélögum meira aðhald en þau gera nú og gera byggingu eða kaup félagslegs húsnæðis aðgengilegri fyrir sveitarfélögin og þau félagasamtök sem rétt eiga á framkvæmdalánum innan félagslega húsnæðiskerfisins. Þá er það ekki síður mikilvægt að fólk geti valið um ýmsa kosti í húsnæðismálum: leigu, hlutareign eða kaup á eigin íbúð.

Tillögur um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Í frumvarpinu er lagt til að markmið laganna verði, auk þess sem kveðið er á um í núgildandi lögum, að tryggja fólki öryggi í húsnæðismálum, að fólk getið valið milli ólíkra tegunda húsnæðis og að það verði markmið í sjálfu sér að veita fjármagn til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði. Hingað til hefur áherslan verið lögð á það að fólki sé gert kleift að eignast húsnæði þótt það megi ljóst vera að nokkur hluti landsmanna á þess engan kost. Þeir sem ekki ráða við kaup á húsnæði eru þeir sem oftast þurfa mest á félagslegri aðstoð að halda. Það er því réttlætis- og jafnréttismál að lögin taki tillit til þessa hóps og að það sé viðurkennt að leiguhúsnæði er kostur sem á að vera til staðar og hentar mörgum vel.

Húsnæðisnefndir sveitarfélaga.

Ein veigamesta breytingin sem lögð er til í frumvarpinu er sú að stjórnir verkamannabústaða verði lagðar niður og húsnæðismál sveitarfélagsins sett undir sérstakar húsnæðisnefndir sveitarfélaga. Lagt er til að sveitarstjórnir skipi fimm manna húsnæðisnefndir að afloknum sveitarstjórnarkosningum og skulu þær sitja út kjörtímabilið eða fjögur ár. Í húsnæðisnefnd eigi sæti þrír fulltrúar sveitarfélagsins, kjörnir af sveitarstjórn, og tveir fulltrúar tilnefndir af stærstu samtökum launafólks í sveitarfélaginu, auk varamanna. Húsnæðisnefndin starfi á

ábyrgð sveitarfélagsins sem ber ótvíræða ábyrgð á framkvæmdum, uppgjöri og fjármagni því sem fer til félagslegra íbúða. Með þessu fyrirkomulagi næst nokkur hagræðing. Allt félagslegt húsnæði sveitarfélagins verður undir einni stjórn, málefnum leigjenda verður sinnt og umsjón með framkvæmdum verður á einni hendi. Þar með ætti betri þjónusta að vera tryggð og virkni félagslega húsnæðiskerfisins að aukast, en það er eitt af þeim markmiðum sem stefna ber að.

Um verkefni húsnæðisnefndanna vísast til k-liðar 3. gr. (ný 61. gr.) en þeim er m.a. ætlað að annast áætlanir fyrir sveitarfélagið. Leggja ber áherslu á að horft sé til framtíðar hvað varðar félagslegt húsnæði, áætlanir gerðar og séð til þess að lóðaframboð sé í samræmi við þörf.

Eitt af hlutverkum stjórnar verkamannabústaða hefur verið úthlutun íbúða. Mikilvægt er að faglega sé staðið að úthlutun og vel kannað að þeir sem fá íbúðir þurfi þeirra með. Æskilegt er að góð samvinna sé með félagsmálaráðum sveitarfélaganna og húsnæðisnefndunum og að upplýsingar gangi þar greiðlega á milli svo að húsnæði og fjármagn nýtist sem best.

Breytt lánafyrirkomulag.

Eins og nú háttar í húsnæðiskerfinu eru lánaflokkar í Byggingarsjóði ríkisins sem ótvírætt lána til félagslegra íbúða. Þar er um að ræða lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði og lán til almennra kaupleiguíbúða. Frumvarpið gerir ráð fyrir að sá lánaflokkur, sem þjónar því hlutverki að útrýma heilsuspillandi húsnæði, verði lagður niður. Umsóknir um slík lán hafa verið afar fáar og Byggingarsjóður verkamanna sér nú einnig um þennan þátt. Lánaflokkurinn er því óþarfur. Í frumvarpinu er gengið út frá því að öll félagsleg húsnæðislán verði sameinuð í Byggingarsjóði verkamanna og því skuli lánaflokkurinn til almennra kaupleiguíbúða færður milli sjóða yfir í Byggingarsjóð verkamanna. Þarna er um hagræðingu að ræða og leiðir til þess að nú verður yfirsýn yfir allt félagslega húsnæðiskerfið á einum stað. Einnig er gert ráð fyrir að þau stærðarmörk og ákvæði um endurskoðun vaxta, sem gilt hafa um félagslegar kaupleiguíbúðir, verði samræmd og gildi jafnt um allar félagslegar íbúðir.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að lánaflokkar í Byggingarsjóði verkamanna verði fjórir:

1. Lán til félagslegra kaupleiguíbúða. Lánshlutfall verði 90% og lánstími 50 ár. Rétt til að byggja eða kaupa félagslegar kaupleiguíbúðir hafa sveitafélög og viðurkennd félagasamtök.
2. Lán til félagslegra eignaríbúða (verkamannabústaðir). Lánshlutfall verði 90% og lánstími 43 ár. Rétt til að byggja eða kaupa eignaríbúðir hafa sveitarfélög.
3. Lán til félagslegra leiguíbúða. Lánshlutfall verði 90% og lánstími 50 ár. Rétt til byggingar eða kaupa á félagslegum leiguíbúðum hafa sveitarfélög og félagasamtök.
4. Lán til almennra kaupleiguíbúða. Lánshlutfall verði 70% og 20%, en lánstími 43 ár. Rétt til að byggja eða kaupa almennar kaupleiguíbúðir hafa sveitarfélög, félagasamtök eða fyrirtæki.

Þessum breytingum, sem felast í hækkun lánshlutfalls og lengri lánstíma í sumum tilfellum, er ætlað að samræma lánaflokkana, auk þess sem lán til byggingar eða kaupa á leiguíbúðum verði mun aðgengilegri en áður. Með þessu er ætlunin að hvetja til aukins framboðs á leiguhúsnæði.

Þá er sú breyting lögð til að sveitarfélögin þurfi ekki lengur að leggja fram 10% óafturkræft framlag til félagslegra eignaríbúða. Þess í stað gerir frumvarpið ráð fyrir að sveitarfélögin láni Byggingarsjóði verkamanna 10% byggingarkostnaðar, lán sem þau fá síðan endurgreitt á 15 árum með sömu vöxtum og gilda um lán sjóðsins til félagslegra eignaríbúða. Með þessu er þátttaka sveitarfélaga í uppbyggingu félagslegs eignarhúsnæðis gerð aðgengilegri.

Í frumvarpinu er lagt til að kaupendur íbúða greiði 10% íbúðarverðs við afhendingu og að hætt verði að lána allt að 100% íbúðarverðsins. Þar með er sú krafa gerð að kaupendur eigi yfir að ráða sparifé og geti staðið undir slíkum skuldbindingum.

Það er nýjung í framvarpinu að ekki er greint á milli þeirra hópa sem eiga rétt á fyrirgreiðslu um félagsleg húsnæðislán. Lögð er áhersla á blöndun hópa á húsnæðismarkaðnum. Hugtakið „verkamannabústaðir“ er ekki notað, enda fólk úr ýmsum öðrum stéttum sem nú leitar inn í félagslega húsnæðiskerfið. Gengið er út frá því að það séu fjárhagur og félagslegar aðstæður sem ráða því hverjum er úthlutað íbúð. Frumvarpið gerir ráð fyrir að þeim skilyrðum, sem nú þarf að uppfylla til að eiga kost á félagslegum íbúðum, verði breytt nokkuð. Sú breyting er gerð að sveitarstjórnum er í sjálfsvald sett hvort þær gera skilyrðislausar kröfur um að umsækjendur eigi lögheimili í sveitarfélaginu þegar umsókn er lögð fram. Samkvæmt núgildandi lögum er þeim, sem hafa rétt til félagslegra íbúða, ekki heimilt að eiga húsnæði fyrir og verða að vera undir ákveðnum tekjumörkum. Sú breyting er gerð í frumvarpinu að greint er á milli tekna hjóna og einhleypinga. Fjölskylduaðstæður hafa breyst verulega á síðastliðnum árum. Allur meginþorri kvenna vinnur utan heimilis og aflar tekna þannig að eðlilegt er að taka tillit til þess að hjón hafi hærri tekjur samanlagt en einhleypingar. Lagt er til að núgildandi tekjumörk fyrir hjón verði hækkuð um 25%.

Þá er það nýjung varðandi þau skilyrði sem sett eru að gert er ráð fyrir tekjulágmarki, þ.e. að kaupandi eignaríbúðar verði að sýna fram á að hann eða hún geti staðið undir kaupunum og að greiðslugetan verði metin. Reglan, sem hér er sett, er sú að húsnæðiskostnaður megi ekki fara yfir þriðjung tekna. Með þessum breytingum er verið að tryggja að íbúðum sé ekki úthlutað til þeirra sem ekki ráða við kaup og þar með reynt að koma í veg fyrir mikil vandræði. Fólk sem lendir undir lágmarkinu verður að eiga kost á leiguhúsnæði, enda sýni tekjur að viðkomandi ræður ekki við annað en lága húsaleigu.

Samkvæmt könnun, sem gerð hefur verið á kjörum þeirra sem búa í verkamannabústöðum, batna kjör margra er fram líða stundir og er allstór hluti íbúa verkamannabústaða yfir þeim tekjumörkum sem gengið er út frá við úthlutun íbúða. Því má álykta sem svo að þeir þurfi ekki jafnmikla félagslega húsnæðisaðstoð og þegar þeir sóttu um. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir að tekjur eigenda félagslegra íbúða verði kannaðar eftir átta ár eins og nú gildir um félagslegar kaupleiguíbúðir og að heimilt verði að endurskoða vaxtakjör til samræmis við þá vexti sem gilda um almennar kaupleiguíbúðir komi í ljós að kjör hafi batnað. Þar með verði dregið úr félagslegri aðstoð og lán greiðast hraðar niður. Tekjur verði síðan athugaðar á fimm ára fresti. Komi hins vegar í ljós að kjör hafi versnað verulega er heimilt að fresta greiðslum.

Í frumvarpinu er opnað fyrir heimild til að lána til bílskýla og upphitunar gangstétta, þó með þeim skilyrðum að heildarkostnaður sé innan þeirra marka sem Húsnæðisstofnun setur. Reynslan hefur leitt í ljós að víða setja skipulagsyfirvöld skilyrði um bílskúra eða bílskýli sem veitast kaupendum íbúða þungur baggi, enda hefur ekki verið lánað til þeirra hingað til nema í undantekningartilfellum. Sama á við um upphitun gangstétta, t.d. þar sem byggt hefur verið fyrir gamalt fólk. Þar hefur verið deilt um hver eigi að bera kostnaðinn. Rétt þykir því að slík heimild sé í lögunum, en að reynt verði að sjá til þess að bílskýli verði aðeins í undantekningartilfellum því að mikilvægara er að nýta fjármagnið til íbúðarkaupa.

Framkvæmdalán hafa hingað til verið á mismunandi kjörum eftir því hvor byggingarsjóðurinn á í hlut. Frumvarpið gerir ráð fyrir að vextir framkvæmdalána til byggingar félagslegra íbúða verði samræmdir því sem gerist í Byggingarsjóði ríkisins þannig að byggingarkostnaður sé sambærilegur. Þessi tillaga er einnig liður í því að koma í veg fyrir að uppgjör byggingarkostnaðar dragist úr hömlu eins og margoft hefur gerst á undanförnum árum. Tafir á uppgjöri hafa dregið úr lánamöguleikum byggingarsjóðsins. Það er stefna frumvarpsins að niðurgreiðsla vegna félagslegra íbúða verði tekjutengdari en verið hefur og færist í ríkara mæli yfir í skattkerfið rétt eins og gert er í almenna húsnæðiskerfinu en verði ekki í formi vaxtaniðurgreiðslu framkvæmdalána.

Lán Byggingarsjóðs verkamanna eru nú til 43 ára með 1% vöxtum. Meginhluti þess fjármagns, sem sjóðurinn lánar út, er fenginn að láni hjá lífeyrissjóðunum. Á árinu 1987 báru skuldabréf, sem lífeyrissjóðirnir kaupa af byggingarsjóðnum, 6,25% raunvexti og árið 1988

voru vextirnir 7% og lánstími 15 ár. Vaxtamunur á teknum lánum og útlánum er því verulegur. Samkvæmt útreikningum, sem gerðir voru fyrir nefndina, er vaxtaniðurgreiðsla á 4,2 m. kr. láni úr Byggingarsjóði verkamanna u.þ.b. 7,4 m. kr. Þá er miðað við að vextir sjóðsins séu 1% og vextir á teknum lánum 7% allan lánstímann. Nefndin leggur til að vextir af lánum Byggingarsjóðs verkamanna verði hækkaðir um 0,5%–1,0% til að auka tekjur sjóðsins og minnka þann vaxtamun sem nú er á inn- og útlánum sjóðsins. Hækkunin verði þó þannig að hún auki ekki greiðslubyrði hinna lægst launuðu að teknu tilliti til vaxtabóta.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að framkvæmdaraðili geti í upphafi valið hvers konar íbúðir hann hyggst byggja eða kaupa. Umsækjendur um félagslegar íbúðir geta þá valið um það sem í boði er hverju sinni.

Í frumvarpinu er lagt til að stærðarmörk félagslegra íbúða verði hin sömu og nú gilda um kaupleiguíbúðir, eða 130 fermetrar, sama hvers konar íbúð á í hlut. Fjölskyldustærð hefur farið minnkandi hér á landi og ætti að vera óþarft að lána á félagslegum forsendum til íbúða sem eru stærri en 130 fermetrar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir stofnun varasjóðs félagslegra íbúða til að mæta hugsanlegum skakkaföllum eða göllum sem upp kunna að koma. Lagt er til að 1% íbúðarverðs renni til varasjóðsins. Þessi tillaga er byggð á fenginni reynslu þar sem nokkrum sinnum hafa komið í ljós gallar sem enginn sá fyrir og því rétt að gera ráð fyrir slíku.

Samkvæmt núgildandi lögum hvílir kaupskylda á sveitarfélögum varðandi félagslegar íbúðir. Rétt þykir að stytta kaupskyldutímann í 10 ár. Eftir þann tíma hefur sveitarfélagið forkaupsrétt. Nýti sveitarfélagið ekki forkaupsréttinn verði ekki veitt lán til nýrra framkvæmda næstu þrjú árin, enda má draga þá ályktun að ekki sé þörf fyrir félagslegar íbúðir á staðnum.

Í ljós hefur komið að núgildandi fyrningarákvæði leiða af sér of hátt verð á eldri íbúðum. Því er lagt til að fyrning hækki í 1,5% fyrstu 20 árin en verði síðan 0,75% eftir það. Með þessu ætti fyrning að verða nokkuð eðlileg.

Í frumvarpinu er lagt til að stimpilgjöld af skuldabréfum verði felld niður þegar félagslegar íbúðir eiga í hlut. Þar með er hægt að gefa út nýtt skuldabréf fyrir íbúðinni í stað þess að gefa út bréf fyrir þeim mismun sem nýr kaupandi greiðir eins og nú er gert kostnaðarins vegna. Það leiðir af sér að nýr kaupandi nýtur ekki afborgunarlausa ársins. Þarna er um óverulegt tekjutap að ræða fyrir ríkissjóð, en upphæðir sem einstaklingana munar verulega um. Það er því réttlætismál að þessi gjöld verði felld niður hjá þeim sem þurfa á félagslegri húsnæðisaðstoð að halda. Þetta ákvæði á ekki við um almennar kaupleiguíbúðir.

Hér hefur verið greint frá helstu breytingum sem frumvarpið felur í sér. Megintilgangurinn með þeim tillögum, sem hér koma fram, er sá að gera félagsleg húsnæðismál einfaldari í framkvæmd, gera ábyrgð framkvæmdaraðila skýrari, koma í veg fyrir að fólk reisi sér hurðarás um öxl og að bæta núverandi kerfi eftir því sem kostur er.

Í frumvarpinu er lögð meginhersla á að félagslega húsnæðiskerfið bjóði upp á val og að framboð á leiguhúsnæði verði aukið. Það er sannfæring þeirra sem unnu að gerð frumvarpsins að með fleiri leiguíbúðum megi leysa margan vanda og auka réttlæti og jöfnuð í þjóðfélaginu. Hlutverk félagslegrar aðstoðar er að bæta kjör þeirra sem verst standa að vígi.

Kostnaður.

Tillögurnar ganga bæði í þá átt að auka útgjöld Byggingarsjóðs verkamanna og að auka tekjur hans. Hækkun vaxta á framkvæmdalánum og öðrum lánum sjóðsins auka tekjur hans. Lenging lánstíma leiðir einnig til þess að endurgreiðslur lána til sjóðsins aukast þegar til lengri tíma er litið. Gert er ráð fyrir að það fé, sem ætlað hefur verið til almennra kaupleiguíbúða, færist yfir í Byggingarsjóð verkamanna, sjóðurinn fái auknar vaxtatekjur og að þeir, sem búa nú við betri hag, greiði meira af félagslegum íbúðalánum sínum. Þá er gert ráð fyrir að tilkoma húsbréfakerfisins muni smám saman létta á Byggingarsjóði ríkisins og að hluti þess fjár verði látinn renna til Byggingarsjóðs verkamanna, þangað sem þörfin er mest.

Erfitt er að meta kostnaðaráhrif af frumvarpinu. Tillögurnar leiða þó ekki af sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Hér er fyrst og fremst um að ræða að nýta það fjármagn, sem fyrir hendi er í Byggingarsjóði verkamanna, með öðrum og hagkvæmari hætti en áður. Hækkun vaxta, lenging lánstíma, afnám 100% lánveitinga og heimild til að endurskoða vaxtakjör lántakenda hefur í för með sér að staða Byggingarsjóðs verkamanna styrkist.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Nýmæli í þessari grein felst eingöngu í því að í markmiðsgrein laganna komi ákvæði um leiguhúsnæði, en núverandi markmiðsgrein má skilja svo að hún sé bundin við eignarhúsnæði.

Hér á landi hafa húsnæðismál einkum snúist um aðstoð við fólk til að eignast húsnæði. Leigjendum hefur lítið verið sinnt þrátt fyrir að í þeirra hópi séu margir þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu. Úr þessu er ætlunin að bæta með frumvarpi þessu með því að leggja jöfnum höndum áherslu á að fólk eignist eða leigi íbúðir eftir aðstæðum hvers og eins.

Því er nauðsynlegt að breyta markmiðsgrein laganna að þessu leyti til þess að hún sé í samræmi við þau markmið sem lagt er til að lögfest verði í hinum nýja V. kafla um félagslegar íbúðir.

Um 2. gr.

Lagt er til að lánaflokkur sá, sem felur í sér lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði, verði felldur niður (5. tölul. 11. gr.), enda leysa lánaflokkar Byggingarsjóðs verkamanna í raun slík mál og því óþarft að viðhalda hér sérstökum lánaflokki.

Jafnframt er lagt til að lánaflokkurinn „lán til almennra kaupleiguíbúða“ (10. tölul. 11. gr.) teljist til félagslegra húsnæðislána þannig að til almennra kaupleiguíbúða verði framvegis lánað úr Byggingarsjóði verkamanna. Rök fyrir þessu eru þau að almennar kaupleiguíbúðir eru byggðar á félagslegum forsendum, eignarhald er félagslegt og rekstur. Jafnframt eru miklar takmarkanir á endursölu almennra kaupleiguíbúða sem bera svipmót af þeim hömlum sem gilda um félagslegt húsnæði. Má þar nefna að framkvæmdaraðili hefur samkvæmt gildandi lögum kaupskyldu fyrstu fimm árin og síðan forkaupsrétt.

Með framangreint í huga þykja almennar kaupleiguíbúðir eiga meiri samleið með félagslegum íbúðum en með íbúðum í almenna húsnæðiskerfinu.

Auk þessa er hér um að ræða einn þátt í þeirri einföldun á félagslegum húsnæðismálum sem stefnt er að með frumvarpi þessu.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að á eftir IV. kafla laganna, Húsbréfaviðskipti, sem bætt var við lögin í fyrra (lög nr. 76/1989), komi nýr V. kafli með 52 nýjum greinum, 51.–102. gr. Kafli þessi komi í stað ákvæða um almennar kaupleiguíbúðir, kafla um Byggingarsjóð verkamanna og félagslegar íbúðir og kafla um félagslegar kaupleiguíbúðir. Verður nú gerð grein fyrir einstökum greinum í þessum kafla.

Um a. (51. gr.)

Hér er lögð til sú nýjung að lögfest verði sérstakt markmið sem að er stefnt með félagslegum íbúðum. Af sjálfu leiðir að það markmið rúmist innan heildarmarkmiðs laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. gr. laganna. Vegna þeirrar áherslu, sem lögð er á leiguhúsnæði í frumvarpi þessu, er jafnframt lagt til að heildarmarkmið laganna verði breytt í þá veru. Vísast um þetta atriði til athugasemda við 1. gr. frumvarpsins.

Nýmæli þau sem markmiðsgrein þessi felur í sér eru:

1. Aukin áhersla er lögð á leiguíbúðir.
2. Aðstoð hins opinbera til félagslegra íbúða verði bundin við aðstæður einstaklinga og fjölskyldna eins og þær eru á hverjum tíma en miðist ekki eingöngu við eina tímasetningu eins og nú er.

3. Fólk eigi val um þá kosti sem í boði eru.
4. Húsnæðiskostnaður fólks fari ekki fram úr þriðjungi af heildartekjum.
5. Félagslegar íbúðir blandist öðrum íbúðum með eðlilegum hætti.

Önnur atriði greinarinnar eru óbreytt frá gildandi lögum.

Lykilatriði í markmiðsgreininni eru *jöfnuður*, *öryggi* og *val*. Lögð er áhersla á að miða félagslega aðstoð í húsnæðismálum við aðstæður einstaklinga hverju sinni en ekki ákvarða hana í eitt skipti fyrir öll. Þá er mörkuð sú stefna að opinberar aðgerðir miði að því að fólk þurfi ekki að verja meira en þriðjungi af tekjum sínum í húsnæðiskostnað. Einnig er lögð áhersla á nauðsyn þess að dreifa og blanda félagslegum íbúðum fremur en að einangra þær margar saman á sérstökum svæðum.

Um b. (52. gr.)

Nýmæli greinarinnar eru í fyrsta lagi fólgin í nýrri orðnotkun. Í stað orðsins „verkamannabústaða“ verði notuð orðin „félagslegar eignaríbúðir“ og í stað orðanna „leiguíbúða á vegum sveitarfélaga eða félagasamtaka“ komi „félagslegar leiguíbúðir“.

Rök fyrir því að nota fremur „félagslegar eignaríbúðir“ en „verkamannabústaðir“ eru þau að hið síðarnefnda þykir of þröngt þegar hafður er í huga sá þjóðfélagshópur sem á rétt á þessum íbúðum. Eins og síðar kemur fram eru félagslegar eignaríbúðir ætlaðar fólki innan ákveðins tekjuramma, þar sem bæði lágmarkstekjur og hámarkstekjur setja fólki skorður, en hið fyrrnefnda er nýjung. Þjálla þykir að nota „félagslegar leiguíbúðir“ í stað „leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka“ en efnisbreyting er hér engin.

Í öðru lagi felst nýmæli greinarinnar í þeirri efnisbreytingu að allar kaupleiguíbúðir, almennar sem félagslegar, teljist til félagslegra íbúða og vísast um það atriði til athugasemda við 2. gr. frumvarpsins.

Í þriðja lagi er í greininni að finna breytingu á fjármögnun félagslegra kaupleiguíbúða, þ.e. 90% lán frá Byggingarsjóði verkamanna í stað 85% nú. Um þetta atriði vísast til almennra athugasemda með frumvarpinu, kaflans „Breytt lánafyrirkomulag.“

Að öðru leyti eru ákvæði greinarinnar í samræmi við gildandi lög og þarfnast því ekki skýringa.

Um c. (53. gr.)

Efni greinar þessarar er óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast því ekki skýringa.

Um d. (54. gr.)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um e.(55. gr.)

Lögð er rík áhersla á það í frumvarpinu að skýrt komi fram hver beri ábyrgð á félagslegu húsnæði og að hvert og eitt sveitarfélag beri ábyrgð á félagslegu húsnæði á vegum þess.

Greinin felur ekki í sér nýjung heldur þótti nauðsynlegt að taka þetta skýrt fram til að taka af allan vafa.

Um f. (56. gr.)

Hér er lagt til að sérstök nefnd, húsnæðisnefnd, sem skipuð verði af hverju sveitarfélagi, sjái um húsnæðismál þess. Í nefndinni sitji fimm fulltrúar, þrír kjörnir af sveitarstjórn og tveir tilnefndir af samtökum launafólks í sveitarfélaginu og jafnmargir til vara. Húsnæðisnefnd verði skipuð til fjögurra ára í senn. Nefndin komi í stað stjórna verkamannabústaða og húsaleigunefnda (í bæjum). Talið er að með þessu vinnist

— að ábyrgð sveitarfélagsins verði skýr,
— að tengsl sveitarfélags og húsnæðisnefndar verði ljós,
— að öll húsnæðismál sveitarfélagsins verði undir einum hatti.

Stjórnir verkamannabústaða eru nú skipaðar af félagsmálaráðherra og tilheyra því stjórnsýslu ríkis en ekki sveitarfélags. Tengsl milli stjórnar verkamannabústaða og sveitarfélaga eru afar misjöfn, í sumum sveitarfélögum lítil sem engin. Stjórnunum eru falin veigamikil verkefni án þess að ábyrgð þeirra sé skýr. Bent hefur verið á hve óheppilegar þær tíðu mannabreytingar eru sem átt hafa sér stað í stjórnum verkamannabústaða, mikil þekking fari forgörðum sem kemur sér mjög illa þar sem stjórnunum eru falin vandasöm verkefni, svo sem uppgjör á byggingaráföngum, umsjón með endursölu íbúða o.fl. Sums staðar hefur vandinn verið leystur með því að fela sérstökum starfsmönnum bæjarfélaganna að annast félagslegt húsnæði, en annars staðar er hann óleystur. Þetta beinir sjónum að því hve nauðsynlegt er að húsnæðisnefndir séu í nánum tengslum við sveitarstjórnir og að reynt sé að miðla reynslu og viðhalda þekkingu innan sveitarfélagsins.

Eins og nú háttar heyra félagslegar eignaríbúðir undir stjórnir verkamannabústaða en félagslegar kaupleiguíbúðir, leiguíbúðir og íbúðir aldraðra undir sveitarstjórn.

Til þess að samræma betur en nú stjórnun, ábyrgð og ráðstöfun félagslegra íbúða sveitarfélaga er nauðsynlegt að saman fari fjárhagsleg ábyrgð á öllum þeim þáttum. Litið er svo á að þau tengsl verði best tryggð með því að fela húsnæðismál sveitarfélagins nefnd á vegum þess, enda liggi þá skýrt fyrir hver eru tengsl slíkra nefnda við sveitarstjórn og komið verði í veg fyrir það „sambandsleysi“ sem getið er um hér að framan.

Rétt þykir að viðhalda því fyrirkomulagi að samtök launafólks eigi hlut í stjórn húsnæðismála í sveitarfélögum. Því er lagt til að í húsnæðisnefnd sitji tveir fulltrúar stærstu launþegasamtaka í sveitarfélaginu og tveir til vara þannig að tryggt sé að meiri hluti launafólks í sveitarfélaginu eigi fulltrúa í nefndinni. Hvernig þessu verður nánar hagað getur að sjálfsögðu verið mismunandi eftir byggðarlögum.

Rétt þykir að takmarka skyldu sveitarstjórna til að kjósa húsnæðisnefnd við 400 íbúa. Er hér höfð hliðsjón af þeim íbúafjölda sem nú er að finna í nýjum hugmyndum sem eru til athugunar um lágmarksíbúafjölda er verði forsenda fyrir sameiningu sveitarfélaga.

Tekið skal fram að hafi stjórnir verkamannabústaða átt eignir færast þær til húsnæðisnefnda.

Um g. (57. gr.)

Í greininni eru raktar skyldur sveitarfélaga til

— að hafa frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf fólks sem til þess þarfnast aðstoðar,
— að láta fara fram könnun á heildarþörf á félagslegu húsnæði,
— að láta vinna áætlanir til fjögurra ára sem byggist á mati á þörf.

Skylda sveitarfélaga til frumkvæðis við lausn húsnæðismála í sveitarfélaginu er ekki beinlínis orðuð í lögum, en er í raun ekki ný af nálinni heldur hefur 1. gr. framfærslulaga verið skýrð með þeim hætti.

Nauðsyn á könnunum og áætlunum þarfnast tæplega rökstuðnings. Það liggur í augum uppi að þær upplýsingar, sem þar koma fram, eru nauðsynlegur undanfari þess að fjármunum Byggingarsjóðs verkamanna verði varið á hnitmiðaðan hátt í hverju sveitarfélags.

Um h. (58. gr.)

Í frumvarpinu er lagt til að skylda sveitarfélags til að leggja fram framlag til Byggingarsjóðs verkamanna, 10% af láni sjóðsins, sbr. c-lið 51. gr. laga nr. 86/1988, verði felld niður. Þess í stað er lagt til að sveitarfélög láni sjóðnum 10% af kostnaðarverði hverrar eignaríbúðar.

Tillagan um að fella niður óafturkræft framlag sveitarfélaga er sett fram til samræmingar við kaupleiguíbúðir, en þar er ekki um að ræða óafturkræft framlag sveitarfélaga.

Rökin fyrir láni sveitarfélaga til félagslegra eignaríbúða eru þau að með því móti megi tryggja ábyrgð þeirra á byggingu félagslegra eignaríbúða. Með því að hverfa frá óafturkræfu framlagi yfir í lán af hálfu sveitarfélaga megi jafnframt auðvelda sveitarfélögum að taka þátt í því að koma upp félagslegum íbúðum.

Um i. (59. gr.)

Ákvæði 1. mgr. er óbreytt frá gildandi lögum. Einn liður í ábyrgð sveitarfélags er sá að fjármagna umframkostnað sem kann að verða við byggingu eða kaup á íbúð og er lagt til að það haldist óbreytt. Með umframkostnaði er átt við þann kostnað sem kann að fara fram úr þeim kostnaðargrundvelli sem húsnæðismálastjórn hefur ákveðið um félagslegar íbúðir.

Í 2. mgr. er verið að leggja áherslu á og taka af öll tvímæli um ábyrgð sveitarfélaga á félagslegum íbúðum á þeirra vegum.

Um j. (60. gr.)

Hér er nýmæli á ferðinni. Framkvæmd þessara mála er nú með þeim hætti að sá kostnaður, sem hlýst af endursölu íbúða, hefur verið greiddur af Byggingarsjóði verkamanna, enda ekki fyrir hendi skýr lagafyrirmæli um skyldur sveitarafélaga til að greiða þann kostnað. Úr þeim annmarka er greininni ætlað að bæta með því að tiltaka beinlínis að sá kostnaður, sem endursala íbúða hefur í för með sér, verði á herðum sveitarfélaga. Er það í samræmi við þá ábyrgð sveitarfélaga sem lögð er áhersla á í frumvarpinu.

Til að koma til móts við sveitarfélögin í þessu tilliti er lagt til að þeim verði heimilt að áskilja sér allt að 1% álag vegna kostnaðar við eigendaskiptin.

Tekið skal fram að samkvæmt reglugerð um Byggingarsjóð verkamanna er stjórn verkamannabústaða heimilt að taka 1% af endursöluverði íbúðar vegna kostnaðar við að annast endursöluna. Hér er því lagt til að heimild til gjaldtöku verði lögfest, en jafnframt skýrt kveðið á um ábyrgð framkvæmdaraðila varðandi umsýslukostnað við endursölu.

Einnig felur greinin í sér heimildarákvæði um tímabundna leigu á eignaríbúð vegna millibilsástands við endursölu. Slíka heimild er ekki að finna í núgildandi lögum en hins vegar í reglugerð um Byggingarsjóð verkamanna. Rétt þykir að sú heimild verði lögfest en hafa ber í huga að hér er einungis um þrönga sérreglu að ræða sem aldrei má koma í veg fyrir að eignaríbúð verði seld þegar kaupandi fæst, þ.e. eins fljótt og verða má samkvæmt ákvæðum laga um húsaleiguleigusamninga. — Um leigugjald gildir viðmiðunarregla 89. gr.

Um k. (61. gr.)

Hér eru rakin helstu verkefni húsnæðisnefndar. Verkefni hennar eru hér ekki tæmandi talin heldur er það á valdi hvers sveitarfélags að ákveða hvort nefndinni verði falin fleiri verkefni.

Ljóst er að í fámennum sveitarfélaögum, þar sem ekki er húsnæðisnefnd, sér sveitarstjórnin sjálf um þessi verkefni eða felur þau húsnæðisfulltrúa.

Hér á eftir verður fjallað um einstaka töluliði varðandi verkefni húsnæðisnefnda.

1. Lögð er áhersla á að til grundvallar umsóknum og ákvörðunum um byggingu eða kaup félagslegra íbúða liggi upplýsingar um stöðu og horfur í húsnæðis- og atvinnumálum byggðarlagsins. Hér er lagt til að húsnæðisnefnd hafi yfirumsjón með því að sveitarfélagið geri áætlanir um byggingu félagslegra íbúða.
2. Rétt þykir að húsnæðisnefnd hafi á hendi eftirlit með félagslegum íbúðarbyggingum í sveitarfélaginu. Í því felst að húsnæðisnefnd hafi umsjón með framkvæmdum, uppgjöri byggingarkostnaðar og rekstri félagslegs húsnæðis á vegum sveitarfélaga.
3. Húsnæðisnefndinni er falið það hlutverk að hafa eftirlit með því að lögum og reglum sem gilda um félagslegar íbúðir sé fylgt.
4. Lagt er til að mat á greiðslugetu umsækjenda vegna lánsumsókna um eignaríbúðir verði á vegum húsnæðisnefnda, þó þannig að vísa megi ágreiningi til Húsnæðisstofnunar. Nánar um þetta atriði vísast til athugasemda við cc. (80. gr.)
5. Samkvæmt núgildandi lögum er úthlutun íbúða í verkamannabústöðum á vegum stjórna verkamannabústaða en úthlutun leiguíbúða og kaupleiguíbúða á vegum sveitarfélaga. Þar sem lagt er til í frumvarpinu að húsnæðisnefnd komi í stað stjórnar verkamanna-

bústaða leiðir af sjálfu sér að sú nefnd sjái um úthlutun eignaríbúða, enda er hér um veigamikið verkefni stjórna verkamannabústaða að ræða. Einnig úthluti nefndin öðrum félagslegum íbúðum, leiguíbúðum og kaupleiguíbúðum á vegum sveitarfélaga. Í fámennum sveitarfélögum, sem ekki hafa húsnæðisnefnd, fellur það í hlut sveitarstjórnarinnar sjálfrar. Talið er líklegt að við ráðstöfun félagslegra íbúða hafi húsnæðisnefnd nokkurt samráð eða samvinnu við félagsmálaráð eða félagsmálafulltrúa í viðkomandi sveitarfélagi. Yfirsýn yfir félagslega hagi fólks er að finna á þeim vettvangi, enda er aðstoð við að útvega húsnæði oft einn hlekkur í víðtækari félagslegri aðstoð. Má geta þess hér að víða hefur tekist samvinna milli félagsmálaráðs og stjórnar verkamannabústaða um þessi mál.

6. Eitt af þeim umfangsmiklu verkefnum, sem nú eru á vegum stjórnar verkamannabústaða, er umsjón með endursölu íbúða og útreikningur á eignarhluta seljanda. Lagt er til að verkefni þetta verði á vegum húsnæðisnefndar. Tíð mannaskipti í stjórnum verkamannabústaða og oft takmarkaðir möguleikar á að launa þau störf, sem þeim eru falin, hafa leitt til þess að endursölumálin hafa verið mörgum stjórnum erfið viðfangs. Með þeirri hagræðingu, sem felst í því að færa allt félagslegt húsnæði sveitarfélaga undir húsnæðisnefndina, er tryggt að sú þekking, sem nauðsynleg er í þessu sambandi, fær meiri festu hjá starfsfólki sveitarfélagsins.
7. Áhersla er lögð á upplýsingar um þá kosti sem fyrir hendi eru og jafnframt að við úthlutun félagslegra eignaríbúða verði greiðslugeta umsækjanda metin og þeim, sem ekki er ráðlagt að festa kaup á íbúð, bent á leiguhúsnæði. Eðlilegt er að húsnæðisnefnd hafi umsjón með þessu verkefni þar sem eftirlit með félagslegu húsnæði á vegum sveitarfélagins í heild sinni er á hennar vegum. Markmið tillagna nefndarinnar er einföldun og samræming félagslegrar aðstoðar í húsnæðismálum og því lagt til að húsaleigunefndir verði lagðar niður og verkefni þeirra færð til húsnæðisnefnda.
8. Nýmæli er að skráning á félagslegum íbúðum verði lögbundin, en þörf þykir á því þar sem rík áhersla er lögð á áætlanagerð og upplýsingar um stöðu og horfur í félagslegum íbúðarbyggingum.
9. Hér er lögð áhersla á að húsnæðisnefnd vinni með félögum og félagasamtökum sem hafa húsnæðismál á sinni hendi, svo sem byggingasamvinnufélög, húsnæðissamvinnufélög, félög fatlaðra, aldraðra o.fl. Þessi samvinna er ekki síst brýn nú á dögum þar sem félagasamtök hafa á undanförnum árum tekið æ ríkari þátt í byggingu og rekstri félagslegra íbúða, bæði leiguíbúða og íbúða fyrir aldraða.

Um l. (62. gr.)

Hér er lagt til að lögfestar verði meginreglur um skyldur og ábyrgð félagasamtaka sem takast á hendur að reisa og reka félagslegar íbúðir.

Ekki er lagt til að skyldur félagasamtaka verði lögfestar í smáatriðum. Rétt þykir þó að tilgreina sérstaklega þann þátt fjárhagslegrar ábyrgðar sem felst í því að bera umframkostnað sem kann að verða vegna bygginga eða kaupa á félagslegum íbúðum.

Það sem hér segir um félagasamtök á einnig við um fyrirtæki.

Um m. (63. gr.)

Greinin felur í sér meginreglu um hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna og þarfnast ekki nánari skýringa.

Um n. (64. gr.)

Breytingar á fjármögnun Byggingarjóðs verakamann frá gildandi lögum koma fram í b-, c- og d-liðum greinarinnar. Önnur atriði óbreytt.

Um b-lið.

Fellt er niður ákvæði gildandi laga þess efnis að árleg framlög úr ríkissjóði nemi tekjum hans af 1% launaskatti. Í ljós hefur komið að ákvæði þetta hefur verið óvirkt um árabil. Þess í

stað er tekið fram að árleg framlög úr ríkissjóði verði þau sem kveðið er á um í fjárlögum hverju sinni, en það er í samræmi við núverandi tilhögun.

Um c-lið.

Í frumvarpinu er lagt til að bein og óafturkræf framlög sveitarfélaga til byggingar félagslegs eignarhúsnæðis verði felld niður. Þess í stað láni sveitarfélög 10% af kostnaðarverði hverrar eignaríbúðar með því að kaupa skuldabréf af Húsnæðisstofnun ríksisins og vísast um það atriði til athugasemda við h-lið (58. gr.).

Um d-lið.

Lagt er til að tekið verði sérstaklega fram í lögum að sala skuldabréfa til lífeyrissjóða sé einn þáttur í fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna. Núgildandi lög hafa verið skilin á þann veg en rétt þykir að þetta verið tilgreint sérstaklega í lögum.

Um o. (65. gr.)

Óbreytt frá gildandi lögum. Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um p. (66. gr.)

Með hliðsjón af þeim nýju hugtökum, sem lögð eru til grundvallar í frumvarpi þessu og einnig því að lagt er til að almennar kaupleiguíbúðir heyri til félagslegra íbúða, breytast heiti lánaflokkanna frá því sem nú er.

Að öðru leyti er breyting frá gildandi lögum sú að lagt er til að felld verði niður heimild til þess að lán nemi 100% byggingarkostnaðar, sbr. heimild í 66. gr. laga nr. 86/1988 um 10% viðbótarlán ef um er að ræða sérstaklega erfiðar fjölskyldu- og fjárhagsaðstæður. Eðlilegt hlýtur að teljast að þeir sem kaupa íbúð leggi fram hluta kaupverðs. Reynslan hefur sýnt að þeir sem fengið hafa slíkt viðbótarlán geta oft ekki staðið í skilum og getur því slík „aðstoð" snúist upp í andhverfu sína. Því er hér lagt til að umsækjendum, sem eru það illa staddir að þeir sjái ekki fram á að kaupa eignaríbúð með öðrum hætti en 100% láni, sé vísað á félagslegt leiguhúsnæði. Vitaskuld felst í tillögu þessari að framboð af félagslegu leighúsnæði aukist.

Þegar almennar kaupeiguíbúðir eiga í hlut er gert ráð fyrir tvískiptum lánum, þ.e. 70% láni til 50 ára og 20% láni til 25 ára. Ástæðan er sú að aðgangur að almennum kaupleiguíbúðum er jafntakmarkaður og þegar um félagslegar kaupleiguíbúðir er að ræða og einnig þeir mismunandi kostir sem standa til boða í almennum kaupleiguíbúðum, þ.e. leiga, leiga með 10–30% hlutareign eða kaup á íbúðinni. Þannig er gert ráð fyrir því að ef almenn kaupleiguíbúð er leigð fáist 70% og 20% lán eða samtals 90%. Sama gildir ef um leiguíbúð með 10% hlutareign er að ræða. Ef hins vegar íbúð verður seld er gert ráð fyrir 70% láni til 43 ára og jafnframt að 20% lánið verði gjaldfellt og endurgreitt á fimm árum.

Um r. (67. gr.)

Hér er um nýjung að ræða. Samkvæmt núgildandi lögum takmarkast lán til Byggingarsjóðs verkamanna við íbúðirnar sjálfar, en óheimilt er að lána til bílskúra eða bílskýla. Þetta gildir enda þótt staðreyndin sé sú að í mörgum tilfellum er skylt af skipulagsástæðum að byggja bílskúr eða bílskýli með íbúðum.

Núverandi fyrirkomulag hefur valdið íbúðareigendum í verkamannabústöðum miklum vandkvæðum. Bæði kemur þar til að bílskúr og bílskýli eru mjög dýr og því verið þungur baggi á kaupendum, án tillits til þess hvort þeir hafi not fyrir þau. Auk þessa skapast ýmis vandamál við endursölu íbúðarinnar.

Til að leysa úr þessum hnút er lagt til að farinn verði millivegur. Ekki þykir rétt að leggja til að takmarkaðir fjármunir Byggingarsjóðs verkamanna verði veittir til bílskúra, enda eru þeir dýrir svo sem kunnugt er. Þess í stað er lagt til að lánað verði til bílskýla sem nú eru algeng.

Auk bílskýla er lagt til að heimilt verði að lána til upphitunar á gangstétt. Nú á dögum er talið eðlilegt að nýta afrennslisvatn til hitunar gangstétta. Gert er ráð fyrir að hitalagnir séu lagðar í gangstétt stystu eðlilega leið frá götu að inngangi.

Lögð er áhersla á að lán til bílskýla og upphitunar á gangstétt verða þó bundin því skilyrði að heildarkostnaður íbúðar, að viðbættum kostnaði við bílskýli og snjóbræðslu, rúmist innan þess kostnaðargrundvallar sem húsnæðismálastjórn setur um félagslegar íbúðir.

Með bílskýli er í lögum þessum átt við sameiginleg óskipt skýli, óupphituð, sem byggð eru á hagkvæman hátt.

Um s. (68. gr.)

Breytingar frá gildandi lögum eru þessar.

1. Lánshlutfall hækki úr 85% í 90% af kostnaðarverði íbúðar. Rökin fyrir hækkun á lánshlutfalli upp í 90% eru að kaup eða leiga á félagslegum íbúðum verði fólki viðráðanlegri en nú og vísast um þetta atriði til almennra athugasemda með frumvarpinu.
2. Lánstími til leiguíbúða verði lengdur í 50 ár. Lenging lánstíma á leiguíbúðum er lögð til með það í huga að auka vægi leiguíbúða. Um nánari skýringar vísast til almennra athugasemda við frumvarpið.
3. Heimilt verði að taka sérstakt tillit til umframkostnaðar á fermetra í íbúðum aldraðra og fatlaðra. Hér er gerð tillaga um sérákvæði um aldraða og fatlaða af brýnni nauðsyn, en að öðru leyti er lögð áhersla á það í frumvarpinu að ekki séu sett sérákvæði um sérstaka hópa heldur falli þeir undir almenn ákvæði frumvarpsins. Er það í samræmi við þá stefnumörkun að blöndun ólíkra hópa á húsnæðismarkaðnum sé æskileg.
4. Reglan um að lán séu afborgunarlaus fyrsta árið eigi ekki við þegar um er að ræða íbúðir sem eru eingöngu í leigu (án hlutareignar). Nú eru lán af öllum íbúðum afborgunarlaus fyrsta árið. Óþarft þykir að viðhalda því fyrirkomulagi um íbúðir sem eru eingöngu í leigu. Öðru máli gegnir um kaup á íbúð eða kaup á hlutareign.

Um t. (69. gr.)

Hér er nýmæli á ferðinni. Í því skyni að koma í veg fyrir að sveitarfélög, sem hafna forkaupsrétti að félagslegri íbúð, ráðist á sama tíma í framkvæmdir við félagslegar íbúðir er lagt til að höfnun á forkaupsrétti standi í vegi fyrir láni til þess sveitarfélags næstu þrjú árin frá því forkaupsrétti var synjað. Með því móti má afstýra því að sveitarfélög takist á hendur ónauðsynlegar framkvæmdir við félagslegar íbúðir.

Um u. (70. gr.)

Greinin felur í sér þrenns konar breytingar frá gildandi lögum.

Í fyrsta lagi að með umsókn sveitarfélaga fylgi staðfesting þess að það muni leggja fram 10% af kostnaðarverði íbúðar, þegar eignaríbúðir eiga í hlut, með skuldabréfakaupum af Húsnæðisstofnun ríksins. Húsnæðisstofnun endurgreiðir sveitarfélagi síðan lánið á 15 árum. Vextir verði þeir sömu og gilda um útlán sjóðsins hverju sinni. — Framlag þetta kemur í stað þess óafturkræfa framlags sem sveitarfélögum er nú skylt að leggja fram til verkamannabústaða. Nánar um þetta atriði vísast til athugasemda við h-lið (58. gr.).

Í öðru lagi er sú breyting lögð til að eindagi umsókna um framkvæmdir næsta árs verði færður frá 1. ágúst til 1. október ár hvert til hagræðis fyrir umsækjendur vegna sumarleyfa.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að Húsnæðisstofnun veiti ráðgjöf um fjárhagsleg og tæknileg atriði og að henni sé heimilt að taka gjald fyrir þá þjónustu. Framkvæmdin er nú með þeim hætti og er hér lagt til að hún verði lögfest.

Um v. (71. gr.)

Efnislega er greinin óbreytt frá gildandi lögum. Þarfnast ekki skýringa.

Um x. (72. gr.)

Grein þessi er efnislega óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að „húsnæðisnefnd“ kemur í stað „stjórnar verkamannabústaða“ og umsóknarfrestur er lengdur úr þremur vikum í fjórar.

Um y. (73. gr.)

Eins og áður hefur komið fram er í frumvarpi þessu lagt til að lánshlutfall hækki úr 85% í 90% og vísast um það atriði til athugasemda við s-lið (68. gr.). Ábyrgð framkvæmdaraðila takmarkast því við 10% framlag í stað 15% nú.

Gert er þó ráð fyrir að hlutareign geti farið upp í 30% þegar almennum kaupleiguíbúðum er til að dreifa og er það fyrirkomulag óbreytt frá gildandi lögum. 30% hlutareign er t.d. talin henta vel fyrir íbúðir aldraða. 10% hlutareign í almennum kaupleiguíbúðum er hins vegar einungis ætluð þeim sem eru innan þeirra eignarmarka er húsnæðismálastjórn ákveður, sbr. 92. gr.

Um z. (74. gr.)

Helstu breytingar frá gildandi lögum eru:

1. Kveðið er á um að í sérstökum undantekningartilvikum sé heimilt að greiða allt að 5% umfram verkstöðu framkvæmda.
2. Vextir verði þeir sömu og gilda um framkvæmdalán úr Byggingarsjóði ríkisins en þar eru vextir breytilegir, 1,25 prósentustigum lægri en meðalvextir Seðlabanka Íslands eru hverju sinni á verðtryggðum almennum skuldabréfum. Framkvæmdalán Byggingarsjóðs verkamanna bera nú 1% vexti.
3. Kveðið er sérstaklega á um hvernig við skuli brugðist verði framkvæmdalán ekki gerð upp innan tveggja mánaða frá lok samnings.

Um 1.

Hér er gert ráð fyrir heimild til þess að greiða framkvæmdaraðila allt að 5% af framkvæmdaláni í fyrirframgreiðslu, þó með því skilyrði að teknir verði út verkþættir sem svari til þessarar fjárhæðar eftir því sem unnt er. Hér er lagt til að núverandi framkvæmd í þessum efnum verði lögfest.

Um 2.

Lagt er til að vextir af öllum framkvæmdalánum verði þeir sömu. Talið er rétt að framkvæmdaraðilar sitji hér við sama borð hvort sem þeir byggja félagslegt húsnæði eða húsnæði innan almenna húsnæðiskerfisins. Sama gildir að sínu leyti um íbúðarkaupendur, þ.e. ekki þykir rétt að niðurgreiðsla vaxta eigi sér stað á byggingartíma innan félagslega kerfisins þannig að þeir sem þar byggja búi við betri kjör á byggingartímanum en íbúðarbyggjendur innan almenna húsnæðislánakerfisisins.

Með þessum breytingum er einnig verið að stuðla að því að framkvæmdalán verði gerð upp á réttum tíma.

Um 3.

Þar sem uppgjör á framkvæmdalánum og byggingarkostnaði verkamannabústaða hefur oft dregist úr hömlu og leitt til vandræða fyrir íbúa og byggingarsjóðinn er lagt til að komi til þess að framkvæmdalán verði ekki gerð upp á tilsettum tíma falli vaxtakostnaður á framkvæmdaraðila og að óheimilt sé að telja hann til byggingarkostnaðar. Með þessu móti er þess vænst að framkvæmdaraðilum sé veitt hæfilegt aðhald. Meginregla þessi gildi við eðlilegar aðstæður, þ.e. tilskilið er að engar tafir hafi orðið á afgreiðslu hjá Húsnæðisstofnun. Hafi svo verið er heimilt að fella niður vaxtagreiðslur framkvæmdaraðila.

Um þ. (75. gr.)

Breyting frá gildandi lögum er sú að tekið er fram að við val á lóð sé þess gætt að ekki gildi dýrir skipulagsskilmálar, svo sem kvöð um bílskúr. Áður er rakið hver vandkvæði hafa hlotist af byggingu bílskúra í verkamannabústöðum. Í frumvarpinu er lagt til að lánað verði til

bílskýla en ekki til bílskúra. Það er því eftir sem áður brýnt að forðast það að byggja félagslegar íbúðir á lóðum með kvöð um bílskúr. Að öðru leyti er leitast við að kveða skýrar á um hagkvæma byggingarhætti en nú er gert.

Í greininni er rík áhersla lögð á kostnaðareftirlit Húsnæðisstofnunar með byggingu félagslegra íbúða. Þar er lögð til sú nýjung að Húsnæðisstofnun birti opinberlega á hverju ári upplýsingar um byggingarkostnað þeirra íbúða sem lokið hefur verið við.

Um æ. (76. gr.)

Efni greinarinnar er óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um ö. (77. gr.)

Lagt er til að settar verði fastar reglur um uppgjör á byggingarkostnaði. Þar er haft í huga hagræði fyrir byggingarsjóðinn og framkvæmdaraðila en ekki síst fyrir væntanlega íbúa. Mikil vandræði hafa hlotist af seinkunum á lokauppgjöri á framkvæmdum.

Um aa. (78. gr.)

Efni greinarinnar er óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um bb. (79. gr.)

Lagt er til að stærðarmörk félagslegra íbúða verði samræmd, hámarksstærð verði 130 fermetrar, en það er sú regla sem nú gildir um kaupleiguíbúðir. Gildandi hámarksstærð íbúða í verkamannabústöðum er nú 170 fermetrar sem þykir nokkuð rúmt. Þar sem mikilvægt er að halda húsnæðiskostnaði niðri er lagt til að efri stærðarmörk verði 130 fermetrar. Ólíklegt má telja að fólk hafi þörf á stærri íbúðum, enda hefur fjölskyldustærð hér á landi minnkað á undanförnum árum.

Um cc. (80. gr.)

Hér eru lagðar til ýmsar breytingar frá gildandi lögum.

Í fyrsta lagi er gerð sú mikilvæga breytingartillaga að viðmiðunartekjur hjóna verði 25% hærri en hjá einstaklingum. Eins og kunnugt er gildir nú sama tekjuviðmiðun hjá einstaklingum og hjónum sem aftur hefur leitt til þess að hjón hafa trauðla átt rétt til félagslegra íbúða. Úr þessum annmarka er ætlunin að bæta.

Í öðru lagi er lagt til að umsækjendur sýni fram á ákveðna greiðslugetu, þ.e. leggi fram gögn um vissar lágmarkstekjur sem geri þeim kleift að standa straum af kostnaði við kaup á félagslegri eignaríbúð. Hér er höfð í huga reynsla undanfarinna ára sem hefur sýnt að ákveðinn hópur, sem ræðst í kaup á íbúð í verkamannabústað, stendur ekki undir greiðslubyrðinni. Lagt er því til að greiðslugeta umsækjenda verði metin fyrir fram og er hér höfð hliðsjón af þeim reglum sem um þetta gilda í almenna húsnæðislánakerfinu. Við mat á greiðslugetu verði við það miðað að greiðslubyrði lána fari ekki fram úr þriðjungi tekna. Umsækjendum verði því boðið upp á mat á greiðslugetu hjá húsnæðisnefnd eða öðrum aðila sem hún vísar til, t.d. hjá lánastofnunum. Komi upp ágreiningur annaðhvort milli umsækjanda og húsnæðisnefndar annars vegar eða í húsnæðisnefnd innbyrðis hins vegar megi vísa honum til Húsnæðisstofnunar. Komi í ljós við mat á greiðslugetu að umsækjandi ráði ekki við væntanleg kaup verði honum bent á það og jafnframt boðið upp á leiguhúsnæði.

Í þriðja lagi er lagt til að niður verði fellt skilyrði um að umsækjandi skuli eiga lögheimili í sveitarfélaginu þegar íbúðir eru auglýstar. Regla þessi þykir óþarflega ósveigjanleg, það hefur sýnt sig að ósanngjarnt er að útiloka fólk af þessari orsök einni saman, t.d. við flutning ungs fólks frá útlöndum o.fl. Rétt þykir því að sveitarfélög (húsnæðisnefndir) ákveði sjálf hvaða skilyrði þau setja um lögheimili umsækjenda.

Í fjórða lagi felst í greininni að skilyrði um ákveðinn vinnustundafjölda umsækjenda áður en umsókn er lögð fram verði fellt niður. Ástæða þess er sú að ekki hefur verið farið eftir þessum reglum undanfarin ár enda efni þeirra talið úrelt.

Um dd. (81. gr.)

Efni greinarinnar er óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um ee. (82. gr.)

Hér er sú breytingartillaga gerð að lögfestar verði þær reglur um úthlutun almennra kaupleiguíbúða sem nú gilda í reglugerð um kaupleiguíbúðir nr. 86/1989. Þar kemur fram að við úthlutun á almennum kaupleiguíbúðum skuli m.a. taka tillit til húsnæðisaðstæðna og fjölskyldustærðar umsækjanda. Hins vegar þykir ekki rétt að fastsetja ákveðin skilyrði heldur verði þetta að öðru leyti á valdi framkvæmdaraðila.

Um ff. (83. gr.)

Efni greinar þessarar er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að „húsnæðisnefnd“ kemur í stað „stjórnar verkamannabústaða“.

Um gg. (84. gr.)

Óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að kaupandi greiði 10% af kostnaðarverði í stað 15% nú.

Um hh. (85. gr.)

Óbreytt frá gildandi lögum.

Um ii. (86. gr.)

Hér er gerð tillaga um að herða viðurlög við því að íbúðareigandi leigi út íbúð sína án heimildar sveitarstjórnar eða húsnæðisnefndar.

Í ljós hefur komið að nokkur brögð eru að því að íbúðir í verkamannabústöðum hafa verið leigðar út án heimildar stjórnar verkamannabústaða. Viðurlög núgildandi laga við slíkri óleyfilegri leigu þykja ekki hafa reynst nægilega vel en þau eru að heimilt er að gjaldfella lán og fella niður verðbætur til íbúðareiganda við sölu þann tíma sem íbúð er leigð án heimildar. Hin hertu viðurlög samkvæmt frumvarpinu fela í sér að annars vegar er heimilt að afturkalla úthlutun á íbúð og hins vegar að fella niður verðbætur til íbúðareiganda við endursölu, þ.e. allar verðbætur, en ekki einungis fyrir þann tíma sem íbúð er í óleyfilegri leigu. Rök fyrir hinum hertu viðurlögum eru þau að félagslegar íbúðir skuli einungis nýttar af því fólki sem hefur þörf fyrir þær. Hætt er við því að nokkur brotalöm verði á framkvæmd þeirrar meginreglu ef íbúðareigendur ráðstafa sjálfir íbúðum sínum til leigu. Hins vegar geta hér komið upp tilvik sem gera það sjálfsagt og eðlilegt að veita íbúðareigendum heimild til að leigja íbúð sína tímabundið.

Lagt er til að þetta ákvæði gildi um allar félagslegar íbúðir burtséð frá því á hvaða tíma fest voru kaup á íbúð innan félagslega húsnæðiskerfisins.

Um jj. (87. gr.)

Þegar lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins var breytt árið 1980 og lán til félagslegra íbúða hækkuð upp í 90% af kostnaðarverði giltu ákvæði um að íbúðareigendum í verkamannabústöðum væri óheimilt að veðsetja íbúðir sínar fyrir öðrum lánum en lánum Byggingarsjóðs verkamanna fyrstu 15 árin frá útgáfu afsals. Með lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60 1984, var sú breyting á gerð um þetta atriði að íbúðareigendum var heimilað að veðsetja íbúðir sínar fyrir öðrum lánum.

Athuganir á greiðsluerfiðleikum og nauðungarsölu sýna að óheppilegt sé að hafa slíka heimild til veðsetningar félagslegra eignaíbúða án takmörkunar þegar um er að ræða hátt lánshlutfall. Því er hér lagt til að heimild til veðsetningar verði bundin því að eigandi hafi greitt af láninu og að óheimilt verði að veðsetja íbúðina fyrir öðrum lánum fyrr en greitt hefur verið af láni Byggingarsjóðs verkamanna sem nemi því að fjárhæð lánsins sé lægri en 75% af uppfærðu kostnaðarverði íbúðarinnar.

Um kk. (88. gr.)

Efni 1. mgr. er óbreytt frá gildandi lögum.

Í 2. mgr. er kveðið á um heimild til þess að víkja frá þeirri meginreglur 1. mgr. að umsækjandi um kaupleiguíbúð geti valið um þrjá kosti. Undantekning frá því á við ef félagasamtök, sem byggja kaupleiguíbúðir, hafa um það ákvæði í samþykktum sínum að aðeins einn kostur standi til boða, t.d. einungis hlutareign, sbr. húsnæðissamvinnufélög. Nauðsynlegt er að þær samþykktir félagasamtakanna hafi áður verið staðfestar af félagsmálaráðuneyti.

Um ll. (89. gr.)

Efni greinarinnar er óbreytt frá gildandi lögum.

Um mm. (90. gr.)

Breytingar þær sem hér eru gerðar frá gildandi lögum eru fyrst og fremst til samræmingar við aðrar breytingar frumvarpsins, þ.e. 10% framlag framkvæmdaraðila í stað 15% nú og hækkun fyrningar, sbr. 101. gr.

Einnig er hér lagt til að í stað 30 ára lánstíma á 10% framlagi framkvæmdaraðila verði lánstíminn styttur í 15 ár. Er það gert til samræmingar við ákvæði 58. gr.

Um nn. (91. gr.)

Hér er lögð til sú breyting að ákveða frest sem framkvæmdaraðili hafi til að láta kaupanda í té afsal fyrir íbúðinni, enda hafi kaupandi þá staðið í skilum að fullu. Hæfilegt þykir að veita framkvæmdaraðila hér tveggja mánaða frest. Reynslan hefur sýnt að nauðsynlegt er að veita framkvæmdaraðila hér ákveðið aðhald svo að óeðlilegur dráttur verði ekki á afsali til kaupanda.

Um oo. (92. gr.)

Heimild til kaupa á eignarhlut í félagslegri kaupleiguíbúð er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að lagt er til að lánshlutfall verði hækkað og eignarhlutur því lækkaður úr 15% í 10%.

Þegar um almennar kaupleiguíbúðir er að ræða er einnig lagt til að lánshlutfall hækki og minnsti eignarhlutur verði 10%. Í gildandi lögum er almenna reglan um hlutareign í almennum kaupleigluíbúðum sú að eignarhlutur nemi 30%, en lægri hlutareign (15%) takmörkuð við aldraða, öryrkja og námsmenn. Í frumvarpinu er mörkuð sú stefna að í húsnæðislánakerfinu verði félagsleg aðstoð miðuð við tekjur, eignir og félagslegar aðstæður hverju sinni en ekki bundin við sérhópa á húsnæðismarkaðnum. Lagt er því til að heimild til kaupa á 10% hlutareign verði ekki eingöngu bundin við aldraða, öryrkja og námsmenn heldur takmörkuð við ákveðin eignarmörk sem lagt er til að húsnæðismálastjórn setji.

Um pp. (93. gr.)

Efni greinarinnar er óbreytt frá gildandi lögum.

Um rr. (94. gr.)

Samkvæmt núgildandi lögum skal ekki greiða stimpilgjald af afsölum fyrir íbúðum í verkamannbústöðum. Hins vegar eru stimipilgjöld af skuldabréfum ekki undanskilin. Í ljós hefur komið að kaupendur hafa átt í erfiðleikum með að greiða þau gjöld. Einnig kemur hér til að við skipti á íbúðum er mjög kostnaðarsamt að útbúa ný skuldabréf og er nú farin sú leið að gefin eru út skuldabréf fyrir mismuninum á eldra verði og kaupverði í stað þess að gefa út nýtt skuldabréf fyrir íbúðinni.

Með framangreint í huga er það því til hagsbóta bæði fyrir Byggingarsjóð verkamanna og kaupanda að fella niður stimpilgjald af skuldabréfum. Þó er lagt til að áfram verði greitt stimpilgjald af skuldabréfum vegna sölu almennra kaupleiguíbúða. Rökin eru þau að enda

þótt almennar kaupleiguíbúðir teljist samkvæmt frumvarpinu til félagslegra íbúða er þó enn sem fyrr gert ráð fyrir nokkrum mun á þeim kjörum sem gilda um almennar kaupleiguíbúðir annars vegar og aðrar félagslegar íbúðir hins vegar, svo sem styttri kaupskyldutíma og hærri vöxtum.

Um ss. (95. gr.)

Hér er lagt til að sú regla, sem nú gildir um almennar og félagslegar kaupleiguíbúðir, að vaxtakjör á lánum skulu endurskoðuð með ákveðnu millibili, gildi um allar félagslegar íbúðir.

Hér er um eitt af grundvallaratriðum þessa frumvarps að ræða og kemur fram í markmiðsgrein (51. gr.), þ.e. að opinberar aðgerðir til jöfnunar á húsnæðiskostnaði miðist við aðstæður fólks á hverjum tíma en séu ekki bundnar við eina tímasetningu. Með þessu er leitast við að tryggja að félagslegar íbúðir þjóni markmiðum sínum og að sú aðstoð, sem veitt er með niðurgreiddum vöxtum, sé háð tekjum.

Í samræmi við núgildandi fyrirkomulag kaupleiguíbúða er því lagt til að á vegum Byggingarsjóðs verkamanna verði tekjur kaupenda kannaðar að átta árum liðnum frá kaupum á íbúðinni og á fimm ára fresti upp frá því. Reynist tekjur hafa hækkað svo að þær fari yfir þau tekjumörk sem gilda hverju sinni skv. b-lið 80. gr. skulu vextir hækkaðir þannig að þeir verði þeir sömu og gilda á lánum til almennra kaupleiguíbúða, þ.e. sömu vextir og gilda um lán Byggingarsjóðs ríksins.

Lagt er til að þeir, sem keyptu félagslegt húsnæði fyrir gildistöku laga þessara, sæti einnig endurskoðun vaxta enda ekki síður ástæða til að ætla að í þeim hópi, sem festi kaup á íbúð innan kerfisins fyrir allmörgum árum, hafi hagur fólks vænkast svo að skilyrðum um tekjumörk sé ekki lengur fullnægt. Rétt þykir því að endurskoðun vaxta taki til þeirra sem fengið hafa lán Byggingarsjóðs verkamanna frá og með að lög nr. 60/1984 gengu í gildi þann 1. júlí það ár.

Um tt. (96. gr.)

Ákvæði þetta er óbreytt frá gildandi lögum enda þykir sjálfsagt að viðhalda þeirri reglu að hafi tekjur fólks lækkað svo að stefni í vanskil sé húsnæðismálastjórn heimilt að fresta greiðslum um tiltekinn tíma.

Um uu. (97. gr.)

Hér er nýmæli á ferðinni. Núgildandi lög hafa að vísu verið skilin svo að heimilt sé, eðli máls samkvæmt, að stofna varasjóð Byggingarsjóðs verkamanna til að koma til móts við áföll, svo sem byggingargalla. Ekki hefur þó orðið af stofnun varasjóðs og því þykir nauðsynlegt að hann verði lögleiddur. Dæmi eru um vandamál vegna byggingargalla á félagslegum íbúðum sem brýn nauðsyn er að bregðast skjótt við.

Sjóðnum verði ætlað að vera „gæðatrygging“ og að bæta galla sem upp kunna að koma og ekki eru á ábyrgð verktaka sem varir í eitt ár. Hæfilegt þykir að í varsjóð renni 1% af samþykktum byggingarkostnaði hverrar íbúðar.

Um vv. (98. gr.)

Hér er lagt til að ákvæðum um kaupskyldu verði breytt. Samkvæmt núgildandi lögum er kaupskylda framkvæmdaraðila fyrstu 15 árin þegar um félagslegar kaupleiguíbúðir og verkamannabústaði er að ræða en fyrstu fimm árin þegar almennar kaupleiguíbúðir eiga í hlut.

Lagt er til að kaupskylda sveitarfélaga verði færð niður í 10 ár en haldist óbreytt, fimm ár, í almennu kaupleiguíbúðunum. Rökin fyrir því að færa kaupskylduna niður í 10 ár eru m.a. þau að nú þykir óeðlilega mikill munur á aðstæðum þeirra sem búa í félagslegu húsnæði og hinna sem eru á almennum markaði þegar fólki er tryggð sala í 15 ár eins og nú er.

Þegar kaupskyldutímabili lýkur á framkvæmdaraðili forkaupsrétt. Hafni hann forkaupsrétti, en hyggst engu að síður koma á fót nýjum íbúðum, á sérregla 69. gr. við.

Um xx. (99. gr.)

Greinin fjallar um kaupskyldu og forkaupsrétt íbúða sem byggðar er á tímabilinu 1980 til gildistöku þessa frumvarps og er ekki lagt til að þar á verði gerð nein breyting, sbr. 67. gr. laga nr. 86/1988.

Um yy. (100. gr.)

Greinin nær til þess er félagsleg íbúð er seld á uppboði og er samhljóða núgildandi lagaákvæði um það efni, sbr. 70. gr. laga nr. 86/1988.

Um zz. (101. gr.)

Greinin fjallar um endursölu íbúða og um útreikning á eignarhlut seljanda við endursölu. Hér er lagt til að við útreikning á eignarhluta seljanda sé fyrning hækkuð upp í 1,5% fyrstu 20 árin og verði 0,75% eftir það, en er nú 1% fyrstu 20 árin og 0,5% eftir það. Breyting þessi er nauðsynleg þar sem í ljós hefur komið að núgildandi fyrningarákvæði hafa í för með sér of hátt verð á eldri íbúðum.

Um þþ. (102. gr.)

Efni greinarinnar er óbreytt frá gildandi lögum að undanskildum breytingum á fyrningu og vísast um það til athugasemda við zz.-lið (101. gr.).

Um 4. gr.

Breytingar þær, sem hér eru lagðar til að gerðar verði á VI. kafla laganna, (Forkaupsréttur sveitarfélaga á íbúðum byggðum samkvæmt lögum fyrir gildistöku laga nr. 51/1980), eru að húsnæðisnefnd komi í stað stjórna verkamannabústaða, fallið verði frá viðmiðun við markaðsverð og að matsnefnd félagslegra íbúða verði felld niður.

Um a. (103. gr.)

Húsnæðisnefndir komi í stað „stjórna verkamannabústaða".

Um b. (104. gr.)

Húsnæðisnefndir komi í stað „stjórna verkamannabústaða".
Viðmiðun við markaðsverð verði felld niður, enda hefur því ákvæði ekki verið beitt.

Um c. (105. gr.)

Í stað „stjórna verkamannabústaða" komi húsnæðisnefnd.
Viðmiðun við markaðsverð verði felld niður.

Um d. (108. gr.)

Matsnefnd félagslegra íbúða verði lögð niður. Samkvæmt gildandi lögum hefur matsnefnd félagslegra íbúða tvíþætt verksvið. Annars vegar á hún að vera sveitarstjórnum og stjórnum verkamannabústaða til ráðuneytis um málefni endursöluíbúða. Hins vegar skal hún úrskurða ágreining milli seljanda íbúðar og stjórnar verkamannabústaða.

Reynslan hefur sýnt að ekki er þörf fyrir sérstaka nefnd til að sjá um þetta verksvið. Óheppilegt var að ætla nefndinni að vera bæði til ráðuneytis og jafnframt vera úrskurðarnefnd, en það fer að sjálfsögðu illa saman. Eðlilegra er því að húsnæðismálastjórn taki á þeim vandamálum sem upp koma innan kerfisins. Því er lagt til að matsnefnd félagslegra íbúða verði lögð niður. Í stað nefndar þessarar verði deilumálum, sem undir nefndina falla, vísað til húsnæðismálastjórnar, en ráðgjafarverkefnin verði á vegum Húsnæðisstofnunar án þess að til þurfi að koma sérstök nefnd.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Nd. 725. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 16. apríl 1971, um náttúruvernd, l. nr. 20 30. apríl 1986, um Siglingamálastofnun ríkisins, og ýmsum lögum er varða yfirstjórn umhverfismála.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á allmörgum fundum en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Meiri hl. nefndarinnar, fulltrúar stjórnarliða, leggur til að frumvarpið verði samþykkt með smávægilegum breytingum.

Minni hl. nefndarinnar, undirritaðir nefndarmenn, leggur fram breytingartillögur á sérstöku þingskjali. Er samþykkt þeirra forsenda fyrir stuðningi minni hl. við frumvarpið.

Nefndinni hafa borist fjölmargar umsagnir um frumvarpið og til fundar við hana hafa komið margir fulltrúar ráðuneyta, stofnana og samtaka. Flestir þessara fulltrúa höfðu fram að færa athugasemdir við einstakar greinar og sumir þeirra lýstu fullri andstöðu við þau ákvæði frumvarpsins er vörðuðu stofnanir þeirra. Sem dæmi um slíka andstöðu má nefna:

1. Í ályktun búnaðarþings, sem samþykkt var 12. mars, er skorað á Alþingi að vanda betur undirbúning og val á þeim verkefnum sem umhverfisráðuneyti er ætlað að vinna. Fulltrúar á búnaðarþingi telja ósættanlegt með öllu að umhverfisráðuneyti verði falið að annast gróðurvernd, eins og lagt er til í 1. og 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins, og einnig að umhverfisráðherra geti fyrirskipað friðunar- og uppgræðsluaðgerðir. Því leggur búnaðarþing til breytingar á 1. og 2. mgr. 1. gr. og að lokamálsgreinin falli brott. Þá kemur fram í greinargerð með ályktuninni frá jarðræktarnefnd þingsins að ekki sé brýn þörf á að slíta embætti veiðistjóra úr tengslum við meðferð landbúnaðarmála, en framkvæmd laga um eyðingu svartsbaks og laga um eyðingu refa og minka er nátengd landbúnaði og unnin í náinni samvinnu við bændur.
2. Meiri hluti stjórnar Hollustuverndar ríkisins er andvígur flutningi stofnunarinnar í hið nýja umhverfisráðuneyti. Sömu afstöðu hefur framkvæmdastjóri hennar.
3. Forstöðumaður heilbrigðissviðs, allt heilbrigðiseftirlitið og heilbrigðisfulltrúafélagið eru á sama hátt andvíg breytingunni.
4. Forstöðumaður rannsóknarstofu Hollustuverndar telur það svið tvímælalaust eiga heima undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.
5. Forstöðumaður eiturefnaeftirlits hefur efasemdir um að breytingin sé skynsamleg.
6. Forstöðumaður Geislavarna ríkisins er andvígur flutningi stofnunar sinnar.
7. Veðurstofustjóri telur flutning Veðurstofunnar frá samgönguráðuneyti óskynsamlega ráðstöfun.
8. Siglingamálastjóri er andvígur þeim ákvæðum frumvarpsins er varða Siglingamálastofnun.
9. Ráðuneytisstjóri heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis er andvígur flutningi Hollustuverndar og Geislavarna ríkisins.
10. Landlæknir er sömu skoðunar og ráðuneytisstjóri heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.
11. Skógræktarstjóri segir ætlunina að skilja að þætti sem ekki verði sundur skildir og lýsir hann andstöðu sinni.
12. Landgræðslustjóri segir gróðurvernd óaðskiljanlegan hluta landgræðslu og lýsir andstöðu sinni.
13. Ráðuneytisstjóri landbúnaðarráðuneytis er mjög andvígur frumvarpinu.

Fyrrgreindir aðilar eru fulltrúar stofnana og stétta sem búa eiga við hið breytta skipulag ef frumvarpið verður að lögum. Þeir hafa unnið að umhverfismálum að svo miklu leyti sem af þeim hefur verið krafist og undir yfirstjórn þeirra ráðuneyta sem stofnanirnar heyra til. Þeir telja af reynslu sinni að viðkomandi málaflokkar séu best komnir þar sem þeir eru nú og færa fyrir því mikilvæg rök sem ekki er kostur að rekja nánar hér.

Það verður að teljast í hæsta máta óskynsamleg ráðstöfun að breyta þessu skipulagi breytinganna vegna eða af því að nú hefur verið stofnað umhverfisráðuneyti sem talið er að þurfi að fá einhver viðfangsefni flutt frá öðrum ráðuneytum. Vænlegra er að ná samkomulagi um tilflutning verkefna á milli ráðuneyta. Í frumvarpinu er það ekki gert heldur er lagt til að verkefnin verði flutt með valdboði, óháð skoðunum þeirra sem búa þurfa við hið nýja fyrirkomulag.

Með vísan til hinna alvarlegu athugasemda sem komið hafa fram um frumvarpið leggur minni hl. nefndarinnar fram breytingartillögur sínar. Taka þær ekki einungis mið af reynslu þeirra sem fást við þau verkefni sem frumvarpið gerir ráð fyrir að flytjist yfir í umhverfisráðuneyti heldur miða þær einnig að því að gera umhverfisráðuneyti að skilvirkum samræmingar- og eftirlitsaðila á sviði umhverfismála en ekki að ógnvekjandi bákni þar sem saman fara lítil skilvirkni og mikill kostnaður. Einnig er rétt að fara hægt í sakirnar og flytja ekki verkefni á milli ráðuneyta fyrr en ljóst er að þeim er ætlað að vera til frambúðar í hinu nýja ráðuneyti. Í ljósi þessara skoðana vill minni hl. nefndarinnar ítreka að það er forsenda fyrir stuðningi við frumvarpið að breytingartillögur á þskj. 726 nái fram að ganga.

Alþingi, 12. mars 1990.

Ólafur G. Einarsson, fundaskr., frsm. | Friðjón Þórðarson. | Ingi Björn Albertsson.

Nd. 726. Breytingartillögur [128. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 16. apríl 1971, um náttúruvernd, l. nr. 20 30. apríl 1986, um Siglingamálastofnun ríkisins, og ýmsum lögum er varða yfirstjórn umhverfismála.

Frá minni hl. allsherjarnefndar (ÓE, FÞ, IBA).

1. Við 1. gr.:
   a. Orðin „vinna að gróðurvernd og“ í fyrri málslið 1. efnismgr. falli brott.
   b. Í stað orðanna „vinna að verndun og eftirliti“ í 2. efnismgr. komi: hafa eftirlit.
   c. Lokamálsgrein falli brott.
2. 6.–14. gr. falli brott.
3. 18. gr. falli brott.

Ed. 727. Frumvarp til laga [167. mál]

um Námsgagnastofnun.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. mars.)

1. gr.

Hlutverk Námsgagnastofnunar er að sjá grunnskólum fyrir sem bestum náms- og kennslugögnum sem eru í samræmi við uppeldis- og kennslufræðileg markmið laga um grunnskóla og aðalnámsskrár.

Heimilt er að fela Námsgagnastofnun að annast verkefni, hliðstæð þeim sem tilgreind eru í lögum þessum, fyrir tónlistarskóla og framhaldsskóla.

Stofnunin skal hafa samstarf við þá aðila sem vinna að stefnumörkun, rannsóknum og þróunarverkefnum í skólastarfi og menntun kennara.

Námsgagnastofnun heyrir undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Menntamálaráðherra skipar til þriggja ára í senn sjö manna námsgagnastjórn og jafnmarga til vara:

a. einn fulltrúa tilnefndan af Félagi skólastjóra og yfirkennara,
b. tvo fulltrúa tilnefnda af Kennarasambandi Íslands og skulu þeir starfa á grunnskólastigi,
c. einn fulltrúa tilnefndan af Hinu íslenska kennarafélagi og skal hann starfa á framhaldsskólastigi,
d. einn fulltrúa tilnefndan af Kennaraháskóla Íslands,
e. einn fulltrúa tilnefndan af fræðslustjórum,
f. einn fulltrúa tilnefndan af menntamálaráðherra.

Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna og ákveður laun stjórnarinnar.

3. gr.

Námsgagnastofnun gerir fjárhags- og framkvæmdaáætlanir til allt að fimm ára. Námsgagnastjórn staðfestir áætlanir og fylgist með framkvæmd þeirra. Námsgagnastjórn ber ábyrgð á starfsemi og fjárreiðum stofnunarinnar og ræður starfslið hennar að fengnum tillögum forstjóra, sbr. þó 4. gr. laga þessara.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn að fengnum tillögum námsgagnastjórnar. Hann á sæti á fundum stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétt og sér um framkvæmd á ákvörðunum hennar. Forstjóri annast daglega stjórn og fjárreiður stofnunarinnar.

5. gr.

Starfsemi Námsgagnastofnunar skiptist í deildir í samræmi við verkefni hennar, sbr. ákvæði í reglugerð.

Verkefni stofnunarinnar eru í megindráttum þessi:

Stofnunin annast gerð útgáfu, framleiðslu og dreifingu á náms- og kennslugögnum miðað við íslenskar þarfir og aðstæður. Hún kaupir og framleiðir fræðslumyndir eða er aðili að gerð þeirra.

Stofnunin annast kynningar- og fræðslustarfsemi fyrir skóla um námsgögn og kennslutæki.

Hún kaupir, selur og dreifir náms- og kennslugögnum frá öðrum aðilum.

Stofnunin hefur með höndum þróun námsgagna, kannanir og rannsóknir á gerð þeirra og notkun.

Námsgagnastofnun er heimilt að hafa þau náms- og kennslugögn sem hún framleiðir til sölu á frjálsum markaði.

6. gr.

Nemendur í skyldunámi skulu fá ókeypis námsgögn til eignar eða afnota samkvæmt ákvörðun námsgagnastjórnar.

Námsgagnastofnun sér um að námsgögn berist skólum á tilskildum tíma samkvæmt gildandi úthlutunarreglum sem námsgagnastjórn setur.

Afgreiðsla og uppgjör miðast við fjölda nemenda í hverjum aldursflokki samkvæmt opinberum skýrslum.

7. gr.

Kostnaður við starfsemi Námsgagnastofnunar greiðist úr ríkissjóði og af eigin tekjum stofnunarinnar sem eingöngu má verja í þágu þeirra verkefna sem þessi lög mæla fyrir um.

8. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um lög þessi og framkvæmd þeirra.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 45/1979, um Námsgagnastofnun.

Sþ. 728. Fyrirspurn [416. mál]

til iðnaðarráðherra um stöðu íslensks ullariðnaðar.

Frá Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni.

Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til þess að tryggja stöðu íslensks ullariðnaðar?

Ed. 729. Frumvarp til laga [417. mál]

um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson.

1. gr.

Stjórn lífeyrissjóðs skal sjá um að saminn sé ársreikningur fyrir hvert almanaksár í samræmi við reglur sem Seðlabanki Íslands setur. Ársreikningur skal hafa að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, fjármagnsstreymi og skýringar. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum og framsetningu.

Í ársskýrslu stjórnar skal koma fram yfirlit um starfsemi sjóðsins á árinu, svo og upplýsingar um atriði er mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu sjóðsins og afkomu hans á reikningsárinu er ekki koma fram annars staðar í ársreikningnum.

Ársreikningur lífeyrissjóðs skal lagður fyrir skoðunarmenn eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

Ársreikningur skal undirritaður af öllum stjórnarmönnum lífeyrissjóðs. Hafi einhver stjórnarmanna mótbárur fram að færa gegn ársreikningi skal hann undirrita með fyrirvara og gera skal grein fyrir því í ársskýrslu hvers eðlis fyrirvarinn er.

2. gr.

Endurskoðun hjá lífeyrissjóði skal framkvæmd af tveimur skoðunarmönnum, sem valdir eru samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sjóðsins, og einum skoðunarmanni sem er löggiltur endurskoðandi.

3. gr.

Skoðunarmenn skulu framkvæma endurskoðun í samræmi við góðar endurskoðunarvenjur og reglur Seðlabanka Íslands þar að lútandi. Með endurskoðun sinni skulu þeir komast að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika þeirra upplýsinga sem ársreikningurinn veitir. Þeir skulu ganga úr skugga um að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við góða reikningsskila-

venju og fylgt hafi verið ákvæðum laga, reglna og samþykkta varðandi meðferð fjármuna, ráðstöfun fjár, ávöxtun og upplýsingaskyldu lífeyrissjóða.

Skylt er að veita skoðunarmönnum aðstöðu til að gera þær athuganir sem þeir telja nauðsynlegar. Þeir skulu fá aðgang að öllum eignum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum lífeyrissjóðsins og skulu stjórn sjóðsins og starfsmenn veita þeim allar þær upplýsingar sem þeir æskja og unnt er að láta í té.

Skoðunarmenn skulu árita ársreikninginn og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Þeir skulu gefa upplýsingar um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og að hann hafi verið saminn í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykkta. Þeir skulu láta í ljósi álit á ársreikningnum og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar að öðru leyti.

Telji skoðunarmenn að í ársreikningi séu ekki þær upplýsingar, sem þar eiga að koma fram, skulu þeir geta þess í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar, ef þess er kostur. Að öðru leyti geta skoðunarmenn greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem þeir telja eðlilegt að fram komi í ársreikningi.

Ábendingar og athugasemdir, sem skoðunarmenn vilja koma á framfæri við stjórn eða framkvæmdastjóra, skal bera fram skriflega og skal veita þessum aðilum hæfilegan frest til svara. Ef skoðunarmönnum þykir ástæða til skulu þeir gera tillögur til stjórnar lífeyrissjóðs um endurbætur varðandi meðferð fjármuna, um breytingar á innra eftirliti og öðru því sem þeir telja að geti verið til bóta í rekstri lífeyrissjóðsins.

Skoðunarmönnum er skylt að veita lífeyrissjóðaeftirlitinu allar þær upplýsingar um málefni lífeyrissjóðs og framkvæmd endurskoðunar sem það kann að óska eftir og þeir geta látið í té. Ef endurskoðun leiðir í ljós verulega ágalla í rekstri lífeyrissjóðs varðandi innra eftirlit, iðgjaldainnheimtu, greiðslutryggingar útlána, meðferð fjármuna eða önnur atriði, sem veikt geta fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins eða skaðað hann að öðru leyti, skulu skoðunarmenn gera stjórn sjóðsins og Seðlabanka Íslands viðvart.

Skoðunarmenn hafa rétt til að sitja stjórnarfund þar sem fjallað er um ársreikning.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1991.

Greinargerð.

Á Íslandi eru nú starfandi um 100 lífeyrissjóðir. Flestir þessara sjóða hafa orðið til vegna samninga milli launþega og vinnuveitenda og starfa samkvæmt reglugerðum er aðilar hafa komið sér saman um.

Reglugerðir þessar þurfa síðan að fá staðfestingu fjármálaráðuneytisins til þess að unnt sé að starfrækja sjóðina samkvæmt þeim. Þá hefur með lögum verið ákveðin aðildarskylda að lífeyrissjóðum er tekur til allra er starfa á hinum almenna vinnumarkaði. Þróun þessara mála tvo síðustu áratugi hefur því orðið með þeim hætti að í núverandi söfnunarkerfi lífeyrissjóða hafa myndast gífurlegar eignir. Til þess kjörnir stjórnendur annast meðferð þessara fjármuna samkvæmt settum lögum og reglugerðum um lífeyrissjóði.

Eftir að lífeyrissjóðir urðu almennt viðurkennt lífeyristryggingaform á Íslandi, en það var með samningum aðila vinnumarkaðarins árið 1969, kom fljótt í ljós að þörf var á almennri löggjöf um starfsemi þeirra. Að frumkvæði ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar árið 1976 var því sett á laggirnar svonefnd lífeyrissjóðanefnd, skipuð aðilum vinnumarkaðarins og fulltrúum ríkisins. Skyldi nefndin vinna að því að auka og efla grundvöll lífeyrisréttinda sjóðsfélaga og samræma starfsemi þeirra.

Nefnd þessi starfaði um 10 ár og lagði margt til í málefnum lífeyrissjóðanna, sem m.a. kom fram í breytingum og endurbótum á reglugerðum þeirra. Skulu hér nefndar breytingar á

sviði lífeyris- og örorkubóta, samræming á starfsemi sjóðanna, aukið samstarf þeirra á milli, tillögur um betri hagræðingu í rekstri og fleiri atriði svipaðs eðlis. Þá hafði nefndin mikil áhrif á setningu laga er tengjast hinum ýmsu þáttum lífeyrismála á því tímabili sem hún starfaði.

Til þess að forðast misskiling er rétt að vekja athygli á því að nefnd sú, sem hér er vísað til, var svokölluð 17 manna nefnd, og veitti Jóhannes Nordal seðlabankastjóri henni forstöðu. Innan þessarar nefndar starfaði átta manna nefnd, sem í áttu sæti fulltrúar Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnuhreyfingarinnar. Formaður þessarar nefndar, skipaður af forsætisráðherra, var fyrst Jón Sigurðsson, núverandi viðskiptaráðherra, en síðar tók við formennsku Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri vegna breyttra aðstæðna Jóns Sigurðssonar.

Það var svo umrædd 17 manna nefnd sem skilaði til fjármálaráðherra tillögum að frumvarpi til laga um starfsemi lífeyrissjóðanna. Þetta frumvarp hefur ekki verið lagt fyrir Alþingi. Án þess að vera með neinar getsakir um ástæður þess, að það hafi ekki verið gert, er ljóst að brýn nauðsyn er á því að frumvarp um starfsemi lífeyrissjóðanna verði lagt sem fyrst fyrir Alþingi. Vafalaust verða skiptar skoðanir um ýmis atriði frumvarpsins.

Hér skal þess og getið að flutningsmaður þessa frumvarps um ársreikninga og endurskoðun ársreikninga var einn af fulltrúum í 17 manna nefndinni og skrifaði undir með fyrirvara þegar nefndin skilaði af sér tillögum um frumvarp til laga um starfsemi lífeyrissjóða. Ekki er ástæða til þess að rekja það nánar hér.

Augljóst er að ákveðnar greinar frumvarps til laga um starfsemi lífeyrissjóða eru þess eðlis að um þær ætti að geta ríkt fullkomið samkomulag milli flestra aðila. Það er einnig ljóst að það frumvarp í heild verður ekki lagt fyrir yfirstandandi Alþingi svo að litlar líkur eru á að það nái fram að ganga í ár eða á næsta ári. Það er eindregin skoðun flutningsmanns að ekki megi draga að flytja frumvarp til laga um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða og lögfesta þar með veigamikil atriði í rekstri lífeyrissjóðanna. Í þessu frumvarpi er lagt til að þær greinar í tillögum að frumvarpi til laga um starfsemi lífeyrissjóðanna (30., 31. og 32. gr.) verði samþykktar með framlögðu frumvarpi og er gert ráð fyrir að lögin öðlist gildi og komi til framkvæmda 1. janúar 1991.

Þetta frumvarp er því sniðið eftir nefndu frumvarpi þó með þeirri veigamiklu breytingu að fellt er niður að koma á fót miklu eftirlitsbákni sem skipað yrði 15 aðilum. Hér er lagt til að þetta eftirlit verði í höndum Seðlabanka Íslands.

Samkvæmt lögum á Seðlabanki Íslands að hafa eftirlit með banka- og peningakerfi þjóðarinnar. Seðlabankinn hefur þar með góða heildaryfirsýn yfir þennan málaflokk, en slíkt gerir hann að sjáfsögðu öðrum fremri að vega og meta eignavörslu sjóðanna og fjárhagsstöðu þeirra og einnig að annast faglega umfjöllun um ráðstafanir fjármuna. Þá hefur bankinn á að skipa hæfu starfsfólki sem þegar hefur töluverða reynslu í samskiptum við lífeyrissjóðina.

Það er mjög mikilvægt fyrir farsælt starf lífeyrissjóðanna að óháð stofnun, óháðir aðilar, hafi með höndum eftirlit með fjárreiðum og fjárvörslu lífeyrissjóðanna með reglubundnum hætti eins og eftirlit Seðlabankans á að vera gagnvart bönkum og öðrum fjármálastofnunum.

Á það er að lokum lögð áhersla að frumvarp þetta er ekki flutt vegna þess að með núverandi fyrirkomulagi fari ekki fram uppgjör og endurskoðun á reikningum lífeyrissjóða með eðlilegum hætti. Í reglugerðum lífeyrissjóðanna eru ströng ákvæði um gerð reikninga og endurskoðun. Þessum ákvæðum hefur að sjálfsögðu verið fylgt. En lagasetning eins og hér er gert ráð fyrir varðandi ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða mun þó tryggja enn betur framkvæmd þessara mála og veita eigendum sjóðanna betra aðhald og tryggingu fyrir góðri meðferð þeirra miklu fjármuna sem eru í lífeyrissjóðunum.

Sþ. 730. Fyrirspurn [418. mál]

til menntamálaráðherra um fjárveitingar til Rannsóknasjóðs og vísindastefnu ríkisstjórnarinnar.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur.

1. Hver var raunlækkun á fjárveitingum til Rannsóknasjóðs á árunum 1985–1989 miðað við verðlag í mars 1990?
2. Telur ríkisstjórnin að þörfin fyrir rannsóknir og þróunarstarfsemi til nýsköpunar og styrktar íslensku atvinnulífi hafi minnkað?
3. Hvaða áhrif telur menntamálaráðherra að raunlækkun fjárveitinga til Rannsóknasjóðs á undanförnum árum muni hafa á þróun vísinda og atvinnulíf?
4. Með hvaða hætti hyggst ríkisstjórnin vinna að því markmiði sem fram kemur í stjórnarsáttmálanum um aukinn stuðning við vísindarannsóknir?

Ed. 731. Frumvarp til laga [419. mál]

um breyting á lögum nr. 32/1978, um hlutafélög, með síðari breytingum.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson.

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 4. mgr. 47. gr. laganna, sbr. 27. gr. laga nr. 69/1989, komi nýr málsliður er orðast svo: Í félögum, þar sem hluthafar eru 200 eða fleiri, geta hluthafar, er ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins, einnig gert slíka kröfu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum 1978 var hlutafélagalöggjöf breytt í veigamiklu efni og stuðla lögin m.a. að auknum áhrifum hugsanlegs minni hluta. Í 47. gr. laganna er þannig ákvæði um rétt til að krefjast hlutfalls- eða margfeldiskosningar við val stjórnarmanna í hlutafélögum. Slíka kröfu geta nú hluthafar sem ráða yfir minnst 1/5 hlutafjárins gert. Frumvarp þetta gerir hins vegar ráð fyrir að þetta hlutfall verði lækkað í 1/10 hlutafjárins í félögum þar sem hluthafar eru 200 eða fleiri. Er það í samræmi við bann við því að leggja hömlur á meðferð hluta í þessum félögum sem margir eiga og gætu talist almenningshlutafélög.

Ed. 732. Frumvarp til laga [420. mál]

um breytingu á lögum nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90).

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Stjórn háskólans er falin háskólaráði, rektor, deildum, deildarforsetum og framkvæmdastjórum stjórnsýslusviða.

Háskólaráð hefur, svo sem lög mæla og nánar segir í reglugerðum, úrskurðarvald í málefnum háskólans og háskólastofnana, vinnur að þróun og eflingu þeirra og markar þeim heildarstefnu. Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan háskólans, nema annað sé ótvírætt tekið fram í lögum eða reglugerðum.

Háskólaráði er heimilt að skipa starfsnefndir sem eru því til ráðgjafar og aðstoða við stefnumótun.

Rektor er yfirmaður stjórnsýslu háskólans og er æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan háskólans og utan. Hann hefur almennt eftirlit með starfsemi háskólans og hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki heildarstefnu í málefnum stofnunarinnar.

Í umboði rektors, og svo sem lög mæla og nánar segir í reglugerðum, hafa framkvæmdastjórar stjórnsýslusviða yfirumsjón og eftirlit með hinni almennu stjórnsýslu háskólans, en deildarforsetar hafa eftirlit með starfi og stjórnsýslu deilda.

Svið hinnar almennu stjórnsýslu skulu vera: Fjármálasvið, samskiptasvið, starfsmannasvið, bygginga- og tæknisvið, rannsóknasvið og kennslusvið. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs ber heitið háskólaritari. Hann hefur í umboði rektors og háskólaráðs heimild til að skuldbinda háskólann og háskólastofnanir fjárhagslega, hefur yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar háskólans og framkvæmd hennar samkvæmt fjárlögum og hefur umsjón með sjóðum hans. Ábyrgðarsvið annarra framkvæmdastjóra stjórnsýslusviða skulu afmörkuð í reglugerð.

Rektor, deildarforsetar og framkvæmdastjórar stjórnsýslusviða leysa úr þeim málum sem þurfa ekki að koma fyrir háskólaráð, háskóladeildir eða stjórnvöld af laganauðsyn eða samkvæmt venju.

Áður en lögum og reglugerðum, er snerta háskólann eða háskólastofnanir, verður breytt eða við þau aukið skal leita umsagnar háskólaráðs um breytingar eða viðauka, svo og um nýmæli. Nú varðar málefni sérstaklega eina deild og skal háskólaráð þá leita álits hennar áður en það lætur uppi umsögn sína.

Háskólinn á stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra.

2. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Í háskólaráði eiga sæti rektor, forsetar háskóladeilda, tveir fulltrúar kjörnir til tveggja ára í senn í skriflegri atkvæðagreiðslu á vegum Félags háskólakennara úr hópi þeirra félagsmanna, sem ekki eru kjörgengir til starfa deildarforseta, og fjórir fulltrúar stúdenta, kjörnir hlutfallskosningu í sérstökum kosningum til tveggja ára í senn. Kjörinn skal einn fulltrúi Félags háskólakennara og tveir fulltrúar stúdenta árlega. Einnig eiga setu á fundum ráðsins háskólaritari og einn kjörinn fulltrúi starfsmanna í stjórnsýslu. Rektor er forseti ráðsins, en varaforseta og ritara kýs ráðið úr hópi deildarforseta til eins árs í senn.

3. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Háskólaráð ræður framkvæmdastjóra stjórnsýslusviða til fimm ára í senn. Rektor ræður annað starfslið almennrar stjórnsýslu eftir því sem fé er veitt til. Deildarforsetar ráða starfslið einstakra deilda að höfðu samráði við rektor og eftir því sem fé er veitt til.

4. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er að kveða nánar á í reglugerð um starfssvið og starfshætti háskólaráðs, rektors og framkvæmdastjóra stjórnsýslusviða. Háskólaráð setur öðru starfsliði stjórnsýslu erindisbréf.

5. gr.

Framan við 9. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 8/1985, bætist ný málsgrein sem orðist svo:

Háskóladeildir eru grunneiningar háskólans. Innan þeirra fer fram kennsla, rannsóknir og stjórnun. Deildir eru sjálfráðar um eigin málefni innan þeirra marka er sameiginlegar reglur háskólans setja. Reglubundið mat skal fara fram á starfi deilda.

Í upptalningu á deildum í 2. mgr. (núverandi 1. mgr.) breytist nafn viðskiptadeildar í viðskipta- og hagfræðideild.

6. gr.

4. og 5. mgr. 14. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er að ákveða í reglugerð að deild sé skipt í skorir eftir kennslugreinum og fjalli hver skor um málefni kennslugreinarinnar eftir því sem nánar segir í reglurgerð. Enn fremur eiga þar sæti tveir fulltrúar stúdenta í skor þar sem tala annarra, sem rétt hafa til fundarsetu með atkvæðisrétti, er átta eða færri og síðan einn fulltrúi stúdenta fyrir hverja fimm til viðbótar.

Heimilt er að setja ákvæði í reglugerð um stjórnunarnefnd í háskóladeild (deildarráð) og skal þá m.a. kveða á um fjölda nefndarmanna, starfssvið og starfshætti. Í deildarráði skulu sitja tveir fulltrúar stúdenta þar sem tala annarra, sem rétt hafa til fundarsetu með atkvæðisrétti, er átta eða færri og síðan einn fulltrúi stúdenta fyrir hverja fimm til viðbótar. Heimilt er háskóladeild á fundi að afsala sér ákvörðunarvaldi í tilteknum málum eða málaflokkum til slíkrar stjórnarnefndar og afturkalla heimildina að því er varðar mál er eigi hafa hlotið afgreiðslu í nefndinni.

7. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Deildarforseti hefur yfirumsjón með að ákvarðanir deilda og deildarráðs séu framkvæmdar. Hann er yfirmaður stjórnsýslu deildar. Hann hefur frumkvæði að mótun heildarstefnu fyrir deild, gerð fjárhagsáætlunar og forgangsröð verkefna. Hann hefur eftirlit með notkun fjárveitinga. Hann skal stuðla að samstarfi og samræmingu við aðrar deildir og stjórnsýslusvið.

8. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Hver deild eða námsbraut semur kennsluskrá fyrir sig og skal þar gerð grein fyrir námsefni, kennsluháttum, prófkröfum, stjórn deildar- og námsbrautamála og félagsmálum stúdenta. Við hverja deild, skor og námsbraut skulu starfa ráðgefandi námsnefndir sem jafnmargir kennarar og nemendur eiga sæti í. Hlutverk námsnefnda er að fjalla um tillögur um námsefni í hverri kennslugrein, semja umsagnir og tillögur um námsskipan og kennslufyrirkomulag greinar.

9. gr.

Við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Deildarforsetar eiga rétt á að vera leystir undan skyldum í sínu fasta starfi að nokkru eða öllu leyti. Rektor ákveður með samþykki menntamálaráðherra hvernig ráðstafa skuli starfsskyldum þeirra.

10. gr.

Á eftir 3. mgr. 36. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 8/1985, bætast tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Heimilt er háskólaráði, að fenginni staðfestingu menntamálaráðherra, að starfrækja endurmenntunarstofnun er hafi að meginhlutverki að standa fyrir endurmenntun háskólamanna. Slík endurmenntunarstofnun starfi í nánum tengslum við allar deildir háskólans.

Háskólaráð getur heimilað að félög háskólamanna og aðrir skólar á háskólastigi taki þátt í stjórn stofnunarinnar, að fengnu samþykki menntamálaráðherra. Nánar skal kveðið á um starfssvið og stjórn slíkrar stofnunar í reglugerð.

Heimilt er háskólaráði, að fenginni staðfestingu menntamálaráðherra, að starfrækja námsráðgjöf sem sérstaka háskólastofnun. Háskólaráð setur reglur um stjórn stofnunarinnar og starfsemi.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skal þá fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Almennar athugasemdir.

Frumvarp þetta er lagt fram að tillögu háskólaráðs Háskóla Íslands. Eftirfarandi athugasemdir fylgdu drögum að frumvarpinu frá háskólanum:

„Þann 6. júlí sl. samþykkti háskólaráð tillögur til breytinga á lögum nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, með miklum meiri hluta atkvæða. Tillögurnar, sem lagðar voru fram af rektor, byggjast á skýrslu stjórnsýslunefndar, *Stjórnsýslunefnd Háskóla Íslands – Lokaskýrsla.* Á fundi háskólaráðs þann 18. desember 1986 var ákveðið að skipa vinnunefnd til „athugunar á leiðum til úrbóta um endurskoðun á stjórnsýslu háskólans". Í starfsáætlun háskólaráðs fyrir árið 1987 frá 15. janúar 1987 er að finna nánari lýsingu á verkefni nefndarinnar. Þar segir að endurskoðun á stjórnsýslu háskólans sé „skilgreining á verkaskiptingu, ábyrgð og valdi hinna ýmsu embættismanna á öllum stigum stjórnsýslu allt frá grasrótum".

Tillögurnar beinast fyrst og fremst að því að auka sjálfræði eininga háskólans og þar með valddreifingu, skilvirkni og ábyrgðarskil í almennri stjórnsýslu og deildum, auk þess sem þátttaka háskólaþegna í ákvörðunum verður virkari. Allt þetta stuðlar að því að háskólinn ræki hlutverk sitt betur og að ekki verði gengið á sjálfstæði hans.

Í fyrsta lagi gera tillögurnar ráð fyrir að stefna beri að aukinni **valddreifingu** og **sjálfræði rekstrareininga** innan háskólans. Allar deildir háskólans hafa náð þeirri stærð og þroska að tímabært er að auka sjálfræði þeirra.

Í öðru lagi miða tillögurnar að því að starfsmenn háskólans, hvort sem þeir sinna fyrst og fremst kennslu og rannsóknum eða stjórnsýslustörfum, vinni saman að stefnumótun og framkvæmd málefna háskólans.

Í þriðja lagi er lögð áhersla á að eðlilegri verkaskiptingu og sérhæfingu verði komið á innan hinnar **sameiginlegu stjórnsýslu** þannig að skyld verkefni falli undir sömu stjónunareiningu.

Í fjórða lagi miða tillögurnar að því að treysta sjálfstæði háskólans með lýðræðislegu stjórnskipulagi og sveigjanleika í starfsháttum.

2. Aðdragandi.

Á fundi háskólaráðs 18. desember 1986 var ákveðið að skipa vinnunefnd til „athugunar á leiðum til úrbóta um endurskoðun á stjórnsýslu háskólans". Í starfsáætlun háskólaráðs fyrir árið 1987 frá 15. janúar 1987 er að finna nánari lýsingu á verkefni nefndarinnar. Þar segir að endurskoðun á stjórnsýslu háskólans sé „skilgreining á verkaskiptingu, ábyrgð og valdi hinna ýmsu embættismanna á öllum stigum stjórnsýslu allt frá grasrótum". Í nefndina voru skipaðir af háskólaráði 18. desember 1986: Þórir Einarsson prófessor, formaður, Valdimar K. Jónsson prófessor, Ásmundur Brekkan prófessor, Jónatan Þórmundsson prófessor og Jón Gunnar Grjetarsson stud. phil.

Nefndin kom fyrst saman 22. janúar 1987 og hefur síðan haldið 45 fundi. Edda Magnúsdóttir, starfsmannastjóri Háskóla Íslands, tók síðan til starfa í nefndinni sumarið 1988 og frá og með 18. nóvember 1988 tók Þórólfur Þórlindsson prófessor við sæti Jónatans Þórmundssonar í nefndinni. Á rúmlega tveggja ára starfsferli nefndarinnar gerði hún rektor oft grein fyrir störfum sínum og helstu hugmyndum auk þess sem tekið var saman stutt yfirlit yfir starfsemi nefndarinnar í júní 1987.

Nefndin reyndi fyrst að gera sér grein fyrir því í hvaða röð ætti að taka á þeim verkefnum sem teljast mega innan starfssviðs hennar. Fyrsta skrefið var að fara ofan í saumana á skipulaginu sem kveðið er á um í gildandi lögum og reglum um Háskóla Íslands. Annað skrefið var að bera það saman við hvernig skipulagið er í raun. Þriðja skrefið var síðan að vega og meta kosti og galla hvors um sig og koma með tillögu að nýju stjórnskipulagi fyrir Háskóla Íslands er taki mið af breyttum aðstæðum, bæði í háskólasamfélaginu og utan þess.

Nefndin kannaði gaumgæfilega stjórnsýslu deilda og tengsl þeirra við yfirstjórn og almenna stjórnsýslu háskólans, aflaði upplýsinga frá deildarforsetum um starfsemi og stjórnskipan hverrar deildar og óskaði eftir að þær upplýsingar bærust í samræmdu formi. Því miður fengust ekki upplýsingar frá öllum deildarforsetum og þurfti nefndin því að afla þeirra eftir öðrum leiðum. Óskað var skriflegra upplýsinga frá deildarforsetum og enn fremur rætt við nokkra þeirra sérstaklega. Jafnframt ræddi nefndin við yfirstjórnendur háskólans, þar á meðal við rektor, háskólaritara og kennslustjóra.

Í starfi sínu kynntu nefndarmenn sér skýrslur fyrri nefnda á vegum háskólans sem fjölluðu um stjórnsýslu og skipulag skólans og tóku mið af mörgum atriðum sem þar er að finna og hafa ekki náð fram að ganga. Jafnframt kynnti nefndin sér gögn um stjórnskipulag háskóla í Bandaríkjunum Norður-Ameríku og Evrópu. Enn fremur var í starfi nefndarinnar tekið mið af *Greinargerð með tillögu að skipulagi fyrir aðalskrifstofu Háskóla Íslands,* merkt Fjárlaga- og hagsýslustofnun frá júní 1988. Snemma í starfi nefndarinnar naut hún góðs af verkefni nokkurra nemenda í Stjórnun II í viðskipta- og hagfræðideild þar sem gerð var grein fyrir stjórnskipulagi háskólans.

Í febrúar 1989 kynnti nefndin hugmyndir sínar í áfangaskýrslu stjórnsýslunefndar Háskóla Íslands. Fljótlega eftir að áfangaskýrsla stjórnsýslunefndar Háskóla Íslands var lögð fram voru haldnir kynningarfundir með helstu yfirmönnum stjórnsýslu háskólans, deildarforsetum, skrifstofustjórum, fulltrúum stúdenta og fulltrúum Félags háskólakennara. Á þessum fundum kom fram ánægja með tillögur nefndarinnar í heild. Nokkrir gerðu þó athugasemdir við einstök atriði, höfnuðu sumum þeirra en vildu fá nánari skilgreiningu á öðrum. Nær allir voru ánægðir með þá valddreifingu, sem kemur fram í tillögum nefndarinnar, og þótti þar tekið á raunverulegum vanda í stjórnsýslu háskólans. Jafnframt var óskað eftir því að skriflegar ábendingar eða breytingartillögur bærust fyrir lok aprílmánaðar. Óhætt er að fullyrða að fá mál hafa fengið jafnítarlega kynningu og umfjöllun innan háskólans og þessar tillögur.

Lokaskýrsla var síðan lögð fram í mars 1989. Á fundi háskólaráðs 6. júlí lagði rektor fram tillögur sem byggðust á skýrslu stjórnsýslunefndar og nokkrum af þeim ábendingum og athugasemdum sem borist höfðu. Voru tillögur rektors samþykktar með miklum meiri hluta atkvæða. Nokkrum breytingartillögum var hafnað.

3. Meginefni tillagnanna.

Tillögurnar byggjast einkanlega á þrennu:

1. þeim breytingum sem í reynd hafa orðið á stjórnskipulaginu,
2. þeim markmiðum sem stjórnsýslunefndin telur að hafa beri í huga við skipulagsbreytingar,
3. þeim álitamálum og gagnrýni sem fram hefur komið í viðræðum hennar við deildarforseta, yfirmenn stjórnsýslu og í almennri umræðu innan háskólans.

Tillögurnar beinast fyrst og fremst að því að auka sjálfræði eininga háskólans og þar með valddreifingu, skilvirkni og ábyrgðarskil í almennri stjórnsýslu og deildum, auk þess sem þátttaka háskólaþegna í ákvörðunum verður virkari og rektorsábyrgð á stjórnsýslunni efld. Allt þetta stuðlar að því að háskólinn ræki hlutverk sitt betur og ekki verði gengið á sjálfstæði hans. Hér verður gerð grein fyrir helstu breytingum, sem tillögurnar gera ráð fyrir, í fjórum efnisflokkum: a) Valddreifingu og sjálfstæði rekstrareininga, b) starfsnefndum háskólaráðs, c) skiptingu hinnar sameiginlegu stjórnsýslu í framkvæmdasvið og d) lýðræðislegum vinnubrögðum og sveigjanleik.

3.1 Valddreifing og sjálfræði rekstrareininga.

Í fyrsta lagi gera tillögurnar ráð fyrir að stefna beri að aukinni valddreifingu og **sjálfræði rekstrareininga** innan háskólans. Allar deildir háskólans hafa náð þeirri stærð og þroska að tímabært er að auka sjálfræði þeirra. Stjórnsýsla þeirra hefur vaxið út úr hinni sameiginlegu stjórnsýslu háskólans og lotið fyrirmælum og leiðbeiningum hennar. Nú er svo komið að stjórnsýsla deilda getur staðið á eigin fótum og ætti að fella hana stjórnunarlega að fullu inn í störf deilda. Deildir þurfa að axla fjárhagslega ábyrgð á rekstri sínum þannig að stjórnsýsla, sem greidd hefur verið af sameiginlegu fé, komi á rekstur deilda. Samfara þessu þarf að styrkja bæði starf deildarforseta og skrifstofustjóra deilda. Þá gegnir það furðu að í háskólalögunum frá 1979 skuli **háskóladeildir** ekki vera taldar upp sem einn af stjórnaraðilum háskólans í upphafi 2. gr. heldur aðeins háskólaráð, rektor, háskólaritari og kennslustjóri. Deildir háskólans stjórna þó aðalstarfsemi hans þar sem þær einar rækja meginverkefni háskólans – að vera vísindaleg rannsóknastofnun og vísindaleg fræðslustofnun, en hin almenna stjórnsýsla háskólans er einungis stoðstarfsemi við þessa aðalstarfsemi.

Deildarforseti er í fyrirsvari deildar út á við og inn á við. Nú er staða deildarforseta ekki nægilega vel skilgreind. Um hana eru margvísleg ákvæði dreifð um háskólalög og reglugerðir. Deildarforseti á sæti í háskólaráði og tekur þannig þátt í ákvörðunum ráðsins (4. og 13. gr.). Hann getur orðið varaforseti háskólaráðs og þar með staðgengill rektors (3. gr.). Hann boðar deildarfundi (14. og 15. gr.). Atkvæði hans ræður ef atkvæði deildarfundar falla jöfn (15. gr.). Hann metur að hve miklu leyti erlend háskólapróf stúdenta skuli viðurkennd (30. gr.). Þessi ákvæði eru ófullnægjandi því að samkvæmt þeim er helsta verksvið deildarforseta nánast að vera fundarstjóri.

Deildir þurfa að verða sjálfstæðar kostnaðareiningar. Vanda þarf betur gerð fjárlagatillagna og fjárhagslegt eftirlit á ráðstöfun fjárlagaheimilda fyrir deildir í samráði við fjármálastjórn skólans. Þótt hægt sé að flytja ýmis verkefni til deilda frá hinni almennu stjórnsýslu án laga og reglugerðarbreytinga er þó æskilegt að til séu skýr, formleg ákvæði um **sjálfræði deilda.** Gefa þarf gaum að stjórnskipulagi deilda með það í huga að fá fram skilvirkari ákvarðanatöku. Skilvirk stjórnsýsla nýtir að sjálfsögðu vel ráðstöfunarþætti sína og aflar sér trausts, en auknu sjálfræði fylgir aukin ábyrgð og því er í tillögunum gert ráð fyrir að reglubundið mat fari fram á starfsemi deilda. Slíkt mat hefur nú þegar farið fram á verkfræðideild og munu aðrar deildir fylgja í kjölfarið.

Þetta krefst þess að **deildarforsetastarfið** verði eflt og **deildarskrifstofur** verði færðar undir stjórn deildanna. Kveða þarf betur á í lögum og reglugerð um valdsvið hans og tryggja að hann geti rækt það af skilvirkni og í samræmi við aukið sjálfræði deilda. Skýr ákvæði þarf um að deildarforseti sé yfirmaður stjórnsýslu deildar og hafi því svipaða stöðu í deild og rektor gagnvart háskólanum í heild.

3.2 Starfsnefndir háskólaráðs.

Í öðru lagi miða tillögurnar að því að starfsmenn háskólans, hvort sem þeir sinna fyrst og fremst kennslu og rannsóknum eða stjórnsýslustörfum, vinni saman að stefnumótun og

framkvæmd málefna háskólans. Skilvirkni í starfi háskólaráðs hefur aukist með tilkomu fastra starfsnefnda í einstökum málaflokkum. Þær hafa undirbúið mál fyrir ráðið ýmist að eigin frumkvæði eða ráðsins og dæmi eru um að ráðið hafi framselt ákvarðanavald til þeirra, t.d. úthlutun úr Rannsóknasjóði háskólans. Sumar þessara nefnda fjalla um breiða málaflokka er tengjast öllum skólanum. Hafa þær í daglegu tali verið kallaðar starfsnefndir háskólaráðs (kennslumálanefnd, vísindanefnd, þróunarnefnd, kynningarnefnd, alþjóðasamskiptanefnd, starfsnefnd um byggingamál). Aðrar sinna afmarkaðri verkefnum (lögskýringarnefnd, áfrýjunar- og sáttanefnd, samræmingarnefnd, stundakennslunefnd, reglugerðarnefnd). Þá er algengt að nefndir séu skipaðar til úrlausnar á afmörkuðum verkefnum bæði á vegum stjórnsýslu og háskólaráðs. Með þessu móti hefur þátttaka þegna háskólasamfélagsins í undirbúningi og töku ákvarðana aukist verulega.

Þessi tilhögun hefur gefist vel og er ástæða til að finna því starfi farveg í formlegu skipulagi háskólans. Þessu markmiði reynir nefndin m.a. að ná fram með því að fella **starfsnefndir** á kerfisbundinn hátt inn í stjórnskipulag háskólans. Stjórnsýslunefndin telur að reynslan af starfsnefndum háskólaráðs sé sú að frumkvæði og nýjar hugmyndir hafi komið þaðan og stefnumótandi mál hafi fengið vandaðri umfjöllun í háskólaráði vegna forvinnu nefndanna.

3.3 Skipting hinnar sameiginlegu stjórnsýslu í framkvæmdasvið.

Í þriðja lagi er lögð áhersla á að eðlilegri verkaskiptingu og sérhæfingu verði komið á innan hinnar **sameiginlegu stjórnsýslu** þannig að skyld verkefni falli undir sömu stjórnunareiningu. Núgildandi lög gera ráð fyrir **þrískiptingu stjórnsýslunnar** í svið háskólaritara, kennslustjóra og byggingarstjóra. Á báðum fyrri ábyrgðarsviðum hefur verkefnum og starfsfólki fjölgað nokkuð að undanförnu þótt því fari fjarri að fjöldi starfsfólks í stjórnsýslu í Háskóla Íslands nálgist það sem tíðast er í sambærilegum háskólum í nágrannalöndum okkar. Út frá skilgreindu starfssviði háskólaritara hafa t.d. orðið til tvö veigamikil störf, **fjármálastjóri** og **starfsmannastjóri**. Enn fremur hafa bæst við **aðstoðarmaður rektors** og **prófstjóri**. Mikið af tíma hins fyrrnefnda hefur farið í störf fyrir vísindanefnd og þróunarnefnd háskólaráðs. Þá hefur ný starfsemi verið tekin upp á undanförnum árum, svo sem **Endurmenntunarstofnun, námsráðgjöf, nemendaskrá háskólans** og **Rannsóknaþjónusta háskólans**. Þetta hefur leitt til breytinga á skipulaginu án þess að hugað hafi verið að því að samræma þær lögum og reglugerðum.

Framan af þróaðist stjórnsýslan ekki í réttu hlutfalli við aukin umsvif háskólans í kennslu og rannsóknum svo að ekki var vansalaust á ýmsum sviðum. Í skýrslu þróunarnefndar frá árinu 1984, bls. 97, segir um þetta:

„Nefndinni virðist verka- og ábyrgðardreifingin milli stjórnsýsluaðila mjög á reiki í einstökum atriðum, en enginn beri heildarábyrgð á verkefnasviði eða hafi völd til að hagræða málum eða málaflokkum sem hann vinnur að. Nefndin telur þetta eina meginástæðuna fyrir því að heildarmálefni háskólans koma lítt til umræðu. Ýmsu í þessu efni mætti hagræða innan ramma núgildandi laga og reglugerðar, en þó er rétt að huga að því hvort ekki eigi að gefa betri skipan festu með breytingum á lögum og reglugerð."

Í samræmi við hugmyndir um dreifingu valds og ábyrgðar hafa nýir embættismenn í reynd verið kallaði til ábyrgðar með því að sitja skipulagsfundi stjórnsýslunnar með rektor, háskólaritara og kennslustjóra. Á það við starfsmannastjóra, fjármálastjóra og aðstoðarmann rektors eins og áður var getið. Auk þess situr varaforseti háskólaráðs fundina. Hópurinn ræðir vikulega úrlausnarefni sem efst eru á baugi og myndar því eins konar framkvæmdanefnd. Í tillögunum felst að völdum verði dreift innan stjórnsýslu yfirstjórnar þannig að ábyrgð á framkvæmd einstakra, afmarkaðra málaflokka er samkvæmt tillögum nefndarinnar falin fleiri aðilum en áður.

Tillögurnar gera ráð fyrir að starfsemi hinnar almennu stjórnsýslu verði skipt í **sex meginsvið**, er heyri undir rektorsembættið, þar sem fari saman vald og ábyrgð. Fyrir stjórnsýsluframkvæmd sviðsins sé einn embættismaður eða framkvæmdastjóri ábyrgur. Starfsmenn viðkomandi sviðs starfi í nánum tengslum við nefndirnar og veiti þeim upplýsingar. Lagt er til að háskólaráð ráði framkvæmdastjóra stjórnsýslusviða til fimm ára í senn. Stjórnsýslusviðin, sem gert er ráð fyrir, eru þessi: bygginga- og tæknisvið, fjármálasvið, kennslusvið, rannsóknasvið, samskiptasvið og starfsmannasvið.

Framkvæmdastjóri stjórnsýslusviða skal framkvæma ákvarðanir háskólaráðs og rektors um málefni á sínu sviði og leysa úr málum sem upp koma innan þess. Hann skal hafa frumkvæði að því að stefna sé mörkuð í málefnum sviðsins. Hann skal stuðla að samstarfi og samræmingu verkefna við önnur svið og deildir. Framkvæmdastjóri stjórnsýslusviða skal vera í nánum tengslum við starfsnefndir háskólaráðs á sviðunum og sjá þeim fyrir aðstoð og aðgangi að upplýsingum sem lúta að viðfangsefnum þeirra. Stutt lýsing á ábyrgðarsviði einstakra framkvæmdastjóra fer hér á eftir:

Framkvæmdastjóri fjármálasviðs (háskólaritari) hefur í umboði rektors og háskólaráðs heimild til að skuldbinda háskólann og háskólastofnanir fjárhagslega, hefur yfirumsjón með fjármálastjórn háskólans, bókhaldi og samræmdri innkaupastarfsemi. Hann skal undirbúa gerð fjárhagsáætlunar skólans, að fengnum tillögum deilda og stofnana, og hafa eftirlit með notkun fjárveitinga samkvæmt fjárlögum. Hann hefur eftirlit með sjóðum háskólans.

Framkvæmdastjóri samskiptasviðs hefur í umboði rektors yfirumsjón með rekstri almennrar skrifstofu, upplýsingum til aðila innan skólans og utan, kynningu á skólanum og samskiptum háskólans við aðra háskóla og stofnanir.

Framkvæmdastjóri starfsmannasviðs hefur í umboði rektors yfirumsjón með sameiginlegum málefnum háskólans er lúta að launum og öðrum starfsmannamálum í samræmi við lög, reglugerðir og stefnu skólans.

Framkvæmdastjóri bygginga- og tæknisviðs hefur í umboði rektors yfirumsjón með viðhaldi fasteigna og lóða, rekstri verkstæða, húsvörslu og ræstingu. Í samráði við starfsnefndir háskólaráðs á bygginga- og tæknisviði skipuleggur hann tæknilegan undirbúning og eftirlit með nýbyggingum.

Framkvæmdastjóri rannsóknasviðs hefur í umboði rektors yfirumsjón með sameiginlegum málefnum háskólans er lúta að rannsóknum, svo sem ráðgjöf og aðstoð við kennara og stofnanir, gerð rannsóknaskrár, stjórnsýslu rannsóknasjóðs og rannsóknaþjónustu við atvinnulífið.

Framkvæmdastjóri kennslusviðs hefur í umboði rektors yfirumsjón með sameiginlegum málefnum háskólans er snerta nemendur, kennslu, prófhald, skráningu stúdenta og ráðstöfun á húsnæði háskólans til kennslu.

3.4 Lýðræðisleg vinnubrögð og sveigjanleiki.

Í fjórða lagi miða tillögurnar að því að treysta sjálfstæði háskólans með lýðræðislegu stjórnskipulagi og sveigjanleika í starfsháttum. Sjálfstæði háskóla um eigin málefni er forsenda fyrir frjórri starfsemi hans og viðurkennd meginregla í lýðræðisríkjum. Í reynd eru sjálfstæði háskólans takmörk sett með fjárveitingum Alþingis og stjórnvaldsaðgerðum ráðherra menntamála og fjármála. Nýleg dæmi um að gengið hafi verið á sjálfstæði hans er ágreiningur um stöðuveitingar og skertur ráðstöfunarréttur yfir happdrættisfé. Krafan til stjórnskipulagsins er að innan þess gefist kostur á virkri og skynsamlegri stefnumörkun og stjórnsýslu er skapi háskólanum traust út á við og tryggi samstöðu meðal háskólaþegnanna.

Eldri reglur um aðild að ákvörðunum sýna að litið hafi verið á háskólann sem samfélag kennara fyrst og fremst. Nýrri hugmyndir eru þær að háskólinn sé samfélag kennara, sérfræðinga, nemenda og stjórnsýslufólks sem deili stjórnunarábyrgð með sér samkvæmt

nánar skilgreindum reglum í háskólalögum og reglugerð. Reglur um sjálfsstjórn háskólans koma fram í lögum þegar skipað er fyrir um ákvarðanatöku í einstökum málum eins og stöðuveitingum. Þar fyrir utan ræðst sjálfsstjórn hans af stjórnsýsluhefð sem byggist á því að menntamálaráðuneyti og ráðherra eru alla jafna ekki með beina íhlutun í einstök málefni háskólans. Auk þess hefur háskólaráð umsagnarrétt um breytingar, viðauka og nýmæli er varða lög og reglugerð um skólann (2. gr.).

Í tillögunum er leitast við að styrkja enn frekar sjálfræði háskólans og lýðræðisleg vinnubrögð innan hans. Í háskólaráði, sem hefur æðsta ákvörðunarvald í sjálfsstjórnarmálefnum háskólans, mætast fulltrúar háskólasamfélagsins. Í háskólaráði sitja nú rektor, níu deildarforsetar, fjórir fulltrúar stúdenta og tveir frá Félagi háskólakennara. Auk þess sitja ráðsfundi háskólaritari og kennslustjóri með málfrelsi og tillögurétti en án atkvæðisréttar. Einn hópur samfélagsins er þó undanskilinn beinum áhrifum í háskólaráði en það er starfsfólk stjórnsýslu. Tillögurnar gera ráð fyrir að einn fulltrúi starfsmanna stjórnsýslunnar, auk háskólaritara, taki sæti í háskólaráði með málfrelsi og tillögurétti en án atkvæðisréttar. Verði hann kjörinn skriflegri kosningu af starfsfólki stjórnsýslu til tveggja ára í senn. Einnig er lagt til að fjöldi stúdenta í skorarstjórn og deildarráði sé hlutfall af fjölda manna í stjórn en ekki föst tala eins og verið hefur.

Í tillögunum er einnig gert ráð fyrir að stjórnsýslufólk sé ráðið til fimm ára í senn. Þetta fyrirkomulag þykir eðlilegt þegar um stjórnunarstöður er að ræða þannig að hægt sé að tryggja eðlilega endurnýjun í þessum störfum. Þá gefur þetta fyrirkomulag einnig kost á sveigjanlegri starfsháttum innan skólans en áður. Með þessu móti skapast svigrúm til þess að ráða háskólakennara, t.d. á sviði fjármála eða tæknimála, tímabundið til stjórnsýslustarfa. Gildir þetta einnig að sjálfsögðu fyrir stjórnsýslufólk sem óskar eftir því að fara tímabundið út í kennslu eða önnur störf innan háskólans.

4. Kostnaður.

Kostnaður af þessum breytingum er óverulegur. Lagt er til að stöður sex framkvæmdastjóra stjórnsýslusviða verði stofnaðar, auk þess sem heimilt verði að fella niður að hluta eða fullu starfsskyldur sem fylgja föstu starfi þeirra er gegna starfi deildarforseta. Á móti kemur að jafnmargar stöður verða lagðar niður. Þau stöðuheiti sem nú eru til og munu falla niður eru:

Stöður sem falla niður:	**Nýjar stöður:**
Byggingastjóri.	Framkvæmdastjóri bygginga- og tæknisviðs.
Kennslustjóri.	Framkvæmdastjóri kennslusviðs.
Aðstoðarháskólaritari.	Framkvæmdastjóri samskiptasviðs.
Starfsmannastjóri.	Framkvæmdastjóri starfsmannasviðs.
Háskólaritari.	Framkvæmdastjóri rannsóknasviðs.
Ráðgjafi rektors í byggingamálum (80% staða).	Háskólaritari (framkvæmdastjóri fjármálasviðs).

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði um stjórn háskólans í 1. mgr. 2. gr. er útvíkkað þannig að það nái yfir deildir, deildarforseta og framkvæmdastjóra stjórnsýslusviða. Orðin „háskólaritari“ og „kennslustjóri“ falla niður í samræmi við ný starfsheiti.

Í 2. mgr. 2. gr. er kveðið á um ótvírætt forustuhlutverk háskólaráðs í stjórnun skólans.

Á eftir 2. mgr. 2. gr. kemur ný málsgrein sem veitir háskólaráði heimild til að skipa starfsnefndir sem eru því til ráðgjafar og aðstoða rektor og háskólaráð við stefnumótun.

Rökstuðning fyrir slíkum starfsnefndum er að finna í hinni almennu greinargerð með frumvarpinu.

4. mgr. 2. gr. er óbreytt utan þess að nú er lögð áhersla á að hlutverk rektors sé að hafa frumkvæði að því að háskólaráð marki heildarstefnu í málefnum stofnunarinnar. Breytingin hér er sú að í núgildandi lögum er sagt að rektor vinni sérstaklega að mörkun heildarstefnu í málefnum stofnunarinnar. Þessi áhersla er í samræmi við almennan skilning á hlutverki háskólaráðs.

Á eftir 4. mgr. 2. gr. bætist ný málsgrein við þar sem kveðið er á um yfirumsjón með almennri stjórnsýslu skólans. Þar kemur fram að framkvæmdastjórar stjórnsýslusviða hafa yfirumsjón og eftirlit með hinni almennu stjórnsýslu en deildarforsetar með stjórnsýslu deilda. Breytingin er einkanlega fólgin í því að áður voru það rektor, háskólaritari og kennslustjóri sem höfðu þessi hlutverk með höndum. Forsendur þessarar breytingar eru raktar í almennum athugasemdum með frumvarpinu.

Í 6. mgr. 2. gr. er gerð grein fyrir framkvæmdasviðum hinnar almennu stjórnsýslu auk þess sem hlutverk framkvæmdastjóra fjármálasviðs (háskólaritara) er skilgreint. Hér er einnig gefin heimild til að afmarka ábyrgðarsvið annarra framkvæmdastjóra í reglugerð.

7. mgr. 2. gr. þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. 4. gr. er áréttað að fulltrúar Félags háskólakennara séu kjörnir til háskólaráðs í skriflegri atkvæðagreiðslu. Einnig er sú breyting gerð að einn kjörinn fulltrúi starfsmanna sitji fundi ráðsins. Kemur hann í stað kennslustjóra.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. 7. gr. er gerð sú breyting að háskólaráð ræður framkvæmdastjóra stjórnsýslusviða til fimm ára, en áður höfðu háskólaritari og kennslustjóri verið forsetaskipaðir. Einnig er gert ráð fyrir því að rektor, en ekki menntamálaráðherra, ráði annað starfslið almennrar stjórnsýslu eftir því sem fé er veitt til. Þá er gert ráð fyrir að deildarforsetar ráði starfslið deildarskrifstofa að höfðu samráði við rektor og eftir því sem fé er veitt til. Þessar breytingar eru í beinu framhaldi af þeirri valddreifingu sem tillögurnar gera ráð fyrir og eru í samræmi við sjálfstæði háskólans.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Á undan 1. mgr. 9. gr. er bætt við málsgrein sem kveður á um stöðu deilda innan háskólans. Hér er fyrst og fremst verið að undirstrika sjálfstæði og hlutverk deilda. Nýbreytnin felst í því að hér er kveðið á um reglubundið mat á starfi deilda. Slíkt mat er þegar hafið á deildum háskólans og hefur verkfræðideild nú gengið í gegnum slíkt mat og mat á öðrum deildum er í undirbúningi.

Í upptalningu á deildum í 2. mgr. breytist nafn viðskiptadeildar í viðskipta- og hagfræðideild í samræmi við reglugerðarbreytingar sem þegar hafa verið gerðar.

Um 6. gr.

Hér er sú breyting gerð að fjöldi stúdenta í skorarstjórn og deildarráði sé hlutfall af fjölda manna í stjórn en ekki föst tala. Þessi breyting er í anda reglna um fjölda stúdenta á deildarfundum og er í anda þeirra lýðræðislegu vinnubragða sem tíðkast innan háskólans.

Um 7. gr.

Í samræmi við aukna fjárhagslaga og stjórnunarlega ábyrgð deilda er nauðsynlegt að starf deildarforseta verði eflt. Með þessu ákvæði er ótvírætt kveðið á um ábyrgð deildarforsetastarfsins á sviði fjármála og stjórnunar í deild.

Um 8. gr.

Orðinu „skor“ er bætt inn í setningu. Hér er aðeins um eðlilega leiðréttingu að ræða.

Um 9. gr.

Einni málsgrein er bætt við 18. gr. núverandi laga. Hún kveður á um að deildarforsetar eigi rétt á að vera leystir undan skyldum sínum í föstu starfi að nokkru eða öllu leyti. Þetta er í samræmi við aukin völd og ábyrgð deildarforseta sem lýst er í almennum athugasemdum.

Um 10. gr.

Við 36. gr. laganna bætast tvær málsgreinar. Er sú fyrri um endurmenntunarstofnun. Endurmenntunarstofnun hefur verið starfrækt um nokkurt skeið í samstarfi háskólans, Tækniskóla Íslands, Bandalags háskólamanna og þriggja félaga háskólamanna. Á fundi háskólaráðs 27. júní 1989 samþykkti ráðið stofnun endurmenntunarstofnunar og óskaði síðan eftir heimild ráðuneytisins fyrir reglugerðarbreytingu þar að lútandi. Taldi ráðuneytið að ekki væri að finna stoð fyrir slíkri stofnun í lögum háskólans og því þyrfti lagabreyting að koma til áður en sett yrði reglugerð um þessa starfsemi. Þann 5. janúar sl. samþykkti háskólaráð svo tillögu um lagabreytingu og var hún send ráðuneytinu 9. mars sl. ásamt viðeigandi gögnum.

Síðari málsgreinin fjallar um námsráðgjöf. Í henni segir að námsráðgjöf, sem hingað til hefur fallið undir yfirstjórn, skuli starfrækt sem háskólastofnun undir háskólaráði. Námsráðgjöfin hefur mjög svo sjálfstætt hlutverk innan háskólans og því ekki ástæða til að tengja hana stjórnunarlega öðrum aðilum í stjórnsýslu.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 733. Tillaga til þingsályktunar [421. mál]

um fríhafnarsvæði við Keflavíkurflugvöll.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa lagafrumvarp um fríhafnarsvæði við Keflavíkurflugvöll undir vörugeymslur og fríiðnað. Frumvarpið skal lagt fram á Alþingi við upphaf þings haustið 1990.

Greinargerð.

I.

Íslenska kaupsýslumenn hefur löngum dreymt um fríhafnarsvæði á Íslandi:

a. Til að geta flutt vörur á milli annarra viðskiptalanda með viðkomu hér á landi til umskipunar. Þannig yrði mögulegt fyrir íslenska innflytjendur að selja vörur t.d. frá Bandaríkjunum í löndum Evrópu eða öfugt og eiga jafnan birgðir af vörum til á Íslandi. Þessi hugmynd hefur oft verið kölluð vöruhótel og lýsir það nafn starfseminni betur en mörg orð.

b. Til að framleiða eða fullvinna vörur hér á landi úr hráefni eða hlutum frá einu landi til þess að selja í öðru. Þannig gætu íslenskir iðnrekendur keypt t.d. ýmsan búnað frá Austurlöndum fjær og sett saman á Þýskalandi og selt á markaði í Evrópu eða Bandaríkjunum.
c. Aðrar fríhafnir. Má þar nefna bæði tollvörugeymslur og vöruafgreiðslur skipa- og flugfélaga. Umskipunarhafnir fyrir vörur erlendra fyrirtækja sem fluttar eru milli landa.

Í stuttu máli er hugmyndin sú að vörurnar yrðu geymdar eða unnar á Íslandi á sérstöku fríhafnarsvæði og kæmu aldrei inn í íslenska efnahagslögsögu að öðru leyti. Áfangastaður þeirra er í öðrum löndum og því yrðu engin gjöld innheimt af vörunum hér á landi eins og af vörum sem keyptar eru til notkunar og neyslu hér á landi.

II.

Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkistollstjóra telur embættið að greiða eigi virðisaukaskatt af vörum sem fluttar eru til landsins á þennan hátt og geymdar á vöruhóteli eða unnar í hugsanlegri fríhöfn. Innflytjendur þurfa því að leggja út fyrir skatti þangað til varan selst á áfangastað í öðru landi og það getur tekið marga mánuði. Með því móti er ekki hægt að reka starfsemi sem þessa. Því þarf að breyta lögum um virðisaukaskatt til þess að tryggja að hann leggist ekki á hvers konar fríhafnarstarfsemi og vöruflutning um íslenskar fríhafnir.

Á sama hátt er nauðsynlegt að geta skilgreint hugtakið fríhafnir í bókhaldi fyrirtækja.

III.

Fríhafnir á Íslandi eru ekki hugsaðar sem opinber rekstur á neinn hátt. Einstaklingum og félögum þeirra og fyrirtækjum verði gert kleift að eiga þær og reka eftir högum hvers og eins. Hlutverk ríkisins er því aðeins að heimila þennan rekstur með lögum og greina hann frá öðrum rekstri í landinu sem ekki nýtur fríhafnarkjara.

Þannig gætu t.d. starfandi heildsölur nýtt sér viðskiptasambönd sín um allan heim og fengið umboð fyrir vörutegundir til að selja líka í öðrum löndum. Heildsölurnar fengju þá úthlutað, keypt eða leigt rými á vöruhóteli eftir efnum og ástæðum til að geyma vörubirgðir frá einu landi til að selja eftir hendinni í öðru. Sama gildir vitanlega um ný fyrirtæki sem yrðu stofnuð í þessum tilgangi.

Eins gætu starfandi iðnfyrirtæki eða ný fengið inni á fríiðnaðarsvæði og framleitt úr hráefni frá einu landi til að selja í öðru.

Flutningsmaður telur mestan ávinning af fríhöfn vera fólginn í nýjum vinnustöðum fyrir íslenskt fólk á erfiðum tímum gjaldþrota og atvinnuleysis í iðnaði, verslun og þjónustu. Íslenskur inn- og útflutningur mundi eflast, svo og ýmsar þjónustugreinar, t.d. bankar, umboðsverslun og ferðaþjónusta. Síðast en ekki síst gæti fríiðnaður eflt iðnaðinn verulega og byggt upp nýjan samsetningariðnað. Iðnaður á nú víða undir högg að sækja út af innflutningi á iðnvarningi.

Stutt er nú þangað til væntanlegur Evrópumarkaður verður starfræktur og með honum gjörbreytast öll viðskipti og þjónusta um alla álfuna, hvort sem Íslendingum líkar það betur eða verr. Fríhafnir á Íslandi munu styrkja mjög stöðu þjóðarinnar á alþjóðlegum vettvangi við þær breytingar. Fríhafnir eru hluti af framtíðarviðskiptaháttum.

IV.

Ísland liggur mjög vel við alþjóðlegri flugumferð í miðju Atlantshafi og miðja vegu á milli Ameríku og Evrópu. Landið ætti ekki síður að geta þjónað flugsamgöngum frá fjarlægari löndum t.d. arabaríkjunum og Japan. Þess vegna er Ísland kjörinn vettvangur fyrir rekstur á fríhöfn með vöruflutninga og iðnað.

Flutningsmaður getur hugsað sér marga staði á Íslandi þar sem fríhöfn kemur til greina, bæði tengd samgöngum á sjó og í lofti og nálægt helstu athafnasvæðum landsins. Með hliðsjón af hinni öru þróun í flutningum hlýtur nálægðin við myndarlega flughöfn að vega þungt í þessu sambandi. Á engan stað er því hallað þó að Keflavíkurflugvöllur sé nefndur fyrst.

V.

Keflavíkurflugvöllur er að mörgu leyti besti staður á Íslandi fyrir starfsemi af þessu tagi. Hann er við túnfótinn á mesta athafnasvæði landsins, höfuðborgarsvæðinu. Flugvöllurinn er miðstöð flutninga í lofti til og frá landinu og þjónusta er þar öll með besta móti. Þar er líka nóg landsvæði og auðvelt að skilja rekstur fríhafnar frá annarri starfsemi. Ekki yrði um mikinn flutningskostnað að ræða innan lands þar sem fríhöfnin yrði á sjálfu flugvallarsvæðinu. Það er kjarni málsins.

Flugmálastjórnin á Keflavíkurflugvelli hefur látið skipuleggja stórt svæði við nýju flugstöðina undir margvíslega þjónustu við flugumferð. Þar er nýtt flughlað fyrir stórþotur og ný þjónustubygging Flugleiða með fullkomnu flugeldhúsi. Einnig birgðastöðvar fyrir íslensku olíufélögin undir flugvélaeldsneyti og margháttuð önnur þjónusta. Þannig er Keflavíkurflugvöllur stöðugt að bæta aðstöðuna fyrir alþjóðlega flugumferð.

Síðast en ekki síst hefur verið skipulagt þar stórt landsvæði undir vöruskemmur fast við flugbrautir vallarins. Svæðið er tilbúið undir byggingar og stutt í öll lagna- og veitukerfi, sjá fskj. I.

Því er ekkert að vanbúnaði að úthluta íslenskum kaupsýslumönnum lóðum undir vöruhótel og fríiðnað á þessu nýja fríhafnarsvæði á Keflavíkurflugvelli. Enda hníga öll rök að því að fríhöfn rísi fyrst á þessum stað hér á landi.

VI.

Vöruflutningar í lofti eru vaxandi til og frá landinu og um það. Í tonnum talið hafa flutningarnir aldrei verið meiri en árið 1989 eða samtals 25.173 tonn um Keflavíkurflugvöll, sjá fskj. II.

Þá lenda íslenskar áætlunarvélar reglulega á Keflavíkurflugvelli og fjöldi erlendra flugvéla hefur þar viðkomu. Samtals lentu flugvélar 5.908 sinnum þar árið 1989, sjá fskj. III. Flugsamgöngur við önnur lönd eru því mjög góðar um flugvöllinn, en þær eru ein helsta forsendan fyrir góðum rekstri á væntanlegu fríhafnarsvæði.

Lendingargjöld eru ekki talin há á Keflavíkurflugvelli í samanburði við sambærilega flugvelli í nágrannalöndum okkar. Öll afgreiðslugjöld verða einnig að vera í algjöru lágmarki. Það gerir væntanlegt fríhafnarsvæði á flugvellinum vel hæft til að keppa við önnur slík svæði í næstu löndum, sjá fskj. IV. Með vaxandi flugumferð í kjölfar væntanlegs fríhafnarsvæðis má líka gera ráð fyrir að lendingargjöld lækki enn þá meira.

VII.

Flutningsmaður telur því að öll almenn skilyrði séu fyrir hendi til að þróa umfangsmikil fríhafnarviðskipti hér á landi næstu árin. Aðstæður á Keflavíkurflugvelli eru ákjósanlegar eins og að framan greinir og íslensk kaupsýslustétt er vel búin til að leysa þetta verkefni vel af hendi.

Alþingi má því ekki láta sinn hlut eftir liggja til að hrinda þessum hugmyndum í framkvæmd.

Fylgiskjal I.



Fylgiskjal II.

Flutningar um Keflavíkurflugvöll 1959–1988.

		FARÞEGAR				VÖRUR Í TONNUM				PÓSTUR Í TONNUM			
ÁR	LENDINGAR	HEIMAN	HEIMKOMIÐ	ÁFRAM	SAMTALS	HEIMAN	HEIMKOMIÐ	ÁFRAM	SAMTALS	HEIMAN	HEIMKOMIÐ	ÁFRAM	SAMTALS
1959	1304	878	728	60.652	62.258	28	51	1.389	1.467	6	16	186	208
1960	1291	713	768	43.119	44.600	32	30	1.664	1.726	4	17	113	134
1961	1169	2.037	1.950	34.851	38.838	33	110	842	985	6	15	49	70
1962	1146	2.711	1.971	33.822	38.504	89	213	817	1.118	21	29	30	80
1963	1061	2.777	2.598	30.570	35.945	27	112	414	552	17	17	34	68
1964	1548	9.633	10.081	73.120	92.834	78	212	567	858	35	39	23	97
1965	2389	22.633	22.225	133.725	178.583	167	517	906	1.590	55	105	67	228
1966	2480	29.963	27.518	155.698	213.179	176	614	367	1.156	92	176	71	339
1967	2654	45.982	45.702	177.758	269.442	282	946	374	1.602	214	250	45	508
1968	2967	49.787	53.084	209.474	312.345	300	1.172	638	2.110	248	355	52	656
1969	3329	55.829	54.045	251.109	360.983	566	1.461	1.414	3.442	231	392	98	720
1970	3294	65.941	66.619	304.237	436.797	639	1.533	1.800	3.972	169	446	76	690
1971	3838	83.795	81.347	374.874	540.016	740	1.910	2.712	5.362	185	458	97	740
1972	4043	98.606	98.412	346.326	543.344	924	2.229	3.188	6.241	214	509	81	803
1973	3823	115.055	110.543	284.483	510.081	1.066	2.622	4.355	8.044	275	499	33	807
1974	3664	130.053	119.013	249.627	498.693	809	2.731	3.967	7.508	275	463	36	774
1975	2268	117.659	113.342	237.342	473.343	744	2.296	2.638	5.677	315	519	29	864
1976	3281	123.309	123.463	258.921	505.693	900	2.043	4.872	7.815	303	500	21	824
1977	3553	137.416	137.487	254.927	529.826	993	2.239	5.403	8.636	327	483	20	830
1978	3795	146.537	145.330	267.267	559.134	1.226	2.711	5.972	9.909	348	470	31	850
1979	3825	144.475	147.562	261.343	553.385	1.305	3.483	4.836	9.625	382	414	36	832
1980	3299	128.777	129.097	138.372	396.246	1.485	2.610	3.215	7.310	384	474	37	894
1981	3477	142.511	141.483	147.866	431.860	1.707	2.484	2.347	6.538	413	450	18	862
1982	3580	150.887	152.411	169.469	472.767	2.538	2.672	1.887	7.098	568	504	37	1.110
1983	3269	145.557	144.628	165.698	455.883	3.014	2.726	2.404	8.144	507	558	46	1.110
1984	3466	165.276	168.470	170.435	504.181	2.277	3.466	4.101	9.844	433	769	45	1.247
1985	4045	182.393	183.469	201.374	567.236	2.178	3.907	3.048	9.123	472	849	53	1.374
1986	4337	213.056	211.539	179.292	603.887	2.571	4.405	1.703	8.679	511	961	71	1.543
1987	5342	263.441	258.857	226.476	748.774	3.708	6.026	2.043	11.777	527	1.041	210	1.778
1988	5719	266.264	266.077	203.867	736.199	5.476	6.113	3.000	14.589	503	1.094	340	1.937
1989	5708	262.651	259.507	135.938	658.096	7.741	5.199	12.233	25.173	630	1.077	166	1.874

Fylgiskjal III.

Komur farþega- og fraktvéla á Keflavíkurflugvöll 1989.



Fylgiskjal IV.

Samanburður á lendingargjöldum.
(Í bandarískum dollurum.)



Nd. 734. Frumvarp til laga [422. mál]

um breytingu á læknalögum, nr. 53/1988.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

1. mgr. 2. gr. hljóði svo:

Leyfi skv. 1. gr. skal veita þeim sem lokið hafa prófi frá læknadeild Háskóla Íslands, svo og viðbótarnámi á heilbrigðisstofnunum hér á landi eftir reglum sem ráðherra setur, að fengnum tillögum læknadeildar Háskóla Íslands, Læknafélags Íslands eða landlæknis.

3. mgr. 2. gr. hljóði svo:

Áður en leyfi er veitt samkvæmt þessari grein skulu liggja fyrir tillögur landlæknis og læknadeildar Háskóla Íslands.

2. gr.

3. gr. hljóði svo:

Veita má manni, sem lokið hefur sambærilegu prófi og um getur í 2. gr., lækningaleyfi og þar með rétt til að kalla sig lækni hér á landi, enda uppfylli hann skilyrði 2. gr. að öðru leyti. Læknadeild Háskóla Íslands getur sett sem skilyrði að viðkomandi gangi undir próf í lögum og reglum er varða störf lækna hér á landi og sanni kunnáttu í mæltu og rituðu íslensku máli. Læknadeild Háskóla Íslands getur og krafist þess að umsækjandi sanni kunnáttu sína í læknisfræði með því að gangast undir próf.

3. gr.

2. mgr. 5. gr. hljóði svo:

Ráðherra setur reglur um nám sérfræðinga, að fengnum tillögum læknadeildar Háskóla Íslands, Læknafélags Íslands eða landlæknis. Áður en lækni er veitt leyfi til að kalla sig sérfræðing skulu liggja fyrir tillögur nefndar sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn og í eiga sæti landlæknir, sem jafnframt er formaður, einn fulltrúi tilnefndur af læknadeild Háskóla Íslands og einn fulltrúi tilnefndur af Læknafélagi Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nefndin skal setja sér starfsreglur sem ráðherra staðfestir.

Á eftir 2. mgr. 5. gr. kemur ný málsgrein sem verður 3. mgr. og hljóði svo:

Hafi læknir leyfi til að kalla sig sérfræðing á einhverju Norðurlandanna getur heilbrigðisráðherra veitt honum sams konar sérfræðileyfi, að fengnum tillögum landlæknis, enda sé að mati landlæknis ekki ástæða til að mæla gegn því að leyfi verði veitt.

4. gr.

Fyrirsögn G-liðar (16. gr.) í III. kafla laganna verði: *Afhending sjúkraskráa.*

5. gr.

16. gr. hljóði svo:

Sjúkraskrá er eign heilbrigðisstofnunar þar sem hún er færð eða læknis sem hana færir.

Lækni er skylt að afhenda sjúklingi eða umboðsmanni hans afrit sjúkraskrár, alla eða að hluta. Sama gildir gagnvart opinberum aðilum, sem lögum samkvæmt athuga kæru sjúklings eða umboðsmanns vegna læknismeðferðar. Gildir þetta einnig um sjúkraskrár sem færðar eru fyrir gildistöku þessara laga.

Upplýsingar í sjúkraskrá, sem hafðar eru eftir öðrum en sjúklingi sjálfum eða heilbrigðisstarfsfólki, skal ekki sýna nema með samþykki þess sem upplýsingarnar gaf.

Nú telur læknir að það þjóni ekki hagsmunum sjúklings að afhenda framangreindum aðilum afrit sjúkraskrár og skal læknir þá án tafar afhenda landlækni afrit sjúkraskrárinnar til frekari afgreiðslu.

Landlæknir skal innan fjögurra vikna ákveða hvort viðkomandi fái afrit sjúkraskrárinnar.

Ráðherra setur nánari reglur um afhendingu og varðveislu sjúkraskráa, að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands.

6. gr.

26. gr. hljóði svo:

Lækni er óheimilt að reka lækningastofu eftir 75 ára aldur. Heilbrigðisráðherra getur þó, að fenginni umsókn viðkomandi læknis og samkvæmt meðmælum landlæknis, veitt undanþágu frá þessu ákvæði til eins árs í senn.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella þau inn í meginmál læknalaga, nr. 53/1988, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ísland hefur um nokkurra ára skeið verið aðili hvað snertir lækna og lyfjafræðinga að norrænum samningi um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar. Samkvæmt honum hefur Ísland skuldbundið sig til að viðurkenna lækningaleyfi og sérfræðileyfi sem gefin eru út annars staðar á Norðurlöndum. Þetta þýðir í raun að íslenskur læknir, sem stundað hefur framhaldsnám á einhverju Norðurlandanna, t.d. Svíþjóð, og fengið sérfræðingsviðurkenningu þarlendra heilbrigðisyfirvalda, ætti í krafti samningsins að fá sams konar sérfræðingsleyfi hér á landi þó svo að einhver munur kunni að vera milli landanna á námsfyrirkomulagi í viðkomandi sérgrein.

Læknadeild Háskóla Íslands hefur túlkað ákvæði norræna samningsins svo að þrátt fyrir sérfræðingsviðurkenningu frá einhverju Norðurlandanna skuli deildin leggja sjálfstætt mat á það hvort veita eigi viðkomandi íslenskt sérfræðingsleyfi. Vegna þess að einhver munur er milli landanna á námsfyrirkomulagi í einstökum sérgreinum hefur læknadeild nokkrum sinnum synjað íslenskum læknum, sem þegar hafa fengið — í flestum tilfellum sænska — sérfræðingsviðurkenningu, um íslenska sérfræðingsviðurkenningu. Þar til nú hafa íslenskir læknar, sem þannig hafa fengið synjun læknadeildar, sætt sig við þá synjun og bætt við framhaldsnám sitt þeim mánuðum sem munurinn milli landanna segir til um.

Síðla árs 1987 synjaði læknadeild íslenskum lækni, sem árið 1986 hafði fengið sænska sérfræðingsviðurkenningu, um íslenskt sérfræðingsleyfi í viðkomandi sérgrein. Synjunina byggði deildin á tilteknu ákvæði í reglugerð nr. 311/1986, um veitingu lækningaleyfis og sérfræðingsleyfa. Ákvæðið heimilar læknadeild að synja lækni um sérfræðingsviðurkenningu hafi námið ekki verið nægilega samfellt eða óeðlilega langur tími hafi liðið frá því að viðkomandi lauk samfelldu sérnámi og þar til umsókn um sérfræðingsleyfi barst. Vegna ákvæða læknalaga, sem veita læknadeild algert neitunarvald í þessu efni, varð heilbrigðisráðherra að synja viðkomandi lækni um sérfræðingsviðurkenningu.

Í ljósi norræna samningsins vildi læknirinn ekki una þessum málalokum og skaut málinu til embættismannanefndar á vegum Norðurlandaráðs sem hefur það verkefni að fylgjast með framkvæmd samningsins. Að lokinni athugun sænska fulltrúans í nefndinni var málið tekið þar til umræðu og afgreiðslu. Niðurstaða nefndarinnar varð sú að með synjuninni hefði heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið brotið ákvæði norræna samningsins um gagnkvæma viðurkenningu starfsréttinda innan heilbrigðisþjónustunnar. Nefndin beindi þeim tilmælum til heilbrigðisráðuneytisins að málið yrði endurskoðað og sérfræðileyfi veitt.

Að óbreyttum læknalögum og reglugerð um veitingu sérfræðingsleyfa getur heilbrigðisráðherra ekki veitt umræddum lækni sérfræðingsleyfi. Heilbrigðisráðherra ritaði því læknadeild Háskóla Íslands bréf og greindi deildinni frá áformum sínum um að fella reglugerðarákvæði það sem málið strandaði á úr gildi. Læknadeild svaraði og vísaði til 5. gr. læknalaga sem segir að „ráðherra setur reglur um nám sérfræðinga samkvæmt tillögum læknadeildar Háskóla Íslands ...“, þ.e. benti ráðherra á að reglugerðinni gæti hann ekki breytt nema tillaga þar að lútandi kæmi frá læknadeildinni.

Á sama tíma hafa bæði Noregur og Svíþjóð reynt að synja læknum, með íslenskt lækningaleyfi, um norskt og sænskt lækningaleyfi með vísan til þess að í hinu íslenska viðbótarnámi sé ekki lengur innifalinn starfstími í heilsugæslu í dreifbýli. Hið íslenska viðbótarnám er þannig 12 mánuðir á sama tíma og norskir og sænskir læknakandídatar þurfa að ljúka tæplega tveggja ára viðbótarnámi til að fá lækningaleyfi í sínu heimalandi. Þessar tilraunir norskra og sænskra heilbrigðisyfirvalda hafa verið brotnar á bak aftur með vísan til norræna samningsins um gagnkvæm starfsréttindi.

Eftirlitsnefndin með framkvæmd norræna samningsins tók mál íslenska læknisins upp að nýju á fundi sínum í nóvember 1989 og ítrekaði þar fyrri niðurstöðu sína. Nefndin ákvað að ef

engin breyting yrði á næstu þremur mánuðum á afstöðu íslenskra heilbrigðisyfirvalda í máli umrædds læknis mundi hún kæra heilbrigðisráðuneytið fyrir norrænu ráðherranefndinni fyrir brot á samningnum.

Tilraunir heilbrigðisráðherra til að leysa þetta mál hafa strandað á því að ákvæði læknalaga gefa læknadeild Háskóla Íslands algert vald um veitingu sérfræðileyfa og um setningu reglna um nám sérfræðinga. Er þetta einsdæmi meðal heilbrigðisstétta. Hjá öllum öðrum heilbrigðisstéttum hefur fagfélag eða háskóladeild viðkomandi stéttar eingöngu umsagnarrétt ásamt landlækni.

Til að tryggja það að túlkun læknadeildar Háskóla Íslands á norræna samningnum stefni ekki í voða hagsmunum íslenskra lækna í framhaldsnámi á Norðurlöndum verður að breyta þeim ákvæðum læknalaga sem málið hefur strandað á. Um leið yrði því afstýrt að íslensk heilbrigðisyfirvöld verði kærð fyrir norrænu ráðherranefndinni vegna brota á norrænum samningi sem Íslendingar hafa staðfest og skuldbundið sig til að fylgja.

Tæplega tveggja ára framkvæmd hinna nýju læknalaga hefur einnig leitt í ljós nokkra aðra annmarka en þá sem hér hafa þegar verið raktir og er því notað tækifærið og þeir lagfærðir.

Um er að ræða annars vegar ákvæði læknalaga um afhendingu sjúkraskráa og hins vegar reglur um málsmeðferð vegna leyfis til lækna, eldri en 75 ára, til að reka læknastofu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir breytingum á 2. og 5. gr. læknalaga sem hníga í þá átt að fjölga þeim aðilum sem geta gert tillögur til heilbrigðisráðherra um breytingar á reglum um viðbótarnám nýútskrifaðra lækna og um nám sérfræðinga. Auk læknadeildar Háskóla Íslands getur landlæknir eða Læknafélag Íslands gert tillögur til heilbrigðisráðherra um reglur um viðbótarnám og sérfræðingsnám. Þar með er aðili sem heyrir beint undir ráðherra, þ.e. landlæknir, kominn með tillögurétt í þessu efni auk þess sem fagfélag lækna, Læknafélag Íslands, fær samsvarandi tillögurétt.

Hér eru og gerðar tillögur um breytta meðferð umsókna um almennt lækningaleyfi. Samkvæmt gildandi ákvæðum skal þriggja manna nefnd skoða umsóknir um almennt lækningaleyfi. Þorri þeirra sem sækja um almennt lækningaleyfi hafa lokið námi frá læknadeild Háskóla Íslands. Það sem skoða þarf vegna umsókna um almennt lækningaleyfi er hvort umsækjandi hafi lokið viðbótarnáminu, þ.e. kandídatsári, í samræmi við settar reglur. Það er óþarflega tafsamt fyrirkomulag að hafa þriggja manna nefnd í því að kanna hvort skilyrðum um viðbótarnám er fullnægt. Frumvarpið gerir því ráð fyrir að læknadeild skuli ásamt landlækni gera tillögur um afgreiðslu umsókna um almennt lækningaleyfi.

Rétt þykir að fela þriggja manna nefnd, skipaðri landlækni sem formanni og fulltrúum tilnefndum af læknadeild Háskóla Íslands og Læknafélagi Íslands að meta umsóknir um sérfræðingsleyfi. Íslenskir læknar stunda sérfræðinám víða um heim og því eðlilegt að sérstök nefnd kanni gaumgæfilega umsóknir um sérfræðingsviðurkenningu. Með því að gera landlækni formann nefndarinnar er umsagnarferillinn einfaldaður því, eins og fyrirkomulagið er nú, fara allar umsóknir um sérfræðingsleyfi á tvo staði, til landlæknis og til læknadeildar. Þá þykir eðlilegt að fulltrúi Læknafélags Íslands eigi aðild að þessari nefnd líkt og önnur fagfélög heilbrigðisstétta eru umsagnaraðilar um sambærilegar leyfisveitingar. Varamenn yrðu skipaðir með sama hætti sem þýðir að aðstoðarlandlæknir verður varaformaður nefndarinnar.

Í samræmi við norræna samninginn um gagnkvæm starfsréttindi innan heilbrigðisþjónustunnar gerir frumvarpið ráð fyrir að hafi læknar leyfi heilbrigðisyfirvalda á einhverju Norðurlandanna til að kalla sig sérfræðing þá geti ráðherra veitt honum sams konar sérfræðileyfi án umsagnar læknadeildar Háskóla Íslands. Ætíð skal þó leita tillagna landlækn-

is vegna þessara umsókna um leyfi til að kalla sig sérfræðing. Í þessum tilvikum yrði það hlutverk landlæknis að athuga hvort heilbrigðisyfirvöld á Norðurlöndum hafi gert athugasemdir við störf viðkomandi læknis.

Um 2. gr.

Breytingarnar í 2. gr. frumvarpsins á 3. gr. laganna skýra sig sjálfar í ljósi breytinga skv. 1. gr. frumvarpsins.

Um 4. og 5. gr.

Undanfarna mánuði hefur heilbrigðisráðuneytið haft til athugunar tillögur Læknafélags Íslands og landlæknis um reglur vegna afhendingar sjúkraskráa. Ráðuneytið telur að lagaákvæðið, sem reglur þessar byggjast á, sé ekki nægilega skýrt og gerir því tillögur um breytingar á ákvæðinu.

Heilbrigðisráðuneytið telur að læknalög þurfi að kveða skýrt á um að sjúkraskrá sé eign þeirrar heilbrigðisstofnunar þar sem hún er færð eða þess læknis sem hana færir. Jafnframt þarf það að vera skýrt í lögum að þegar sjúkraskrá er afhent skal afhenda afrit skrárinnar. Sömuleiðis þarf lagaheimild um afhendingu til fleiri aðila en sjúklings, svo sem opinberra aðila sem lögum samkvæmt athuga kæru frá sjúklingi eða umboðsmanni hans vegna læknismeðferðar. Hér má nefna sem dæmi nefnd skv. 3. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 59/1983. Þá þarf það og að vera ljóst að skylda til afhendingar nær til eldri sjúkraskráa.

Nauðsynlegt er að læknalög taki af tvímæli um hvað læknir skuli gera telji hann leika vafa á því að afhending afrits þjóni hagsmunum sjúklings. Þá skal hann án tafar afhenda landlækni afrit sjúkraskrár til ákvörðunar. Með þessu er komið í veg fyrir að læknir tefji málið.

Þá er talið nauðsynlegt að setja reglur um það hversu langan tíma landlæknir hefur til ákvörðunar í þessum tilvikum. Við setningu slíkra tímamarka eru m.a. hafðar í huga ábendingar frá umboðsmanni Alþingis um meðferð mála hjá stjórnsýslunni.

Ástæða breytingar á fyrirsögn G-liðar (16. gr.) er sú að sjúkragögn er þrengra hugtak en sjúkraskrá. Sjúkraskrá telst vera safn sjúkragagna. Meðal sjúkragagna eru röntgenmyndir og því ekki talin ástæða til að tilgreina þær sérstaklega í lagaákvæðinu.

Um 6. gr.

Framkvæmd 26. gr. hefur reynst óþarflega tafsöm. Meðmæli landlæknis eru að mati heilbrigðisráðuneytisins nægjanleg í ljósi þess að eftirlit með starfi lækna er í höndum landlæknisembættisins. Tilgangur umsagnar er fyrst og fremst sá að afla upplýsinga um það hvort venjubundið eftirlit landlæknis hafi leitt nokkuð í ljós sem mælir gegn því að læknir megi reka áfram lækningastofu eftir að 75 ára aldri er náð. Um endurmat á lækniskunnáttu er ekki að ræða. Umsögn læknadeildar er því í raun óþörf auk þess sem hún kann að valda ónauðsynlegum töfum á afgreiðslu umsóknar.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Ed. 735. Breytingartillögur [167. mál]

við frv. til l. um Námsgagnastofnun og brtt. á þskj. 701.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur og Salome Þorkelsdóttur.

1. Við brtt. á þskj. 701,2. F-liður orðist svo:
   Við greinina bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Landssamtökum foreldrafélaga er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétti í námsgagnastjórn.

2. Við bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:
Meðan ekki eru starfandi landssamtök skal tilnefningum skv. 3. mgr. 2. gr. hagað þannig að samtök foreldrafélaga í hverju fræðsluumdæmi skiptast á um að tilnefna einn áheyrnarfulltrúa til eins árs í senn. Ef ekki eru starfandi foreldrasamtök í fræðsluumdæmi skulu fræðsluráðin hafa tilnefningarréttinn.

Nd. 736. Lög [240. mál]

vegna aðildar Íslands að Evrópusamningi um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

(Afgreidd frá Nd. 14. mars.)

Samhljóða þskj. 356.

Nd. 737. Lög [263. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 41/1973.

(Afgreidd frá Nd. 14. mars.)

Samhljóða þskj. 468.

Nd. 738. Frumvarp til laga [167. mál]

um Námsgagnastofnun.

(Eftir 3. umr. í Ed., 14. mars.)

1. gr.

Hlutverk Námsgagnastofnunar er að sjá grunnskólum fyrir sem bestum náms- og kennslugögnum sem eru í samræmi við uppeldis- og kennslufræðileg markmið laga um grunnskóla og aðalnámsskrár.

Heimilt er að fela Námsgagnastofnun að annast verkefni, hliðstæð þeim sem tilgreind eru í lögum þessum, fyrir tónlistarskóla og framhaldsskóla.

Stofnunin skal hafa samstarf við þá aðila sem vinna að stefnumörkun, rannsóknum og þróunarverkefnum í skólastarfi og menntun kennara.

Námsgagnastofnun heyrir undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Menntamálaráðherra skipar til þriggja ára í senn sjö manna námsgagnastjórn og jafnmarga til vara:

a. einn fulltrúa tilnefndan af Félagi skólastjóra og yfirkennara,
b. tvo fulltrúa tilnefnda af Kennarasambandi Íslands og skulu þeir starfa á grunnskólastigi,
c. einn fulltrúa tilnefndan af Hinu íslenska kennarafélagi og skal hann starfa á framhaldsskólastigi,
d. einn fulltrúa tilnefndan af Kennaraháskóla Íslands,
e. einn fulltrúa tilnefndan af fræðslustjórum,
f. einn fulltrúa tilnefndan af menntamálaráðherra.

Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna og ákveður laun stjórnarinnar.

Landssamtökum foreldrafélaga er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétti í námsgagnastjórn.

3. gr.

Námsgagnastofnun gerir fjárhags- og framkvæmdaáætlanir til allt að fimm ára. Námsgagnastjórn staðfestir áætlanir og fylgist með framkvæmd þeirra. Námsgagnastjórn ber ábyrgð á starfsemi og fjárreiðum stofnunarinnar og ræður starfslið hennar að fengnum tillögum forstjóra, sbr. þó 4. gr. laga þessara.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn að fengnum tillögum námsgagnastjórnar. Hann á sæti á fundum stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti og sér um framkvæmd á ákvörðunum hennar. Forstjóri annast daglega stjórn og fjárreiður stofnunarinnar.

5. gr.

Starfsemi Námsgagnastofnunar skiptist í deildir í samræmi við verkefni hennar, sbr. ákvæði í reglugerð.

Verkefni stofnunarinnar eru í megindráttum þessi:

Stofnunin annast gerð útgáfu, framleiðslu og dreifingu á náms- og kennslugögnum miðað við íslenskar þarfir og aðstæður. Hún kaupir og framleiðir fræðslumyndir eða er aðili að gerð þeirra.

Stofnunin annast kynningar- og fræðslustarfsemi fyrir skóla um námsgögn og kennslutæki.

Hún kaupir, selur og dreifir náms- og kennslugögnum frá öðrum aðilum.

Stofnunin hefur með höndum þróun námsgagna, kannanir og rannsóknir á gerð þeirra og notkun.

Námsgagnastofnun er heimilt að hafa þau náms- og kennslugögn, sem hún framleiðir, til sölu á frjálsum markaði.

6. gr.

Nemendur í skyldunámi skulu fá ókeypis námsgögn til eignar eða afnota samkvæmt ákvörðun námsgagnastjórnar.

Námsgagnastofnun sér um að námsgögn berist skólum á tilskildum tíma samkvæmt gildandi úthlutunarreglum sem námsgagnastjórn setur.

Afgreiðsla og uppgjör miðast við fjölda nemenda í hverjum aldursflokki samkvæmt opinberum skýrslum.

7. gr.

Kostnaður við starfsemi Námsgagnastofnunar greiðist úr ríkissjóði og af eigin tekjum stofnunarinnar sem eingöngu má verja í þágu þeirra verkefna sem þessi lög mæla fyrir um.

8. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um lög þessi og framkvæmd þeirra.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 45/1979, um Námsgagnastofnun.

Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan ekki eru starfandi landssamtök skal tilnefningu skv. 3. mgr. 2. gr. hagað þannig að samtök foreldrafélaga í hverju fræðsluumdæmi skiptast á um að tilnefna einn áheyrnarfulltrúa til eins árs í senn. Ef ekki eru starfandi foreldrasamtök í fræðsluumdæmi skulu fræðsluráðin hafa tilnefningarréttinn.

Sþ. 739. Fyrirspurn [423. mál]

til félagsmálaráðherra um fjárfestingu í íbúðarbyggingum og lánveitingar til þeirra.

Frá Þorvaldi Garðari Kristjánssyni.

1. Hve mikil er fjárfesting í íbúðarbyggingum sl. 10 ár?
2. Hve mikil eru lán á vegum Húsnæðisstofnunar ríkisins sl. 10 ár?
3. Hvert er hlutfall fjárfestingar í íbúðarbyggingum sl. 10 ár af
   a. þjóðarframleiðslu,
   b. heildarfjármunamyndun í landinu?

   Tilgreint verði fyrir hvert ár
   a. heildarupphæð fjárfestingar,
   b. fjöldi íbúða sem fjárfest er í,
   c. rúmmetrafjöldi íbúða sem fjárfest er í,
   d. heildarupphæð lánveitinga,
   e. fjöldi íbúða sem lán eru veitt til,
   f. rúmmetrafjöldi íbúða sem lán eru veitt til,
   g. hlutfall fjárfestingar af þjóðarframleiðslu,
   h. hlutfall fjárfestingar af heildarfjármunamyndun.

   Greint verði í öllu á milli annars vegar
   a. íbúðarbygginga sem ekki eru á félagslegum grundvelli og hins vegar
   b. félagslegra íbúðarbygginga sem verði sundurliðaðar eftir lánaflokkum.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 740. Fyrirspurn [424. mál]

til dómsmálaráðherra um ferð varðskipsins Týs til Norfolk.

Frá Þórhildi Þorleifsdóttur.

1. Hver er tilgangur fyrirhugaðrar ferðar varðskipsins Týs til Norfolk í apríl nk.?
2. Hvað verður Týr lengi í burtu? Hvað er áætlað að skipið sigli margar sjómílur í þessari ferð?
3. Hvaða ráðstafanir verða gerðar til að mæta fjarveru Týs af miðunum vegna umræddrar ferðar?
4. Hver er heildarkostnaður við þessa ferð? Hvernig er hann sundurliðaður í olíukostnað, laun og annað? Hver hefði rekstrarkostnaður skipsins orðið ef það hefði verið við venjuleg gæslustörf þennan tíma, sundurliðað á sama hátt? Hve margir skipverjar og farþegar verða í ferðinni og hve margir eru um borð við gæslustörf alla jafna?
5. Hver greiðir kostnaðinn við þessa ferð?

Nd. 741. Frumvarp til laga [265. mál]

um ábyrgðadeild fiskeldislána.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. mars.)

1. gr.

Starfa skal sérstök deild við Ríkisábyrgðasjóð er nefnist ábyrgðadeild fiskeldislána. Þegar ábyrgðadeild hefur hafið fulla starfsemi, en þó eigi síðar en 1. júlí 1990, tekur hún við öllum skuldbindingum og eignum Tryggingasjóðs fiskeldislána sem stofnaður var með lögum nr. 3 frá 13. janúar 1989. Sjóðurinn lýtur stjórn fjármálaráðherra.

2. gr.

Hlutverk ábyrgðadeildar fiskeldislána er að tryggja greiðslu eldislána, sem bankar og aðrar lánastofnanir veita eða útvega innlendum fiskeldisfyrirtækjum, þannig að rekstrar- og eldislán þeirra til fiskeldis geti numið allt að 75% af verðmæti eldisstofns. Skal það gert á þann hátt að deildin veitir sjálfskuldarábyrgð fyrir lánum, að hámarki 50% af verðmæti eldisstofns, til viðbótar við þau lán sem bankar og lánastofnanir veita viðkomandi fyrirtæki án ríkisábyrgðar. Heildarlán mega þó aldrei verða hærri en 75% af verðmæti eldisstofns. Heimilt er að veita sjálfskuldarábyrgðir fyrir lánveitingum banka og lánastofnana til hafbeitarfyrirtækja að uppfylltum skilyrðum skv. 2.–4. gr. laga þessara. Skal þá stjórnarnefnd deildarinnar móta sérstakar reglur fyrir veitingu slíkra sjálfsskuldarábyrgða og skulu þær samþykktar af fjármálaráðherra í formi reglugerðar.

3. gr.

Hvert fiskeldisfyrirtæki getur fengið sjálfskuldarábyrgð fyrir allt að 50% af verðmæti eldisstofns til eins árs í senn þó aldrei lengur en samtals í fjögur ár. Á næstu þremur árum á eftir lækkar hámarksábyrgð um sem næst þriðjung á hverju ári þar til sjálfskuldarábyrgð sjóðsins hverfur. Hámarkstími, sem fyrirtæki getur fengið sjálfskuldarábyrgð í, er sex ár. Heimildir til ábyrgðar skulu endurskoðaðar árlega af stjórnarnefnd deildarinnar.

4. gr.

Það er skilyrði fyrir veitingu sjálfskuldarábyrgðar að viðkomandi fiskeldisfyrirtæki fái samningsbundin eldislán frá banka eða öðrum lánastofnunum án ríkisábyrgðar og að fyrirtækið hafi þær tryggingar sem fullnægja skilyrðum lánastofnunarinnar. Stjórnarnefnd sjóðsins getur sett frekari skilyrði um tryggingar. Ábyrgðadeildin skal taka veð í eldisstofni fyrir sjálfskuldarábyrgðum sem hún veitir.

5. gr.

Fjármálaráðherra skal skipa þriggja manna stjórnarnefnd, þar af einn formann, til þriggja ára í senn. Jafnframt skulu skipaðir þrír varamenn. Stjórnarnefndin fjallar um allar umsóknir um sjálfskuldarábyrgðir samkvæmt lögum þessum og afgreiðir þær á grundvelli ítarlegs mats á stöðu og rekstraröryggi viðkomandi fyrirtækis. Fyrirtæki koma því aðeins til álita við veitingu sjálfskuldarábyrgða að grundvöllur teljist vera fyrir rekstri þeirra til lengri tíma. Stjórnarnefndin skal samþykkja kjör og form lána sem sjálfskuldarábyrgð er veitt fyrir.

6. gr.

Fjármálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum stjórnarnefndar, þau iðgjöld sem greidd skulu fyrir veitingu sjálfskuldarábyrgða. Iðgjöld skulu við það miðuð að deildin sé rekin hallalaus. Tekjuafgangur leggst í sérstakan varasjóð. Skal honum varið til greiðslu þeirra ábyrgðaskuldbindinga sem á ábyrgðadeildina kunna að falla. Ef ekki er fé fyrir hendi í varasjóði til greiðslu krafna þá skal það sem á vantar greitt úr Ríkisábyrgðasjóði.

7. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerðum nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um starfsreglur stjórnarnefndar, tryggingar, iðgjöld, innlausn krafna, meðferð og innheimtu innleystra krafna og sjálfsskuldarábyrgðir á lánveitingum banka og lánastofnana til hafbeitarfyrirtækja.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög þessi falla úr gildi í árslok 1999. Sama gildir um sjálfskuldarábyrgðir veittar á grundvelli þeirra.

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi 3. málsl. 1. mgr. 22. gr., 3. mgr. 22. gr. og setningarhlutinn „og nánari reglur um álagningu og innheimtu gjalda skv. 22. gr. ef til þess kemur“ úr 1. mgr. 23. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, sbr. lög nr. 3/1989, um breyting á þeim. Skuldaviðurkenningar sem fiskeldisfyrirtæki hafa gefið út vegna áhættugjalds á grundvelli sömu lagaheimilda falla einnig úr gildi. Hinn 1. júlí 1990 fellur úr gildi II. kafli laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, sbr. lög nr. 3/1989, um breyting á þeim. Ábyrgðir Framkvæmdasjóðs Íslands, sem byggjast á einfaldri ábyrgð Tryggingasjóðs fiskeldislána, falla niður samhliða því að Tryggingasjóður fiskeldislána er lagður niður.

Nd. 742. Breytingartillögur [265. mál]

við frv. til l. um ábyrgðadeild fiskeldislána.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (FrS, GGÞ, ÞÞ, MB).

1. Við 3. gr.
   a. Í stað orðanna „þremur árum“ í 2. málsl. komi: tveimur árum.
   b. Í stað orðanna „þriðjung á hverju ári“ í 2. málsl. komi: helming á hvoru ári.

Nd. 743. Nefndarálit [222. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39/1988, um bifreiðagjald.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um það Ásmund Stefánsson frá Alþýðusambandi Íslands, Hannes Sigurðsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Stefán Magnússon og Björn Pétursson frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda og Braga Sigurjónsson og Stefán A. Finnsson frá Landssambandi vörubifreiðastjóra. Þá sátu einnig fund nefndarinnar frá fjármálaráðuneytinu þeir Bolli Þór Bollason og Snorri Olsen.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Umsögn Alþýðusambands Íslands er prentuð sem fylgiskjal með áliti þessu.

Alþingi, 14. mars 1990.

Páll Pétursson, form. | Jón Sæmundur Sigurjónsson, frsm. | Ragnar Arnalds.

Guðmundur G. Þórarinsson.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 14. mars 1990.

Páll Pétursson,
form. fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar Alþingis,
Alþingi.

Í framhaldi af fundi okkar í morgun vil ég taka eftirfarandi fram:
Ég hef kannað áhrif frumvarps til breytinga á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, á framfærsluvísitölu. Þó málið hafi ekki verið yfirfarið í Kauplagsnefnd tel ég allt benda til þess að með breytingunum sé uppfyllt það fyrirheit ríkisstjórnarinnar að náð verði verðlagsáhrifum sem svara 0,3% á mælikvarða framfærsluvísitölu.

Virðingarfyllst,
f.h. Alþýðusambands Íslands,
Ásmundur Stefánsson.

Nd. 744. Breytingartillögur [222. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 39/1988, um bifreiðagjald.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, JSS, RA, GGÞ).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   2. gr. laganna orðist svo:
   Bifreiðagjald skal vera 3,91 kr. fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd bifreiðar. Sé bifreið þyngri en 1.000 kg skal að auki greiða 1,96 kr. fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd bifreiðar sem er umfram 1.000 kg. Þó skal aldrei greiða lægra gjald en 2.000 kr. né hærra gjald 11.500 kr. af hverri bifreið á hverju gjaldtímabili, sbr. 1. mgr. 3. gr.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „1. nóvember 1989, þ.e. 155,5 stig“ komi: 1. júní 1990.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1990. Þó skal ákvæði til bráðabirgða I öðlast þegar gildi og innheimta bifreiðagjalds samkvæmt því koma til framkvæmda fyrir gjaldtímabilið 1. janúar 1990 til 30. júní 1990.
4. Við bætist ákvæði til bráðabirgða I svohljóðandi:
   Bifreiðagjald fyrir gjaldtímabilið 1. janúar 1990 til 30. júní 1990 skal vera 3,40 kr. fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd bifreiðar. Sé bifreið þyngri en 1.000 kg skal að auki greiða 1,70 kr. fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd bifreiðar sem er umfram 1.000 kg. Þó skal aldrei greiða lægra gjald en 1.700 kr. né hærra gjald en 10.000 kr. af hverri bifreið á hverju gjaldtímabili, sbr. 1. mgr. 3. gr.
5. Við bætist ákvæði til bráðabirgða II svohljóðandi:
   Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 3. gr. skal gjalddagi og eindagi fyrir gjaldtímabilið 1. júlí 1990 til 31. desember 1990 vera 1. október 1990.

Ed. 745. Frumvarp til laga [425. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

Heiti XXII. kafla breytist svo að í stað „**Skírlífisbrot**“ komi: **Kynferðisbrot.**

2. gr.

194. gr. orðist svo:

Hver sem með ofbeldi eða hótun um ofbeldi þröngvar manneskju til holdlegs samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi allt að 10 árum. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.

Hafi hættuleg aðferð verið notuð við verknaðinn eða sakir eru miklar að öðru leyti, skal refsing vera fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum.

3. gr.

195. gr. orðist svo:

Hver sem með annars konar ólögmætri nauðung þröngvar manneskju til samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

4. gr.

196. gr. orðist svo:

Hver sem notfærir sér geðveiki eða aðra andlega annmarka manneskju til þess að hafa við hana samræði eða önnur kynferðismök utan hjónabands eða óvígðrar sambúðar, eða þannig er ástatt um hana að öðru leyti að hún getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans, skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

5. gr.

197. gr. orðist svo:

Ef umsjónarmaður eða starfsmaður í fangelsi, geðsjúkrahúsi, vistheimili, uppeldisstofnun eða annarri slíkri stofnun hefur samræði eða önnur kynferðismök við vistmann eða vistkonu á stofnuninni varðar það fangelsi allt að 4 árum.

6. gr.

198. gr. orðist svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við manneskju utan hjónabands eða óvígðrar sambúðar með því að misnota freklega þá aðstöðu sína að hún er honum háð fjárhagslega eða í atvinnu sinni skal sæta fangelsi allt að 3 árum eða, sé manneskjan yngri en 18 ára, allt að 6 árum.

7. gr.

199. gr. orðist svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við manneskju vegna þess að hún heldur ranglega að þau hafi samræði eða önnur kynferðismök í hjónabandi eða óvígðri sambúð, eða hún er í þeirri villu að hún heldur sig hafa samræði eða önnur kynferðismök við einhvern annan, skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

Sömu refsingu varðar það ef samræði eða önnur kynferðismök eiga sér stað vegna þeirrar blekkingar að um læknisfræðilega eða aðra vísindalega meðferð sé að ræða.

8. gr.

200. gr. orðist svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn sitt eða annan niðja skal sæta fangelsi allt að 6 árum, og allt að 10 ára fangelsi, sé barnið yngra en 16 ára.

Önnur kynferðisleg áreitni manns gagnvart barni sínu eða öðrum niðja en sú, er greinir í 1. mgr., varðar allt að 2 ára fangelsi og allt að 4 ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára.

Samræði eða önnur kynferðismök milli systkina varða fangelsi allt að 4 árum. Hafi annað systkina eða bæði ekki náð 18 ára aldri, þegar verknaður átti sér stað, má ákveða að refsing falli niður að því er þau varðar.

9. gr.

201. gr. orðist svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn eða ungmenni, yngra en 18 ára, sem er kjörbarn hans, stjúpbarn, fósturbarn, sambúðarbarn eða ungmenni, sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis, skal sæta fangelsi allt að 4 árum og allt að 6 ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára.

Önnur kynferðisleg áreitni en sú, sem greinir í 1. mgr., varðar fangelsi allt að 2 árum og allt að 4 ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára.

10. gr.

202. gr. orðist svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn, yngra en 14 ára, skal sæta fangelsi allt að 10 árum. Önnur kynferðisleg áreitni varðar fangelsi allt að 4 árum.

Hver sem með blekkingum, gjöfum eða á annan hátt tælir ungmenni á aldrinum 14–16 ára til samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

11. gr.

204. gr. orðist svo:

Hafi brot skv. 201. eða 202. gr. verið framið í gáleysi um andlegt ástand eða aldur þess, er fyrir broti varð, skal beita vægari refsingu að tiltölu sem þó má ekki fara niður úr lægsta stigi refsivistar.

12. gr.

205. gr. orðist svo:

Refsing skv. 194.–199., 202. og 204. gr. má falla niður ef karl og kona, er kynferðismökin hafa gerst í milli, hafa síðar gengið að eigast eða tekið upp óvígða sambúð, ef þau voru þá í hjónabandi eða óvígðri sambúð, hafa eftir það tekið upp eða haldið áfram sambúð.

13. gr.

206. gr. orðist svo:

Hver sem stundar vændi sér til framfærslu eða hefur atvinnu eða viðurværi sitt af lauslæti annarra skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

Sömu refsingu varðar það að ginna, hvetja eða aðstoða ungmenni, yngra en 18 ára, til þess að hafa ofan af fyrir sér með lauslæti.

Sömu refsingu varðar það einnig að stuðla að útflutningi nokkurs manns úr landi í því skyni að hann hafi ofan af fyrir sér erlendis með lauslæti ef útflytjandinn er yngri en 21 árs eða honum er ókunnugt um þennan tilgang með utanförinni.

Hver sem stuðlar að því með ginningum, hvatningum eða milligöngu að aðrir hafi holdlegt samræði eða önnur kynferðismök gegn greiðslu eða gerir sér lauslæti annarra að tekjulind, svo sem með útleigu húsnæðis eða öðru, skal sæta fangelsi allt að 4 árum, en sektum eða varðhaldi ef málsbætur eru.

14. gr.

208. gr. orðist svo:

Nú hefur maður, sem sæta skal refsingu eftir 206. gr., áður verið dæmdur fyrir brot á þeirri grein eða hann hefur áður verið dæmdur til fangelsisvistar fyrir auðgunarbrot, má þyngja refsingu svo að bætt sé við hana allt að helmingi hennar.

15. gr.

209. gr. orðist svo:

Hver sem með lostugu athæfi særir blygðunarsemi manna eða er til opinbers hneykslis skal sæta fangelsi allt að 4 árum, en varðhaldi eða sektum ef brot er smávægilegt.

16. gr.

Úr 181. gr. falli niður orðin „eða lauslæti eða fær viðurværi sitt frá kvenmanni, sem hefur ofan af fyrir sér með lauslæti".

Enn fremur falli brott 190. gr., 203. gr. og 207. gr.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi en varð ekki útrætt. Það er nú lagt fram að nýju óbreytt, með þeirri undantekningu að 12. gr. frumvarpsins hefur verið lagfærð.

Hinn 22. maí 1984 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktunartillögu:

„Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa 5 manna nefnd er kanni hvernig háttað er rannsókn og meðferð nauðgunarmála og geri tillögur til úrbóta í þeim efnum."

Þáverandi dómsmálaráðherra, Jón Helgason, skipaði 12. júlí 1984 eftirtalda í nefndina: Jónatan Þórmundsson prófessor, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Ásdísi J. Rafnar lögfræðing, Guðrúnu Agnarsdóttur, lækni og alþingismann, Hildigunni Ólafsdóttur afbrotafræðing og Sigrúnu Júlíusdóttur félagsráðgjafa.

Þorsteini A. Jónssyni, deildarstjóra í dómsmálaráðuneytinu, var falið að vera ritari nefndarinnar.

Nefndin lauk störfum og skilaði skýrslu sinni til dómsmálaráðherra í nóvember 1988. Meðal tillagna nefndarinnar var að ákvæðum 194.–199. gr. í XXII. kafla hegningarlaga nr. 19/1940 verði breytt og skilaði nefndin frumvarpi þar að lútandi.

Með hliðsjón af þeirri stefnubreytingu sem fram kom í frumvarpi nauðgunarmálanefndar um breyting á almennum hegningarlögum og því að á Alþingi vorið 1988 var frumvarpi um breyting á 202. og 203. gr. almennra hegningarlaga vísað til ríkisstjórnarinnar ákvað dómsmálaráðherra að leggja frumvarp nauðgunarmálanefndar ekki fram fyrr en endurskoðun á öðrum greinum í XXII. kafla hegningarlaganna væri lokið.

Jónatan Þórmundsson prófessor vann það verk í samvinnu við Þorstein A. Jónsson, deildarstjóra í dómsmálaráðuneytinu.

Almennar athugasemdir við lagafrumvarpið.

Um gildissvið breyttra ákvæða.

Frumvarp þetta felur í sér endurskoðun á XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um skírlífisbrot og á 190. gr. úr XXI. kafla laganna um sifskaparbrot.

Í samræmi við tillögur nauðgunarmálanefndar tekur endurskoðun þessi annars vegar til 194.–199. gr., sbr. 202. gr. laganna. Öll þessi ákvæði eru nú kynbundin, þ.e. einungis konur njóta refsiverndar samkvæmt þeim og karlar einir geta verið gerendur. Kona gæti þó gerst sek

um hlutdeild í broti karlmanns. Rétt þykir að öll þessi ákvæði nái jafnt til karla sem kvenna í samræmi við réttarþróun í öðrum löndum. Í norsku hegningarlögunum hefur lengi verið ókynbundið ákvæði, en lögum var einnig breytt í það horf í Danmörku 1981 og í Svíþjóð 1984. Þótt brot þessi bitni nær eingöngu á konum og núverandi orðalag sé því næst raunveruleikanum er ekki ástæða til að ætla að víðtækara orðalag raski á nokkurn hátt réttarstöðu kvenna.

Hins vegar tekur endurskoðunin til 190. gr. um sifjaspell og 200.–209. gr. Nokkur þessara ákvæða eru nú kynbundin og er þeim öllum með frumvarpi þessu breytt í það horf að þau verði ókynbundin. Ákvæði frumvarpsins eiga því jafnt við um athafnir karla og kvenna og taka til kynferðismaka og annarra kynferðisathafna samkynja persóna eftir því sem við á.

Um verknað og fullframningu.

Ákvæði 190. gr. og 194.–201. gr. eru nú á því byggð að samræði eigi sér stað. Ekki er ætlast til í frumvarpi þessu að fullframið samræði sé virt með sama hætti og tíðkast hefur í réttarframkvæmd, þ.e. þegar getnaðarlimur karlmanns er kominn inn í fæðingarveg konu og samræðishreyfingar hafnar. Nægilegt er að getnaðarlimur karlmanns sé kominn inn í fæðingarveg konu að nokkru leyti eða öllu. Sáðlát þarf ekki að hafa átt sér stað og meyjarhaft þarf ekki að rofna, ef því er að skipta. Nákvæm skilgreining fullframins samræðis skiptir minna máli en áður ef fyrirhugaðar breytingar verða að lögum, svo sem nú skal nánar skýrt.

Lagt er til, að svokölluð „önnur kynferðismök“, sem nú er fjallað um í 202. gr. hgl., verði lögð að jöfnu við samræði, svo sem gert hefur verið í hinum nýju sænsku ákvæðum í Brottsbalken frá 1984. Svarar þá hvort tveggja nokkurn veginn til hugtaksins „utuktig omgang“ í 192. gr. norsku hegningarlaganna. Ber að skýra hugtakið „önnur kynferðismök“ fremur þröngt, þannig að átt sé við kynferðislega misnotkun á líkama annarrar manneskju, er kemur í stað hefðbundins samræðis eða hefur gildi sem slíkt (surrogat). Eru þetta athafnir sem veita eða eru almennt til þess fallnar að veita hinum brotlega kynferðislega fullnægingu.

Ný ákvæði eru í 8.–10. gr. frumvarpsins um breyting á 200.–202. gr. laganna um kynferðislega áreitni, sem ekki telst slík misnotkun á líkama að hún komi í staðhefðbundins samræðis eða hafi gildi sem slíkt, þ.e. „önnur kynferðismök“. Hér er átt við ýmiss konar káf, þukl og annars konar líkamlega snertingu og ljósmyndun af kynferðislegum toga sem hingað til hefur verið heimfært undir 209. gr. laganna. Rétt þykir að veita slíkri háttsemi meiri athygli en áður með þessu sérákvæði og taka harðar á brotum. Með þessu er engan veginn ætlunin, fremur en verið hefur, að takmarka eðlilega umhirðu og gælur foreldra og annarra ættingja við börn sín og barnabörn.

Ef kynferðisathafnir falla ekki undir neina af ofangreindum verknaðarlýsingum, þ.e. samræði, önnur kynferðismök eða aðra kynferðislega áreitni kann 209. gr. að eiga við um þær (brot gegn blygðunarsemi).

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er tekið upp heitið kynferðisbrot í stað skírlífisbrot. Eðlilegt er að miða fremur við einkenni háttseminnar en þau áhrif, sem hún hefur á brotaþola eða öllu heldur á hið siðræna viðhorf almennings til brots og brotaþola.

Um 2. gr.

Lýsing verknaðaraðferða er rýmkuð að því leyti að auk beinnar valdbeitingar tekur þetta ákvæði frumvarpsins til allra refsiverðra ofbeldishótana en ekki til annarra hótana, sbr. hins vegar nú 196. gr. hgl. Einnig felst í ákvæðinu rýmkun á þann veg að ekki er lengur áskilið að hótun veki ótta um líf, heilbrigði eða velferð. Ofbeldishótanir eru almennt svo alvarlegar í eðli sínu, að óþarft er að halda þessu skilyrði. Að sjálfsögðu dæma dómstólar aðeins fyrir þær hótanir, sem alvarlega eru meintar eða hótunarþoli hefur a.m.k. réttmæta ástæðu til að taka

alvarlega. Orðalag hins nýja ákvæðis útilokar ekki að efni ofbeldishótunar geti beinst að nánum vandamanni brotaþola eða að því sé ætlað að bitna á honum, t.d. barni brotaþola, sbr. gildandi ákvæði.

Ekki felst efnisbreyting í 2. málsl. 1. mgr. varðandi aðferðir sem lagðar verða að jöfnu við ofbeldi.

Lagt er til að ákvæðið verði tvískipt, almennt ákvæði (1. mgr.) og refsihækkunarákvæði með sjálfstæðum refsimörkum (2. mgr.). Er sú tilhögun álitlegri að gefa nokkurt svigrúm í almenna ákvæðinu fremur en að taka upp strangara almennt ákvæði að viðbættu refsilækkunarákvæði. Sem refsihækkunarástæða er nefnd hættuleg aðferð, t.d. notkun bareflis eða annarra vopna, og miklar sakir að öðru leyti, svo sem ef brot er framið af mörgum mönnum saman, sbr. 2. mgr. 70. gr., ef um endurtekin brot er að ræða eða trúnaðarbrot.

Almenn refsimörk ákvæðisins eru milduð frá því sem nú er, þ.e. 10 ára fangelsi sem hámark og 30 daga fangelsi sem lágmark, sbr. 34. gr. hgl. Séu refsihækkunarástæður fyrir hendi eru refsimörk svipuð og nú, þ.e. hámark 16 ára fangelsi og lágmark 1 árs fangelsi. Fellt er niður ævilangt fangelsi. Rétt er að taka fram að ofangreind refsimörk eru þyngri en í dönsku hegningarlögunum, svipuð og í sænsku refsilögunum, en ívið vægari en í norska ákvæðinu. Sænsku lögin hafa að vísu tveggja og fjögurra ára lágmark, en tiltölulega mild hámarksákvæði.

Um 3. gr.

Greinin svarar efnislega til 196. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að allar ofbeldishótanir varða við 194. gr. samkvæmt frumvarpinu. Verður aðgreiningin við það mun gleggri milli nauðgunarbrota og annarrar ólögmætrar kynferðisnauðungar. Engin dæmi eru hér nefnd um slíka nauðung en hafa má 225. gr. hgl. til hliðsjónar þótt sú grein sé ekki tæmandi hér. Nefna má hótanir yfirboðara eða samstarfsmanns á vinnustað um uppsögn, óhagstæð starfskjör, sakburð eða annað óhagræði. Refsimörk eru óbreytt.

Um 4. gr.

Það nýmæli felst í þessu ákvæði að um ótvíræða misneytingaraðferð þarf að vera að ræða („notfærir sér"). Tilgreint ástand brotaþola nægir ekki eitt sér. Hinu afbrigðilega ástandi brotaþola er lýst með nokkru almennari orðum en í gildandi ákvæði 195. gr. („andlegir annmarkar"). Slík rýmkun verður tæpast talin varhugaverð ef misnotkun aðstöðu er áskilin hverju sinni. Rétt þykir að leggja óvígða sambúð að jöfnu við hjúskap í þessu sambandi.

Um 5. gr.

Fyrir utan þær breytingar, sem lýst var í hinum almennu athugasemdum, er ákvæðið að mestu óbreytt efnislega, þótt stofnananöfn séu færð í nútímahorf.

Um 6. gr.

Refsimörk eru hér þyngd og aldursmark lækkað. Hins vegar þykir rétt í þessu sambandi að leggja óvígða sambúð að jöfnu við hjúskap.

Um 7. gr.

Auk þeirra tveggja svikaþátta, sem fyrir eru í gildandi ákvæði, er bætt við svikum í sambandi við læknisfræðilega eða aðra vísindalega meðferð. Rétt þykir í 1. mgr. ákvæðisins að leggja óvígða sambúð að jöfnu við hjúskap.

Um 8. gr.

Meginefni 190. gr. um sifjaspell er með þessu ákvæði flutt úr XXI. kafla laganna um sifskaparbrot í hinn nýja kafla um kynferðisbrot og sameinað þar nýju ákvæði um aðra

kynferðislega áreitni gagnvart niðjum. Fer betur á þessari tilhögun þar sem slík brot eru oft nátengd öðrum brotum gegn ákvæðum þessa kafla, einkum 202. gr., sbr. 10. gr. frumvarpsins.

Í ákvæði þessu eru „önnur kynferðismök“ lögð að jöfnu við samræði og má um það nýmæli vísa til almennra athugasemda með frumvarpi þessu.

Felld er niður refsiábyrgð barna og annarra niðja sem hlut eiga að samræði eða öðrum kynferðismökum milli ættingja í beinan ættlegg. Til þess liggja m.a. þau rök að alla jafna eru það börn og ungmenni sem sæta misnotkun af hálfu hinna eldri er skáka í skjóli aldurs og reynslu. Breyting þessi er og í samræmi við lög í nálægum löndum, svo sem í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Ákvæðið á jafnt við brot gagnvart skilgetnum og óskilgetnum börnum og það nær til brota kynforeldris gagnvart barni, sem ættleitt hefur verið af öðrum, enda sé ásetningur fyrir hendi.

Sé barn yngra en 14 ára verður hinum brotlega einnig refsað fyrir brot gegn 202. gr. (concursus idealis), sbr. 77. og 78. gr. laganna. Sama máli gegnir ef nauðung er beitt. Þá reynir jafnframt á 194. eða 195. gr.

Refsimörk ákvæðisins eru nokkuð þyngd frá því sem nú er þar sem almenna hámarkið í 1. mgr. er hækkað úr fjórum árum í sex ár og úr sex árum í 10 ár, sé barnið yngra en 16 ára (miðað er við 18 ára aldur í gildandi lögum). Refsimörk þau, sem hér er gert ráð fyrir, eru þyngri en tíðkast í nálægum löndum og er svo einnig um flest þau ákvæði er á eftir fara.

Ákvæðið í 3 mgr. um systkini er eins og önnur ákvæði kaflans rýmkað á þann veg að „önnur kynferðismök“ eru lögð að jöfnu við samræði. Ákvæðið tekur jafnt til hálfsystkina sem alsystkina. Þá eru refsimörk hert, en hinsvegar er refsibrottfallsheimild rýmkuð með því að miða við 18 ára aldur í stað 16 ára.

Um 9. gr.

Ákvæði þetta svarar að nokkru til 201. gr. eins og hún hljóðar nú. Í samræmi við önnur ákvæði kaflans eru „önnur kynferðismök“ lögð að jöfnu við samræði. Ákvæðið verður ókynbundið eins og öll önnur ákvæði kaflans. Í upptalningu barna er bætti við stjúpbarni og sambúðarbarni. Áhersla er hér lögð á það að vernda heimilið og fjölskyldulíf fyrir háttsemi sem er til þess fallin að raska fjölskylduböndum og særa trúnað og traust barna á sameiginlegu heimili. Með fósturbarni er átt við hvert það barn sem beint eða óbeint er tengt ákveðnu heimili á þann veg að það lítur á það sem sitt (annað) heimili.

Hliðstætt ákvæði því, sem lagt er til að verði í 200. gr., sbr. 8. gr. frumvarpsins um kynferðislega áreitni, er einnig sett í þessa grein.

Almenn refsimörk 1. mgr. ákvæðisins eru hin sömu og 201. gr. gildandi laga, en hér er bætt við þyngra refsihámarki sé barn yngra en 16 ára.

Um 10. gr.

Grein þessi svarar til 200. gr. gildandi laga. Eins og annars staðar í kaflanum eru „önnur kynferðismök“ lögð að jöfnu við samræði. Bætt er við sérstöku ákvæði í 1. mgr. um aðra kynferðislega áreitni. Má um þetta tvennt vísa til þess sem áður er komið fram. Refsihámark 1. mgr. er lækkað úr 12 árum í 10 ár til samræmis við önnur ákvæði kaflans um alvarleg brot. Sé að auki um saknæma aðferð við brot að ræða, t.d. nauðung, er öðrum ákvæðum beitt jafnframt (concursus idealis) og þá tekið tillit til beggja (allra) brotanna við ákvörðun refsingar í samræmi við ákvæði 77. og 78. gr. laganna um brotasamsteypu. Refsimörk ákvæðisins eru svipuð og í Danmörku og Noregi, en mun þyngri en í sænsku lögunum.

Síðari málsgrein ákvæðisins er hér ókynbundin og heldur fyllri en í gildandi ákvæði með því að taldar eru upp dæmigerðar aðferðir við tælingu.

Um 11. gr.

Grein þessi er efnislega óbreytt. Hún vísar þó ekki lengur til 195. gr. (hér eftir 196. gr., sbr. 4. gr. frumvarpsins). Slík tilvísun á ekki lengur við þar sem nú er áskilin ótvíræð misneyting í 196. gr. („notfærir sér"). Tilgreint ástand brotaþola nægir ekki eitt sér. Ekki er heldur vísað til 203. gr. þar sem lagt er til í frumvarpinu að afnumin verði öll sérákvæði um kynferðisbrot samkynhneigðra persóna.

Um 12. gr.

Ákvæðið er óbreytt að öðru leyti en því að óvígð sambúð er lögð að jöfnu við hjúskap og að greinin tekur ekki til brota gegn 200. og 201. gr., sbr. 8. og 9. gr. frumvarpsins.

Um 13. gr.

Sú breyting er gerð á þessari grein að efni 181. gr. um vændi og hagnýtingu þess er flutt í 1. mgr. greinarinnar og jafnframt breytt í ókynbundið ákvæði. Refsihámarkið er hækkað úr tveimur árum í fjögur ár.

2.–4. mgr. greinarinnar svara til 206. gr. gildandi laga með þeirri rýmkun á efnissviði 4. mgr. frá því sem nú er í 1. mgr. ákvæðisins að sá sem með ginningum, hvatningum eða milligöngu stuðlar að því að aðrir hafi holdlegt samræði eða önnur kynferðismök gegn greiðslu, skal sæta refsingu eins og sá sem gerir sér lauslæti annarra að tekjulind. Hér getur t.d. verið um að ræða útvegun ungmenna til þátttöku í kynlífsmyndum eða milligöngu um að manneskja háð vímuefnum eigi kynferðismök gegn greiðslu í einstakt skipti eða oftar.

Um 14. gr.

Á þessari grein eru einungis gerðar smávægilegar breytingar til samræmis við aðrar breytingar er af frumvarpinu leiðir.

Um 15. gr.

Formlega séð eru óverulegar breytingar gerðar á grein þessari. Refsimörkin eru þó hert nokkuð. Af nýjum sérákvæðum í 200.–202. gr., sbr. 8.–10. gr. frumvarpsins um kynferðislega áreitni leiðir hins vegar að undir 209. gr. fellur nú fyrst og fremst ýmiss konar háttsemi önnur en káf og þukl á líkama, t.d. gægjur á glugga, berháttun og önnur strípihneigð og klúrt orðbragð í síma.

Um 16. gr.

Um 1. mgr. Sjá skýringar við 13. gr. frumvarpsins.

Um 2. mgr. Meginefni 190. gr. laganna er flutt í 200. gr., sbr. 8. gr. frumvarpsins. Sjá nánar skýringar við þá grein.

Þá er lagt til að 203. gr. hgl. verði felld brott. Ástæða þess er að hin nýju ákvæði frumvarpsins eru ókynbundin og taka til athafna samkynja persóna, eftir því sem við á. Nauðungarbrot karlmanns gagnvart öðrum karlmanni varðar þannig við 194. eða 195. gr., sbr. 2. og 3. gr. frumvarpsins, og við brotinu liggur sú refsing er þar getur um.

Loks er lagt til að 207. gr. hgl. verði felld brott. Miðað við nútímaviðhorf gagnvart samkynhneigðum er ákvæðið úrelt.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 746. Fyrirspurn [426. mál]

til menntamálaráðherra um rannsóknir og vísindastarfsemi.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Hve margt starfsfólk í Stjórnarráðinu annast málefni er varða rannsóknir og vísindastarfsemi í þjóðfélaginu?
2. Hve margt starfsfólk hefur slíkt hlutverk að meginviðfangsefni?
3. Telur menntamálaráðherra þörf á því að fjölga þeim sem sinna þessu mikilvæga hlutverki innan Stjórnarráðsins eða skipuleggja verksvið þeirra er nú annast þessi málefni þannig að þeim gefist meiri tími til verkefna sem varða rannsóknir og vísindastarfsemi?

Sþ. 747. Fyrirspurn [427. mál]

til utanríkisráðherra um vopnaburð íslenskra lögreglumanna í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli.

Frá Guðna Ágústssyni.

1. Hver tók ákvörðun um vopnaburð íslenskra lögregluþjóna í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli árið 1986?
2. Hvaða reglur eru í gildi varðandi umgengnisvenjur vopnaðra lögregluþjóna í flugstöðinni? Hversu margir starfa í vopnadeildinni?
3. Hver var kostnaður af sérdeild vopnaðra lögreglumanna frá upphafi til síðustu áramóta?
4. Hver var ástæða þess að vopnaðir lögregluþjónar yfirtóku störf tollvarða við málm- og vopnaleitartæki í flugstöðinni í nóvember sl.?
5. Hversu oft hefur þurft að beita vopnum?

Nd. 748. Frumvarp til laga [428. mál]

um grunnskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

I. KAFLI

Markmið og skólaskylda.

1. gr.

Ríki og sveitarfélögum er skylt að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6 til 16 ára eftir því sem nánar segir í lögum þessum. Skóli þessi nefnist grunnskóli. Öllum börnum og unglingum á framangreindum aldri er skylt að sækja skóla en frá því má þó veita undanþágu, sbr. 5., 7. og 8. gr.

Sveitarfélögum eða einkaaðilum er óheimilt að reka skóla fyrir börn undir skólaskyldualdri nema með leyfi menntamálaráðuneytisins.

Þegar tilgreindur er aldur nemanda í lögum þessum miðast hann við það almanaksár er nemandinn nær nefndum aldri.

2. gr.

Hlutverk grunnskólans, í samvinnu við heimilin, er að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir skólans skulu því mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi. Skólinn skal temja nemendum víðsýni og efla skilning þeirra á kjörum fólks og umhverfi, á íslensku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum

og á skyldum einstaklingsins við samfélagið. Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að fjölbreyttum þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins.

Grunnskólinn skal veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og til þess að temja sér vinnubrögð sem stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal því leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

3. gr.

Grunnskóli er tíu ára skóli.

Hverjum grunnskóla má skipta í einingar með ákvörðun hlutaðeigandi sveitarstjórna og samþykki menntamálaráðuneytisins. Stefnt skal að því að hver grunnskóli sé heildstæður og einsetinn og nemendur séu ekki fleiri en 650.

4. gr.

Í strjálbýli skal stefnt að heimanakstri nemenda en ekki heimavist. Óheimilt er að láta börn yngri en tíu ára dvelja í heimavist nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi að mati fræðslustjóra. Sveitarstjórn er heimilt að koma á fót skólaseljum frá aðalskóla, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis.

5. gr.

Skólanefnd getur borið fram við fræðslustjóra rökstudda beiðni um tímabundna undanþágu frá því að uppfylla að fullu ákvæði 1. gr. þessara laga um skólaskyldu eða lágmarksákvæði 41. gr. um starfstíma skóla. Að fenginni tillögu fræðslustjóra úrskurðar menntamálaráðuneytið hvort eða að hve miklu leyti slík undanþága skuli veitt.

6. gr.

Forráðamaður skólaskylds barns ber ábyrgð á að barnið innritist í skóla þegar það kemst á skólaskyldualdur og að það sæki skólann. Verði verulegur misbrestur á skólasókn skólaskylds barns án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli skal skólastjóri reyna að leysa málið í samvinnu við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu og skólanefnd. Takist það ekki skal málinu vísað til fræðslustjóra. Vilji forráðamaður barnsins ekki hlíta ákvörðun fræðslustjóra getur hvor aðili um sig vísað málinu til barnaverndarnefndar.

7. gr.

Undanþegin því að sækja grunnskóla skv. 1. gr. eru:

a. börn sem sækja viðurkennda einkaskóla, sbr. 72. gr.,
b. börn er búa í skólahverfum sem fengið hafa undanþágu skv. 5. gr.

8. gr.

Sæki forráðamaður skólaskylds barns um tímabundna undanþágu barnsins frá skólasókn er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu, í samráði við umsjónarkennara, telji hann til þess gildar ástæður. Fræðslustjóra skal gert viðvart um slíkar undanþágur.

II. KAFLI

Stjórn grunnskóla.

9. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra málefna er lög þessi taka til.

Grunnskólaráð er samstarfsvettvangur menntamálaráðuneytisins og þeirra aðila er starfa að málefnum grunnskólans. Verkefni þess eru m.a. að hafa yfirlit yfir lög og reglur sem varða grunnskóla, gefa ráð um lagfæringar á þeim og samræmi á milli þeirra. Grunnskólaráð

fylgist með framkvæmd grunnskólalaga og aðalnámsskrár, veitir ráðgjöf og mótar stefnu um samræmi í starfi þeirra sem vinna að skólamálum.

Ráðið skal skipað níu fulltrúum. Tveimur fulltrúum kennarasamtaka og skal annar þeirra vera skólastjórnandi, einum fulltrúa foreldrafélaga eða samtaka þeirra, einum fulltrúa Kennaraháskóla Íslands, einum fulltrúa Háskóla Íslands, einum fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga, einum fulltrúa Námsgagnastofnunar auk tveggja fulltrúa menntamálaráðuneytisins og skal annar þeirra vera fræðslustjóri. Jafnmargir skulu tilnefndir til vara.

Grunnskólaráð skal skipað til tveggja ára í senn. Menntamálaráðuneytið setur grunnskólaráði erindisbréf, kveður nánar á um skipun þess, starfstilhögun og starfssvið. Ráðuneytinu til aðstoðar við fjárhagslega framkvæmd laganna skal vera samstarfsnefnd, skipuð tveimur fulltrúum frá menntamálaráðuneytinu og tveimur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Skal hún fá til umsagnar reglugerðir sem varða fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum áður en þær eru gefnar út. Enn fremur fái hún til umsagnar ágreiningsatriði, sem kunna að koma upp varðandi þessi samskipti, áður en þau koma til úrskurðar.

Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn að loknum sveitarstjórnarkosningum. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

10. gr.

Landið skiptist í fræðsluumdæmi sem hér segir:

1. Reykjavíkurumdæmi sem nær yfir Reykjavík.
2. Reykjanesumdæmi sem nær yfir Gullbringu- og Kjósarsýslu, Hafnarfjörð, Keflavík, Grindavík, Njarðvík, Garðabæ, Seltjarnarnes, Kópavog og Mosfellsbæ.
3. Vesturlandsumdæmi sem nær yfir Borgarfjarðarsýslu, Akranes og Borgarnes, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Ólafsvík, Stykkishólm og Dalasýslu.
4. Vestfjarðaumdæmi sem nær yfir Austur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjörð, Bolungarvík, Norður-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu.
5. Norðurlandsumdæmi vestra sem nær yfir Vestur-Húnavatnssýslu, Austur-Húnavatnssýslu, Blönduós, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrók og Siglufjörð.
6. Norðurlandsumdæmi eystra sem nær yfir Eyjafjarðarsýslu, Akureyri, Ólafsfjörð, Dalvík, Suður-Þingeyjarsýslu, Húsavík og Norður-Þingeyjarsýslu.
7. Austurlandsumdæmi sem nær yfir Norður-Múlasýslu, Seyðisfjörð, Suður-Múlasýslu, Neskaupstað, Eskifjörð, Egilsstaði, Austur-Skaftafellssýslu og Höfn.
8. Suðurlandsumdæmi sem nær yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Vestmannaeyjar, Rangárvallasýslu, Árnessýslu, Selfoss og Hveragerði.

Í hverju fræðsluumdæmi skal vera fræðsluráð og fræðsluskrifstofa.

11. gr.

Fræðsluráð skal skipað fimm eða sjö mönnum, sem kjörnir eru af sveitarstjórnum eða samtökum sveitarfélaga í hlutaðeigandi fræðsluumdæmi. Jafnmargir skulu kjörnir til vara. Um kosningu og starfshætti fer eftir meginreglum sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.

Í reglugerð skal kveðið á um fundi fræðsluráðs og starfssvið og um fundarsetu fræðslustjóra, skólastjóra, fulltrúa kennara, fulltrúa foreldra og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka, svo og annarra aðila, t.d. fulltrúa sveitarfélags er sérstaklega á hlut að tilteknu máli. Kennarafulltrúar skulu boðaðir til funda á sama hátt og fræðsluráðsmenn og hafa sama rétt og þeir til að æskja funda í fræðsluráði.

Þessir aðilar skulu hafa málfrelsi og tillögurétt á fræðsluráðsfundum.

Kostnaður vegna fræðsluráða greiðist af viðkomandi sveitarfélögum eða samtökum þeirra.

12. gr.

Fræðsluráð fjallar um og fer með sameiginleg málefni sveitarfélaga á sviði skólamála í hlutaðeigandi fræðsluumdæmi.

Fræðsluráð markar stefnu um málefni grunnskóla í hlutaðeigandi fræðsluumdæmi í samvinnu við fræðslustjóra. Fræðsluráð getur falið fræðslustjóra að annast framkvæmdastjórn fyrir ráðið.

Fræðsluráð hefur samvinnu við skólanefndir í umdæminu og samræmir störf þeirra. Ráðið fer að öðru leyti með þau mál sem hlutaðeigandi sveitarstjórnir fela því eða ákveðin kunna að verða í reglugerðum settum samkvæmt lögum þessum.

13. gr.

Menntamálaráðuneytið auglýsir stöðu fræðslustjóra og ræður í stöðuna, að fengnum umsögnum hlutaðeigandi fræðsluráðs. Við ráðningu fræðslustjóra er skylt að taka tillit til kennslufræðilegrar menntunar umsækjenda, stjórnunarreynslu þeirra innan skólakerfisins og þekkingar á skólamálum. Menntamálaráðuneytið setur fræðslustjórum erindisbréf.

14. gr.

Fræðslustjóri er fulltrúi menntamálaráðuneytisins gagnvart skólamálum í umdæmi sínu og skal búsettur sem næst fræðsluskrifstofu þess. Hann er framkvæmdastjóri fræðsluráðs, sé svo um samið, og forstöðumaður fræðsluskrifstofu, sbr. 12. og 15. gr.

Í umboði menntamálaráðuneytisins og í samvinnu við fræðsluráð hefur fræðslustjóri forgöngu um umbætur í skólamálum og eftirlit og umsjón með aðbúnaði, skipulagi og árangri skólastarfs í sínu umdæmi. Hann hefur, í umboði menntamálaráðuneytis, umsjón og eftirlit með framkvæmd laga um grunnskóla og sér til þess að nemendur njóti kennslu og þjónustu samkvæmt lögum og öðrum fyrirmælum menntamálaráðuneytis.

Hann hefur, í umboði menntamálaráðuneytis, umsjón með eignum og rekstri þeirra skóla sem lög þessi taka til, sbr. þó 29. gr.

15. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður fræðsluskrifstofu stað í samráði við viðkomandi fræðsluráð.

Fræðslustjóri er forstöðumaður fræðsluskrifstofu. Starfsmenn fræðsluskrifstofu eru ríkisstarfsmenn. Um ráðningu og starfskjör þeirra fer eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Verkefni fræðsluskrifstofu eru einkum þessi: áætlanagerð og eftirlit með námi og kennslu, ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta, kennsluráðgjöf, skólaþróun og endurmenntun og símenntun kennara í samráði við skóla sem veita kennaramenntun.

Að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins er fræðslustjóra heimilt að semja svo við samtök sveitarfélaga, einstök skólahverfi og sveitarfélög að fræðsluskrifstofa taki að sér tiltekin verkefni fyrir þessa aðila, enda komi greiðsla fyrir. Á hliðstæðan hátt er fræðslustjóra heimilt að semja svo við samtök sveitarfélaga að skrifstofa þeirra eða einstakar starfsdeildir innan þeirra annist störf fyrir fræðsluskrifstofu, enda komi samþykki menntamálaráðuneytis til.

16. gr.

Skólahverfi er sú eining sem stendur að einum grunnskóla eða fleiri. Sveitarfélög geta sameinast um rekstur grunnskóla og mynda þá eitt skólahverfi.

Sveitarfélag, sem rekur tvo eða fleiri grunnskóla, telst eitt skólahverfi séu íbúar færri en 10 þúsund. Fjölmennari sveitarfélögum skal skipta í skólahverfi og annast viðkomandi

sveitarstjórn þá skiptingu með samþykki menntamálaráðuneytisins. Við þá skiptingu skal miða við að íbúar í hverju skólahverfi séu að jafnaði ekki fleiri en 15 þúsund og ekki færri en 5 þúsund. Sama sveitarfélag getur átt aðild að fleiri en einu skólahverfi ef börn og unglingar á skólaskyldualdri úr viðkomandi sveitarfélagi eiga skólasókn til tveggja eða fleiri skólahverfa.

17. gr.

Í hverju skólahverfi skal vera skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög þessi og reglugerðir ákveða nánar.

Skólanefnd skal kosin til fjögurra ára í senn af hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnum.

Í sveitarfélagi, þar sem skólahverfi eru tvö eða fleiri, skulu fulltrúar í skólanefnd vera kosnir úr hópi íbúa í viðkomandi skólahverfi.

Menntamálaráðuneytið setur skólanefndum erindisbréf er kveður nánar á um störf þeirra.

18. gr.

Skólanefndir skulu skipaðar af sveitarstjórnum sem hér segir:

a. Í sveitarfélögum með yfir 500 íbúa, sem standa ein að skólarekstrinum skal kjósa fimm menn.

   Eigi fleiri sveitarfélög aðild að skólahverfinu kýs hvert þeirra einn mann til viðbótar. Verði atkvæði við það jöfn skal sveitarfélagið þar sem skólinn er kjósa oddamann ef nemendur þess eru samanlagt fleiri en allra hinna. Sé svo eigi kýs það sveitarfélag skólahverfisins, sem næstflest börn átti þar skólaárið áður en kosið er, tvo menn í skólanefnd.

b. Í öðrum sveitarfélögum, þar sem eitt sveitarfélag er skólahverfi, skal kjósa þrjá menn.

c. Þar sem tvö sveitarfélög eða fleiri standa saman að skólahverfi með jafnri aðild árganga kýs hvert sveitarfélag einn mann. Verði tala nefndarmanna við það jöfn skulu tveir skólanefndarmenn kjörnir af því sveitarfélagi er átti flesta nemendur á grunnskólastigi á næstliðnu skólaári.

d. Þar sem tvö sveitarfélög eða fleiri, önnur en þau sem um getur í a-lið, standa saman að skólahverfi með ójafnri aðild árganga skulu þau þeirra er eiga hlut að öllum stigum skólans kjósa tvo menn hvert í skólanefnd, en önnur einn mann. Verði atkvæði þá jöfn skal farið að sem í c-lið.

Varamenn í skólanefndum skulu jafnmargir aðalmönnum og kosnir á sama hátt. Skólanefndir skulu kjörnar í upphafi kjörtímabils sveitarstjórna.

Kennarar í skólahverfinu kjósa úr sínum hópi fulltrúa til að starfa með skólanefnd, kennarafulltrúa, og hafa þeir málfrelsi og tillögurétt á fundum.

Þar sem stöðugildi við grunnskóla í skólahverfi eru 15 eða færri skal kjörinn einn kennarafulltrúi, en tveir þar sem stöðugildi eru 16 eða fleiri. Varamenn kennarafulltrúa skulu jafnmargir aðalmönnum.

Skólastjórar — eða aðstoðarskólastjórar í forföllum þeirra — eiga rétt til setu á skólanefndarfundum og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

Foreldrafélag eða samtök foreldra í skólahverfinu kjósa úr sínum hópi einn fulltrúa til starfa með skólanefnd. Foreldrafulltrúi hefur málfrelsi og tillögurétt á fundum.

Að fengnum tillögum samtaka kennara á grunnskólastigi setur menntamálaráðuneytið reglur um hvernig haga skuli kosningu kennarafulltrúa samkvæmt þessari grein.

Enn fremur setur ráðuneytið reglur um kosningu foreldrafulltrúa.

19. gr.

Skólanefnd skal sjá um að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu. Hún fylgist með og stuðlar að því að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi húsnæði og annar aðbúnaður, þar með taldar skólalóðir. Í samráði við skólastjóra lítur nefndin eftir að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða á þessu sviði og gerir tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur.

20. gr.

Skólastjóri er forstöðumaður grunnskóla og stjórnar starfi hans í samráði við kennara, skólanefnd og fræðslustjóra, en undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins. Menntamálaráðuneytið setur skólastjórum erindisbréf. Skólastjóri boðar til kennarafundar svo oft sem þurfa þykir, en þó eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Auk þess skal boða til slíks fundar ef þriðjungur kennara æskir þess.

Öllum föstum kennurum skólans er skylt að sækja kennarafund þá mánuði er skóli starfar ef fundurinn fer fram á daglegum starfstíma skólans.

Í skólum, sem eiga rétt á átta stöðugildum eða fleiri auk skólastjóra, skal almennur kennarafundur í upphafi hvers skólaárs kjósa þriggja manna kennararáð sem í umboði kennarafundar er skólastjóra til ráðuneytis um stjórn skólans. Í öðrum skólum fer almennur kennarafundur með hlutverk kennararáðs.

Nánar skal kveðið á um framkvæmd þessarar greinar í reglugerð.

21. gr.

Starfsmönnum skóla er skylt að efla sem mest samstarf skóla og heimila, m.a. með því að kennarar miðli fræðslu um skólamál til foreldra og veiti upplýsingar um starfið í skólanum.

Foreldrar barna í grunnskóla, skólastjóri eða almennur kennarafundur geta óskað eftir því að stofnuð séu samtök foreldra og/eða foreldra og kennara við skólann í þeim tilgangi að styðja skólastarfið og efla tengsl milli heimila og skóla. Skólastjóri skal þá boða til stofnfundar slíkra samtaka.

Fulltrúi foreldrafélags á rétt til setu á kennarafundum, fundum skólanefnda og fræðsluráða með málfrelsi og tillögurétti.

Samtökin setja sér starfsreglur.

22. gr.

Nemendum grunnskóla er heimilt að stofna nemendaráð sem vinni m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Skólastjóri felur einum af kennurum skólans að aðstoða nemendaráð.

Fulltrúi nemenda eða nemendaráðs á rétt til setu á fundum skólastjóra og kennararáðs, svo og á kennarafundum, með málfrelsi og tillögurétti, nema þegar rædd eru málefni einstakra nemenda.

Nemendaráð hvers skóla skal setja sér starfsreglur.

III. KAFLI

Skólahúsnæði.

23. gr.

Gerð skólamannvirkja er undirbúin heima í héraði af sveitarstjórn í samráði við skólanefnd.

Stofnkostnaður grunnskóla greiðist af sveitarfélögum. Í hverju skólahverfi skal vera skólahúsnæði sem fullnægir þörfum grunnskóla við þær aðstæður sem þar eru. Við gerð eða breytingar skólamannvirkja skal m.a. tekið tillit til hvort nemendur ganga til skóla, er ekið þangað daglega, búa þar í heimavist eða fyrirkomulag er blandað.

24. gr.

Eigi tvö sveitarfélög eða fleiri félag með sér um byggingu skólahúsnæðis skal miða skiptingu stofnkostnaðar við eftirtalin meginatriði, nema um annað semjist:

a. íbúafjölda,
b. útsvarsskyldar tekjur í sveitarfélögum næstliðið ár,
c. þann barnafjölda sem hverju sveitarfélagi ber að senda í skólann,
d. kennslustundafjölda samkvæmt námsskrá í þeim bekkjum sem aðild sveitarfélags miðast við.

Eigi einungis hluti sveitarfélags aðild að viðkomandi skólahverfi skal miða a- og b-liði við þann hluta.

25. gr.

Í skólahúsi skal, auk kennslustofa, gera ráð fyrir skólasafni; aðstöðu fyrir nemendur til náms, annarra starfa og hvíldar utan kennslustunda; aðgengi og aðstöðu fatlaðra; aðstöðu til að neyta matar; snyrtiherbergjum; skrifstofu- og vinnuherbergjum skólastjórnenda og kennara; aðstöðu til heilsugæslu, íþróttaiðkana og almennrar félagsstarfsemi í þágu nemenda; húsnæði til sérkennslu og ráðgjafarþjónustu og annars þess er lög þessi gera ráð fyrir. Ef henta þykir má ætla aðstöðu til íþrótta eða annarrar kennslu í öðru húsnæði í nágrenni skólans.

Við gerð heimavistarskóla skal kappkostað að þeir minni sem mest á venjuleg heimili og þannig sé gengið frá að nemendur geti jafnan náð til umsjónarmanns heimavista. Menntamálaráðuneytið ákveður í reglugerð hvaða búnaður og kennslutæki skulu vera í skólum miðað við stærð þeirra og hlutverk.

Menntamálaráðuneytið beitir sér fyrir því að gerðar verði framkvæmdaáætlanir um skólabyggingar sem miðist við einsetinn skóla.

26. gr.

Sveitarstjórnir ákveða í samráði við hlutaðeigandi skólanefnd hvaða sérfræðingar skuli annast hönnun skólabygginga, þ.e. undirbúningsvinnu og áætlanagerð, þar með gerð uppdrátta.

Tillöguuppdrættir að gerð skólamannvirkja skulu kynntir opinberlega í viðkomandi skólahverfi. Skólastjóri og fulltrúar kennara hvers skóla skulu vera með í ráðum við hönnun húsnæðis fyrir skólann.

Áður en framkvæmdir hefjast skal leitað eftir samþykki menntamálaráðuneytis fyrir viðkomandi skólamannvirki. Nafn skóla er háð samþykki viðkomandi fræðsluráðs, að fenginni umsögn örnefnanefndar.

27. gr.

Um listskreytingu skólamannvirkja fer eftir lögum nr. 34/1982, um Listskreytingasjóð ríkisins.

28. gr.

Eðlilegt viðhald skólahúsa og búnaðar, þar á meðal endurnýjun kennslutækja, er sveitarfélögum skylt að annast á fullnægjandi hátt.

Viðhaldskostnaður greiðist af sveitarfélögum.

29. gr.

Dagleg umsjón og umráð skólamannvirkja, þar á meðal skólastjóra- og kennarabústaða sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga eða í eigu sveitarfélaga einna, skal vera í höndum skólastjóra og skólanefndar í umboði sveitarstjórnar og menntamálaráðuneytisins.

Sveitarstjórn er heimilt að ráðstafa skólahúsnæði eða hluta þess til æskulýðsstarfsemi, íþróttastarfsemi og almennrar félagsstarfsemi í þágu íbúa byggðarlagsins. Slíkt er þó aðeins heimilt að það raski í engu skólahaldi né annarri lögbundinni notkun húsnæðisins.

Að fenginni umsögn hlutaðeigandi skólanefndar getur sveitarstjórn ákveðið að skólahúsnæði sé utan venjulegs skólatíma notað til gistingar og veitingareksturs. Tekjur af eignum skóla renna til sveitarsjóða.

IV. KAFLI

Starfslið grunnskóla.

30. gr.

Við hvern skóla, sem starfar samkvæmt lögum þessum, skal vera skólastjóri.

Um embættisgengi skólastjóra grunnskóla gilda ákvæði laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, nr. 48/1986.

Menntamálaráðuneytið ræður skólastjóra, að fengnum tillögum skólanefndar, kennararáðs og fræðslustjóra sem í hlut eiga.

Verði ágreiningur milli umsagnaraðila sendir hver aðili um sig greinargerð til menntamálaráðuneytis.

31. gr.

Í grunnskóla, sem á rétt á tíu kennurum eða fleiri í fullu starfi, auk skólastjóra, ræður menntamálaráðuneytið aðstoðarskólastjóra, að fengnum tillögum skólastjóra, skólanefndar og kennararáðs.

Verði ágreiningur milli umsagnaraðila sendir hver aðili um sig greinargerð til menntamálaráðuneytis. Um embættisgengi aðstoðarskólastjóra gildir hið sama og um skólastjóra.

Þar sem grunnskóli starfar í tveimur eða fleiri einingum, sem vegna aðstæðna eru ekki í sama byggðarlagi, er menntamálaráðuneytinu heimilt að ráða aðstoðarskólastjóra, að fenginni tillögu skólanefndar, skólastjóra og fræðslustjóra, enda þótt forsendur þær, sem greindar eru í 1. mgr., séu ekki fyrir hendi.

Aðstoðarskólastjóri er staðgengill skólastjóra og vinnur undir stjórn hans að stjórnarstörfum. Í skólum, þar sem starfa færri en tíu kennarar, ákveður skólastjóri í upphafi skólaárs í samráði við skólanefnd hver af föstum kennurum skólans skuli annast skólastjórn í forföllum hans.

32. gr.

Skólastjóri ræður kennara, námsráðgjafa og skólasafnverði í samráði við skólanefnd, og innan heimilda fjárlaga. Verði ágreiningur milli skólastjóra og skólanefndar sendir hvor aðili um sig greinargerð til menntamálaráðuneytisins til úrskurðar. Hafi umsækjandi um stöðu kennara ekki réttindi til kennslu við grunnskóla, og ekki er völ á kennara með full kennsluréttindi, skal skólastjóri senda undanþágunefnd grunnskóla beiðni um að lausráða umsækjandann til bráðabirgða í samræmi við ákvæði laga nr. 48/1986, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

Menntamálaráðuneytið staðfestir ráðningar kennara, námsráðgjafa og skólasafnvarða til starfa í skólahverfi samkvæmt lögum þessum.

Um embættisgengi kennara fer eftir ákvæðum laga nr. 48/1986.

33. gr.

Fræðslustjóri auglýsir stöður skólastjórnenda, kennara, námsráðgjafa og skólasafnvarða.

Þegar skólastjóri eða kennari lætur af störfum sökum aldurs eða að eigin ósk skal hann tilkynna það skriflega til skólanefndar og næsta yfirmanns síns (fræðslustjóra eða skólastjóra) fyrir 1. febrúar. Stefnt skal að því að ráðningar í stöður kennara og skólastjórnenda fari fram eigi síðar en 1. maí ár hvert.

Þurfi að ráða skólastjórnendur eða kennara fyrirvaralítið má ráða í starfið án undangenginnar auglýsingar, en auglýsa skal slíkar stöður svo fljótt sem unnt er.

34. gr.

Skólastjóri ræður stunda- og forfallakennara við grunnskóla í samráði við skólanefnd, sbr. þó lög nr. 48/1986. Sveitarstjórn eða skólanefnd í umboði hennar ræður þá starfsmenn skóla er teljast starfsmenn sveitarfélaga í samráði við skólastjóra.

35. gr.

Skólastjórar, aðstoðarskólastjórar, kennarar, námsráðgjafar og skólasafnverðir, sem ráðnir eru til starfa við grunnskóla, skulu gegna þeim samkvæmt lögum og erindisbréfi er menntamálaráðuneytið setur.

Um vinnutíma og kjör starfsmanna grunnskóla fer eftir ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna og kjarasamningum stéttarfélaga eftir því sem við á.

36. gr.

Þegar kennari nær 55 ára aldri minnkar kennsluskylda hans um ⅙ og er hann nær 60 ára aldri minnkar kennsluskylda hans enn um ⅙ af fullri kennsluskyldu. Til þess að öðlast þennan rétt þarf tíu ára kennsluferil.

37. gr.

Í grunnskóla skal kennsla falin föstum kennurum eftir því sem við verður komið, og stundakennurum að öðru leyti, sbr. þó 13. gr. laga nr. 48/1986. Heimilt er að ráða kennara í einni eða fleiri kennslugreinum fyrir tvö eða fleiri skólahverfi samtímis til þess að fullnægja kennsluþörf ef ekki er fullt verkefni fyrir kennarann í einu skólahverfi.

Skólastjóri við heimavistarskóla er jafnframt heimavistarstjóri. Í heimavistum skal daglegt eftirlit og umsjón með nemendum jafnframt vera í höndum kennara, fóstra eða annarra starfsmanna sem menntamálaráðuneytið viðurkennir. Kostnaður við gæslu á heimavist greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um störf og starfslið í heimavistum og aðbúnað nemenda þar.

38. gr.

Fyrir hverja bekkjardeild eða sambærilegan námshóp í grunnskóla skal skólastjóri velja umsjónarkennara í samráði við kennararáð eða kennarafund. Umsjónarkennarinn fylgist sérstaklega með námi og þroska nemenda sinna, leiðbeinir þeim og leitast við að efla samstarf skóla og heimila, sbr. 21. gr.

Skólastjóra er heimilt að fela föstum kennurum árganga- og fagstjórn, samkvæmt nánari reglum sem menntamálaráðuneytið setur um hlutverk og starfssvið umsjónarkennara, árganga- og fagstjóra.

39. gr.

Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara námsleyfi í allt að eitt ár til að efla þekkingu sína og starfshæfni. Leyfistímann skal nota til:

a. reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun eða
b. a.m.k. tveggja mánaða námsferðar sem skipulögð er og/eða boðið til af aðila eða stofnun sem menntamálaráðuneytið viðurkennir.

Af því fé, sem veitt er á fjárlögum til að kosta námsleyfi kennara, má veita ferðastyrki og styrki til viðbótar námsleyfi. Menntamálaráðuneytinu er heimilt að auglýsa eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám gegn námsleyfi og/eða styrk.

Enginn kennari getur á starfsævi sinni fengið hærri fjárhæð í námsleyfi og styrki en nemur tveggja ára embættislaunum.

Að námsleyfi loknu er kennara skylt að senda ráðuneytinu skýrslu um nám sitt á leyfistímabilinu og er ráðuneytinu heimilt að birta hana.

Námsleyfi má binda því skilyrði að sá er það hlýtur starfi að skólamálum á Íslandi í minnst þrjú ár að námi loknu.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um skólastjórnendur.

Setja skal reglugerð sem kveður nánar á um framkvæmd námsleyfis.

40. gr.

Til endurmenntunar skólastjórnenda og kennara á grunnskólastigi skal auk námsleyfa, sbr. 39. gr., verja fjárhæð sem til þess er ætluð á fjárlögum hverju sinni.

V. KAFLI

Starfstími grunnskóla, námsefni og kennsluskipan.

41. gr.

Reglulegur starfstími grunnskólanemenda skal vera níu mánuðir á hverju skólaári, og hefjast 1. september, en ljúka 31. maí.

Með hliðsjón af atvinnuháttum og aðstæðum í einstökum skólahverfum getur fræðslustjóri veitt tímabundna undanþágu frá framangreindum ákvæðum. Æski skólanefnd að hluta námsskyldu barna sé fullnægt með sumarskóla getur menntamálaráðuneytið heimilað það, að fenginni umsögn fræðsluráðs. Skipan þessara mála skal nánar ákveðin með reglugerð og skóladagatali sem ráðuneytið gefur út árlega.

42. gr.

Menntamálaráðuneytið setur grunnskólum aðalnámsskrá. Í henni er m.a. kveðið nánar á um uppeldishlutverk grunnskólans og meginstefnu í kennslu og kennsluskipan í samræmi við hlutverk grunnskólans, sbr. 2. gr.

Í öllu starfi skólans skal leggja áherslu á:

— að efla sjálfsvitund og félagsvitund nemenda, stuðla að líkamlegri og andlegri velferð og heilbrigðum lífsháttum,
— þjálfun í íslensku í öllum námsgreinum og leikræna og listræna tjáningu,
— skilning og frjótt, skapandi starf og jafnvægi milli bóklegs og verklegs náms,
— að námið nýtist nemendum í daglegu lífi, frekara námi og starfi,
— að búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi,
— upplýsingatækni, margvíslegar leiðir við öflun þekkingar með notkun tæknimiðla, safna- og heimildavinnu,
— náms- og starfsfræðslu, kynningu á atvinnulífi og námsleiðum til undirbúnings náms- og starfsvals.

Í aðalnámsskrá skal setja meginmarkmið og ákvæði um megininntak og skipulag náms og kennslu á þessum sviðum:

a. Notkun móðurmálsins í ræðu og riti, lestur íslenskra bókmennta og umræða um mál og málnotkun.
b. Hugtök og táknmál í stærðfræði, stærðfræði í daglegu lífi, meðhöndlun stærða og talna og leikni í röksemdafærslu.
c. Listgreinar, fagurskyn, listhneigð og hagleikur, einkum í mynd- og handmennt og tónmennt.
d. Heimilishald, heimilisrækt, neysla og hollusta.
e. Líkams- og heilsurækt, skyndihjálp, íþróttir, sund og dans.
f. Eðli lifandi og lífvana náttúru, tækni og gagnkvæm áhrif manns og umhverfis.
g. Mannlegt samfélag, samfélagshættir, umheimur og umhverfi nær og fjær í fortíð og nútíð, einkum með hliðsjón af Íslandi.

h. Kristin trú og siður, önnur trúarbrögð og almenn lífsgildi.
i. Erlend tungumál, að skilja og tjá sig á einu Norðurlandamáli og ensku og kynnast menningu viðkomandi þjóða.

Í aðalnámsskrá skal nánar kveðið á um uppbyggingu, áherslur og skipan náms í grunnskóla á námsár, svo og hlutfallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina. Þess skal gætt að námið verði sem heildstæðast.

Í 8.–10. bekk skal nám vera að hluta frjálst val. Heimilt er að meta tímabundna þátttöku nemenda í atvinnulífinu á skólatíma sem nám, enda sé það skipulagt í samráði við skólann. Menntamálaráðuneytið setur nánari reglur um valnám.

Við setningu aðalnámsskrár, skipulagningu náms og kennslu og við gerð og val námsgagna skal þess sérstaklega gætt að allir nemendur fái sem jöfnust tækifæri til náms, sbr. 2. gr., og komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, stéttar, trúarbragða eða fötlunar, jafnframt því sem skólinn viðurkenni og komi til móts við mismunandi persónugerð, þroska, getu og áhugasvið nemenda.

Menntamálaráðuneytið hefur aðalnámsskrá grunnskóla stöðugt til athugunar og endurskoðunar og gerir tillögur um breytingar þegar þörf er talin á. Menntamálaráðuneytið gefur aðalnámsskrá grunnskóla út eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

Þess skal gætt að námsbækur og önnur námsgögn, sem skólar nota, samrýmist gildandi lögum og aðalnámsskrá.

43. gr.

Í öllum skólum á grunnskólastigi skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi á vegum skólans, bæði í daglegu starfi og utan venjulegs skólatíma.

Í félagsstarfi skal m.a. að því stefnt að nemendur verði færir um að taka að sér félagsleg störf í þjóðfélaginu.

Kostnaður við félagsstörf greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Skólastjórar grunnskóla skulu árlega gera fræðslustjóra grein fyrir því hvernig tómstunda- og félagslífi í skóla þeirra var háttað á næstliðnu skólaári.

44. gr.

Við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skal þess gætt að í heild fari hann, þ.e. kennslutími, stundarhlé og sjálfsnám utan kennslustunda, ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska.

Vikulegur kennslutími á hvern nemenda í grunnskóla skal að lágmarki vera þessi:

a. í 1. bekk 1000 mínútur,
b. í 2. bekk 1000 mínútur,
c. í 3. bekk 1000 mínútur,
d. í 4. bekk 1080 mínútur,
e. í 5. bekk 1280 mínútur,
f. í 6. bekk 1360 mínútur,
g. í 7. bekk 1400 mínútur,
h. í 8. bekk 1400 mínútur,
i. í 9. bekk 1400 mínútur,
j. í 10. bekk 1400 mínútur.

Skólastjóri ákveður lengd kennslustunda. Samfelld kennslustund má þó ekki vera lengri en 80 mínútur og ekki skemmri að jafnaði en 20 mínútur. Meðallengd kennslustunda í grunnskóla telst vera 40 mínútur.

Stundarhlé í grunnskóla skulu að jafnaði vera 15 mínútur á móti hverjum 100 mínútum sem kenndar eru.

Daglegur kennslutími nemenda skal vera samfelldur með eðlilegum stundarhléum og matartímum.

45. gr.

Í grunnskóla skal jólaleyfi nemenda vera frá og með 21. desember til og með 3. janúar og páskaleyfi frá pálmasunnudegi til og með þriðjudegi eftir páska. Að öðru leyti skulu leyfisdagar ákveðnir í reglugerð.

46. gr.

Að jafnaði skal við það miðað að nemendur í hverri bekkjardeild í grunnskóla séu ekki fleiri en 24 að meðaltali, eftir að frá hafa verið taldir sérbekkir fyrir nemendur sem ekki stunda nám í almennum bekkjum grunnskóla, sbr. 50. gr., og ekki séu fleiri en 30 nemendur í einstökum bekkjardeildum. Í 1.–3. bekk skulu nemendur í einstökum bekkjardeildum þó ekki vera fleiri en 22.

Menntamálaráðuneytið getur, sbr. 42. gr., sett ákvæði í aðalnámsskrá grunnskóla er heimili skólum að skipta almennum bekkjardeildum í smærri hópa þegar tilteknir námsþættir eru kenndir.

Þegar kennarar vinna saman að kennslu námshópa er heimilt að leysa upp að nokkru deilda- og bekkjaskipan og kenna nemendum saman, ýmist í smærri eða stærri hópum.

Heimilt er að blanda saman aldurshópum ef skólinn telur sig þannig ná betur markmiðum sínum og markmiðum aðalnámsskrár.

47. gr.

Í fámennum skólum, þar sem nemendur á mismunandi aldri eru saman í deild í 1.–8. bekk, skal við það miðað að nemendur í bekkjardeild séu ekki fleiri en hér segir:

a. 10 nemendur ef aldursflokkar eru fimm til sjö,
b. 12 nemendur ef aldursflokkar eru fjórir,
c. 17 nemendur ef aldursflokkar eru þrír,
d. 22 nemendur ef aldursflokkar eru tveir.

Þegar sérstaklega stendur á getur fræðslustjóri ákveðið fjölgun um allt að fjóra nemendur í bekkjardeild gegn aukinni kennslu með fjölgun tíma.

48. gr.

Í 9. og 10. bekk grunnskóla skal hvor aldursflokkur vera sér í deild, nema menntamálaráðuneytið heimili annað í samráði við viðkomandi skólanefnd og skólastjóra.

Til þess að 9. og 10. bekk grunnskóla verði haldið uppi í skólahverfi mega nemendur í þessum deildum ekki vera færri en 12 að meðaltali, nema að fenginni heimild menntamálaráðuneytisins, enda gildi þá ákvæði 47. gr.

VI. KAFLI

Réttindi og skyldur nemenda og kennara.

49. gr.

Börnum og unglingum er bæði rétt og skylt að sækja grunnskóla fái þau ekki hliðstæða kennslu annars staðar, sbr. 7. og 72. gr. þessara laga.

Skólaskylda barns hefst við upphaf skólaárs á því almanaksári sem barnið verður sex ára. Foreldrar eða forráðamenn barns geta sótt um, eða samþykkt, að það hefji skólagöngu fyrr eða síðar en segir í lögum þessum um skólaskyldu 6 ára barna. Skólastjóri veitir slíka heimild, að fengnum meðmælum hlutaðeigandi ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu.

Ljúki nemandi öllu námi grunnskóla með góðum árangri á skemmri tíma en tíu árum telst hann hafa lokið skyldunámi.

Að höfðu samráði við foreldra eða forráðamenn, auk skólastjóra, getur fræðslustjóri heimilað nemanda að hverfa frá grunnskólanámi að loknum 9. bekk í allt að eitt ár vegna

þátttöku í atvinnulífi og lýkur nemandi þá grunnskólanámi þeim mun síðar. Heimilt skal að meta þessa þátttöku nemandans í atvinnulífi til jafns við nám í tilteknum valgreinum 10. bekkjar.

50. gr.

Börn og unglingar, sem að dómi kennara og annarra sérfræðinga skóla og fræðsluskrifstofu þurfa sérkennslu vegna erfiðleika í námi, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, eiga rétt á kennslu við sitt hæfi, sbr. 2. gr.

Kennslan getur verið einstaklingsbundin eða farið fram í hópi innan eða utan almennra bekkjardeilda, í sérstökum deildum eða í sérskóla.

Meginstefnan skal vera sú að kennslan fari fram í heimaskóla. Kennslan skal taka mið af sérkennsluþörfum og/eða fötlun nemandans og öðrum aðstæðum hans.

Séu foreldrar barns eða forráðamenn, kennarar og aðrir sérfræðingar skóla og fræðsluskrifstofu sammála um að barnið fái ekki notið kennslu við sitt hæfi í heimaskóla, geta forráðamenn sótt um skólavist fyrir það í sérskóla. Heimilt er að fela sérskóla að annast kennslu fatlaðra barna undir skólaskyldualdri, enda verði kennsla við hæfi þeirra ekki tryggð með öðrum hætti.

Sérmenntaðir kennarar skulu annast kennsluna þar sem því verður við komið.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um sérkennslu í grunnskólum.

Menntamálaráðuneytið skal gera heildaráætlun um skipulag og framkvæmd sérkennslu í landinu.

51. gr.

Við einstaka grunnskóla eða fræðsluskrifstofur skulu starfa námsráðgjafar er annast náms- og starfsráðgjöf og persónulega ráðgjöf er snertir nám nemenda.

Námsráðgjafar annast náms- og starfsfræðslu í samvinnu við kennara.

Námsráðgjafar skulu ráðnir með sama hætti og kennarar. Starfssvið og menntun námsráðgjafa og umfang þjónustunnar skal nánar skilgreint í reglugerð.

52. gr.

Til að samræma skipulag og framkvæmd sérkennslu, námsráðgjafar, ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu og heilsugæslu skal starfa nemendaverndarráð í hverjum skóla eftir því sem við verður komið.

Setja skal reglur um nemendaverndarráð.

53. gr.

Á starfstíma skólans má nemandi ekki stunda vinnu utan hans valdi hún því að nemandinn geti ekki rækt nám sitt sem skyldi eða notið nauðsynlegrar hvíldar að dómi skólastjóra og kennara. Í slíkum tilvikum skal skólastjóri gera forráðamanni nemandans og hlutaðeigandi vinnuveitanda viðvart, en verði ekki bót á ráðin skal vísa málinu til barnaverndarnefndar.

54. gr.

Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks skóla í öllu því er skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisvenjum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin.

Ef nemanda reynist verulega áfátt í hegðun ber kennara hans að leita orsaka þess og reyna að ráða á því bót, m.a. með viðtölum við nemandann sjálfan og forráðamenn hans. Verði samt ekki breyting á til batnaðar skal kennari leita aðstoðar skólastjóra og sérfróðra ráðgjafa skólans.

Meðan mál skv. 2. mgr. eru óútkljáð getur skólastjóri vísað nemanda úr skóla um stundarsakir, enda tilkynni hann forráðamönnum nemanda og fræðslustjóra tafarlaust þá ákvörðun.

Fræðslustjóri tekur þá málið til meðferðar í samráði við skólanefnd og nemendaverndarráð.

Óheimilt er að víkja nemanda úr skóla, nema honum hafi verið tryggt annað úrræði.

Í reglugerð skal mæla nánar fyrir um framkvæmd þessarar greinar.

55. gr.

Hafi kennari gerst brotlegur við lög þessi eða reglugerðir samkvæmt þeim að mati skólastjóra, eða skólastjóri að mati kennara, má vísa málinu til skólanefndar sem beinir því sem skjótast til fræðslustjóra ásamt nauðsynlegum upplýsingum. Telji fræðslustjóri að aðgerðir í málinu þoli enga bið getur hann gert tafarlausar ráðstafanir til úrbóta um stundarsakir, en gefur þegar í stað skýrslu til menntamálaráðuneytisins sem tekur ákvörðun í málinu.

Telji foreldrar eða forráðamenn barna að skólastjóri eða kennari hafi gerst brotlegur við lög þessi eða reglugerðir samkvæmt þeim fer um málið eins og segir í 1. mgr.

Um meðferð slíkra mála fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

VII. KAFLI

Kennsluráðgjöf og sálfræðiþjónusta.

56. gr.

Á fræðsluskrifstofu skal veita kennsluráðgjöf til leiðbeiningar kennurum í almennri kennslu og sérkennslu. Fræðsluskrifstofa hefur umsjón og eftirlit með sérkennslu í umdæminu og faglega umsjón með nýbreytni- og þróunarstarfi í grunnskólum umdæmisins.

57. gr.

Á fræðsluskrifstofu skal halda uppi ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu. Eftir ósk foreldra, kennara og heilsugæslu skóla skal hún annast athuganir á nemendum sem annaðhvort eiga í sálrænum, tilfinningalegum, félagslegum og öðrum skyldum erfiðleikum, eða nýtast ekki hæfileikar sínir í námi og starfi, og leiðbeina foreldrum og starfsmönnum skóla um uppeldi þeirra og kennslu og taka þá nemendur sem með þurfa til meðferðar eða vísa þeim á viðeigandi meðferð. Hún skal annast rannsóknir og athuganir á sínu sviði, vinna að forvörnum og stuðla að því að sálfræðileg þekking nýtist í skólastarfi.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að fela ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu grunnskóla að annast þessa þjónustu á forskóla- og framhaldsskólastigi, enda sé veitt til þess fé á fjárlögum.

58. gr.

Á fræðsluskrifstofu eða í tengslum við hana er heimilt að reka kennslugagnamiðstöð og veita sérfræðilega ráðgjöf og þjónustu við stofnun og rekstur skólasafna.

59. gr.

Sérfræðiþjónusta fræðsluskrifstofu skal þjóna öllum grunnskólum umdæmisins. Ákveða skal í reglugerð lágmarkssérfræðiþjónustu á fræðsluskrifstofum og fjölda starfsmanna og menntun þeirra.

Fræðslustjóri gerir heildaráætlun fyrir sérfræðiþjónustu í fræðsluumdæminu. Þjónustan skal skipulögð miðað við aðstæður á hverjum stað. Heimilt er að fella alla þessa þjónustu í eina heild. Einnig er heimilt að reka hluta hennar utan fræðsluskrifstofu.

60. gr.

Forstöðumaður kennsluráðgjafar skal vera kennari með framhaldsmenntun í sérkennslufræðum eða uppeldisfræði. Forstöðumaður ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skal vera sálfræðingur. Aðrir starfsmenn sérfræðiþjónustu fræðsluskrifstofa geta verið: kennarar, sérkennarar, uppeldisfræðingar, sálfræðingar, félagsráðgjafar eða aðrir sérfræðingar.

Kostnaður við kennsluráðgjöf og sálfræðiþjónustu greiðist úr ríkissjóði.

VIII. KAFLI

Námsmat.

61. gr.

Megintilgangur námsmats er örvun nemenda og námshjálp.

Með námsmati í grunnskóla skal reynt að afla sem öruggastrar og víðtækastrar vitneskju um það hver árangur hefur orðið af skólastarfinu. Hverjum kennara og skóla ber að fylgjast vandlega með því hvernig nemendum gengur að ná þeim námsmarkmiðum sem aðalnámsskrá og skólinn setja þeim, sbr. 42. gr. Námsmat fer ekki eingöngu fram í lok námstímans, heldur er það einn af föstum þáttum skólastarfsins, órjúfanlegt frá námi og kennslu.

62. gr.

Námsmat í grunnskóla skal að jafnaði framkvæmt af kennurum skólans, sbr. þó 65. gr., og skulu nemendur stöðugt fá glöggar upplýsingar um námsárangur. Kennarar skulu gefa vitnisburð a.m.k. í lok hvers námsáfanga.

Óheimilt er að veita upplýsingar um vitnisburði nemenda öðrum en þeim sjálfum og forráðamönnum þeirra, nema nauðsyn beri til vegna flutnings nemenda milli skóla. Þó skal heimilt að veita öðrum þessar upplýsingar vegna fræðilegra rannsókna, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu.

63. gr.

Menntamálaráðuneytið leggur skólunum til samræmd próf eða könnunarpróf. Skal einkum við það miðað að þessi próf veiti glögga vitneskju um árangur skólastarfsins.

Kveða skal nánar á um fyrirkomulag prófanna í reglugerð.

Ráðuneytið veitir einnig sérfræðilegar leiðbeiningar um hvernig skólarnir geti sem réttast metið námshæfni og námsárangur nemenda og gefið sem gleggstar umsagnir og upplýsingar um þá.

64. gr.

Er grunnskólanámi lýkur skal nemandi fá skírteini er votti að hann hafi lokið skyldunámi samkvæmt lögum. Í skírteinið skal skrá vitnisburð í þeim námsgreinum er nemandi lagði stund á í 10. bekk.

Einkunnir úr samræmdum prófum skulu færðar sem sjálfstæðar einkunnir.

65. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar prófdómara við samræmt námsmat, svo og trúnaðarmenn til aðstoðar við framkvæmd samræmdra könnunarprófa.

Nánari ákvæði um tilhögun námsmats setur ráðuneytið í reglugerð. Þar skal og setja ákvæði um hvernig fylgst verði með námi þeirra nemenda á skólaskyldualdri sem eigi sækja almennan grunnskóla.

IX. KAFLI

Skólaþróun o.fl.

66. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur yfirumsjón með þróunar- og tilraunastarfi í skólum, sér um endurskoðun aðalnámsskrár, hefur með höndum mat á skólum, skólastarfi og námsgögnum. Það sér um gerð samræmdra prófa og annast upplýsinga- og leiðbeiningarstarf í skólum.

67. gr.

Til að leiðbeina um skólastarf í grunnskóla, sbr. 66. gr., fylgjast með árangri þess og stuðla að umbótum og þróun skulu vera námstjórar og aðrir sérfræðingar. Þeir starfa í menntamálaráðuneytinu og á fræðsluskrifstofum og eru ráðnir til allt að fjögurra ára í senn. Við ráðningu þeirra skal tekið tillit til kennslufræðilegrar menntunar og kennslureynslu.

68. gr.

Árlega skal veita fé á fjárlögum í Þróunarsjóð grunnskóla. Menntamálaráðuneytið hefur umsjón með sjóðnum og setur reglur um styrkveitingar.

69. gr.

Menntamálaráðuneytið getur veitt einstökum fræðsluumdæmum, skólahverfum og opinberum kennslustofnunum heimild til að reka tilraunaskóla eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs með undanþágu frá ákvæðum laga og reglugerða, svo sem um nám, starfstíma skóla, kennslutilhögun, stundafjölda o.s.frv., enda brjóti slíkar undanþágur ekki í bága við 2. gr. þessara laga eða þrengi hlutverk grunnskóla frá því sem þar er gert ráð fyrir.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að styrkja tilraunaskóla og sérstök nýbreytniverkefni eftir því sem fjárlög heimila hverju sinni.

X. KAFLI

Skólasöfn.

70. gr.

Við hvern grunnskóla skal vera skólasafn. Heimilt er að sameina almenningsbókasöfn og skólasöfn, ef forráðamenn beggja telja slíkt æskilegt og menntamálaráðuneytið samþykkir.

Að skólasöfnum skal þannig búið, að því er varðar húsnæði, bókakost, önnur námsgögn og starfslið, að þau geti gegnt því hlutverki að vera eitt af meginhjálpartækjum í skólastarfinu.

Nánari ákvæði um skólasöfn, húsnæði þeirra, bókakost, önnur kennslugögn, starfshætti, starfslið og menntun þess setur menntamálaráðuneytið í reglugerð.

XI. KAFLI

Heilsuvernd.

71. gr.

Um heilsuvernd í grunnskóla fer eftir gildandi lögum um heilsuvernd í skólum. Sá aðili, sem fer með stjórn heilsuverndar í skólahverfi, skal hafa samráð við skólanefnd og skólastjóra um skipulagningu og fyrirkomulag þeirrar starfsemi.

Skólastjóra ber að fylgjast með því að starfsfólk heilsuverndar ræki sín störf í skólanum í samræmi við þá tilhögun sem sett hefur verið samkvæmt framangreindu.

XII. KAFLI

Einkaskólar.

72. gr.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að löggilda grunnskóla eða hluta grunnskóla, sbr. 3. gr., eða skóla fyrir börn undir skólaskyldualdri, sbr. 1. gr., sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum, ef þeir starfa samkvæmt reglugerð eða skipulagsskrá sem ráðuneytið staðfestir, enda hlíti slíkir skólar sama eftirliti og reglum og aðrir grunnskólar. Kennarar við skóla þessa skulu fullnægja öllum skilyrðum um rétt til kennslu í grunnskóla. Börn, sem þessa einkaskóla sækja, hafa undanþágu skv. 7. gr., en forstöðumaður skal fyrir upphaf hvers skólaárs senda hlutaðeigandi skólanefnd skrá um nemendur og tilkynna henni allar breytingar á nemendaskrá jafnóðum og þær verða.

Einkaskólar eiga ekki kröfu til styrks af almannafé. Skólagjöld eru háð samþykki menntamálaráðuneytisins.

XIII. KAFLI

Fjármál.

73. gr.

Ríkissjóður greiðir launakostnað vegna almennrar kennslu í grunnskólum skv. 42. gr. og 44. gr. með þeirri skólaskipan sem ákveðin er skv. 16. gr. í hverju skólahverfi.

Fjölda kennslustunda, sem ríkissjóður greiðir, skal miða við heildarfjölda nemenda er stunda nám samtímis í grunnskólum hvers skólahverfis skv. 46. gr. og 47. gr.

Að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins er heimilt að víkja frá þeim meginreglum sem um getur í 1. og 2. mgr. þar sem fleiri en einn grunnskóli eða útibú er í sama skólahverfi. Skal þá mið tekið af eðlilegri skólasókn eftir búsetu nemenda og staðsetningu skóla innan skólahverfis.

Auk almennrar kennslu greiðir ríkissjóður kennslukostnað vegna viðurkenndrar forfallakennslu, sjúkrakennslu og sérkennslu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Menntamálaráðuneytið setur reglur um skiptingu bekkjardeilda m.a. vegna verklegrar kennslu, svo og um valgreinar í 8.–10. bekk.

Samþykki viðkomandi skólanefnd og sveitarstjórn að kennslustundir og aðrar starfsstundir við skóla séu fleiri en samrýmist ákvæðum þessarar og 74. gr., eða sérstakri heimild menntamálaráðuneytisins greiðist kostnaður vegna umframstundanna úr sveitarsjóði.

74. gr.

Auk kostnaðar við kennslu skv. 73. gr. greiðir ríkissjóður launakostnað við stjórnun grunnskóla, námsráðgjöf og störf í skólasafni samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð, svo og þann launakostnað er stafar af lækkun kennsluskyldu kennara samkvæmt lagafyrirmælum eða ákvörðun menntamálaráðuneytis.

Ríkissjóður greiðir enn fremur laun stjórnskipaðra prófdómara og kostnað er leiðir af kjarasamningum ríkisins við kennara.

75. gr.

Sveitarfélög greiða allan annan rekstrarkostnað grunnskóla en laun vegna kennslu og stjórnunar, eða kostnað vegna annarra þeirra rekstrarþátta sem greindir eru í lögum þessum sem verkefni ríkissjóðs.

76. gr.

Skólastjóri skal árlega gera áætlun fyrir skóla sinn um fyrirkomulag kennslu, kennslustundafjölda og annan rekstrarkostnað sem ríkissjóður og sveitarsjóður bera. Áætlunina skal

miða við komandi rekstrarár skólans, er telst vera frá 1. júlí til 30. júní. Áætlun þessa skal leggja fyrir skólanefnd og skal hún, að því er fjármál varðar, hljóta samþykki sveitarstjórnar áður en hún er send fræðslustjóra fyrir 15. apríl ár hvert eða annan þann dag sem menntamálaráðuneytið ákveður. Áætlun þessa skal endurskoða við upphaf skólaárs ef þörf krefur.

Áætlun fyrir fræðsluumdæmið í heild sendir fræðslustjóri til menntamálaráðuneytisins á þeim tíma sem ráðuneytið ákveður.

77. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur eftirlit með fjármálalegri framkvæmd þessara laga og skulu því afhentir ársreikningar skólanna.

Hlutaðeigandi sveitarfélög annast fjármál og reikningshald, en geta falið skólanefnd, skólastjóra eða sérstökum reikningshaldara að hafa á hendi reikningshald í umboði sínu.

Reikningar skólanna skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar hlutaðeigandi sveitarfélaga. Þar sem fleiri sveitarfélög en eitt standa að rekstri grunnskóla skulu hlutaðeigandi sveitarstjórnir sameiginlega tilnefna til fjögurra ára í senn tvo fulltrúa til að endurskoða reikninga skólans og tvo til vara. Menntamálaráðuneytið og aðilar í umboði þess skulu eiga aðgang að öllu slíku reikningshaldi og upplýsingum um skólakostnað.

78. gr.

Ríkissjóður greiðir allan kostnað af rekstri fræðsluskrifstofu þar með talinn allan kostnað við kennsluráðgjöf og sálfræðiþjónustu í þeim skólum sem lög þessi taka til. Fjárveitingar til þessara starfa skulu greiddar mánaðarlega til fræðsluskrifstofu.

Í reglugerð skal setja ákvæði um hvernig reikna skuli framlög til fræðsluskrifstofu.

79. gr.

Sveitarfélög greiða stofnkostnað grunnskóla, sbr. 23. gr. Jafnframt falla úr gildi að því er tekur til grunnskóla ákvæði laga nr. 49/1967, um skólakostnað. Þó skulu haldast ákvæði þeirra laga um verðtryggingu stofnkostnaðarframlaga ríkissjóðs að því er tekur til framkvæmda sem fullgerðar voru eða hafnar í árslok 1989. Menntamálaráðuneytið setur reglur um lágmarksstærð grunnskólahúsnæðis og búnað þess.

XIV. KAFLI

Gildistaka og reglugerð.

80. gr.

Menntamálaráðuneytið getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

81. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi lög um grunnskóla, nr. 63/1974 með áorðnum breytingum, lög nr. 13/1962, um heyrnleysingjaskóla, og önnur lagaákvæði sem fara í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 44. gr. um vikulegan lágmarkskennslutíma á hvern nemenda komi til framkvæmda á næstu þrem árum frá gildistöku laga þessara.

Ákvæði 46. og 47. gr. um fjölda nemenda í bekkjum og ákvæði 51. gr. um námsráðgjafa við einstaka grunnskóla eða fræðsluskrifstofu komi til framkvæmda á næstu fimm árum frá gildistöku laganna samkvæmt ákvörðun í fjárlögum hverju sinni.

Stefnt skal að því að ákvæði 3. gr. um einsetinn skóla komi að fullu til framkvæmda á næstu 10 árum frá gildistöku laganna samkvæmt áætlun sem unnin yrði í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga. Jafnframt verði á því árabili jafnt og þétt aukið við kennslutíma grunnskólanemenda að því marki að við lok tímabilsins verði vikulegur stundafjöldi allra nemenda 35 stundir.

Að fimm árum liðnum frá gildistöku laga þessara skal menntamálaráðherra gera Alþingi grein fyrir framkvæmd og undirbúningi þeirra bráðabirgðaákvæða sem hér eru talin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þetta frumvarp til laga um grunnskóla kveður á um margvíslega nýja þætti í starfi grunnskólans, en í meginatriðum byggir frumvarpið á gildandi grunnskólalögum sem hafa reynst vel en þau voru sett 1974. Samkvæmt því er markmiðsgrein laganna óbreytt. Frumvarpið er lagað að ákvæðum í IV. kafla laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, sem fjallar um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 63/1974, með síðari breytingum. Í bráðabirgðaákvæði er kveðið á um að þær nýjungar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, komi til framkvæmda á allt að 10 árum eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

Frumvarpið er samið í menntamálaráðuneytinu í september og október 1989 af starfshópi sem skipaður var Gerði G. Óskarsdóttur, ráðunaut menntamálaráðherra, Hrólfi Kjartanssyni, deildarstjóra í skólaþróunardeild, Kolbrúnu Gunnarsdóttur sérkennslufulltrúa, Sigurði Helgasyni, deildarstjóra í grunnskóladeild, Sólrúnu Jensdóttur, skrifstofustjóra á skólamálaskrifstofu, og Örlygi Geirssyni, skrifstofustjóra á fjármálaskrifstofu.

Áður hafði verið lagt fram til kynningar á Alþingi vorið 1989 frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla, er samið var af sama starfshópi. Við samningu þess frumvarps hafði starfshópurinn samstarf við fjölda aðila og tók mið af fyrirliggjandi tillögum að breytingum á lögunum, frumvarpi til laga að nýjum grunnskólalögum og frumvörpum til laga um breytingar á grunnskólalögum sem lögð hafa verið fyrir Alþingi á þessum áratug. Þar má nefna tillögur nefndar, sem skipuð var í maí 1979 til þess að endurskoða lögin, ábendingar frá ráðstefnu í Munaðarnesi 29.–30. október 1981, frumvarp til laga um breytingar á grunnskólalögum frá Ingvari Gíslasyni menntamálaráðherra 1983, frumvarp til laga um breytingar á grunnskólalögum, sem flutt var af Skúla Alexanderssyni, Þórði Skúlasyni og Sveini Jónssyni 1986, frumvarp til laga um breytingar á grunnskólalögum flutt af Salome Þorkelsdóttur 1986, frumvarp til laga um grunnskóla frá menntamálaráðherra Sverri Hermannssyni 1987, frumvarp til laga um breytingar á grunnskólalögum flutt af Salome Þorkelsdóttur, Valgerði Sverrisdóttur, Guðrúnu Agnarsdóttur, Margréti Frímannsdóttur og Guðmundi Ágústssyni 1988, frumvarp til breytinga á lögunum, sem flutt var af Ragnhildi Helgadóttur, Birgi Ísl. Gunnarssyni og Þorsteini Pálssyni 1988, frumvarp til breytinga á grunnskólalögum, sem flutt var af Guðrúnu Agnarsdóttur og Danfríði Skarphéðinsdóttur 1988, og frumvarp um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá 1988.

Starfshópurinn ákvað að senda nokkrum samstarfsaðilum fyrstu drög að frumvarpinu og voru þeir beðnir um umsögn og breytingartillögur. Þessir aðilar voru Bandalag kennarafélaga, Félag skólastjóra og yfirkennara, fræðslustjórar, Kennaraháskóli Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Félag íslenskra skólasálfræðinga, Félag íslenskra námsráðgjafa og Félag skólasafnskennara. Fulltrúar allra þessara aðila komu á heilsdagsfund með starfshópnum 20. febrúar 1989 og skiluðu þar athugasemdum sínum og gerðu grein fyrir þeim. Starfshópurinn vann síðan úr þeim athugasemdum og skilaði tillögum sínum að frumvarpi til menntamálaráðherra 20. mars 1989.

Skömmu eftir að menntamálaráðherra hafði lagt frumvarpið fram til kynningar á Alþingi var það sent eftirtöldum aðilum til umsagnar: Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands,

Bandalagi kennarafélaga, Félagi skólastjóra og yfirkennara, Skólameistarafélagi Íslands, Námsgagnastofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, fræðslustjórum, fræðsluráðum, Félagi íslenskra skólasálfræðinga, Félagi íslenskra námsráðgjafa, Félagi skólasafnskennara, Fóstrufélagi Íslands, Fósturskóla Íslands, Sálfræðingafélagi Íslands og Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa.

Vegna þeirra fjölmörgu tillagna, sem bárust um breytingar á frumvarpi því sem menntamálaráðherra lagði fram til kynningar vorið 1989 og með tilliti til þess að lög nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, breyttu ákvæðum nálægt 20 greina í gildandi lögum, ákvað ráðherra að leggja fram nýtt frumvarp til laga um grunnskóla og fól starfshópnum í byrjun september að semja drög að því.

Meginbreytingar frumvarpsins eru sem hér segir:

1. Gert er ráð fyrir 10 ára grunnskóla, en samkvæmt gildandi lögum er hann níu ár. Hér er fyrst um fremst um jöfnunaratriði að ræða þar sem meginhluti 6 ára barna er þegar í skólum eða yfir 90 %. Það eru börn í dreifbýli sem ekki fá kennslu strax 6 ára eða svo litla og fáa tíma að vart kemur að notum.
2. Í 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um einsetningu skóla sem þýðir að hver bekkjardeild hafi sína stofu. Þetta er undirstaða þess að unnt sé að lengja viðverutíma barna í skólunum á sama tíma og þjóðfélagið byggir á þeirri forsendu að báðir foreldrar vinni utan heimilis. Með lengdum skóladegi er gert ráð fyrir því að unnt verði að sinna margvíslegum verkefnum í skólunum sem nú vinnst ekki tími til. Í ákvæði til bráðabirgða er við það miðað að þessu markmiði verði náð á 10 ára tímabili.
3. Gert er ráð fyrir því að stofnað verði grunnskólaráð sem er samstarfsvettvangur þeirra aðila sem vinna að málefnum grunnskólans. Fulltrúar foreldrafélaga, kennarafélaga og kennaramenntunarstofnana verða í grunnskólaráði, auk fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga, Námsgagnastofnunar og menntamálaráðuneytisins.
4. Í frumvarpinu eru alls staðar felld út orðin „skipun“ og „setning“ og talað um ráðningu í staðinn. Er gert ráð fyrir því að skólastjórar annist ráðningu kennara og annarra starfsmanna skólanna en stjórnenda. Ráðning stjórnenda yrði í höndum fræðslustjóra í umboði menntamálaráðuneytisins. Að sjálfsögðu er miðað við að hlítt verði lagaákvæðum um réttindi kennara eins og þau eru nú. Er miðað við að útfærsla þessa lagaákvæðis verði í einstökum atriðum rædd við kennarasamtökin.
5. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að hámarksfjöldi nemenda í 1.–3. bekk verði lækkaður frá því sem nú er og er gert ráð fyrir því að þetta ákvæði komi til framkvæmda á fimm árum.
6. Valddreifing er eitt einkenni frumvarpsins. Þannig eru foreldrar og kennarar og einstakir skólastjórnendur kvaddir til verka oftar en í gildandi lögum. Þetta kemur m.a. fram í auknum verkum fræðslustjóra og fræðsluskrifstofa og skólastjórnenda. Þetta birtist líka í því að gert er ráð fyrir því að skipta stærstu sveitarfélögunum í skólahverfi þar sem hvert hverfi hafi sína skólanefnd. Er það síðastnefnda í samræmi við frumvarp sem lagt var fram í efri deild Alþingis í fyrra frá þingmönnum úr öllum flokkum. Í frumvarpinu er ekki gerð tillaga um að kennarar og foreldrar eigi fulla aðild að skólanefndum og fræðsluráðum. Stafar þetta af því að fylgt er út í hörgul þeim breytingum á grunnskólalögum sem gerðar voru á síðasta þingi varðandi breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Menntamálaráðuneytið telur hins vegar æskilegt að Alþingi taki afstöðu til þess hvort ekki er rétt að tryggja foreldrum og kennurum aðild að fræðsluráðum og skólanefndunum.
7. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir náms- og starfsráðgjöf í skólunum bæði til þess að tengja þá umhverfi sínu en ekki síður til þess að búa nemendur betur undir framhaldsnám en nú er gert í grunnskólanum. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að nemendaverndarráð hafi samræmingarhlutverkt vegna einstakra nemenda sem njóta þjónustu sérfræðinga og sérkennara.

8. Þá er gert ráð fyrir því að ákvæðin um tímafjölda á hvern nemenda sem nú eru í grunnskólalögum verði lágmarksákvæði þannig að ekki verði heimilt að bjóða minni kennslu handa nemendunum en grunnskólalög kveða á um.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Markmið og skólaskylda.

Um 1. gr.

Með breytingartillögu þessari við 1. gr. gildandi laga er lagt til að lögleidd verði skólaskylda 6 ára barna.

Með því að færa núverandi forskóla 6 ára barna inn í grunnskólann er verið að svara kröfum tímans um aukinn þátt skólanna í uppeldi og fræðslu á þessu aldursstigi.

Forskólanefnd á vegum menntamálaráðuneytisins lagði til 1981 að lögfesta fræðsluskyldu 6 ára barna og stefna að skólaskyldu þess aldurshóps. Sérstakur starfshópur ráðuneytisins um forskólann lagði til 1984 og 1986 að komið yrði á skólaskyldu 6 ára barna og þau þannig viðurkennd sem fullgildir nemendur grunnskólans. Undir þetta tóku allir þáverandi fræðslustjórar landsins. Í frumvarpi til laga um grunnskólann 1987 (354. mál) var lagt til að lögfesta fræðsluskyldu 6 ára barna og í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um grunnskólann 1988 (126. mál) var lagt til að lögfesta skólaskyldu. Í skólastefnu Kennarasambands Íslands er lögð áhersla á fræðsluskyldu 6 ára barna.

Í nágrannalöndum okkar er þessu á ýmsan hátt varið. Í Svíþjóð er fræðsluskylda fyrir 6 ára börn og í Bretlandi hefst skólaskylda við 5 ára aldur svo að dæmi séu tekin. Hins vegar hefst skólaskylda í Noregi enn við 7 ára aldur.

Undanþáguákvæði frá skólaskyldu eru óbreytt frá gildandi lögum.

Ákvæði í greininni þar sem segir að óheimilt sé að reka skóla fyrir börn undir skólaskyldualdri, nema með leyfi menntamálaráðuneytisins, eru í 74. gr. gildandi laga.

Nú sækja um 95% 6 ára barna forskóla. Kennslumagn fyrir 6 ára börn er miðað við fjölda þeirra í viðkomandi skóla, þ.e. 1 stund á viku á hvert barn. Þetta þýðir að nemendum er mismunað stórlega þar sem kennslustundir geta verið allt frá 1 stund á viku í minnstu skólunum upp í 20 í þeim stærstu.

Um 2. gr.

Markmiðsgrein grunnskólalaga frá 1974 er tekin upp óbreytt. Með því er lögð áhersla á að í meginatriðum byggist frumvarpið á gildandi grunnskólalögum. Leitast er við að aðlaga lögin þeim breytingum sem orðið hafa í samfélaginu og skólakerfinu á þeim 15 árum sem liðin eru frá því að lög um grunnskóla voru samþykkt.

Um 3. gr.

3. gr. grunnskólalaga er breytt til samræmis við breytingar á 1. gr. og talað um 10 ára skóla. Núverandi 6 ára bekkur verður 1. bekkur, 1. bekkur verður 2. bekkur o.s.frv. Sveitarstjórnum er gert að ákveða í samráði við menntamálaráðuneytið hvort skóli skuli starfa sem ein stofnun eða vera skipt í einingar, en þó er stefnt að heildstæðum skóla, þ.e. skóla þar sem starfræktir eru allir bekkir grunnskólans frá 1. til 10. bekkjar undir einni stjórn. Einnig eru þau nýmæli að skólar skuli vera einsetnir, þ.e. að hver bekkjardeild hafi sína skólastofu og stofur séu því sem næst jafnmargar og bekkjardeildir í viðkomandi skóla, auk sérgreinastofa. Þar með gefst möguleiki á að lengja skóladag nemenda og hafa hann samfelldan. Í þjóðfélaginu er kallað á slíkt fyrirkomulag bæði til þess að unnt sé að sinna ýmiss konar námi og starfi í skólunum sem ekki gefst ráðrúm til nú og einnig vegna þátttöku beggja foreldra í atvinnulífinu. Ljóst er að talsvert vantar á að skólahúsnæði í landinu sé nægjanlegt til þess að

fullnægja þessum skilyrðum. Í athugun sem gerð var á vegum menntamálaráðuneytisins í byrjun árs 1989 kom í ljós að nú vantar í landinu rúmlega 500 kennslustofur til þess að einsetja megi grunnskólann, sjá bráðabirgðaákvæði. Því markmiði er unnt að ná á 10 árum með svipuðu framkvæmdafé til skólanna og á þessu ári. Í greininni er mörkuð sú stefna að fjöldi nemenda í skóla skuli að öllu jöfnu ekki fara yfir 650, en það samsvarar þriggja hliðstæðna skóla, þ.e. skóla með þrjár bekkjardeildir í hverjum árgangi. Fjölmennari skólar þykja of stórir og ópersónulegir vinnustaðir fyrir nemendur og kennara.

Um 4. gr.

Merking greinarinnar er nánast óbreytt frá gildandi lögum. Stefnt er að heimanakstri í stað heimavistar eins og áður. Sveitarstjórnum er heimilt að fengnu samþykki ráðuneytis að koma á fót skólaseljum þar sem heimanakstri til aðalskóla verður ekki við komið. Frumkvæðið er hér fært frá ráðuneytinu til sveitarstjórna. Í greininni eru þau nýmæli að óheimilt er að yngri börn en 10 ára dvelji í heimavist nema í undantekningartilvikum. Skólasel skulu því koma í stað heimavista fyrir umrædda aldurshópa.

Um 5. gr.

Tvær síðustu málsgreinar 5. gr. gildandi laga eru felldar brott þar sem ákvæðið á ekki við lengur vegna laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Um 6. gr.

Þær breytingar eru gerðar á 6. gr. gildandi laga að skólastjóra er ætlað að hafa samvinnu við starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu og skólanefnd um lausn mála áður en þeim er vísað til fræðslustjóra.

Um 7. gr.

Engin breyting frá gildandi lögum.

Um 8. gr.

Þær breytingar, sem lagðar eru til við 8. gr. laganna, gera ráð fyrir því að skólastjóri hafi að höfðu samráði við umsjónarkennara heimild til þess að veita tímabundna undanþágu frá skólasókn telji hann til þess gildar ástæður. Í gildandi lögum veitir fræðslustjóri slíkar undanþágur að fenginni umsögn skólastjóra og skólanefndar en það hefur reynst örðugt í framkvæmd. Hér er því verið að einfalda málsmeðferð.

Um II. kafla.

Stjórn grunnskóla.

Um 9. gr.

Gerðar eru verulegar breytingar á 9. gr. gildandi laga. Gert er ráð fyrir stofnun grunnskólaráðs sem verði samstarfsvettvangur menntamálaráðuneytis, kennarasamtaka, Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Námsgagnastofnunar og foreldra. Þessum samstarfsvettvangi er fyrst og fremst ætlað að samræma störf þeirra sem fjalla um málefni grunnskólans, stuðla að markvissara skólastarfi og auðvelda framþróunina. Grunnskólaráð skal hafa yfirlit yfir gildandi lög og reglugerðir um grunnskólann, fylgjast með framkvæmd þeirra og gefa ráð um lagfæringu á þeim og samræmi á milli þeirra. Ráðuneytið setur grunnskólaráði erindisbréf þar sem nánar er kveðið á um starfstilhögun og starfssvið ráðsins.

Ákvæði um samstarfsnefnd ráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fjallar um fjárhagslega framkvæmd grunnskólalaganna er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 10. gr.

Hér eru gerðar þær breytingar á 10. gr. gildandi laga að nýir kaupstaðir bætast við í upptalningu. Heimildarákvæði laga nr. 29/1978, um stofnun sérstaks fræðsluumdæmis í sveitarfélögum með 10 þús. íbúa eða fleiri, er fellt niður.

Um 11. gr.

1. og 2. mgr. eru samhljóða ákvæði í 11. gr. grunnskólalaga eftir breytingu sem gerð var á þeim með lögum nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Ákvæði um fundi fræðsluráðs eru felld brott, enda eiga þau betur heima í reglugerð. Gert er ráð fyrir að fræðslustjóri hafi rétt til setu á fundum fræðsluráðs þótt hann sé ekki framkvæmdastjóri þess, sbr. 12. gr.

Þá er bætt við ákvæði um að allur kostnaður við fræðsluráð greiðist af viðkomandi sveitarfélögum eða samtökum þeirra.

Um 12. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 12. gr. grunnskólalaga eftir breytingu sem gerð var á þeim með lögum nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þó er fyrri hluta 2. mgr. laganna sem fjallar um að fræðsluráð skuli vera fræðslustjóra til ráðuneytis um dagleg störf hans breytt þannig að í staðinn koma ákvæði um samvinnu fræðsluráðs og fræðslustjóra um stefnumörkun skólamála í viðkomandi fræðsluumdæmi.

Um 13. gr.

Í 32. gr. laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, er gerð sú breyting á grunnskólalögum að fræðslustjórar verða starfsmenn menntamálaráðuneytisins. Því þykir eðlilegt að fræðsluráð séu umsagnaraðilar þegar ráða á fræðslustjóra í stað þess að gera tillögur þar um.

Gert er ráð fyrir að menntamálaráðuneytið setji fræðslustjórum erindisbréf.

Um 14. gr.

1. og 3. mgr. eru efnislega samhljóða þeirri breytingu sem gerð var á grunnskólalögum með 32. gr. laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

2. mgr. fjallar um verksvið fræðslustjóra.

Um 15. gr.

Greinin er í meginatriðum samhljóða þeirri breytingu sem lög nr. 87/1989 gerðu á 15. gr. grunnskólalaga.

Bætt er þó inn ákvæði um að menntamálaráðuneytið verði að samþykkja þau verkefni sem fræðsluskrifstofur taka að sér fyrir sveitarfélög eða samtök þeirra eða þessir aðilar taka að sér fyrir fræðsluskrifstofur.

Að öðru leyti fjallar greinin um verkefni fræðsluskrifstofu.

Um 16. gr.

Greinin gerir ráð fyrir breytingu á skipan skólanefnda í sveitarfélögum með yfir 10 þúsund íbúa.

Þetta er í samræmi við frumvarp sem lagt var fram á Alþingi 1988 af þingmönnum úr öllum flokkum (154. mál).

Í greinargerð með því frumvarpi segir m.a.: „Tilgangur þessa frumvarps er að færa yfirstjórn skólamála, í þessu tilviki starf skólanefndar, nær vettvangi, auka lýðræði og áhrif

íbúa skólahverfis á stjórn skóla og auðvelda þannig samstarf einstakra skóla og skólanefnda og gera það markvissara en nú er.

Það er álit flutningsmanna að með þessum hætti aukist líkur á því að málefni einstakra skóla fái betri umfjöllun og afgreiðslu fyrr en nú er og einnig að íbúar einstakra íbúðahverfa geti haft aukin áhrif á þróun skólamála í sínu nánasta umhverfi.“

Flutningsmenn frumvarpsins höfðu einkum í huga þann vanda Reykvíkinga að Reykjavík er eitt skólahverfi samkvæmt grunnskólalögum. Þeir töldu þó að sami vandi gæti birst í öðrum byggðarlögum og því kæmi til greina að lækka viðmiðunartöluna 20 þúsund, t.d. í 10 þúsund, ef aðrir þingmenn teldu það til bóta.

Í 16. gr. er miðað við 10 þúsund íbúa og tekur breytingin því til Reykjavíkur og stærstu kaupstaða.

Um 17. gr.

Greinin er efnislega svipuð 17. gr. gildandi laga en uppsetning og orðalag er einfaldað.

Felld eru brott ákvæði um að skólanefndum sé heimilt að ráða sér starfsmann, skólafulltrúa, enda er slík ákvörðun á valdi viðkomandi sveitarfélaga hverju sinni.

Þá er bætt inn ákvæði um kosningu skólanefnda í sveitarfélögum þar sem skólahverfi eru tvö eða fleiri, sbr. 16. gr.

Um 18. gr.

18. gr. gildandi laga er efnislega óbreytt hvað varðar skipan skólanefnda.

Þó eru gerðar nokkrar orðalagsbreytingar til samræmis við breytingar á 16. og 17. gr. frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir að skólanefndir í sveitarfélögum, sem standa ein að skólarekstrinum, skulu skipaðar fimm mönnum ef íbúar eru 500 eða fleiri í stað 900 áður. Ákvæði þess efnis að í Reykjavík fari fræðsluráð með hlutverk skólanefndar er fellt brott.

Þær nýjungar eru teknar upp í greininni að foreldrar í hverju skólahverfi kjósi úr sínum hópi fulltrúa til starfa með skólanefnd. Enn fremur er ráðuneytinu gert skylt að leita tillagna samtaka kennara á grunnskólastigi áður en reglur eru settar um kosningu kennarafulltrúa í skólanefnd. Ráðuneytið setur einnig reglur um kosningu foreldrafulltrúa.

Um 19. gr.

19. gr. laganna er umorðuð og stytt verulega, einkum með tilliti til laga um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. 87/1989.

Um 20. gr.

Áréttað er í greininni að skólastjóri er forstöðumaður þess skóla sem hann starfar við og stjórnar starfi hans. Staða skólastjóra hefur þótt óljós og er hér leitast við að skýra hana og einfalda gildandi lagatexta til að taka af öll hugsanleg tvímæli. Skólastjórar skulu starfa undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins sem setur þeim erindisbréf. Kennarafundur eða kennararáð í umboði þess skal vera skólastjóra til ráðuneytis við stjórn skólans.

Um 21. gr.

Í greininni er lögð aukin áhersla á samskipti heimila og skóla og kennurum gert skylt að miðla fræðslu um skólamál til foreldra og veita upplýsingar um starfið í skólanum. Markmiðið er að foreldrar geti fylgst betur með námi barna sinna og þar með verið færari um að veita skólanum nauðsynlegt aðhald og hafa áhrif á skólastarfið.

Réttur foreldra er aukinn með því að bæta inn ákvæði um að fulltrúi foreldrafélags eigi rétt til setu á fundum skólanefnda og fræðsluráða auk kennarafunda.

Um 22. gr.

Í greininni eru gerðar nokkrar orðalagsbreytingar frá gildandi lagatexta varðandi nemendaráð. Heimildin tekur til allra grunnskólanemenda í stað nemenda í 7.–9. bekk áður. Markmiðið er að efla félagsþroska nemenda þegar á unga aldri. Lögð er aukin áhersla á að nemendaráðin láti eigin mál til sín taka, svo sem félags-, hagsmuna- og velferðarmál nemenda. Nemendaráðið setur sér sjálft samþykktir til að starfa eftir.

Um III. kafla.

Skólahúsnæði.

Um 23. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 34. gr. laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Um 24. gr.

Greinin er í samræmi við 35. gr. laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Um 25. gr.

Í greininni er skólahúsnæði skilgreint. Lögð er áhersla á mikilvægi skólasafns, aðgengi og aðstöðu fatlaðra, aðstöðu fyrir nemendur til náms og hvíldar og aðstöðu til að neyta málsverðar og húsnæði til sérkennslu og ráðgjafarþjónustu. Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið ákveði í reglugerð hvaða búnaður og kennslutæki skulu vera í skólum miðað við stærð þeirra og hlutverk. Auk þess er gert ráð fyrir því að menntamálaráðuneytið beiti sér fyrir að gerðar verði framkvæmdaáætlanir um skólabyggingar sem miðist við einsetinn skóla, sbr. 3. gr.

Um 26. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að 2. mgr. gildandi lagagreinar falli niður, en í staðinn komi ákvæði um að tillöguuppdrættir að gerð skólamannvirkja skuli kynntir opinberlega í viðkomandi skólahverfi til þess að foreldrar og aðrir íbúar hafi tækifæri til að gera athugasemdir og koma með ábendingar. Einnig er gert ráð fyrir því að viðkomandi skólastjóri og fulltrúar kennara séu með í ráðum við hönnun skólahúsnæðis því að sjálfsagt þykir að þeir sem í skólum starfa hafi áhrif á gerð húsnæðis vegna sérþekkingar sinnar.

Þá eru einnig ákvæði um að áður en framkvæmdir hefjist skuli leitað eftir samþykki menntamálaráðuneytis í samræmi við ákvæði í 79. gr. frumvarpsins sem er samhljóða 48. gr. laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Eðlilegt þykir að menntamálaráðuneytið fái upplýsingar um fyrirhuguð skólamannvirki í tvíþættum tilgangi.

Í fyrsta lagi til þess að unnt sé að koma á framfæri athugasemdum vegna lágmarkskrafna um aðbúnað og vinnuaðstöðu til kennslu og í öðru lagi að ráðuneytið geti með nægjanlegum fyrirvara tekið afstöðu til þess kostnaðar við kennslu o.fl. sem af byggingu skólans leiðir.

Um 27. gr.

Greinin er samhljóða 36. gr. laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Um 28. gr.

Greinin er samhljóða 37. gr. laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Um 29. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 38. gr. laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Um IV. kafla.

Starfslið grunnskóla.

Um 30. gr.

Lagt er til að heiti IV. kafla breytist frá gildandi lögum og verði **Starfslið grunnskóla.** Vitnað er til laga nr. 48/1986, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra. Í þessu frumvarpi eru alls staðar felld út ákvæði um setningu og skipun, en í stað þess er gert ráð fyrir ráðningu starfsmanna skóla. Þá er það nýmæli að kennararáð geri tillögu til menntamálaráðuneytisins um ráðningu skólastjóra auk skólanefndar og fræðslustjóra.

Um 31. gr.

Starfsheitinu yfirkennari samkvæmt gildandi lagagrein er breytt í starfsheitið aðstoðarskólastjóri. Þetta er gert til að undirstrika að þessi starfsmaður er fyrst og fremst aðstoðarmaður skólastjóra. Menntamálaráðuneytið ræður aðstoðarskólastjóra, að fengnum tillögum skólastjóra, skólanefndar og kennararáðs.

Í skólum, sem ekki eiga rétt á ráðningu aðstoðarskólastjóra, felur skólastjóri í samráði við skólanefnd í upphafi skólaárs einum af föstum kennurum skólans að annast skólastjórn í forföllum sínum. Er þetta gert til að tryggja stjórn skólans forfallist skólastjóri skyndilega.

Fellt er niður ákvæði um að ráðherra sé skylt að fara eftir tillögum umsagnaraðila ef þeir eru sammála um að mæla með ákveðnum umsækjanda í stöðu aðstoðarskólastjóra þar sem ekki þykir ástæða til að hafa þau sérákvæði um þessa starfsmenn eingöngu.

Um 32. gr.

Nú er ráðningu þannig háttað að menntamálaráðuneytið setur eða skipar kennara, að fengnum tillögum skólastjóra, skólanefndar og fræðslustjóra.

Þrátt fyrir þessi ákvæði hefur ráðning kennara raunverulega verið í höndum skólastjóra. Breytingin er því fyrst og fremst formleg þar sem rétt þykir að það fyrirkomulag sé lögfest.

Gert er ráð fyrir að skólastjóri ráði kennara, námsráðgjafa og skólasafnverði í samráði við skólanefnd og geti þessir aðilar vísað hugsanlegum ágreiningi til menntamálaráðuneytisins með greinargerð. Takist ekki að fá kennara með réttindi til að sækja um auglýsta stöðu, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, skal skólastjóri sækja um undanþágu til að ráða tiltekinn starfsmann til kennslustarfa í samræmi við 13. gr. laga nr. 48/1986, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

Fræðslustjórar munu staðfesta ráðningarsamninga í umboði menntamálaráðuneytis.

Um 33. gr.

Fræðslustjórar auglýsa lausar stöður við grunnskóla í stað menntamálaráðuneytis þar sem þeir eru nær vettvangi.

Þá er gert ráð fyrir að gengið sé frá ráðningum fyrir 1. maí í stað 1. júlí til þess að ráðningum sé lokið áður en skólastarfi lýkur að vori og þar með sé hægt að skipuleggja næsta skólaár fyrr en nú er.

Um 34. gr.

Greinin er í samræmi við 39. gr. laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir samráði skólastjóra og skólanefndar um ráðningu þeirra starfsmanna sem greinin tekur til.

Um 35. gr.

Greinin er óbreytt að öðru leyti en því að fellt er niður ákvæði um að skólastjórar og kennarar heimavistarskóla skuli ekki fá skipun fyrr en eftir tveggja ára reynslu við störf í slíkum skóla, sbr. lög nr. 48/1986.

Nýjum starfsheitum, aðstoðarskólastjóri, námsráðgjafi og skólasafnvörður, er bætt inn í gildandi lagagrein.

Um 36. gr.

Greinin breytist þannig að skilyrði fyrir kennsluafslætti við 55 og 60 ára aldur verður 10 ára kennsluferill í stað 20 ára. Bent skal á að hjá framhaldsskólakennurum er kennsluafsláttur vegna aldurs ekki bundinn lengd starfsferils.

Um 37. gr.

Orðalagi greinarinnar er breytt í samræmi við 13. gr. laga nr. 48/1986, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, sbr. 32. gr. þessa frumvarps.

2.–4. mgr. eru efnislega samhljóða 40. grein laga nr. 87/1989 um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Þegar talað er um „fasta kennara“ er átt við þá kennara sem ráðnir eru í ½ starf eða meira.

Um 38. gr.

Gert er ráð fyrir að skólastjórar velji umsjónarkennara bekkja í samráði við kennararáð eða kennarafund. Starfssvið umsjónarkennara verður skilgreint í reglugerð. Skólastjóra er enn fremur heimilað að fela föstum kennurum árgangastjórn og fagstjórn eftir nánari reglum er menntamálaráðuneytið setur um hlutverk þeirra.

Hér er gerð sú breyting að skólastjórar velja umsjónarkennara í samráði við kennararáð eða kennarafund til þess að tryggja að kennarar séu með í ráðum.

Um 39. gr.

Ákvæði 40. gr. í gildandi lögum um orlof eru einfölduð.

Í stað „orlofs“ er notað orðið námsleyfi sem undirstrikar enn betur markmið greinarinnar. Í stað „orlofstímans“ er talað um leyfistímann af sömu ástæðu.

Um 40. gr.

Í greininni er orðinu „skólastjórnenda“ bætt í textann til að leggja áherslu á rétt þeirra til endurmenntunar.

Um V. kafla.

Starfstími grunnskóla, námsefni og kennsluskipan.

Um 41. gr.

Gert er ráð fyrir níu mánaða reglulegum starfstíma grunnskólanemenda frá 1. september til 31. maí.

Í gildandi lögum er reglulegur starfstími grunnskóla hins vegar mismunandi eftir skólahverfum eða 7–9 mánuðir.

Hér á eftir fylgir tafla yfir nemendafjölda í grunnskólum landsins skólaárið 1988/1989 skipt niður eftir starfstíma þeirra og til samanburðar sama skipting skólaárið 1973/1974:

Starfstími	Fjöldi nemenda 73/74	88/89	% 73/74	% 88/89
9 mánuðir	23.261	32.777	56,90	77,04
8,5 mánuðir	5.632	5.746	13,77	13,51
8 mánuðir	10.661	3.962	26,07	9,31
Styttri en 8 mán.	1.332	58	3,26	0,14
Samtals	40.886	42.543	100%	100%

Stefnt er að því að jafna þennan mun og er það í samræmi við þróunina á síðustu árum eins og ofangreind tafla sýnir.

Um 42. gr.

Í fyrsta hluta greinarinnar er í raun kveðið nánar á um þau meginatriði sem fjallað er um í 2. gr. laganna. Þau eru sameiginleg öllum námsgreinum og koma ekki einungis fram í venjulegri kennslu heldur í öllu starfi skólans. Hér er fyrst og fremst lögð aukin áhersla á þessi atriði og tekið tillit til þeirrar þróunar sem orðið hefur frá setningu laganna 1974 fremur en að um efnisbreytingar sé að ræða.

Í stað orðsins „kennslufræði“ í gildandi lögum er hér notað orðið kennsluskipan. Með þessari breytingu er lögð áhersla á faglegt sjálfstæði skóla og að starfslið skóla velji sjálft þær kennsluaðferðir sem við eiga hverju sinni. Með kennsluskipan er átt við að aðalnámsskrá segi fyrir um skipulag náms, t.d. röðun námsefnis á námsár.

Í a–i-liðum eru ákvæði um hvaða markmið og inntakslýsingar skuli setja í aðalnámsskrá. Hér er ekki um efnislegar breytingar að ræða þótt uppröðun sé lítillega breytt frá gildandi lagagrein. Aukin áhersla er lögð á hlut skólans í að stuðla að heilbrigði og hollustu.

Síðasta málsgrein er viðbót við gildandi lagagrein. Þetta ákvæði er nú í lögum um Námsgagnastofnun, en þar sem það varðar ekki síður ýmsa aðra útgefendur námsefnis þykir rétt að hafa það í lögum um grunnskóla. Í tillögu um breytingar á lögum um Námsgagnastofnun er gert ráð fyrir að þetta ákvæði falli þar út.

Um 43. gr.

Hér er gerð sú áherslubreyting frá gildandi lögum að tómstunda- og félagsstarf fari ekki aðeins fram utan venjulegs skólatíma heldur sé einnig liður í daglegu starfi. Síðasta málgrein um kennaranámskeið á vegum menntamálaráðuneytisins er felld brott, enda eru slík námskeið fremur verkefni stofnana sem annast kennaramenntun en ráðuneytisins. Þriðja málsgrein er samhljóða 41. gr. laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Um 44. gr.

1. mgr. er óbreytt. Hér er um almennt ákvæði að ræða sem varðar vinnuálag á nemendur.

Í 2. mgr. er orðalagið „sem næst“ fellt út en í stað þess sett lágmark í a–j-liði. Lágmarkskennsla sem nemendur í grunnskóla eiga rétt á verður ákveðnari með þessu móti. sjá enn fremur ákvæði til bráðabirgða.

Í a–j-liðum er lagt til að vikulegur skólatími yngri barna verði aukinn að lágmarki í 1000 mínútur eða 5 kennslustundir á dag að jafnaði miðað við 5 daga kennsluviku.

Í eftirfarandi töflu er samanburður á vikulegum kennslustundafjölda samkvæmt

a. gildandi lögum,
b. gildandi viðmiðunarstundaskrá,
c. lágmarki í 44. gr. frumvarps þessa,
d. hámarki í ákvæði til bráðabirgða í frumvarpi þessu.

Miðað er við meðallengd kennslustundar, 40 mínútur.

	a	b	c	d
	Grunnskólalög	Viðmst. skrá	Frv. lágmark	Frv. hámark
1. b. (6 ára)			25	35
2. b. (7 ára)	22	22	25	35
3. b. (8 ára)	24	22	25	35
4. b. (9 ára)	27	26	27	35
5. b. (10 ára)	32	29	32	35
6. b. (11 ára)	34	32	34	35
7. b. (12 ára)	35	34	35	35
8. b. (13 ára)	36–37	35	35	35
9. b. (14 ára)	36–37	35	35	35
10. b. (15 ára)	36–37	31–35	35	35

Í neðri bekkjum grunnskólans er því lagt til að vikulegur kennslutími verði aukinn og er það í samræmi við kröfur í þjóðfélagi þar sem báðir foreldrar vinna utan heimilis. Með lengdum skóladegi er auk þess gert ráð fyrir því að unnt verði að sinna margvíslegum verkefnum í skólanum sem nú vinnst ekki tími til.

Um 45. gr.

Greinin breytist með þeim hætti að aftan við „jólaleyfi“ kemur: nemenda.

Um 46. gr.

Meðaltal nemenda í bekk verði 24 í stað 28.

Í raun er verið að staðfesta þá þróun sem orðið hefur. Meðalfjöldi nemenda í bekk hefur lækkað og er 22–24 nemendur í stærri skólum. Meðaltal er lægra í fámennum skólum. Í gildandi lögum er ákvæði um að nemendafjöldi í bekkjardeild fari ekki yfir 30. Sú tala gildir áfram um efri bekki grunnskóla, en gert ráð fyrir því að í 1.–3. bekk (6, 7 og 8 ára börn) fari nemendafjöldi einstakra bekkja aldrei yfir 22. Eðlilegt er að í skólabyrjun þar sem grunnur er lagður að skólagöngu, séu færri nemendur í bekk en þegar ofar dregur. Hvort tveggja er að nemendur þurfa meiri einstaklingsaðstoð og mikilvægt að tryggja sem best grundvallarfærni, svo sem í lestri.

Nýrri málsgrein er bætt við sem heimilar skólum að blanda saman aldurshópum. Margir skólar hafa þegar tekið upp slíkt skipulag, bæði tímabundið og til lengri tíma, og í fámennum skólum er blöndun árganga óhjákvæmileg. Blöndun árganga hentar vel til að ná ýmsum markmiðum náms og kennslu í grunnskólum, svo sem um félagsþroska, samvinnu og jafnrétti. Enn fremur er með slíku skipulagi oft auðveldara að laga námsefni og námskröfur að einstaklingum. Að öðru leyti eru ekki efnisbreytingar frá gildandi lögum.

Um 47. gr.

Orðalag 1. og 2. mgr. gildandi laga er einfaldað. Í greininni er miðað við samkennslu nemenda í fámennum skólum í 1.–8. bekk (6–13 ára nemendur) í stað 1.–6. bekk áður (7–12 ára).

Einn liður, a-liður, er viðbót og er þar sett hámark á nemendafjölda í skólum þar sem mjög fáir nemendur eru í árgangi. Með þessari viðbót er heimild laga til samkennslu rýmkuð nokkuð og greinin nær betur yfir margs konar afbrigði og sveiflur sem gjarnan koma upp í mjög fámennum skólum.

Um 48. gr.

Til samræmis við fyrri breytingar breytist 48. gr. laganna. Í 1. mgr. greinarinnar er í stað „7.–9. bekk“ sett inn 9.–10. bekk og einnig í 2. mgr.

Í lok 1. mgr. í stað „skólayfirvöld“ í gildandi lögum kemur: skólanefnd og skólastjóri.

Um VI. kafla.

Réttindi og skyldur nemenda og kennara.

Um 49. gr.

Aldursákvæði eru rýmkuð frá gildandi lögum. Enn fremur fellur niður ákvæði um vorskóla þar sem þeir eru nú aflagðir. Að öðru leyti er orðalag einfaldað.

Um 50. gr.

Gildandi lagagreinar nr. 50, 51 og 52 um sérkennslu eru hér settar í eina grein umorðaðar og færðar til nútímaviðhorfa til sérkennslu, þarfa fatlaðra og stöðu þeirra í þjóðfélaginu.

Ýmis ákvæði sem vart eiga við lengur eru felld úr gildandi lögum.

Meginmarkmiðið er að fatlaðir og aðrir þeir sem þarfnast sérkennslu sitji við sama borð og aðrir nemendur með hliðsjón af markmiðsgrein gildandi grunnskólalaga; kennslan taki mið af fötlun nemandans og heildaraðstæðum hans og fari að öðru jöfnu fram í heimaskóla. Gert er ráð fyrir að þörf nemenda fyrir sérkennslu og/eða aðstoð við fatlaða nemendur verði metin út frá þeim markmiðum sem aðalnámsskrá grunnskóla gerir ráð fyrir. Námsleiðir, kennsluaðferðir og önnur aðstoð sé metin með tilliti til þess hvers nemandinn þarfnast af öðru tagi eða til viðbótar því sem hinn almenni nemandi þarfnast til að markmiðum aðalnámsskrár verði náð.

Um 51. gr.

Tekið er upp það nýmæli að námsráðgjafar skuli starfa við einstaka grunnskóla eða fræðsluskrifstofur og sinna ráðgjöf við nemendur um mál er tengjast námi þeirra. Hér er um að ræða náms- og starfsráðgjöf og persónulega ráðgjöf.

Uppeldishlutverk skólans hefur stóraukist hin síðari ár án þess að skólanum hafi verið búin aðstaða til að mæta því sem skyldi. Breyttir þjóðfélagshættir kalla á markvissa ráðgjöf við nemendur.

Námsráðgjöfum er einnig ætlað að sinna náms- og starfsfræðslu í samvinnu við kennara. Reiknað er með að t.d. bekkjarkennarar eða fagkennarar sinni fræðslunni en námsráðgjafi liðsinni þeim um skipulag og efni. Námsleiðum hefur fjölgað mjög á framhaldsskólastigi og fjölbreytni starfa í atvinnulífinu eykst stöðugt. Grunnur að starfsvali er lagður snemma á ævi hvers einstaklings og því er mikilvægt að börnum sé kynnt atvinnulífið bæði beint og óbeint með ýmsum hætti og í tengslum við margar námsgreinar allan grunnskólann.

Um 52. gr.

Greinin fjallar um nemendaverndarráð sem ætlað er að samræma skipulag og framkvæmd ýmissar þjónustu við nemendur. Hér er einkum átt við sérkennslu, námsráðgjöf, ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu og heilsuvernd. Stundum hefur þótt skorta á að samræmi væri í aðgerðum þeirra aðila sem fjalla um mál einstakra nemenda á þessum sviðum og jafnvel væri stefnt í gagnstæðar áttir án þess menn vissu hverjir af öðrum. Nemendaverndarráðið er hugsað sem samráðsvettvangur þeirra aðila sem hér um ræðir. Slík ráð hafa nú um skeið starfað í nokkrum skólum og þótt gefast vel.

Um 53. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að orðið „skólalæknir“ fellur út en í stað þess kemur: kennari. Rétt þykir að kennari nemanda sem fylgist með daglegu starfi hans dæmi hér um ásamt skólastjóra.

Um 54. gr.

Greinin er umorðuð og reynt að tryggja að viðbrögð við hegðunarvandkvæðum séu skipuleg og markviss.

Í 5. mgr. er nýtt ákvæði um að nemanda sé ekki vikið úr skóla án þess að ráðstafanir séu gerðar til að tryggja honum skólavist annars staðar eða önnur úrræði.

Um 55. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá gildandi lögum.

Um VII. kafla.

Kennsluráðgjöf og sálfræðiþjónusta.

Um 56. gr.

Gildandi lög gera ráð fyrir ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu á vegum fræðsluskrifstofu. Í lögunum er gert ráð fyrir að félagsráðgjafar, sálfræðingar og sérkennarar annist þá þjónustu. Þróunin hefur hins vegar orðið sú að við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu starfa nú nær eingöngu sálfræðingar. Hins vegar hafa fræðsluskrifstofur í síauknum mæli sinnt kennsluráðgjöf, bæði vegna almennrar kennslu og sérkennslu, ásamt nýbreytni- og þróunarstarfi og símenntun kennara. Sá þáttur sérfræðiþjónustu hefur ekki fallið undir ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu.

Sú skipting á sérfræðiþjónustu fræðsluskrifstofanna sem hér er gert ráð fyrir er því í raun staðfesting á því sem orðið er.

Um 57. gr.

Ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fræðsluskrifstofa er ætlað svipað hlutverk í þessu frumvarpi og í gildandi lögum. Aðalbreytingin er sú að það megi fela henni að annast þjónustu við forskóla og framhaldsskólastigið. Tilgangurinn með því er að tryggja samfellu í þessari mikilvægu þjónustu sem skólakerfið veitir nemendum.

Um 58. gr.

Þetta er ný grein sem heimilar rekstur kennslugagnamiðstöðva við fræðsluskrifstofur og þjónustu við skólasöfn. Kennslumiðstöð Námsgagnastofnunar í Reykjavík hefur starfað síðan 1983. Þar hefur verið haldið uppi öflugri kynningu og upplýsingastarfsemi og almennri þjónustu við starfsfólk skóla. Kennarar hafa nýtt sér í ríkum mæli þá aðstöðu og aðstoð sem þar er boðin fram, en augljósir annmarkar eru á því að kennarar utan Reykjavíkur geti haft af henni full not. Möguleikar Kennslumiðstöðvarinnar í Reykjavík á að þjóna landsbyggðinni til jafns við Reykjavíkursvæðið eru enn fremur takmarkaðir.

Þegar er kominn vísir að svonefndum kennslugagnasöfnum við fræðsluskrifstofur utan Reykjavíkur. Nefnd sem skipuð var til að fjalla um kennslugagnamiðstöðvar í tengslum við fræðsluskrifstofur skilaði áliti fyrir stuttu og mælir mjög eindregið með frekari uppbyggingu á þessu sviði. Alþingi samþykkti ályktun um málið 1985 og menntamálaráðuneytið hefur farið fram á fjárveitingar til að koma á fót og efla þá þjónustu sem kennslugagnamiðstöðvar í tengslum við fræðsluskrifstofur geta í té látið. Greinin miðar því að því að staðfesta þá þróun, sem þegar er orðin, í því skyni að jafna aðstöðu skóla í landinu.

Um 59. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fræðslustjórar skipuleggi sérfræðiþjónustu fræðsluskrifstofanna með tilliti til aðstæðna í hverju umdæmi. Í reglugerð um fræðsluskrifstofur skal ákveða lágmarkssérfræðiþjónustu. Í heildaráætlun fræðslustjóra þarf m.a. að koma fram hvaða sérfræðingar eru nauðsynlegir og hvers konar fyrirkomulag á sérfræðiþjónustu fellur best að aðstæðum.

Í fjölmennari fræðsluumdæmum má gera ráð fyrir að sérfræðiþjónustan verði deildaskipt. Við þá deildaskiptingu er brýnt að tengsl sérkennslunnar við kennslufræðideild og sálfræðideild verði tryggð vegna þeirrar stefnu að fatlaðir stundi nám við hlið ófatlaðra.

Um 60. gr.

Þar sem sérfræðiþjónustan er deildaskipt er gert ráð fyrir, eðli málsins samkvæmt, að sálfræðingur sé forstöðumaður ráðgjafar- og sálfræðideilda, en kennari með framhaldsmenntun í uppeldisfræði eða sérkennslufræðum sé forstöðumaður kennsluráðgjafar. Sé sérfræðiþjónustu komið fyrir í einni deild koma áðurnefndir sérfræðingar til álita þegar forstöðumaður er ráðinn, enda séu uppfyllt þau skilyrði sem kunna að verða sett í reglugerð.

Um VIII. kafla.

Námsmat.

Um 61. gr.

Megintilgangur námsmats er hér færður fram til áherslu.

Um 62. gr.

Í stað orðsins „próf“ í gildandi lögum (57. gr) kemur: námsmat, enda litið svo á að próf í venjulegum skilningi séu hluti af námsmati og ýmsar aðrar aðferðir en próf henti betur til að afla upplýsinga um sum markmið náms.

Ekki þykir ástæða til að binda í lögum að einkunnir og vitnisburðir sé fært í prófbækur og einkunnabækur.

Síðari efnisgrein er óbreytt.

Um 63. gr.

Meginbreytingin er sú að ekki er lengur tiltekið í hvaða námsgreinum skuli halda samræmd próf. Þá er ekki lengur gert ráð fyrir stöðluðum prófum. Ákvæði laganna um stöðluð próf hefur ekki komið til framkvæmda enda afar tímafrekt, kostnaðarsamt og vafi á að gagnsemi slíkra prófa réttlæti kostnaðinn. Auk þess hafa markmið, námsefni og kennsluhættir í grunnskóla verið í örri þróun og því líkur á að staðla þyrfti próf mjög oft.

Gert er ráð fyrir að nánari útfærsla og fyrirkomulag samræmdra prófa og könnunarprófa verði skilgreint í reglugerð.

Seinni efnisgreinin er óbreytt.

Um 64. gr.

Greinin er efnislega óbreytt.

Um 65. gr.

2. og 3. mgr. 61. gr. laganna eru felldar út enda óþarfar.

Um IX. kafla.

Skólaþróun o.fl.

Um 66. gr.

Í stað „. . . gerð áætlana um umbætur í starfi skóla, rannsókna- og tilraunastarf í skólum . . .“ er gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið hafi yfirumsjón með þróunar- og tilraunastarfi í skólum. Í þessu felst m.a. að hafa frumkvæði að og gera áætlanir um umbætur í grunnskólum og fylgjast með þróun og nýbreytni sem aðrir eiga frumkvæði að.

Eðlilegt má telja að eiginlegar skólarannsóknir fari fram á vegum rannsóknastofnana, svo sem Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála, Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands.

Mat á skólum, skólastarfi og námsgögnum tekur til almenns eftirlitshlutverks ráðuneytisins bæði í þeim tilgangi að afla vitneskju um hvar umbóta er þörf og fylgjast með framkvæmd laga og reglugerða sem kveða á um skóla og skólastarf.

Ákvæði um útgáfu námsefnis og kennaramenntun í 62. gr. gildandi laga eru óþörf þar eð nýrri lög um Námsgagnastofnun og Kennaraháskóla Íslands fela í sér hversu með þau mál skuli fara.

Um 67. gr.

Greinin er svo til óbreytt. Skýrar er tekið fram í greininni að námstjórar og aðrir sérfræðingar sem ráðnir eru til þeirra verkefna sem greinin kveður á um geti starfað bæði í menntamálaráðuneytinu og á fræðsluskrifstofum. Er það í samræmi við þau verkefni sem frumvarpið gerir ráð fyrir að fræðsluskrifstofur annist sbr. 14. gr.

Um 68. gr.

Þetta er ný grein. Þróunarsjóður grunnskóla hefur þegar verið stofnaður og er úthlutað árlega fé úr honum samkvæmt sérstökum reglum. Ekki er gert ráð fyrir að sjóðurinn standi straum af rannsóknum, námsleyfum eða breytingum á húsnæði og aðstöðu heldur styrki skóla, kennarahópa eða einstaka kennara sem hafa frumkvæði að umbótum í námi og kennslu og skipulagi skólastarfs.

Með þessu móti er ýtt enn frekar undir faglegt frumkvæði og ábyrgð skóla og kennara og svigrúm til umbóta í skólastarfi aukið.

Um 69. gr.

1. mgr. er efnislega óbreytt frá gildandi lögum.

2. mgr. er felld út enda óþörf í ljósi laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Í staðinn kemur heimild til að styrkja sérstök nýbreytniverkefni eða tilraunaskóla.

Um X. kafla.

Skólasöfn.

Um 70. gr.

Heiti X. kafla breytist úr **Bókasöfn** í **Skólasöfn.** 72. gr. gildandi laga er færð að nútímaviðhorfum um hlutverk og starfsemi skólasafna. Skólasöfn hafa reynst vera eitt af meginhjálpartækjum í skólastarfinu. Því er nauðsynlegt að nánar verði kveðið á um skólasöfnin, búnað þeirra og starfslið í reglugerð.

Um XI. kafla.

Heilsuvernd.

Um 71. gr.

73. gr. gildandi laga er einfölduð og færð til samræmis við framkvæmd heilsuverndar í skólum eins og hún er nú.

Um XII. kafla.

Einkaskólar.

Um 72. gr.

Greinin er efnislega óbreytt 75. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að bætt er við ákvæði um að skólagjöld séu háð samþykki menntamálaráðuneytisins.

Um XIII. kafla.

Fjármál.

Um 73. gr.

Fjármálakafli frumvarpsins tekur í öllum meginatriðum mið af þeim breytingum er urðu á grunnskólalögum við samþykkt laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ákvæði 74.–79. gr. grunnskólalaga eru efnislega samhljóða lögum nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Hins vegar felur 73. gr. frumvarps þessa í sér breytingar frá ákvæðum 76. gr. grunnskólalaga, en þeirri grein var ekki breytt með ákvæðum laga nr. 87/1989. Breytingar þessar stefna að einföldun og taka mið af breyttri verkaskiptingu.

Samkvæmt frumvarpsgreininni greiðir ríkissjóður alla almenna kennslu sem ákveðin er á hverjum tíma í samræmi við nemendafjölda í hverju skólahverfi og eðlilega skiptingu í námshópa, auk þess forfallakennslu, sjúkrakennslu og sérkennslu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Um 74. gr.

Óbreytt ákvæði 77. gr. grunnskólalaga, sbr. 43. gr. laga nr. 87/1989, að öðru leyti en því að bætt er við orðinu námsráðgjafi í 1. mgr. til samræmis við ákvæði 32. og 51. gr. þessa frumvarps.

Um 75. gr.

Óbreytt ákvæði 78. gr. grunnskólalaga, sbr. 44. gr. laga nr. 87/1989.

Um 76. gr.

Óbreytt ákvæði 80. gr. grunnskólalaga.

Um 77. gr.

Óbreytt ákvæði 81. gr. grunnskólalaga, sbr. 46. gr. laga nr. 87/1989, að öðru leyti en því að bætt er við orðinu fjárhagslegri í 1. mgr.

Um 78. gr.

Óbreytt ákvæði 82. gr. grunnskólalaga, sbr. 47. gr. laga nr. 87/1989, að því frátöldu að í stað „ráðgjafar-“ kemur: kennsluráðgjafar- í samræmi við ákvæði VII. kafla frumvarpsins.

Um 79. gr.

Óbreytt ákvæði 83. gr. grunnskólalaga, sbr. 48. gr. laga nr. 87/1989.

Um 80. gr.

Engar athugasemdir eru við grein þessa.

Um 81. gr.

Verði frumvarp þetta að lögum falla úr gildi lög um grunnskóla, nr. 63/1974, með áorðnum breytingum, lög um heyrnleysingjaskóla, nr. 13/1962, svo og þau lagaákvæði er kunna að brjóta í bága við þau.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Vísast um þau til inngangs að greinargerð.

Sþ. 749. Nefndarálit [50. mál]

um till. til þál. um kynbótastöð fyrir laxfiska.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið um hana umsagnir frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, veiðimálastjóra og yfirdýralækni.

Í tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að láta reisa og reka kynbótastöð fyrir laxfiska. Vegna þessa vill nefndin minna á að undanfarin ár hafa kynbótarannsóknir á hafbeitarlaxi verið framkvæmdar í Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði þar sem m.a. hefur verið reist nýtt hús fyrir kynbætur á seiðastigi. Nefndin telur hins vegar að efling laxakynbóta sé það viðamikið verkefni að ekki sé eðlilegt að ríkið eitt sinni slíku heldur hljóti jafnframt að koma til þátttaka hagsmunaaðila í fiskeldi. Í ljósi þess frumkvæðis, sem stjórnvöld hafa haft í kynbótarannsóknum á laxi, telur nefndin eðlilegt að stjórnvöld hafi forustu um að kanna vilja hagsmunaaðila til samstarfs um þessi mál, sbr. 62. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði. Nefndin leggur því til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Ólafur Þ. Þórðarson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Danfríður Skarphéðinsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 12. mars 1990.

Árni Gunnarsson, form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Geir Gunnarsson.
Matthías Á. Mathiesen.	Hreggviður Jónsson.	Geir H. Haarde.

Ed. 750. Frumvarp til útvarpslaga. [429. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

I. KAFLI

Réttur til útvarps.

1. gr.

Með útvarpi, hljóðvarpi eða sjónvarpi er í lögum þessum, sem sett eru með hliðsjón af lögum um fjarskipti, nr. 73/1984, hvað varðar tæknilega eiginleika, átt við hvers konar dreifingu dagskrárefnis til almennings með rafsegulöldum hvort heldur í tali, tónum eða myndum, um þráð eða þráðlaust.

Það telst eigi útvarp í skilningi laga þessara ef útsending nær aðeins til húsakynna á einni samfelldri lóð. Óheimil er samtenging á milli lóða nema uppfyllt séu skilyrði 3. tölul. 3. gr. um þýðingarskyldu.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er menntamálaráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að lagning og not þráðar sem loftnetskerfis á nánar tilgreindu svæði í því skyni eingöngu að dreifa viðstöðulaust útvarpsefni óbreyttu frá innlendum og erlendum útvarpsstöðvum teljist ekki vera rekstur útvarpsstöðvar samkvæmt lögum þessum og skuli einvörðungu vera háð ákvæðum 1. tölul. 19. gr. laga þessara.

2. gr.

Ríkisútvarpið annast útvarp í samræmi við ákvæði II. og III. kafla laga þessara. Almenn ákvæði annarra kafla laganna eiga jafnt við um Ríkisútvarpið og aðrar útvarpsstöðvar.

Menntamálaráðherra getur veitt öðrum leyfi til útvarps skv. 3.–5. gr.

Menntamálaráðherra skipar þrjá menn til setu í útvarpsnefnd til þriggja ára í senn samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar. Hlutverk útvarpsnefndar er að vera menntamálaráðuneytinu til ráðuneytis um vafaatriði og ágreiningsmál sem kunna að rísa vegna starfsemi útvarpsstöðva, þar með talið Ríkisútvarpsins, sbr. einnig 4. tölul. 3. gr. og 2. mgr. 6. gr.

3. gr.

Menntamálaráðherra getur veitt sveitarfélögum og öðrum lögaðilum leyfi til útvarps fyrir almenning. Í leyfum skal tekið fram úr hvaða bæjar- eða sveitarfélagi útvarpað skuli og til hvaða svæðis.

Útvarpsleyfi eru háð eftirfarandi almennum skilyrðum:

1. Útvarpa má eingöngu á metra- og desimetrabylgju samkvæmt úthlutun Póst- og símamálastofnunar á senditíðnum í samræmi við alþjóðasamþykktir. Póst- og símamálastofnun gefur út leyfisbréf til handa þeim aðilum sem fengið hafa lögmætt leyfi til útvarps. Í leyfisbréfi skal kveðið á um tæknilega eiginleika í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir, svo sem um tíðni og útgeislað afl og hvaðan útvarpað skuli. Þó er heimilt í undantekningartilvikum að veita leyfi til útvarps á öðrum bylgjum þar sem landfræðilegar aðstæður torvelda útsendingar á metra- og desimetrabylgju eða þegar um útflutning á útvarpsefni er að ræða.
2. Óheimilt er að veita erlendum aðila, félagi eða stofnun, leyfi til útvarpsreksturs þar sem eignarhlutdeild erlendra aðila er meiri en 10%.
3. Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu. Efni á erlendu máli, sem útvarp flytur, skal jafnan fylgja íslenskt tal eða neðanmálstexti á íslensku. Það skal þó ekki eiga við ef um er að ræða erlenda söngtexta eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervihnött og móttökustöð, fréttum eða dagskrárefni er sýnir atburði sem gerast í sömu andrá. Útvarpsstöðvar skulu leitast við að talsetja efni svo sem kostur er, einkum dagskrárefni sem ætlað er börnum og ungmennum.

4. Útvarpsstöðvar skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallareglur. Þeim ber að virða tjáningarfrelsi og stuðla að því að fram komi í dagskrá rök fyrir mismunandi skoðunum í umdeildum málum.

   Þeir aðilar, einstaklingar, félög eða stofnanir sem telja að Ríkisútvarpið eða útvarpsstöð hafi ekki uppfyllt framangreind skilyrði eða skilyrði 2. mgr. 8. gr. gagnvart þeim og hún synjar þeim um að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í dagskrá með þeim hætti sem þeir vilja við una, geta lagt málið fyrir útvarpsnefnd. Nefndin skal þá, eins fljótt og við verður komið, fella úrskurð um kæruefnið og er sá úrskurður bindandi fyrir málsaðila.
5. Skylt er útvarpsstöðvum að lesa tilkynningar frá almannavörnum, löggæslu, slysavarnafélögum eða hjálparsveitum og gera hlé á dagskrá ef brýna nauðsyn ber til og almannaheill krefst.
6. Útvarpsstöðvar bera ábyrgð á því að efni, sem þær senda út, sé í samræmi við lög um vernd barna og ungmenna, höfundalög, almenn hegningarlög, lög um jafnrétti kynjanna og önnur lög eftir því sem við á.
7. Útvarpsstöðvar, er sækja um leyfi til útvarps eftir gildistöku laga þessara, skulu gera menntamálaráðherra grein fyrri þeirri dagskrárstefnu sem fyrirhuguð er, hvenær útvarp skuli hefjast og hvernig fjárhagslegri ábyrgð er háttað. Áður en útvarpsstöð tekur til starfa skulu ábyrgðarmenn hennar tilkynna menntamálaráðherra hver sé útvarpsstjóri sem beri ábyrgð á útvarpsefni skv. V. kafla laga þessara. Breyting í þeim efnum skal og tilkynnt menntamálaráðherra.
8. Skipulagning og mótun dagskrár og ákvarðanir um útvarp einstakra dagskrárliða skulu vera í höndum stjórnenda útvarpsstöðva. Útvarpsstöð stendur straum af kostnaði við framleiðslu eigin dagskrárefnis, sjá þó 4. mgr. 4. gr. laga þessara. Rekstri, bókhaldi og fjárreiðum útvarpsstöðvar skal haldið aðgreindum frá öðrum rekstri og fjárreiðum handhafa útvarpsleyfis.
9. Menntamálaráðherra gefur út leyfisbréf til þeirra útvarpsstöðva er leyfi skulu fá eftir gildistöku laga þessara þar sem nánar er kveðið á um hver sé handhafi útvarpsleyfis, leyfistími, ef um tímabundið leyfi er að ræða og leyfisgjald. Menntamálaráðherra ákveður upphæð leyfisgjalds. Leyfi til útvarps verða ekki framseld.

4. gr.

Útvarpsstöðvum, er leyfi fá til útvarps, er heimilt að afla tekna með auglýsingum, afnotagjaldi eða sérstöku gjaldi vegna útsendingar fræðslu- og skýringarefnis.

Auglýsingar skulu vera skýrt afmarkaðar frá öðrum dagskrárliðum og vera á lýtalausu íslensku máli.

Útvarpsstöðvar skulu eigi síðar en einum mánuði fyrir hverjar almennar kosningar til Alþingis og sveitarstjórna og til forsetakosninga koma sér saman um reglur til að takmarka stjórnmálaauglýsingar. Nái handhafar útvarpsleyfa og Ríkisútvarpið ekki samkomulagi samkvæmt þessari grein skal menntamálaráðuneytið að höfðu samráði við útvarpsnefnd setja reglur er gilda um birtingu stjórnmálaauglýsinga síðasta mánuðinn fyrir kosningar.

Utanaðkomandi aðilar geta einungis styrkt gerð einstakra dagskrárliða á sviði menningar, fræðslu og íþrótta, enda greiði þeir allan kostnað við framleiðslu og útsendingu viðkomandi dagskrárliðar. Með öllu er óheimilt að leita styrkja frá utanaðkomandi aðilum vegna gerðar frétta- og dægurmálaefnis.

Nú aflar útvarpsstöð tekna með afnotagjaldi þannig að móttaka útsendinga er háð notkun tiltekins myndlykils og skal þá einvörðungu heimilt að nota þá myndlykla til móttöku sem samþykktir hafa verið af viðkomandi útvarpsstöð.

5. gr.

Útvarpsstöðvum er heimilt að reisa sendi- og endurvarpsstöðvar, eiga og reka senditæki, viðtæki og önnur slík tæki sem eru sérstaklega framleidd fyrir útvarpssendingar, enda fullnægi tækin reglum sem Póst- og símamálastofnun setur um öldutíðni, útgeislun og fleira í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir varðandi fjarskipti sem Ísland er aðili að.

6. gr.

Heimilt er með reglugerð að setja nánari ákvæði um framkvæmd 3.–5. gr.

Þeir aðilar, einstaklingar, félög eða stofnanir sem telja að útvarpsstöð hafi ekki uppfyllt skilyrði laga þessara, geta lagt málið fyrir menntamálaráðherra. Menntamálaráðherra getur afturkallað leyfi til útvarps að fenginni umsögn útvarpsnefndar sé brotið gegn ákvæðum laga þessara, enda sé um alvarleg og ítrekuð brot að ræða. Útvarpsstöð getur áfrýjað úrskurði ráðherra til dómstóla, en áfrýjun frestar þó ekki framkvæmd afturköllunarinnar.

II. KAFLI

Ríkisútvarpið.

7. gr.

Ríkisútvarpið er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins.

8. gr.

Ríkisútvarpið skal leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningu.

Ríkisútvarpið skal halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi, svo og frelsi til orðs og skoðana. Það skal gæta fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð. Stefnt skal að því að hlutur innlends efnis sé sem mestur og vandað sé til þess sem verða má. Ríkisútvarpið skal veita almenna fræðslu og gera sjálfstæða dagskrárþætti er snerta Ísland eða Íslendinga sérstaklega.

Ríkisútvarpið skal veita almenna fréttaþjónustu og er vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning varða. Ríkisútvarpið skal flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri og flytja efni á sviði lista, bókmennta, vísinda, trúarbragða, sögu og tónlistar. Það skal efla skilning á mismunandi viðhorfum og menningarheimum.

Sérstaklega skal þess gætt að hafa á boðstólum fjölbreytt efni við hæfi barna og unglinga, jafnt í hljóðvarpi sem sjónvarpi. Útvarpsefni skal miðast við fjölbreytni íslensks þjóðlífs. Ríkisútvarpið skal veita alla þá þjónustu sem unnt er með tækni útvarpsins og þjóðinni má að gagni koma.

9. gr.

Ríkisútvarpið skal senda til alls landsins og næstu miða minnst tvær hljóðvarpsdagskrár og minnst eina sjónvarpsdagskrá árið um kring.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að senda út fleiri dagskrár hljóðvarps og sjónvarps, í lengri eða skemmri tíma, til alls landsins eða hluta þess samkvæmt ákvörðunum útvarpsráðs.

Ríkisútvarpið skal annast hljóðvarp til annarra landa samkvæmt ákvörðunum útvarpsráðs.

Ríkisútvarpinu er heimilt að reisa sendi- og endurvarpsstöðvar, eiga og reka jarðstöðvar, senditæki og önnur slík tæki sem sérstaklega eru framleidd til útvarpsstarfsemi, enda fullnægi tækin reglum er Póst- og símamálastofnun setur um öldutíðni, útgeislun og fleira í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir varðandi fjarskipti sem Ísland er aðili að.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að hafa samvinnu við aðra aðila um dagskrárgerð og útsendingar.

Ríkisútvarpið skal stefna að því að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar og hljóðvarps í einstökum landshlutum.

Ríkisútvarpið skal starfrækja kennsluútvarp í samvinnu við fræðsluyfirvöld og skal veita til þess fé á fjárlögum. Nánar skal kveðið á um þá starfsemi í reglugerð.

10. gr.

Ríkisútvarpinu er heimilt að hafa dagskrárefni, sem flutt hefur verið, til útlána eða sölu, enda sé gengið frá samningum við rétthafa.

11. gr.

Ríkisútvarpið starfar í aðaldeildum sem aftur skiptast í deildir. Framkvæmdastjóri er fyrir hverri aðaldeild. Framkvæmdastjórn tekur ákvörðun um fjölda aðaldeilda, en þær skulu að minnsta kosti vera þrjár, fjármáladeild, hljóðvarp og sjónvarp.

Fjármáladeild fjallar um fjármál stofnunarinnar, innheimtu og gengur frá fjárhagsáætlun fyrir allar deildir stofnunarinnar.

Hljóðvarp og sjónvarp annast öflun og útsendingu dagskrárefnis. Kappkosta skal að hlutur innlends efnis í dagskránni verði ætíð sem mestur og til þess vandað svo sem verða má.

12. gr.

Í framkvæmdastjórn sitja útvarpsstjóri, framkvæmdastjórar aðaldeilda og tveir fulltrúar kjörnir af starfsmönnum, annar frá hljóðvarpi en hinn frá sjónvarpi, svo og fulltrúi útvarpsráðs en hann hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Útvarpsstjóri er formaður framkvæmdastjórnar og er framkvæmdastjóri fjármáladeildar varamaður hans. Allir starfsmenn Ríkisútvarpsins eiga rétt á því að leggja mál sín fyrir framkvæmdastjórn.

Framkvæmdastjórn skal vinna að samræmingu á starfi deilda.

13. gr.

Útvarpsstjóri annast almennan rekstur, mannaráðningar og stjórn Ríkisútvarpsins. Hann sér um fjárreiður þess og hefur yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar í samráði við fjármálastjóra og útvarpsráð.

Útvarpsstjóri undirbýr og stjórnar framkvæmd dagskrár og gætir þess að settum reglum um hana sé fylgt.

14. gr.

Menntamálaráðherra skipar útvarpsstjóra. Hann skipar einnig framkvæmdastjóra aðaldeilda að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar og útvarpsráðs. Útvarpsstjóri og framkvæmdastjórar eru skipaðir til fimm ára í senn, með heimild til ráðningar í önnur fimm ár.

Starfsmenn Ríkisútvarpsins, aðrir en framkvæmdastjórar, skulu ráðnir af útvarpsstjóra, að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar. Dagskrárstjórar og fréttastjórar útvarps og sjónvarps, svo og leiklistarstjóri og tónlistarstjóri hljóðvarps, skulu ráðnir til fimm ára í senn, með heimild til ráðningar í önnur fimm.

15. gr.

Útvarpsráð skipa sjö menn. Skulu þeir ásamt jafnmörgum varamönnum kosnir hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu útvarpsráðsmanna.

Útvarpsstjóri á sæti á fundum útvarpsráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

16. gr.

Útvarpsráð fylgist með og tekur ákvarðanir til að tryggja að gerð dagskrárefnis og rekstur dagskrárdeilda sé innan marka fjárhagsáætlunar. Útvarpsráð tekur einnig í samráði við útvarpsstjóra, ákvarðanir um hljóðvarp til annara landa og dagskrár hljóðvarps og sjónvarps, sbr. 9. gr.

III. KAFLI

Fjármál Ríkisútvarpsins.

17. gr.

Ríkisútvarpið hefur sjálfstæðan fjárhag. Tekjum þess má eingöngu verja í þágu útvarpsstarfsemi.

Megintekjustofnar Ríkisútvarpsins eru afnotagjald, þ.e. gjald fyrir hljóðvarp og sjónvarp, og gjöld fyrir auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi og aðrar tekjur samkvæmt lögum þessum, sbr. 4. mgr. 4. gr.

Menntamálaráðherra staðfestir afnotagjald að fengnum tillögum Ríkisútvarpsins. Heimilt er menntamálaráðherra að fela innheimtumönnum ríkis- og sveitarfélaga að annast innheimtuna, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnar Ríkisútvarpsins.

Útvarpsstjóri staðfestir auglýsingataxta og aðrar gjaldskrár eftir tillögu framkvæmdastjóra fjármáladeildar.

18. gr.

Í sjóð, sem nefnist Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins, skal leggja 10% af brúttótekjum stofnunarinnar. Fé Framkvæmdasjóðs skal verja til að tryggja viðunandi húsnæði, tækjakost og dreifikerfi fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins.

19. gr.

Eigandi viðtækis, sem nýta má til móttöku á útsendingum Ríkisútvarpsins, skal greiða afnotagjald, útvarpsgjald, af hverju tæki. Þó skal aðeins greiða eitt útvarpsgjald fyrir einkaafnot fjölskyldu á heimili. Afslátt skal veita þeim sem aðeins geta nýtt sér svart/hvíta móttöku sjónvarpsefnis og þeim sem einungis geta nýtt sér hljóðvarpssendingar. Einnig er heimilt að veita fyrirtækjum og stofnunum afslátt vegna fjölda tækja á sama stað. Nánari ákvæði um afslátt, skilgreiningu á heimili og innheimtu gjaldsins skal setja í reglugerð.

Í reglugerð má einnig ákveða undanþágu blindra og heyrnarlausra manna frá greiðslu útvarpsgjalds.

20. gr.

Eigandi, sem breytir afnotum sínum, sbr. 19. gr., skal tilkynna það Ríkisútvarpinu þegar í stað.

Hver sá, er fæst við sölu viðtækja, skal tilkynna innheimtudeild Ríkisútvarpsins í fyrstu viku næsta mánaðar eftir sölumánuð hverjir séu kaupendur. Í tilkynningunni skal greina fullt nafn, nafnnúmer, kennitölu og heimilisfang kaupanda og seljanda, enn fremur aðrar upplýsingar samkvæmt reglugerð.

21. gr.

Ríkisútvarpið heldur skrá yfir öll viðtæki sem notuð eru hér á landi og í íslenskum skipum og flugvélum og nota má til móttöku útvarpsefnis.

Afmá skal viðtæki af skrá ef sönnur, sem innheimtustjóri metur gildar, eru á það færðar að tækið sé orðið ónýtt eða verði af öðrum ástæðum ekki lengur notað til móttöku útsendinga Ríkisútvarpsins.

22. gr.

Útvarpsgjaldi ásamt dráttarvöxtum, öðru vangreiðsluálagi og öllum innheimtukostnaði fylgir lögveðsréttur í viðkomandi viðtæki sem helst þótt eigendaskipti verði. Gengur veðið fyrir hvers konar eldri sem yngri samningsveðum, dómveðum og öðrum höftum sem á viðtæki kunna að hvíla, nema eignarréttarfyrirvörum.

Lögveðið helst í þrjú ár frá gjalddaga.

Eigendur viðtækja bera ábyrgð á greiðslu útvarpsgjalda af þeim til Ríkisútvarpsins sem á hafa fallið áður en tilkynning um eigendaskipti skv. 20. gr. hefur borist Ríkisútvarpinu.

23. gr.

Innheimtustjóri Ríkisútvarpsins skal fullnægja almennum dómaraskilyrðum.

24. gr.

Fyrsta virkan dag eftir eindaga leggst á útvarpsgjald 10% álag vegna kostnaðar af innheimtu.

Þegar mánuður er liðinn frá eindaga útvarpsgjalda getur innheimtustjóri krafist lögtaks fyrir ógreiddum gjöldum ásamt vöxtum og kostnaði og skal úrskurður auglýstur eins og fyrir er mælt um opinber gjöld.

25. gr.

Innheimtustjóri getur framkvæmt eða látið framkvæma innsiglun á viðtæki:

1. ef það er hagnýtt til móttöku án þess að það hafi verið tilkynnt til Ríkisútvarpsins,
2. ef vanskil eru orðin á greiðslu útvarpsgjalds,
3. ef hlutaðeigandi aðili hefur sagt upp útvarpsnotum.

Nú eru fyrir hendi skilyrði skv. 1. tölul. 1. mgr. eða gert hefur verið lögtak í viðtæki fyrir vangreiddu útvarpsgjaldi og getur þá innheimtustjóri tekið eða látið taka viðtækið úr vörslu eiganda eða annars vörslumanns.

Viðkomandi héraðsdómari kveður upp dómsúrskurð ef nauðsyn ber til vegna framangreindra framkvæmda.

IV. KAFLI

Dreifing og réttindi.

26. gr.

Ríkisútvarpið, útvarpsnefnd og Póst- og símamálastofnun skulu hafa náið samstarf til að tryggja að útvarps- og fjarskiptastarfsemi verði í heild sem hagstæðust fyrir þjóðina.

Heimilt er Ríkisútvarpinu, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að semja við Póst- og símamálastofnun um að reisa sendistöðvar og endurvarpsstöðvar Ríkisútvarpsins.

27. gr.

Ríkisútvarpið hefur sama rétt og Póst- og símamálastofnun um nauðsynlegar lagnir um lönd manna, lóðir og byggingar vegna starfsemi sinnar. Óheimilt er að leggja svo nýjar lagnir að þær trufli lagnir eða tæki Ríkisútvarpsins. Reynist raflagnir, vélar eða tæki fyrirtækja sem stofnsett eru í nágrenni útvarpsstöðva, valda truflunum á starfsemi Ríkisútvarpsins eða útvarpsstöðva er leyfi hafa til útsendingar, sbr. 3. gr., er viðkomandi stöðvum heimilt í samráði við Póst- og símamálastofnun að gera eða fyrirskipa á kostnað eigenda nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra slíkar truflanir. Sama gildir ef fyrirtæki breyta starfsemi eða vélabúnaði sínum þannig að truflunum valdi. Starfsmönnum Póst- og símamálastofnunar er heimilt að fara tálmunarlaust um lönd manna til eftirlits eða athugana í þessum efnum, en skulu forðast að valda eigendum eða íbúum meiri óþægindum en brýnasta nauðsyn krefur.

28. gr.

Fyrir útvarp um þráð gilda eftirtaldar reglur sérstaklega, sbr. þó skilyrði í 3. gr.:

1. Leyfi til útvarps um þráð er háð því að sveitarstjórnir heimili lagningu þráðar um lönd sín.
2. Lagning og not þráðar í því skyni eingöngu að dreifa viðstöðulaust dagskrá útvarpsstöðva óbreyttri er háð skilyrðum laga þessara nema öðruvísi sé kveðið á um í reglugerð, sbr. 3. mgr. 1. gr. Samgönguráðuneytið skal setja reglur um gerð og notkun slíkra kerfa og eftirlit með þeim. Áskilja má að notkun þessara kerfa sé háð leyfi Póst- og símamálastofnunar.

29. gr.

Móttaka eða sending sjónvarpsefnis um gervihnött milli fastra stöðva er háð samningi sendanda og móttakanda og samþykki Póst- og símamálastofnunar. Öðrum aðilum er óheimil móttaka slíkra sendinga.

Heimil er öllum móttaka útvarpsefnis sem sent er um gervihnetti gagngert til dreifingar til almennings, enda hafi tilskilinna heimilda frá rétthöfum verið aflað.

Dreifing þráðlaust eða um þráð á dagskrá, sem komin er til móttökustöðvar um gervihnött, er óheimil nema með samningi við viðkomandi útvarpsstöð er dagskrána sendir og með samþykki Póst- og símamálastofnunar, enda sé gætt ákvæða laga þessara ef um útvarpsrekstur er að ræða skv. 1. gr.

V. KAFLI

Ábyrgð á útvarpsefni.

30. gr.

Hver sá sem hefur leyfi til útvarps samkvæmt lögum þessum skal varðveita í a.m.k. 12 mánuði hljóð- eða myndupptöku af frumsömdu útsendu efni. Fullnægjandi er að varðveita fréttir í handriti í a.m.k. 12 mánuði. Skylt er að láta þeim sem telur misgert við sig í útsendingu í té afrit af upptöku þeirrar útsendingar meðan varðveisluskylda helst.

Ríkisútvarp, hljóðvarp og sjónvarp, skal varðveita myndir, plötur og hljómbönd eftir því sem útvarpsstjóri ákveður í samráði við þjóðskjalavörð.

Skylt er einkaútvarpsstöðvum að hafa samvinnu við Þjóðskjalasafn um varðveislu fræðslu- og menningarefnis.

31. gr.

Ef útsending á útvarpsefni brýtur í bága við lög fer um refsi- og fébótaábyrgð sem hér segir:

Sá sem flytur eigið efni í sínu nafni ber ábyrgð á því. Gildir það bæði um efni sem útvarpað er samtímis því að það er flutt og efni sem útvarpað er samkvæmt áður gerðri upptöku. Ákvæði þessarar málsgreinar taka einnig til samtals í útvarpi þannig að hver, sem tekur þátt í samtali í eigin nafni, ber ábyrgð á framlagi sínu í því.

Flytjandi ber ábyrgð á efni sem annar maður hefur samið. Þetta á þó ekki við um efni sem þulir, sem hafa atvinnu af því að lesa efni annarra, flytja. Í slíkum tilvikum ber höfundur efnisins eða umsjónarmaður, sem sett hefur efnið á dagskrá án vitundar höfundar, ábyrgðina.

Á samsettu dagskrárefni ber umsjónarmaður ábyrgð, enda sé ekki um að ræða flutning eða samtal sem ábyrgðarreglur 2. eða 3. mgr. taka til. Jafnan skal skrá fyrir fram í gerðabók hver sé umsjónarmaður útsendingar.

Auglýsandi ber ábyrgð á auglýsingu.

Handhafi útvarpsleyfis ber ábyrgð á öðru efni. Í Ríkisútvarpinu ber framkvæmdastjórn ábyrgð.

Nú hefur tiltekinn starfsmaður útvarpsstöðvar, sbr. 4. mgr., eða handhafi útvarpsleyfis, framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins, sbr. 6. mgr., orðið fébótaskyldur og ber útvarpsstöðin þá ásamt honum ábyrgð á greiðslu bóta.

32. gr.

Engan skal dæma til ábyrgðar vegna útsendingar á útvarpsefni né fyrir hlutdeild í útsendingu annan en þann sem ábyrgð ber eftir ákvæðum 31. gr. Skylt er útvarpsstöð að veita hverjum þeim, sem telur rétti sínum hafa verið hallað með útsendingu á útvarpsefni, fullnægjandi upplýsingar um hver hafi borið ábyrgð á útsendingunni samkvæmt ákvæðum 31. gr. Um rétt til málssóknar út af brotum í sambandi við útsendingu útvarpsefnis fer eftir almennum reglum laga. Refsiábyrgð og fébótaskylda falla niður ef 12 mánuðir líða frá útsendingu án þess að einkamál sé höfðað, krafa hafi verið borin fram um opinbera málssókn þegar það á við eða hafin sé opinber réttarrannsókn út af broti ef það á að sæta skilyrðislausri opinberri saksókn.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

33. gr.

Heimilt er útvarpsstöðvum að leigja öðrum aðilum afnot af tækjabúnaði sínum til útsendingar. Útvarpsstöðvum er jafnframt heimilt að veita upplýsingaþjónustu í gegnum tæki og dreifikerfi.

34. gr.

Óheimilt er útvarpsnotanda að hagnýta sér útvarpsefni til fjárgróða, t.d. með upptöku þess, útgáfu eða með því að selja aðgang að viðtæki sínu.

35. gr.

Óheimil hagnýting útvarpsefnis og móttökubúnaðar, eins og kveðið er á um í 5. mgr. 4. gr. og 34. gr., varðar sektum. Beita má varðhaldsrefsingu ef sök er stórfelld. Upptæk má gera viðtæki sem notuð hafa verið til hagnýtingar á útvarpsefni í fjárgróðaskyni, sbr. 34. gr., sem og ólögmætan móttökubúnað, sbr. 5. mgr. 4. gr.

Um önnur brot á lögum þessum fer eftir ákvæðum almennra hegningarlaga.

36. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra.

Ákveða má í reglugerð að brot gegn ákvæðum hennar varði refsingu samkvæmt lögum.

37. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi útvarpslög, nr. 68/1985, og lög nr. 40/1986, um breytingu á þeim lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skipunar- og ráðningartíma yfirmanna Ríkisútvarpsins, þ.e. framkvæmdastjóra, fjármálastjóra og útvarpsstjóra, skal ljúka eigi síðar en fimm árum eftir að lög þessi öðlast gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er að stofni til samið af nefnd sem starfaði undir forustu Ögmundar Jónassonar og skilaði áliti sl. vor. Ekki vannst tími til þess að ganga frá málinu að fullu sl. vor og var því fjallað um það sérstaklega á fundum með þingmönnum stjórnarflokkanna sl. sumar. Frumvarpið hefur tekið talsverðum breytingum m.a. með hliðsjón af umsögnum stjórnarflokkanna.

Ein meginbreyting er fólgin í að ákvæði um fjölmiðlasjóð eru felld niður enda er gert ráð fyrir því að flytja síðar frumvarp um Menningar- og fjölmiðlasjóð, sem leysi af hólmi gildandi

lög um menningarsjóð og menntamálaráð og Menningarsjóð útvarpsstöðva. Fyrirhugað er að hinn nýi sjóður hafi svipuð verkefni og gert var ráð fyrir í frumvarpsdrögunum um fjölmiðlasjóð eins og þau lágu fyrir sl. vor.

Nefnd sú, sem áður er vikið að, var skipuð hinn 10. febrúar sl. og áttu sæti í henni auk Ögmundar Jónassonar sem gegndi formennsku í nefndinni, þau Eiður Guðnason alþingismaður, Hörður Vilhjálmsson, fjármálastjóri Ríkisútvarpsins, Erna Indriðadóttir deildastjóri, Jón Óttar Ragnarsson sjónvarpsstjóri, Helgi Guðmundsson, fulltrúi í útvarpsréttarnefnd, Magdalena Schram blaðamaður, Þorgeir Ástvaldsson útvarpsstjóri og Arnþrúður Karlsdóttir sem jafnframt var ritari nefndarinnar. Þá störfuðu með nefndinni þau Þórhallur Arason, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneyti, og Þórunn J. Hafstein, deildarstjóri í menntmálaráðuneyti. Nefnd þessi skilaði áliti hinn 17. mars sl.

Var nefndinni í starfi sínu falið að taka tillit til lokaálits útvarpslaganefndar, dags. 8. október 1988, og þeirrar reynslu sem fengist hefur af þeirri nýskipan fjölmiðlamála sem núgildandi útvarpslög fela í sér. Þess skal getið að útvarpslaganefnd sú, sem hér var nefnd, var skipuð af þáverandi menntamálaráðherra, Sverri Hermannssyni, 9. febrúar 1987 og áttu sæti í henni þeir Haraldur Ólafsson dósent, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson lögfræðingur og Knútur Hallsson, ráðuneytisstjóri í menntamálaráðuneytinu, sem jafnframt var formaður nefndarinnar.

Helstu nýmæli frumvarpsins.

Helstu nýmæli þessa frumvarps eru að lagt er til að útvarpsréttarnefnd verði lögð niður, en menntamálaráðherra veiti framvegis leyfi til útvarpsreksturs. Þá er gert ráð fyrir því að útvarpsnefnd skipuð þremur fulltrúum, sem tilnefndir eru af Hæstarétti, verði menntamálaráðherra til ráðuneytis og fjalli auk þess um kærur á hendur útvarpsstöð telji einstaklingar eða félög misgert við sig í dagskrá.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að heimildir til reksturs einkaútvarpsstöðva miðist ekki við þrönga skilgreiningu á afmörkuðum þjónustusvæðum heldur geti þær náð til alls landsins.

Þá er lagt til að þýðingarskylda verði lögfest og lögð áhersla á að efni sérstaklega ætlað börnum og ungmennum verði talsett.

Eins og áður er vikið að er lagt til að Menningarsjóður útvarpsstöðva verði lagður niður í núverandi mynd og að létt verði þeirri kvöð af Ríkisútvarpinu að greiða hlut af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Mun samhliða þessu frumvarpi lagt fram frumvarp til breytinga á lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands sem staðfestir breytingu í þessa veru.

Í þessu frumvarpi er lagt til að breytingar verði gerðar á yfirstjórn Ríkisútvarpsins þannig að útvarpsráð fái fyrst og fremst rekstrar- og fjármálalegt eftirlitshlutverk en framkvæmdastjórn fái veigameiri hlut við stjórn stofnunarinnar. Þá er lagt til að skipunartími yfirmanna stofnunarinnar verði framvegis til fimm ára í senn.

Varðandi tekjustofna Ríkisútvarpsins er lagt til að áfram verði innheimt afnotagjald af viðtækjum, en hvert heimili greiði þó ekki nema eitt gjald.

Aðflutningsgjöld renni í ríkissjóð svo sem verið hefur.

Settar eru skýrari reglur um styrk utanaðkomandi aðila við gerð einstakra dagskrárliða og varðandi auglýsingar sérstaklega er áskilið að þær séu á lýtalausu íslensku máli.

Athgasemdir við einstakar greinar og kafla frumvarpsins.

Um I. kafla.

Um 1. gr.

Með hugtakinu útvarp er átt við bæði hljóðvarp og sjónvarp. Byggt er á sömu skilgreiningu á útvarpi og áður, þ.e. að útvarp sé hvers kyns dreifing dagskrárefnis í ljósvakamiðlum til almennings. Útvarpshugtakið tekur þó ekki til dreifingar á dagskrárefni sem nær einvörðungu til íbúa eða íbúðar á einni samfelldri lóð. Er með þessu horfið frá þeirri viðmiðun núgildandi útvarpslaga að útvarp skuli miðast við 36 íbúðir eða fleiri innan samfellds svæðis. Að áliti sérfræðings Póst- og símamálastofnunar er eðlilegra að miða við lóðarmörk, enda þótt það hafi í för með sér að í ýmsum tilvikum nái útsending til margra íbúða en í öðrum einungis til fárra.

Rétt er að árétta að tilvísun til fjarskiptalaga er einvörðungu byggð á nauðsyn þess að hafa hliðsjón af fjarskiptalögum hvað varðar tæknilega hlið útvarpsreksturs. Útvarp er sérstök tegund boðmiðlunar sem fellur ekki undir skilgreiningu fjarskiptalaga á fjarskiptum. Þetta hefur þýðingu varðandi framkvæmd ákvæða 5. gr. um heimild útvarpsstöðva til að eiga og reka senditæki, endurvarpsstöðvar og nauðsynleg fjarskiptavirki í því sambandi.

Í 3. mgr. 1. gr. er lagt til að menntamálaráðherra geti ákveðið með reglugerð stærð þeirra loftnetskerfa sem ekki skuli teljast til útvarps þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. Tækniframfarir á sviði fjölmiðlunar bendir til þess að móttaka sjónvarpsefnis, sem dreift er um gervihnetti, verði sífellt einfaldari og ódýrari. Því má búast við því að það verði tæknilega ómögulegt að framfylgja ákvæðum um þýðingarskyldu þegar um viðstöðulausa dreifingu sjónvarpsefnis er að ræða.

Um 2. gr.

Efni þessarar greinar er óbreytt frá því sem verið hefur að því frátöldu að útvarpsréttarnefnd er lögð niður og menntamálaráðherra falið að veita öðrum aðilum en Ríkisútvarpinu leyfi til útvarpsreksturs. Það þykir til einföldunar á framkvæmd laganna að menntamálaráðherra taki við hlutverki útvarpsréttarnefndar varðandi leyfisveitingar og er byggt á þeirri forsendu að menntamálaráðherra hljóti alla jafna að veita slík leyfi viðstöðulaust, sbr. 3. gr.

Almenn ákvæði laganna eiga jafnt við um starfsemi Ríkisútvarpsins og annarra útvarpsstöðva sem leyfi fá til reksturs.

Þá er lagt til að sérstök nefnd útvarpsnefnd verði menntamálaráðherra til ráðuneytis um vafaatriði og ágreiningsmál sem kunna að rísa vegna útsendinga eða starfsemi útvarpsstöðva og mundi útvarpsnefnd fjalla um starfsemi allra útvarpsstöðva, þar með talið Ríkisútvarpsins.

Um 3. gr.

Greinin felur í sér nánari skilgreiningu á því hverjum ráðherra getur veitt leyfi til útvarps og hvaða takmörkunum leyfin eru háð. Í gildandi lögum segir að veita megi sveitarfélögum og lögaðilum leyfi til útvarps á afmörkuðum svæðum. Rétt þykir að taka af tvímæli um að leyfishafa sé heimilt að útvarpa á fleiri en einu svæði eða til landsins alls. Ekki þykir lengur ástæða til að binda leyfisveitinguna við þrönga skilgreiningu afmarkaðra svæða. Þá er það nýmæli að heimilt er að veita ótímabundin útvarpsleyfi þó að þau geti einnig verið tímabundin sé þess óskað.

Verður nú vikið að einstökum töluliðum 3. gr.

Í 1. tölul. er það nýmæli að heimilt er að veita leyfi til að útvarpa til útlanda á öðrum bylgjum en metra- eða desimetrabylgju.

2. tölul. er óbreyttur frá núgildandi lögum.

3. tölul. kveður sérstaklega á um þýðingarskyldu á erlendu útvarpsefni eins og verið hefur samkvæmt núgildandi reglugerð um útvarp samkvæmt tímabundnum leyfum. Þykir

þýðingarmikið að taka ákvæði um þetta efni upp í útvarpslögin. Þá er í þessum tölulið að finna stefnumarkandi ákvæði um talsetningu dagskrárefnis.

4. tölul. er efnislega samhljóða núgildandi lögum. Útvarpsnefnd tekur við hlutverki útvarpsréttarnefndar samkvæmt núgildandi lögum sem úrskurðaraðili ef kærur berast.

5. tölul. er samhljóða 4. tölul. núgildandi laga.

6. tölul. svarar til 5. tölul. núgildandi útvarpslaga að öðru leyti en því að nú er einnig skírskotað til jafnréttislaga og höfundalaga auk þess sem greinin tekur til allra útvarpsstöðva.

7. tölul. er samhljóða 6. tölul. núgildandi laga.

8. tölul. svarar til 7. tölul. núgildandi útvarpslaga, sbr. 4. mgr. 4. gr., og er efnislega óbreyttur en leitast er við að skýra efni þessa ákvæðis með því að taka núgildandi reglugerðarákvæði upp í lögin. Ákvæði um utanaðkomandi styrktaraðila er tekið upp í 4. mgr. 4. gr.

9. tölul. svarar til 8. tölul. núgildandi laga og er efnislega óbreyttur en tekið upp ákvæði um að útvarpsleyfi verði ekki framseld.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið er á um með hvaða hætti útvarpsstöðvum er heimilt að afla tekna og er greinin efnislega óbreytt frá því sem verið hefur að því frátöldu að ekki er lengur áskilið að gjaldskrár útvarpsstöðva séu lagðar fram til samþykktar.

Í lagagreininni eru nú tekin af öll tvímæli um hvaða grundvallarreglur skuli gilda um styrkveitingu utanaðkomandi aðila til dagskrárgerðar. Heimild til styrkveitingar er nú bundin við menningar-, fræðslu- og íþróttaefni og áskilið er að styrkveitandi greiði allan kostnað við framleiðslu og gerð efnisins. Áréttað er að utanaðkomandi aðilar geti ekki styrkt gerð fréttaeða dægurmálaefnis. Óheimilt er að kostnaðaraðilar hafi áhrif á gerð dagskrárefnis.

Jafnframt felur greinin í sér það nýmæli að allar auglýsingar skuli vera á lýtalausu íslensku máli og gildir það jafnt um söngtexta, talað mál eða ritaðan texta.

Sérstök ástæða þykir til að kveða á um samkomulag Ríkisútvarpsins og útvarpsstöðva um fyrirkomulag stjórnmálaauglýsinga sem miðist við að setja slíkum auglýsingum skorður.

5. mgr. greinarinnar er nýmæli, en með þessari málsgrein er leitast við að tryggja stöðu útvarpsstöðva gegn notkun svokallaðra „sjóræningjamyndlykla". Þá er í 29. gr. heimilað að gera slíka myndlykla upptæka. Þykir sérstök ástæða til að setja ákvæði af þessu tagi í lög þar sem notkun ólöglegra myndlykla hefur færst í vöxt hér á landi.

Um 5. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 6. gr.

Grein þessi fjallar um heimild ráðherra til að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd einstakra þátta er varða rekstur útvarpsstöðva og um er fjallað í 3.–5. gr. Þar sem lagt er til að útvarpsréttarnefnd skuli lögð niður er ráðherra veitt heimild til að afturkalla útvarpsleyfi skv. 3. gr. og eins er kveðið á um áfrýjunarrétt útvarpsstöðva ef um leyfissviptingu er að ræða. Áður en afstaða er tekin til afturköllunar útvarpsleyfis skal umsögn útvarpsnefndar liggja fyrir.

Um II. kafla.

Um 7. gr.

Með þessari grein hefst kafli um Ríkisútvarpið og er greinin samhljóða 14. gr. núgildandi útvarpslaga.

Um 8. gr.

Í öllum meginatriðum er greinin samhljóða 15. gr. núgildandi laga og skýrir sig sjálf. Meiri áhersla er þó lögð á gerð innlends efnis og einnig að leitast skuli við að efla skilning á framandi menningarstraumum.

Um 9. gr.

Í þessari grein laganna segir að stefnt skuli að því að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar og hljóðvarps í einstökum landshlutum í stað allra kjördæma áður. Ríkisútvarpið skal starfrækja kennsluútvarp í samvinnu við fræðsluyfirvöld en brýnt er að skýrt sé kveðið á um það í reglugerð hvernig Ríkisútvarpinu verði gert kleift að reka þessa starfsemi með sóma.

Þá er staðfest að þjónusta RUV skuli ekki vera minni en nú er, þ.e. tvær hljóðvarpsrásir og ein sjónvarpsrás.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 11. gr.

Í þessari grein er deildaskipting Ríkisútvarpsins skilgreind. Framkvæmdastjórar eru fyrir aðaldeildum og er það líkt fyrirkomulag og verið hefur. Framkvæmdastjórn ræður deildaskiptingu stofnunarinnar enda ber hún ábyrgð á innra skipulagi stofnunarinnar. Þessi grein áskilur að þær þrjár aðaldeildir, sem starfandi eru nú, skuli starfa áfram.

Um 12. gr.

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á rekstri Ríkisútvarpsins og í þessari lagagrein er skipan hennar og valdsvið skilgreint. Fulltrúi útvarpsráðs á sæti í framkvæmdastjórn með málfrelsi og tillögurétti til að sinna fjármálalegu eftirlitshlutverki útvarpsráðs. Rétt er að áhrif starfsmanna í stjórn stofnunarinnar verði efld til þess að stuðla að lýðræðislegum vinnubrögðum, fagmennsku og samábyrgð.

Um 13. gr.

Í þessari grein er verksvið útvarpsstjóra skilgreint. Samkvæmt henni annast útvarpsstjóri daglegan rekstur sem formaður framkvæmdastjórnar og í umboði hennar.

Um 14. gr.

Sú grundvallarbreyting er gerð að útvarpsstjóri, framkvæmdastjórar og deildarstjórar eru ráðnir tímabundinni ráðningu.

Um 15. gr.

Þessi grein er óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 16. gr.

Þessi grein skilgreinir verksvið útvarpsráðs. Samkvæmt henni hefur ráðið einkum með höndum fjárhagslegt hlutverk, svo og ákvörðunarvald um heildardrætti í starfsemi stofnunarinnar.

Um III. kafla.
Um 17.–25. gr.

Ríkisútvarpið hefur lengst af haft tolltekjur af viðtækjum og ýmsum búnaði sem tilheyrir móttöku útvarpsefnis. Í núgildandi lögum er ákvæði þar sem segir að Ríkisútvarpið skuli hafa tekjur af aðflutningsgjöldum af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum. Telja verður að ákvæði af þessu tagi hafi verið eðlilegt áður en einkaréttur ríkisins til útvarpsrekstrar var afnuminn. Kaupendur tækja voru þá um leið orðnir viðskiptavinir Ríkisútvarpsins og ekki annarra innlendra aðila. Einnig þótti eðlilegt að notendur greiddu með þessum hætti kostnað af uppbyggingu dreifikerfis í landinu. Nú er hins vegar orðin sú breyting að notendur viðtækja eru viðskiptavinir annarra stöðva einnig. Vaknar sú spurning hvort eðlilegt sé að Ríkisútvarpið njóti þessara tekna umfram aðrar útvarpsstöðvar. Hins vegar er ljóst að Ríkisútvarpið er með þessu svipt veigamiklum tekjustofni sem átti að nota til sérstakra fjárfestinga, svo sem dreifikerfis, útvarpshúss og langbylgjustöðvar. Breytingin á lagagreininni frá gildandi lögum felst í því að nú eru Ríkisútvarpinu ætlaðir tveir megintekjustofnar, þ.e. afnotagjald og gjald fyrir auglýsingar. Gert er ráð fyrir að þeirri kvöð verði létt af Ríkisútvarpinu að greiða hluta í rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Að því er varðar afnotagjöldin eru ákvæði núgildandi laga að mestu látin halda sér.

Innheimtudeild Ríkisútvarpsins hefur séð um innheimtu útvarpsgjalds. Innheimtuárangur deildarinnar er sambærilegur við það sem gerist hjá ríki og sveitarfélögum. Í lagagreininni er ekki gert ráð fyrir að leggja innheimtudeildina niður en sett inn ákvæði er heimilar stofnuninni og ráðherra að fela innheimtumönnum ríkis og sveitarfélaga verkefnið.

Um IV. kafla.
Um 26.–27. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá núgildandi lögum nema kveðið er á um aðild útvarpsnefndar að samstarfi Ríkisútvarpsins og Póst- og símamálastofnunar um dreifikerfi um landið.

Um 28. gr.

Greinin er nánast samhljóða núgildandi 5. gr. útvarpslaga, en greinin tekur þó mið af heimild menntamálaráðherra skv. 3. mgr. 1. gr. til að undanskilja rekstur loftnetskerfa ákvæðum laganna.

Um 29. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá núgildandi lögum en áréttað er að sé um útvarpsrekstur að ræða skv. 1. gr. felur það m.a. í sér skyldu til þýðingar á erlendu sjónvarpsefni.

Um V. kafla.
Um 30. gr.

Efni þessarar greinar var áður í 17. gr. núgildandi laga og tók þá aðeins til Ríkisútvarpsins. Hér er lagt til að varðveisluskyldan nái til allra útvarpsstöðva. Jafnframt er við það miðað að útvarpsstöðvum er ekki skylt að varðveita annað efni en það er hefur menningar- og fræðslugildi.

Varðveisluskylda er stytt úr 18 mánuðum í 12 til samræmis við málssóknarrétt á grundvelli 32. gr.

Um 31. gr.

Sú breyting er gerð á þessari grein að skilgreining á ábyrgðaraðilum breytist. Talið er rétt að umsjónarmenn samsettra þátta séu ábyrgir fyrir þeim, innan vissra marka, fremur en stjórnandi útsendingar eins og segir í gildandi lögum. Þá er ábyrgð á öðru útsendu efni færð til samræmis við aðrar breytingar frumvarpsins. Einnig er talið rétt að skýra ábyrgð þula sem atvinnu hafa af því að lesa efni annarra.

Um 32. gr.

Greinin er óbreytt frá núgildandi lögum.

Um VI. kafla.

Um 33. gr.

Efni þessarar greinar var áður í 16. gr. og átti þá aðeins við um Ríkisútvarpið. Nú þykir hins vegar nauðsyn að veita öðrum stöðvum slíka heimild.

Þá er í greininni heimilað að útvarpsstöðvar veiti upplýsingaþjónustu, TELETEKST, í gegnum tæki og dreifikerfi án þess að um dagskrárgerð eða auglýsingar sé að ræða.

Um 34.–37. gr.

Ákvæði þessi eru óbreytt frá núgildandi lögum.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er gert ráð fyrir að skipunar- og ráðningartíma núverandi yfirmanna Ríkisútvarpsins ljúki eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku laga þessara og ákvæði 1. mgr. 14. gr. um tímabundna skipun taki þá gildi.

Ed. 751. Frumvarp til laga [430. mál]

um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er háskólastofnun sem tengist læknadeild og hefur sérstaka stjórn og sjálfstæðan fjárhag.

Kostnaður af starfsemi tilraunastöðvarinnar greiðist úr ríkissjóði og af sértekjum sem henni er heimilt að afla sér, m.a. samkvæmt gjaldskrá.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar skal vera m.a.:

1. Að stunda grunnrannsóknir í líf- og læknisfræði dýra og manna.
2. Að annast rannsóknir og þjónustu í þágu heilbrigðiseftirlits, sjúkdómsgreininga og sjúkdómsvarna fyrir búfé og önnur dýr í samstarfi við yfirdýralækni og þróa aðferðir í því skyni. Enn fremur að vera yfirdýralækni til ráðuneytis um allt er varðar sjúkdóma í dýrum og varnir gegn þeim.
3. Að þróa, framleiða, flytja inn og dreifa bóluefni og lyfjum gegn sjúkdómum í búfé og öðrum dýrum.
4. Að veita háskólakennurum og öðrum sérfræðingum, sem ráðnir eru til kennslu og rannsókna á sviðum stofnunarinnar, aðstöðu til rannsókna eftir því sem við verður komið.
5. Að annast endurmenntun dýralækna eftir því sem aðstæður leyfa og miðlun upplýsinga til þeirra í samvinnu við yfirdýralækni.
6. Að annast eldi á tilraunadýrum fyrir vísindalegar rannsóknir í landinu.
7. Að taka þátt í rannsóknum og þróunarvinnu í þágu líftækni og líftækniiðnaðar í landinu.

3. gr.

Háskólaráð skipar fimm menn í stjórn tilraunastöðvarinnar til fjögurra ára í senn. Læknadeild Háskóla Íslands tilnefnir einn, raunvísindadeild einn og landbúnaðarráðherra

tvo og skal annar þeirra vera úr hópi starfsmanna. Fundur starfsmanna stofnunarinnar tilnefnir einn fulltrúa. Fulltrúi læknadeildar eða raunvísindadeildar skal vera formaður stjórnar samkvæmt ákvörðun háskólaráðs. Forseti læknadeildar eða staðgengill hans er málsvari tilraunastöðvarinnar á fundum háskólaráðs.

4. gr.

Hlutverk stjórnar tilraunastöðvarinnar er m.a.:

1. Að marka stofnuninni stefnu í samráði við forstöðumann og sérfræðinga stofnunarinnar.
2. Að samþykkja starfs- og fjárhagsáætlanir tilraunastöðvarinnar og bera ábyrgð á reikningum hennar.
3. Að fjalla um árlega skýrslu forstöðumanns.

Stjórnin hefur heimild til að skipta starfsemi tilraunastöðvarinnar í rannsóknasvið eða deildir eftir því sem þurfa þykir í samráði við forstöðumann.

5. gr.

Við tilraunastöðina starfar forstöðumaður sem skal hafa lokið háskólaprófi í læknisfræði dýra eða manna, líffræði eða öðrum skyldum greinum sem eru á rannsóknasviði stofnunarinnar. Hann er jafnframt prófessor við læknadeild Háskóla Íslands með takmarkaðri kennsluskyldu samkvæmt nánari ákvörðun háskólaráðs. Hann er ráðinn í starf forstöðumanns til sex ára í senn og má háskólaráð endurráða hann að fengnu áliti stjórnar tilraunastöðvarinnar. Um ráðningu hans fer að öðru leyti eins og segir í háskólalögum um prófessora og getur hann haldið prófessorsembætti þótt hann láti af störfum forstöðumanns. Í dómnefnd um stöðu forstöðumanns eiga sæti fulltrúi læknadeildar og raunvísindadeildar, auk fulltrúa háskólaráðs og menntamálaráðuneytis.

Meginhlutverk forstöðumanns er forusta um vísindastarfsemi stofnunarinnar en hlutverk hans er m.a.:

1. Að koma fram fyrir stofnunina og vera fulltrúi hennar gagnvart stjórnvöldum og hagsmunaaðilum.
2. Að hafa yfirsýn yfir rannsóknir og sjá um að gerðar séu áætlanir um ný rannsóknarverkefni og að áætlanir um eldri verkefni séu endurskoðaðar árlega.
3. Að gera tillögur til stjórnar um breytingu á rekstri stofnunarinnar eftir því sem þörf krefur á hverjum tíma.
4. Að fylgjast með rekstri og fjárreiðum stofnunarinnar og gera árlega skýrslu til stjórnar þar að lútandi.
5. Að ráða starfslið annað en sérfræðinga, svo sem framkvæmdastjóra, bústjóra, sérhæft aðstoðarfólk, tækjavörð og skrifstofufólk, auk annars aðstoðarfólks.

Forstöðumaður skal sitja fundi stjórnar með tillögurétti en án atkvæðisréttar.

6. gr.

Menntamálaráðherra skipar sérfræðinga til rannsóknastarfa við tilraunastöðina á sama hátt og kennara við læknadeild að fengnu áliti dómnefnda sem skipaðar eru samkvæmt háskólalögum og einnig að fengnu áliti forstöðumanns og stjórnar. Kennsla þeirra og önnur störf fyrir Háskóla Íslands eða aðrar stofnanir er háð samkomulagi viðkomandi yfirvalda og stjórnar tilraunastöðvarinnar. Fastráðnir háskólakennarar geta jafnframt verið sérfræðingar við tilraunastöðina.

Heimilt er að ráða sérfræðinga til tímabundinna starfa sem tengjast verkefnum stofnunarinnar. Skulu slíkar stöður veittar að jafnaði til allt að þriggja ára.

7. gr.

Framkvæmdastjóri tilraunastöðvarinnar skal ráðinn af forstöðumanni með samþykki stjórnar. Hlutverk hans er að annast daglegan rekstur tilraunastöðvarinnar í umboði forstöðumanns og sjá um aðföng, skrifstofu- og starfsmannahald. Framkvæmdastjóri aðstoðar forstöðumann við gerð fjárlagatillagna og framkvæmd fjárhagsáætlana og hefur eftirlit með fjárreiðum stofnunarinnar.

8. gr.

Menntamálaráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar, gjaldskrá fyrir stofnunina.

9. gr.

Menntamálaráðherra setur, að fengnum tillögum háskólaráðs, forstöðumanns og stjórnar, reglugerð um nánari tilhögun á starfsemi stofnunarinnar.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1990. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 11 28. febrúar 1947, um Tilraunastöð Háskólans í meinafræði.

11. gr.

Lög þessi skal endurskoða innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í maímánuði 1987 skipaði menntamálaráðuneytið nefnd til að endurskoða málefni tilraunastöðvarinnar. Í henni áttu sæti: Guðmundur Eggertsson prófessor, tilnefndur af raunvísindadeild Háskóla Íslands, formaður, Margrét Guðnadóttir prófessor, tilnefnd af læknadeild Háskóla Íslands, Bjarni Guðmundsson, þáverandi aðstoðarmaður landbúnaðarráðherra, tilnefndur af landbúnaðarráðuneytinu, Guðmundur Pétursson forstöðumaður, tilnefndur af Tilraunastöð Háskólans í meinafræði, Jónas Hallgrímsson prófessor, tilnefndur af heilbrigðisráðuneytinu, Leifur Eysteinsson, þáverandi deildarstjóri, tilnefndur af Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Stefán Stefánsson stjórnarráðsfulltrúi, tilnefndur af menntamálaráðuneytinu, Vilhjálmur Lúðvíksson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Rannsóknaráði ríkisins. Starfsmaður „Keldnanefndar", eins og endurskoðunarnefndin var kölluð, var Eiríkur Baldursson deildarstjóri, Rannsóknaráði ríkisins.

Verkefni nefndarinnar var að gera úttekt á stöðu og þróunarmöguleikum tilraunastöðvarinnar, m.a. með hliðsjón af mikilvægi hennar við uppbyggingu rannsókna á undirstöðusviðum líftækni hér á landi. Jafnframt skyldi nefndin fjalla um meginatriði er varða verkefnaval, starfshætti og stjórnun og hvernig efla beri aðstöðu stofnunarinnar svo að hún geti sinnt hlutverki sínu sem best. Keldnanefnd leitaði í störfum sínum álits fjölmargra aðila sem á einn eða annan hátt eiga hagsmuna að gæta í starfsemi tilraunastöðvarinnar og skilaði síðan viðamikilli skýrslu í febrúar 1989.

Í mars 1989 skipaði menntamálaráðuneytið síðan nefnd til að semja tillögur að frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 11 frá 1947, um Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum. Nefndinni var ætlað að byggja tillögur sínar á grundvelli nefndarálits Keldnanefndar frá febrúar 1989. Í nefndinni voru Guðrún Agnarsdóttir alþingiskona, sem var formaður, Haraldur Ólafsson, dósent við Háskóla Íslands, og Jón Höskuldsson lögfræðingur, deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu. Nefndin kynnti sér nefndarálit Keldnanefndar ítarlega, fór í kynnisferðir að Keldum og ræddi við starfsfólk þar. Enn fremur var leitað álits stjórna

læknadeildar og raunvísindadeildar á niðurstöðum Keldnanefndar, einkum hvað varðar stjórnunarlega stöðu og tengsl tilraunastöðvarinnar við Háskóla Íslands. Nefndin leitaði einnig álits ýmissa annarra aðila, svo sem yfirdýralæknis og fyrrverandi yfirdýralæknis, rektors Háskóla Íslands og háskólanefndar Dýralæknafélags Íslands.

Frumvarp þetta miðast að verulegu leyti við tillögur Keldnanefndar. Nefndin hefur þó vikið frá þeim í nokkrum atriðum og eins þurfti hún að taka afstöðu til ágreinings sem var í Keldnanefnd, m.a. varðandi tengsl tilraunastöðvarinnar við Háskólann og stjórnunarlega stöðu stofnunarinnar. Rétt þykir að tilraunastöðin sé áfram háskólastofnun og rannsóknavettvangur sem tengist læknadeild. Jafnframt skal stofnunin annast þjónustu við búfé, eldisdýr og villt dýr og er það hlutverk skilgreint sérstaklega.

Ekki þykir þörf á að setja sérstakt ákvæði um kennslu í dýralækningum í lög um tilraunastöðina. Í 9. grein laga nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, kemur fram að deildir Háskólans séu sjálfráðar um eigin málefni innan þeirra marka er sameiginlegar reglur Háskólans setja. Í sömu grein er einnig heimild til að stofna til námsbrauta sem veiti sérhæfða menntun er leiði til háskólaprófs þegar svo stendur á að náminu verður ekki komið fyrir innan háskóladeilda. Það verður ákvörðun læknadeildar, háskólaráðs og menntamálaráðherra hvenær kennsla í dýralækningum hefst hér á landi. Eðlilegt er þó að kennsla í dýralækningum fari fram á tilraunastöðinni, en ekkert í þessu frumvarpi hindrar það. Hins vegar er tilraunastöðin nú þegar sjálfsagður vettvangur endurmenntunar og miðlunar upplýsinga til dýralækna um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Í frumvarpinu er lagt til að stjórn stofnunarinnar sé heimilt í samráði við forstöðumann að skipta starfsemi tilraunastöðvarinnar í rannsóknasvið eða deildir. Í tillögum Keldnanefndar er lagt til að slík heimild sé í reglugerð. Starfsemi stofnunarinnar er þegar að vissu leyti deildaskipt eftir verkefnum. Þróun starfseminnar og hefð hefur ráðið því að Rannsóknadeild sauðfjársjúkdóma hefur verið aðskilin frá tilraunastöðinni stjórnunarlega þar sem hún heyrir undir landbúnaðarráðuneytið. Sú skipan á sér þó ekki stoð í lögum og breyting á henni krefst því ekki lagabreytinga. Lagt er til að Rannsóknadeild sauðfjársjúkdóma verði sameinuð tilraunastöðinni og tilraunastöðin annist verkefni rannsóknadeildarinnar og aðrar rannsóknir á sauðfjársjúkdómum í samræmi við hlutverk sitt skv. 2. gr. frumvarpsins. Einnig hafa nýleg lög um Rannsóknadeild fisksjúkdóma, nr. 50/1986, veitt samnefndri deild eða verkefnasviði formlega sérstöðu umfram önnur verkefnasvið tilraunastöðvarinnar. Þau lög þarf að endurskoða sérstaklega til samræmingar við efni þessa frumvarps enda segir í þeim lögum að þau skuli endurskoða innan fimm ára frá gildistöku. Nefndin ákvað eftir vandlega íhugun að leggja ekki til breytingar á lögum um Rannsóknadeild fisksjúkdóma að sinni, en telur afdráttarlaust að málefni er varða rannsóknir fisksjúkdóma eigi að falla undir lög og reglugerð um tilraunastöðina. Rannsóknir á fisksjúkdómum eins og öðrum dýrasjúkdómum samræmast fyllilega hlutverki stofnunarinnar eins og það er skilgreint í 2. gr. frumvarpsins. Að öðru leyti ættu málefni fisksjúkdóma eins og um þau er fjallað í núgildandi lögum um Rannsóknadeild fisksjúkdóma að heyra undir sérstök lög um fiskeldi, fisksjúkdóma og varnir gegn þeim, sem brýna nauðsyn ber til að setja hið fyrsta. Nefndin lítur svo á að núgildandi lög um Rannsóknadeild fisksjúkdóma samræmist ekki þessu frumvarpi og skuli einungis gilda til bráðabirgða eða þar til sérstök lög um fiskeldi, fisksjúkdóma og varnir gegn þeim hafa verið sett.

Rétt þykir að stjórn stofnunarinnar hafi lagaheimild til þess að ákvarða að hve miklu leyti og hvernig skuli skipuleggja innra starf stofnunarinnar í samræmi við þarfir og viðfangsefni á hverjum tíma. Nú ráða hefðir og sérstök lög misjöfnu vægi verkefnasviða eins og áður er getið. Nánari reglur um deildaskiptingu eða verkefnasvið og hlutverk deildarstjóra þykir rétt að setja í reglugerð. Erlendir ráðgjafar Keldnanefndar mæltu að vísu eindregið gegn því að stofnuninni yrði skipt í deildir á formlegan hátt. Slíkt gæti torveldað samskipti og stuðlað að einangrun, aukið á stjórnunarbyrði vísindamanna og unnið gegn sveigjanleika. Fremur bæri

að leggja áherslu á myndun verkefnahópa undir stjórn verkefnisstjóra sem hefði það hlutverk auk umsjónar með rannsóknarverkefnum að stuðla að tengslum verkefnahóps síns við aðra hópa bæði innan tilraunastöðvarinnar og utan.

Við skipan stjórnar er að mestu farið að tillögum meiri hluta Keldnanefndar. Rétt þykir að efla tengsl stofnunarinnar við bæði raunvísindadeild og læknadeild með því að skipa fulltrúa þeirra í stjórn stofnunarinnar og jafnframt að kveða svo á að annar hvor skuli gegna formennsku. Vegna mikilvægs þjónustuhlutverks tilraunastöðvarinnar við landbúnaðinn þykir rétt að landbúnaðarráðuneytið eigi tvo fulltrúa í stjórninni og er lagt til að annar þeirra komi úr hópi starfsmanna og þá væntanlega þeirra sem starfa á þeim sviðum er sérstaklega varða landbúnað. Sjálfsagt er að starfsfólk stofnunarinnnar tilnefni einnig sinn fulltrúa í stjórn hennar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að forstöðumaður sé ráðinn tímabundið til sex ára í senn en ekki til fimm ára eins og segir í tillögum meiri hluta Keldnanefndar. Mikilvægt þykir að tryggja endurmat og endurnýjun á þennan hátt. Eðlilegt er að endurnýjun í stjórn stofnunarinnar verði ekki alger á fjögurra ára fresti heldur verði þess gætt að skipta aðeins um hluta stjórnarmanna í senn. Lenging á ráðningartíma forstöðumanns miðar að því að tryggja enn frekar stöðugleika við stjórn stofnunarinnar.

Þá er lagt til að framkvæmdastjóri annist daglegan rekstur stofnunarinnar í umboði forstöðumanns en í tillögum Keldnanefndar er hann nefndur fjármálastjóri. Rétt þykir að víkka starfsheitið í samræmi við fjölþætt viðfangsefni stofnunarinnar.

Það frumvarp, sem hér er lagt fram, felur í sér ný heildarlög um tilraunastöðina og að eldri lög, frá 1947, falli úr gildi. Nefndin leggur áherslu á að lög nr. 50/1986, um Rannsóknadeild fisksjúkdóma, svo og ákvæði laga nr. 77 frá 1981, um dýralækni fisksjúkdóma, verði endurskoðuð og samræmd þessu frumvarpi. Ekki er ástæða til að breyta öðrum lögum eða reglugerðum sem varða tilraunastöðina vegna ákvæða þessa frumvarps.

Með frumvarpi þessu eru prentuð sem fylgiskjöl þau lög og reglugerðarákvæði er varða tilraunastöðina og þeir hlutar úr skýrslu Keldnanefndar sem nefndin byggði einkum tillögur sínar á.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að stofnunin sé áfram háskólastofnun með tengsl við læknadeild, en hlutverk stofnunarinnar samræmist betur viðfangsefnum læknadeildar en annarra deilda Háskólans. Ýmis ákvæði í frumvarpinu miða að því að efla þessi tengsl. Heiti stofnunarinnar er breytt þannig að hún er kennd við Háskóla Íslands. Enn fremur er í samræmi við málvenju bætt við orðunum: að Keldum.

Um 2. gr.

Tilraunastöðinni er ætlað að sinna bæði rannsóknum og þjónustu eins og verið hefur. Rannsóknarhlutverk hennar er skilgreint á víðtækan hátt til að gefa sem mest svigrúm. Tilraunastöðinni er ætlað að stunda grunnrannsóknir í líf- og læknisfræði dýra og manna, en þar eru meðtaldar rannsóknir í meinafræði, sem merkir sjúkdómafræði og er í þessu frumvarpi túlkað í víðasta skilningi þess orðs. Jafnframt er tilraunastöðinni ætlað að stunda rannsóknir á bættum aðferðum til greininga og varna gegn sjúkdómum og hagnýta niðurstöður slíkra rannsókna til hvers kyns þjónustu í þágu heilbrigðiseftirlits, sjúkdómsgreininga og sjúkdómavarna fyrir búfé, eldisdýr og villt dýr.

Nauðsynlegt er að þjónusturannsóknir hafi virk tengsl við grunnrannsóknir. Slík samvirkni eykur á öryggi og gæði þjónustunnar og tryggir endurnýjun rannsóknaraðferða í samræmi við þekkingu á hverjum tíma. Vegna rannsókna á búfjársjúkdómum og þekkingar og

reynslu starfsfólks tilraunastöðvarinnar í þeim efnum hlýtur stofnunin að vera sjálfsagður vettvangur endurmenntunar dýralækna og miðlunar upplýsinga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Yfirdýralæknir fer með yfirstjórn sjúkdómavarna í dýrum. Rétt þykir að tryggja formleg tengsl hans við þá stofnun sem hefur á verksviði sínu rannsóknir á dýrasjúkdómum þannig að hann geti sótt þangað ráðgjöf og aðstoð þegar þess gerist þörf. Það er t.d. í verkahring yfirdýralæknis að ákveða hvaða bóluefni má flytja inn en Lyfjaverslun ríkisins má ein sjá um þann innflutning. Nauðsynlegt er fyrir yfirdýralækni hafa sér til ráðuneytis sérfræðinga í dýrasjúkdómum og vörnum gegn þeim til þess að meta og prófa hvaða bóluefni sé ráðlegt að flytja inn.

Viðunandi aðstöðu fyrir skipulegt eldi tilraunadýra, sem nota þarf við ýmsar vísindalegar rannsóknir, hefur lengi vantað hér á landi. Lagt er til að tilraunastöðinni sé falið þetta hlutverk. Hún hefur hlaupið undir bagga í þessum efnum um margra ára skeið án þess þó að hafa til þess nægilega góðar aðstæður. Mikilvægt er að koma þessum málum í betra horf og telja má eðlilegt og hagkvæmt að slíkt dýrahald sé hérlendis á ábyrgð eins aðila eða stofnunar.

Segja má að líftækniiðnaður hafi verið stundaður að Keldum um margra ára skeið þar sem er framleiðsla tilraunastöðvarinnar á efnum til ónæmisaðgerða. Eðlilegt er að stofnunin verði áfram virk og eflist á sviði líftækni sem nú er í örri þróun. Henni er því sérstaklega ætlað slíkt hlutverk í þessu frumvarpi.

Um 3. gr.

Skipan stjórnar tilraunastöðvarinnar er að mestu leyti í samræmi við tillögur meiri hluta Keldnanefndar sem birtar voru í skýrslu hennar í febrúar 1989 eins og kemur fram í almennum athugasemdum. Viðfangsefni tilraunastöðvarinnar gera að öllum líkindum meiri kröfur um tengsl við læknadeild en aðrar deildir Háskólans og því er lagt til að forseti læknadeildar fari með mál hennar á fundum háskólaráðs.

Lagt er til að háskólaráð velji annaðhvort fulltrúa læknadeildar eða raunvísindadeildar sem formann stjórnar. Þessi háttur er hafður á til þess að efla tengsl tilraunastöðvarinnar við báðar deildir.

Um 4. gr.

Starfsemi tilraunastöðvarinnar er þegar að vissu leyti deildaskipt með óformlegum hætti eftir rannsóknasviðum. Hér er lagt til að stjórninni sé heimilt að skipta starfseminni í rannsóknasvið eða deildir. Ákvörðun um skiptingu hlýtur að ráðast af stærð stofnunarinnar, viðfangsefnum og öðrum ástæðum á hverjum tíma og því óheppilegt að binda slíkt í lögum.

Um 5. gr.

Tímabundnar stöðuveitingar til stjórnunarstarfa auðvelda endurmat og koma í veg fyrir stöðnun. Hér er lagt til að forstöðumaður sé ráðinn til sex ára í senn. Endurráðning er heimil og er ekki sett hámark á ráðningartíma. Gert er ráð fyrir að forstöðumaður hafi prófessorsstöðu við læknadeild til að efla tengsl tilraunastöðvarinnar og læknadeildar. Kennsla og stjórnunarstörf forstöðumanns við læknadeild ákvarðast af samkomulagi milli hans og deildarinnar en það skal staðfest af stjórn stofnunarinnar.

Eðlilegt þykir að ráðningu hans sé háttað eins og annarra prófessora og jafnframt að hann geti haldið prófessorsstöðu þótt hann láti af starfi forstöðumanns. Er slíkt jafnvel talið auðvelda eðlilega endurnýjun forstöðumanna. Rétt þykir að festa í lögum tengsl raunvísindadeildar og læknadeildar við tilraunastöðina með því að tilgreina sérstaklega fulltrúa þeirra í dómnefnd.

Um 6. gr.

Rétt þykir að sérfræðingar tilraunastöðvarinnar verði skipaðir á sama hátt og kennarar við læknadeild þannig að jafnræði haldist milli háskólamenntaðra starfsmanna tilraunastöðvarinnar og háskólamenntaðra kennara við þá deild sem stofnunin tengist mest. Það ætti að auðvelda tengsl milli deildarinnar og tilraunastöðvarinnar. Almenn tengsl við Háskólann munu einnig aukast ef sérfræðingar tilraunastöðvarinnar geta jafnframt verið fastráðnir háskólakennarar. Eðlilegt er að álit forstöðumanns og stjórnar tilraunastöðvarinnar fylgi dómnefndarálitum þannig að hægt sé að hafa þau til hliðsjónar við atkvæðagreiðslu á fundi í læknadeild.

Um 7. gr.

Hlutverk framkvæmdastjóra er fyrst og fremst að létta á stjórnunarbyrði forstöðumanns, einkum varðandi fjármál og önnur framkvæmdaatriði sem varða daglegan rekstur.

Um 8.–10. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Rétt þykir að endurskoða þær tillögur sem liggja til grundvallar þessu frumvarpi að fenginni reynslu.

Fylgiskjal I.

Lög og reglur um Tilraunastöð háskólans í meinafræði.

Um starfsemi Tilraunastöðvar háskólans í meinafræði að Keldum gilda eftirfarandi **lög nr. 11 frá 28. febrúar 1947:**

1. gr.

Að Keldum í Mosfellssveit skal starfrækja tilraunastöð, er vinni að rannsóknum á búfjársjúkdómum og öðrum skyldum verkefnum, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Stofnun þessi nefnist Tilraunastöð háskólans í meinafræði, og skal hún lúta læknadeild háskólans.

2. gr.

Forstöðumaður Tilraunastöðvar háskólans í meinafræði skal skipaður af menntamálaráðherra að fengnum tillögum læknadeildar háskólans og yfirdýralæknis Íslands.

3. gr.

Við stofnunina starfa 3 sérfræðingar auk forstöðumanns. Skal einn þeirra vera efnafræðingur. Skulu þeir skipaðir af menntamálaráðherra að fengnum tillögum læknadeildar, forstöðumanns tilraunastöðvarinnar og yfirdýralæknis. Forstöðumaður á sæti og atkvæðisrétt á fundum læknadeildar.

4. gr.

Forstöðumaður tekur laun eftir 5. flokki launalaga, en aðrir sérfræðingar samkvæmt 6. flokki. Laun annarra starfsmanna ákveðast af forstöðumanni, að fengnu samþykki fjármálaráðuneytisins.

5. gr.

Menntamálaráðherra setur, að fengnum tillögum læknadeildar háskólans og tilraunabúfjárræktar, reglugerð um starfsemi og starfssvið tilraunastöðvarinnar.

6. gr.

Ákvæði laga nr. 64 7. maí 1940,[1]) gilda ekki um stofnun þessa.

Reglugerðin, sem vísað er til í 1. og 5. gr. laganna, hefur aldrei verið sett. Hins vegar er tilraunastöðvarinnar getið í ýmsum lögum og reglugerðum sem varða landbúnað og er fjallað um þau í 3. kafla skýrslu Keldnanefndar. Þar segir:

„**Í lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76 frá árinu 1970**, segir í 1. málsgrein 75. greinar laganna að til aðstoðar ráðherra sé fisksjúkdómanefnd, og í henni eigi m.a. sæti forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum. Fisksjúkdómanefnd „skal hafa forgöngu um fisksjúkdómarannsóknir og gera tillögur til ráðherra um aðferðir til varnar gegn útbreiðslu fisksjúkdóma, . . . og annað er að fisksjúkdómum lýtur". Í 2. málsgrein segir: „Rétt er ráðherra, þeim er í hlut á, að skipa við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum sérfræðing í fisksjúkdómum og skal hann vera fisksjúkdómanefnd til aðstoðar og ráðuneytis."

Í breytingu, sem gerð var með lögum nr. 19 19. apríl 1972 á lögum nr. 74/1962, um innflutning búfjár, segir í 2. málsgrein 11. greinar laganna: „Þessa heimild [að heimila innflutning á djúpfrystu sæði úr nautum af Galloway-kyni] má landbúnaðarráðherra því aðeins nota, að stjórn Búnaðarfélags Íslands, yfirdýralæknir og forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum mæli með innflutningi djúpfrysts sæðis hverju sinni."

Í lögum nr. 76 frá árinu 1982, um lyfjadreifingu, segir í X. kafla um dreifingu dýralyfja, 57. grein: „Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum hefur heimild til að selja lyfjabúðum og héraðsdýralæknum framleiðslu sína á dýralyfjum og bóluefni í heildsölu, enda fullnægi hún ákvæðum lyfjalaga nr. 49/1978, um framleiðslu lyfja. Þá getur tilraunastöðin flutt inn og selt sömu aðilum í heildsölu ormalyf sem skráð eru hér á landi eða gerðar eru tilraunir með.

Tilraunastöðin að Keldum getur selt bændum slík lyf og bóluefni í smásölu eftir því sem aðstæður krefjast, enda sé slík sala undir eftirliti dýralækna Tilraunastöðvarinnar."

Í lögum nr. 61/1985, um skipan dýralæknis fisksjúkdóma, er þess getið að hann skuli hafa aðstöðu við Tilraunastöðina í meinafræði að Keldum.

Loks ber að nefna **lög samþykkt á Alþingi í apríl 1986 um Rannsóknadeild fisksjúkdóma.** Samkvæmt 2. grein skal við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum starfa deild „er hafi það hlutverk að annast rannsóknir á fisksjúkdómum, sjúkdómsgreiningar á fiski, útgáfu heilbrigðisvottorða og aðra skylda starfsemi".

Starfssvið deildarinnar er vel skilgreint í lögunum og tengslin við fisksjúkdómanefnd eru skýrð.

Að öðru leyti er Keldna ekki getið í lögum, en á nokkrum stöðum er stofnunin nefnd í reglugerðum.

Ber þar fyrst að nefna reglugerð um **ráðstafanir gegn kjúklingasótt frá árinu 1950.** Þar segir í 5. grein: „Tilraunastöð Háskólans í meinafræði á Keldum framleiðir nauðsynleg efni til rannsókna á útbreiðslu kjúklingasóttar. Tilraunastöðin skal einnig framkvæma blóðprófanir ásamt dýralæknum og öðrum aðilum sem landbúnaðarráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum Tilraunastöðvarinnar og þá með aðferð sem Tilraunastöðin ákveður."

Í reglugerð frá árinu **1976 um bólusetningu sauðfjár** til varnar garnaveiki segir í 8. grein: „Tilraunastöðin á Keldum skal veita nauðsynlegar upplýsingar um framkvæmd bólusetningarinnar og meðferð fjárins að henni lokinni."

1) Nú l. 64/1965.

3.1. NIÐURSTAÐA

Sum verkefni stofnunarinnar eru ákveðin í öðrum lögum og reglugerðum en lögunum um stofnunina sem sett voru 1947. Mörg þessara ákvæða eru í lögum sem í framkvæmd heyra undir landbúnaðarráðuneytið, þótt Tilraunastöðin heyri undir menntamálaráðuneytið. Þetta hefur valdið nokkurri óvissu um ábyrgð og verksvið. Keldnanefnd telur því tímabært að endurskoða lög um stofnunina og setja henni reglugerð."

Fylgiskjal II.

Niðurstöður og tillögur Keldnanefndar.

Í 9. kafla skýrslunnar er greint frá niðurstöðum og tillögum Keldnanefndar. Þar segir:

„9.1. Niðurstöður Keldnanefndar.

Keldnanefnd hefur að ósk menntamálaráðuneytisins gert úttekt á málefnum Tilraunastöðvar háskólans í meinafræði að Keldum. Meginniðurstöður nefndarinnar eru eftirfarandi:

Tilraunastöðin hefur frá upphafi gegnt veigamiklu hlutverki í baráttu við búfjársjúkdóma, sem herjað hafa á bústofn landsmanna síðustu 40 ár. Rannsóknir stofnunarinnar hafa leitt til árangursríkra varna gegn alvarlegum búfjársjúkdómum. Náið samband hefur verið með stofnuninni og þeim sem séð hafa um framkvæmd á eftirliti og vörnum gegn búfjársjúkdómum. Stofnunin hefur m.a. þróað og framleitt bóluefni gegn ýmsum landlægum búfjársjúkdómum.

Rannsóknir dr. Björns Sigurðssonar, fyrsta forstöðumanns stofnunarinnar, leiddu til nýrrar grundvallarþekkingar á eðli hæggengra veirusjúkdóma, sem vöktu alþjóðlega athygli og hafa fengið aukið mikilvægi á síðustu árum vegna hliðstæðu við hæggenga veirusjúkdóma í mönnum. Tilraunastöðin ræður nú yfir mannskap með mikla þekkingu og góðar forsendur til árangursríkra rannsókna á þessu sviði.

Með fækkun búfjár í hefðbundnum greinum landbúnaðar hafa tekjur stofnunarinnar af þjónustu og sölu lyfja og bóluefna dregist saman, hún lent í fjárhagslegum erfiðleikum og óvissa skapast um framtíðarhlutverk hennar. Fjárveitingavaldið hefur ekki horft raunhæfum augum á tekjuvanda stofnunarinnar á síðustu árum.

Framkvæmd laga um Tilraunastöðina falla undir menntamálaráðuneytið og hún er skilgreind sem háskólastofnun. Hins vegar er öllu meira fjallað um verkefni hennar í ýmsum lögum og reglugerðum, sem eru á verksviði landbúnaðarráðuneytisins. Hún veitir fyrst og fremst landbúnaðinum þjónustu, en tengsl hennar við Háskóla Íslands hafa í reynd verið lítil.

Núverandi stjórnunarfyrirkomulag á stofnuninni mótaðist á fyrstu árum hennar meðan hún var mjög fámenn og er lítt breytt. Með stækkun hennar hefur orðið vaxandi þörf á styrkri innri stjórn á daglegum málefnum, svo og betri tengslum við helstu viðskiptavini sem þurfa að leita aðstoðar stofnunarinnar.

Miklar breytingar eru að verða á eðli landbúnaðarframleiðslu með tilkomu nýrra búgreina, ekki síst fiskeldis og einnig vegna ört vaxandi þekkingar í grunngreinum líffræði og líftækni. Möguleikar skapast til að stýra fjölgun og þroskaferli eldisdýranna mun betur en áður var. Þannig geta mun fleiri tegundir lífvera orðið „húsdýr" og hægt verður að ná meiri hagkvæmni og framleiðni í einstökum greinum eldis (búskapar) og fást við þá

sjúkdóma sem fylgja hverri tegund. Stofnunin hefur mikilvægu hlutverki að gegna bæði sem fræðilegur bakhjarl þessara greina, og þjónustustofnun. Með stofnun dýralæknaskóla hér á landi, eins og gerðar hafa verið tillögur um, yrði Tilraunastöðin á Keldum grundvallareining bæði til verklegrar og fræðilegrar kennslu á viðkomandi fræðasviðum. Framan af var Tilraunastöðin vel búin tækjum og aðstöðu til rannsókna. Með lækkandi eigin tekjum og samdrætti í framlögum ríkissjóðs hefur stofnunin komist í verulegan rekstrarvanda sem ríkisvaldið hefur ekki viljað horfa á raunsæjum augum. Staða stofnunarinnar hefur því verið óljós og fáir innlendir aðilar sýnt henni áhuga. Hús hafa drabbast niður og tækjabúnaður úrelst. Hefur það skaðað stofnunina og dregið úr getu hennar til rannsókna sem standast alþjóðlegan samanburð.
Það er skoðun Keldnanefndar að þessari öfugþróun þurfi að snúa við. Stofnunin hefur áfram mikilvægu hlutverki að gegna í uppbyggingu nýrra búgreina eins og fiskeldis og sem þekkingarmiðstöð á sviði meinafræði og líffræði hér á landi. Því þarf að stórefla stofnunina, skýrgreina hlutverk hennar betur og fá henni lagalegan og stjórnunarlegan ramma í samræmi við þarfir tímans.

9.2. Tillögur Keldnanefndar.

Tillögurnar sem fylgja eru af tvennum toga: **Annars vegar** eru tillögur sem Keldnanefnd álítur að eigi heima í lögum og reglugerð fyrir stofnunina, og **hins vegar** eru tillögur sem lúta að eflingu stofnunarinnar: m.a. fjölgun starfsliðs, viðbætur og endurnýjun á tækjakosti, endurnýjun húsnæðis, áherslur í verkefnavali og fleira sem er efni umfjöllunar um stofnunina í fjárlagagerð, viðfangsefni stjórnar og forstöðumanns.

9.2.1. Tillögur vegna lagasetningar og reglugerðar.

I. Keldnanefnd leggur til við menntamálaráðuneytið að þegar verði sett sérstök lög fyrir Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum. Lögin taki til verkefna sem getið er í umfjöllun um hlutverk stofnunarinnar og verkefna sem vísað er til hennar í öðrum lögum og reglugerðum, sbr. kafla 3.
Lagasetningin feli í sér að Rannsóknadeild sauðfjársjúkdómanefndar verði sameinuð Tilraunastöðinni, og sérstök lög um Rannsóknadeild fisksjúkdóma verði samræmd hinum nýju lögum.
Sett verði reglugerð fyrir starfsemina.

II. Tilraunastöðin er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag og lýtur sérstakri stjórn.[1] [2]

III. Hlutverk tilraunastöðvarinnar:

— Við Tilraunastöðina skulu stundaðar grunnrannsóknir í meinafræði, dýralæknisfræði og dýralíffræði.
— Jafnframt skal við Tilraunastöðina lögð stund á hagnýtar rannsóknir á aðferðum við sjúkdómsgreiningar og vörnum gegn búfjársjúkdómum og sjúkdómum sjávardýra í eldi.
— Tilraunastöðin skal annast rannsóknir og þjónustustarfsemi sem miðast við þarfir dýralæknisþjónustu, hollustuhátta og heilbrigðiseftirlits í landbúnaði og fiskeldi.
— Tilraunastöðin er aðsetur kennslu og endurmenntunar í dýralækningum á vegum Háskóla Íslands.
— Tilraunastöðin er eftir því sem við verður komið rannsóknavettvangur háskólakennara sem ráðnir eru til kennslu og rannsókna á sviðum stofnunarinnar.

---

1) Einn nefndarmanna leggur til að stofnunin verði flutt yfir á verksvið landbúnaðarráðuneytisins, sjá sérálit bls. 64.
2) Meðal þeirra sem telja að Tilraunastöðin skuli áfram vera háskólastofnun er ágreiningur um hvort hún skuli tilheyra læknadeild eða falla beint undir háskólaráð, sjá Ágreiningsmál, bls. 62.

— Tilraunastöðin skal eftir því sem hagkvæmt þykir annast eldi á tilraunadýrum vegna vísindalegra rannsókna í landinu.
— Á grundvelli þekkingar og aðstöðu sinnar skal Tilraunastöðin geta tekið þátt í rannsókna- og þróunarvinnu í þágu líftækni og líftækniiðnaðar í landinu.

IV. Stjórn og skipulag.[3])

— *Verkefni stjórnar:* Hún hefur á hendi stjórnun stofnunarinnar og markar henni stefnu hvað varðar val meiri háttar verkefna í samráði við forstöðumann. Stjórnin samþykkir starfs- og fjárhagsáætlanir stofnunarinnar, og ber ábyrgð á reikningum hennar. Hún ræður forstöðumann að fengnum úrskurði dómnefndar sem skipuð er samkvæmt háskólalögum. Stjórnin annast fastráðningu háskólamenntaðs starfsliðs að stofnuninni að fengnum úrskurði dómnefndar og áliti forstöðumanns. Stjórnin fjallar um árlega skýrslu forstöðumanns.
— Í reglugerð skal vera heimild til stjórnar að skipta starfsemi stofnunarinnar í deildir. Deildarstjórar skulu valdir af forstöðumanni úr hópi fastráðinna sérfræðinga stofnunarinnar.
— *Skipun stjórnar:* Stjórn Tilraunastöðvarinnar er skipuð af háskólaráði til fjögurra ára í senn samkvæmt tilnefningum:

læknadeildar (dýralæknadeildar)	1 fulltrúi
raunvísindadeildar	1 fulltrúi
landbúnaðarráðuneytis	2 fulltrúar
fundar starfsmanna	1 fulltrúi

— Stjórnin skal skipuð 5 mönnum og háskólaráð velur formann úr hópi stjórnarmanna. Það er skilningur nefndarinnar að annar fulltrúi landbúnaðarráðuneytisins sé sérfróður í fiskalífeðlisfræði eða um fisksjúkdóma.

V. Starfslið.

Við Tilraunastöðina starfa forstöðumaður, sérfræðingar, fjármálastjóri, bústjóri, sérhæft aðstoðarfólk, tækjavörður og skrifstofufólk, auk annars aðstoðarfólks.

— Skipaðar skulu **dómnefndir,** samkvæmt háskólalögum, til að fjalla um hæfni umsækjenda um stöður forstöðumanns og fastráðinna sérfræðinga við Tilraunastöðina.
— **Forstöðumaður** skal hafa lokið háskólaprófi og vera sérfróður á rannsóknasviði stofnunarinnar. Til hans skulu gerðar sömu hæfniskröfur og prófessors við Háskóla Íslands. Hann skal eiga sæti í háskóladeild.[4])
— Hann hefur á hendi yfirstjórn vísindalegra rannsókna og hefur umsjón með daglegum rekstri stofnunarinnar. Hann ræður annað starfslið stofnunarinnar en þess sem getið er um í verkefnum stjórnar. Forstöðumaður kemur fram fyrir stofnunina og er fulltrúi hennar gagnvart stjórnvöldum og hagsmunaaðilum. Forstöðumaður gerir árlega skýrslu til stjórnar um starfsemi og fjárreiður stofnunarinnar. Forstöðumaður situr fundi stjórnar, án atkvæðisréttar.[5])

  Forstöðumaður er ráðinn til 5 ára í senn.
— **Sérfræðingar** stofnunarinnar eru ráðnir til rannsóknarstarfa við stofnunina. Kennsla sérfræðinga skal háð samkomulagi háskólayfirvalda og stjórnar stofnunarinnar, og skal í því m.a. kveðið á um hvort kennslan skoðist sem hluti vinnuskyldu.

3) Sjá einnig sérálit, bls. 64.
4) Sjá Ágreiningsmál, bls. 62.
5) Tveir nefndarmenn af átta telja að forstöðumaður skuli ráðinn ótímabundið.

— Við stofnunina verður einnig komið á fót **tímabundnum sérfræðingsstöðum** sem eru tengdar verkefnum. Stöðurnar eru veittar til þriggja ára hið minnsta. Umsækjandi um slíka stöðu skal hafa lokið doktorsprófi eða hlotið doktorsgráðu.
— Fjármálastjóri annast daglegan rekstur stofnunarinnar í umboði forstöðumanns, og sér um skrifstofuhald og starfsmannahald. Hann aðstoðar forstöðumann við gerð fjárlagatillagna og framkvæmd fjárhagsáætlana.

9.2.2. Aðrar tillögur Keldnanefndar.

— Mannafli.

Tillaga Keldnanefndar um fjölgun starfsliðs stofnunarinnar byggir á þeim áherslum sem lagðar eru í skilgreiningu á hlutverki stofnunarinnar og fram kemur í mati nefndarinnar sem er stutt áliti erlendra matsmanna. Skiptinguna sem gerð er eftir sviðum hér að neðan ber ekki að skoða sem tillögu nefndarinnar um deildaskipan stofnunarinnar, enda varð nefndin sammála um að slík ákvörðun væri í verkahring stjórnar samkvæmt heimild í reglugerð. Skiptingin er hér gerð til hægðarauka svo að áherslur í tillögunni um mannaflaaukningu næstu 6 árin verði skýrari.

Tillagan felur í sér eflingu stofnunarinnar, einkum með áherslu á grunnrannsóknir og vegna aukinnar þjónustu við fiskeldið í landinu. **Lögð er áhersla á að nú þegar, sé ráðinn fjármálastjóri stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að 6,5 stöður sérfræðinga bætist við á næstu 6 árum, og aðstoðarmönnum fjölgi um 7,5 á sama tíma.**

Í tillögunum er ekki átt við þau stöðugildi sem nefndin leggur til að verði flutt yfir til Tilraunastöðvarinnar frá Rannsóknadeild sauðfjársjúkdómanefndar, heldur er hér rætt um nýjar stöður. Einnig skal vakin athygli á því að í tillögunum er ekki gert ráð fyrir nýjum stöðum vegna þátttöku Tilraunastöðvarinnar í kennslu verðandi dýralækna.

SÉRFRÆÐINGAR

Verkefnasvið	**Fjöldi nú**	**Eftir eflingu**
Sameindalíffræði og ónæmisfræði	2	5
Fisksjúkdómar	3	4
Sýklafræði, bóluefnisframleiðsla og tilraunadýr	1,5	3
Sjúkdómsgrein	2	3
Sníkjudýrafræði	1	2
Meina- og veirufræði	3	3
Meinaefnafræði	3	2
Alls sérfræðingar	**15,5**	**22**

AÐSTOÐARMENN

Verkefnasvið	**Fjöldi nú**	**Eftir eflingu**
Sameindalíffræði og ónæmisfræði	0	2
Fisksjúkdómar	5	7
Sýklafræði, bóluefnisframleiðsla og tilraunadýr	3,5	4
Sjúkdómsgrein	4	5
Sníkjudýrafræði	1	1
Meina- og veirufræði	4	4
Meinaefnafræði	0	1
Alls aðstoðarfólk	**16,5**	**24**
Fjármálastjóri	**0**	**1**

Auk þess starfa við stofnunina forstöðumaður, bústjóri og þrír aðstoðarmenn hans, á skrifstofu starfa 3, við glasaþvott og kaffiþjónustu 2, einn við ræstingu, og ½ stöðugildi er við bókasafn stofnunarinnar. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á þessum mannafla.

Starfsmenn alls: 43,5. Eftir eflingu 58,5.

— Húsnæði Tilraunastöðvarinnar:
Keldnanefnd hvetur því til þess að nefnd sú sem vinnur að tillögum um úrbætur í húsnæðismálum Tilraunastöðvarinnar hraði störfum og verði tillögur hennar um endurbætur byggðar á því hlutverki sem Tilraunastöðinni er ætlað. Í því efni verður bæði að huga að brýnni þörf á endurbótum á núverandi húsnæði stofnunarinnar og einnig að viðbótarhúsnæði. Í framhaldi af því hlutist menntamálaráðuneytið til um að fjármagn fáist til framkvæmda.

— Húsnæði Rannsóknadeildar fisksjúkdóma:
Keldnanefnd hvetur einnig til þess að nefnd sú sem Rannsóknaráð ríkisins hefur kallað saman til að hafa forgöngu um byggingu aðstöðu til rannsókna á fisksjúkdómum og í fiskalífeðlisfræði hefji framkvæmdir hið fyrsta. Þar er um að ræða samstarfsverkefni Rannsóknaráðs, Háskóla Íslands, Tilraunastöðvarinnar, landbúnaðarráðuneytisins, sjávarútvegsráðuneytisins, Reykjavíkurborgar og Landssambands fiskeldis- og hafbeitarstöðva. Í tillögu nefndarinnar er gert ráð fyrir byggingu húss sem er um 800 m^2 að flatarmáli. Þar er gert ráð fyrir rannsóknaraðstöðu, keraskála og aðstöðu til fundarhalda og kennslu. Kennsluhúsnæðið gæti nýst til kennslu nema í dýralæknisfræði og til fræðslufunda fyrir starfsmenn fiskeldisstöðva og starfsmanna Tilraunastöðvarinnar sjálfrar. Áætlaður byggingarkostnaður er um 70 milljónir króna og hafa aðilarnir að samstarfsverkefninu lofað helmingi þeirrar fjárhæðar. Gert er ráð fyrir að það sem á vantar verði fengið að láni hjá Framkvæmdasjóði og endurgreitt þannig að hálf árleg endurgreiðsla komi af fjárlögum og það sem á vantar verði greitt af þeim sem njóta starfseminnar sem fram fer í byggingunni.

— Tækjakostur stöðvarinnar:
Keldnanefnd leggur til að meðal fyrstu verkefna nýrrar stjórnar verði að kanna hvaða þörf er fyrir eflingu og endurnýjun tækjakosts Tilraunastöðvarinnar og leggja fram áætlun í því efni. Bent er á að sérstaks átaks er þörf, en auk þess minnt á að unnt er að tengja tækjakaupin umsóknum um styrki til sérstakra verkefna.

— Tekjustofnar tilraunastöðvarinnar:
Keldnanefnd telur einsýnt að vinda verði bráðan bug að því að greiða úr fjárhagslegum vanda stofnunarinnar. Tryggja verður tekjustofna og miða fjárveitingar við starfsemina. Stjórn stofnunarinnar, forstöðumaður og fjármálastjóri skulu hið fyrsta kanna frekar hvaða tekjustofnar eru ekki nýttir, fara yfir gjaldskrár stofnunarinnar og athuga hvort verðlagning er í samræmi við tilkostnað, og athuga sérstaklega verðmyndun bóluefnisframleiðslunnar. Þá þarf að gera átak til þess að koma innheimtumálum í rétt lag. Varðandi Rannsóknadeild fisksjúkdóma hljóta stjórnvöld að íhuga hvort þjónusta deildarinnar sé ekki það mikilvæg fiskeldinu að greiðsla fyrir hana sé ekki sambærileg við kröfur fjármagnsstofnana og tryggingarfyrirtækja. Ef til vill verður hægt að tengja greiðslur vegna þjónustunnar veitingu afurðalána.

— Bóluefnisframleiðsla með nýjum aðferðum:
Keldnanefnd leggur það í hendur stjórnar og forstöðumanns stofnunarinnar að kanna grundvöll þess að taka upp nýjar aðferðir við framleiðsluna og forsendur fyrir því að

framleiða fleiri bóluefni en nú er gert. Slíkar aðferðir við framleiðsluna eru við lauslega athugun taldar dýrari en nú er, en á móti kemur að þörfin fyrir ný bóluefni vex, einkum í fiskeldi. Athugunina skal gera í ljósi þess að Tilraunastöðin er mikilvægur hlekkur í uppbyggingu líftækninnar í landinu. Rækileg markaðskönnun yrði veigamikill þáttur athugunarinnar.[6])

9.3. Ágreiningsmál.

Ágreiningur er í nefndinni um hvort stofnunin skuli áfram vera háskólastofnun. Einn nefndarmanna telur að svo skuli ekki vera, sjá sérálit. Meðal þeirra sem telja að stofnunin skuli áfram vera háskólastofnun eru skiptar skoðanir um hvort hún skuli heyra beint undir háskólaráð eða vera áfram undir læknadeild.

Talsmenn þess að hún skuli áfram heyra undir læknadeild benda á að skýrt þurfi að vera í lögum hvert stofnunin skal snúa sér vegna skipunar dómnefnda og til þess að tryggja faglega umfjöllun um málefni stofnunarinnar. Slík fagleg umfjöllun yrði ekki fáanleg í háskólaráði, enda eiga sæti þar forsetar deilda sem sinna verkefnum óskyldum rannsóknastarfsemi Tilraunastöðvarinnar og ætla verður að hafi takmarkaðan skilning á málefnum hennar. Auk þess yrði að vera ótvírætt í hvaða deild forstöðumaður stofnunarinnar eigi sæti. Forstöðumenn einstakra háskólastofnana eiga ekki setu í háskólaráði, en með því að tilraunastöðin heyri áfram undir læknadeild á hún talsmann á fundum ráðsins.

Önnur afstaða í nefndinni er sú að taka verði afleiðingum þess að læknadeild hafi um áratuga skeið sýnt Tilraunastöðinni lítinn áhuga og samstarf við raunvísindadeild Háskólans sé mun meira. Bent er á að stöðin eigi samleið með fræðigreinum bæði í raunvísindadeild og í læknadeild. Því væri eðlilegra að hún heyrði beint undir háskólaráð. Háskólaráði sé fyllilega jafn vel treystandi og læknadeild til þess að fjalla faglega um málefni Tilraunastöðvarinnar, enda sitja hæfir einstaklingar í ráðinu sem ýmist búa yfir tilhlýðilegri þekkingu eða eru í aðstöðu til að afla hennar. Gera má ráð fyrir að háskólaráð telji einatt jafna þörf álits læknadeildar sem raunvísindadeildar og geti leitað þess þegar þurfa þykir. Þannig fáist víðtækari fagleg umfjöllun en verði með því að stofnunin heyri undir læknadeild.

Þriðja skoðunin í nefndinni um stöðu Tilraunastöðvarinnar í stjórnkerfinu er sú að taka eigi afleiðingum þess að stofnunin er og verður áfram fyrst og fremst þjónustustofnun í þágu landbúnaðar og fiskeldis í landinu. Læknadeild hefur löngum sýnt stofnuninni lítinn áhuga. Tekjur stofnunarinnar koma að langstærstum hluta frá þessum greinum án þess að landbúnaðarráðuneytið beri nokkra stjórnvaldslega ábyrgð á stofnuninni og starfsemi hennar. Hins vegar verður að tryggja góðan samgang milli Tilraunastöðvarinnar og þeirra deilda háskólans sem eðlilegt er að samskipti verði höfð við, og einkum ef komið verður á námi í dýralækningum hérlendis."

[6]) Sjá fylgiskjal um bóluefnisframleiðslu.

Sþ. 752. Tillaga til þingsályktunar [431. mál]

um samningu rits um kristni á Íslandi í þúsund ár.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Jón Helgason, Árni Gunnarsson,
Ólafur G. Einarsson, Páll Pétursson, Eiður Guðnason,
Margrét Frímannsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Guðmundur Ágústsson,
Ingi Björn Albertsson, Stefán Valgeirsson.

Alþingi samþykkir, með tilvísun til þingsályktunar frá 17. apríl 1986 um þúsund ára afmæli kristnitökunnar, að fela forsetum þingsins í samráði við þjóðkirkju Íslands og guðfræðideild Háskóla Íslands að standa fyrir samningu ritverks um kristni á Íslandi og áhrif hennar á þjóðlíf og menningu í þúsund ár.

Forsetar þingsins skipi að höfðu samráði við biskup Íslands þriggja manna ritstjórn og ráði ritstjóra verksins frá ársbyrjun 1991. Ritstjóri ráði síðar aðra þá höfunda er að verkinu standa með samþykki ritstjórnar.

Kostnaður við verkið greiðist með öðrum útgjöldum Alþingis.

Ljúka skal samningu verksins á fimm árum.

Greinargerð.

Hinn 17. apríl 1986 samþykkti Alþingi svohljóðandi ályktun:

„Alþingi ályktar að fela forsetum Alþingis að vinna að athugun á því með hvaða hætti verði af hálfu Alþingis minnst þúsund ára afmælis kristnitökunnar.“

Tillaga þessi, sem samþykkt var einróma, var flutt af forsetum þingsins og formönnum allra þingflokka.

Í framsöguræðu sinni fyrir tillögunni sagði þáverandi forseti sameinaðs þings, Þorvaldur Garðar Kristjánsson, m.a.:

„Eins og þjóðkirkjan mun minnast kristnitökunnar með sínum hætti, svo hlýtur Alþingi að minnast þess atburðar á sinn hátt.“ Og síðar í ræðunni sagði hann: „Jafnframt er þessi þingsályktunartillaga flutt til að leggja áherslu á að Alþingi hafi mikilvægu hlutverki að gegna og megi ekki láta sinn hlut eftir liggja þegar minnst verður merkustu löggjafar þess.“

Þær hugmyndir, sem nefndar voru 1986, lutu einkum að byggingu sameiginlegs húss Alþingis og kirkjunnar á Þingvöllum þar sem m.a. gætu farið fram þingsetningar- og þinglausnafundir Alþingis, svo og aðrir hátíðarfundir þess. Þeim hugmyndum hefur ekki verið fylgt frekar eftir.

Samkvæmt ákvörðun kirkjuþings 1984 tilnefndi kirkjuráð 1985 þriggja manna nefnd, kristnitökunefnd, til þess að undirbúa hátíðarhöld í tilefni þúsund ára kristnitökuafmælis árið 2000. Í henni áttu sæti þáverandi biskup, hr. Pétur Sigurgeirsson, sr. Heimir Steinsson þjóðgarðsvörður og sr. Jónas Gíslason prófessor. Meðal verkefna, sem sú nefnd hugleiddi í tilefni afmælisins, var samning nýrrar kirkjusögu. Var skipuð sérstök undirnefnd til að kanna það mál.

Skömmu eftir að núverandi biskup, hr. Ólafur Skúlason, tók við embætti kvaddi hann saman á fund í biskupsgarði frú Vigdísi Finnbogadóttur, forseta Íslands, Guðrúnu Helgadóttur, forseta sameinaðs þings, og Steingrím Hermannsson forsætisráðherra til þess að ræða um undirbúning hátíðarhaldanna. Í kjölfar þess skipaði ríkisstjórnin 20. okt. sl., að tillögu biskups, forseta Íslands, handhafa forsetavalds og biskup Íslands í starfshóp til að undirbúa þátt ríkisvaldsins í hátíðarhöldunum. Hefur þessi hópur verið kallaður „kristnihátíðarnefnd“. Þegar liggur fyrir sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að kosta þýðingu Gamla testamentisins úr hebresku og nýja útgáfu Biblíunnar og er það verk þegar hafið og komið á nokkurn rekspöl.

Í kristnihátíðarnefndinni hefur forseti sameinaðs þings lagt fram tillögu um að Alþingi standi fyrir samningu kristnisögu, þ.e. rits um sambúð kirkju og þjóðar og um kristna

menningu hennar í þúsund ár. Er sú fyrirætlan nokkuð í hátt við áðurgreinda samþykkt ríkisstjórnarinnar, auk þess sem samning rits af þessu tagi stendur Alþingi nær en margt annað sem til greina kæmi.

Forsetar hafa rætt kristnihátíðarmálið ítarlega á fundum sínum og ráðgast nánar um það við forustumenn kirkjunnar og nokkra fræðimenn. Hefur biskup lýst stuðningi við tillöguna og áform Alþingis í þessa átt. Í bréfi til forseta þingsins segir biskup m.a.:

„Eftir að ég fékk uppkast að nefndri þingsályktunartillögu hef ég borið hana undir ýmsa menn, þar á meðal prófessorinn í kirkjusögu við guðfræðideild Háskóla Íslands og aðra þá sem gerst munu kunnugir þessu máli, og hafa allir lokið upp einum munni um gagnsemi þessa rits."

Jafnframt hafa forsetar leitað samstöðu um málið meðal formanna þingflokkanna. Er tillaga þessi, sem hér er gerð, niðurstaða þessa samráðs.

Gert er ráð fyrir að forsetar skipi ritstjórn og ráði ritstjóra verksins. Um það munu þeir hafa fullt samráð við biskup.

Mikilvægt er að ritverk þetta verði læsilegt og höfði jafnt til leikra sem lærðra. Er áætlað að það verði tvö til þrjú bindi að stærð og skiptist í nokkra meginkafla:

Kristnitökutímann, þ.e. þegar forn norræn menning og kristin menning mættust á Íslandi.

Kristni þjóðveldistímans þegar hin sérstæða þjóðfélags- og kirkjugerð þróaðist áður en ríkisvald í eiginlegum skilningi hafði náð að festast í sessi hér á landi.

Katólskar miðaldir þegar efling ríkisvalds hélst í hendur við aukinn styrk kirkjunnar sem stofnunar hér á landi. Á þessu tímaskeiði verður þáttur listfræði og bókmenntafræði sérstaklega mikill.

Tíma siðbreytingar, einveldis og ríkiskirkju þegar fjölþættar breytingar gengu yfir og höfðu djúp áhrif á flest svið þjóðlífsins.

Tíma sjálfstæðis, lýðræðisþróunar, þjóðkirkju, trúfrelsis og fjölhyggju.

Ætla þarf nokkru lengri tíma til samningar ritsins en umfang þess í bindum virðist í fljótu bragði gefa tilefni til. Kemur þar margt til. Í fyrsta lagi er hér nokkur nýjung á ferðinni því að hingað til hefur saga þjóðar og kirkju ekki verið rituð út frá því gagnvirka menningarsögulega sjónarhorni sem hér yrði lagt til grundvallar. Munu því höfundar þurfa nokkurn tíma til að sammælast um rannsóknaraðferðir. Þá mun óhjákvæmilegt að stundaðar verði talsverðar frumathuganir á ákveðnum tímabilum og viðfangsefnum. Verður að fenginni reynslu að gefa væntanlegum höfundum nokkurt svigrúm til að losa sig frá öðrum verkefnum áður en vinna af þessu tagi getur hafist að fullu. Óvarlegt er því að ætla skemmri tíma en fimm ár til ritunar verksins. Á hinn bóginn ber eindregið að stefna að því að höfundar verksins miði allar áætlanir sínar við þau tímamörk.

Ritstjóri verksins hlýtur, auk virkrar, fræðilegrar ritstjórnar að vera einn af aðalhöfundum verksins. Ekki virðist ráðlegt að ætla til ritstjórnarinnar minna en hálft stöðugildi allan þann tíma sem samning ritsins stendur. Um ráðningu annarra höfunda verður að gæta mikils sveigjanleika allt eftir því hversu stór hlutur þeim er ætlaður af verkinu. Í heild virðist ekki óraunhæft að ætla að til verksins muni þurfa tvö til tvö og hálft stöðugildi allan þann tíma sem á samningu ritsins stendur. Vinnan mun hins vegar dreifast með misjöfnum hætti á tímabilið. Laun og önnur ráðningarkjör ritstjóra og höfunda verður að miða við laun háskólakennara.

Eðlilegt virðist að launakostnaður og annar kostnaður, er af verkinu hlýst, sé greiddur með öðrum útgjöldum Alþingis. Ekki er þó óeðlilegt að Alþingi leiti aðildar annarra stofnana að verkinu á ýmsan hátt. Kirkjuráð gæti t.d. veitt aðstöðu til ráðstefnu- og fundahalda, svo sem í Skálholtsskóla eða á öðrum sambærilegum stað. Þá mun samning þessa verks skila verulegu framlagi á sviði íslenskrar kirkjusögu, auk þess sem útgáfa þess leysir brýna þörf fyrir námsefni í þeirri grein við guðfræðideild Háskóla Íslands. Því er eðlilegt að leitað verði eftir samvinnu við Háskólann og guðfræðideild hans. Til greina kæmi m.a. að Háskólabókasafn

annist nauðsynleg bókakaup í tengslum við verkið og guðfræðideild eða Guðfræðistofnun Háskólans veitti starfsaðstöðu og ritaraþjónustu að einhverju marki. Loks má geta þess að oft er æskilegt að rannsóknir og ritun af því tagi sem hér um ræðir tengist með einhverjum hætti háskólakennslu á viðkomandi sérsviði.

Nd. 753. Frumvarp til laga [432. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Geir H. Haarde, Friðrik Sophusson, Pálmi Jónsson,
Birgir Ísl. Gunnarsson, Hreggviður Jónsson, Eggert Haukdal.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I með lögum nr. 79/1989 orðist svo:

Hafi maður fengið ákvarðaðar húsnæðisbætur skv. C-lið 69. gr., sbr. B-lið 11. gr. laga nr. 49/1987 og C-lið 9. gr. laga nr. 92/1987, skal hann halda þeim rétti og fá greiddar húsnæðisbætur í samræmi við ákvörðun skattstjóra til loka þess tímabils er ákvörðun skattstjóra tók til, þó í engu tilviki lengur en til ársins 1993, ef bætur voru ákvarðaðar á grundvelli skattframtals 1988, og til ársins 1994 ef þær voru ákvarðaðar á grundvelli skattframtals 1989.

Maður, sem hefði átt rétt til húsnæðisbóta vegna húsnæðisöflunar á tímabilinu frá 1. janúar 1989 til 14. júní 1989, getur með framtali 1990 sótt um að fá ákvarðaðar húsnæðisbætur. Fái hann ákvarðaðar bætur skal hann halda þeim rétti og fá greiddar húsnæðisbætur í samræmi við ákvörðun skattstjóra til loka þess tímabils er ákvörðun skattstjóra tók til, þó aldrei lengur en til ársins 1995.

Þeir sem fá húsnæðisbætur geta aldrei notið vaxtabóta samtímis. Maður, sem áður hefur fengið ákvarðaðar húsnæðisbætur, getur, meðan hann á rétt til bótanna, óskað eftir því við skattstjóra með framtali sínu að fá úrskurð um vaxtabætur. Réttur til húsnæðisbóta fellur að fullu niður hjá þeim sem þannig fær ákvarðaðar vaxtabætur.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II með lögum nr. 79/1989 falli brott.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

Þrátt fyrir gildistökuákvæði í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 117/1989 skulu reglur lokamálsliðar 3. mgr. C-liðar 69. gr. laganna um áfallnar uppsafnaðar verðbætur, sbr. lokamálslið 2. mgr. 9. gr. laga nr. 117/1989, ekki koma til framkvæmda fyrr en við ákvörðun vaxtabóta á árinu 1991 vegna tekna á árinu 1990 og eigna í lok þess árs.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við ákvörðun húsnæðisbóta frá og með álagningu gjalda á árinu 1990 og við ákvörðun vaxtabóta á árinu 1990 vegna tekna á árinu 1989 og eigna í lok þess árs.

Greinargerð.

Það er grundvallaratriði í skattarétti með siðuðum þjóðum að skattar séu ekki hækkaðir eða skattþegnum íþyngt að öðru leyti með afturvirkum hætti. Á síðasta ári var lögum um tekjuskatt og eignarskatt hins vegar tvívegis breytt þannig að í ljós hafa komið íþyngjandi

afturvirk áhrif. Þessi atriði varða ákvarðanir manna um kaup og sölu á íbúðarhúsnæði á árunum 1988 og 1989. Með frumvarpi þessu er lagt til að þessum atriðum verði breytt þannig að afturvirknin hverfi og lögin gildi einungis fram í tímann en ekki einnig aftur fyrir sig.

Annars vegar er um að ræða afturvirka íþyngingu gagnvart þeim sem gerðu ráðstafanir til húsnæðisöflunar á árinu 1988 og á fyrri hluta árs 1989 í trausti þess að þeir nytu húsnæðisbóta í sex ár eins og gildandi lög gerðu þá ráð fyrir. Þessi breyting kom til með lögum nr. 79 sem birt voru í *Stjórnartíðindum* 14. júní 1989, en tóku gildi 15. nóvember það ár og voru látin ná til skattframtals fyrir tekjuárið 1988 sem senda bar skattyfirvöldum mörgum mánuðum fyrr. Með þessari breytingu var ákveðinn hópur manna, sem aflað hafði sér húsnæðis á árinu 1988, sviptur rétti til húsnæðisbóta í allt að fimm ár og þeir, sem öfluðu sér húsnæðis á tímabilinu 1. janúar 1989 til 14. júní 1989, í allt að sex ár.

Hins vegar er um að ræða afturvirka íþyngingu gagnvart aðilum í húsnæðisviðskiptum sem reikna máttu með því að áfallnar verðbætur af yfirteknum lánum reiknuðust sem vaxtagjöld eins og tíðkast hafði lengi. Skilgreiningu á þessu atriði var breytt með lögum nr. 117 28. des. 1989 og ný, þrengri skilgreining látin gilda gagnvart vaxtagjöldum sem til féllu á árinu öllu.

Báðar þessar breytingar stangast á við grundvallaratriði í réttarfari og lýsa siðleysi stjórnvalda og virðingarleysi í garð skattþegna. Þær hafa og lítt verið kynntar almenningi. Engu er líkara en að skáka hafi átt í skjóli þess að fáir hafa þessi mál á hraðbergi og einstaklingarnir, sem hagsmuna eiga að gæta varðandi þessi tilteknu atriði, eflaust ekki mjög margir. Það breytir hins vegar ekki eðli málsins. Fastlega má því búast við að einhverjir verði til þess að leita réttar síns í þessum efnum fyrir dómstólum verði lögunum ekki breytt í þá veru sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að hin afturvirku ákvæði verði felld brott úr lögunum þannig að þeir einstaklingar, sem hér eiga hlut að máli, nái rétti sínum. Lögin verði óbreytt að öðru leyti. Framtalsfrestur vegna tekjuársins 1989 er að vísu runninn út en leggja verður þá skyldu á herðar skattyfirvalda að þau tryggi að þær ívilnanir, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, nái til réttra aðila verði það að lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að aðilar sem fengu úrskurðaðar húsnæðisbætur á árinu 1989 vegna húsnæðisöflunar á árinu 1988 geti haldið þeim í sex ár eins og aðilar sem fengu þessar bætur úrskurðaðar á árinu 1988. Einnig er lagt til að þeir, sem öfluðu sér húsnæðis frá 1. janúar 1989 til 14. júní 1989, áður en lög nr. 79/1989 voru birt, í góðri trú um að þeir ættu rétt á húsnæðisbótum í sex ár, geti fengið þessar bætur áfram.

Um alla þessa hópa á það við að þau lög, sem í gildi voru þegar viðkomandi gerðu fjárhagslegar ráðstafanir vegna húsnæðiskaupa, gerðu ráð fyrir húsnæðisbótum í sex ár. Í núgildandi lagaákvæðum segir á hinn bóginn að þeir, sem fengu bæturnar 1989 (vegna húsnæðisöflunar 1988), fái þær aðeins í það eina skipti en hverfi síðan inn í vaxtabótakerfið ef þeir uppfylla skilyrði þess að öðru leyti. Aðilar, sem öfluðu sér húsnæðis á árinu 1989 fyrir lagabreytinguna, tapa alveg rétti sínum til húsnæðisbóta þó að þeir hafi hvorki vitað né mátt vita um þá kerfisbreytingu sem síðar varð með tilkomu vaxtabótanna. Því var komið aftan að þessu fólki.

Augljóst er að einhver hópur þess fólks, sem á árinu 1988 og snemma árs 1989 gerði í góðri trú ráð fyrir húsnæðisbótum í sex ár, mun ekki eiga rétt á vaxtabótum samkvæmt þeim reglum sem um þær gilda. Núgildandi lög brjóta rétt á þessu fólki með siðlausum, afturvirkum hætti og geta haft af því verulega fjármuni.

Húsnæðisbætur nema nú 53.400 kr. fyrir einstakling miðað við lánskjaravísitölu 1. desember sl. Hjón eiga í flestum tilfellum rétt á tvöföldum bótum. Íþyngingin getur því að hámarki numið 640.800 kr. á núvirði ef hjónin áttu bæði rétt á húsnæðisbótum og gengust undir skuldbindingar vegna húsnæðisöflunar snemma árs 1989, en uppfylla ekki skilyrði nýrri laga um vaxtabætur. Lagt er til með 1. gr. frumvarpsins að frá þessari afturvirkni verði horfið.

Að auki er hér lagt til að þeir, sem fengu úrskurðaðar húsnæðisbætur á árunum 1988 og 1989 eða fá þær úrskurðaðar á þessu ári, geti hvenær sem er meðan þeir eiga rétt á bótunum óskað með framtali sínu eftir að fá í stað þeirra úrskurð um vaxtabætur. Þetta er nýmæli því að í gildandi lögum fá þessir aðilar aðeins eitt tækifæri til að óska eftir tilflutningi milli bótakerfa og geta ekki breytt til síðar þótt það væri þeim þá hagkvæmara.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að brott falli ákvæðið um að þeir, sem fengu úrskurðaðar húsnæðisbætur á árinu 1989, fái þær aðeins á því ári. Þessi breyting er afleiðing ákvæða í 1. gr.

Um 3. gr.

Með þessari grein er lagt til að ný og þrengri skilgreining vaxtagjalda, sem kom inn í lögin í desember 1989, verði ekki látin gilda um ákvörðun vaxtagjalda sem til féllu á árinu 1989. Hin nýja skilgreining í lokamálslið 2. mgr. 9. gr. laga nr. 117/1989 er svohljóðandi: „Hvorki teljast til vaxtagjalda hjá seljanda áfallnar uppsafnaðar verðbætur af lánum sem kaupandi yfirtekur við sölu íbúðar né heldur uppsafnaðar áfallnar verðbætur á lán skuldara sem hann greiðir á lánstíma umfram ákvæði viðkomandi skuldabréfs.“ Í greininni er gert ráð fyrir að þetta ákvæði komi ekki til framkvæmda fyrr en við ákvörðun vaxtabóta á árinu 1991 vegna tekna á árinu 1990 og eigna í lok þess árs í stað þess að gilda aftur fyrir sig eins og lögin gera nú ráð fyrir.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 754. Tillaga til þingsályktunar [433. mál]

um endurvinnslu og fullnýtingu úrgangsefna.

Flm.: Kristín Einarsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson,
Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir,
Málmfríður Sigurðardóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stuðla að endurvinnsluiðnaði sem nýti meiri hluta þess sem til fellur af endurvinnanlegum og fullnýtanlegum úrgangsefnum. Samhliða því verði leitað leiða til að styrkja endurvinnsluiðnað sem fyrir er í landinu.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 110. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Hún er nú flutt á ný vegna þess að málið er enn jafnbrýnt og það var fyrir rúmum tveimur árum.

Öllum ætti að vera löngu ljóst að jörðin er ekki óþrjótandi nægtarbúr og að neysluþensla undanfarinna ára hefur leitt til þess að sífellt er gengið á auðlindir jarðar. Löngu er orðið tímabært að móta langtímastefnu í nýtingu þeirra. Hingað til hafa skammtímasjónarmið ráðið ferðinni, allt skal gert á sem „hagkvæmastan“ hátt, en ekki hugsað fram í tímann.

Mikil verðmæti eru fólgin í því ógrynni úrgangs sem til fellur. Háum fjárhæðum er nú varið til eyðingar á sorpi og úrgangi með ýmsum aðferðum. Þessu er brennt, það er urðað eða

því jafnvel sökkt í sæ án þess að hugsað sé um hvaða áhrif það hefur á lífkerfið. Eðlilegra og farsælla er að reyna að vinna samkvæmt lögmálum náttúrunnar, en þar ríkir jafnvægi sem viðhaldið er af eðlilegri hringrás efna. Úrgangur úr einni deild er nýttur sem hráefni fyrir aðra.

Auðlindir jarðar eru langt frá því að vera óþrjótandi, reyndar eru margar nær þrotnar. Okkur, sem nú lifum, ber því að hugsa til þeirra sem á eftir koma. Þeir þurfa ekki síður á þessum hráefnum að halda.

Þegar litið er til auðlinda eru sumar þeirra ólífrænar og takmarkaðar, t.d. málmar sem hljóta að ganga til þurrðar fyrr eða síðar. Aðrar eru lífrænar en takmarkaðar vegna þess að endurnýjunartíminn er svo langur að líta verður á þær sem óendurnýjanlegar. Dæmi um þetta eru olíulindir. Gróður lands og lífið í hafinu eru dæmi um endurnýjanlegar auðlindir ef ekki er um ofnýtingu að ræða.

Til að stuðla að bættri nýtingu auðlinda verður að stefna að eftirfarandi:

1. **Endurnotkun.** Hlutur er nýttur aftur og aftur í sama tilgangi og upphaflega var ætlað. Dæmi um þetta eru margnotaðar umbúðir, t.d. glerflöskur og plastílát.
2. **Fullnýtingu.** Nýting á ýmis konar úrgangi, t.d. ryki og steinefnum frá reykháfum verksmiðja eða slógi og öðrum úrgangi frá fiskvinnslu.
3. **Endurvinnslu.** Breyta má efni sem lokið hefur hlutverki sínu í sams konar eða annars konar vöru. Þetta á t.d. við um endurvinnslu málma og pappírs.

Þegar rætt er um endurvinnslu hefur athyglin oft beinst að nýtingu pappírsúrgangs. Skógar eru undirstaða pappírsframleiðslu og þrátt fyrir stuttan endurnýjunartíma miðað við mörg önnur hráefni er stöðugt gengið á skóglendi jarðar. Við framleiðslu á einu tonni af pappír þarf um fimm tonn af viði.

Hér á landi hefur lítið verið reynt til að endurvinna pappír. Árið 1986 voru flutt inn um 36 þúsund tonn af pappír og pappírsvörum, auk pappírsumbúða utan um innfluttar vörur. Þar af var dagblaðapappír 5,4 þús. tonn og sá pappír sem fer í símaskrána árlega er um 170 tonn. Má því áætla að árlega sé mörg þúsund tonnum af pappír fleygt á haugana.

Nokkrar athuganir hafa verið gerðar á endurvinnslumöguleikum pappírs og tilraunir gerðar með slíkan iðnað hér á landi án þess að um jákvæða niðurstöðu hafi verið að ræða. Tilraunir hafa einnig verið gerðar með fullnýtingu á slógi og öðrum fiskúrgangi, m.a. til meltuframleiðslu. Einnig hefur verið reynt að nota innyfli úr sauðfé til lyfjaframleiðslu. Undirbúningur að endurvinnslu á brotajárni var vel á veg kominn hér á landi fyrir nokkrum árum og lagaheimild fengin fyrir stuðningi ríkisins við byggingu verksmiðju. Málið strandaði hins vegar á lokastigi vegna tregðu og skilningsleysis stjórnvalda. Þetta eru aðeins fá dæmi og yfirleitt hefur verið talið að framkvæmdir væru ekki hagkvæmar.

Hér ber að hafa í huga, eins og svo oft áður, hve hugtakið „hagkvæmt“ er afstætt. Fyrir hvern er endurvinnsla hagkvæm? Er það hagkvæmt fyrir þann sem rekur endurvinnslufyrirtækið eða verður að líta á hagkvæmni í víðara samhengi? Hvað með umhverfissjónarmið sem oft vilja gleymast?

Í skýrslu sem Reykjavíkurborg lét gera um hreinsun, ráðstöfun og endurnýtingarmöguleika sorps, *Sorphirða 1978*, öðrum hluta, eftir Jón Erlendsson, segir í formála:

„Hvað aukinni endurnýtingu viðvíkur er það mat þeirra sem gerst þekkja þessi mál, að það sé aðeins tímaspursmál hvenær mikil aukning verði á henni. Í þessu sambandi er gjarnan bent á þá fyrirsjáanlegu hráefniskreppu sem koma mun til á næstu árum og áratugum hvað mörgum efnum viðvíkur. Hækkandi verð þeirra efna, sem skortur verður á, mun valda því að hagkvæmni þess að endurnýta þau í stað þess að henda þeim, mun fara síbatnandi.“ Það er skoðun flutningsmanna að taka verði þessi mál föstum tökum, hér á landi sem annars staðar, áður en alvarlegur hráefnisskortur gerir vart við sig.

Eitt vandamál við fullnýtingu og endurvinnslu er að safna saman hráefni til vinnslunnar. Oft kemur mikill úrgangur frá fyrirtækjum, svo sem pappír frá prentsmiðjum og umbúðaverksmiðjum og efnaafgangar frá saumastofum, en mikið af afgangsefnum kemur einnig frá

heimilum. Hin síðari ár hafa æ fleiri gert sér grein fyrir þýðingu fullnýtingar og endurvinnslu. Það er því líklegt að margir verði fúsir til að flokka sorp frá heimilum sínum og koma t.d. pappír, málmum og gleri á ákveðna staði í gáma í hverfamiðstöðvum eða fyrir utan stórverslanir. Þannig mætti á ódýran hátt safna miklum hluta af heimilisúrgangi. Víða erlendis tekur almenningur virkan þátt í slíkri söfnun og þeim fer sífellt fjölgandi sem vilja jafnvel greiða hærra verð fyrir pappírsvörur ef þær eru unnar úr notuðum pappír.

Það er fleira en pappír sem sjálfsagt er að fullnýta og endurvinna. Málmar, gler, gúmmí, timbur, sag, vefnaðarvörur, plast, smurolía, slóg og fiskúrgangur eru dæmi um úrgangsefni sem hægt er að endurvinna eða fullnýta á ýmsan hátt.

Ýmsum hættulegum efnum er fleygt sem síðan menga og eitra umhverfið. Efnin menga jarðveg og geta borist í grunnvatn og þar með neysluvatn með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Þessum efnum er nauðsynlegt að safna saman, endurvinna og endurnota til að minnka mengunarhættu.

Útreikningar á hagkvæmni endurvinnsluiðnaðar eru flóknir og hætta á að ekki séu allir þættir teknir inn í dæmið. Meðal annars verður að taka mið af því við hagkvæmnisútreikninga að samfélagið ver umtalsverðu fjármagni í sorphirðu og sorpeyðingu og verðmætt land er tekið undir sorphauga. Erfitt er að meta hver kostnaður samfélagsins er af hirðingu sorps sem fleygt er á víðavangi. Einmitt þessar staðreyndir valda því að opinberir aðilar og sveitarfélög verða að eiga hlut að undirbúningi endurvinnsluiðnaðar. Einstaklingar eiga oft erfitt með að leggja mat á málið í heild og „hagnaður", í þröngri merkingu, er ekki endilega í sjónmáli.

Úrgangsefni þau sem ekki er talið hagkvæmt að endurvinna hér verðum við að láta endurvinna erlendis þar sem það er hagkvæmara vegna meira magns og stærri markaðar. Á þann hátt vinnum við gegn auðlindaþurrð auk þess sem við leysum mikinn vanda vegna sorpeyðingar.

Til þess að endurvinnsluiðnaður eigi betri möguleika hér á landi í framtíðinni er eðlilegt að hann njóti bestu kjara á flestum sviðum. Má þar nefna skattaívilnanir og orku á hagstæðu verði utan álagstíma. Einnig má skylda fyrirtæki þar sem mikill úrgangur fellur til að skila honum til endurvinnslufyrirtækja án endurgjalds, leggja endurvinnslugjald á vörur, sem æskilegt er að fullnýta í stað þess að farga, og skattleggja mengandi iðnað. Eðlilegt er að sveitarfélög styðji slíkan iðnað því að hann dregur úr kostnaði þeirra við sorphirðu- og eyðingu.

Sænska umhverfismálaráðuneytið gaf út bækling í maí 1987 með umræðum og ábendingum frá ríkisstjórnarfundi vegna skýrslu sem gerð var um úrgangsefni og ráðstöfun þeirra. Þar kemur m.a. fram að eftir að áhersla var lögð á endurnotkun, fullnýtingu og endurvinnslu þar í landi hefur magn úrgangs sem kemur til endurvinnslu margfaldast. Frá 1975 til 1986 jókst magn endurunnins dagblaða- og tímaritapappírs úr 90 þús. tonnum í 344 þús. tonn og frá heimilum úr 65 þús. tonnum í 260 þús. tonn. Endurvinnsla glers og áldósa hefur einnig gengið mjög vel hjá Svíum.

Mikilvægt er að efla og samræma fræðslu um umhverfismál í grunnskólum, framhaldsskólum og á meðal almennings. Með aukinni þekkingu og skilningi fólks á náttúrunni og umhverfi sínu gerir það sér betur grein fyrir áhrifum mannsins á náttúruna. Það eykur hæfni til að vega og meta ákvarðanir og athafnir út frá margvíslegum forsendum, svo sem vistfræðilegum, fjármálalegum, fagurfræðilegum, hagfræðilegum, uppeldislegum o.s.frv.

Verkefni eins og þetta væri eðlilegt að fela ráðuneyti umhverfismála í samvinnu við ráðuneyti iðnaðar-, heilbrigðis- og félagsmála. Nauðsynlegt er einnig að hafa gott samstarf við sveitarstjórnir um þetta mál.

Nd. 755. Frumvarp til laga [434. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

1. mgr. 55. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að kosið skuli byggðarráð. Í bæjum og kaupstöðum nefnist byggðarráðið bæjarráð, í hreppum hreppsráð og í Reykjavík nefnist það borgarráð.

2. gr.

4. mgr. 55. gr. laganna orðist svo:

Í sveitarstjórnum, sem skipaðar eru sjö eða níu fulltrúum, skal byggðarráð skipað þremur aðalmönnum úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórn, en fimm eða sjö aðalmönnum þar sem ellefu eða fleiri fulltrúar eru í sveitarstjórn. Jafnmargir varamenn skulu kosnir. Sveitarstjórn er þó heimilt að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að þeir aðalfulltrúar og varafulltrúar, sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni byggðarráðsmaður, verði varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með gildistöku sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 var samheitið byggðarráð tekið upp yfir framkvæmdaráð sveitarfélaga sem kölluð eru borgarráð, bæjarráð eða hreppsráð. Hér er um að ræða eina mikilvægustu nefnd sveitarstjórna í stærri sveitarfélögum. Í núgildandi 1. mgr. 55. gr. sveitarstjórnarlaga kemur fram að kjósa skal byggðarráð úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórninni sem þýðir að varafulltrúar í sveitarstjórn eru ekki kjörgengir í byggðarráð. Upphaflegur tilgangur þessa ákvæðis mun hafa verið sá að tryggja sambandið milli byggðarráðs og sveitarstjórnar. Núgildandi ákvæði 4. mgr. 55. gr. sveitarstjórnarlaga kveður á um fulltrúafjölda í byggðarráði og þar kemur fram að kjósa skal jafnmarga varamenn og aðalmenn.

Óánægja hefur komið fram með þessi ákvæði laganna. Af hálfu bæjarstjórnar Kópavogs hefur meðal annars verið á það bent að allt frá stofnun Kópavogskaupstaðar hafi sú regla gilt og gefist vel að bæjarfulltrúar og varafulltrúar, sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni bæjarráðsmaður, séu varamenn hans í bæjarráði í þeirri röð er þeir skipuðu listann. Þessi skipan feli í sér að bæjarfulltrúar og varabæjarfulltrúar séu kosnir sem varamenn í bæjarráð um leið og þeir hljóta kosningu í bæjarstjórnina, þ.e. ef framboðslisti, er þeir skipa, á aðalfulltrúa sem kosinn hefur verið í bæjarráð, einn eða fleiri. Með þessu móti séu allir fulltrúar hvers lista varamenn í bæjarráði og þannig mun betur séð fyrir því að bæjarráð sé ávallt fullskipað þrátt fyrir skyndileg forföll en þegar einungis einn varamaður er kosinn fyrir hvern bæjarráðsmann.

Samkvæmt eldri sveitarstjórnarlögum, nr. 58/1961, var gert ráð fyrir því að sveitarstjórnir hefðu val um hvort þær hefðu ofangreindan hátt á eða kysu varamenn sérstaklega. Samkvæmt núgildandi sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, skal sveitarstjórn hins vegar undantekningarlaust kjósa varamenn úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórninni eins og þegar hefur verið rakið. Með þessu frumvarpi er í fyrsta lagi lagt til að bæði aðalfulltrúar og varafulltrúar í sveitarstjórn verði kjörgengir sem varamenn í byggðarráði. Aðalmenn skulu hins vegar ætíð kosnir úr hópi

aðalfulltrúa einvörðungu og er það óbreytt. Í öðru lagi felur frumvarp þetta í sér að sett er í vald sveitarstjórnanna sjálfra hvort þær kjósa varamenn í byggðarráð sérstaklega, eins og verið hefur og er aðalreglan, eða ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélags að aðalfulltrúar og varafulltrúar, sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni byggðarráðsmaður, verði varamenn hans í byggðarráði í þeirri röð sem þeir skipa listann.

Af hálfu stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur verið fallist á að frumvarp sem þetta verði lagt fram af hálfu félagsmálaráðherra.

Nd. 756. Frumvarp til laga [435. mál]

um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum. Sérstaklega skal bæta stöðu kvenna til að ná því markmiði.

2. gr.

Konum og körlum skulu með stjórnvaldsaðgerðum tryggðir jafnir möguleikar til atvinnu, launa og menntunar.

3. gr.

Hvers kyns mismunun eftir kynferði er óheimil. Þó teljast sérstakar tímabundnar aðgerðir, sem ætlaðar eru til að bæta stöðu kvenna til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna, ekki ganga gegn lögum þessum. Það telst ekki mismunun að taka sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar eða barnsburðar.

II. KAFLI
Atvinna.

4. gr.

Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Með launum í lögum þessum er átt við venjulegt grunn- eða lágmarkskaup og hvers konar frekari þóknun, beina eða óbeina, hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða með öðrum hætti, sem atvinnurekandi greiðir starfsmanni fyrir vinnu hans.

Með jöfnum launum karla og kvenna fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf er í lögum þessum átt við launataxta sem samið er um án þess að gerður sé greinarmunur á kynjum.

Með kjörum í lögum þessum er átt við lífeyris-, orlofs- og veikindarétt og hvers konar önnur samningsréttindi.

5. gr.

Atvinnurekendur og stéttarfélög skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Atvinnurekendur skulu sérstaklega vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf.

6. gr.

Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði og gildir það m.a. um:

1. Laun, launatengd fríðindi og hvers konar aðra þóknun fyrir vinnu.
2. Ráðningu, setningu eða skipun í starf, sbr. þó sérreglu 1. mgr. 8. gr.
3. Stöðuhækkun og stöðubreytingar.
4. Uppsögn úr starfi.
5. Vinnuaðstæður og vinnuskilyrði.
6. Veitingu hvers konar hlunninda.

Ef einhver telur rétt á sér brotinn samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal atvinnurekandi sýna fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans.

7. gr.

Starf, sem laust er, skal standa opið jafnt konum sem körlum.

Óheimilt er að auglýsa eða birta auglýsingu um laust starf þar sem gefið er í skyn að fremur sé óskað starfsmanns af öðru kyninu en hinu.

Ákvæði þessarar greinar gildir ekki ef tilgangur auglýsandans er að stuðla að jafnari kynjaskiptingu innan starfsgreinarinnar og skal það þá koma fram í auglýsingunni.

8. gr.

Við ráðningu í starf skal það kynið, sem er í minni hluta í starfsgrein, ganga fyrir uppfylli umsækjandi tilskildar kröfur til starfsins. Gildir þetta jafnt um stöðuveitingar hjá hinu opinbera sem og á almennum vinnumarkaði.

Nú er umsækjandi um auglýst starf kona en það hefur verið veitt karlmanni og skal þá kærunefnd jafnréttismála, sé þess óskað, fara fram á það við hlutaðeigandi atvinnurekanda að hann veiti nefndinni skriflegar upplýsingar um hvaða menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika umfram konuna sá hefur til að bera er ráðinn var í starfið.

Sama rétt skal karlmaður, sem er umsækjandi um starf, hafa ef konu er veitt starfið.

9. gr.

Konur og karlar skulu njóta sömu möguleika til framhaldsmenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið er haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings annarra starfa.

III. KAFLI
Menntun.

10. gr.

Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum skal kynjum ekki mismunað. Skylt skal að gæta þessa, í námi og kennslu, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur. Á öllum skólastigum skal veita fræðslu um jafnréttismál, m.a. með því að leggja áherslu á að búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi. Gæta skal þess sérstaklega að kennslutæki og kennslubækur séu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.

Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skal leitast við að kynna bæði piltum og stúlkum störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla- eða kvennastörf.

Menntamálaráðuneytið ber ábyrgð á framkvæmd þessarar greinar í samráði við Jafnréttisráð. Ráðuneytið skal fylgjast með þróun jafnréttismála í skóla- og uppeldisstarfi, m.a. með reglubundnum rannsóknum.

IV. KAFLI
Önnur svið.

11. gr.

Auglýsandi og sá sem hannar eða birtir auglýsingu skal sjá til þess að auglýsingin sé öðru kyninu ekki til minnkunar, lítilsvirðingar eða stríði gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna á nokkurn hátt.

12. gr.

Í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka skulu, þar sem því verður við komið, sitja sem næst jafnmargar konur og karlar.

Þegar tilnefnt er í nefndir, stjórnir og ráð á vegum ríkis og sveitarfélaga skal sá sem skipar fulltrúa fá tilnefningu bæði um konu og karl. Við skipun skal þess síðan gætt að fulltrúar skiptist sem jafnast milli kynja.

13. gr.

Í sveitarfélögum með yfir 500 íbúa og annars staðar, þar sem því verður við komið, skal skipa jafnréttisnefndir og skulu þær hafa með höndum jafnréttismál innan síns sveitarfélags samkvæmt lögum þessum. Skulu nefndirnar fylgjast með og hafa frumkvæði að aðgerðum til að bæta stöðu kvenna í sveitarfélaginu, taka við ábendingum vegna brota á lögum þessum og vera tengiliður við ráðuneyti og Jafnréttisráð. Enn fremur skulu nefndirnar vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórn í málefnum er varða jafnrétti kvenna og karla.

V. KAFLI
Framkvæmd laganna.

14. gr.

Félagsmálaráðherra fer með jafnréttismál kvenna og karla.

15. gr.

Eftir hverjar kosningar til Alþingis skal skipa Jafnréttisráð. Félagsmálaráðherra skipar formann án tilnefningar, einn nefndarmann tilnefndan af Vinnuveitendasambandi Íslands, einn tilnefndan af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndan af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn tilnefndan af Kvenréttindafélagi Íslands, einn nefndarmann tilnefndan af Kvenfélagasambandi Íslands og aðra samkvæmt tilnefningu allra þingflokka á Alþingi. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Jafnréttisráð hefur skrifstofu og ræður framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn. Einn starfsmanna skal hafa lokið embættisprófi í lögum og skal hann annast lögfræðiráðgjöf og önnur lögfræðistörf á vegum Jafnréttisráðs vegna ætlaðra brota á lögum þessum.

Kostnaður við Jafnréttisráð greiðist úr ríkissjóði.

16. gr.

Verkefni Jafnréttisráðs eru:

1. Að vinna að því að ákvæðum 2.–13. gr. laga þessara sé framfylgt.
2. Að móta stefnu í jafnréttismálum hér á landi og hafa frumkvæði að aðgerðum til að bæta stöðu kvenna. Skal ráðið vinna stefnumarkandi áætlun til fjögurra ára í senn og leggja fyrir félagsmálaráðherra. Þar skal kveðið á um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna. Áætlunina skal endurskoða á tveggja ára fresti, sbr. 17. gr.
3. Að vera ráðgefandi gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félögum í málefnum er varða jafna stöðu og jafnrétti með konum og körlum.
4. Að sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi til félagasamtaka og almennings.

5. Að fylgjast með þjóðfélagsþróuninni sem m.a. varðar þetta lagaefni og gera tillögur til breytinga til samræmis við tilgang laganna.
6. Að stuðla að góðri samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks og önnur félagasamtök svo að stefnu og markmiði þessara laga verði náð með sem eðlilegustum hætti.
7. Að taka til rannsóknar af sjálfsdáðum stöðu kvenna og karla að því leyti er lög þessi varðar. Opinberum stofnunum, atvinnurekendum og félagasamtökum er skylt að veita Jafnréttisráði hvers konar upplýsingar hér að lútandi.
8. Að hafa samband við jafnréttisnefndir sveitarfélaga.
9. Að fjalla um önnur mál sem ráðherra eða framkvæmdastjóri leggur fyrir ráðið.

17. gr.

Félagsmálaráðherra leggur fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum einstakra ráðuneyta og Jafnréttisráðs. Í áætluninni komi fram sundurliðuð framkvæmdaáform og áætlaðar fjárveitingar til einstakra verkefna sem tengjast jafnréttismálum. Áætlun þessa skal endurskoða á tveggja ára fresti og í tengslum við það leggur félagsmálaráðherra fram á Alþingi skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála.

18. gr.

Félagsmálaráðuneytinu er heimilt að ráða jafnréttisráðgjafa sem vinna í samvinnu við Jafnréttisráð að leiðréttingu á stöðu kvenna, m.a. í stofnunum og fyrirtækjum um allt land í samvinnu við starfsmenn og stjórnendur.

19. gr.

Félagsmálaráðherra skipar kærunefnd jafnréttismála til þriggja ára í senn. Hæstiréttur tilnefnir formann nefndarinnar sem skal vera lögfræðingur, Kvenréttindafélag Íslands tilnefnir einn og félagsmálaráðherra skipar einn án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ef kæruefni varðar vinnumarkað skulu fulltrúi heildarsamtaka viðkomandi starfsmanns og fulltrúi samtaka atvinnurekenda viðkomandi launagreiðanda taka sæti í kærunefnd.

Verkefni kærunefndar eru að taka við ábendingum um brot á ákvæðum þessara laga og rannsaka mál af því tilefni og senda að rannsókn lokinni niðurstöður til þeirra aðila sem málið snertir. Atvinnurekendum, opinberum stofnunum, félagasamtökum og öðrum þeim, er upplýst geta málið, er skylt að veita kærunefnd hvers konar upplýsingar hér að lútandi. Enn fremur í sérstökum tilvikum að hafa frumkvæði um ábendingar varðandi framkvæmd ákvæða 2.–13. gr., sbr. þó 1. tölul. 16. gr. um hlutverk Jafnréttisráðs.

Skrifstofa kærunefndar jafnréttismála er jafnframt skrifstofa Jafnréttisráðs.

20. gr.

Nú telur kærunefnd jafnréttismála að ákvæði 2.–13. gr. laga þessara séu brotin og skal hún þá beina rökstuddum tilmælum um úrbætur til viðkomandi aðila.

VI. KAFLI
Viðurlög og réttarfar.

21. gr.

Fallist aðili ekki á tilmæli kærunefndar jafnréttismála skv. 21. gr. er nefndinni heimilt að höfða mál til viðurkenningar á rétti kæranda í samráði við hann. Gildir það einnig þótt ekki sé um skaðabótakröfu að ræða.

22. gr.

Sá sem af ásettu ráði eða gáleysi brýtur gegn lögum þessum er skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum. Enn fremur má dæma viðkomandi til að greiða þeim sem misgert er við, auk bóta fyrir fjártjón ef því er að skipta, fégjald fyrir hneisu, óþægindi og röskun á stöðu og högum.

23. gr.

Brot á 3., 7., 8., 9., 11. og 12. gr. laganna varða fésektum nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Félög, fyrirtæki og stofnanir má dæma í fésektir hafi brot á lögum þessum verið framið á þeirra vegum, þau átt þátt í því eða hagnast á brotinu.

VII. KAFLI
Önnur ákvæði.

24. gr.

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga í reglugerð að fengnum tillögum Jafnréttisráðs.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru numin úr gildi lög nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara fellur niður skipun núverandi Jafnréttisráðs.

Skipa skal Jafnréttisráð, sbr. ákvæði 15. gr., og gildir skipunin þar til nýtt Jafnréttisráð hefur verið skipað að loknum næstu alþingiskosningum.

Skipuð skal kærunefnd jafnréttismála til þriggja ára.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Félagsmálaráðherra skipaði 24. maí 1988 nefnd sem ætlað var að endurskoða lög um jafnan rétt og jafna stöðu karla og kvenna, nr. 65/1985. Var nefndin skipuð í framhaldi af könnun sem gerð var á stöðu kvenna í starfi hjá ríkinu þar sem fram kom verulegur launamunur milli kynja í störfum hjá hinu opinbera, svo og verulegur munur á hlunnindagreiðslum karla og kvenna. Í upphaflegu skipunarbréfi nefndarinnar var tekið fram að „... athugað verði hvernig draga megi úr launamisrétti karla og kvenna, jafna hlunnindagreiðslur og auka hlutdeild kvenna í nefndum og ráðum. Meðal annars verði höfð hliðsjón af skýrslu nefndar sem ætlað var að stuða að auknu launajafnrétti karla og kvenna í störfum hjá hinu opinbera ...“

Í nefndina voru upphaflega skipaðar Jóna Ósk Guðjónsdóttir, formaður Sambands alþýðuflokkskvenna, Þórunn Gestsdóttir, formaður Landssambands sjálfstæðiskvenna, og Unnur Stefánsdóttir, formaður Landssambands framsóknarkvenna, auk Láru V. Júlíusdóttur, þáverandi aðstoðarmanns félagsmálaráðherra, sem jafnframt var skipuð formaður nefndarinnar. Ritari nefndarinnar var skipuð Elsa Þorkelsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs. Þær breytingar urðu á skipan nefndarinnar í nóvember 1988 að í hópinn bættust þingmennirnir Hjörleifur Guttormsson, Kristín Einarsdóttir og Guðmundur Ágústsson.

Nefndin hélt 24 fundi og kallaði á sinn fund Vilborgu Harðardóttur sem var formaður nefndar sem skipuð var til að endurskoða jafnréttislög árið 1983, Ásdísi J. Rafnar, formann Jafnréttisráðs, Sigríði Jónsdóttur, Sólrúnu Jensdóttur og Guðrúnu Ágústsdóttur úr menntamálaráðuneytinu, Valgerði Bjarnadóttur, verkefnisstýru „Brjótum múrana“ á Akureyri, svo

og lögmennina Guðnýju Björnsdóttur og Skarphéðin Þórisson. Nefndin aflaði gagna víða að sem hún studdist við í störfum sínum. Nefndin fékk það verkefni í júlí 1988 að yfirfara drög að norrænni jafnréttisáætlun til fjögurra ára sem nú er unnið að á vegum norrænu ráðherranefndarinnar og skilaði ráðherra tillögum sínum að breytingum á þeirri áætlun.

Þegar nefndin lauk störfum í apríl 1989 lagði félagsmálaráðherra fram á Alþingi frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Í framhaldi af því var frumvarpið sent til umsagnar fjölmargra aðila. Nefndin var síðan kölluð saman á nýjan leik í september 1989 og falið að fara yfir umsagnir og koma með tillögur um úrbætur. Nefndin hélt fimm fundi og gerði nokkrar breytingar á upphaflega frumvarpinu með hliðsjón af þeim athugasemdum sem fram höfðu komið.

Helstu breytingar, sem nefndin leggur til að gerðar verði á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá 1985, eru eftirfarandi:

1. *Breytt hlutverk Jafnréttisráðs.* Lagt er til að aðgreint verði það tvíhliða hlutverk sem Jafnréttisráð hefur nú, annars vegar að fjalla um kærur vegna brota á lögunum og hins vegar að vera stefnumótandi í jafnréttismálum. Tillaga er gerð um að skipuð verði sérstök *kærunefnd jafnréttismála* sem eingöngu hafi það hlutverk að fjalla um kærur sem berast nefndinni og fylgja þeim eftir fyrir dómstólum. Jafnréttisráð mundi þannig áfram gegna öðrum verkefnum sínum, svo sem að vera stefnumótandi í jafnréttismálum, sinna rannsóknarskyldu, fræðslu o.fl. Nefndin leggur til breytta skipan Jafnréttisráðs. Gert er ráð fyrir að ráðið verði tengdara stjórnmálaflokkunum en nú er. Jafnframt er lagt til að fjölmennustu samtök á vinnumarkaði og kvennasamtök tilnefni í ráðið eins og verið hefur. Margar tillögur komu fram í nefndinni um skipan ráðsins, en nefndin sættist á þá tilhögun sem hér er lögð til. Jafnframt er lagt til að ráðgjafarnefnd Jafnréttisráðs verði lögð niður þar eð verkefni hennar færast yfir á Jafnréttisráð.

2. *Úrbætur á réttarfarskafla.* Nefndin leggur til nokkrar breytingar á réttarfarsákvæðum laganna. Meginbreytingin er að lagt er til að lögfest verði skýrari heimild en nú er til að dæma miskabætur vegna brota á lögunum. Enn fremur verði felld brott skylda dómara til að kveðja til meðdómendur í málum sem fjalla um lögin.

3. *Sönnunarreglum breytt.* Þar sem fjallað er um bann við mismunun starfsfólks eftir kynferði er atvinnurekanda skylt að sýna fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ráðningu. Þetta þýðir að sýni kærunefnd t.d. fram á að við stöðuveitingu hafi verið gengið fram hjá einstaklingi sem hefur meiri menntun en sá sem ráðinn hefur verið í starfið verði atvinnurekandi að sanna að þar hafi kynferði ekki ráðið. Reynslan hefur sýnt að til að lögin þjóni tilgangi sínum sé regla sem þessi nauðsynleg.

4. Skýrari ákvæði en í gildandi lögum um *skipan jafnréttismála í stjórnkerfinu.* Kveðið er á um að jafnréttismál heyri undir félagsmálaráðuneyti.

5. *Framkvæmdaáætlanir.* Markaður verði skýrari farvegur fyrir áætlanagerðir í jafnréttismálum, m.a. með því að Alþingi móti um þau stefnu til fjögurra ára í senn með samþykkt þingsályktunar. Inn í þessa áætlun verði felldar tillögur frá einstökum ráðuneytum og ríkisstofnunum.

6. *Stöðuveitingar.* Lagt er til að við ráðningu í starf skuli það kynið, sem er í minni hluta í starfsgrein, ganga fyrir uppfylli umsækjandi tilskildar kröfur til starfsins. Þetta á að gilda bæði hjá hinu opinbera og á almennum vinnumarkaði.

7. *Tilnefningar í nefndir, stjórnir og ráð.* Lagt er til að lögfest verði ákveðin leið til að jafna hlut kynja í nefndum, stjórnum og ráðum. Þannig verði tryggt að hlutur kvenna aukist frá því sem nú er því að núgildandi ákvæði hefur skilað takmörkuðum árangri. Nefndin telur mikilvægt að Jafnréttisráð fylgist náið með framvindu þessa ákvæðis.

8. Lagt er til að heimiluð sé ráðning *jafnréttisráðgjafa* og er þannig tekið undir þær hugmyndir sem fram hafa komið á Alþingi um störf jafnréttisráðgjafa.

9. *Menntun.* Nefndin leggur til að ákvæði laga nr. 65/1985 um menntun verði gert markvissara en nú er.

10. *Jafnréttisnefndir sveitarfélaga.* Lagt er til að sveitarfélögum með 500 íbúum eða fleiri verði gert skylt að skipa jafnréttisnefndir. Það er mat nefndarinnar að mikilvægt sé að vinna að jafnréttismálum kvenna og karla sem víðast og að sveitarfélög, sem fara með ákveðinn þátt framkvæmdarvaldsins, gegni þar mikilvægu hlutverki.

Nefndin leggur áherslu á að reglugerð skv. 25. gr. frumvarpsins verði ítarleg og útgáfa hennar dragist ekki. Sérstaklega er þörf á skýringum við 3. gr. laganna sem er óbreytt í frumvarpinu þar sem fjallað er um séraðgerðir í þágu kvenna, 4. gr. laganna, sem einnig er óbreytt í frumvarpinu, um hvað átt sé við með „jöfnum launum karla og kvenna fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf", svo og útfærslu á 19. gr. frumvarpsins um jafnréttisráðgjafa. Enn fremur leggur nefndin áherslu á það við ráðherra að hann beiti sér fyrir því að ákvæði um jafnrétti karla og kvenna komi sem víðast inn í aðra stefnumarkandi löggjöf, svo sem grunnskólalög, lög um framhaldsskóla, lög um forskóla, útvarpslög o.fl.

Í athugasemdum Jafnréttisráðs við frumvarp þetta var lagt til að sett yrði á stofn embætti umboðsmanns jafnréttismála. Hugmyndir svipaðs eðlis höfðu komið fram í nefndinni og verið ræddar. Nefndin tók almennt jákvætt í hugmyndina um sérstakan umboðsmann jafnréttismála, svo sem er í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, og taldi frekari samræmingu á lagareglum þessara landa styrkja stöðu jafnréttismála á Norðurlöndum. Sumir nefndarmanna töldu þó ekki að svo stöddu tímabært að leggja til skipun sérstaks umboðsmanns jafnréttismála og gerði nefndin því ekki tillögu þar um.

Það var hlutverk nefndarinnar að endurskoða lög um jafnan rétt og jafna stöðu frá 1985. Þar sem breytingartillögur nefndarinnar eru nokkuð viðamiklar og snerta margar greinar laganna frá 1985 hefur nefndin valið þá leið að semja frumvarp til nýrra laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Eins og þessar tillögur liggja nú fyrir er kostnaður við breytinguna sjálfa ekki mikill. Aukinn kostnaður felst einkum í fjölgun starfsmanna með tilkomu jafnréttisráðgjafa, fjölgun fulltrúa í Jafnréttisráði og kærunefnd jafnréttismála. Að öðru leyti er það í raun háð pólitísku mati hverju sinni hversu miklu fé skal verja til að framfylgja lögunum, t.d. aðgerðum tengdum 3. gr. laganna. Engin sjálfvirkni felst í breytingunum sem slíkum. Ljóst má þó vera að ef vilji er til að þoka jafnréttismálum í rétta átt þarf töluvert aukið fjármagn til þessa málaflokks frá því sem nú er.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Tilgangur laganna er að bæta stöðu kvenna í því skyni að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum.

Um 2. gr.

Hér er lögð til sú breyting á 2. gr. núgildandi laga að orðinu *launa* er bætt við. Er þetta liður í því að stjórnvöld beiti sér frekar en nú er til að draga úr því launamisrétti sem er milli karla og kvenna og að leitast verði við að tryggja möguleika fólks til launa óháð kyni.

Um 3. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að í lögin komi skilgreining á því hvað átt sé við með hugtakinu „laun“. Eins og lögin eru nú er aðeins skilgreint hvað átt sé við með jöfnum launum karla og kvenna fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf, og hvað sé átt við með kjörum. Nauðsynlegt er að í reglugerð verði skýrt nánar hvað felist í orðunum „jafnverðmæt og sambærileg störf“. Einn mikilvægasti þátturinn í slíkri skilgreiningu þarf að vera að uppeldis-, umönnunar- og önnur hefðbundin kvennastörf verði metin til jafns við hefðbundin karlastörf.

Um 5. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að lagt er til að stéttarfélög skuli ásamt atvinnurekendum vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Ábending þessa efnis kom frá jafnréttisnefnd BSRB.

Um 6. gr.

Hér eru lagðar til nokkrar breytingar. Annars vegar er lagt til að í 2. tölul., þar sem fjallað er um ráðningu, setningu eða skipun í starf, bætist tilvitnun í 1. mgr. 8. gr. Í þeirri grein er að finna þá reglu að það kyn, sem er í minni hluta í starfsgrein, gangi fyrir í starf og kann hún að stangast á við 2. tölul. 5. gr. Hins vegar er lagt til að atvinnurekandi sýni fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ráðningu ef einhver telur rétt á sér brotinn samkvæmt þessu ákvæði. Ákvæði svipaðs eðlis er að finna í sænskum og finnskum jafnréttislögum. Enn fremur er þetta mjög í anda þeirra tilmæla sem Evrópubandalagið hefur sent aðildarlöndum sínum.

Um 7. gr.

Greinin er óbreytt frá 6. gr. gildandi laga.

Um 8. gr.

Með nýju ákvæði í 1. mgr. 8. gr. er leitast við að draga úr einhæfu starfsvali og veita því kyninu, sem lítið hefur fengist við starfið, frekari forgang en er í gildandi lögum. Flest kærumál, sem berast Jafnréttisráði, tengjast stöðuveitingum. Þar hafa konur talið rétt á sér brotinn þegar karlar hafa verið ráðnir í störf. Erfitt hefur reynst að beita ákvæðum laga nr. 65 1985, eins og þau eru nú, til að stuðla að bættri stöðu kvenna í þessu sambandi og því er hér lögð til þessi breyting.

Greinin er óbreytt að öðru leyti frá 7. gr. gildandi laga.

Um 9. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 10. gr.

Hér er lagt til að kveðið verði fastar að orði varðandi menntun. Markmiðið hlýtur að vera að ná jafnrétti í öllu skólastarfi. Enn fremur er talið brýnt að ákvæði þess efnis verði sett inn í einstök sérlög þannig að sem víðast sé minnt á það takmark að ná hér jafnrétti kvenna og karla.

Um 11. gr.

Greinin er samhljóða 11. gr. gildandi laga.

Um 12. gr.

Þrátt fyrir aukna menntun kvenna og þátttöku í atvinnulífinu sýna kannanir að konur eiga lítinn þátt í ákvörðunum í þjóðfélaginu, t.d. voru konur aðeins 11% þeirra sem sátu í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkisins árið 1987. Með þessu ákvæði er leitast við að breyta hlutfallinu í stjórnum, nefndum og ráðum með því að sá sem skipar fulltrúa fái tilnefningar bæði um karl og konu og ber þá þeim sem skipar að velja sem jafnast hlutfall kynjanna í samræmi við ákvæði greinarinnar. Hér er gerð tillaga um að lögfest verði svipuð leið og Danir hafa valið. Jafnframt er lögð áhersla á að Jafnréttisráð fylgist náið með árangri af ákvæði þessu á komandi árum.

Um 13. gr.

Rétt þykir að hafa í lögum þessum ákvæði um jafnréttisnefndir í sveitarfélögum. Nokkuð hefur fækkað þeim jafnréttisnefndum sem skipaðar voru á vegum sveitarfélaganna í kjölfar kvennaársins 1975. Lagt er til að jafnréttisnefndir skuli skipaðar í sveitarfélögum þar sem íbúatalan fer yfir 500 manns og annars staðar þar sem hægt verður að koma við starfsemi jafnréttisnefnda. Enn fremur er tekið fram í hverju störf nefndanna skuli fólgin. Þar er sérstaklega tekið fram að þær skuli hafa frumkvæði að aðgerðum til að bæta stöðu kvenna í sveitarfélaginu og er þetta í samræmi við þann tilgang sem kemur fram í frumvarpinu að sérstaklega skuli bæta stöðu kvenna.

Um 14. gr.

Nauðsynlegt er að kveða skýrt á um það í lögum undir hvaða ráðherra jafnréttismál heyra.

Um 15. gr.

Lagt er til að auk tilnefninga frá VSÍ, ASÍ, BSRB, KRFÍ OG KÍ tilnefni þingflokkar á Alþingi fulltrúa til setu í Jafnréttisráði. Þannig má vænta þess að beinni tengsl skapist milli hinnar eiginlegu stjórnmálaumræðu og jafnréttisumræðunnar og áhrif stjórnmálaflokka á stefnumótun og störf Jafnréttisráðs eru aukin.

Lagt er til að Jafnréttisráð verði skipað eftir hverjar kosningar til Alþingis í stað tveggja ára eins og nú er. Tilgangur þessa er tvíþættur. Annars vegar hafa ör skipti fulltrúa í ráðinu á undanförnum árum leitt til þess að erfitt hefur reynst að ná upp virku starfi innan ráðsins. Með lengri skipunartíma er leitast við að sníða af þennan annmarka. Hins vegar nást beinni tengsl milli stjórnvalda og ráðsins hverju sinni þar sem nýtt ráð er skipað eftir hverjar kosningar til Alþingis.

Gert er ráð fyrir að formaður Jafnréttisráðs sé skipaður af félagsmálaráðherra í stað Hæstaréttar eins og er samkvæmt gildandi lögum. Þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir breytingu á starfssviði Jafnréttisráðs frá því að vera bæði stefnumarkandi og að fjalla um kærumál vegna laganna í að vera fyrst og fremst sá aðili sem mótar stefnu í jafnréttismálum og fylgir henni eftir í störfum sínum er eðlilegt að tryggja betur tengslin milli ráðherra jafnréttismála og Jafnréttisráðs.

2. og 3. mgr. frumvarpsins eru óbreyttar frá 3. og 4. mgr. 13. gr. gildandi laga.

Um 16. gr.

Þar sem Jafnréttisráði er ætlað breytt hlutverk frá gildandi lögum er verkefnisgrein ráðsins að nokkru leyti breytt. Annars vegar er kveðið á um það í 2. tölul. greinarinnar að endurskoða eigi stefnumarkandi áætlun ráðsins á tveggja ára fresti. Hins vegar er lagt til að 8. tölul. 15. gr. gildandi laga, sem fjallar um ábendingar við brotum, verði felldur undir verksvið kærunefndar jafnréttismála.

Um 17. gr.

Hér er lagt til að félagsmálaráðherra leggi fyrir Alþingi þingsályktunartillögu um sérstaka áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn. Áætlun Jafnréttisráðs, sbr. 2. tölul. 16. gr., og áætlanir einstakra ráðuneyta og stofnana í jafnréttismálum yrðu felldar inn í þessa heildaráætlun. Lagt er til að áætlun þessi verði endurskoðuð á tveggja ára fresti.

Nauðsynlegt er að við fjárlagagerð hvers árs verði tekið mið af þessari áætlun í jafnréttismálum. Þannig fái fjármálaráðuneytið við undirbúning fjárlagafrumvarps sundurliðaðar tillögur ráðuneyta um fjárveitingar til þessa málaflokks. Í greinargerð með fjárlagafrumvarpi verði síðan birt yfirlit um fyrirhugaðar fjárveitingar og aðgerðir í jafnréttismálum.

Um 18. gr.

Lagt er til að heimilt sé að ráða jafnréttisráðgjafa og starfi þeir í samvinnu við Jafnréttisráð. Verkefni þeirra verði að vinna að leiðréttingu á stöðu kvenna. Ekki er tekið fram í greininni hve margir þeir skuli vera en eðlilegt þykir að störf þeirra beinist einkum að landsbyggðinni og starfi þeir í hverju kjördæmi. Hér er um heimildarákvæði að ræða sem líklegt er að komi til framkvæmda í áföngum. Nauðsynlegt er að með reglugerð verði nánar kveðið á um aðsetur og starfsemi jafnréttisráðgjafa.

Um 19. gr.

Hér er gerð tillaga um að félagsmálaráðherra skipi sérstaka nefnd, kærunefnd jafnréttismála. Formaður nefndarinnar verði tilnefndur af Hæstarétti og sé löglærður. Einn nefndarmaður sé tilnefndur af Kvenréttindafélagi Íslands og einn án tilnefningar. Varði kæruefni vinnumarkað er lagt til að fulltrúar viðkomandi heildarsamtaka taki sæti í nefndinni.

Hlutverk nefndarinnar er að hafa almennt eftirlit ásamt Jafnréttisráði með því að ákvæðum laganna sé framfylgt og að taka við ábendingum um brot á lögunum. Gerð er tillaga um að lögfest verði upplýsingaskylda atvinnurekenda, opinberra stofnana og félagasamtaka við kærunefnd jafnréttismála. Vegna mikillar fjölgunar kærumála fyrir Jafnréttisráði þykir rétt að leggja til að sérstök nefnd hafi þetta hlutverk. Jafnréttisráð mun áfram gegna því hlutverki sínu að vinna að jafnrétti kvenna og karla, sbr. nánar 16. gr. frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir að kærunefnd hafi starfsaðstöðu á skrifstofu Jafnréttisráðs.

Um 20. gr.

Kærunefnd jafnréttismála kemur í stað Jafnréttisráðs, sbr. 16. gr. gildandi laga.

Um 21. gr.

Greinin er óbreytt frá 17. gr. gildandi laga nema hvað kærunefnd jafnréttismála kemur í stað Jafnréttisráðs. Rétt þykir hins vegar að skýra hér sérstaklega tilgang greinarinnar. Komist kærunefnd jafnréttismála að þeirri niðurstöðu að rannsókn lokinni að ákvæði laganna hafi verið brotin á nefndin að beina rökstuddum tilmælum um ákveðnar úrbætur til hlutaðeigandi aðila. Ætlunin er sú að unnt verði að leysa sem flest deilumál á þennan hátt þannig að ábendingar kærunefndar verði teknar til greina.

Ef ekki verður fallist á tilmæli kærunefndar er henni heimilt í samráði við kæranda að höfða mál í umboði hans til viðurkenningar á rétti hans.

Þrátt fyrir ákvæði 21. gr. er ekki ætlunin að þau tilmæli um úrbætur, sem nefndin setur fram hverju sinni, skerði á nokkurn hátt heimild kærunefndar jafnréttismála til kröfugerðar skv. 22. gr.

Einstaklingur, sem leitar til kærunefndar jafnréttismála, á að geta notið allrar lögfræðilegrar aðstoðar, fari málið fyrir dómstóla. Þá er það einnig mikilvægt fyrir starfsemi kærunefndar og Jafnréttisráðs við framkvæmd laganna að unnt sé að fá túlkun og skýringu dómstóla á efni þeirra.

Um 22. gr.

1. mgr. er samsvarandi 18. gr. gildandi laga.

2. mgr. er nýmæli. Samkvæmt henni er hægt að dæma menn til að greiða miskabætur með eða án bóta fyrir fjártjón. Ákvæði þetta er sérákvæði sem víkur til hliðar ákvæðum um miskabætur í 264. gr. núgildandi hegningarlaga, nr. 19/1940. Samkvæmt greininni getur sá sem misgert er við átt rétt á bótum fyrir miska, auk bóta fyrir fjártjón. Almennt má telja löglíkur fyrir því að einstaklingur, sem mismunað er vegna kynferðis, bíði ófjárhagslegt tjón, hann verði fyrir andlegri þjáningu og skapraun, álitshnekki og röskun á stöðu og högum, hvort sem af mismunun leiðir fjártjón eða ekki.

Um 23. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 19. gr. gildandi laga.

Um 24. gr.

Greinin er óbreytt frá 21. gr. gildandi laga.

Um 25. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Nauðsynlegt er að setja reglur um skipun Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála við gildistöku laganna.

Ed. 757. Frumvarp til laga [436. mál]

um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags er heiti:
Sementsverksmiðjan hf.
Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt:

a. að leggja Sementsverksmiðju ríkisins, þ.e. sjálfa verksmiðjuna ásamt öllu fylgifé hennar, til hins nýja hlutafélags,
b. að láta fara fram mat á eignum Sementsverksmiðju ríkisins til viðmiðunar við ákvörðun um upphæð hlutafjár hins nýja hlutafélags. Í þessu skyni skal bæjarfógetinn á Akranesi skipa þriggja manna matsnefnd og skal a.m.k. einn nefndarmanna vera löggiltur endurskoðandi. Öll hlutabréf í hlutafélaginu eru eign ríkissjóðs við stofnun félagsins.

2. gr.

Hlutverk félagsins skal vera að framleiða og selja sement fyrir innlendan og erlendan markað.

Félagið annast rannsóknir, þróunarverkefni og efnavinnslu samkvæmt nánari ákvæðum er sett verða í samþykktum félagsins.

Félaginu er heimilt að gerast eignaraðili í öðrum hlutafélögum eða sameignarfélögum.

3. gr.

Heimili og varnarþing félagsins skal vera á Akranesi, en heimilt er að starfrækja útibú á öðrum stöðum.

4. gr.

Fastráðnir starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins skulu hafa rétt til að starfa hjá hinu nýja hlutafélagi og skal þeim boðið sambærilegt starf hjá félaginu og þeir gengdu áður hjá Sementsverksmiðju ríkisins. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, á því ekki við um þá starfsmenn.

5. gr.

Fulltrúar í stjórn hlutafélagsins skulu skipaðir eða kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn, svo og varamenn þeirra.

6. gr.

Við Sementsverksmiðjuna starfi samstarfsnefnd skipuð þremur fulltrúum frá hvorum, stjórn verksmiðjunnar og starfsliði hennar, ásamt jafnmörgum varamönnum. Hlutverk samstarfsnefndar er að efla samvinnu fyrirtækisins og starfsliðs þess, vera báðum til ráðuneytis og gera tillögur um bættan aðbúnað, heilbrigði og öryggi starfsliðs og hagkvæmni í rekstri fyrirtækisins.

7. gr.

Fulltrúar hlutafélagsins skulu árlega halda tvo samráðsfundi með fulltrúum Akraneskaupstaðar til að ræða sameiginleg hagsmunamál.

8. gr.

Ríkissjóður getur ekki boðið hlutabréf í Sementsverksmiðjunni til sölu nema hafa til þess samþykki Alþingis með breytingu á b-lið 1. gr.

9. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög, nr. 32/1978, gildir ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu, né heldur ákvæði 1. mgr. 17. gr. sömu laga um tölu hluthafa. Að öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga um hið nýja félag og greiðir það opinber gjöld með sama hætti og almennt gildir um hlutafélög hér á landi.

Iðnaðarráðherra skal skipa undirbúningsnefnd til að annast nauðsynlega samningsgerð fyrir hönd væntanlegs hlutafélags og leggja fram drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið á stofnfundi sem skal haldinn ekki síðar en 31. desember 1990.

10. gr.

Iðnaðarráðherra fer með eignarhluta ríkisins í félaginu.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Hlutafélag skv. 1. gr. yfirtekur Sementsverksmiðju ríkisins 1. janúar 1991 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 35/1948, um sementsverksmiðju.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangurinn með frumvarpi þessu er að breyta rekstrarformi Sementsverksmiðju ríkisins í hlutafélag þó þannig að ríkið verði eigandi allra hlutabréfa og að sala þeirra geti aðeins komið til með breytingu á lögunum. Frumvarpið byggir að stofni til á frumvarpi sem unnið var í iðnaðarráðuneytinu árið 1987, en með nokkrum veigamiklum breytingum. Í fyrsta lagi er kveðið skýrt á um að sala hlutabréfa geti aðeins komið til ef Alþingi veitir til þess samþykki með lagabreytingu. Í öðru lagi er kveðið á um sérstaka samráðsfundi verksmiðjustjórnar og bæjarstjórnar Akranesbæjar. Í þriðja lagi er kveðið á um að sérstök samstarfsnefnd starfsmanna og stjórnenda starfi við verksmiðjuna. Loks er í þessu frumvarpi gert ráð fyrir að sérstök undirbúningsnefnd vinni að undirbúningi stofnfundar sem fari fram um leið og hlutafélagið yfirtaki rekstur Sementsverksmiðju ríkisins.

Á 111. löggjafarþingi var lagt fram frumvarp um stofnun hlutafélags um Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg. Frumvarpið varð að lögum vorið 1989 og var hlutafélag stofnað í september sl. er tók við rekstri Gutenberg 1. janúar 1990. Röksemdir fyrir stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins eru þær sömu og giltu um Gutenberg.

Með lögum nr. 35/1948 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til þess að reisa hér á landi verksmiðju til vinnslu sements. Á grundvelli þessara laga var síðan reist Sementsverksmiðja ríkisins á Akranesi sem sérstakt ríkisfyrirtæki undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Verksmiðjan tók til starfa árið 1958 og hefur starfað óslitið síðan.

Sementsverksmiðjan lýtur fimm manna þingkjörinni stjórn, sem kosin er til fjögurra ára í senn. Iðnaðarráðherra skipar einn úr hópi stjórnarmanna formann.

Sementsverksmiðjan var að mestu leyti byggð fyrir lánsfé með ábyrgð ríkissjóðs. Beint framlag ríkisins var lítið. Verðlagning framleiðslunnar var við það miðuð að hún stæði undir beinum framleiðslukostnaði og afborgunum og vöxtum af stofnlánum.

Á árinu 1989 voru seld 117.500 tonn af sementi.

Hlutur lausa sementsins í framleiðslu hefur aukist mjög og er nú svo komið að 80% af framleiðslunni er laust sement. Verksmiðjan rekur tvær stöðvar á landinu þar sem hægt er að geyma laust sement, þ.e. á Akureyri og í Reykjavík.

Um 1980 byrjaði Sementsverksmiðjan íblöndun ryks frá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga, sem síað er úr útblæstri járnblendiverksmiðjunnar, í allt sement. Ryk þetta er tvisvar sinnum virkara gegn alkalíþenslu en líparít og bætir auk þess fleiri eiginleika steinsteypunnar. Járnblendifélagið og Sementsverksmiðja ríkisins reka og eiga í sameiningu fyrirtækið Sérsteypuna sf. sem sinnt hefur ýmsum þróunarverkefnum er miða að því að auka notkunarsvið steinsteypu. Erlendis hefur orðið mikil þróun á því sviði á seinustu árum.

Afkoma Sementsverksmiðjunnar hefur löngum verið slæm. Stafaði það í upphafi af þungri skuldabyrði og síðar af óraunsærri verðlagsstefnu stjórnvalda.

Í tengslum við aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) var innflutningur á sementi gefinn frjáls árið 1975. Mjög óverulegt magn af sementi hefur verið flutt inn. Verðlag íslenska sementsins er aðeins hærra en það er í nágrannalöndum. Hafa ber í huga að íslenska sementið nýtur nokkurrar fjarlægðarverndar.

Í núverandi lögum Sementsverksmiðju ríkisins er kveðið á um skattgreiðslur verksmiðjunnar, en þau ákvæði falla niður samkvæmt tillögum í þessu frumvarpi og greiðir verksmiðjan þá skatta eins og hvert annað hlutafélag. Verksmiðjan greiðir nú landsútsvar í stað aðstöðugjalds. Verksmiðjan greiðir fasteignaskatta, en er að öðru leyti undanþegin skattgreiðslum. Ef frumvarp þetta verður að lögum verður meginbreytingin á greiðslu skatta sú að verksmiðjan greiðir aðstöðugjald, eignarskatt og væntanlega tekjuskatt. Hlutdeild Akraneskaupstaðar í landsútsvari Sementsverksmiðju ríkisins miðað við rekstrarárið 1988 var 3,5 millj. kr., en alls greiddi verksmiðjan 14 millj. kr. í landsútsvar. Ef verksmiðjan hefði greitt aðstöðugjald mundu tekjur Akraneskaupstaðar hafa orðið um 7 millj. kr.

Rekstur Sementsverksmiðjunnar hefur gengið vel flest undanfarin ár og eiginfjárstaðan batnað verulega. Hagnaður af rekstrinum árið 1988 var um 32 millj. kr. samanborið við 33 millj. kr. 1987 og 63 millj. kr. hagnað 1986. Í árslok 1988 var eigið fé verksmiðjunnar 617 millj. kr. eða um 66% af niðurstöðum efnahagsreiknings. Eignir eru bókfærðar á 942 millj. kr. en skuldir eru 324 millj. kr. Rekstrartekjur árið 1988 námu 650 millj. kr. og jukust um 17% milli ára.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ríkisstjórnin láti fara fram nákvæmt mat á eignum Sementsverksmiðju ríkisins til að hafa til viðmiðunar við ákvörðun um upphæð hlutafjár hins nýja hlutafélags. Verður þar fyrst og fremst um eignamat að ræða, en jafnframt munu aðrir þættir koma inn í matið, svo sem þróunarkostnaður, viðskiptavild o.fl. Innheimtur á útistandandi skuldum hjá verksmiðjunni eru í mjög góðu lagi. Öll hlutabréfin verða í eigu ríkissjóðs og verður leitað samþykkis Alþingis ef til sölu hlutabréfa kemur.

Við þá formbreytingu sem verður á rekstri verksmiðjunnar, ef frumvarp þetta verður að lögum, breytast eftirtaldir þættir:

1. Ábyrgð ríkissjóðs á rekstri verksmiðjunnar takmarkast við hlutafjáreign. Fjárhagsleg ábyrgð stjórnenda eykst.
2. Skattgreiðslur breytast nokkuð, aðallega að verksmiðjan greiðir aðstöðugjald í stað landsútsvars. Einnig mundi verksmiðjan greiða eignarskatt og hugsanlega tekjuskatt.
3. Um 20 starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins eru í Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna, réttindi þeirra verða tryggð. Lífeyrismál annarra starfsmanna breytast ekkert.
4. Stjórn verksmiðjunnar er kosin á aðalfundi ár hvert.
5. Fyrirtækið hefur enga sérstöðu fram yfir önnur fyrirtæki í landinu, ýmsir kostir þess að reka fyrirtækið sem hlutafélag nýtast og verður þeim lýst hér sérstaklega. Þegar hlutafélag hefur verið stofnað um verksmiðjuna taka lög um hlutafélög sjálfkrafa gildi um fyrirtækið.

Sérstök lög (nr. 62/1973) eru í gildi um verðjöfnun á sementi. Engin breyting verður á þessum þætti. Jöfnun flutningskostnaðar samkvæmt lögum þessum nær til allra verslunarstaða á landinu sem jafnframt eru aðaltollhafnir. Viðskiptaráðherra hefur heimild til að ákveða með reglugerð að jöfnun á flutningskostnaði skuli einnig ná til annarra tilgreindra verslunarstaða.

Telja verður eðlilegt að atvinnurekstur á vegum ríkisins sé í formi hlutafélaga. Þetta á við jafnvel þótt ríkið sé eini eigandi viðkomandi hlutafélags, en í frumvarpi þessu er gerð undanþága um tölu stofnenda, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög.

Starfsemi hlutafélaga er í vandlega skilgreindu formi víðast í heiminum og hér á landi hefur löggjafinn sett ítarlegar reglur um starfsemi hlutafélaga. Í þeirri löggjöf eru nákvæmar reglur um starfssvið stjórnar, framkvæmdastjórnar og aðalfundar. Í hlutafélagalögunum er ákvæði sem verndar rétt minnihlutaeigenda og þar sem ríkið býður öðrum til samstarfs um atvinnurekstur er því hlutafélagaformið sérstaklega viðeigandi.

Kostir þess að reka Sementsverksmiðjuna í hlutafélagsformi eru að með því verður reksturinn sveigjanlegri. Fjárhagsleg uppbygging fyrirtækis veldur því að mjög æskilegt er að reka fyrirtæki í eign ríkisins í hlutafélagaformi. Hverju fyrirtæki er nauðsynlegt að fjárfesta, ráðast í nýjungar og efla starfsemi sína til að vernda stöðu sína á markaðnum. Vilji ríkið ekki leggja fram aukið hlutafé til að halda eiginfjárhlutföllum í horfinu, þegar kemur til þess að fjármagna þarf nýja fjárfestingu, er unnt að leita eftir nýjum hluthöfum sem færa með sér nýtt hlutafé. Með því móti verður komist hjá því að ríkið taki í sífellu á sig skuldbindingar, t.d. í formi ríkisábyrgðar, er fyrirtæki í eigu þess þurfi að ráðast í framkvæmdir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með grein þessari er ríkisstjórninni gert að stofna hlutafélag um Sementsverksmiðju ríkisins á Akranesi. Allar eignir Sementsverksmiðjunnar færast yfir til hins nýja hlutafélags. Öll hlutabréfin verða í eign ríkissjóðs við stofnun hlutafélagsins. Nauðsynlegt er að fram fari mat á eignum sem notað verði til viðmiðunar við ákvörðun hlutafjár hins nýja hlutafélags. Matið verði framkvæmt af óháðri nefnd sem bæjarfógetinn á Akranesi kveður til. Verðgildi hlutafjár þarf í raun ekki að merkja hvers virði viðkomandi fyrirtæki er, þar koma inn í myndina atriði eins og samkeppnisstaða, arðsemi, eftirspurn eftir hlutabréfum o.fl.

Um 2. gr.

Rétt þykir að skilgreina í lögunum hlutverk hlutafélagsins. Jafnframt er lagt til að nánari ákvæði um hlutverk félagsins verði sett í samþykktum þess. Með þessu hefur eigandinn nokkra möguleika til að aðlaga hlutverk félagsins eftir aðstæðum hverju sinni. Fyrirtækinu er

heimilt að gerast eignaraðili í öðrum hlutafélögum eða sameignarfélögum. Stöðug þróun á sér stað varðandi notkun sements og hafa fyrirtæki oft með sér samvinnu um þessa þróunarvinnu. Sementsverksmiðjan hefur mikinn áhuga á hvers konar samstarfi við aðra aðila sem leitt gæti til enn frekari sölu á sementi.

Um 3. gr.

Sementsverksmiðjan er staðsett á Akranesi og því er eðlilegt að fram komi í lagatextanum að lögheimili fyrirtækisins skuli vera á Akranesi.

Um 4. gr.

Núverandi starfsmönnum Sementsverksmiðjunnar er tryggður réttur til endurráðningar. Um 20 af starfsmönnum Sementsverksmiðjunnar eru nú í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og haldast réttindi þeirra óbreytt við þá formbreytingu á rekstri sem hér er stefnt að. Vísast í því sambandi til ákvæðis í 17. gr. laga nr. 29/1963. Engir starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins hafa gerst aðilar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins hin síðari ár. Um lífeyrismál annarra starfsmanna fer eftir ákvæðum kjarasamninga.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að skipun eða kjör fulltrúa í stjórn fari fram með líkum hætti og tíðkast hjá hlutafélögum.

Um 6. gr.

Eðlilegt þykir að starfsmenn verksmiðjunnar eigi möguleika á að hafa eðlileg áhrif á þá þætti í rekstri hennar sem þá varðar sérstaklega. Því er lagt til að við verksmiðjuna starfi sérstök samstarfsnefnd skipuð þremur fulltrúum frá stjórn og þremur fulltrúum starfsmanna. Þetta ákvæði er samhljóða 12. gr. laga nr. 18/1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Um 7. gr.

Þar sem áhrifa af starfsemi Sementsverksmiðjunnar gætir víða á Akranesi, sérstaklega í sambandi við atvinnu- og umhverfismál er eðlilegt að setja um það skýr ákvæði að haldnir verði samráðsfundir milli forsvarsmanna hlutafélagsins og Akraneskaupstaðar.

Um 8. gr.

Þar sem Sementsverksmiðjan er eitt af stærstu fyrirtækjum ríkisins og eini aðilinn sem framleiðir sement hér á landi er eðlilegt að Alþingi fjalli fyrst um hugsanlega sölu hlutabréfa, hverjum eigi að selja og hversu mikið, enda hefur starfsemi verksmiðjunnar áhrif víða, en þó sérstaklega á atvinnumálin á Akranesi.

Um 9. gr.

Nauðsynlegt er að veita undanþágu frá ákvæðum hlutafélagalaga um lágmarkstölu stofnenda og hluthafa í félaginu. Hið nýja hlutafélag lýtur almennum reglum um skattlagningu. Með samþykkt þessa frumvarps er Sementsverksmiðja ríkisins ekki lengur starfandi og eiga því ákvæði í lögum um tekjustofna sveitarfélaga um greiðslu landsútsvars ekki lengur við. Að öllu öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaganna.

Gert er ráð fyrir að iðnaðarráðherra skipi undirbúningsnefnd sem annist nauðsynlega samningsgerð fyrir væntanlegt hlutafélag og leggi fram drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið á stofnfundi sem sé haldinn þegar breytingin á sér stað.

Um 10. gr.

Iðnaðarráðherra mun fara með eignarhluta ríkisins í félaginu, enda hefur starfsemi Sementsverksmiðjunnar heyrt undir starfssvið iðnaðarráðuneytisins.

Um 11. gr.

Lögin öðlast þegar gildi, en Sementsverksmiðjan hf. yfirtekur rekstur og eignir Sementsverksmiðju ríkisins 1. janúar 1991. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 35/1948.

Nd. 758. Frumvarp til laga [437. mál]

um breytingu á lögum nr. 50/1976, um almenningsbókasöfn.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

1. gr.

Við 2. mgr. 11. gr. laganna bætist: og Félag íslenskra rithöfunda. Alþingi kýs árlega sjö menn í stjórn Rithöfundasjóðs með óhlutbundinni kosningu til eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt skal ráðherra þegar eftir birtingu laganna gefa út nýja reglugerð um Rithöfundasjóð Íslands.

Greinargerð.

Þetta frumvarp til laga er lagt fram til að allir rithöfundar á Íslandi sitji við sama borð.

Með lögum nr. 50/1976, um almenningsbókasöfn, og reglugerð frá 1. febrúar 1977 um Rithöfundasjóð Íslands á að tryggja öllum íslenskum rithöfundum aðgang að Rithöfundasjóði Íslands samkvæmt úthlutunarreglum hans.

2. mgr. 11. gr. laga um almenningsbókasöfn hljóðar svo:

„Sérstaka reglugerð skal setja um Rithöfundasjóð Íslands í samráði við Rithöfundasamband Íslands.“

Þann 1. febrúar 1977 setti Vilhjálmur Hjálmarsson, þáverandi menntamálaráðherra, reglugerð um Rithöfundasjóð Íslands í samræmi við þessi lagaákvæði.

1. gr. reglugerðarinnar hljóðar svo:

„Menntamálaráðherra skipar þrjá menn í stjórn Rithöfundasjóðs Íslands til þriggja ára í senn, tvo samkvæmt tilnefningu stjórnar Rithöfundasambands Íslands og einn án tilnefningar. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Rithöfundasambandið tilnefni ekki sömu menn tvisvar í röð.

Stjórnarlaun og annar kostnaður greiðist af óskiptu fé sjóðsins.“

Hér er Rithöfundasamband Íslands nefnt til sögunnar sem einu starfandi samtök rithöfunda á landinu á þeim tíma. Síðan hafa íslenskir rithöfundar endurvakið gamalt félag um hagsmuni sína og heitir það Félag íslenskra rithöfunda. Það starfar nú við hlið Rithöfundasambands Íslands en á ekki fulltrúa í stjórn Rithöfundasjóðs til jafns við það. Þetta hefur því miður haft tortryggni í för með sér í röðum íslenskra rithöfunda.

Í reglugerð um Rithöfundasjóð Íslands er gert ráð fyrir tveimur fulltrúum íslenskra rithöfunda í stjórn sjóðsins, eins og fyrr segir, eftir tilnefningu stjórnar Rithöfundasambandsins, enda einu starfandi samtök rithöfunda á þeim tíma og kom þá fram fyrir hönd allra félagsbundinna rithöfunda.

Hugsunin í reglugerðinni er vitaskuld sú að tveir íslenskir rithöfundar eigi jafnan sæti í sjóðsstjórninni, en ekki endilega tveir fulltrúar Rithöfundasambands Íslands. Að meiri hluti

sjóðsstjórnar sé hjá rithöfundum en ekki hjá Rithöfundasambandinu sérstaklega. Það liggur í augum uppi. Þess vegna telur flutningsmaður eðlilegt að koma þessum málum rithöfunda öðruvísi fyrir:

1. Samin verði ný reglugerð fyrir Rithöfundasjóð Íslands í samráði við bæði starfandi samtök rithöfunda á Íslandi, Rithöfundasamband Íslands og Félag íslenskra rithöfunda. Þess verði sérstaklega gætt að allir íslenskir rithöfundar sitji við sama borð hvort sem þeir eru í samtökum rithöfunda eða kjósa að vera ófélagsbundnir.
2. Alþingi kjósi í framtíðinni sjö fulltrúa í stjórn Rithöfundasjóðs Íslands óhlutbundinni kosningu til eins árs í senn. Þar með er eytt þeirri óánægju og tortryggni sem grafið hefur um sig vegna aðildar einna samtaka umfram önnur að sjóðsstjórninni. Þess vegna er þetta frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 50 frá 25. maí 1976, um almenningsbókasöfn, lagt fram í samfloti við frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 29 frá 20. maí 1975, um launasjóð rithöfunda.

Nd. 759. Frumvarp til laga [438. mál]

um breytingu á lögum nr. 29/1975, um launasjóð rithöfunda.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd laga þessara, að höfðu samráði við Rithöfundasamband Íslands og Félag íslenskra rithöfunda, þar sem m.a. skal kveðið á um stjórn sjóðsins, vörslu hans og greiðslur úr honum.

Alþingi kýs árlega sjö menn í stjórn launasjóðs rithöfunda með óhlutbundinni kosningu til eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt skal ráðherra þegar eftir birtingu laganna gefa út nýja reglugerð um launasjóð rithöfunda.

Greinargerð.

Frumvarp þetta til laga er lagt fram til að allir rithöfundar á Íslandi sitji við sama borð.

Með lögum nr. 29/1975, um launasjóð rithöfunda, og reglugerð frá 9. júlí 1976 á að tryggja öllum íslenskum rithöfundum aðgang að launasjóði rithöfunda.

4. gr. laga um launasjóð rithöfunda hljóðar svo:

„Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd laga þessara, að höfðu samráði við félagssamtök rithöfunda, þar sem m.a. skal kveðið á um stjórn sjóðsins, vörslu hans og greiðslur úr honum.“

Hér er skýrt tekið fram að haft skuli samráð við félagssamtök rithöfunda, en þau voru þá ein starfandi í landinu og hétu Rithöfundasamband Íslands. Síðan hafa íslenskir rithöfundar endurvakið gamalt félag um hagsmuni sína og heitir það Félag íslenskra rithöfunda. Það starfar við hlið Rithöfundasambands Íslands.

Þann 9. júní 1976 setti Vilhjálmur Hjálmarsson, þáverandi menntamálaráðherra, reglugerð um launasjóð rithöfunda í samræmi við ákvæði laganna.

1. gr. reglugerðarinnar hljóðar svo:

„Menntamálaráðherra skipar í stjórn launasjóðs rithöfunda til þriggja ára senn þrjá menn utan Rithöfundasambands Íslands, tilnefnda af stjórn þess. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Engan má tilnefna í stjórn tvívegis í röð né oftar en tvisvar samanlagt.

Sjóðsstjórn skal annast úthlutun úr launasjóði rithöfunda og skal hafa lokið störfum 1. mars ár hvert.

Menntamálaráðherra ákveður þóknun hennar.“

Hér er Rithöfundasamband Íslands nefnt til sögunnar sem einu starfandi félagssamtök rithöfunda á landinu á þeim tíma. En síðan hefur Félag íslenskra rithöfunda verið endurvakið, eins og áður segir, og því eru nú starfandi tvenn félagssamtök rithöfunda á Íslandi.

Andinn á bak við lögin og reglugerðina er vitaskuld sá að haft skuli samráð við öll starfandi samtök rithöfunda á hverjum tíma og að stjórnir þeirra hafi jafnan rétt til að tilnefna menn í stjórn launasjóðs rithöfunda. Þá voru aðeins ein starfandi félagssamtök en nú eru þau tvenn. Félag íslenskra rithöfunda tilnefnir ekki fulltrúa í stjórn launasjóðsins til jafns við Rithöfundasambandið og það hefur því miður haft tortryggni og óánægju í för með sér í röðum íslenskra rithöfunda. Þetta þarf að leiðrétta. Þess vegna telur flutningsmaður eðlilegt að koma þessum málum rithöfunda öðruvísi fyrir:

1. Samin verði ný reglugerð fyrir launasjóð rithöfunda í samráði við samtök starfandi rithöfunda á Íslandi, Rithöfundasamband Íslands og Félag íslenskra rithöfunda. Þess verði sérstaklega gætt að allir íslenskir rithöfundar sitji við sama borð hvort sem þeir eru í samtökum rithöfunda eða kjósa að vera ófélagsbundnir.
2. Alþingi kjósi í framtíðinni sjö fulltrúa í stjórn launasjóðs rithöfunda óhlutbundinni kosningu til eins árs í senn. Þar með er eytt þeirri óánægju og tortryggni sem grafið hefur um sig vegna aðildar einna samtaka umfram önnur að sjóðsstjórninni. Þess vegna er þetta frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 29 frá 29. maí 1975, um launasjóð rithöfunda, lagt fram í samfloti við frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 50 frá 25. maí 1976, um almenningsbókasöfn.

Sþ. 760. Þingsályktun [43. mál]

um landgræðslu.

(Afgreidd frá Sþ. 19. mars.)

Samhljóða þskj. 43.

Sþ. 761. Þingsályktun [54. mál]

um nýja atvinnumöguleika á landsbyggðinni með áherslu á fjarvinnu.

(Afgreidd frá Sþ. 19. mars.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna með hvaða hætti unnt er að nota nútíma tölvu- og fjarskiptatækni til að flytja verkefni á vegum ríkisstofnana og annarra aðila frá höfuðborgarsvæðinu til annarra landshluta, svo og hvernig auka megi tölvufræðslu.

Sérstaklega verði kannaðir möguleikar á að nýta þessa tækni til þess að koma á laggirnar fjarvinnustofum í því skyni að fjölga störfum og auka fjölbreytni í atvinnulífi byggðarlaganna.

Sþ. 762. Þingsályktun [19. mál]

um ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1989.

(Afgreidd frá Sþ. 19. mars.)

Alþingi ályktar að beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að vinna að framkvæmd ályktana Vestnorræna þingmannaráðsins sem samþykktar voru á fundi ráðsins í Stykkishólmi í júní síðastliðnum og prentaðar eru með ályktun þessari sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

VESTNORRÆNA ÞINGMANNARÁÐIÐ

Ályktanir 5. fundar ráðsins í Stykkishólmi
13.–15. júní 1989.

I.

Vestnorræna þingmannaráðið beinir þeim tilmælum til landsstjórna Færeyja og Grænlands og ríkisstjórnar Íslands að þær veiti fé á fjárlögum næstu þrjú ár til vestnorrænu ferðamálanefndarinnar til kynningarstarfs, áætlanagerðar og markaðsrannsókna á sviði ferðamála í löndunum þremur.

II.

Vestnorræna þingmannaráðið samþykkir að skora á landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands að vinna að því að skipuleggja kennaraskipti á grunnskóla- og framhaldsskólastigi milli landanna þriggja.

III.

Vestnorræna þingmannaráðið beinir þeim tilmælum til Alþingis Íslendinga að skrifstofa Norðurlandaráðs í Reykjavík annist fyrst um sinn verkefni stjórnunarlegs eðlis fyrir ráðið. Enn fremur að Alþingi veiti til þess nauðsynlegt fé og aðstöðu.

IV.

Vestnorræna þingmannaráðið ályktar að skora á landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands að þær geri árið 1992 að sérstöku vestnorrænu ári. Megináherslan verði lögð á jafnréttismál karla og kvenna, umhverfismál og æskulýðsmál. Ráðstefna um jafnrétti verði haldin á Íslandi, ráðstefna um umhverfismál á Grænlandi og um æskulýðsmál í Færeyjum. Enn fremur skorar ráðið á stjórnvöld að þau veiti nægilegt fé til þessara mála og tilnefni hvert einn fulltrúa til að undirbúa vestnorrænt ár 1992.

Yfirlýsing.

Með tilvísun til ályktunar nr. 4, sem samþykkt var á fundi Vestnorræna þingmannaráðsins í Ilulissat 1988, vill ráðið lýsa áhyggjum sínum af hernaðarumsvifum á Norður-Atlantshafi og hvetur stjórnvöld viðkomandi landa til að hrinda í framkvæmd þeim tillögum sem birtar eru í ályktuninni, m.a. með því að kalla strax til hóp sérfræðinga til að annast fyrrnefnd

umhverfisvandamál. Ráðið skorar því á landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands að þær geri allt sem í þeirra valdi stendur til að beita stórveldin þrýstingi í því skyni að flýta afvopnun á Norður-Atlantshafi.

Ráðið lýsir yfir miklum áhyggjum af auknum siglingum kjarnorkuknúinna skipa og kafbáta á þessu hafsvæði. Er það mat ráðsins að öllu máli skipti fyrir umhverfi landanna þriggja og tilvist að höfin verði gerð kjarnorkuvopnalaus.

Ed. 763. Nefndarálit [419. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 32/1978, um hlutafélög, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt án breytinga. Eiður Guðnason var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. mars 1990.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Guðrún Agnarsdóttir.
Skúli Alexandersson.	Halldór Blöndal.	Ey. Kon. Jónsson.

Sþ. 764. Fyrirspurn [439. mál]

til iðnaðarráðherra um endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts í iðnaði og ráðstöfun jöfnunargjalds.

Frá Friðriki Sophussyni.

1. Hve háa fjárhæð þarf ríkissjóður að endurgreiða fyrirtækjum í iðnaði vegna uppsafnaðs söluskatts af framleiðslu síðasta árs umfram þá fjármuni sem ætlaðir voru til þess samkvæmt fjárlögum og fjáraukalögum á sl. ári?
2. Hvernig verður þeim 500 milljónum króna, sem samkvæmt fjárlögum innheimtast af jöfnunargjaldi á yfirstandandi ári, varið?

Sþ. 765. Fyrirspurn [440. mál]

til dómsmálaráðherra um húsnæðismál lögreglunnar í Stykkishólmi.

Frá Inga Birni Albertssyni.

1. Hefur fengist niðurstaða í húsnæðismál lögreglunnar í Stykkishólmi?
2. Hvaða afgreiðslu hefur tilboð einingahúsaverksmiðju á Selfossi um bráðabirgðahúsnæði handa lögreglunni hlotið, sbr. svar ráðherra við fsp. á þskj. 595, 22. febr. sl.?
3. Hefur verið leitað tilboða frá öðrum húsaverksmiðjum í „færanlegt einingahús", t.d. frá heimamönnum? Ef svo er ekki, hvers vegna?

Sþ. 766. Skýrsla [441. mál]

um ríkisfjármál árið 1989.

(Lögð fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

Formáli

Skýrsla um ríkisfjármál árið 1989 gegnir tvíþættu hlutverki. Annars vegar er, líkt og mörg undanfarin ár, gerð grein fyrir framvindu ríkisfjármála á árinu 1989 samkvæmt niðurstöðutölum Ríkisbókhalds. Tölurnar eru á greiðslugrunni og eru þannig sambærilegar við fjárlagatölur ársins. Jafnframt því að fjalla um afkomu ríkissjóðs er gerð grein fyrir framkvæmd lánsfjáráætlunar í ljósi bráðabirgðatalna um lántökur opinberra aðila, lánastofnana og atvinnufyrirtækja.

Hins vegar er með þessari skýrslu stigið fyrsta skrefið í þá átt að koma á framfæri samræmdum tölulegum upplýsingum um ríkisfjármál fyrir nokkur ár í senn. Ríkisfjármál hafa verið mikið í brennidepli að undanförnu. Til þess að geta fjallað um þau að einhverju gagni er nauðsynlegt að hafa aðgang að sæmilega áreiðanlegum upplýsingum. Í þessari skýrslu er að finna töflur með samræmdum upplýsingum um ríkisfjármál allt frá árinu 1980. Hugmyndin er að auka smám saman við þennan talnagrunn, enda margt enn óunnið á þessu sviði.

Í fyrsta kafla skýrslunnar eru dregnar saman helstu niðurstöður ríkisfjármála árið 1989 og þær skoðaðar með hliðsjón af almennri efnahagsþróun í landinu. Í öðrum kafla er fjallað um afkomu ríkissjóðs, tekjur, gjöld og lánahreyfingar. Í þriðja kafla er gerð grein fyrir framkvæmd lánsfjáráætlunar. Í viðauka er stutt yfirlit yfir erlendar skuldir ríkissjóðs og nýja lánasamninga. Loks fylgir sérstakur töfluviðauki sem fyrr segir.

1 Áhrif efnahagsþróunar á ríkisfjármál 1989

Samdráttur í stað uppsveiflu. Á tímabilinu 1985–1987 var mikil uppsveifla í þjóðarbúskapnum, bæði vegna mikillar aflaaukningar og hagstæðra ytri skilyrða. Hámarki var náð árið 1987 og höfðu þjóðartekjur þá aukist um liðlega 20% að raungildi á tveimur árum. Þjóðarútgjöld jukust hins vegar enn meira, sérstaklega árið 1987, og því myndaðist verulegur halli á viðskiptum við útlönd árið 1987. Uppsveifla í þjóðarbúskapnum hefur alla jafna hagstæð áhrif á tekjuhlið ríkissjóðs, þar sem hún byggist að verulegu leyti á veltusköttum. Þrátt fyrir þetta varð nokkur halli á ríkissjóði allt þetta tímabil, þar sem útgjöldin jukust meira en tekjurnar.

Á árinu 1988 sló hins vegar í bakseglin. Á sama tíma og aflaheimildir voru skornar niður fór afurðaverð lækkandi á erlendum mörkuðum. Staða sjávarútvegsgreina fór því versnandi. Við þessum áföllum var brugðist með gengislækkunum og sérstökum aðgerðum til þess að hamla gegn launa- og kostnaðarhækkunum innan lands. Meðal annars var komið á verðlags- og launastöðvun á síðari hluta ársins. Í kjölfarið fylgdi umtalsverður samdráttur í þjóðarútgjöldum, en hann skýrir talsverðan hluta þess halla, sem varð á ríkissjóði árið 1988.

Forsendur fjárlaga. Samdráttarskeiðið hélt áfram á síðasta ári. Enn reyndist nauðsynlegt að skerða aflaheimildir auk þess sem verðlag á erlendum mörkuðum hélst áfram lágt. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1989 var gengið út frá ákveðnum forsendum um efnahagsþróunina innan ársins. Þar var meðal annars tekið mið af fyrirsjáanlegum aflasamdrætti annað árið í röð og þeim samdrætti í þjóðartekjum, sem fylgdi í kjölfarið. Það var þó ljóst, að áframhaldandi samdráttur myndi veikja tekjuhliðina enn frekar. Vegna þess halla, sem fyrir var á ríkissjóði, var lögð á það höfuðáhersla í fjárlagagerðinni að styrkja tekjuhlið ríkissjóðs jafnframt því að halda aftur af útgjöldum.

Hins vegar var mikil óvissa um þróun launa, verðlags og gengis, eftir að verðstöðvun lyki í lok febrúar 1989. Staða sjávarútvegsgreina var áfram erfið í kjölfar verðfalls á erlendum mörkuðum og minnkandi afla, auk þess sem raungengi krónunnar var enn tiltölulega hátt. Þá voru kjarasamningar launafólks lausir á fyrstu mánuðum ársins. Allir þessir þættir sköpuðu mikla óvissu um forsendur fjárlaganna.

Breyttar forsendur. Fyrstu mánuði ársins var þróun ríkisfjármála þó í góðu samræmi við áætlanir. Þegar komið var fram undir mitt ár, höfðu forsendur hins vegar breyst í svo veigamiklum atriðum, að hallarekstur var óumflýjanlegur. Skýringin á þessum umskiptum er í stórum dráttum þríþætt:

Í fyrsta lagi þróaðist verðlag, laun og gengi með öðrum hætti en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga, þannig að kaupmáttur launa og raungengi krónunnar lækkuðu meira en þar var miðað við. Veltusamdráttur varð því meiri en reiknað var með í fjárlögum. Þessi samdráttur kom meðal annars fram í tæplega 2 milljarða króna lækkun tekna ríkissjóðs að raungildi frá fjárlögum.

Í öðru lagi voru ýmsar kvaðir lagðar á ríkissjóð í tengslum við gerð kjarasamninganna síðastliðið vor. Bæði var ákveðið að auka niðurgreiðslur og einnig að lækka og jafnvel fella alveg niður tiltekna skatta.

Í þriðja lagi voru teknar ýmsar ákvarðanir um aukin ríkisútgjöld, eftir að fjárlög voru afgreidd, bæði með samþykktum Alþingis um viðbótarfjármagn til vegamála síðastliðið vor og eins hafa ýmis framlög til atvinnumála verið aukin, svo sem til sjávarútvegs, landbúnaðar o.fl.

Yfirlit 1 **Þróun verðlags, launa og gengis 1989**

Meðalhækkun milli ára	Forsendur fjárlaga	Útkoma	Frávik
	%	%	%
Vísitala framfærslukostnaðar	13,5	21,1	6,7
Vísitala byggingarkostnaðar	11,5	23,1	10,4
Lánskjaravísitala	13,0	18,6	5,0
Meðalgengi	11,0	25,7	13,2
Laun	7,5	13,0	5,1
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	-6,0	-8,5	-2,7
Almenn veltubreyting	-4,0	-6,0	-2,1
Innflutningsvelta	-5,0	-10,5	-5,8

Fyrsta atriðið, þ.e. samdráttur í veltu og breyttar verðlagsforsendur, skýrir um fjórðung fráviksins frá fjárlögum og skuldbindingar vegna kjarasamninga annað eins. Þriðja atriðið vegur þyngst og skýrir nálægt því helming rekstrarhallans á síðasta ári.

Niðurstöður. Allt þetta breytti niðurstöðum fjárlaganna, þannig að í stað lítils háttar rekstrarafgangs eins og fjárlög ársins 1989 gerðu ráð fyrir varð niðurstaðan rúmlega 6 milljarða króna halli. Þessi halli svarar til um það bil 2,0% af landsframleiðslu. Þetta er um 2,5 milljarða króna minni halli en 1988, reiknað á sambærilegu verðlagi, en rekstrarhalli 1988 nam 2,8% af landsframleiðslu.

Samanburður á krónutölum segir ekki alla sögu um frávik frá fjárlögum, allra síst þegar svo miklar breytingar verða á verðlagsforsendum. Þannig hækkuðu heildartekjur aðeins um 3½% frá forsendum fjárlaga samanborið við 6–7% frávik í almennu verðlagi. Þetta þýðir, að heildartekjur ríkissjóðs hafi minnkað að raungildi frá áætlun fjárlaga um 2½%, eða um tæplega 2 milljarða króna. Á gjaldahlið lítur dæmið hins vegar þannig út, að frávik frá fjárlögum er tæplega 9.6 m.kr. Það svarar til 3–4% aukningar að raungildi, eða um 3 milljarða króna.

Samanburður við árið 1988 leiðir hins vegar í ljós rúmlega 2% aukningu tekna ríkissjóðs að raungildi árið 1989, eða rúmlega 1,5 milljarða króna. Þessi tala gefur góða mynd af þeirri breytingu, sem verður á skattbyrði ríkissjóðstekna milli áranna 1988 og 1989. Svipaða sögu er að segja af gjaldahlið, en þar kemur einnig fram um 2% raunaukning milli áranna 1988 og 1989.

Yfirlit 2 **Afkoma ríkissjóðs 1988–1989**

	Útkoma 1988	Fjárlög 1989	Útkoma 1989
	m.kr.	m.kr.	m.kr.
Tekjur	64.382	77.100	80.001
Gjöld	71.583	76.464	86.056
Rekstrarafkoma	**-7.201**	**636**	**-6.055**
Lánveitingar, nettó	-1.106	685	-1.541
Hrein lánsfjárþörf	**-8.307**	**1.321**	**-7.596**
Innlend lántaka - afborganir	1.526	1.010	5.840
Erlend lántaka - afborganir *	3.198	3.550	5.181
Lántaka í Seðlabanka - afborganir *	-646	-5.855	-5.548
Greiðsluafkoma	**-4.229**	**26**	**-2.126**

* Þar af er 5 milljarða króna lán til að greiða skammtímaskuld í Seðlabanka vegna halla ríkissjóðs árið 1988.

Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs, þ.e. sú fjárhæð sem ríkissjóður þarf að afla til þess að mæta halla á rekstrarreikningi og útstreymi af lánareikningum, nam um 7,6 milljörðum króna árið 1989, eða 2,6% af landsframleiðslu. Árið 1988 var lánsfjárþörfin tæplega 10 milljarðar á sambærilegu verðlagi, eða sem nemur 3,3% af landsframleiðslu.

Lánsfjárþörf ríkissjóðs var fjármögnuð með rúmlega 5,8 milljarða króna innlendri lántöku umfram afborganir og erlendum lántökum umfram afborganir og greiðsluhreyfingu við Seðlabanka, sem námu rúmlega 1,4 milljörðum króna. Hlutdeild innlendrar lánsfjármögnunar var þannig 80,2% á síðasta ári samanborið við 18,4% 1988, 49,4% 1987 og 72,3% 1986.

Yfirlit 3 Greiðsluafkoma ríkissjóðs 1988–1989

	Útkoma 1988	Fjárlög 1989	Útkoma 1989
	m.kr.	m.kr.	m.kr.
Greiðsluafkoma	**-4.229**	**26**	**-2.126**
Afborganir af lánum í Seðlabanka	706	855	866
Uppgjör skammtímaskulda í Seðlabanka	-	5.000	5.000
Lántaka í Seðlabanka	-60	-	-318
Greiðsluhreyfing gagnvart bankakerfinu	**-3.583**	**5.881**	**3.422**
Hreyfing bankareikninga utan Seðlabanka	-266	-	-225
Greiðsluhreyfing við Seðlabanka	**-3.849**	**5.881**	**3.197**

Staða ríkissjóðs gagnvart Seðlabanka batnaði um 3,2 milljarða króna árið 1989, en hafði versnað um 4,7 milljarða króna árið áður á sambærilegu verðlagi. Þetta er þó aðeins 2,7 milljarða króna lakari útkoma en gert var ráð fyrir á fjárlögum, þrátt fyrir að rekstrarafkoman hafi versnað um meira en 6 milljarða á árinu. Skýringin liggur í því, að rekstrarhallinn var að mestu leyti fjármagnaður með lántökum, einkum á innlendum markaði, en aðeins að litlu leyti með yfirdrætti í Seðlabanka.

Áhrif ríkisfjármála á efnahagslífið. Enda þótt niðurstaða ársins 1989 sýni áframhaldandi hallarekstur ríkissjóðs, er rétt að hafa í huga, að efnahagsaðstæður hafa verið mjög erfiðar undanfarin missiri. Sá samdráttur þjóðarútgjalda, sem hófst á miðju ári 1988, hefur skert mjög hefðbundna tekjustofna ríkissjóðs. Þegar jafnframt er haft í huga, að þrálátur halli hefur verið á rekstri ríkissjóðs allt frá árinu 1985, er ljóst, að svigrúm stjórnvalda til þess að draga úr hallarekstri hefur verið mjög takmarkað.

Niðurstaða á rekstrarreikningi fyrir eitt ár segir heldur ekki alla sögu um áhrif ríkisfjármálanna á efnahagslífið. Þar kemur einnig til álita breytingin milli ára og þróun efnahagsmála almennt á sama tíma. Þannig má segja, að minni rekstrarhalli árið 1989 en 1988 hafi stuðlað að auknu aðhaldi, sem meðal annars kemur fram í minni viðskiptahalla gagnvart útlöndum. Til að fá heildarmynd af þessum áhrifum þarf þó einnig að skoða niðurstöðu á lánareikningum. Þessi áhrif koma fram í meðfylgjandi töflu:

Yfirlit 4 Vísbendingar um áhrif ríkisfjármála á eftirspurn 1988–1989

	Útkoma 1988	Fjárlög 1989	Útkoma 1989
	m.kr.	m.kr.	m.kr.
Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs	**13.401**	**10.409**	**20.362**
Frádregnar heildarafborganir	5.094	11.730	12.763
þar af innlendar afborganir	3.356	4.290	5.415
- - erlendar afborganir	1.032	1.585	1.482
- - afborganir til Seðlabanka	706	5.855	5.866
Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs	**8.307**	**-1.321**	**7.599**
Frádregnar vaxtagreiðslur til Seðlabanka og útlanda, arðgreiðslur o.fl.	5.182	5.015	5.836
Hrein eftirspurnaráhrif:			
a) Í milljónum króna	**3.125**	**-6.336**	**1.763**
b) Sem % af landsframleiðslu	**1,2**	**-2,3**	**0,6**

Eins og fram kemur í töflunni hefur hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs minnkað milli áranna 1988 og 1989. Sama máli gegnir um eftirspurnaráhrif ríkisfjármála á lánamarkaði innan lands, en þau hafa minnkað úr 1,2% í 0,6% af landsframleiðslu.

Sé litið á umsvif ríkisins í víðara samhengi, þ.e. bæði starfsemi ríkissjóðs og opinberra lánastofnana, blasir við nokkuð önnur mynd. Þar kemur fram aukin lánsfjárþörf milli ára, sem síðan endurspeglast í því, að eftirspurnaráhrifin aukast úr 4% af landsframleiðslu árið 1988 í 5% árið 1989. Þessi þensluáhrif má að öllu leyti rekja til aukinnar lánastarfsemi ýmissa fjárfestingarlánasjóða, Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina o.fl. Hjá ríkissjóði gengur þróunin hins vegar í gagnstæða átt.

2 Afkoma ríkissjóðs árið 1989

2.1 Tekjur ríkissjóðs

Á árinu 1989 námu innheimtar tekjur ríkissjóðs 80 milljörðum króna. Til samanburðar námu tekjur ársins 1988 64,3 milljörðum króna og jókst innheimtan þannig um 24,3% milli ára. Á sama tíma hækkaði almennt verðlag um 21–22%. Tekjur ríkissjóðs hafa því aukist um liðlega 2% að raungildi á síðasta ári, eða um rúmlega 1½ milljarð króna.

Skatttekjur jukust um 1% að raungildi. Þar togast raunar tveir þættir á. Annars vegar jókst innheimta beinna skatta um fimmtung frá árinu 1988 og á það jafnt við um eignarskatta og tekjuskatta. Hins vegar drógust tekjur af óbeinum sköttum saman um 2½% og vegur þar þyngst rúmlega 4% samdráttur söluskattstekna. Þá jukust vaxtatekjur um 10% að raungildi, fyrst og fremst í kjölfar hertrar söluskattsinnheimtu á árinu 1989, en einnig urðu tekjur af arðgreiðslum mun meiri í fyrra en árið 1988.

Sé útkoma ársins 1989 borin saman við fjárlög sama árs á sambærilegu verðlagi, kemur í ljós, að tekjurnar hafa dregist saman um tæplega 2 milljarða króna frá því sem ráð var fyrir gert, eða um 2½%. Þessi þróun skýrist fyrst og fremst af breyttum veltuforsendum, en auk þess eiga ákvarðanir stjórnvalda um lækkun eða niðurfellingu skatta í tengslum við gerð kjarasamninga síðastliðið vor hér nokkurn hlut að máli. Þannig dragast skatttekjur ríkissjóðs saman um 4% frá áætlun fjárlaga. Á móti vega mun meiri vaxtatekjur, sem rekja má til hertrar söluskattsinnheimtu eins og áður var komið fram.

Yfirlit 5 Innheimtar tekjur ríkissjóðs 1988 og 1989

	Útkoma 1988	Fjárlög 1989	Útkoma 1989	Hækkun milli ára	Áætluð raunbreyting Milli ára	Áætluð raunbreyting Frá fjárlögum
	m.kr.	m.kr.	m.kr.	%	%	%
Beinir skattar	**9.437**	**13.425**	**13.251**	**40,4**	**21**	**-4½**
Tekjuskattar	7.934	10.450	10.570	33,2	.	.
Eignarskattar	1.503	2.975	2.681	78,4	.	.
Óbeinir skattar	**51.255**	**59.610**	**61.239**	**19,5**	**-2½**	**-4**
Gjöld af innflutningi*	4.144	6.138	6.428	55,1	.	.
Innflutningsgjöld af bifreiðum	1.117	1.315	967	-13,4	.	.
Söluskattur, nettó	29.522	32.505	34.179	15,8	.	.
Rekstrarhagnaður ÁTVR	4.280	6.055	5.374	25,6	.	.
Launatengd gjöld	4.908	5.353	5.820	18,6	.	.
Bifreiðaskattar*	3.770	4.575	4.740	25,7	.	.
Aðrir óbeinir skattar	3.514	3.669	3.731	6,2	.	.
Aðrar tekjur	**3.690**	**4.065**	**5.511**	**49,3**	**18½**	**33½**
Vaxtatekjur	3.012	3.185	4.261	41,5	.	.
Arðgreiðslur	678	880	1.250	84,4	.	.
Heildartekjur ríkissjóðs	**64.382**	**77.100**	**80.001**	**24,3**	**2**	**-2½**
þ.a. skatttekjur	60.692	73.035	74.490	22,7	1	1
Heildartekjur ríkissjóðs sem % af VLF	**25,2**	**27,9**	**27,0**	.	.	.
Skatttekjur ríkissjóðs sem % af VLF	**23,8**	**26,5**	**25,2**	.	.	.

* Bensíngjaldið er hér talið með bifreiðasköttum en ekki innflutningsgjöldum.

Þessi þróun kemur einnig fram í tölum um skattbyrði. Heildarskattbyrði, þ.e. beinar skatttekjur sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, jókst um tæplega 1½% á síðasta ári. Svipaða sögu er að segja um hlutfall heildartekna, þ.e. skatttekna að viðbættum vaxtatekjum og arðgreiðslum, af landsframleiðslu. Á hinn bóginn varð aukningin minni en gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum ársins. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir helstu frávikum á tekjuhlið frá niðurstöðutölum fyrra árs og áætlun fjárlaga.

Beinir skattar. Innheimta tekjuskatta og eignarskatta jókst um liðlega 20% að raungildi milli áranna 1988 og 1989, eða um 2.300 m.kr. Þriðjung þeirrar aukningar, þ.e. nálægt 800 m.kr. má rekja til hækkunar á skatthlutfalli tekjuskatta, sbr. eftirfarandi töflu. Tólf mánaða innheimta á staðgreiðsluskatti í fyrra samanborið við ellefu mánuði 1988 skýrir svipaða fjárhæð, en afganginn má rekja til hækkunar á eignarsköttum einstaklinga og fyrirtækja á síðasta ári.

Yfirlit 6 Áætlaðar tekjur af staðgreiðslu tekjuskatta árið 1989

Rekstrargrunnur	Tekjur 1989	Skatthlutfall 1989	Skatthlutfall 1988
	m.kr.	%	%
Staðgreiðsla, brúttó	**61.085**	**37,7**	**35,2**
Nýttur persónuafsláttur	-35.480	-21,9	-20,5
Staðgreiðsla, nettó	**25.605**	**15,8**	**14,7**
Útsvar sveitarfélaga	-11.235	-6,9	-6,7
Sóknar- og kirkjugarðsgjöld	-955	-0,6	-0,5
Barnabætur	-3.715	-2,3	-2,1
Húsnæðisbætur, vaxtaafsláttur	-1.450	-0,9	-0,8
Hlutur ríkissjóðs í staðgreiðslu, þ.e. tekjuskattur nettó	**8.250**	**5,1**	**4,6**

Innheimta ríkssjóðs á tekjusköttum og eignarsköttum varð þó 600 m.kr. minni á árinu 1989 en fjárlög gerðu ráð fyrir, reiknað á sambærilegu verðlagi. Annars vegar hækkuðu frádráttarliðir staðgreiðslunnar, þ.e. persónuafsláttur og barnabætur, umfram það sem búist var við vegna breyttra verðlagsforsendna. Auk þess voru endurgreiddar talsverðar fjárhæðir vegna ofgreiddrar staðgreiðslu 1988 umfram það sem innheimtist af vangreiddri staðgreiðslu. Hins vegar er sú ákvörðun stjórnvalda að lækka skatt af skrifstofu- og verslunarhúsnæði um helming, sem var einn liður í að greiða fyrir gerð kjarasamninga síðastliðið vor.

Óbeinir skattar. Á árinu 1989 drógust tekjur ríkissjóðs af óbeinum sköttum saman um 2½% frá árinu á undan, eða um 1.600 m.kr. Sá samdráttur kemur fyrst og fremst fram í minni tekjum af veltusköttum í kjölfar minnkandi kaupmáttar, en talið er, að ráðstöfunartekjur heimilanna hafi dregist saman um 8½% að raungildi milli áranna 1988 og 1989. Í fjárlögum ársins var reiknað með tæplega 2% raunaukningu óbeinna skatta á árinu 1989, en niðurstöðutölur ríkisreiknings sýna 4% samdrátt frá forsendum fjárlaga.

Gjöld af innflutningi jukust töluvert á síðasta ári miðað við árið 1988. Hér kemur einkum þrennt til. Í fyrsta lagi auknar tekjur af vörugjaldi vegna víðtækari vörugjaldsskyldu. Í öðru lagi var jöfnunargjald af innflutningi hækkað um 2% á síðasta ári, sem skilaði ríkissjóði um 200 m.kr. í viðbótartekjur. Á móti þessari aukningu vega minni tekjur af tollum og innflutningsgjaldi bifreiða vegna samdráttar í innflutningsveltu.

Samanburður við fjárlög ársins gefur hins vegar aðra mynd, en innheimta innflutningsgjalda varð tæplega einum milljarði króna minni á síðasta ári en þar var reiknað með. Þar vegur þyngst meiri samdráttur í innflutningi en búist hafði verið við, sem kemur fram í minni tekjum af innflutningsgjaldi bifreiða og vörugjaldi. Auk þess ákváðu stjórnvöld í tengslum við kjarasamningana að fella niður vörugjald af stórum flokkum byggingarvöru, en við það minnkuðu tekjur ríkissjóðs um 300–400 m.kr. Á móti kom 2% hækkun á jöfnunargjaldi, sem skilaði ríkissjóði um 200 m.kr. í auknum tekjum eins og fyrr var nefnt.

Tekjur af söluskatti minnkuðu um rúmlega 2 milljarða króna í fyrra miðað við árið 1988, reiknað á föstu verði, eða um tæp 6%. Þá á reyndar eftir að reikna með auknum tekjum af hertri söluskattsinnheimtu, en hún er talin hafa skilað ríkissjóði meira en hálfum milljarði króna 1989.

Af sömu ástæðu varð frávik söluskattstekna frá fjárlögum minna. Að öllu jöfnu hefði mátt reikna með 2% samdrætti í innheimtu söluskatts frá því sem gert var ráð fyrir á fjárlögum vegna meiri veltusamdráttar innan lands. Raunin varð hins vegar sú, að tekjur af þessum skattstofni drógust aðeins saman um rúmt 1%. I meðfylgjandi töflu eru sýndar tölur um innheimtu söluskatts síðustu tvö árin.

Yfirlit 7 Innheimta söluskatts 1988–1989

	1988	1989
Hlutfall af álagningu ársins:		
Landið allt	97,0%	98,3%
Höfuðborgarsvæðið	96,9%	98,2%
Landsbyggðin	97,1%	98,4%
Innheimta eldri skulda, m.kr.	176	351
Innheimtuhlutfall eldri skulda	18%	24%

Bætt innheimta. Árið 1989 nam innheimta söluskatts 98,3% af álagningu ársins samanborið við 97% árið 1988. Í krónum talið þýðir þetta 400–500 m.kr. betri innheimtu í fyrra en árið á undan. Ekki virðist verulegur munur á innheimtunni eftir landsvæðum. Bætta söluskattsinnheimtu má að mestu leyti rekja til innheimtuátaksins, sem gripið var til síðastliðið vor svo og herts eftirlits með söluskattsskilum. Þá hefur innheimta á eldri söluskattsskuldum einnig batnað og sama má segja um aðrar skattskuldir. Þannig voru innheimtar um 350 m.kr. af eldri söluskattsskuldum á síðasta ári, eða tvöfalt meira en á árinu 1988. Auk þess voru felldar niður eða afskrifaðar meira en 200 m.kr. af óafturkræfum söluskattsskuldum, en árið 1988 var þessi fjárhæð innan við 50 m.kr. Samhliða þessu jókst innheimta dráttarvaxta og viðurlaga í svipuðum mæli. Þegar allt er talið, má því ætla, að bætt innheimta opinberra gjalda hafi skilað ríkissjóði hátt í einum milljarði króna í auknum tekjum í fyrra.

Af öðrum óbeinum sköttum má nefna skil ÁTVR á hagnaði sínum, sem námu 5,4 milljörðum króna í fyrra og höfðu þá aukist um fjórðung í krónum talið milli ára. Þetta eru þó mun minni tekjur en reiknað hafði verið með í forsendum fjárlaga, en þar var þessi tekjustofn talinn geta skilað ríkissjóði rúmlega 6 milljörðum króna árið 1989. Að baki þeirri áætlun lágu tvær meginforsendur.

Annars vegar hófst sala á áfengum bjór þann 1. mars 1989, sem talin var geta skilað ríkissjóði allt að 1 milljarði króna á því ári. Hins vegar var reiknað með sérstakri hækkun á verði áfengis og tóbaks umfram almenna verðlagsþróun á árinu 1989, eða 15% á sterku víni og tóbaki og 5% á léttum vínum.

Allt bendir til þess, að fyrri forsendan hafi gengið eftir og tekjur ríkissjóðs af sölu á áfengum bjór hafi numið að minnsta kosti einum milljarði á síðasta ári. Varðandi þá síðari, þá hélt verð á áfengi og tóbaki tæplega í við almennt verðlag á síðasta ári, sem leiddi til nálægt 400 m.kr. minni tekna hjá ÁTVR á síðasta ári. Þessu til viðbótar kom meiri samdráttur í neyslu á öðru áfengi en bjór, auk þess sem tóbaksneysla hefur dregist verulega saman. Þannig urðu tekjur ríkissjóðs af sölu ÁTVR aðeins 5,4 milljarðar króna í fyrra, eða tæplega 700 m.kr. minni en reiknað var með á fjárlögum.

Aðrar tekjur. Hér er fyrst og fremst um að ræða vaxtatekjur ríkissjóðs og arðgreiðslur ríkisfyrirtækja, en þær jukust um helming milli áranna 1988 og 1989. Þar vega einna þyngst auknar vaxtatekjur, sem urðu fjórðungi meiri en reiknað hafði verið með í fjárlögum ársins. Meginskýring þessarar aukningar er eins og áður er komið fram hert innheimta á söluskatti og raunar öðrum opinberum gjöldum. Þannig nam innheimta dráttarvaxta vegna söluskattsskulda rúmlega 400 m.kr. á síðasta ári, en aðeins um 200 m.kr. 1988. Auk þess var vaxtastig talsvert hærra 1989 en árið á undan. Þá urðu arðgreiðslur ríkisfyrirtækja talsvert meiri á síðasta ári en búist hafði verið við.

2.2 Útgjöld ríkissjóðs

Á árinu 1989 námu útgjöld A-hluta ríkissjóðs um 86 milljörðum króna samanborið við 71,6 milljarða árið 1988. Aukningin nemur rúmlega 20%. Að teknu tilliti til launa- og verðlagsbreytinga, sem eru áætlaðar um 18% að meðaltali milli ára, jafngildir þetta 2% raunaukningu frá árinu 1988, eða um 1,7 milljörðum króna.

Þessar heildartölur segja þó ekki alla sögu um útgjaldabreytingar milli ára, þar sem að baki liggja þættir, sem toga í báðar áttir. Þannig má nær alfarið rekja útgjaldaukninguna til framlaga úr ríkissjóði til heilbrigðismála, niðurgreiðslna og atvinnumála. Auk þess jukust vaxtagreiðslur lítils háttar að raungildi. Samanlagt jukust útgjöld til þessara málaflokka um nálægt 3 milljörðum króna að raungildi milli áranna 1988 og 1989. Aftur á móti drógust almenn rekstrarútgjöld saman um tæplega hálfan milljarð að raungildi, fyrst og fremst vegna lækkunar launaútgjalda. Rekstrarútgjöld lækkuðu raunar um 900 m.kr. í fyrra. Þetta kemur þó ekki fram í heildartölum, þar sem á móti kemur breytt tilhögun á færslu sjúkrahúsa, sem færast af tilfærslulið yfir á rekstrarkostnað. Útgjöld til fjárfestinga minnkuðu um 700 m.kr. að raungildi á árinu 1989. Niðurstaðan af þessu tvennu varð sem fyrr segir raunaukning upp á rúmlega 1,7 milljarða króna á síðasta ári.

Yfirlit 8 Útgjöld ríkissjóðs 1988–1989

	Útkoma 1988	Fjárlög 1989	Útkoma 1989	Hækkun milli ára	Áætluð raunbreyting Milli ára	Áætluð raunbreyting Frá fjárlögum
	m.kr.	m.kr.	m.kr.	%	%	%
Rekstrarútgjöld	**28.364**	**29.759**	**32.525**	**14,7**	**-1½**	**2**
Rekstrar- og neyslutilfærslur	**26.471**	**28.667**	**33.599**	**26,9**	**8**	**10**
Lífeyristryggingar	9.000	10.760	10.760	19,6	.	.
Sjúkratryggingar	5.848	5.751	7.626	30,0	.	.
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.607	1.612	1.798	11,9	.	.
Endurgreiðslur til atvinnuvega	1.197	1.257	2.066	72,6	.	.
Niðurgreiðsla búvara	3.988	4.173	5.080	27,4	.	.
Niðurgreidd rafhitun	214	225	227	6,1	.	.
Útflutningsuppbætur	1.292	1.100	1.617	25,2	.	.
Sauðfjárveikivarnir	254	335	402	58,3	.	.
Ríkisábyrgð á launum	80	35	216	170,0	.	.
Annað	2.991	3.419	3.807	27,3	.	.
Vaxtagjöld	**6.864**	**7.540**	**8.548**	**24,5**	**1½**	**3**
Viðhald	**1.475**	**1.695**	**1.782**	**20,8**	**-1½**	**-5**
Fjárfesting	**8.409**	**8.803**	**9.602**	**14,2**	**-7**	**-1**
Húsnæðisstofnun	1.725	1.650	1.150	-33,3	.	.
Vegagerð	1.530	1.720	2.125	38,9	.	.
Annað	5.154	5.433	6.327	22,8	.	.
Samtals	**71.583**	**76.464**	**86.056**	**20,2**	**2**	**4**

Niðurstöðutölur ársins sýna talsverð frávik frá fjárlögum. Þannig urðu heildarútgjöld um 9½ milljarði króna hærri en á fjárlögum. Um þriðjung þess má rekja til breyttra verðlags- og launaforsendna. Það sem eftir stendur skýrist meðal annars af sérstökum ákvörðunum í tengslum við kjarasamninga, niðurgreiðslur o.fl., tilfærslum til atvinnuvega og vegamála auk ýmissa uppgjörs- og samningsbundinna greiðslna, til dæmis til sjúkratrygginga.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir útkomu ársins 1989 eftir einstökum þáttum ríkisútgjaldanna og helstu frávikum frá fyrra ári og áætlun fjárlaga.

Rekstrargjöld. Útgjöld vegna launa- og rekstrarkostnaðar ráðuneyta og stofnana námu 32,5 milljörðum króna á árinu 1989 samanborið við 28,4 milljarða árið 1988. Þar af eru bein launagjöld talin nema rúmlega 25 milljörðum króna. Í þessu felst um það bil 1% samdráttur í launakostnaði að raungildi frá árinu 1988. Þennan samdrátt má fyrst og fremst rekja til sérstakra aðhalds- og eftirlitsaðgerða, sem fjármálaráðuneytið beitti sér fyrir á árinu. Þessar breytingar má einnig skoða í formi stöðugilda. Í meðfylgjandi töflu hefur vinnumagn í dagvinnu og yfirvinnu verið umreiknað í fjölda stöðugilda síðustu tvö ár.

Yfirlit 9 Áætluð stöðugildi A-hluta ríkissjóðs 1988–1989

	1988	1989	Breyting milli ára: Ársverk	Breyting milli ára: %
Dagvinna	15.675	15.600	-65	-0,5
Yfirvinna	2.799	2.713	-86	-3,1
Samtals	**18.474**	**18.313**	**-151**	**-0,8**

Eins og fram kemur í töflunni hér að ofan er áætlað, að vinnumagn hjá ríkisstofnunum, þ.e. dagvinna og yfirvinna umreiknað til ársverka, hafi minnkað um tæplega 1% árið 1989. Samdrátturinn er hlutfallslega meiri í yfirvinnu, sem lækkar um 3,1%, en dagvinna lækkar um 0,5%. Þetta gerist þrátt fyrir að heimiluð stöðugildi hafi verið aukin um 2% í fjárlögum. Að teknu tilliti til þeirra heimilda er samdrátturinn í vinnumagni í raun 3% frá áætlun fjárlaga. Til samanburðar má benda á, að vinnumagn ríkisstofnana jókst um 5% milli áranna 1987 og 1988.

Yfirlit 10 Breyting vinnumagns eftir ráðuneytum 1988–1989

	Hlutfallsleg skipting 1989	Dagvinna	Yfirvinna	Samtals
	%	%	%	%
Æðsta stjórn ríkisins	1,4	1,4	-4,4	0,6
Forsætisráðuneyti	0,4	5,7	-3,4	3,8
Menntamálaráðuneyti	33,9	-0,4	8,4	0,7
Utanríkisráðuneyti	1,1	-0,5	-13,0	-4,0
Landbúnaðarráðuneyti	2,5	0,3	7,4	1,5
Sjávarútvegsráðuneyti	6,3	3,4	1,3	3,3
Dómsmálaráðuneyti	16,4	-6,1	-9,8	-6,7
Félagsmálaráðuneyti	4,7	6,5	4,0	6,0
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	20,4	1,7	-14,2	-0,8
Fjármálaráðuneyti	3,9	1,4	-9,9	-0,7
Samgönguráðuneyti	6,5	-2,1	-1,7	-2,0
Iðnaðarráðuneyti	1,8	-6,4	-1,8	-5,4
Viðskiptaráðuneyti	0,3	0,4	0,5	0,4
Hagstofa Íslands	0,3	-1,2	-15,0	-2,9
Fjárlaga- og hagsýslustofnun	0,1	-2,2	-5,6	-3,0
Samtals	**100,0**	**-0,5**	**-3,1**	**-0,8**

Breytingarnar eru misjafnar eftir ráðuneytum. Þyngst vegur tæplega 7% lækkun hjá dómsmálaráðuneyti, sem ein sér jafngildir rúmlega 1% lækkun á heildarvinnumagni ráðuneytanna. Einnig munar talsvert um tæplega 1% samdrátt hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Þá hefur verulegur árangur náðst í minnkun yfirvinnu hjá utanríkisráðuneyti, Hagstofu Íslands og fjármálaráðuneyti og í tveimur fyrrnefndu ráðuneytunum dregst dagvinna einnig saman. Hins vegar eykst vinnumagn menntamálaráðuneytisins um 0,7% milli ára þrátt fyrir verkfall kennara síðastliðið vor, en um þriðjungur heildarvinnumagnsins heyrir undir þetta ráðuneyti. Þá varð nokkur aukning hjá félagsmálaráðuneytinu og sjávarútvegsráðuneytinu, bæði í dagvinnu og yfirvinnu. Hér er þó rétt að hafa í huga, að í einhverjum tilvikum var farin sú leið að draga saman annan kostnað en bein launaútgjöld. Þetta á til dæmis við um menntamálaráðuneytið.

Í fjárlögum var gert ráð fyrir 4% samdrætti í rekstri stofnana ríkisins, sem meðal annars átti að koma fram í niðurskurði launagjalda, ferðakostnaði og aðkeyptri sérfræðiþjónustu. Til að fylgja þessum markmiðum eftir var af hálfu fjármálaráðuneytis gripið til margháttaðra aðgerða, sem miðuðu að því að styrkja framkvæmd greiðslueftirlits fjárlaga og efla útgjaldaaðhald. Niðurstöður ríkisreiknings og tölurnar hér að ofan sýna, að nokkur árangur hefur náðst.

Undanfarin ár hafa rekstrarútgjöld aukist ár frá ári. Þessari þróun tókst hins vegar að snúa við á síðasta ári, þótt ekki hafi að fullu tekist að ná markmiðum fjárlaga. Þannig er áætlað, að um 900 m.kr. samdráttur hafi orðið í rekstrarkostnaði stofnana frá fyrra ári.

Rekstrar- og neyslutilfærslur námu um 33,6 milljörðum króna á árinu 1989 samanborið við 31 milljarð króna 1988 reiknað á sambærilegu verðlagi. Þessi útgjaldaliður jókst þannig um 8% að raungildi milli áranna 1988 og 1989. Greiðslur til sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar hækkuðu einna mest, sem aðallega er vegna greiðslu á skuld við vörslusjóði stofnunarinnar.

Niðurgreiðslur á búvörum voru auknar í tengslum við kjarasamninga og nemur sá útgjaldaauki um 900 m.kr. Þá reyndist nauðsynlegt að auka útflutningsuppbætur um 520 m.kr. til að standa við ákvæði búvörusamnings. Tilfærslur til atvinnuveganna hækka um 1.200 m.kr., þar af um 400 m.kr. vegna uppgjörs á endurgreiðslu söluskatts við upptöku virðisaukaskatts. Að lokum nær þeföldust greiðslur vegna ríkisábyrgða á launum í gjaldþrota fyrirtækjum í fyrra, auk þess sem vandi loðdýraræktarinnar leiddi til nokkurs útgjaldaauka.

Greiðslur rekstrar- og neyslutilfærslna urðu 5 milljörðum króna meiri 1989 en reiknað hafði verið með í fjárlögum. Af þeirri fjárhæð má rekja um 1 milljarð króna til breyttra verðlagsforsendna. Aðrar ástæður aukningarinnar eru þær sömu og nú þegar hafa verið nefndar, þ.e. auknar niðurgreiðslur, útflutningsbætur, greiðslur til sjúkratrygginga o.fl.

Vaxtagjöld námu 8,5 milljörðum króna árið 1989. Að teknu tilliti til verðlagsbreytinga nemur hækkunin 1½%, eða 150 m.kr. frá árinu 1988. Vaxtagreiðslur af löngum erlendum lánum eru rúmlega helmingur af heildarvöxtum, eða 4½ milljarður króna, og er áætlað, að þær greiðslur hafi aukist um fimmtung að raungildi. Vaxtagreiðslur af innlendum lánum drógust hins vegar saman um 14% á föstu verði milli áranna 1988 og 1989 þrátt fyrir hærra vaxtastig. Þetta skýrist fyrst og fremst af minni yfirdrætti í Seðlabanka í fyrra en árið á undan, sem rekja má til minni hallareksturs og þess, að betur tókst til með innlenda lánsfjáröflun þá en árið 1988.

Vaxtagjöld hækkuðu um liðlega 1 milljarð króna frá fjárlögum. Vextir af erlendum lánum jukust lítillega, eða um 150 m.kr. að raungildi, en vaxtagreiðslur af löngum innlendum lánum urðu hins vegar heldur lægri en reiknað hafði verið með. Þá urðu vaxtagreiðslur af skammtímalánum, þ.e. ríkisvíxlum og yfirdrætti í Seðlabanka, rúmir 2,2 milljarðar króna, eða 600 m.kr. hærri en á fjárlögum. Það er nokkuð umfram almennar verðbreytingar og skýrist af hærri nafnvöxtum en áætlað var og auknum hallarekstri ríkissjóðs.

Viðhald og fjárfesting. Heildarútgjöld vegna viðhalds og stofnkostnaðar hækkuðu um 15%

milli áranna 1988 og 1989 í krónum talið, úr tæpum 10 milljörðum króna í 11,4 milljarða. Á sama tíma hækkaði vísitala byggingarkostnaðar um 23%. Þessi útgjaldaliður drósť því saman um 6–7% að raungildi á síðasta ári, eða um tæplega 800 m.kr. Sá samdráttur skýrist einkum af þriðjungs lækkun á framlagi til Byggingarsjóðs ríkisins. Auk þess drógust útgjöld vegna viðhalds lítillega saman. Hins vegar jukust útgjöld til vegagerðar verulega í fyrra, eða um 12–13% á föstu verði.

Útgjöld vegna viðhalds og stofnkostnaðar jukust um tæplega 900 m.kr. frá fjárlögum. Þyngst vegur, að framlög til vegamála hækkuðu um hálfan milljarð króna í meðförum Alþingis frá upphaflegri áætlun. Þá var ákveðið að greiða sérstakt framlag til Hlutafjársjóðs að fjárhæð 150 m.kr. Geymdar fjárveitingar frá fyrra ári voru 170 m.kr. og gjaldfærð fasteignakaup samkvæmt heimildum í 6. gr. fjárlaga voru 450 m.kr. Á móti þessu kemur liðlega 600 m.kr. lækkun útgjalda, en þar vegur 500 m.kr. lækkun á framlagi til Byggingarsjóðs ríkisins þyngst.

2.3 Lánsfjárþörf ríkissjóðs

Tekju- og gjaldahlið ríkissjóðs hafa verið gerð skil hér að framan og vísast til þeirrar umfjöllunar. Hér mun hins vegar athyglinni verða beint að lánahreyfingum og öðrum eignahreyfingum ríkissjóðs á árinu 1989.

Í fjárlögum 1989 var gert ráð fyrir að hreint innstreymi fjár í ríkissjóð yrði um 1,3 milljarðar króna sem nota átti til að grynnka á skuldum. Reyndin varð hins vegar sú að útstreymi varð á lánahreyfingum sem nam 1,5 milljörðum króna og hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs á árinu 1989 nam alls 7,6 milljörðum króna eða sem svarar til 2,6% af vergri landsframleiðslu. Á árinu 1988 svaraði lánsfjárþörf ríkissjóðs til 3,3% af landsframleiðslu. Eftirfarandi yfirlit sýnir fjármál ríkissjóðs á árinu 1989 samanborið við fjárlög 1989 og útkomu ársins 1988:

Yfirlit 11 Yfirlit um fjármál ríkissjóðs 1988–1989

	Útkoma 1988	Fjárlög 1989	Útkoma 1989
	m.kr.	m.kr.	m.kr.
Tekjur	64.382	77.100	80.001
Gjöld	71.583	76.464	86.056
Rekstrarafkoma	**-7.201**	**636**	**-6.055**
Veitt lán, nettó	-779	1.320	-722
Hlutafé og stofnframlög	-116	-135	70
Viðskiptareikningar, nettó	-211	-500	-889
Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs	**-8.307**	**1.321**	**-7.596**
Afborganir af teknum lánum	-5.094	-11.730	-11.897
Verg lánsfjárþörf ríkisins	**-13.401**	**-10.409**	**-19.493**
Tekin ný lán	9.172	10.435	17.367
Greiðsluafkoma	**-4.229**	**26**	**-2.126**

Veitt lán, nettó. Innheimtar afborganir af veittum lánum voru í fjárlögum áætlaðar 2.660 m.kr. en urðu ívið lægri eða 2.209 m.kr. Mismunurinn skýrist einkum af því, að ríkissjóður yfirtók á árinu lán orkufyrirtækja, en við það féll niður afborgun af þeim lánum. Í fjárlögum voru lánveitingar alls áætlaðar 1.340 m.kr. Með lögum nr. 113/1989, um breytingu á lánsfjárlögum 1989, var ríkissjóði heimilað að taka 1.150 m.kr. lán til viðbótar og endurlána Atvinnutryggingarsjóði 900 m.kr. og Lánasjóði íslenskra námsmanna 250 m.kr. Endanlegar lánveitingar urðu 2.931 m.kr. Eftirfarandi yfirlit sýnir nánari sundurliðun veittra lána:

Yfirlit 12 Veitt lán ríkissjóðs, nettó 1988–1989

	Útkoma 1988	Fjárlög 1989	Útkoma 1989
	m.kr.	m.kr.	m.kr.
Innheimtar afborganir	**2.084**	**2.660**	**2.209**
Veitt ný lán	**2.863**	**1.340**	**2.931**
Lánasjóður íslenskra námsmanna	690	915	1.165
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	822	350	350
Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina	-	-	605
Flóabáturinn Baldur hf.	100	-	110
Ýmsar hitaveitur	12	-	111
Iðnþróunarsjóður v/Álafoss	-	-	110
Þjóðleikhús	-	75	-
Annað, heimildir í 6. gr. fjárlaga o.fl.	1.239	-	480
Veitt lán, nettó	**-779**	**1.320**	**-722**

Önnur veitt lán að fjárhæð 480 m.kr. eru meðal annars til komin vegna fasteignaviðskipta ríkissjóðs sem tengjast heimildum í 6. gr. fjárlaga.

Hlutafjár- og stofnframlög. Til þeirra var áætlað í fjárlögum 135 m.kr. Helstu stofnframlög, sem greidd voru á árinu, eru 82 m.kr. vegna IDA og 22 m.kr. vegna Norræna fjárfestingarbankans. Á móti þessu vegur 197 m.kr. sala á hlutabréfum í Útvegsbankanum og Kísilgúrverksmiðjunni við Mývatn.

Viðskiptareikningar, nettó. Útgreiðslur af viðskiptareikningi urðu 889 m.kr. í stað 500 m.kr. eins og áætlað var í fjárlögum. Mismunurinn skýrist af milligöngu ríkissjóðs um skammtímafjármögnun Seðlabankans til vinnslustöðva á gjaldföllnum afurðalánum sauðfjárframleiðslu fyrra árs.

Tekin lán, nettó. Niðurstöður ársins sýna að nýjar lántökur umfram afborganir af teknum lánum námu 5.470 m.kr. Þrátt fyrir minni rekstrarhalla ríkissjóðs er þetta 34% aukning frá árinu 1988. Á móti kemur veruleg lækkun á yfirdráttarheimild ríkissjóðs í Seðlabanka í árslok. Heildarlántökur urðu 17.367 m.kr., þar af voru teknar 10.386 m.kr. hjá ýmsum innlendum aðilum, 6.663 m.kr. erlendis og 318 m.kr. skammtímalán í Seðlabanka Íslands. Afborganir námu alls 11.897 m.kr., þar af runnu 4.549 m.kr. til ýmissa innlendra aðila, 1.482 m.kr. til erlendra lánardrottna og 5.866 m.kr. til Seðlabanka Íslands, m.a. vegna uppgjörs skammtímaskuldar frá árinu 1988.

Eftirfarandi yfirlit sýnir lántökur og afborganir ríkissjóðs á árinu 1989:

Yfirlit 13 Tekin lán ríkissjóðs, nettó 1988–1989

	Útkoma 1988	Fjárlög 1989	Útkoma 1989
	m.kr.	m.kr.	m.kr.
Lántökur utan Seðlabanka, nettó	**4.724**	**4.560**	**11.018**
Sala spariskírteina	4.841	5.300	5.059
Ríkisvíxlar	-207	-	5.167
Aðrar innlendar lántökur	248	-	160
Erlendar lántökur	4.230	5.135	6.663
- Innlausn spariskírteina	-2.520	-3.120	-3.405
- Afborganir af öðrum innlendum lánum	-836	-1.030	-1.144
- Afborganir af erlendum lánum	-1.032	-1.725	-1.482
Lántökur í Seðlabanka, nettó	**-646**	**-5.855**	**-5.548**
Tekin ný lán	60	-	318
- Afborganir	-706	855	866
- Uppgjör skammtímaskuldar	-	-5.000	-5.000
Tekin lán, nettó (1+2)	**4.078**	**-1.295**	**5.470**

Innlendar lántökur. Samkvæmt fjárlögum var gert ráð fyrir, að lánsfjárþörf ríkissjóðs yrði að fullu mætt með innlendum lántökum, ef frá er talið uppgjör á skammtímaskuld ríkissjóðs við Seðlabanka um áramót vegna halla fyrra árs. Eins og að var stefnt, tókst að mestu að fjármagna lánsfjárþörf ríkissjóðs á markaði innan lands á árinu. Heildarlántökur námu alls um 10,7 milljörðum króna og hefur hlutur innlendrar lántöku ekki verið meiri í langan tíma. Spariskírteini voru seld fyrir um 1,7 milljarða króna umfram innlausn eldri skírteina og sala ríkisvíxla gekk mjög vel. I lok árs voru útistandandi ríkisvíxlar að fjárhæð 5,9 milljarðar króna, eða 5,2 milljörðum meira en í upphafi árs. Helstu kaupendur ríkisvíxla eru viðskiptabankar. Aðrar innlendar lántökur skýrast að stærstum hluta af fasteignaviðskiptum ríkissjóðs.

Erlendar lántökur. Samkvæmt fjárlögum voru lántökur erlendis áætlaðar 5.135 m.kr., en urðu í reynd 6.663 m.kr. Skýringanna á aukinni lántöku er að leita í milligöngu ríkssjóðs um útvegun lánsfjár. Þar er meðal annars um að ræða 605 m.kr. lántöku vegna Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina, 250 m.kr. vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna, 111 m.kr. vegna skuldbreytinga á lánum nokkurra hitaveitna og 110 m.kr. lán fyrir Flóabátinn Baldur hf. Afborganir af erlendum lánum urðu 1.482 m.kr.

Staðan gagnvart Seðlabanka Íslands. Skuld ríkissjóðs við Seðlabanka nam rúmlega 5,2 milljörðum króna í lok síðasta árs. Í árslok 1988 var skuldin 10,3 milljarðar reiknað á sambærilegu verðlagi og hafði því minnkað um nær helming. Mestur er munurinn á skammtímafyrirgreiðslu, þar sem skuldin lækkar úr 5 milljörðum í árslok 1988 í 2 milljarða 1989. Bætt staða ríkissjóðs við Seðlabanka á árinu 1989 stafar fyrst og fremst af því, að halli ríkissjóðs var í ríkari mæli en áður fjármagnaður með innlendum lántökum.

Fjármagnsfyrirgreiðsla Seðlabanka við A-hluta ríkissjóðs á árinu 1989 nam rétt um 6 milljörðum króna að jafnaði á mánuði. Þá er meðtalin fjármögnun á 5 milljarða króna halla ríkissjóðs frá árinu 1988, sem var gerður upp með erlendri lántöku í lok mars 1989. Að þessari skuld frátalinni var meðalstaða á viðskiptareikningi ríkissjóðs 4,7 milljarðar króna á mánuði. Á árinu 1988 var fyrirgreiðsla Seðlabankans hins vegar 6,7 milljarðar króna að meðaltali á mánuði. Á sambærilegu verðlagi var meðalskuld á viðskiptareikningi um 3,3 milljörðum króna lægri en 1988, sem auðveldaði aðhald í peningamálum á árinu.

3 Framkvæmd lánsfjáráætlunar 1989

Í þessum kafla er gerð sérstök grein fyrir innlendri og erlendri lánsfjáröflun og lánsfjárráðstöfun opinberra aðila, fjárfestingarlánasjóða og atvinnufyrirtækja á árinu 1989.

Lánsfjáráætlun 1989 var sem fyrr gerð á grundvelli lánsfjárlaga, fjárlaga og áætlunar Seðlabanka Íslands um erlendar lántökur atvinnufyrirtækja. Heimildir til lántöku eru að meginefni til þríþættar. Í fyrsta lagi eru heimildir samkvæmt lánsfjárlögum. Þessi lög ná yfir heimildir til erlendrar lántöku sem ríkissjóður ábyrgist og eru ætlaðar opinberum aðilum og opinberum lánastofnunum. Að auki er í lánsfjárlögum heimild fyrir ríkissjóð til innlendrar lántöku. Í öðru lagi eru í lánsfjáráætlun og einnig í fjárlögum, að því er varðar B-hluta fyrirtæki og sjóði, tilgreindar hámarksheimildir til innlendrar lántöku opinberra lánastofnana. Í þriðja lagi veitir viðskiptaráðuneytið atvinnufyrirtækjum heimild til erlendrar lántöku, ýmist með sérstöku erindi, eða á grundvelli auglýsingar nr. 548/1988, um erlendar lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar.

Lántökur opinberra aðila, opinberra lánastofnana og atvinnufyrirtækja voru í lánsfjáráætlun áætlaðar samtals 37,9 milljarðar króna. Þar af var fyrirhugað að taka 17 milljarða króna að láni innan lands og 21 milljarð erlendis. Lántökuheimildirnar jafngiltu 13,2% af áætlaðri landsframleiðslu á þeim tíma, þar af námu erlendu heimildirnar 7,3%.

Í desember 1989 samþykkti Alþingi auknar heimildir ríkissjóðs til innlendrar lántöku um 6 milljarða króna, til að mæta auknum rekstrarhalla, og til erlendrar lántöku um 1,2 milljarða. Af þeirri fjárhæð voru 900 m.kr. ætlaðar til að lána Atvinnutryggingarsjóði útflutningsgreina og 250 m.kr. voru endurlánaðar Lánasjóði íslenskra námsmanna. Þá var Byggðastofnun veitt heimild til 450 m.kr. viðbótarlántöku.

Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum námu heildarlántökur um 51,7 milljörðum króna á árinu 1989 samanborið við 29,6 milljarða króna á árinu 1988. Aukningin nemur um 75%. Lántökur opinberra aðila jukust mest á milli ára, eða rúmlega tvöfölduðust og skýrist sú aukning af áðurnefndri 5 milljarða króna lántöku ríkissjóðs til að fjármagna halla ársins 1988, sem að réttu lagi hefði átt að færast á það ár. Lántökur atvinnufyrirtækja jukust hins vegar mun minna eða um 47%. Innlendar lántökur námu alls um 24,9 milljörðum króna, eða ríflega 48% af heildarlántökum, og erlendar lántökur um 26,8 milljörðum króna. Hlutdeild innlendrar lánsfjáröflunar 1989 er hin hæsta sem náðst hefur á undanförnum árum.

Eftirfarandi yfirlit gefur heildarmynd af lántökum þeirra aðila sem lánsfjáráætlun náði til:

Yfirlit 14 Innlendar og erlendar lántökur 1989

	Sala spari-skír-teina	Verð-bréfa-kaup banka-kerfis	Verð-bréfa-kaup lífeyris-sjóða	Önnur innlend lántaka	Innlend lántaka alls	Erlend lán	Heildar-lántökur
	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.
Opinberir aðilar	**5.059**	**-**	**-**	**5.645**	**10.704**	**9.793**	**20.497**
Ríkissjóður, A-hluti	5.059	-	-	5.645	*) 10.704	6.663	17.367
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	-	-	-	-	-	1.301	1.301
Sveitarfélög	-	-	-	-	-	1.829	1.829
Húsbyggingarsjóðir	**-**	**-**	**9.692**	**-164**	**9.528**	**-**	**9.528**
Byggingarsjóður ríkisins	-	-	7.317	-164	7.153	-	7.153
Byggingarsjóður verkamanna	-	-	2.375	-	2.375	-	2.375
Lánastofnanir	**-**	**150**	**461**	**4.034**	**4.645**	**5.465**	**10.110**
Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina	-	-	-	2.960	2.960	-	2.960
Byggðastofnun	-	-	132	-	132	1.670	1.802
Fiskveiðasjóður	-	-	-	-	-	767	767
Framkvæmdasjóður	-	-	-	-	-	1.490	1.490
Iðnlánasjóður	-	-	70	314	384	802	1.186
Iðnþróunarsjóður	-	150	-	68	218	642	860
Stofnlánadeild landbúnaðarins	-	-	259	-	259	61	320
Útflutningslánasjóður	-	-	-	-	-	33	33
Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins	-	-	-	692	692	-	692
Atvinnufyrirtæki	**-**	**-**	**-**	**-**	**-**	**11.546**	**11.546**
Heildarlántökur	**5.049**	**150**	**10.153**	**9.515**	**24.877**	**26.804**	**51.681**

*) Þar af hjá Seðlabanka 318 m.kr., ríkisvíxlar 5.167 m.kr. og önnur innlend lántaka 160 m.kr.

Lántökur þessara aðila urðu, eins og oft áður, allnokkru hærri en ætlað var í lánsfjáráætlun, eða sem svarar 13,8 milljörðum króna. Þannig jafngiltu lántökurnar 17,5% af áætlaðri landsframleiðslu ársins 1989. Að frádregnum afborgunum af eldri lánum námu lántökurnar 26,6 milljörðum króna eða jafngildi 9% af landsframleiðslu, samanborið við 6,3% árið 1988.

Hér á eftir verður fjallað um lántökur ársins 1989 og þær skoðaðar með hliðsjón af gildandi lántökuheimildum.

3.1 Lánsfjáröflun

Innlend lánsfjáröflun. Við afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árið 1989 var ráðgert að afla alls 16.765 m.kr. innan lands fyrir ríkissjóð og opinberar lánastofnanir. Þar af var sala spariskírteina ríkissjóðs áformuð 5.300 m.kr. og áætlað að lífeyrissjóðirnir mundu kaupa skuldabréf af húsbyggingarsjóðunum fyrir um 55% af eigin ráðstöfunarfé, eða sem svaraði til 8.825 m.kr. og að auki af Stofnlánadeild landbúnaðarins fyrir 100 m.kr. Eftirfarandi yfirlit sýnir einstaka þætti innlendrar lánsfjáröflunar á árinu 1989 samanborið við lánsfjáráætlun 1989 og útkomu 1988:

Yfirlit 15 Innlend lánsfjáröflun 1988–1989

	Útkoma 1988	Lánsfjár-áætlun 1989	Útkoma 1989
	m.kr.	m.kr.	m.kr.
Ríkissjóður	**4.942**	**5.300**	**10.704**
Sala spariskírteina	4.841	5.300	5.049
Ríkisvíxlar	-207	-	5.167
Seðlabanki Íslands	60	-	318
Önnur innlend lánsfjáröflun	248	-	160
Húsbyggingarsjóðir	**7.139**	**8.890**	**9.528**
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	7.124	8.825	9.692
Skyldusparnaður, nettó	15	65	-164
Opinberar lánastofnanir	**998**	**2.575**	**4.645**
Verðbréfakaup bankakerfis	182	-	150
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	469	100	461
Önnur innlend fjáröflun	347	2.475	4.034
Innlend lánsfjáröflun	**13.079**	**16.765**	**24.877**

Yfirlitið sýnir að innlend lánsfjáröflun reyndist 24.877 m.kr. og hefur aukist um 90% frá árinu áður. Mestu munar að innlend lánsfjáröflun ríkissjóðs eykst um 5,8 milljarða króna á milli ára. Lánsfjáröflun ríkissjóðs á árinu 1989 er gerð frekari skil í kafla 2.3 að framan.

Ekki liggja fyrir endanlegar tölur um ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á árinu 1989, en talið er að það hafi verið um 17,6 milljarðar kr. Kaup sjóðanna á skuldabréfum Húsnæðisstofnunar námu 9,7 milljörðum króna á árinu, eða sem nemur 55% af áætluðu ráðstöfunarfé þeirra.

Innlend lánsfjárráðstöfun annarra opinberra lánastofnana nam 4.645 m.kr. eða 2.070 m.kr. umfram áætlun. Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina lét af hendi eigin mótvirðisbréf fyrir tæpa 3 milljarða, en í lánsfjáráætlun hafði verið reiknað með 1,4 milljörðum króna í slíkum bréfum. Þá tók Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins lán hjá Seðlabanka Íslands að fjárhæð um 700 m.kr. en í lánsfjáráætlun var gert ráð fyrir að sjóðurinn tæki erlent lán. Aðrir opinberir fjárfestingarlánasjóðir öfluðu um eins milljarðs króna á innlendum lánamarkaði, sem er um 200 m.kr. lægri fjárhæð en gert var ráð fyrir í lánsfjáráætlun 1989. Mestu munar að Fiskveiðasjóður tók engin lán innan lands en hafði heimild til innlendrar lántöku að fjárhæð 300 m.kr. Þá nýtti Byggðastofnun ekki um 150 m.kr. af innlendri lántökuheimild. Hins vegar tók Stofnlánadeild landbúnaðarins að láni hjá Lífeyrissjóði bænda 259 m.kr. eða 160 m.kr. umfram heimild.

Erlendar lántökur til langs tíma. Ný erlend lán sem tekin voru á árinu 1989 námu alls 26,8 milljörðum króna. Afborganir af eldri erlendum lánum námu alls 10,1 milljarði króna og skiptust þær þannig: Opinberir aðilar 3 milljarðar króna, opinberar lánastofnanir 1,6 milljarðar og einkaaðilar 5,5 milljarðar. Hreint innstreymi langra erlendra lána varð því 16,7 milljarðar króna eða sem svarar til 5,6% af landsframleiðslu samanborið við 3,9% árið 1988 og 3,2% árið 1987. Að teknu tilliti til hreyfinga á skammtímalánum nam innkomið erlent fjármagn um 8,5 milljörðum króna á árinu 1989 eða sem svarar til 2,9% af landsframleiðslu. Aftur á móti svaraði viðskiptahallinn einungis til 1,4% af landsframleiðslu. Mismunurinn skýrist að mestu af bættri gjaldeyrisstöðu Seðlabankans en hún batnaði um 3,8 milljarða króna á árinu.

Eftirfarandi yfirlit sýnir erlendar lántökur til langs tíma á árinu 1989 í samanburði við lánsfjáráætlun og viðbótarheimildir Alþingis:

Yfirlit 16 Löng erlend lán 1989

	Lánsfjárlög 1989	Lög nr. 113/1989	Lántökuheimildir alls	Tekin lán	Mismunur
	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.
Opinberir aðilar	7.137	1.150	8.287	9.793	1.506
þar af A-hluti ríkissjóðs	5.135	1.150	6.285	6.663	378
Opinberar lánastofnanir	4.860	450	5.310	5.465	155
Atvinnufyrirtæki	8.950	-	8.950	11.546	2.596
Samtals	**20.947**	**1.600**	**22.547**	**26.804**	**4.270**

Skipta má íslenskum lántakendum á erlendum lánamörkuðum í fjóra flokka, þ.e. ríkissjóð, Framkvæmdasjóð Íslands, aðila sem taka lán beint og viðskiptabanka og sparisjóði.

Lántökur opinberra aðila námu alls um 9,8 milljörðum króna eða um 1,5 milljörðum króna umfram heimildir í lánsfjárlögum. Frávikið stafar einkum af lántökum sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra, án ríkisábyrgðar, sem ekki lágu fyrir við gerð lánsfjáráætlunar en heimilaðar voru af viðskiptaráðuneyti. Erlendar lántökur ríkissjóðs námu alls 6.663 m.kr., þar af voru 5 milljarðar króna notaðar til að gera upp skammtímaskuld við Seðlabanka vegna ársins 1988. Nánari umfjöllun um erlendar lántökur ríkissjóðs er í kafla 3.2, lánsfjárráðstöfun ríkissjóðs.

Lántökur opinberra lánastofnana námu í heild um 5,5 milljörðum króna, sem er svipað því sem heimilað var í lánsfjárlögum.

Byggðastofnun tók tvö erlend lán á árinu samtals að fjárhæð 1.670 m.kr. Annað var tekið hjá Norræna fjárfestingarbankanum í febrúar að jafngildi 7 milljóna SDR. Hitt lánið var tekið hjá Scandinavian Bank um mitt ár að jafnvirði 20 milljóna Bandaríkjadala. Þá greiddi Byggðastofnun upp erlent lán sem tekið var með milligöngu Framkvæmdasjóðs á árinu 1988 og lán sem tekið var með milligöngu Búnaðarbankans. Að þeim afborgunum frátöldum námu lántökur Byggðastofnunar um 1,2 milljörðum króna.

Heimildir Byggðastofnunar til erlendrar lántöku á árinu 1989 voru alls 1.530 m.kr., þar af 180 m.kr. frá árinu 1988. Ónotaðar heimildir í árslok 1989 námu 350 m.kr. Lántökur umfram heimildir, um 20 m.kr., skýrast af hækkun á gengi umfram forsendur lánsfjárlaga.

Framkvæmdasjóður tók inn í landið á fyrri hluta ársins eftirstöðvar af áður umsaminni lántöku, sem svaraði til 20 milljóna Bandaríkjadala. Að auki nam hreint innstreymi vegna fjölmyntalána sjóðsins um 440 m.kr. Samtals nam innstreymi erlends fjármagns hjá Fram-

kvæmdasjóði um 1.490 m.kr. Á móti greiddi sjóðurinn upp erlend lán í lok ársins að jafnvirði um 13 milljónum Bandaríkjadala. Þar á meðal var áðurnefnt lán Byggðastofnunar.

Heimildir Framkvæmdasjóðs til erlendrar lántöku á árinu 1989 námu 350 m.kr. Af þeirri fjárhæð afsalaði sjóðurinn sér 100 m.kr. til Byggðastofnunar. Að auki hafði Framkvæmdasjóður milligöngu um lántökur út á heimild Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina að fjárhæð 750 m.kr. og heimildir sveitarfélaga, samtals að fjárhæð 145 m.kr. Lántökur Framkvæmdasjóðs á árinu 1989 voru því innan marka heimilda.

Fiskveiðasjóður nýtti einungis 767 m.kr. af 1.200 m.kr. lántökuheimild. Lántökur Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs voru aftur á móti um 950 m.kr. umfram heimildir í lánsfjárlögum og stafar aukningin af endurlánum þeirra til atvinnufyrirtækja út á heimildir viðskiptaráðuneytisins. Af erlendum lántökum Iðnlánasjóðs áttu 350 m.kr. sér stoð í lánsfjáráætlun, 286 m.kr. samkvæmt sérstökum heimildum viðskiptaráðuneytis og 166 m.kr. með heimild auglýsingar viðskiptaráðuneytisins nr. 548/1988. Af erlendum lántökum Iðnþróunarsjóðs áttu 150 m.kr. sér stoð í lánsfjáráætlun, 357 m.kr. samkvæmt sérstökum heimildum viðskiptaráðuneytisins og 135 m.kr. með heimild auglýsingar viðskiptaráðuneytisins. Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins tók lán í Seðlabankanum, eins og fyrr var nefnt, en hafði heimild til 800 m.kr. erlendrar lántöku.

Lánsfjáráætlun miðaði við að erlendar lántökur atvinnufyrirtækja yrðu 8.950 m.kr. Bráðabirgðatölur gefa hins vegar til kynna að þær hafi orðið 11.546 m.kr. auk þess sem um 950 m.kr. af áætluðum erlendum lántökum atvinnufyrirtækja hafa farið um Iðnlánasjóð og Iðnþróunarsjóð. Lántökur atvinnufyrirtækja, vegna skipa og flugvéla urðu tæpir 8 milljarðar króna, eða um 2,8 milljarðar króna umfram áætlun. Það sem umfram er, má rekja til skuldbreytinga á skammtímalánum vegna nýsmíða og endurbóta fiskiskipa á árinu 1988. Aðrar lántökur atvinnufyrirtækja eru í samræmi við áætlun.

Yfirlit 17 Erlendar lántökur eftir lántakendum og lánnotendum 1989

Lánnotendur	Upprunalegur lántaki				
	Ríkissjóður A-hluti	Framkvæmda-sjóður Íslands	Beinar lántökur erlendis	Viðskipta-bankar og spari-sjóðir	Erlend lánsfjár-ráðstöfun
	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.
Opinberir aðilar	**5.948**	**145**	**2.881**	**249**	**9.223**
Ríkissjóður, A-hluti	5.155	-	-	-	5.155
Ríkissjóður, B-hluti	682	-	-	-	682
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	-	-	1.301	-	1.301
Sveitarfélög	111	145	1.580	249	2.085
Lánastofnanir	**605**	**800**	**3.881**	**94**	**5.380**
Byggðastofnun	-	-	1.670	-	1.670
Fiskveiðasjóður	-	-	767	-	767
Iðnlánasjóður	-	-	802	-	802
Iðnþróunarsjóður	-	-	642	-	642
Stofnlánadeild landbúnaðarins	-	-	-	61	61
Útflutningslánasjóður	-	-	-	33	33
Atvinnutryggingarsjóður	605	800	-	-	1 405
Atvinnufyrirtæki	**110**	**545**	**3.515**	**8.031**	**12.201**
Erlendar lántökur	**6.663**	**1.490**	**10.277**	**8.374**	**26.804**

Yfirlitið sýnir þann farveg sem erlendar lántökur runnu um til ráðstöfunar innan lands á árinu 1989. Ríkissjóður stóð fyrir um fjórðungi af erlendum lántökum eða svipuðu hlutfalli og árið 1988. Framkvæmdasjóður stóð fyrir um 5,6%, beinar lántökur fjárfestingarlánasjóða og annarra aðila námu rúmum 38% og það sem eftir stendur, um 31%, var tekið fyrir milligöngu viðskiptabanka og sparisjóða.

Í viðauka er gerð nánari grein fyrir erlendum lánasamningum sem ríkissjóður gerði á árinu 1989.

3.2 Lánsfjárráðstöfun

Eins og áður kom fram námu heildarlántökur opinberra aðila, lánastofnana og atvinnufyrirtækja alls 51.681 m.kr. á árinu 1989. Hér á eftir verður fjallað lítils háttar um ráðstöfun þess fjár.

Ríkissjóður, A-hluti. Lánsfjárráðstöfun A-hluta ríkissjóðs hefur þegar fengið ítarlega umfjöllun. Heimildir til lánsfjárráðstöfunar námu alls 17.585 m.kr., þar af 6.285 til erlendrar lántöku. Að auki hafði ríkissjóður, í samræmi við lánsfjárlög, milligöngu um erlenda lántöku fyrir Flóabátinn Baldur og nokkrar hitaveitur samtals að fjárhæð 221 m.kr. Lánsfjárráðstöfun ríkissjóðs reyndist vera 17.367 m.kr. eða 439 m.kr. undir heimildum. Vannýttar heimildir til innlendrar lántöku námu um 600 m.kr. Eftirfarandi yfirlit sýnir sundurliðaða ráðstöfun erlendra lána ríkissjóðs:

Yfirlit 18 Ráðstöfun erlendra lána ríkissjóðs 1989

	Lánsfjár-lög	Útkoma
	m.kr.	m.kr.
Greiðsluhalli ríkissjóðs 1988	5.000	5.000
Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina	900	605
Lánasjóður íslenskra námsmanna	250	250
Flóabáturinn Baldur hf.	110	110
Ýmsar hitaveitur	111	111
Flugvélakaup	-	207
Skuldbreyting eldri lána	135	219
Viðskiptagreiðslur, gengismunur o.fl.	-	161
Samtals	**6.506**	**6.663**

Erlendar lántökur ríkissjóðs umfram veittar heimildir stafa af 207 m.kr. lántöku í tengslum við yfirtöku flugvélar Arnarflugs hf. og viðbótarkostnaði við skuldbreytingar, viðskiptagreiðslur og gengismun að fjárhæð 245 m.kr. Á móti kemur ónýtt heimild Atvinnutryggingarsjóðs að fjárhæð 295 m.kr.

Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs. Í lánsfjárlögum 1989 hafði Landsvirkjun heimild til erlendrar lántöku að fjárhæð 1.060 m.kr. og Þróunarfélag Íslands 100 m.kr. heimild. Lántökur Landsvirkjunar urðu 1.301 m.kr. Af þeirri fjárhæð fóru 1.171 m.kr. til nýframkvæmda við Blönduvirkjun og 124 m.kr. til að skuldbreyta eldra láni.

Sveitarfélög. Innkomin erlend lán sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra námu alls 2.085 m.kr. sem er 1.243 m.kr. hærri upphæð en gildandi lántökuheimildir. Þetta er veruleg aukning frá árinu áður þegar innkomin erlend lán námu um 400 m.kr.

Lántökur með ríkisábyrgð voru að fjárhæð 465 m.kr. en lántökuheimildir í lánsfjárlögum 1989 námu alls 462 m.kr. Þar af voru lán ætluð til skuldbreytingar á eldri lánum 263 m.kr., ýmist í þeim tilgangi að tengja betur endurgreiðslur af lánum hitaveitna líftíma þeirra eða að létta á greiðslubyrði bæjarsjóða. Þá tók Akureyrarbær 202 m.kr. lán með ríkisábyrgð vegna Hitaveitu Akureyrar og Fjórðungssjúkrahússins.

Reykjavíkurborg tók lán að fjárhæð 614 m.kr. vegna framkvæmda Hitaveitu Reykjavíkur og Reykjavíkurhafnar. Hitaveita Suðurnesja tók lán að fjárhæð 435 m.kr. vegna nýframkvæmda og Akureyrarbær tók lán að fjárhæð 171 m.kr. til endurlána Krossanesverksmiðju. Þá tók Sorpeyðingarstöð höfuðborgarsvæðisins erlent lán að fjárhæð 158 m.kr. Endurlán viðskiptabanka til sveitarfélaga námu alls 245 m.kr.

Húsbyggingarsjóðir. Heildarlántökur íbúðalánasjóðanna á árinu 1989 námu 9.528 m.kr. og hafa aukist um 33,5% frá fyrra ári. Lántökuheimildir voru samtals 8.890 m.kr. og skýrast lántökur umfram þær af hækkun verðlags umfram forsendur lánsfjáráætlunar. Af lántökunum runnu 7.153 m.kr. til Byggingarsjóðs ríkisins og 2.375 m.kr. til Byggingarsjóðs verkamanna.

Lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1989 námu alls 7.511 m.kr. sem er 28,2% aukning frá fyrra ári. Í töflu 13 í töfluviðauka kemur fram sundurliðun á greiðsluyfirliti sjóðsins og lánveitingum eftir verkefnum.

Byggingarsjóður verkamanna hafði til ráðstöfunar á árinu 3.258 m.kr. samanborið við 2.300 m.kr. árið 1988. Auk skuldabréfakaupa lífeyrissjóða fékk sjóðurinn til ráðstöfunar 600 m.kr. framlag úr ríkissjóði og 200 m.kr. frá sveitarfélögum og kaupendum endursöluíbúða. Framlag ríkissjóðs nam 600 m.kr., óafturkræft framlag sveitarfélaga vegna félagslegra eignaríbúða nam 150 m.kr. og framlag kaupenda endursöluíbúða 48 m.kr. Lánveitingar sjóðsins á árinu 1989 námu alls 2.916 m.kr. sem er 56% aukning frá fyrra ári. Í töflu 14 í töfluviðauka kemur fram sundurliðun á greiðsluyfirliti sjóðsins og lánveitingum eftir verkefnum.

Opinberar lánastofnanir. Lánsfjárráðstöfun annarra opinberra fjárfestingarlánasjóða nam alls 10.110 m.kr. á árinu 1989, þar af var aflað 4.645 m.kr. innan lands og 5.465 m.kr. erlendis. Í lánsfjáráætlun 1989 var gert ráð fyrir innlendri lánsfjáröflun opinberra fjárfestingarlánasjóða að fjárhæð 2.575 m.kr. og nýjum erlendum lántökum að fjárhæð 4.860 m.kr.

Eftirfarandi yfirlit sýnir greiðslustreymi stærstu stofnananna á árinu 1989:

Yfirlit 19 Bráðabirgðatölur nokkurra fjárfestingarlánasjóða 1989
Greiðslugrunnur

	Atvinnu-trygg-ingar-sjóður	Byggða-stofnun	Fisk-veiða-sjóður	Fram-kvæmda-sjóður	Iðnlána-sjóður	Iðn-þróunar-sjóður	Stofn-lána-deild	Út-flutnings-sjóður
	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.
Innstreymi	**5.030**	**3.393**	**4.906**	**7.243**	**2.761**	**1.354**	**1.815**	**264**
Afborganir og vextir	84	1.390	3.816	5.733	1.400	449	683	227
Framlag ríkissjóðs	500	175	-	-	-	-	39	-
Aðrar tekjur	27	26	-	20	175	45	413	4
Lántökur	4.360	1.802	760	1.490	1.186	860	680	33
Lífeyrissjóðir	-	132	-	-	70	-	259	-
Bankakerfi	-	-	-	-	-	150	-	-
Annað innlent	2.960	-	-	-	314	68	-	-
Framkvæmdasjóður	795	-	-	-	-	-	360	-
Erlend lán	605	1.670	765	1.490	802	642	61	33
Sjóðsminnkun	59	-	330	-	-	-	-	-
Útstreymi	**5.030**	**3.393**	**4.906**	**7.243**	**2.761**	**1.354**	**1.815**	**264**
Rekstrarkostnaður	22	102	93	53	73	37	160	5
Annað, nettó	-	-	442	326	60	17	25	-
Afborganir og vextir	102	1.563	4.227	4.766	1.180	313	1.058	94
Lánveitingar	4.906	1.544	144	1.882	1.250	802	434	162
Styrkir	-	50	-	6	46	4	-	-
Sjóðsaukning	-	17	-	24	152	130	138	3
Endurgreitt stofnframlag	-	-	-	-	-	51	-	-
Hlutafé	-	117	-	186	-	-	-	-

Þegar á heildina er litið eru lánveitingar sjóðanna fjármagnaðar með nýjum lántökum. Innheimtar afborganir og vextir eru litlu hærri en greiddar afborganir og vextir. Að öðru leyti er rekstur sjóðanna fjármagnaður að jöfnu með framlagi úr ríkissjóði og sjálfsaflafé.

Atvinnufyrirtæki. Bráðabirgðatölur gefa til kynna að erlendar lántökur atvinnufyrirtækja, ýmist beinar eða fyrir milligöngu viðskiptabanka og sparisjóða, hafi orðið 11.546 m.kr. auk þeirra 950 m.kr. sem fóru um Iðnlánasjóð og Iðnþróunarsjóð. Lántökur atvinnufyrirtækja skiptast þannig að 7.980 m.kr. runnu til skipa og flugvéla og 3.566 m.kr. til kaupa á vélum og tækjum.

Viðauki

Erlendar skuldir ríkissjóðs og nýir lánasamningar á árinu 1989

Erlendar skuldir ríkissjóðs í árslok 1989 námu 58.247 m.kr. samanborið við 40.081 m.kr. í árslok 1988. Sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hækkuðu erlendar skuldir ríkissjóðs úr 14,7% í árslok 1988 í 17,9% í árslok 1989. Rúmlega þriðjung af hækkun skuldahlutfallsins má rekja til lækkunar á raungengi krónunnar, um þriðjung til raunaukningar á erlendum skuldum og afganginn til samdráttar í vergri landsframleiðslu og erlendra gengisbreytinga.

Á árinu 1989 voru tekin erlend lán til að mæta lánsfjárþörf ríkissjóðs á árinu umfram innlendar lántökur, bæði vegna eigin starfsemi og vegna endurlána til annarra aðila samkvæmt heimildum í lánsfjárlögum fyrir árið 1989 og lögum nr. 113/1989, um breyting á lánsfjárlögum fyrir árið 1989. Einnig voru tekin erlend lán til að endurfjármagna eldri skuldir, bæði skammtímaskuld ríkissjóðs í Seðlabankanum vegna greiðsluhalla á árinu 1988 og tveggja lána í jenum frá 1982 og 1983. Þörf ríkissjóðs fyrir erlent lánsfé var mætt með fimm nýjum lánum, þar af tveimur opinberum skuldabréfaútboðum. Auk þessa stofnaði ríkissjóður til einna vaxtaskipta á árinu.

Fyrsta lántaka ríkissjóðs á árinu 1989 var opinbert skuldabréfaútboð seint í janúar að fjárhæð 150 milljónir þýskra marka. Vextir af bréfunum eru 6,625% á ári og greiðast einu sinni á ári, lánstíminn er 10 ár og lánið endurgreiðist í einu lagi. Útgáfuverð bréfanna var 101%. Milligöngu um útboðið hafði Westdeutsche Landesbank Girozentrali í Düsseldorf. Í apríl efndi ríkissjóður aftur til útboðs á opinberum skuldabréfamarkaði, nú að fjárhæð 100 milljónir Bandaríkjadala. Vextir af bréfunum eru jafnir millibankavöxtum í London eins og þeir eru á hverjum tíma að viðbættu 0,15% álagi og greiðast tvisvar á ári. Lánstíminn er 5 ár og lánið endurgreiðist í einu lagi. Milligöngu um útboðið hafði Goldman Sachs International Limited í London.

Á árinu nýtti ríkissjóður sér endurgreiðsluákvæði í samningum um tvö lán í jenum frá 1982 og 1983, enda höfðu vextir af lánum í jenum lækkað töluvert frá þeim tíma. Samtals voru lánin að fjárhæð 10 milljarðar jena og var áformað að endurfjármagna þau að fullu með nýjum lánum í jenum en einungis reyndist unnt að endurfjármagna 7,5 milljarða í jenum með viðunandi kjörum en mismunurinn var endurfjármagnaður með sölu á skammtímavíxlum í Bandaríkjadölum. Þessir 7,5 milljarðar jena voru fengnir að láni í þrennu lagi. Í fyrsta lagi 2 milljarðar jena í mars hjá The Sumitomo Fire & Marine Insurance Company fyrir milligöngu The Sumitomo Bank í London. Vextir af láninu eru 5,3% á ári og greiðast tvisvar á ári, lánstíminn er 10 ár og lánið endurgreiðist í einu lagi. Í öðru lagi 3 milljarða jena lán einnig tekið í mars hjá Sumitomo Life Insurance Company fyrir milligöngu The Nippon Credit Bank í Japan og Goldman Sachs International Limited í London. Vextir eru 5,5% á ári og greiðast tvisvar á ári, lánstíminn er 12 ár og lánið endurgreiðist í einu lagi. Að síðustu voru 2,5 milljarðar jena fengnir að láni í nóvember hjá Sumitomo Life Insurance Company fyrir milligöngu The Sumitomo Bank í London. Vextir eru 5,65% á ári og greiðast einu sinni á ári en það samsvarar 5,57% vöxtum sem greiddir eru tvisvar á ári. Lánstíminn er 12 ár og lánið endurgreiðist í einu lagi. Unnt er að endurgreiða öll lán í jenum að hluta til eða að öllu leyti á hvaða vaxtagreiðsludegi sem er að 5 árum liðnum frá lántökudegi.

Ríkissjóður stofnaði til einna vaxtaskipta á árinu þegar hann gerði samning í febrúar við Manufacturers Hanover Trust í London sem gildir fram á mitt ár 1992. Samkvæmt þessum

samningi greiðir Manufacturers Hanover Trust ríkissjóði árlega fjárhæð sem samsvarar 6,73 ársvöxtum af 40 milljónum þýskra marka og á móti greiðir ríkissjóður millibankavexti eins og þeir eru á hverjum tíma af sömu viðmiðmunarfjárhæð.

Samsetning erlendra skulda ríkissjóðs eftir gjaldmiðlum breyttist á milli ára eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu. Hlutur Bandaríkjadals hækkaði lítillega og hlutur vestur-þýskra marka hækkaði verulega á kostnað japanskra jena. Hlutur annarra gjaldmiðla lækkaði lítillega án þess að um innbyrðis breytingu væri að ræða. Segja má að hlutur Bandaríkjadals sé í hæsta lagi með tilliti til gengiskröfunnar sem notuð er til að reikna út gengi krónunnar, en hún tekur mið af utanríkisviðskiptum þjóðarinnar og hefur verið höfð til hliðsjónar þegar gjaldmiðlasamsetning skuldanna er ákveðin. Aðstæður á alþjóðlegum fjármagnsmarkaði hafa hins vegar verið þannig um nokkurt skeið, vegna hárra vaxta í Evrópu, að óráðlegt hefur verið talið fyrir ríkissjóð að lækka hlut Bandaríkjadals með því að skipta á skuldum í dölum og skuldum í evrópskum gjaldmiðlum. Þá er hlutur skulda í Bandaríkjadölum með breytilegum vöxtum orðinn hærri en heppilegt getur talist til lengdar (37,9% af erlendum skuldum ríkissjóðs), og er stefnt að því að stofna til vaxtaskipta, þannig að ríkissjóður greiði fasta vexti í stað breytilegra um leið og réttar aðstæður skapast.

Hlutfallsleg skipting erlendra lána eftir gjaldmiðlum

	Árslok 1988	Árslok 1989
	%	%
Bandaríkjadalur	40,6	41,4
Sterlingspund	8,4	6,8
Svissneskir frankar	8,4	7,5
Franskir frankar	1,0	1,0
Vestur-þýsk mörk	15,2	23,3
Japönsk jen	16,7	11,4
Evrópsk gjaldmiðilseining (ECU)	6,7	6,2
Aðrir gjaldmiðlar	0,1	0,1
Samtals	**100,0**	**100,0**

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 1 **Greiðsluyfirlit A-hluta ríkissjóðs 1980–1989 ***

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	Bráðab. 1989
Tekjur	3 848	6 238	10 053	16 354	22 093	28 861	38 113	48 957	64 382	80 001
Gjöld	3 888	6 141	9 771	17 216	21 433	31 142	40 111	51 688	71 583	86 056
Rekstrarafkoma	- 40	97	282	- 862	660	-2 281	-1 998	-2 731	-7 201	-6 055
Veitt lán, nettó	..	..	..	..	..	..	322	- 99	- 779	- 722
Hlutafé og stofnfjárframlög	..	..	..	..	..	..	- 89	- 873	- 116	70
Viðskiptareikningar, nettó	..	..	..	..	..	..	- 964	-1 818	- 211	- 889
Hrein lánsfjárþörf	..	..	..	..	..	..	-2 729	-5 521	-8 307	-7 596
Innlend lántaka	..	..	..	..	..	..	1 886	2 728	1 526	5 837
Ný lán	..	..	..	..	..	..	3 617	4 485	4 882	10 386
Afborganir	..	..	..	..	..	..	-1 731	-1 757	-3 356	-4 549
Erlend lántaka	..	..	..	..	..	..	3 756	1 119	3 198	5 181
Ný lán	..	..	..	..	..	..	5 004	2 155	4 230	6 663
Afborganir	..	..	..	..	..	..	-1 248	-1 036	-1 032	-1 482
Seðlabanki Íslands, nettó	..	..	..	..	..	..	-2 188	954	- 646	-5 548
Greiðsluafkoma	..	..	..	..	..	..	**725**	**- 720**	**-4 229**	**-2 126**
Hlutfall af VLF, %										
Tekjur	24,8	25,6	26,4	24,8	25,2	24,2	24,0	23,5	25,2	27,0
Gjöld	25,1	25,2	25,6	26,1	24,5	26,1	25,3	24,8	28,0	29,1
Rekstrarafkoma	-0,3	0,4	0,7	-1,3	0,8	-1,9	-1,3	-1,3	-2,8	-2,0
Hrein lánsfjárþörf	..	..	..	..	..	..	-1,7	-2,7	-3,3	-2,6
Greiðsluafkoma	..	..	..	..	..	..	0,5	-0,3	-1,7	-0,7

* Á árinu 1986 var framsetningu ríkisreiknings breytt þannig að vextir af endurlánum ríkissjóðs eru frá og með því ári taldir með vaxtagreiðslum.
Í töflunni hefur niðurstöðutölum áranna 1980–1985 verið breytt til samræmis og koma þær því ekki heim og saman við tölur ríkisreiknings að þessu leyti.

Tafla 2 Innheimtar tekur ríkissjóðs 1980–1989 *

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	Bráðab. 1989
Beinir skattar	**602**	**899**	**1 485**	**2 386**	**2 875**	**3 280**	**5 508**	**6 103**	**9 437**	**13 251**
Tekjuskattar	513	747	1 254	1 939	2 342	2 536	4 402	4 716	8 105	10 570
Eignarskattar	89	152	231	447	533	744	1 106	1 387	1 332	2 681
Óbeinir skattar	**3 024**	**5 002**	**7 904**	**12 244**	**17 057**	**22 794**	**29 468**	**39 920**	**51 255**	**61 239**
Gjöld af innflutningi	785	1 321	2 164	3 180	4 166	4 958	5 449	6 959	4 144	6 428
Innflutningsgjald af bifreiðum	71	133	106	81	111	132	337	851	1 117	967
Söluskattur, nettó	1 267	2 108	3 387	5 600	7 689	10 725	14 444	19 972	29 522	34 179
Hagnaður ÁTVR	262	407	579	724	1 202	1 923	2 431	3 204	4 280	5 374
Launatengd gjöld	281	450	704	1 030	1 509	2 019	2 653	3 543	4 908	5 820
Bifreiðaskattar **	155	255	416	717	1 042	1 348	2 144	2 739	3 770	4 740
Aðrir óbeinir skattar	203	328	548	912	1 338	1 689	2 010	2 652	3 514	3 731
Aðrar tekjur	**222**	**337**	**664**	**1 724**	**2 161**	**2 787**	**3 137**	**2 934**	**3 690**	**5 511**
Vaxtatekjur	204	305	592	1 572	1 893	2 530	2 549	2 438	3 012	4 261
Aðrar tekjur	18	32	72	152	268	257	588	496	678	1 250
Tekjur samtals	**3 848**	**6 238**	**10 053**	**16 354**	**22 093**	**28 861**	**38 113**	**48 957**	**64 382**	**80 001**
Hlutfall af VLF, %										
Beinir skattar	3,9	3,7	3,9	3,6	3,3	2,8	3,5	2,9	3,7	4,5
Óbeinir skattar	19,5	20,6	20,7	18,6	19,5	19,1	18,6	19,2	20,1	20,7
Aðrar tekjur	1,4	1,4	1,7	2,6	2,5	2,3	2,0	1,4	1,4	1,9
Tekjur samtals	24,8	25,6	26,4	24,8	25,2	24,2	24,0	23,5	25,2	27,0

* Á árinu 1986 var framsetningu ríkisreiknings breytt þannig að vextir af veittum endurlánum ríkissjóðs eru frá og með því ári taldir með vaxtatekjum.
Í töflunni hefur niðurstöðutölum áranna 1980–1985 verið breytt til samræmis og koma þær því ekki heim og saman við tölur ríkisreiknings að þessu leyti.

** Bensíngjald er hér talið með bifreiðasköttum en ekki innflutningsgjöldum.

Tafla 3 **Útgjöld ríkissjóðs 1980–1989 eftir málflokkum ***

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	Greiðslugrunnur 1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	Bráðab. 1989
Almenn mál	**393**	**587**	**977**	**1 698**	**1 912**	**2 808**	**3 791**	**5 291**	**7 258**	**8 211**
Almenn þjónusta og löggæsla	352	531	877	1 495	1 681	2 524	3 410	4 816	6 699	7 509
Utanríkisþjónusta	41	56	100	203	231	284	381	475	559	702
Félagsmál	**2 127**	**3 424**	**5 319**	**9 483**	**11 568**	**17 392**	**23 091**	**31 576**	**41 941**	**49 708**
Mennta-, menningar- og kirkjumál	623	937	1 532	2 653	3 142	5 003	6 432	8 572	11 816	13 784
Heilbrigðismál	312	509	821	1 783	2 063	2 989	4 283	8 256	11 129	12 933
Velferðarmál	1 192	1 978	2 966	5 047	6 363	9 400	12 376	14 748	18 996	22 991
Atvinnumál	**1 070**	**1 593**	**2 559**	**4 163**	**5 257**	**6 890**	**8 532**	**9 459**	**14 056**	**17 944**
Niðurgreiðslur	271	378	804	1 035	813	1 013	1 343	1 567	3 673	4 663
Landbúnaður	176	280	376	625	943	1 325	1 649	1 980	2 848	3 839
Sjávarútvegur	67	97	136	257	387	939	1 197	1 240	1 715	2 295
Iðnaðar- og orkumál	163	257	316	736	1 062	1 155	1 359	1 058	1 158	1 417
Samgöngur	393	581	927	1 510	2 052	2 458	2 984	3 614	4 662	5 730
Ýmis mál, þ.m.t. vextir	**298**	**537**	**916**	**1 872**	**2 696**	**4 052**	**4 697**	**5 362**	**8 328**	**10 193**
Gjöld samtals	**3 888**	**6 141**	**9 771**	**17 216**	**21 433**	**31 142**	**40 111**	**51 688**	**71 583**	**86 056**
Hlutfall af heildarútgjöldum, %										
Almenn mál	10,1	9,6	10,0	9,9	8,9	9,0	9,5	10,2	10,1	9,5
Félagsmál	54,7	55,8	54,4	55,1	54,0	55,8	57,6	61,1	58,6	57,8
Atvinnumál	27,5	25,9	26,2	24,2	24,5	22,1	21,3	18,3	19,6	20,9
Ýmis mál	7,7	8,7	9,4	10,9	12,6	13,0	11,7	10,4	11,6	11,8

* Á árinu 1986 var framsetning ríkisreiknings breytt þannig að vextir af teknum endurlánum ríkissjóðs eru frá og með því ári taldir með vaxtagjöldum.
Í töflunni hefur niðurstöðutölum áranna 1980–1985 verið breytt til samræmis og koma þær því ekki heim og saman við ríkisreikning að þessu leyti.

Tafla 4 **Útgjöld ríkissjóðs 1980–1989 eftir ráðuneytum**

	Rekstrargrunnur									Greiðslugrunnur	
Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1980	1981	1982	1983*	1984	1985	1986*	1987	1988	**1988**	**1989**
Æðsta stjórn ríkisins	36	57	94	154	192	285	347	526	670	**679**	**825**
Forsætisráðuneyti	32	50	73	99	117	135	183	197	426	**386**	**897**
Menntamálaráðuneyti	609	945	1 539	2 659	3 181	4 982	6 577	8 579	11 848	**11 618**	**13 556**
Utanríkisráðuneyti	46	70	123	243	299	353	496	693	834	**807**	**1 009**
Landbúnaðarráðuneyti	175	279	394	667	917	1 472	1 763	2 034	3 036	**2 893**	**3 889**
Sjávarútvegsráðuneyti	71	95	140	223	350	923	1 053	1 225	1 548	**1 620**	**2 123**
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	225	346	573	973	1 080	1 675	2 069	2 849	3 625	**3 639**	**3 987**
Félagsmálaráðuneyti	104	178	247	623	718	1 817	2 381	2 251	3 157	**3 162**	**3 009**
Heilbr.- og tryggingam.ráðuneyti	1 387	2 386	3 503	6 310	7 805	11 289	15 131	21 004	27 517	**26 997**	**32 313**
Fjármálaráðuneyti	160	241	424	640	797	1 197	1 581	2 593	3 208	**3 255**	**3 920**
Samgönguráðuneyti	378	622	958	1 628	2 165	2 546	3 022	3 673	4 765	**4 700**	**5 770**
Iðnaðarráðuneyti	167	276	342	792	1 129	1 235	1 295	1 905	1 372	**1 191**	**1 453**
Viðskiptaráðuneyti	307	426	849	1 160	883	1 063	1 413	1 740	4 253	**3 618**	**4 596**
Hagstofa Íslands	3	4	7	11	15	24	40	57	81	**85**	**95**
Fjárlaga- og hagsýslustofnun	215	385	660	1 752	2 293	3 194	3 957	4 258	7 075	**6 933**	**8 614**
Samtals	3 915	6 360	9 926	17 934	21 942	32 190	41 308	53 582	73 415	**71 583**	**86 056**

* Ríkissjóður yfirtók skuldir frá orkufyrirtækjum árið 1983 að fjárhæð 735 m. kr. og árið 1986 að fjárhæð 5.081 m. kr. Þær tölur eru undanskildar í ofangreindu uppgjöri.

Tafla 5 **Útgjöld ríkissjóðs 1980–1989 eftir ráðuneytum**

	Rekstrargrunnur									Greiðslugrunnur	
Hlutfallsleg skipting, %	1980	1981	1982	1983*	1984	1985	1986*	1987	1988	**1988**	**1989**
Æðsta stjórn ríkisins	0,9	0,9	0,9	0,9	0,9	0,9	0,8	1,0	0,9	0,9	1,0
Forsætisráðuneyti	0,8	0,8	0,7	0,6	0,5	0,4	0,4	0,4	0,6	0,5	1,0
Menntamálaráðuneyti	15,6	14,9	15,5	14,8	14,5	15,5	15,9	16,0	16,1	16,2	15,8
Utanríkisráðuneyti	1,2	1,1	1,2	1,4	1,4	1,1	1,2	1,3	1,1	1,1	1,2
Landbúnaðarráðuneyti	4,5	4,4	4,0	3,7	4,2	4,6	4,3	3,8	4,1	4,0	4,5
Sjávarútvegsráðuneyti	1,8	1,5	1,4	1,2	1,6	2,9	2,5	2,3	2,1	2,3	2,5
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	5,7	5,4	5,8	5,4	4,9	5,2	5,0	5,3	4,9	5,1	4,6
Félagsmálaráðuneyti	2,7	2,8	2,5	3,5	3,3	5,6	5,8	4,2	4,3	4,4	3,5
Heilbr.- og tryggingam.ráðuneyti	35,4	37,5	35,3	35,2	35,6	35,1	36,6	39,2	37,5	37,7	37,5
Fjármálaráðuneyti	4,1	3,8	4,3	3,6	3,6	3,7	3,8	4,8	4,4	4,5	4,6
Samgönguráðuneyti	9,7	9,8	9,7	9,1	9,9	7,9	7,3	6,9	6,5	6,6	6,7
Iðnaðarráðuneyti	4,3	4,3	3,4	4,4	5,1	3,8	3,1	3,6	1,9	1,7	1,7
Viðskiptaráðuneyti	7,8	6,7	8,6	6,5	4,0	3,3	3,4	3,2	5,8	5,1	5,3
Hagstofa Íslands	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
Fjárlaga- og hagsýslustofnun	5,5	6,1	6,6	9,8	10,5	9,9	9,6	7,9	9,6	9,7	10,0
Samtals	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	**100,0**	**100,0**

* Ríkissjóður yfirtók skuldir frá orkufyrirtækjum árið 1983 að fjárhæð 735 m. kr. og árið 1986 að fjárhæð 5.081 m. kr. Þær tölur eru undanskildar í ofangreindu uppgjöri.

Tafla 6 **Verðlags- og launaþróun 1980–1989**

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	Bráðab. 1989
I. Vísitölur 1980 = 100										
Framfærsluvísitala	100	151	228	420	543	718	871	1 034	1 297	1 569
Byggingarvísitala	100	152	237	405	495	654	814	957	1 127	1 387
Lánskjaravísitala	100	152	227	408	546	713	888	1 043	1 287	1 524
Meðalgengi	100	134	210	386	448	573	659	684	781	982
Verðvísitala samneyslu	100	148	229	380	462	623	790	1 004	1 243	1 425
Verðvísitala einkaneyslu	100	151	230	421	558	740	889	1 038	1 299	1 572
Verðvísitala vergrar landsframleiðslu	100	151	232	416	533	702	871	1 051	1 301	1 540
Atvinnutekjur á mann	100	156	240	376	481	685	911	1 303	1 607	1 827
Ráðstöfunartekjur á mann	100	159	248	395	505	743	977	1 424	1 737	1 968
Kaupmáttur atvinnutekna	100	103	104	89	86	93	102	126	124	116
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	100	105	108	94	91	100	110	137	134	125
II. Breyting milli ára, %										
Framfærsluvísitala	58,5	50,9	51,0	84,3	29,2	32,4	21,3	18,8	25,4	21,1
Byggingarvísitala	55,6	51,8	56,2	70,8	22,2	32,1	24,5	17,6	17,8	23,1
Lánskjaravísitala	57,5	51,8	49,8	79,4	33,8	30,6	24,6	17,4	23,4	18,4
Meðalgengi	38,6	33,8	57,1	83,4	16,3	27,8	15,0	3,7	14,2	25,8
Verðvísitala samneyslu	52,3	47,8	54,9	66,1	21,4	34,9	26,9	27,1	23,9	14,6
Verðvísitala einkaneyslu	55,3	51,3	52,1	83,0	32,5	32,6	20,2	16,7	25,1	21,0
Verðvísitala vergrar landsframleiðslu	52,4	50,8	53,7	79,6	28,1	31,7	24,0	20,7	23,8	18,4
Atvinnutekjur á mann	52,6	56,2	53,8	56,5	27,8	42,5	33,0	43,0	23,3	13,7
Ráðstöfunartekjur á mann	57,2	59,3	55,4	59,5	28,0	47,0	31,5	45,7	22,0	13,3
Kaupmáttur atvinnutekna	-1,7	3,2	1,1	-14,5	-3,5	7,5	10,6	22,5	-1,4	-6,0
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	1,2	5,3	2,2	-12,8	-3,4	10,9	9,4	24,9	-2,5	-6,4

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Þjóðhagsstofnun.

Tafla 7 Þjóðhagsyfirlit 1980–1989

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	Áætlun 1989
1. Einkaneysla	8 846	14 327	22 939	39 418	53 886	74 705	96 933	131 712	158 200	178 500
2. Samneysla	2 546	4 039	6 644	11 559	14 056	20 136	27 291	36 791	47 468	55 100
3. Fjárfesting	3 927	5 929	9 251	14 127	18 356	24 460	29 684	41 042	48 032	54 500
4. Neysla og fjárfesting alls	15 319	24 295	38 834	65 104	86 298	119 301	153 908	209 545	253 700	288 100
5. Birgðabreytingar	80	253	913	-1 070	786	- 978	-2 094	- 298	2 759	- 700
6. Þjóðarútgjöld alls	15 399	24 548	39 747	64 034	87 084	118 323	151 814	209 247	256 459	287 400
7. Útflutningur vöru og þjónustu	5 746	8 724	12 714	27 078	34 295	49 819	63 125	73 466	84 138	109 200
8. Innflutningur vöru og þjónustu	5 648	8 936	14 329	25 275	33 871	49 051	56 342	74 496	85 280	100 800
9. Verg landsframleiðsla	**15 497**	**24 336**	**38 132**	**65 837**	**87 508**	**119 091**	**158 597**	**208 217**	**255 317**	**295 800**
10. Vaxtajöfnuður	- 411	- 811	-1 495	-3 066	-4 554	-5 584	-6 229	-6 203	-8 333	-12 900
11. Viðskiptajöfnuður (7-8+10)	- 313	-1 023	-3 110	-1 263	-4 130	-4 816	554	-7 233	-9 475	-4 500
12. Verg þjóðarframleiðsla (9+10)	**15 086**	**23 525**	**36 637**	**62 771**	**82 954**	**113 507**	**152 368**	**202 014**	**246 984**	**282 900**
13. Magnbreyting VLF, %	5,7	4,1	2,0	-3,9	3,8	3,4	7,4	8,7	-0,9	-2,5
14. Viðskiptajöfnuður, % af VLF	-2,0	-4,2	-8,2	-1,9	-4,7	-4,0	0,3	-3,5	-3,7	-1,5

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 8 **Utanríkisviðskipti 1980–1989**

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	Bráðab. 1989
Vöruútflutningur	**4 460**	**6 536**	**8 479**	**18 623**	**23 557**	**33 750**	**44 968**	**53 053**	**61 674**	**80 093**
Sjávarafurðir	3 339	5 116	6 361	12 667	15 833	25 232	34 627	40 322	43 826	56 812
Ál	542	634	852	3 274	3 426	3 340	4 125	5 080	6 626	10 290
Kísiljárn	81	123	243	614	1 016	1 220	1 334	1 473	2 418	3 048
Annar vöruútflutningur	498	663	1 023	2 068	3 282	3 958	4 882	6 178	8 804	9 943
Vöruinnflutningur	**4 307**	**6 732**	**10 364**	**18 156**	**23 889**	**33 760**	**40 988**	**55 020**	**62 234**	**72 624**
Skip og flugvélar	240	334	399	587	654	959	1 862	3 268	5 405	5 841
Olía	724	1 089	1 591	3 012	3 683	5 282	3 693	3 724	3 658	5 990
Annar vöruinnflutningur	3 343	5 309	8 374	14 557	19 552	27 519	35 433	48 028	53 171	60 793
Vöruskiptajöfnuður	**153**	**- 196**	**-1 885**	**467**	**- 332**	**- 10**	**3 980**	**-1 967**	**- 560**	**7 469**
Útflutt þjónusta án vaxta	1 286	2 188	4 235	8 455	10 738	16 069	18 157	20 413	22 635	29 123
Innflutt þjónusta án vaxta	1 342	2 204	3 965	7 119	9 982	15 291	15 354	19 476	23 377	28 179
Þjónustujöfnuður án vaxta	**- 56**	**- 16**	**270**	**1 336**	**756**	**778**	**2 803**	**937**	**- 742**	**944**
Vaxtajöfnuður o.fl.	**- 410**	**- 811**	**-1 495**	**-3 066**	**-4 554**	**-5 584**	**-6 229**	**-6 203**	**-8 173**	**-12 915**
Viðskiptajöfnuður	**- 313**	**-1 023**	**-3 110**	**-1 263**	**-4 130**	**-4 816**	**554**	**-7 233**	**-9 475**	**-4 502**
Hlutfall af VLF, %										
Vöruskiptajöfnuður	1,0	-0,8	-4,9	0,7	-0,4	-	2,5	-0,9	-0,2	2,5
Þjónustujöfnuður án vaxta	-0,4	-0,1	0,7	2,0	0,9	0,7	1,8	0,5	-0,3	0,3
Vaxtajöfnuður o.fl.	-2,6	-3,3	-3,9	-4,7	-5,2	-4,7	-3,9	-3,0	-3,2	-4,4
Viðskiptajöfnuður	-2,0	-4,2	-8,2	-1,9	-4,7	-4,0	0,3	-3,5	-3,7	-1,5

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Tafla 9 Fjárfesting 1980–1989

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	Áætlun 1989
I. Atvinnuvegir	**1 567**	**2 396**	**3 775**	**5 888**	**7 961**	**12 230**	**16 090**	**22 148**	**23 959**	**24 900**
1. Landbúnaður *	183	212	409	621	978	1 609	2 226	2 367	2 560	2 300
2. Fiskveiðar	217	376	518	781	839	910	2 648	4 192	5 835	3 400
3. Vinnsla sjávarafurða	148	222	360	521	785	1 137	1 358	1 440	1 509	1 540
4. Annar iðnaður	407	568	798	1 264	2 020	3 023	3 457	4 261	4 671	5 410
5. Flutningatæki	283	470	593	832	790	1 734	1 403	1 774	1 387	3 900
6. Verslunar- og skrifstofuhúsnæði	176	308	613	1 084	1 269	1 933	2 626	4 770	4 190	4 650
7. Ýmsar vélar og tæki	153	240	484	785	1 280	1 884	2 372	3 344	3 807	3 700
II. Íbúðarhús	**964**	**1 317**	**2 251**	**3 495**	**4 714**	**5 380**	**5 770**	**7 752**	**10 106**	**12 400**
III. Byggingar og mannvirki hins opinbera	**1 396**	**2 216**	**3 225**	**4 744**	**5 681**	**6 850**	**7 824**	**11 142**	**13 967**	**17 200**
1. Rafvirkjanir og rafveitur **	507	797	1 159	1 510	1 550	991	899	1 177	1 882	2 930
2. Hita- og vatnsveitur	267	370	330	375	570	871	840	930	1 650	2 170
3. Samgöngumannvirki	403	649	1 061	1 764	2 229	3 062	3 625	5 634	5 409	6 100
4. Byggingar hins opinbera	219	400	675	1 095	1 332	1 926	2 460	3 401	5 026	6 000
IV. Fjárfesting alls	**3 927**	**5 929**	**9 251**	**14 127**	**18 356**	**24 460**	**29 684**	**41 042**	**48 032**	**54 500**
Hlutfallsleg skipting fjárfestingar, %										
I. Atvinnuvegir	39,9	40,4	40,8	41,7	43,4	50,0	54,2	54,0	49,9	45,7
II. Íbúðarhús	24,5	22,2	24,3	24,7	25,7	22,0	19,4	18,9	21,0	22,8
III. Byggingar og mannvirki hins opinbera	35,5	37,4	34,9	33,6	30,9	28,0	26,4	27,1	29,1	31,6
IV. Fjárfesting alls	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
Fjárfesting alls sem % af VLF	**25,3**	**24,4**	**24,3**	**21,5**	**21,0**	**20,5**	**18,7**	**19,7**	**18,8**	**18,4**

* Fiskeldisstöðvar meðtaldar.

** Frá og með árinu 1985 eru vextir á byggingartíma ekki taldir með fjárfestingu Landsvirkjunar.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 10 **Byggingar og mannvirki hins opinbera 1980–1989**

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	Áætlun 1989
Rafvirkjanir og rafveitur	507	797	1 159	1 510	1 550	991	899	1 177	1 882	2 930
Hitaveitur	236	325	260	275	457	663	630	690	1 330	1 670
Vatnsveitur	31	45	70	100	113	208	210	240	320	500
Vegir og brýr	144	228	329	504	653	874	955	1 027	1 537	1 700
Götur og holræsi	128	230	393	640	670	973	950	1 456	1 947	2 150
Hafnir og vitar	55	87	127	177	214	232	206	508	785	900
Flugvellir	15	18	31	81	220	431	712	1 528	388	600
Póstur, sími, hljóðvarp og sjónvarp	61	86	181	362	472	552	802	1 115	752	750
Skólar og íþróttamannvirki	97	168	272	487	611	797	907	1 532	2 038	2 200
Sjúkrahús	69	162	271	370	401	558	798	754	1 234	1 400
Félagsheimili og kirkjur	15	27	46	90	88	182	292	149	189	250
Aðrar byggingar hins opinbera	38	43	86	148	232	389	463	966	1 565	2 150
Samtals	**1 396**	**2 216**	**3 225**	**4 744**	**5 681**	**6 850**	**7 824**	**11 142**	**13 967**	**17 200**
Hlutfallsleg skipting, %										
Rafvirkjanir og rafveitur	36,3	36,0	35,9	31,8	27,3	14,5	11,5	10,6	13,5	17,0
Hitaveitur	16,9	14,7	8,1	5,8	8,0	9,7	8,1	6,2	9,5	9,7
Vatnsveitur	2,2	2,0	2,2	2,1	2,0	3,0	2,7	2,2	2,3	2,9
Vegir og brýr	10,3	10,3	10,2	10,6	11,5	12,8	12,2	9,2	11,0	9,9
Götur og holræsi	9,2	10,4	12,2	13,5	11,8	14,2	12,1	13,1	13,9	12,5
Hafnir og vitar	3,9	3,9	3,9	3,7	3,8	3,4	2,6	4,6	5,6	5,2
Flugvellir	1,1	0,8	1,0	1,7	3,9	6,3	9,1	13,7	2,8	3,5
Póstur, sími, hljóðvarp og sjónvarp	4,4	3,9	5,6	7,6	8,3	8,1	10,3	10,0	5,4	4,4
Skólar og íþróttamannvirki	6,9	7,6	8,4	10,3	10,8	11,6	11,6	13,7	14,6	12,8
Sjúkrahús	4,9	7,3	8,4	7,8	7,1	8,1	10,2	6,8	8,8	8,1
Félagsheimili og kirkjur	1,1	1,2	1,4	1,9	1,5	2,7	3,7	1,3	1,4	1,5
Aðrar byggingar hins opinbera	2,7	1,9	2,7	3,1	4,1	5,7	5,9	8,7	11,2	12,5
Samtals	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 11 Veitt og tekin lán ríkissjóðs 1981–1989

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	Bráðab. 1989
Tekin lán	**4 999**	**10 190**	**18 941**	**26 913**	**37 570**	**44 287**	**52 026**	**68 273**	**103 215**
Seðlabanki Íslands	401	278	915	1 897	3 683	1 693	3 059	3 448	3 340
Spariskírteini	1 131	1 912	3 310	3 244	5 165	8 541	11 775	16 659	26 450
Lífeyrissjóðir	85	198	454	669	1 004	2 018	2 349	2 507	2 600
Ríkisvíxlar	-	-	-	-	-	-	931	725	5 890
Aðrir innlendir aðilar	635	1 070	1 780	1 606	2 088	2 731	3 957	4 729	6 295
Erlend lán	2 747	6 732	12 482	19 497	25 630	29 304	29 955	40 205	58 640
Lánveitingar	**4 025**	**9 909**	**15 149**	**21 414**	**29 839**	**29 713**	**35 632**	**47 569**	**54 620**
Veitt lán	3 655	8 703	13 048	18 182	24 737	22 985	24 182	29 967	32 620
þ.a. lán tengd innlendu verðlagi	913	2 168	3 114	4 168	10 517	11 596	13 476	15 795	15 920
þ.a. gengisbundin lán	2 742	6 535	9 934	14 014	14 220	11 389	10 706	14 172	16 700
Viðskiptareikningar, nettó	370	1 206	2 101	3 232	5 102	6 728	11 450	17 602	22 000
Tekin lán umfram lánveitingar	**974**	**281**	**3 792**	**5 499**	**7 731**	**14 574**	**16 394**	**20 704**	**48 595**
Lánveitingar sem % af teknum lánum	80,5	97,2	80,0	79,6	79,4	67,1	68,5	69,7	52,9
Hlutfall af VLF, %*									
Tekin lán	18,0	20,9	25,1	26,2	28,2	27,3	24,1	25,0	33,3
þ.a. erlendar skuldir	10,1	13,7	17,1	18,5	19,5	18,3	14,5	14,7	18,9
Veitt lán	13,3	17,8	17,4	17,7	18,0	14,0	11,0	11,0	10,5
þ.a. gengisbundin lán	10,1	13,3	13,6	13,3	10,3	6,9	5,2	5,2	5,4
Viðskiptareikningar, nettó	1,3	2,5	2,5	3,4	3,7	4,0	5,0	6,4	7,1
Tekin lán umfram lánveitingar	3,4	0,6	5,2	5,1	6,5	9,3	8,0	7,6	15,7

* Reiknað til meðalverðlags hvers árs með lánskjaravísitölu og meðalgengisvísitölu.

Tafla 12 **Löng erlend lán 1980–1989 flokkuð eftir lánnotendum**

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	Bráðab. 1989
Lántökur	**1 013**	**1 698**	**3 633**	**5 577**	**7 509**	**9 932**	**12 042**	**12 819**	**16 706**	**25 787**
Opinberir aðilar	540	853	2 267	3 705	4 111	5 727	5 816	3 213	4 949	9 705
Lánastofnanir	62	176	585	908	1 982	1 945	2 106	3 187	3 670	4 962
Einkaaðilar	411	669	781	964	1 416	2 260	4 120	6 419	8 087	11 120
Afborganir	**378**	**633**	**1 230**	**2 674**	**4 278**	**4 456**	**5 937**	**5 777**	**6 597**	**9 116**
Opinberir aðilar	160	261	494	1 084	1 546	1 791	2 680	2 534	1 978	2 976
Lánastofnanir	49	69	166	351	491	658	603	455	459	629
Einkaaðilar	169	303	570	1 239	2 241	2 007	2 654	2 788	4 160	5 511
Nettó hreyfing	**635**	**1 065**	**2 403**	**2 903**	**3 231**	**5 476**	**6 105**	**7 042**	**10 109**	**16 571**
Opinberir aðilar	380	592	1 773	2 621	2 565	3 936	3 136	679	2 971	6 729
Lánastofnanir	13	107	419	557	1 491	1 287	1 503	2 732	3 211	4 233
Einkaaðilar	242	366	211	- 275	- 825	253	1 466	3 631	3 927	5 609
Vaxtagreiðslur	**440**	**827**	**1 541**	**2 974**	**4 177**	**5 259**	**6 152**	**6 158**	**7 594**	**12 281**
Opinberir aðilar	292	528	975	2 013	2 894	3 656	4 382	4 258	4 918	7 216
Lánastofnanir	35	68	132	298	449	692	806	880	1 247	2 370
Einkaaðilar	113	231	434	663	834	911	964	1 020	1 429	2 695
Staða í árslok	**4 623**	**7 521**	**14 904**	**32 127**	**42 559**	**60 857**	**75 082**	**83 806**	**105 546**	**150 766**
Opinberir aðilar	3 054	4 863	9 847	21 973	29 475	42 293	50 755	52 294	62 813	86 234
Lánastofnanir	369	611	1 439	3 400	5 693	8 735	11 778	14 943	20 264	30 223
Einkaaðilar	1 200	2 047	3 618	6 754	7 391	9 829	12 549	16 569	22 469	34 309
Gengisforsendur; SDR = Krónur	6,23	8,51	13,71	26,60	32,38	42,18	48,18	49,92	57,78	73,12
Meðalvextir (%)	**10,6**	**12,3**	**11,8**	**9,9**	**10,4**	**9,3**	**8,7**	**7,8**	**7,8**	**8,9**
Opinberir aðilar	10,8	12,2	11,6	10,1	10,6	9,3	9,1	8,2	8,1	8,9
Lánastofnanir	9,3	11,1	10,8	9,6	9,6	8,9	7,6	6,8	7,0	8,8
Einkaaðilar	11,1	13,0	12,5	9,6	10,4	9,5	8,4	7,4	7,3	8,9

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 13 **Staða þjóðarbúsins út á við og greiðslubyrði erlendra lána 1980–1989 flokkuð eftir lánnotendum**

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	Bráðab. 1989
Löng erlend lán	-4 623	-7 521	-14 904	-32 127	-42 559	-60 857	-75 082	-83 800	-105 076	-150 766
Stutt vörukaupalán o.fl.	- 871	-1 270	-2 380	-4 264	-6 995	-13 472	-12 574	-17 012	-20 854	..
Greiddur útflutningur	463	680	1 090	2 921	4 389	4 133	5 028	6 244	8 873	..
Gjaldeyrisstaða	705	1 451	1 101	2 280	1 763	7 297	11 266	10 420	11 102	18 350
Nettó staða við útlönd	-4 326	-6 660	-15 093	-31 190	-43 402	-62 899	-71 362	-84 148	-105 955	-142 042
Hlutfall af VLF, %										
Löng erlend lán	29,8	30,9	39,1	48,8	48,6	51,1	47,3	40,2	41,2	51,0
Nettó staða	27,9	27,4	39,6	47,4	49,6	52,8	45,0	40,4	41,5	48,0
Greiðslubyrði erlendra lána:										
Afborganir af löngum erlendum lánum	379	633	1 230	2 674	4 278	4 456	5 937	5 777	6 582	9 082
Vaxtagreiðslur af löngum lánum	440	827	1 541	2 974	4 177	5 259	6 152	6 158	7 584	12 193
Samtals	819	1 460	2 771	5 648	8 455	9 715	12 089	11 935	14 166	21 275
Nettó vaxtagreiðslur	405	802	1 475	3 050	4 555	5 605	6 226	6 213	8 173	12 900
Hlutfall af útflutningstekjum, %										
Afborganir af löngum erlendum lánum	6,5	7,1	9,4	9,7	12,3	8,8	9,3	7,7	7,7	8,2
Vaxtagreiðslur af löngum lánum	7,6	9,3	11,8	10,8	12,0	10,4	9,6	8,3	8,9	11,0
Samtals	14,1	16,4	21,2	20,6	24,3	19,2	18,9	16,0	16,6	19,1
Nettó vaxtagreiðslur	7,0	9,0	11,3	11,1	13,1	11,1	9,7	8,3	9,6	11,6
Afborganir og nettó vaxtagreiðslur alls	13,5	16,1	20,7	20,8	25,4	19,9	19,0	16,1	17,3	19,8
Verg landsframleiðsla (m.kr.)	15 497	24 336	38 132	65 837	87 508	119 091	158 597	208 217	255 317	295 800
Útflutningstekjur (m.kr.)	5 813	8 887	13 063	27 456	34 792	50 490	63 938	74 544	85 266	111 250

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 14 **Byggingarsjóður ríkisins 1980–1989**

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	Bráðab. 1989
Innstreymi	**255**	**383**	**529**	**957**	**1 941**	**3 182**	**4 491**	**6 735**	**9 697**	**11 930**
Ríkissjóður	71	49	70	147	245	966	1 300	1 000	1 125	550
Lífeyrissjóðir	80	125	129	268	356	691	1 730	3 705	5 684	7 317
Skyldusparnaður, nettó	18	10	29	- 8	- 82	- 17	22	85	15	- 164
Önnur lán	17	76	52	150	827	703	150	157	-	-
Afborganir, vextir og verðbætur	61	116	203	377	459	799	1 238	1 681	2 495	3 646
Byggingarsj. verkamanna, endurgreiðslur	-	-	-	-	-	-	-	-	175	-
Tekjur tæknideildar	2	3	5	14	11	23	36	38	57	56
Annað	2	4	5	3	17	17	15	10	146	29
Sjóðsminnkun	4	-	36	6	108	-	-	59	-	496
Útstreymi	**255**	**383**	**529**	**957**	**1 941**	**3 182**	**4 491**	**6 735**	**9 697**	**11 930**
Rekstrarkostnaður o.fl.	6	9	17	30	48	96	118	178	245	306
Afborganir, vextir og verðbætur	19	54	114	234	339	676	944	1 490	2 416	3 584
Lán til Byggingarsjóðs verkamanna	-	-	-	-	-	73	153	334	123	203
Annað	14	11	5	1	2	59	-	-	141	326
Sjóðsaukning	-	22	-	-	-	248	432	-	914	-
Veitt lán, samtals	216	287	393	692	1 552	2 030	2 844	4 733	5 858	7 511
Til nýbygginga og eldri íbúða	143	192	264	558	1 297	1 550	1 943	4 109	4 920	6 000
Greiðsluerfiðleikalán	-	-	-	-	-	235	540	155	310	284
Lán vegna kaupleiguíbúða	-	-	-	-	-	-	-	-	55	525
Framkv.lán til nýbygg. og dvalarheimila	71	77	89	88	107	89	223	354	421	510

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

Tafla 15 **Byggingarsjóður verkamanna 1980–1989**

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1980*	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	Bráðab. 1989
Innstreymi	..	**118**	**240**	**438**	**510**	**989**	**1 343**	**1 576**	**2 607**	**4 000**
Ríkissjóður	..	74	105	158	200	282	300	300	600	600
Framlag sveitarfélaga	..	13	21	38	38	44	68	71	102	150
Kaupendur eldri íbúða	..	1	11	23	23	22	38	47	35	48
Lífeyrissjóðir	..	13	67	118	140	333	580	490	1 440	2 375
Afborganir, vextir og verðbætur	..	11	34	49	48	98	118	141	244	530
Verðbætur á framkv.lán við uppgjör	..	-	-	-	-	136	85	46	61	89
Byggingarsjóður ríkisins	..	-	-	-	-	73	153	334	123	203
Annað	..	-	-	-	61	1	1	-	2	5
Sjóðsminnkun	..	6	2	52	-	-	-	147	-	-
Útstreymi	..	**118**	**240**	**438**	**510**	**989**	**1 343**	**1 576**	**2 607**	**4 000**
Rekstrarkostnaður o.fl.	..	3	6	10	9	16	30	36	60	82
Afborganir, vextir og verðbætur	..	-	3	19	40	88	182	316	498	794
Byggingarsj. ríkisins, endurgreiðslur	..	-				-	-	-	175	-
Annað	..	4	-	-	-	-	2	6	-	-
Sjóðsaukning	..	-	-	-	52	113	35	-	5	208
Veitt lán, samtals	..	111	231	409	409	772	1 094	1 218	1 869	2 916
Verkamannabústaðir og leiguíbúðir	..	87	182	333	284	538	722	837	1 468	2 246
Kaupleiguíbúðir	..	-	-	-	-	-	-	-	6	121
Endursöluíbúðir	..	24	49	76	125	234	372	381	395	549

* Tölur fyrir árið 1980 eru ekki fyrir hendi. Ný lög um Byggingarsjóð verkamanna tóku gildi á árinu og lánveitingar námu alls um 17 milljónum króna.

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

Nd. 767. Nefndarálit [222. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39/1988, um bifreiðagjald.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Hér er á ferðinni ein af skattahækkunartillögum ríkisstjórnarinnar. Afgreiðslu frumvarpsins varð ekki lokið fyrir áramót. Í tengslum við kjarasamninga 1. febrúar sl. lofaði ríkisstjórnin að falla frá hluta af fyrirhugaðri hækkun. Þess vegna hækkar bifreiðagjaldið, verði frumvarpið samþykkt, ekki um 100% heldur 50%.

Þegar áform um nýjar álögur á bifreiðaeigendur voru kynntar sl. haust var látið í veðri vaka að ætlunin væri að leggja á sérstakan mengunarskatt. Frá því var horfið. Í staðinn er bifreiðagjaldið hækkað.

Sé þessi hækkun skoðuð í tengslum við bensíngjaldið sem renna á til vegagerðar blasir sú staðreynd við að tilgangur ríkisstjórnarinnar er að ná nýjum tekjum í ríkissjóð en svíkjast um að fjármagna framkvæmdir í vegamálum.

Samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytisins verða tekjur ríkissjóðs af bifreiðagjöldum á árinu 1990 þessar (í m.kr.):

Bifreiðagjald	1.000
Þungaskattur	1.205
Bensíngjald	3.190
Samtals	5.395

Í tíð núverandi ríkisstjórnar hefur skattheimta hækkað til muna án þess að endar hafi náð saman í ríkisfjármálum enda hafa útgjöld aukist jafnt og þétt. Vandinn, sem við er að etja í ríkisfjármálunum, er útgjaldaþensla. Ríkisstjórnin hefur gefist upp við að hemja útgjöldin en gerir í staðinn atlögu að bifreiðaeigendum. Fyrsti minni hl. leggur til að frumvarpið verði fellt.

Í meðfylgjandi fylgiskjölum birtast upplýsingar fjármálaráðuneytisins um bensíngjald og bifreiðagjald, skipting álagðs bifreiðagjalds milli kjördæma og sjónarmið FÍB, Trausta, félags sendibílstjóra, og Landssambands vörubifreiðastjóra.

Alþingi, 19. mars 1990.

Friðrik Sophusson, frsm. Matthías Bjarnason.

Fylgiskjal I.

Bréf Landssambands vörubifreiðastjóra til fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar Alþingis.
(16. mars 1990.)

Í framhaldi af komu undirritaðs á fund nefndarinnar 14. mars sl. vill undirritaður fyrir hönd Landssambands vörubifreiðastjóra koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við yður vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald.

Landssambandið vill eindregið mótmæla álagningu bifreiðagjalds á atvinnutæki vörubifreiðastjóra á eftirfarandi forsendum:

Í fyrsta lagi ber vörubifreiðastjórum innan LV að skila 30–35% af veltu til ríkissjóðs í formi þungaskatts og virðisaukaskatts nú þegar og finnst mönnum það nóg.

Í öðru lagi er bifreiðagjaldið óháð veltu og af því leiðir að gjaldið kemur verst niður á rekstri bifreiðar sem aflar lítilla tekna og verður því mjög óréttlátur skattur á atvinnubílstjórum.

Í þriðja lagi er vinna vörubifreiðastjóra mjög árstíða- og sveðisbundin en menn fá þó engar ívilnanir til lækkunar á gjaldinu ef númer eru tekin af bílunum tímabundið.

Landssamband vörubifreiðastjóra.
Rekstrarþættir vörubíla.
(Mars 1990.)



10–13 tonna vörubílar.



Vörubíll með malarvagn.

Í skífuritunum hér að ofan er gengið út frá forsendum í taxtaútreikningum Landssambands vörubifreiðastjóra.

Hlutfall VSK og þungaskatts er um 30% í þessu dæmi en þá er eftir að taka tillit til beinna skatta sem bílstjórinn þarf að skila af sínum tekjum. Einnig á fjármálaráðherra a.m.k. 15% heimild inni samkvæmt lögum til að hækka þungaskatt sem hann á efalaust eftir að nýta sér þótt síðar verði.

Fylgiskjal II.

Bréf Félags íslenskra bifreiðaeigenda
til formanna allra þingflokka.
(22. febrúar 1990.)

Vegna umræðu um skerðingu vegafjár 1990 vill Félag íslenskra bifreiðaeigenda ítreka fyrri mótmæli sín sökum þeirrar árättu stjórnvalda að ganga í fé Vegasjóðs til annarra útgjalda ríkisins. Fjárþörf ríkissjóðs aðra en til Vegasjóðs og markaðra málaflokka ber að leggja á almenna skattborgara, en ekki að taka féð af einstökum hópum sem eru skattlagðir vegna sérstakra mála.

Á sama tíma og ráðherra samgöngumála bendir réttilega á gildi varanlegra vega fyrir atvinnu- og félagsmál einstakra byggða og leitar jafnvel eftir því að heimamenn taki á sig kostnað umfram aðra vegna staðbundinnar vegagerðar sækjast aðrir ráðherrar eftir hlutdeild í sérsköttun á bifreiðaeigendur vegna Vegasjóðs og þau vinnubrögð eru ekki traustvekjandi.

Einnig vill Félag íslenskra bifreiðaeigenda ítreka mótmæli við álagningu bifreiðagjalds sem er miðuð við þunga bifreiða í kílógrömmum, en ekki verðmæti. Eigendur stærri og eldri bifreiða þurfa að greiða sama gjald og þeir sem geta leyft sér að aka nýjum og margfalt verðmætari bifreiðum í sama stærðarflokki. Við mat á bifreiðahlunnindum til skatts er miðað við verðmæti sem er nær lagi, en eignarskattur eins og bifreiðagjaldið, sem innheimt hefur verið fram til þessa, fer því ekki eftir efnum eigenda.

Bifreiðagjaldið, sem er áætlað að nemi 940 millj. kr. á þessu ári, er óréttmætur skattur þar sem hann rennur ekki til vegamála. Bifreiðaeign landsmanna er auk þess skattlögð með almennum eignarskatti og þar eru gjöld lögð á með tilliti til efnahags.

Við væntum vinsamlegrar afstöðu yðar, svo og samflokksmanna til þessara mála.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneytið:

Minnisblað um aðgerðir
til að lækka framfærsluvísitölu.
(15. mars 1990.)

Í tengslum við nýgerða kjarasamninga lýsti ríkisstjórnin yfir því að hún mundi beita sér fyrir þeim breytingum á sköttum, gjöldum eða gjaldskrám opinberra fyrirtækja sem svöruðu til 0,3% lækkunar á mælikvarða framfærsluvísitölu. Í vinnuskjölum frá fjármálaráðuneytinu, sem aðilar vinnumarkaðarins fengu afhent, voru birt yfirlit yfir fyrirhugaðar breytingar á sköttum og gjaldskrám samkvæmt forsendum fjárlaga. Þar var m.a. gert ráð fyrir eftirfarandi breytingum:

1. *Bensíngjald* hækki um 5% 1. apríl.
   Bensíngjald hækki um 6% 1. ágúst.
2. *Bifreiðagjald* hækki um 83% 1. mars.
   Bifreiðagjald hækki um 8% 1. júlí.

Samkvæmt áætlun fjárlaga áttu þessar hækkanir að skila 840 m.kr. tekjuauka í ríkissjóð á árinu 1990, þ.e. bifreiðagjaldið 650 m.kr. og bensíngjaldið 190 m.kr. Að undanförnu hefur

verið til skoðunar í fjármálaráðuneytinu hvernig unnt væri að ná fram þessari 0,3% lækkun á framfærsluvísitölunni. Niðurstaðan af þeirri skoðun er eftirfarandi:

1. *Bensíngjald:*
   a. Horfið verði frá fyrirhugaðri 5% hækkun 1. apríl.
   b. Bensíngjald hækki um 6% 1. júlí, í stað 1. ágúst.

Þessar breytingar frá forsendum fjárlaga gera það að verkum að bensíngjald hækkar um 6% á árinu í stað 11,3%. Þetta svarar til *0,1%* lækkunar á framfærsluvísitölu. Jafnframt minnka tekjur ríkissjóðs af bensíngjaldi um rúmlega 100 m.kr.

2. *Bifreiðagjald:*
   a. Horfið verði frá 83% hækkun 1. mars.
   b. Álagningu gjaldsins verði breytt þannig að það verði áfram föst krónutala upp að 1.000 kg, en fyrir hvert umframkg komi 50% álag. Áfram verði hámarksgjald fyrir þyngstu bílana.
   c. Grunngjaldið, þ.e. upp í 1.000 kg, hækki um *20%* 1. apríl, eða úr 2,83 kr. í 3,40 kr. á kg fyrir hálft ár.
   d. Gjaldið hækki um *15%* 1. október, eða úr 3,40 kr. í 3,91 kr. á kg.

Að teknu tilliti til 50% álagsins svara þessar breytingar á bifreiðagjaldinu til um *30%* hækkunar á meðalgjaldinu fyrir alla bíla, þ.e. bæði fyrir einkabíla og atvinnubíla, fyrri hluta ársins. Hækkunin er minnst á bílum undir 1.000 kg, en þar hækkar gjaldið einungis sem nemur hækkun á grunngjaldinu, þ.e. um 20%. Þetta er svipað og hækkun byggingarvísitölu frá því gjaldinu var síðast breytt í júlí 1989.

Hækkunin verður síðan smám saman meiri eftir því sem bílarnir eru þyngri vegna 50% álagsins fyrir hvert kg umfram 1.000. Gjaldið getur þó aldrei orðið hærra en 10.000 kr. fyrri hluta ársins sem er liðlega 40% hækkun frá gildandi gjaldi og 11.500 kr. síðari hlutann.

Þessar breytingar þýða í reynd að bifreiðagjaldið hækkar um *tæplega 50% á árinu, en í forsendum fjárlaga var reiknað með 98% hækkun.* Minni og léttari bílar hækka nokkru minna, eða nálægt 40% að meðaltali. Í töflunni hér að neðan eru sýnd nokkur dæmi um áhrif þessara breytinga á ársgreiðslu bifreiðagjalds miðað við nokkrar tegundir bíla. Þessar breytingar svara til *0,2%* lækkunar á framfærsluvísitölu. Jafnframt minnka tekjur ríkissjóðs af bifreiðagjaldi um 250–300 m.kr. frá því sem reiknað var með í fjárlögum og verða um 1.000 m.kr. í stað 1.290 m.kr.

	Núgildandi gjald	*Fjárlög*	*Tillaga*	*Hækkun frá núgildandi gjaldi*	
	Kr.	Kr.	Kr.	Kr.	Kr.
Fiat Uno	4.019	7.942	5.552	3.924	1.534
Skoda	4.754	9.397	6.569	4.642	1.814
Mazda 323	4.896	9.676	6.764	4.780	1.868
Toyota Corolla	5.094	10.068	7.038	4.974	1.944
Lada Samara	5.094	10.068	7.038	4.974	1.944
Volvo 440	6.056	11.969	8.641	5.913	2.585
Subaru	7.443	14.710	11.515	7.267	4.072

Að öllu samanlögðu svara breytingarnar á bensín- og bifreiðagjaldi til 0,3% lækkunar á framfærsluvísitölu miðað við forsendur fjárlaga. Áætlað er að heildaráhrif þessara breytinga hafi í för með sér að minnsta kosti *350 m.kr. minni tekjur á árinu 1990 en fjárlög gerðu ráð fyrir.*

Til upplýsingar má nefna að ákveðið var að afturkalla 8% hækkun á þungaskatti frá síðustu áramótum og jafnframt draga úr fyrirhugaðri hækkun 1. júlí þannig að hún verði 6% í stað 9%. Þetta hefur óbein áhrif til lækkunar á vísitölu ef til vill af stærðargráðunni 0,05%. Þessi áhrif hafa þó ekki verið metin inn í 0,3% lækkunina.

Fylgiskjal IV.

Bréf Trausta, félags sendibílstjóra, og Landssambands vörubifreiðastjóra til fjármálaráðherra.
(24. janúar 1990.)

Með tilkomu virðisaukaskatts á vöruflutninga hefur orðið veruleg hækkun á því hlutfalli sem ríkissjóður hefur af veltu hjá þeim aðilum sem þá vinnu stunda. Veltuhlutfallið er fyrir hefðbundna vörubifreið frá því að vera 10–15% fram að áramótum í það að vera 30–35% eftir áramót.

Og enn eru álögur auknar með tilkomu bifreiðagjalds samkvæmt lögum nr. 39/1988 og breytingu á þeim nú skömmu fyrir jól þar sem gjaldið var hækkað langt umfram vísitölu.

Í athugasemdum með frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 19/1988 er þess getið að ekki standi til að hækka tekjur af þungaskatti og bensíngjaldi eins og lög leyfa á þessu ári. Tekjur muni hækka um tæplega 100 millj. kr. í 1.200 millj. kr. sem þýðir 8–9% hækkun þessara gjalda á árinu í stað 25% eins og heimilt er samkvæmt lögum og er það vel.

En betra væri ef sú litla hækkun, sem nú stendur til, yrði viðvarandi og viljum við undirritaðir því skora á yður, herra fjármálaráðherra, að þær hækkanir, sem fram koma í nýrri reglugerð um þungaskatt nú um áramótin, verði lögbundnar sem nýr grunnur.

Enn fremur skorum við á yður að fá breytt lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, á þann hátt að bifreiðar í vöruflutningum verði undanþegnar bifreiðagjaldi þar sem þunga- og virðisaukaskattur sé ærinn og nóg gjaldtaka.

Rekstur vöruflutningabíla er oft og tíðum misjafn eins og annað í þessu þjóðfélagi. Þegar illa árar veldur há gjaldtaka ríkissjóðs af veltunni verulegri gremju manna meðan þeir berjast í bökkum við að halda í tæki sín í glímu við fjármögnunarleigur og lánastofnanir.

Enn fremur viljum við minna á skýrslu og niðurstöður vinnuhóps um endurskoðun á innheimtukerfi þungaskatts og/eða skattlagningu gasolíu, dags. í nóvember 1989, unnin á vegum ráðuneytis yðar og enn fremur áður send bréf og beiðnir undirritaðra varðandi þungaskattsmál.

Fylgiskjal V.

Svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Hreggviðs Jónssonar, 11. þm. Reykn., um bifreiðagjald.
(Þskj. 228, 136. mál, 112. löggjafarþing.)

Spurt er hvernig álagning bifreiðagjalds 1989 skiptist milli einstakra kjördæma. Til svars fyrirspurninni liggja fyrir eftirfarandi upplýsingar (upphæðir í kr.):

Reykjavík	307.807.963
Reykjanes	192.813.447
Vesturland	47.384.179
Vestfirðir	28.950.552
Norðurland vestra	35.280.519
Norðurland eystra	78.914.260
Austfirðir	46.376.655
Vestmannaeyjar	10.840.327
Suðurland	57.397.578
Samtals	805.765.480

Nd. 768. Breytingartillaga [265. mál]

við frv. til laga um ábyrgðadeild fiskeldislána.

Frá Jóni Sæmundi Sigurjónssyni.

Við 5. gr. 1. og 2. málsl. orðist svo: Fjármálaráðherra skal skipa fimm manna stjórnarnefnd, einn samkvæmt tilnefningu viðskiptaráðherra, einn samkvæmt tilnefningu landbúnaðarráðherra og þrjá án tilnefningar og skal formaður skipaður úr þeirra hópi. Jafnframt skulu skipaðir fimm varamenn með sama hætti.

Nd. 769. Nefndarálit [222. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 39/1988, um bifreiðagjald.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, liggur nú loks fyrir í endanlegri mynd, þ.e. með breytingartillögum þeim sem meiri hl. nefndarinnar leggur fram. Er þá lokið langri og krókóttri leið bifreiðagjalds í þetta sinn. Annar minni hl. er í sjálfu sér ekki andvígur þeirri tekjuöflun að leggja gjald á bifreiðar en hefur þó margt við framkvæmd þessarar skattlagningar að athuga og ekki síst það hvernig þessum skattpeningum skal varið.

Kvennalistakonur hefðu kosið að bifreiðagjald ákvarðaðist ekki einungis af þyngd bifreiða heldur einnig verðmæti. Með því móti væru tekjujöfnunaráhrif meiri en með því fyrirkomulagi sem nú er boðað. Einnig telja kvennalistakonur hæpið að leggja bifreiðagjald með fullum þunga á bifreiðar sem eru atvinnutæki þar sem skattlagning er ærin fyrir. En það sem vegur þó þyngst er að þrátt fyrir hækkun *allra bifreiðaskatta er dregið úr framlögum til vegamála.*

Samkvæmt nýjum upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu eru áætlaðar heildartekjur af bifreiðasköttum 5.395 m.kr. árið 1990, sjá fskj. Á fjárlögum fyrir árið 1990 eru framlög til vegamála 4.575 m.kr. Í fjáraukalögum fyrir árið 1990 var sú upphæð lækkuð um 79 millj. kr. Framlög til vegamála eru nú 4.496 m.kr.

Dæmið lítur þá svona út (í m.kr.):

Áætlaðar heildartekjur af bifreiðasköttum	5.395
Framlög til vegamála árið 1990	4.496
Mismunur	899

Þegar áætlaðar tekjur af bifreiðagjaldi eru um *100 m.kr. hærri* en þessi mismunur þykir 2. minni hl. fráleitt að styðja þetta frumvarp um bifreiðagjald þar sem ekkert af innheimtunni mun renna til vegamála heldur fara beint í ríkissjóð. Kvennalistakonur munu því greiða atkvæði gegn frumvarpinu.

Alþingi, 20. mars 1990.
Þórhildur Þorleifsdóttir.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneytið, tekju- og lagasvið:

Lækkun á sköttum af bifreiðum í tengslum við kjarasamninga.
(16. mars 1990.)

Í frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, voru veittar upplýsingar um áætlaðar tekjur ríkissjóðs af bifreiðagjöldum, þ.e. bensíngjaldi, þungaskatti og bifreiðagjaldi á árinu 1990.

Nú hefur verið ákveðið að leggja til að fallið verði frá hækkun á umræddum gjöldum að hluta vegna nýgerðra kjarasamninga. Miðað við það er reiknað með að tekjur ríkissjóðs á árinu 1990 verði eftirfarandi (í m.kr.):

Bifreiðagjald (sérstök hækkun 350 m.kr.)	1.000
Tekjur af þungaskatti	1.205
Tekjur af bensíngjaldi	3.190
Heildartekjur af bifreiðasköttum eru áætlaðar (bensíngjald, þungaskattur og bifreiðagjald)	5.395

Sþ. 770. Fyrirspurn [442. mál]

til dómsmálaráðherra um störf Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Frá Inga Birni Albertssyni.

1. Hversu margar kærur bárust Rannsóknarlögreglunni árin 1985–1989, sundurliðað eftir eðli brota?
2. Hve mörg þessara mála upplýstust?
3. Hversu mörg mál voru rannsökuð og hve mörg ekki?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 771. Fyrirspurn [443. mál]

til dómsmálaráðherra um meðferð mála hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Hver er venjulegur gangur mála hjá Rannsóknarlögreglunni frá því að kært er og skýrsla er tekin og þangað til máli telst lokið?

Eru brögð að því að kærumál séu látin liggja óafgreidd eftir skýrslutöku og engin frekari rannsókn fari fram. Sé svo, hver er skýringin á því?

Sþ. 772. Fyrirspurn [444. mál]

til samgönguráðherra um snjómokstur á Siglufjarðarleið.

Frá Jóni Sæmundi Sigurjónssyni.

1. Er það heppilegt fyrirkomulag að snjómokstursmaður þurfi að fara yfir 80 km leið frá Sauðárkróki í Fljót til að ryðja snjóþyngsta kaflann á svæðinu út á Siglufjörð?
2. Er það rétt að snjómokstursmaður á Siglufirði megi ekki hefja mokstursaðgerðir fyrr en byrjað er að ryðja úr Fljótum í átt til Siglufjarðar?
3. Hvers vegna er snjóblásari ekki staðsettur á Siglufirði?
4. Hver er hugsanlegur sparnaður ríkisins með því að fækka mokstursdögum um einn á viku á leiðinni Fljót-Siglufjörður?

Ed. 773. Frumvarp til laga [265. mál]

um ábyrgðadeild fiskeldislána.

(Eftir 3. umr. í Nd., 20. mars.)

1. gr.

Starfa skal sérstök deild við Ríkisábyrgðasjóð, er nefnist ábyrgðadeild fiskeldislána. Þegar ábyrgðadeild hefur hafið fulla starfsemi, en þó eigi síðar en 1. júlí 1990, tekur hún við öllum skuldbindingum og eignum Tryggingasjóðs fiskeldislána sem stofnaður var með lögum nr. 3 frá 13. janúar 1989. Sjóðurinn lýtur stjórn fjármálaráðherra.

2. gr.

Hlutverk ábyrgðadeildar fiskeldislána er að tryggja greiðslu eldislána, sem bankar og aðrar lánastofnanir veita eða útvega innlendum fiskeldisfyrirtækjum, þannig að rekstrar- og eldislán þeirra til fiskeldis geti numið allt að 75% af verðmæti eldisstofns. Skal það gert á þann hátt að deildin veitir sjálfskuldarábyrgð fyrir lánum, að hámarki 50% af verðmæti eldisstofns, til viðbótar við þau lán sem bankar og lánastofnanir veita viðkomandi fyrirtæki án ríkisábyrgðar. Heildarlán mega þó aldrei verða hærri en 75% af verðmæti eldisstofns. Heimilt er að veita sjálfskuldarábyrgðir fyrir lánveitingum banka og lánastofnana til hafbeitarfyrirtækja að uppfylltum skilyrðum skv. 2.–4. gr. laga þessara. Skal þá stjórnarnefnd deildarinnar móta sérstakar reglur fyrir veitingu slíkra sjálfskuldarábyrgða og skulu þær samþykktar af fjármálaráðherra í formi reglugerðar.

3. gr.

Hvert fiskeldisfyrirtæki getur fengið sjálfskuldarábyrgð fyrir allt að 50% af verðmæti eldisstofns til eins árs í senn þó aldrei lengur en samtals í fjögur ár. Á næstu tveimur árum á eftir lækkar hámarksábyrgð um sem næst helming á hvoru ári þar til sjálfskuldarábyrgð sjóðsins hverfur. Hámarkstími, sem fyrirtæki getur fengið sjálfskuldarábyrgð í, er sex ár. Heimildir til ábyrgðar skulu endurskoðaðar árlega af stjórnarnefnd deildarinnar.

4. gr.

Það er skilyrði fyrir veitingu sjálfskuldarábyrgðar að viðkomandi fiskeldisfyrirtæki fái samningsbundin eldislán frá banka eða öðrum lánastofnunum án ríkisábyrgðar og að fyrirtækið hafi þær tryggingar sem fullnægja skilyrðum lánastofnunarinnar. Stjórnarnefnd sjóðsins getur sett frekari skilyrði um vátryggingar. Ábyrgðadeildin skal taka veð í eldisstofni fyrir sjálfskuldarábyrgðum sem hún veitir.

5. gr.

Fjármálaráðherra skal skipa fimm manna stjórnarnefnd, einn samkvæmt tilnefningu viðskiptaráðherra, einn samkvæmt tilnefningu landbúnaðarráðherra og þrjá án tilnefningar og skal formaður skipaður úr þeirra hópi. Jafnframt skulu skipaðir fimm varamenn með sama hætti. Stjórnarnefndin fjallar um allar umsóknir um sjálfskuldarábyrgðir samkvæmt lögum þessum og afgreiðir þær á grundvelli ítarlegs mats á stöðu og rekstraröryggi viðkomandi fyrirtækis. Fyrirtæki koma því aðeins til álita við veitingu sjálfskuldarábyrgða að grundvöllur teljist vera fyrir rekstri þeirra til lengri tíma. Stjórnarnefndin skal samþykkja kjör og form lána sem sjálfskuldarábyrgð er veitt fyrir.

6. gr.

Fjármálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum stjórnarnefndar, þau iðgjöld sem greidd skulu fyrir veitingu sjálfskuldarábyrgða. Iðgjöld skulu við það miðuð að deildin sé rekin hallalaus. Tekjuafgangur leggst í sérstakan varasjóð. Skal honum varið til greiðslu þeirra ábyrgðaskuldbindinga sem á ábyrgðadeildina kunna að falla. Ef ekki er fé fyrir hendi í varasjóði til greiðslu krafna þá skal það sem á vantar greitt úr Ríkisábyrgðasjóði.

7. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerðum nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um starfsreglur stjórnarnefndar, tryggingar, iðgjöld, innlausn krafna, meðferð og innheimtu innleystra krafna og sjálfskuldarábyrgðir á lánveitingum banka og lánastofnana til hafbeitarfyrirtækja.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög þessi falla úr gildi í árslok 1999. Sama gildir um sjálfskuldarábyrgðir veittar á grundvelli þeirra.

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi 3. málsl. 1. mgr. 22. gr., 3. mgr. 22. gr. og setningarhlutinn „og nánari reglur um álagningu og innheimtu gjalda skv. 22. gr. ef til þess kemur“ úr 1. mgr. 23. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, sbr. lög nr. 3 1989, um breyting á þeim. Skuldaviðurkenningar sem fiskeldisfyrirtæki hafa gefið út vegna áhættugjalds á grundvelli sömu lagaheimilda falla einnig úr gildi. Hinn 1. júlí 1990 fellur úr gildi II. kafli laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, sbr. lög nr. 3/1989, um breyting á þeim. Ábyrgðir Framkvæmdasjóðs Íslands, sem byggjast á einfaldri ábyrgð Tryggingasjóðs fiskeldislána, falla niður samhliða því að Tryggingasjóður fiskeldislána er lagður niður.

Nd. 774. Frumvarp til laga [222. mál]

um breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald.

(Eftir 2. umr. í Nd., 20. mars.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Bifreiðagjald skal vera 3,91 kr. fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd bifreiðar. Sé bifreið þyngri en 1.000 kg skal að auki greiða 1,96 kr. fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd bifreiðar sem er umfram 1.000 kg. Þó skal aldrei greiða lægra gjald en 2.000 kr. né hærra gjald 11.500 kr. af hverri bifreið á hverju gjaldtímabili, sbr. 1. mgr. 3. gr.

2. gr.

Lokamálsliður 5. gr. laganna orðist svo: Grunngjöld bifreiðagjalds og lágmarksgjalds eru miðuð við vísitölu 1. júní 1990.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1990. Þó skal ákvæði til bráðabirgða I öðlast þegar gildi og innheimta bifreiðagjalds samkvæmt því koma til framkvæmda fyrir gjaldtímabilið 1. janúar 1990 til 30. júní 1990.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Bifreiðagjald fyrir gjaldtímabilið 1. janúar 1990 til 30. júní 1990 skal vera 3,40 kr. fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd bifreiðar. Sé bifreið þyngri en 1.000 kg skal að auki greiða 1,70 kr. fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd bifreiðar sem er umfram 1.000 kg. Þó skal aldrei greiða lægra gjald en 1.700 kr. né hærra gjald en 10.000 kr. af hverri bifreið á hverju gjaldtímabili, sbr. 1. mgr. 3. gr.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 3. gr. skal gjalddagi og eindagi fyrir gjaldtímabilið 1. júlí 1990 til 31. desember 1990 vera 1. október 1990.

Nd. 775. Nefndarálit [419. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 32/1978, um hlutafélög, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt. Matthías Bjarnason var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. mars 1990.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, varaform., frsm.	Þórhildur Þorleifsdóttir, fundaskr.	Friðrik Sophusson.
Sverrir Sveinsson.	Guðmundur G. Þórarinsson.	Ragnar Arnalds.

Sþ. 776. Svar [399. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Þórhildar Þorleifsdóttur um hagsmunaárekstra í stjórnum peningastofnana ríkisins.

1. *Hverjir þeirra sem sitja í stjórnum peningastofnana ríkisins, sbr. þskj. 550 á þessu þingi, eiga jafnframt verulegan hlut í, vinna hjá eða sitja í stjórnum fjármála- og atvinnufyrirtækja sem eiga mikil viðskipti við peningastofnanir ríkisins eða eru í samkeppni við þær?*

Vísað er til þskj. 550 en þar er að finna þær upplýsingar sem viðskiptaráðuneytinu hefur tekist að afla um störf og aukastörf umræddra stjórnarmanna. Ekki liggja fyrir upplýsingar um viðskipti fyrirtækja sem þeim eru tengd.

2. *Hvernig er háttað eftirliti ráðuneytisins með því að ekki eigi sér stað hagsmunaárekstrar í þeim stjórnum peningastofnana sem undir það heyra? Hvernig skilgreinir ráðuneytið „hagsmunaárekstur"? Hefur það sett einhverjar reglur til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra eða ríkja einhverjar vinnuvenjur þar að lútandi í ráðuneytinu? Hve oft hefur það gert athugasemdir um hættu á hagsmunaárekstrum í stjórnum peningastofnana á undanförnum fimm árum?*

Ráðuneytið hefur ekki eftirlit *ex officio* með því hvort stjórnarmenn í peningastofnunum, sem undir ráðuneytið heyra, séu almennt vanhæfir til starfans. Tekið skal fram að stjórnarmenn eru í langflestum tilvikum ekki valdir af viðskiptaráðherra.

Í lögum eru ekki ákvæði um hæfi eða almennt vanhæfi manna til þess að sitja í slíkum stjórnum en gera verður þá kröfu til þeirra aðila sem kjósa eða tilnefna stjórnarmenn að þeir gæti þess að velja ekki menn sem eðli máls samkvæmt kunna að vera vanhæfir til starfans sökum mikilla viðskipta eða samkeppni við viðkomandi stofnanir.

Hins vegar er í lögum ákvæði um vanhæfi til meðferðar einstaks máls. Var lögum um viðskiptabanka og lögum um sparisjóði breytt á síðasta vori að frumkvæði viðskiptaráðherra, sbr. lög nr. 32/1989 og nr. 34/1989. Þar er að finna samhljóða ákvæði um vanhæfi til meðferðar einstaks máls, sbr. 3. gr. laga nr. 32/1989 (2. mgr. 33. gr. laga nr. 86/1985) og 7. gr. laga nr. 34 1988 (3. mgr. 38. gr. laga nr. 87/1985, um sparisjóði) og segir þar að bankaráðsmenn (stjórnarmenn sparisjóðs) og varamenn þeirra „skulu ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga hlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í. Sama gildir um þátttöku

stjórnarmanna í meðferð máls er varða aðila sem eru þeim tengdir, persónulega eða fjárhagslega".

Ráðuneytið mun hafa eftirlit með framkvæmd þessara ákvæða á þann hátt að það tekur við kærum eða kvörtunum um að gegn þeim hafi verið brotið og kveður upp úrskurði um hvort rétt hafi verið staðið að afgreiðslu einstakra ákvarðana. Getur ráðuneytið þá eftir eðli máls veitt viðkomandi stjórn ávítur og lagt fyrir hana að taka upp breytt vinnubrögð og í einstökum tilvikum lagt fyrir stjórnina að taka ákvörðun fyrir á nýjan leik án þátttöku þess stjórnarmanns sem vanhæfur er. Þá er einnig rétt að geta hér 139. gr. almennra hegningarlaga sem fjallar um refsingu við misnotkun manns í opinberu starfi á stöðu sinni sér eða öðrum til ávinnings.

Ráðuneytið telur að stjórnarmönnum í peningastofnunum eigi að vera framangreind ákvæði kunn og með tilvísun til þeirra muni þess almennt vera gætt í stjórnum peningastofnana að ákvarðanir séu ekki teknar með þátttöku stjórnarmanna sem vanhæfir eru til þátttökunnar vegna þess að hagsmunir þeirra og hagsmunir stofnunarinnar rekist á. Ef það gerist hins vegar er reiknað með því að einhver annarra stjórnarmanna eða annar aðili, sem með málinu fylgist, muni gera við það athugsemd og vekja athygli ráðuneytisins á ólöglegri afgreiðslu þess. Ráðuneytið telur erfitt að koma annarri skipan við hvað þetta atriði snertir.

Eins og að framan greinir eru ákvæðin nýlega sett og ráðuneytinu hafa ekki borist kærur vegna brota á þeim. Því hafa enn ekki myndast neinar vinnureglur í ráðuneytinu um meðferð kærumála, en þær munu væntanlega þróast eftir því sem kærumál berast og álitaefni eru úrskurðuð.

Slík er reynslan af ákvæðum svipaðs eðlis á öðrum sviðum stjórnsýslunnar, sbr. t.d. áhrif úrskurðar félagsmálaráðuneytisins um framkvæmd sveitarstjórnarlaga þar sem ráðuneytið hefur með úrskurðum sínum smám saman þróað verklagsreglur um framkvæmd sveitarstjórnarmála.

3. *Óskað er sömu upplýsinga og tilgreindar eru í 2. tölul. um bankaeftirlitið, bankaráðin og stjórnir sparisjóða, eftir því sem við á.*

Svarið er hið sama og við 2. lið.

Ed. 777. Frumvarp til laga [445. mál]

um breytingu á sjómannalögum, nr. 35/1985.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

81. gr. laganna falli brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

81. gr. sjómannalaga hljóðar svo:

Ef skipverji rís upp á móti skipstjóra eða þeim manni sem er í skipstjóra stað eða skorast undan hlýðni við þá en beitir þó eigi ofbeldi eða ógnar með því sætir hann sektum eða varðhaldi ef sakir eru miklar.

Hið sama gildir ef skipverji óhlýðnast réttmætum fyrirmælum hvers þess yfirmanns sem segja má honum fyrir verkum.

Ákvæðið byggist fyrst og fremst á því ríkjandi viðhorfi í íslensku þjóðfélagi að tryggja beri öryggi sjófarenda svo sem unnt er. Því er ætlað að treysta og styrkja aðstöðu skipstjórnarmanns (skipstjóra eða þess yfirmanns sem málið snertir hverju sinni) við að koma skipi í örugga höfn eða var þegar hættu ber að höndum eða bjarga að öðru leyti mönnum og skipi úr háska. Samkvæmt áliti formanns nefndarinnar, sem samdi gildandi sjómannalög, kemur fram að samkvæmt viðurkenndum lögskýringarviðhorfum yrði greinin ekki látin ná til venjulegra starfa undir venjulegum kringumstæðum. Ákvæðið eigi því ekkert skylt við nauðungarvinnu eða bann við henni í alþjóðlegum sáttmálum.

Ísland fullgilti árið 1960 alþjóðasamþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 105 1957 um afnám nauðungarvinnu. Í skýrslu sérfræðinganefndar stofnunarinnar hefur nefndin um árabil gert athugasemd varðandi Ísland vegna þessa ákvæðis og óskað eftir niðurfellingu þess. Nefndin telur framangreinda skýringu íslenskra stjórnvalda á tilurð og tilgangi ákvæðisins ekki réttlæta tilvist þess þar sem gildissvið ákvæðisins sé ekki takmarkað við atvik sem hafa í för með sér hættu fyrir skipið eða líf og heilsu sjófarenda.

Í ljósi framangreindra athugasemda Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og Evrópuráðsins hefur félagsmálaráðuneytið farið þess eindregið á leit að umrædd grein verið felld niður.

Þar sem umrætt ákvæði er talið brjóta gegn alþjóðasamþykkt sem Ísland hefur fullgilt og önnur ákvæði sjómannalaga tryggja agavald skipstjóra þegar skip er statt í háska eða þegar nauðsynlegt er í öðrum tilvikum að halda góðri reglu á skipinu og enn fremur með tilliti til þess að umræddri 81. gr. laganna hefur ekki verið beitt er hér lagt til að það verði niður fellt.

Nd. 778. Nefndarálit [355. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7/1975, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, sbr. lög nr. 56/1986.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt án breytinga.

Alþingi, 21. mars 1990.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Ólafur G. Einarsson, fundaskr.	Guðni Ágústsson.
Sighvatur Björgvinsson.	Friðjón Þórðarson.	Ingi Björn Albertsson.
	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.	

Nd. 779. Nefndarálit [241. mál]

um frv. til l. um kyrrsetningu, lögbann o.fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndinni bárust umsagnir um frumvarpið frá Dómarafélagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands og Sýslumannafélagi Íslands. Gerðu þessi félög engar athugasemdir við það. Markús Sigurbjörnsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, var kallaður á fund nefndarinnar til viðræðna um efni frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt án breytinga.

Alþingi, 21. mars 1990.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Ólafur G. Einarsson, fundaskr.	Guðni Ágústsson.
Sighvatur Björgvinsson.	Friðjón Þórðarson.	Ingi Björn Albertsson.
	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.	

Sþ. 780. Svar [358. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Hreggviðs Jónssonar um lán Byggingarsjóðs ríkisins.

1. Fjöldi umsókna sem enn er ósvarað hvað varðar lánsrétt.

Um mánaðamótin janúar/febrúar 1990 voru um 2.300 umsóknir fyrirliggjandi þar sem lánsréttur hafði ekki verið ákveðinn.

2. Upplýsingar um dagsetningu umsókna sem er ósvarað.

Af þessum 2.300 umsóknum bárust tæplega 2.000 á tímabilinu 1. janúar 1989 til 31. janúar 1990. Um 300 umsóknir eru frá fyrri tíð en gögn vegna þessara umsókna hafa ekki borist þrátt fyrir ítrekanir. Ljóst er að stórum hluta þeirra umsókna verður synjað.

Þessar 2.000 umsóknir, sem bárust frá 1. janúar 1989 til 31. janúar 1990 og eru óafgreiddar, skiptast þannig eftir mánuðum:

Árið 1989:	
Janúar	19
Febrúar	29
Mars	36
Apríl	138
Maí	186
Júní	172
Júlí	206
Ágúst	244
September	242
Október	268
Nóvember	177
Desember	110
Árið 1990:	
Janúar	142
Samtals	2.000

3. Fjöldi umsókna sem eru lánshæfar en hafa ekki verið afgreiddar.

Samtals 3.587 umsóknir, sem bárust stofnuninni í neðangreindum mánuðum, hafa ekki verið afgreiddar með lánsloforði:

	1987	**1988**	**1989**
Janúar		99	225
Febrúar		97	262
Mars		90	199
Apríl		87	161
Maí		93	82
Júní		102	75
Júlí		289	38
Ágúst		335	66
September		265	37
Október	4	213	40
Nóvember	127	231	51
Desember	127	158	34
Samtals	258	2.059	1.270

4. Fjöldi lánsloforða sem send hafa verið umsækjendum en ekki komið til útborgunar.

Samtals 2.847 umsóknum, sem bárust stofnuninni í neðangreindum mánuðum, hefur verið svarað með lánsloforðum:

	1987	1988
Janúar		326
Febrúar		288
Mars	35	274
Apríl	76	221
Maí	84	231
Júní	63	181
Júlí	77	
Ágúst	97	
September	270	
Október	298	
Nóvember	145	
Desember	181	
Samtals	1.326	1.521

5. Áætluð fjárþörf vegna umsókna sem ósvarað er, umsókna sem svarað hefur verið með tilkynningu um lánsrétt og þeirra sem svarað hefur verið með lánsloforði.

	Fjöldi umsókna	Áætluð fjárþörf
Ósvarað:	2.300	5 milljarðar kr.
Lánshæfar:	3.587	9 milljarðar kr.
Lánsloforð:	2.847	7 milljarðar kr.
Samtals	8.634	21 milljarður kr.

6. Áætlun um lánveitingar.

Húsnæðismálastjórn hefur nýlega samþykkt að hefja útsendingu lánsloforða til umsækjenda sem eiga íbúðir (víkjandi hópur) og lögðu inn umsóknir á tímabilinu 17. október 1987 til 31. desember 1987. Þessir umsækjendur fá fyrri hluta láns á tímabilinu febrúar til maí 1991 og seinni hluta sex mánuðum síðar. Auk þess verða afgreiddir seinni hlutar á árinu 1991 vegna fyrri hluta sem verða til greiðslu seinni hluta árs 1990. Frekari ákvarðanir um útsendingu lánsloforða á árinu 1991 hafa ekki verið teknar.

Þegar hafa verið send lánsloforð til þeirra umsækjenda sem eru að eignast sína fyrstu íbúð (forgangshópur) og lögðu inn umsóknir fyrir 1. júlí 1988. Lánsloforð vegna umsókna, sem bárust í júní 1988, eru til greiðslu í október 1990 (fyrri hluti).

Sþ. 781. Fyrirspurn [446. mál]

til fjármálaráðherra um gjöld fyrir lækninga- og sérfræðileyfi.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

Hvaða forsendur liggja til grundvallar skyndilegri hækkun á gjaldi fyrir lækningaleyfi úr 4.000 í 50.000 kr. og fyrir sérfræðileyfi úr 14.300 í 75.000 kr.?

Nd. 782. Frumvarp til laga [447. mál]

um breytingu á vaxtalögum, nr. 25/1987.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

1. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Ekki er heimilt að leggja áfallna dráttarvexti við höfuðstól skuldar og reikna nýja dráttarvexti af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og vaxta eða reikna aðra vaxtavexti af skuld.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi öll önnur lagaákvæði um vaxtavexti af skuldum. Frá og með birtingardegi laga þessara er óheimilt að leggja áfallna dráttarvexti við höfuðstól ógreiddra eða óuppgerðra skulda.

Greinargerð.

Þetta frumvarp til laga er lagt fram til þess að freista þess að draga úr vaxtaokri á Íslandi. Með vaxtalögum frá 1987 komu ný ákvæði í lög á Íslandi um heimild til að leggja áfallna dráttarvexti við höfuðstól skuldar og reikna nýja dráttarvexti af samanlagðri fjárhæðinni. 12. gr. vaxtalaganna hljóðar nú svo:

„Áfallnir dráttarvextir skulu lagðir við höfuðstól skuldar og nýir dráttarvextir reiknaðir af samanlagðri fjárhæð ef vanskil standa lengur en 12 mánuði. Aldrei skal reikna slíka vaxtavexti oftar en á 12 mánaða fresti."

Þetta ákvæði vaxtalaganna hefur orðið allt of mörgum Íslendingum þungt í skauti. Einstaklingar, fjölskyldur og fyrirtæki hafa misst eigur sínar og fjölmargir jafnvel orðið gjaldþrota vegna þess. Mikil verðmæti hafa verið færð til í þjóðfélaginu í skjóli 12. gr. vaxtalaganna.

Þegar greiddir eru dráttarvextir á Íslandi falla um leið niður allir almennir vextir af skuldinni ásamt verðbótum og öðru umsömdu álagi, sjá dæmi. Þess vegna eru dráttarvextir jafnan hafðir hærri en samanlagðir þeir vextir og verðbætur sem þá falla niður. Þannig er lánardrottni tryggð betri staða á skuld sinni en vextir og verðbætur ná samanlagt. Það er þess vegna í engu samræmi við andann á bak við lögin að dráttarvextir verði jafnframt nýr höfuðstóll skuldar við hver áramót og beri sjálfstæða vexti áfram. Með þessu móti vaxa skuldir svo hratt að engar eðlilegar hækkanir á launum eða verðlagi ná að halda í við þennan okurvöxt. Flutningsmaður þekkir enga löglega atvinnugrein á Íslandi sem stendur undir vöxtum af þessu tagi, enda telur flutningsmaður að einungis sé til ein tegund af vöxtum í hverju landi: Þeir vextir sem fólkið og fyrirtæki þess ráða við að greiða á hverjum tíma. Við þá getu verður að miða alla vexti og ekki síst dráttarvexti. Svo einfalt er það ef við ætlum að halda myndarlegu atvinnulífi og farsælu fjölskyldulífi hjá fólkinu í landinu.

Hér eru því miklir hagsmunir í húfi. Miklu meiri en svo að íslensk lög geti verndað fáeinar stofnanir og fyrirtæki í landinu og nokkra okurkarla á þennan hátt. Allar þessar stofnanir eiga vissulega meira og minna rétt á sér en hagsmunir fjöldans hljóta að sitja í fyrirrúmi þrátt fyrir allt.

Hér eru birt þrjú dæmi um mismunandi upphæð vaxta af skuld að fjárhæð 1.000.000 kr. frá 1. janúar 1986; með 8,3% ársvöxtum og verðtryggingu, með dráttarvöxtum sem bætt er við höfuðstól skuldar um hver áramót (vaxtavextir), með flötum dráttarvöxtum sem ekki eru lagðir við höfuðstól (án vaxtavaxta).

Dæmi A. 8,3% vextir og verðtrygging (skuld í skilum):

	Höfuðstóll+vextir	*Vextir og verðbætur*
Árið 1986	1.000.000 kr.	
Árið 1987	1.310.074 kr.	310.074 kr.
Árið 1988	1.518.899 kr.	518.899 kr.
Árið 1989	1.802.353 kr.	802.353 kr.
Árið 1990	2.200.141 kr.	1.200.141 kr.

Dæmi B. Dráttarvöxtum bætt við höfuðstól (vaxtavextir):

	Höfuðstóll + dráttarvextir	*Dráttarvextir og vaxtavextir*
Árið 1986	1.000.000 kr.	
Árið 1987	1.305.000 kr.	305.000 kr.
Árið 1988	1.777.410 kr.	777.410 kr.
Árið 1989	2.557.692 kr.	1.557.692 kr.
Árið 1990	3.475.904 kr.	2.475.904 kr.

Dæmi C. Dráttarvöxtum ekki bætt við höfuðstól (flatir vextir):

	Höfuðstóll + dráttarvextir	*Dráttarvextir án vaxtavaxta*
Árið 1986	1.000.000 kr.	
Árið 1987	1.305.000 kr.	305.000 kr.
Árið 1988	1.667.000 kr.	667.000 kr.
Árið 1989	2.106.000 kr.	1.106.000 kr.
Árið 1990	2.465.000 kr.	1.465.000 kr.

Hér er um mikinn vaxtamun að ræða í dæmi C (flatir vextir) og dæmi B (vaxtavextir):

Árið 1987, eftir 1 ár	0 kr.
Árið 1988, eftir 2 ár	110.410 kr.
Árið 1989, eftir 3 ár	451.692 kr.
Árið 1990, eftir 4 ár	1.010.904 kr.

Þannig munar rúmri milljón króna í vexti á fjórum árum af einnar milljón króna skuld ef leyft er að reikna vaxtavexti með því að leggja vexti við höfuðstól skuldar um hver áramót. Það eru miklir peningar og allt of hátt hlutfall. Það þarf rífandi tekjur til að standa undir greiðslum af þessu tagi Munurinn er það mikill að fyrir marga er það vonlaust verk að greiða skuld með vaxtavöxtum. Þannig ýta vaxtavextir af skuldum undir að fólk og fyrirtæki tapi eignum sínum um síðir og verði gjaldþrota. Almenningur tapar á þessum vöxtum.

Það hefur verið þungt fyrir fæti í þjóðfélaginu síðustu missiri og margir hafa safnað skuldum á þeim tíma. Íslendingar binda nú miklar vonir við nýja kjarasamninga og að nú taki

loks að rofa til í efnahagsmálum. Eftir sem áður eru fjölmargir landsmenn og fyrirtæki með skuldabagga á bakinu sem verður að greiða fyrr eða síðar.

Vaxtavextir í lögum eru hrein atlaga að þessu fólki og þessum fyrirtækjum. Þeir binda fjölmarga Íslendinga áfram við skuldaklafann með öllum þeim afleiðingum sem það kann að hafa í för með sér fyrir efnahag fólksins og fyrirtækjanna og ekki síður áhrifin á hamingju og heilsu þeirra sem þarna eiga hlut að máli og jafnvel er um líf og dauða að tefla eins og dæmin sanna því miður.

Að afnema þessa vaxtavexti í lögum hefur ekki áhrif á sparifé landsmanna því að hér er eingöngu um að ræða vexti af skuldum. Hér er því kjörin leið til að draga úr vaxtaokrinu án þess að skerða nokkuð eðlilega fengið sparifé landsmanna. Það er kjarni málsins fyrir sparifjáreigendur.

Sþ. 783. Fyrirspurn [448. mál]

til dómsmálaráðherra um fíkniefnaneyslu unglinga.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Hvernig hyggjast stjórnvöld bregðast við sívaxandi fíkniefnaneyslu unglinga sem fjölmiðlar flytja fréttir af þessa dagana? Eru þær fréttir réttar að rekin sé umfangsmikil dreifingarstarfsemi á fíkniefnum í framhaldsskólum og félagsmiðstöðvum unglinga og til hvaða ráða hyggjast lögregluyfirvöld grípa? Hefur lögreglan orðið vör við vaxandi ofbeldi meðal unglinga sem rekja má til fíkniefnasölu og fíkniefnaneyslu?

Sþ. 784. Tillaga til þingsályktunar [449. mál]

um jöfnun orkukostnaðar.

Flm.: Friðjón Þórðarson, Alexander Stefánsson, Eiður Guðnason, Skúli Alexandersson, Ingi Björn Albertsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Alþingi ályktar að beina þeirri áskorun til ríkisstjórnarinnar að markvisst verði unnið að jöfnun orkukostnaðar í landinu og stefnt að því að allir landsmenn greiði sama orkuverð óháð búsetu.

Greinargerð.

Á aðalfundi SSV, Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, sem haldinn var í Borgarnesi 10.–11. nóvember 1989, var einróma samþykkt að beina þeirri áskorun til Alþingis og ríkisstjórnar að markvisst verði unnið að jöfnun húshitunarkostnaðar í landinu og stefnt að því að allir landsmenn greiði sama orkuverð óháð búsetu. Samtökin telja þetta vera mjög brýnt mál til jöfnunar lífskjara og mjög vel til þess fallið að auka jöfnuð og styrkja búsetu á landsbyggðinni.

Í tillögunni, eins og hún var samþykkt á aðalfundi SSV, er að vísu aðeins rætt um jöfnun húshitunarkostnaðar. Vissulega er það veigamikill þáttur í jöfnun aðstöðu. En jöfnun orkukostnaðar er víðtækari því að hún tekur einnig til annars konar nýtingar orkunnar, þ.e. til atvinnuveganna. Rétt þykir að skoða málið allt í samhengi. Tillagan er því flutt hér óbreytt að öðru leyti en því að hér er fjallað um jöfnun orkukostnaðar í stað húshitunarkostnaðar eingöngu.

Þetta mál er ekki nýtt af nálinni. Um það hefur margt verið rætt og ritað á undanförnum árum. Á Alþingi hefur málinu verið hreyft hvað eftir annað, þing eftir þing. Tillögur, frumvörp og fyrirspurnir hafa verið settar fram, ræddar og reifaðar af miklum móði. Málið hefur verið viðfangsefni margra ríkisstjórna. Einstakir þingmenn og þingflokkar hafa fjallað um það fram og til baka. Vissulega hafa ýmsar leiðréttingar verið gerðar sem ganga í rétta átt. En þær hafa allar verið sama marki brenndar að því leyti að þær hafa gengið allt of skammt.

Meginforsenda þess, að fólk vilji og geti búið í strjálum byggðum landsins, er næg atvinna og að fólk búi við svipaða aðstöðu hvað snertir öflun brýnustu lífsnauðsynja. Nú er orkunotkun orðin svo mikil og almenn að verðið á orkunni vegur þungt og skiptir miklu máli á búreikningi hverrar fjölskyldu. Það getur jafnvel ráðið úrslitum um það hvar fjölskyldan ákveður að velja heimili sínu stað til frambúðar.

Til þess að hægt sé að gera verulegt átak í jöfnun orkuverðs þarf að sjálfsögðu vilja meiri hluta alþingismanna og ríkisstjórnar og svo vel vill til að nægar heimildir eru fyrir hendi sem hafa að geyma ótvíræðar viljayfirlýsingar íslenskra stjórnmálamanna um þessi efni. Verður hér á eftir vitnað í nokkur sýnishorn úr ríkisstjórnarsáttmálum og yfirlýsingum alþingismanna og stjórnmálaflokka, einkum frá síðustu árum.

Úr málefnasamningi ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar frá 28. september 1988 eru eftirfarandi glefsur teknar:

„Höfuðverkefni hennar er að treysta grundvöll atvinnulífsins, stöðu landsbyggðarinnar og undirstöðu velferðarríkis á Íslandi."

„Að framfylgja árangursríkri byggðastefnu, sem komi betra jafnvægi á byggðaþróun í landinu."

„Gerðar verða ráðstafanir til jöfnunar á flutningskostnaði og kostnaði við síma, húshitun og skólagöngu."

Í endurnýjuðum málefnasamningi ríkisstjórnar Steingríms Hermannsonar frá 10. september 1989 segir í inngangi að samkomulag hafi orðið um að geta einungis helstu áhersluatriða í sérstöku samkomulagi um stjórnarsamstarf, en vísa að öðru leyti til málefnasamnings fráfarandi ríkisstjórnar. Eitt af áhersluatriðunum er þetta:

„Endurskoða verðmyndun á orku með það að markmiði að jafna orkuverð og efla innlendan orkubúskap."

Flokksþing og miðstjórnarfundir Framsóknarflokksins hafa lagt sérstaka áherslu á jöfnun orkuverðs í landinu.

Nefnd þingflokks Framsóknarflokksins um efnahags-, atvinnu- og byggðamál skilaði áliti í október 1989. Þar segir svo m.a. um byggðamál:

„Landsbyggðin býr nú við framleiðslutakmarkanir í meginhluta atvinnustarfsemi sinnar á sama tíma og atvinnulíf höfuðborgarsvæðisins er að langmestu leyti frjálst.

Verði ekki þegar snúist gegn byggðaröskun af þessum sökum með róttækum aðgerðum eru gífurlegir tilflutningar fólks af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins fyrirsjáanlegir sem verða munu þjóðfélaginu mjög kostnaðarsamir og draga úr hagvexti.

Slíkir búferlaflutningar koma til með að hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér fyrir þjóðfélagið í heild. Því er nú nauðsynlegt að gera róttækar ráðstafanir sem stuðla að sem skynsamlegastri byggðaþróun í landinu."

Og í 7. og 8. tölul. ályktunar um iðnað stendur:

7. Landsvirkjun og Rafmagnsveitur ríkisins verði sameinaðar í eitt orkuöflunar- og dreifingarfyrirtæki og raforkuverð verði það sama til allra dreifiveitna. Stefnt verði að því að raforkuverð í smásölu verði jafnað til sambærilegrar notkunar.
8. Raforkutaxtar verði endurskoðaðir með tilliti til nýtingartíma og orkunotkunar.

Umrætt nefndarálit var samþykkt í heild á síðasta miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins.

Kjördæmisþing Alþýðuflokksins í Vesturlandskjördæmi, haldið í Röst á Akranesi 30. september 1989, samþykkti stjórnmálaályktun, er birtist í Alþýðublaðinu 10. okt. sl. Þar segir svo í 4. tölul.:

„Kjördæmisráðið beinir því til iðnaðarráðherra, að hann vinni ötullega að jöfnun orkuverðs í landinu, enda er það ein meginforsenda áframhaldandi búsetu fólks á landsbyggðinni. Sama orkuverð á að gilda um land allt án tillits til búsetu."

Í fórum Sjálfstæðisflokksins er að finna margar ályktanir frá ýmsum tímum sem hníga í þá átt að landsmenn allir eigi að njóta sambærilegra lífskjara og þæginda. Í landsfundarsamþykkt frá 1953 segir svo m.a.:

„Fundinum er ljóst, að raforkan er eitt mikilsverðasta atriðið til þess að skapa lífsþægindi og vinna gegn því, að fólkið flytji úr sveitum og kauptúnum landsins til kaupstaðanna. Allir hugsandi menn skilja þá þjóðfélagslegu nauðsyn, að jafnvægi megi verða í byggðum landsins og að framtíð þjóðarinnar veltur á því, að landið verði ræktað og að sveitirnar byggist. En það verður bezt tryggt með því að fólkið úti um byggðir landsins njóti ekki lakari lífskjara og þæginda en íbúar kaupstaðanna."

Sjálfstæðisflokkurinn varð 60 ára á síðasta ári. Þá var 28. landsfundur flokksins haldinn. Landsfundur hefur æðsta vald í málefnum flokksins. Í ályktun fundarins um byggðamál segir svo m.a.:

„Leitast verði við að bæta aðstöðu fólks til að njóta opinberrar þjónustu hvar sem menn búa á landinu. Verð á raforku og símaþjónustu verði jafnað ...

Sjálfstæðisflokkurinn vill treysta búsetu í landinu og jafna aðstöðu í landshlutunum með markvissum aðgerðum. Í því gegna sveitarfélögin viðamiklu hlutverki ...

Borg og byggð eiga að vaxa og dafna eðlilega og styðja hvort annað."

Um orkumál ályktaði landsfundurinn svo m.a.:

„Orkuveitum landsins verði búin sambærileg rekstrarskilyrði, svo þau geti stundað eðlilega samkeppni og veitt viðskiptamönnum sem bezta þjónustu við sem lægstu verði. Lögð verði áherzla á að lækka húshitunarkostnað, þar sem hann er hæstur."

Hér að framan eru aðeins nefnd örfá dæmi af fjölmörgum sem skráðar heimildir hafa að geyma um orð og yfirlýsingar íslenskra stjórnmálamanna. Hníga þær yfirleitt allar í þá átt að styrkja byggðir landsins, jafna aðstöðu landsmanna, hvar sem þeir hafa búsetu, og byggja landið allt. Það virðist því vera mjög víðtæk samstaða meðal ráðamanna þjóðarinnar í þessum efnum hvar í flokki sem þeir standa. Það skortir aðeins á að samræma orð og athafnir, fyrirheit og framkvæmdir.

Það er sagt að enginn einn þáttur valdi jafnmikilli mismunun í kjörum fólks hérlendis og ójafn húshitunarkostnaður. Mætti þetta vera hugstætt öllum þeim sem á liðnum árum hafa barist fyrir jafnvægi í byggð landsins.

Í *Raforku*, fréttariti Sambands íslenskra rafveitna, 4. tbl., 1. árg., desember 1989, er viðtal við Kristján Haraldsson, orkubússtjóra Vestfjarða. Þar segir m.a.:

„Það er brýn nauðsyn til að ná frekari jöfnun í húshitunarkostnaði landsmanna strax og ég skora á alla þá sem einhvers mega sín að leggja þessu máli lið.

Lesendur góðir. Við skulum minnast þess að ef við ætlum að lifa sem ein þjóð í þessu landi, í sátt og samlyndi, þá verður að skipta gæðum landsins sem jafnast meðal allra íbúanna."

Kristján Jónsson, rafmagnsveitustjóri ríkisins, segir svo í formála fyrir ársskýrslu Rafmagnsveitna ríkisins 1988:

„Dreifing raforku og hagkvæm nýting hennar er undirstaða velferðarþjóðfélagsins. Nánast allir hlutir bæði í atvinnulífi og á heimilum eru háðir raforkunni. Gæði raforkunnar og þjónustan í dreifingunni eru því lykillinn að betra mannlífi."

Hér er fast að orði kveðið, en þó ekkert ofsagt. Það sýnir og sannar hversu nauðsynlegt það er og aðkallandi að allir landsmenn hafi aðgang að þessum gæðum á sambærilegu og viðhlítandi verði hvar sem þeir eiga heima í byggðum landsins. Enn vantar mikið á að

landsmenn sitji allir við sama borð hvað húshitunar- og orkukostnað varðar. Enn eru fluttar fyrirspurnir, tillögur og frumvörp um þessi efni. Allir eru næsta sammála, en lítið miðar áleiðis að því marki sem hægt er að una við og allir geta séð og stefnt að sem vilja.

Af framansögðu má ljóst vera að allir stjórnmálaflokkar eru hlynntir því að jafna orkuverð til landsmanna að ekki sé meira sagt. En vera má að það vefjist fyrir mönnum á hvern hátt það skuli gert. Þar koma vafalaust fleiri en ein leið til greina. Nefna má að fyrir þessu þingi liggur frumvarp til laga um breyting á lögum um Landsvirkjun. Það er 264. mál þingsins. Þar er gert ráð fyrir því „að smásöluverð fyrir hverja tegund afnota verði hvergi meira en 5% hærra en vegið meðaltal á landinu öllu“, sjá nánar þskj. 470.

Til nánari skýringa fylgir hér með bréf svæðisrafveitustjóra á Vesturlandi, dags. 30. jan. 1990, ásamt línuriti um húshitunartaxta og sérstök hugleiðing um raforkuverð.

Fylgiskjal I.

Bréf svæðisrafveitustjóra á Vesturlandi, Ásgeirs Þórs Ólafssonar, til Friðjóns Þórðarsonar, 2. þm. Vesturlands.
(30. janúar 1990.)

Nú liggur fyrir skipting húshitunartaxtans C1 og D1 samkvæmt forsendum þeim sem gengið er út frá miðað við 1. febrúar 1990. Eins og sést á súluritinu er kWh á þessum töxtum miðað við gefnar forsendur seld á 3,03 kr. og er þá hlutur notenda 2,40 kr. og niðurgreiðslur úr ríkissjóði 0,63 kr. sem aðeins fylgir C1 og þá upp að 40.000 kWh. Eftir það er C1 taxtinn óniðurgreiddur og heitir þá D1.

Tilkostnaður RARIK aftur á móti er	3,38 kr.	á kWh
sem er vegna orkukaupa frá LV og tapa	2,45 kr.	á kWh
og vegna tapa í stofnlínukerfi RARIK	0,73 kr.	á kWh
og vegna tapa í innanbæjarkerfum RARIK	0,20 kr.	á kWh

Vert er að geta þess að frá 1980 hefur tap í kerfum RARIK minnkað úr 18% í um 10%. Samkvæmt þessum niðurstöðum er ljóst að RARIK leggur með hverri kWh, sem seld er til húshitunar, 0,35 kr. á kWh sem er sem næst 70.681.000 kr. á ári en áætluð hitasala á árinu 1990 er 201.946 mWh.

Ekki hef ég borið saman verð á olíu annars vegar og rafmagni hins vegar, en víst er að olíuverð hefur farið hækkandi og er það ástæða þess að Landsvirkjun lækkaði afslátt til húshitunar um 0,155 kr. á kWh frá og með 1. febrúar 1990. Það þýðir um 40.000.000 kr. útgjaldaauka fyrir notendur RARIK eða um 6.200 kr. á notanda. Ég hef ekki neina einfalda leið að benda á til lækkunar á orkuverði en helst virðist það leiðin að Landsvirkjun lækki heildsöluverð verulega, en sem stendur er verðið til rafveitna nú yfir 50% hærra en langtímajaðarkostnaður.

Telja verður þessa verðlagsþróun og verðlagningu mjög varhugaverða gagnvart rafveitum og þá sérstaklega gagnvart RARIK þar sem samþykkt fjárlög gera ráð fyrir 454.000.000 kr. halla þótt skuldum háfi verið létt af fyrirtækinu og því gert að standa fyrir rekstri og nýframkvæmdum án lántöku.

Vona ég að farsæl niðurstaða fáist við þá umræðu sem fram undan er og að orkukaupendur á hinum „köldu svæðum“ fái rétt sinn hlut miðað við orkukaupendur á hagstæðum hitaveitusvæðum. Hætt er við enn frekari búseturöskun en hana má m.a. rekja til orkukostnaðar.

Húshitunartaxti C1, tekjur og tilkostnaður RARIK 1. febr. 1990.



Fylgiskjal II.

Ásgeir Þór Ólafsson,
svæðisrafveitustjóri á Vesturlandi:

Hugleiðing um raforkuverð.

Nú um nokkurt skeið hefur umræða um hátt raforkuverð og þá helst til húshitunar verið í fjölmiðlum og manna á milli.

Þessi umræða er mjög nauðsynleg. Menn verða að gæta þess að skipulag raforkuframleiðslu og dreifingar er mjög ákveðið. Landsvirkjun ein hefur rétt til að virkja stærri virkjanir og sjá þeir einnig um dreifingu raforkunnar um byggðalínukerfið hringinn í kringum landið. Þar taka við sveitarfélagarafveitur, Rafmagnsveitur ríkisins, Hitaveita Suðurnesja og Orkubú Vestfjarða.

Nú má spyrja hvað ráði verði raforku til t.d. húshitunar. Grunnur verðs til notenda er heildsöluverð framleiðanda sem er Landsvirkjun, og hvernig er háttað verðlagningu frá framleiðanda? Í flestum löndum er notuð aðferð sem kölluð er „langtímajaðarkostnaður" (LTJ) og það er það verð sem þarf að fá til að standa undir fjárfestingum framleiðslu- og flutningskerfis viðkomandi fyrirtækis miðað við eðlilegan afskriftatíma og arðsemi fjármagnsins. Það sem er að gerast varðandi verðlagningu raforkunnar frá Landsvirkjun er að verð til rafveitnanna er 55% hærra en LTJ og er stefna Landsvirkjunar skýrð í ræðu Jóhannesar Nordal, stjórnarformanns Landsvirkjunar, á ársfundi fyrirtækisins í apríl 1988 og vitnar hann þar til upplýsinga sem hann birti á ársfundi 1986.[1])

Þegar stefnan er sú að greiða lánin hratt, greiða arð af stofnframlagi eigenda og jafnvel að greiða arð af eigin fé þá hljóta menn að spyrja hvort ekki þurfi að staldra aðeins við.

Hvernig er háttað markaðsöflun Landsvirkjunar til aukinnar raforkusölu? Árið 1988 veitti Landsvirkjun rafhitanotendum afslátt, 31 eyri á kWh, sem skilaði sér beint til notenda. Nú hefur þessi afsláttur verið lækkaður um 50% frá 1. febr. nk. vegna verðhækkunar á olíu. Þessi hækkun raforkunnar til hitunar mun trúlega koma fram á raforkureikningum rafhitanotenda sem þýðir hækkun upp á u.þ.b. 6.200 kr. á ári miðað við 40.000 kWh notkun.

[1]) „Með tilliti til þessara sjónarmiða hefur stjórn Landsvirkjunar miðað við þá meginreglu að undanförnu að reynt yrði að endurgreiða á ári hverju ½₀ af útistandandi skuldum í byrjun árs. Þegar haft er í huga að á móti þessum endurgreiðslum koma lán vegna nýrra framkvæmda benda áætlanir til þess að unnt verði með þessum hætti að lækka núverandi skuldir Landsvirkjunar meir en um nálægt 30% til næstu aldamóta ef ekki koma til neinar virkjunarframkvæmdir vegna stóriðju.
Jafnframt mun þessi stefna ásamt eðlilegri arðgjöf tryggja að hægt verði að halda áfram að lækka raunverð raforku á almenna markaðinum þannig að sú 3% meðaltalslækkun á ári út þessa öld, sem ég ræddi um fyrir tveimur árum, nái fram að ganga. Vissulega væri hægt að lækka raforkuverð meira þegar í dag með því að draga úr endurgreiðslum lána eða jafnvel safna skuldum, en sú stefna mundi bráðlega hefna sín í hærri vaxtabyrði og mun óhagstæðara raforkuverði í framtíðinni."

Stjórn Landsvirkjunar samþykkti 25. júní 1987 ályktun um nýtingu tímabundinnar umframorku[2]).

Þessi ákvörðun var ekki á sömu forsendum byggð og afsláttur til rafhitunar og ekki ætlaður sömu notendum því þeir samningar, sem gerðir voru og gerðir verða, eiga að gilda til. 1. sept. 1992. Sem dæmi um þennan afslátt var frétt í Morgunblaðinu 13. október 1987 þar sem segir að Íslandslax hf. fái afslátt upp á 8.700.000 kr. á ári miðað við notkun þeirra. Jafnframt er vitnað til framkvæmdastjóra fjármálasviðs Hitaveitu Suðurnesja sem segir: „... eins og reglurnar eru sniðnar mun aðeins eitt annað fyrirtæki geta farið fram á hliðstæðan afslátt og er það Lindalax hf. þegar full framleiðsla verður komin í gang þar".

Í ljósi þessa má spyrja hvort Landsvirkjun hafi með þeim reglum, sem vitnað er til, stuðlað að óraunhæfum vexti í fiskeldi og síðan hafi fyrirtæki orðið fyrir stórfelldum gjaldþrotum í seinni tíð. Hvaða áhrif hefur þessi stærðargráða fiskeldisfyrirtækja haft á uppbyggingu háspennudreifikerfis Hitaveitu Suðurnesja og á verð raforku til annarra notenda þeirra?

Í þessum hugleiðingum er ég fyrst og fremst að benda á þá stefnu Landsvirkjunar í verðlagningu á raforku sem er allt of frjálsleg, kröfurnar um arðsemi fjármagnsþjónustufyrirtækis allra landsmanna of miklar og áherslur þeirra í markaðsmálum rangar. Ekki er hægt að finna tryggari markað en rafhitamarkaðinn um allt land, t.d. selja Rafmagnsveitur ríkisins um 60% allrar raforkunnar til húshitunar, en eins og menn eflaust vita keypti RARIK um 18,5% framleiðslu Landsvirkjunar árið 1988, en Landsvirkjun hafði um 28% tekna sinna frá viðskiptunum við RARIK það árið.

---

[2]) Stjórn Landsvirkjunar telur vænlegt að nýta tímabundna umframorku fyrirtækisins til að efla nýjar íslenskar útflutningsgreinar sem byggja á mikilli notkun raforku í samkeppni við hliðstæða framleiðslu erlendis. Þetta verði gert með því að veita hlutaðeigandi framleiðslufyrirtækjum tímabundinn afslátt frá gjaldskrárverði, enda noti þau *minnst 1 gWh rafmagns á ári.* Stjórnin felur forstjóra að leita eftir samningum við slík fyrirtæki um orkuviðskipti og hlutaðeigandi rafveitur um orkuflutning. Við gerð þessara samninga skal leitast við að tryggja að þeir verði til þess að bæta stöðu fyrirtækja í uppbyggingu þannig að hagkvæm nýting raforku til útflutningsframleiðslu geti aukist hraðar og meir en ella.
Samningar skulu háðir samþykki stjórnar Landsvirkjunar hverju sinni og falla úr gildi 1. september 1992. Eigi síðar en tveim árum áður en þeir eiga að falla úr gildi og að teknu tilliti til framleiðslugetu raforkukerfisins og *eftirspurnar* eftir raforku tekur Landsvirkjun afstöðu til þess hvort lengja skuli gildistímann."

Sþ. 785. Fyrirspurn [450. mál]

til forsætisráðherra um atvinnuþróun á Norðurlandi vestra.

Frá Sverri Sveinssyni.

Hvað líður úttekt þeirri á atvinnulífi á Norðurlandi vestra sem ríkisstjórnin samþykkti 28. janúar 1982 að fram færi, m.a. í tengslum við verklok Blönduvirkjunar?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 786. Skýrsla [451. mál]

um 41. þing Evrópuráðsins.

Frá íslensku þingmannanefndinni í Evrópuráðinu.

Í 40 ár hefur Evrópuráðið verið samnefnari þeirra ríkja sem haft hafa lýðræði og mannréttindi að leiðarljósi. Síðasta starfsár hefur verið ár sögulegra áfanga og nýrrar þróunar í álfunni.

Um skeið hafa farið fram miklar umræður um hlutverk Evrópuráðsins og stöðu þess gagnvart Evrópubandalaginu. Þessar stofnanir eru þó um margt ólíkar. Í Evrópuráðinu eru 23 ríki en í Evrópubandalaginu 12. Á þingi Evrópuráðsins sitja menn sem eru þingmenn í heimalöndum sínum, en á þingi Evrópubandalagsins eru menn kosnir beinum kosningum en þurfa ekki að vera þingmenn á þjóðþingi. Þetta veldur því að í Evrópuráðinu endurspeglar þingið viðhorfin á þjóðþingunum en svo er ekki í öllum tilvikum í Evrópubandalaginu. Þessi staðreynd kann að valda því að nokkur hætta er á óþörfum tvíverknaði þessara stofnana og hefur það reyndar nokkrum sinnum komið í ljós. Tvíverknaður á milli Evrópustofnana hefur orðið mönnum enn ljósari eftir að viðræður hófust milli EFTA og Evrópubandalagsins.

Stundum hafa menn haft á orði að æskilegt væri að hafa vettvang eða samkomu þar sem aðildarríki Evrópubandalagsins og EFTA-ríkin gætu sameiginlega ráðið ráðum sínum. Ekki er þar með sagt að skynsamlegt sé að koma á fót einni stofnuninni enn með þingum og ráðherranefndum. Þetta hefur þegar verið gert í Evrópuráðinu. Þar er stofnun fyrir hendi sem sameinar báða þessa aðila og getur verið umræðuvettvangur fyrir þá. Á það hefur verið bent að þar eigi þó sæti örfá ríki sem eru ekki nú þegar innan vébanda Evrópubandalagsins og EFTA en að mati flestra Evrópuráðsmanna skiptir sú staðreynd ekki máli í þessu sambandi.

Hugleiðingar af þessu tagi hafa sett nokkurn svip á umræður í stjórnarnefnd Evrópuráðsins, í pólitísku nefndinni og í ýmsum málefnanefndum þess á undanförnum mánuðum og árum. En þróunin í Evrópu hefur orðið með þeim hætti að niðurstaðan af þessum umræðum hefur aldrei endanlega komið í ljós vegna þess að atburðarásin hefur tekið í taumana ef svo má segja. Þróunin í Austur-Evrópu hefur orðið til þess að Evrópuráðið mun sinna nýju og aðkallandi hlutverki í sókn þessara þjóða til lýðræðisskipulags og mannréttinda. Í ljós hefur komið, svo að ekki verður um villst, að enginn vettvangur er eins kjörinn til þess að verða farvegur fyrir þau ríki í sókninni til lýðræðis og mannréttinda og einmitt Evrópuráðið.

Í yfirlýsingu um framtíðarverkefni Evrópuráðsins, sem samþykkt var þar 5. maí sl., segir m.a.:

„Evrópa stendur nú frammi fyrir mikilvægri þróun. Evrópubandalagið er að ljúka við gerð sameiginlegs evrópsks markaðar. Evrópubandalagið og EFTA-löndin sex eru að vinna að víðara evrópsku efnahagssvæði. Í Austur-Evrópu hafa sum löndin tekið upp stefnu afvopnunar og endurbóta sem skapa nýtt svið fyrir viðræður og samstarf. Þessi þróun krefst þess af Evrópuráðinu að það ítreki og þrói sitt eigið hlutverk."

Hlutverk Evrópuráðsins.

Stofnskrá Evrópuráðsins frá 5. maí 1949 er mótuð af þeirri trú að Evrópuríkin geti með því að bindast fastari böndum staðið að því að varðveita lýðræði, mannréttindi og frið í heiminum. Í inngangi stofnskrárinnar segjast þau staðfesta á ný trú sína á þau verðmæti andleg og siðferðileg sem eru hin sameiginlega arfleifð þessara þjóða og hin sönnu upptök einstaklingsfrelsis, stjórnmálalegs frjálsræðis og skipunar laga og réttar.

Í 3. gr. stofnskrárinnar segir um skilyrði til þess að vera aðili að Evrópuráðinu að sérhvert þátttökuríki þess verði að viðurkenna grundvallarreglurnar um skipun laga og réttar og um að öllum einstaklingum innan umdæmis þess skuli tryggð mannréttindi og grundvallarfrelsi.

Ríkin verði og í orði og verki að taka þátt í samvinnu til að ná markmiði ráðsins eins og það er skilgreint í 1. kafla stofnskrárinnar.

Ríkisstjórn Íslands lagði fram tillögu til þingsályktunar á 69. löggjafarþinginu 1949 um að Ísland tæki þátt í Evrópuráðinu. Tillögugreinin var orðuð svo:

„Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til að gerast þátttakandi fyrir Íslands hönd í Evrópuráðinu og takast á hendur þær skyldur sem samkvæmt stofnskrá ráðsins eru samfara þátttöku í því.“

Í nefndaráliti meiri hlutans sagði:

„Það verður að sjálfsögðu ekki um það dæmt á þessu stigi hver verða afdrif Evrópuráðsins en markmið þess að koma á nánari einingu þátttökuríkjanna til tryggingar friði sem byggist á réttlæti og alþjóðasamvinnu, svo og til þess að stuðla að framförum á sviði efnahags- og félagsmála, hlýtur vissulega að vera í samræmi við utanríkisstefnu íslenska lýðveldisins. Ísland á ekki að sitja hjá í þessu samstarfi lýðræðis- og menningarríkja álfunnar. Er þess og að vænta er stundir líða fram að Evrópuráðið geti orðið öflugt tæki til að greiða fyrir framkvæmd þeirra hugsjóna er það hefur sett sér að markmiði.“

Þann 7. febrúar 1950 var tillagan samþykkt og aðild Íslands kom til framkvæmda 1951.

Á þeim tíma, sem liðinn er, hafa verið settir um 130 Evrópusáttmálar um ýmis svið þjóðlífsins. Allir þessir sáttmálar miða að því að bæta aðstöðu einstaklinga í hversdagslífi sínu með einhverjum hætti. Mikilvægastur þeirra allra er Mannréttindasáttmálinn. Hann er í raun sá þeirra sem veitir mest aðhald. Aðildarríkin verða að breyta löggjöf sinni í samræmi við hann ef niðurstaða Mannréttindadómstólsins felur það í sér að ríkið hafi með löggjöf sinni eða framkvæmd hennar brotið sáttmálann.

Um hina sáttmálana gilda almennar þjóðréttarreglur og sú grundvallarregla af hálfu ríkjanna að þau geta ekki fullgilt sáttmálana fyrr en reglurnar í landinu sjálfu eru í samræmi við þá. Þess vegna þarf oft lagabreytingu til.

Af Íslands hálfu hafa ýmsir sáttmálar því miður ekki enn þá hlotið fullgildingu þótt öll lagaleg skilyrði hafi verið í samræmi við þá. Liggja til þessa ýmsar ástæður, m.a. tafir á þýðingum. Sú skýring er þó ekki nægileg. Ástæða er til þess að leggja áherslu á að hér verði bætt úr. Nokkrir sáttmálar eru m.a. um efni þar sem Íslendingar hafa um langt árabil staðið framarlega en hafa þó ekki hlotið fullgildingu hérlendis. Veldur það undrun og er til vansa.

Auk sáttmálanna er fjöldi ályktana og yfirlýsinga sem Evrópuráðið hefur notað til þess að ná markmiðum sínum, auk hins pólitíska samráðs sem aldrei má vanmeta.

Í 1. gr. stofnskrár Evrópuráðsins segir:

„Landvarnamál falla ekki undir verksvið Evrópuráðsins.“

Þessi atriði, sem nú hafa verið talin, valda því, eins og áður er sagt, að Evrópuráðið hefur reynst kjörinn vettvangur til þess að styðja Austur-Evrópuþjóðir á leið þeirra til lýðræðis og þjóðskipulags, laga og réttar.

Evrópuráðið 40 ára.

Þing síðasta starfsárs skiptist í fjóra hluta: í maí, júlí, september og fjórði og síðasti hlutinn var í janúar. Starfsárið hófst hinn 5. maí með því að 40 ára afmælis ráðsins var sérstaklega minnst með ýmsu móti. Mitterand Frakklandsforseti var heiðursgestur ráðsins í því tilefni og ávarpaði það sérstaklega. Frakkar hafa veitt höfuðstöðvum ráðsins aðstöðu frá upphafi og raunar fór ekki hjá því að samtímis því sem afmælis Evrópuráðsins var minnst var einnig hátíðlegt haldið 200 ára afmæli frönsku stjórnarbyltingarinnar. Mátti stundum ekki á milli sjá í Strasborg hvort afmælið setti meiri svip á bæinn.

Á afmælisdaginn var þó einn atburður gleðilegastur frá sjónarhóli Íslendinga séð og raunar flestra Evrópuráðsmanna, en það var hin formlega innganga Finnlands í ráðið. Þar með voru öll lýðræðisríki álfunnar orðin fullgildir aðilar að Evrópuráðinu.

Af öðrum pólitískum atburðum má mikilvægasta telja afhendingu mannréttindaverðlauna ráðsins sameiginlega til Lech Walesa, hins pólska, og forvígismanna mannréttindahreyfingarinnar sem kennd er við Helsinki-sáttmálann. Bæði Lech Walesa og formaður mannréttindahreyfingarinnar í Vínarborg, sem kennd er við Helsinki-sáttmálann, fluttu ávörp á þinginu. Verður lengi í minnum höfð sú áhrifaríka stund er þeir voru í salnum og ávörpuðu okkur, bæði þeir og svo hinn þekkti andófsmaður Juri Orlov. Formaður mannréttindasamtakanna bar þinginu kveðju annarra samherja sinna, m.a. Václavs Havels sem þá gat ekki sótt fundinn vegna þess að hann var í fangelsi fyrir pólitíska baráttu sína. Engan óraði fyrir því þá að nokkrum mánuðum seinna yrði hann orðinn forseti lands síns.

Auk þessa gleðilega atburðar, er þessir aðilar veittu formlega viðtöku mannréttindaverðlaunum Evrópuráðsins, héldu þeir fund með hinni pólitísku nefnd ráðsins, stjórnarnefnd ráðsins og nefndinni sem annast málefni ríkja utan Evrópuráðsins. Sá fundur var einnig opinn öðrum þingfulltrúum og þar talaði Lech Walesa og svaraði spurningum. Hafði fundurinn djúp áhrif á alla viðstadda og er óhætt að segja að þá lukust upp augu margra sem áður höfðu haft efasemdir um hlutverk Evrópuráðsins í sambandi við breytingar í Austur-Evrópu. Ræða Lech Walesa, þar sem hann lýsti baráttu sinni og baráttu þjóðar sinnar fyrir auknu frelsi, fól m.a. í sér skírskotun og eindregna bón til ríkja Evrópuráðsins um að þau og stjórnmálamenn í ríkjum þess veittu þeirri viðleitni Pólverja pólitískan stuðning.

Á þessum fundi fóru fram orðaskipti af mikilli hreinskilni og Lech Walesa sagði m.a.:

„Í Póllandi þurfum við að reisa efnahag landsins úr rúst. Við þurfum að draga úr skuldum, við þurfum að bæta lífskjör almennings, við þurfum að auka réttindi einstaklinga í baráttunni við stjórnvöld. Það sem við biðjum um er ekki fyrst og fremst fjárhagsaðstoð í venjulegum skilningi því að við megum ekki auka skuldirnar, heldur biðjum við um pólitískan stuðning."

Meðal þeirra sem fluttu ræður á þinginu, gáfu skýrslur og svöruðu fyrirspurnum voru Hocke, aðalframkvæmdastjóri Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, og formaður ráðherranefndar Evrópuráðsins. Norðmaðurinn Stoltenberg flutti einnig skýrslu og svaraði fyrirspurnum.

Hinn 9. maí fór fram kosning nýrra forustumanna Evrópuráðsins, bæði aðalritara og þingforseta. Aðalritari sl. fimm ár hafði verið Spánverjinn Marcelino Oreja en í stað hans var kosinn franski þingmaðurinn Catherine Lalumière og er það í fyrsta sinn sem kona er kosin til þessa starfs. Hún hafði verið mjög virkur þingmaður í ráðinu, hafði m.a. verið talsmaður pólitísku nefndarinnar. Frú Lalumière, sem hætti þingmennsku er hún tók við þessu embætti, er fædd 1935, kennari að aðalstarfi, fyrrverandi ráðherra úr flokki sósíaldemókrata.

Forseti þingsins var kosinn sænski þingmaðurinn Anders Björck, hægri maður, formaður hóps hægri manna á Evrópuráðsþinginu, en hætti því er hann varð forseti þingsins. Anders Björck er fæddur 1944 og hefur átt sæti á sænska þinginu síðan 1969. Báðir þessir embættismenn hafa sýnt í verki vilja sinn til þess að feta í fótspor fyrirrennara sinna, þeirra Oreja og Louis Jung, fyrrverandi þingforseta, að því er varðar samskiptin við Austur-Evrópuþjóðirnar.

Fram fór umræða um framtíð Evrópuráðsins. Af hálfu Íslands talaði Ragnhildur Helgadóttir og fagnaði sérstaklega aðild Finnlands.

Af venjubundnum verkefnum ráðsins, sem eru afgreiðsla ýmissa þingmála, má á maíþinginu nefna í fyrsta lagi afgreiðslu ályktunar um *málefni flóttamanna* frá Mið- og Austur-Evrópu, þar sem hvatt er til þess að nýttur verði í því sambandi Evrópski byggðasjóðurinn (eða European Resettlement Fund). Í öðru lagi tillaga um *endurskoðaðan félagsmálasáttmála* Evrópu. Í þriðja lagi um *verndun guðshúsa*. Í fjórða lagi skýrsla um *20 ára svæðaskipulag* í Evrópu. Þessi ályktun var gerð fyrst og fremst með það fyrir augum að auka vægi umhverfisverndar í svæðaskipulagi Evrópu. Í umræðunum um þetta mál tóku margir til máls, m.a. frá Íslandi Hreggviður Jónsson, en hann lagði ásamt Norðmanninum Thoresen áherslu á

mikilvægi umhverfisverndar í, á og við sjó. Fimmta tillagan, sem vert er að geta um, varðar aðgerðir *gegn eyðingu skóga* í hitabeltinu og lögð var áhersla á þýðingu þeirra skóga til þess að halda við núverandi loftslagi og veðurfari.

Annar hluti þingsins.

Sumarþing Evrópuráðsins var haldið í Strasborg 3.–7. júlí 1989. Þingið átti upphaflega að vera í Innsbruck í Austurríki en vegna komu Gorbatsjovs, forseta Sovétríkjanna, á þingið var ákveðið að halda það í Strasborg. Á þingtímanum störfuðu nefndir mikið og síðasta dag þingsins fóru fram umræður um samskipti austurs og vesturs.

Hápunktur þingsins var ræða Gorbatsjovs. Hann gerði mjög að umtalsefni þær miklu og öru breytingar sem heimurinn stendur frammi fyrir. Ræðan var öll í anda opnunar og samvinnu. Hann sagði að vandinn lægi ekki í mismunandi þjóðfélagsformi og lagði áherslu á sjálfsákvörðunarrétt allra þjóða til að búa við það þjóðfélagsform sem þær kysu. „Þjóðfélagsleg og stjórnmálaleg skipan sumra þjóða breyttist í fortíðinni og getur eins breyst í framtíðinni en það verður að vera einvörðungu ákvörðun þjóðanna sjálfra og þeirra val."

Gorbatsjov hafnar þannig stöðugt Breshnev-kenningunni og leggur þunga áherslu á það. Í ljósi þessara orða hljóta menn að skoða þróunina í Póllandi og Ungverjalandi. Hann sagði:

„Íhlutun í innri málefni, sérhver tilraun til að takmarka sjálfsákvörðunarrétt ríkja — bæði vina, bandamanna og annarra — er óleyfileg.

Það er „perestrojku" að þakka að Sovétríkin munu verða í aðstöðu til að taka þátt í heiðarlegri, uppbyggjandi samkeppni á jafnréttisgrundvelli. Þrátt fyrir núverandi vanda okkar og að við höfum dregist aftur úr þekkjum við styrkleika þjóðfélagskerfis okkar."

Forsetinn lagði áherslu á menningu Evrópu og þátt hennar í þróun alls mannkyns „en gleymum ekki að héðan dreifðist nýlenduþrælkunin út. Í Evrópu varð fasisminn til og í Evrópu hófust hræðilegustu styrjaldirnar."

Gorbatsjov varði stórum hluta ræðunnar til að fjalla um afvopnunarmál. Þar lagði hann áherslu á samþykkt þings Sovétríkjanna sem lýsir sig fylgjandi:

1. Útrýmingu kjarnavopna úr heiminum um aldamót.
2. Útrýmingu efnavopna svo fljótt sem auðið er.
3. Verulegri afvopnun í hefðbundnum vopnabúnaði.
4. Að draga erlendar hersveitir frá landsvæðum annarra ríkja.
5. Að lýsa sig andstæða öllum geimvopnum.
6. Að leysa upp hernaðarbandalög.
7. Að koma á öflugu raunhæfu eftirliti með framkvæmd allra afvopnunarsamninga.

Evrópsk samvinna.

Gorbatsjov ræddi um framtíðarþátttöku Sovétríkjanna í Evrópuráðinu og hugsanlegt sendiráð þeirra í Strasborg. Til þess að auka samvinnu Austur- og Vestur-Evrópu nefndi hann:

1. Byggð yrði nú háhraðajárnbraut um þvera Evrópu.
2. Sett yrði af stað samvinnuverkefni um nýtingu sólarorku.
3. Samvinna yrði hafin um vinnslu og geymslu kjarnorkuúrgangs og aukið öryggi kjarnorkuvera.
4. Aukinn yrði fjöldi ljósleiðara.
5. Evrópugervihnattasjónvarp.

Hann stakk upp á miðstöð hjá Sameinuðu þjóðunum til þess að annast neyðarhjálp vegna umhverfisslysa og benti á rannsóknir Sovétmanna við að spá fyrir um jarðskjálfta, þurrka og hugsanlegar veðurfræðilegar breytingar. Jafnframt lagði Gorbatsjov áherslu á aukna samvinnu á sviði mannréttindamála og hvatti til þess að nýr Helsinki-fundur yrði haldinn innan tveggja ára.

Að lokum sagði hann að „perestrojka“ væri að breyta Sovétríkjunum. „Við höldum ákveðnir fram þann veg og af honum verður ekki aftur snúið. Ríkisstjórnir ykkar og þjóðþing munu fljótlega skipta við algjörlega breytta sósíalíska þjóð.“

Þriðji hluti þingsins.

Þriðja hluta þingsins sátu, auk fulltrúanna 133 frá 23 Evrópulöndum, gestasendinefndir frá Ungverjalandi, Póllandi, Sovétríkjunum og Júgóslavíu. Þessi lönd höfðu fengið sérstaka gestaaðild samkvæmt samþykkt fyrr á árinu til þess að efla tengsl milli þinga þessara landa í Mið- og Austur-Evrópu. Meðal þeirra, sem fluttu þinginu ávörp, og svöruðu fyrirspurnum, má nefna formann framkvæmdaráðs Evrópubandalagsins, Jacques Delors; forsætisráðherra Tyrklands, Özal; formann ráðherranefndar Evrópuráðsins, Stoltenberg; og þáverandi formann EFTA-ráðsins, Jón Baldvin Hannibalsson, og aðalritara OECD, Jean-Claude Payer.

Ályktanir þingsins.

Ef fyrst eru taldar ályktanir sem fólu í sér skoranir til ráðherranefndarinnar má nefna þessar:

1. Ályktun um *evrópskt fræðslusvæði*. Þessi ályktun fól það í sér að skora á ráðherranefndina að beita sér fyrir og þróa evrópskt fræðslusvæði í samstarfi við Evrópubandalagið og UNESCO, Menningar- og fræðslustofnun Sameinuðu þjóðanna, svo og Austur-Evrópuþjóðirnar þar sem því yrði við komið. Samstarfið yrði fyrst og fremst á eftirtöldum sviðum:
   a. að tryggja betra streymi upplýsinga um aðgerðir af hálfu þeirra stofnana sem vinna að evrópskum fræðslumálum, sérstaklega Evrópuráðsins,
   b. að hvetja til evrópskrar samvinnu um þjálfun kennara, t.d. með því að beita sér fyrir kennaraskiptum og með því að setja á fót í Strasborg evrópska kennaramiðstöð,
   c. leggja meiri áherslu á þá vinnu sem fram fer í sögukennslu og nútímatungumálum,
   d. að styðja rannsóknir innan Evrópu í nýjum viðfangsefnum á sviði hagfræði, umhverfisfræðslu, sjónlistar, tónlistar og vísinda,
   e. að hvetja til starfrækslu alþjóðlegra neta um samstarf skóla í milli og nýta í því sambandi nútímaupplýsingatækni,
   f. að leita samstarfs um þessi atriði við þá sem bera ábyrgð á ferðamálum hvers lands.
2. Þá var samþykkt ályktun um hina almennu *stefnumörkun Evrópuráðsins* og í henni fyrst og fremst lögð áhersla á samstarf austurs og vesturs í lok 20. aldar. Ályktunin er mjög ítarleg og fól m.a. í sér áskorun á ráðherranefndina um að tryggja nægilega fjármuni til þess að Evrópuráðið gæti sinnt skyldum sínum í þessu samstarfi.
3. Skorað var á ráðherranefndina að bæta *aðstöðu fjölmiðlunar* fyrir Evrópuráðið, bæði að efla upplýsingadeildina sjálfa og auka samstarf við blaðamenn.
4. Samþykkt var ályktun um aðstöðu *þjóðernisminnihluta í Rúmeníu* og ráðherranefndin, svo og ríkisstjórnirnar, hvattar til þess að hafa þau áhrif á stjórn Rúmeníu að staða þessara hópa batnaði.
5. Samþykkt var ályktun um *áhrif eiturefna sem berast milli landa* og viðbrögð við því. Meðal annars var þar sett fram hugmynd um upplýsingamiðlun milli norðurs og suðurs til þess að sporna við mengun af þessum ástæðum.
6. Ályktað var um *mannréttindi og eyðni* þar sem aðildarríkin voru m.a. hvött til þess að neita ekki landvist á þeim eina grundvelli að sá sem sækir um landvist sé smitaður eyðniveirum.
7. Ályktað var um *réttindi kynskiptinga* þar sem m.a. var tekið fram að lögleiða bæri leyfi til að skipta um skírnarnafn.

Þá voru gerðar nokkrar ályktanir sem fela í sér áskoranir á ríkisstjórnir aðildarríkjanna. Tvær af þeim vörðuðu *málefni Chile*. Annars vegar var áskorun á ríkisstjórnir þeirra ríkja þar

sem útlagar frá Chile eru búsettir að bæta aðstöðu þeirra og hins vegar um nefnd til þess að fylgjast með kosningunum sem fram fóru í Chile í desember sl. og fylgjast með því hvort þær kosningar færu fram í samræmi við lýðræðisreglur.

Ályktað var um *málefni Ísraels* og látin í ljós sú skoðun þingsins að óhjákvæmilegt væri að stefna að því að taka upp samband sem gæti leitt til gagnkvæms trúnaðar milli deiluaðila, þar á meðal sameiginlega og gagnkvæma viðurkenningu milli Ísraels og PLO.

Ályktað var um *málefni EFTA*, sérstaklega lýst yfir stuðningi við markmið þeirrar stofnunar og ríkisstjórnir Evrópuráðsins hvattar til þess að athuga sérstaklega breytingu EFTA úr fríverslunarsvæði einvörðungu í tollabandalag.

Sjötta ályktunin, sem beint var til ríkisstjórnanna, miðar að *stækkun hins evrópska efnahagssvæðis til suðurs* og skorað var á ríkisstjórnirnar að athuga þann möguleika, eða a.m.k. að stefna að eins hagstæðum verslunarsamböndum og hægt er við suðlægustu lönd Evrópu. Þar eru upp talin Kýpur, Malta, Tyrkland og Júgóslavía.

Sjöunda ályktunin til ríkisstjórnarinnar er um hættu á veðurfarsbreytingum vegna *breytinga á ósonlaginu*. Í þessari ályktun er orðuð hugmyndin um evrópska sameiginlega yfirlýsingu um vernd umhverfisins þar sem gert væri ráð fyrir evrópskum dómstóli sem fjallaði um framkvæmd reglna til verndar umhverfinu og viðurlaga fyrir brot á þeim reglum.

Í áttunda lagi má nefna ályktun um aðstöðu þjóðernisminnihluta og *múhameðstrúarminnihluta í Búlgaríu*.

Í níunda lagi var áskorun til ríkisstjórnanna um aðgerðir til þess að *draga úr og fylgjast með vopnaútflutningi til landa þriðja heimsins* og um verndun mannréttinda í þessu sambandi.

Í tíunda lagi var ályktun um *framtíð hvalveiða*. Þessa ályktun höfðu Íslendingar látið til sín taka þar eð framsögumenn voru Kjartan Jóhannsson og Kinnoull lávarður, en við framsögumannsstarfi Kjartans tók Eiður Guðnason þegar Kjartan hætti þingmennsku. Í þessari ályktun var það m.a. viðurkennt að vísindaveiðar gætu farið fram ef vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins féllist á það að þær mundu ekki stefna mikilvægum hvalastofnum í hættu og að þær mundu leiða til upplýsinga sem hefðu mikið gildi. Í þessari ályktun var líka viðurkennt að það gæti samt verið nauðsynlegt einhvern tíma í framtíðinni að endurskoða aðstöðuna til þess að tryggja jafnvægi í lífríki sjávarins. Eiður Guðnason tók þátt í umræðunum um þessa tillögu og útskýrði afstöðu og aðstöðu Íslendinga.

Ellefta samþykktin, sem gerð var, varðaði *starf Efnahags- og þróunarstofnunarinnar í París, OECD*, en nefnd frá þeirri stofnun situr jafnan þing Evrópuráðsins og Evrópuráðið er í rauninni eina þingmannasamkundan sem á með þessum hætti aðild að og tekur þátt í umræðum. Þess vegna eru við þetta tækifæri í salnum fulltrúar, með málfrelsi, frá þingum þeirra aðildarríkja OECD sem eiga ekki aðild að Evrópuráðinu.

Að síðustu má svo nefna ályktun Evrópuráðsins í formi tilskipunar um eigin aðgerðir þingsins en sú ályktun *bannar tóbaksreykingar á nefndarfundum ráðsins* og þykir mörgum mikil framför að og andrúmsloftið léttara í orðsins fyllstu merkingu.

Fjórði hluti þingsins.

Síðasti hluti 41. þings Evrópuráðsins var haldinn í Strasborg dagana 29. janúar til 2. febrúar á þessu ári. Þeir atburðir, sem settu mestan svip á þetta þing, voru ræður forsætisráðherra Ungverjalands og Póllands og auk þess mikil umræða um þróunina í Mið- og Austur-Evrópu og sérstök ályktun þar að lútandi.

Opinber gestur þingsins að þessu sinni var Georgios Vassiliou, forseti Kýpur, og eins og jafnan áður varð líka mikil umræða í framhaldi af ræðu formanns ráðherranefndar Evrópuráðsins sem nú er utanríkisráðherra Portúgals, Pineiro.

Það var sérstakt andrúmsloft þegar Evrópuráðið kom saman til fundar að þessu sinni. Aðeins skömmu áður hafði hið mikla sýnilega tákn ófrelsis í Austur-Evrópu, Berlínarmúrinn, verið rofið. Austur-Þýskaland bættist í hóp þeirra ríkja sem sótti um gestaaðild að Evrópuráð-

inu. Þegar forsætisráðherra Ungverjalands, M. Nemeth, tók til máls á fyrsta degi þingsins var það ljóst að aldrei höfðu jafnmargir blaðamenn verið viðstaddir fundi þings Evrópuráðsins og að þessu sinni.

Ungverjar höfðu sótt formlega um fulla aðild að Evrópuráðinu í nóvembermánuði og þá kom utanríkisráðherra landsins, G. Horn, fram fyrir hönd þess en núna forsætisráðherrann og flutti sams konar frelsisboðskap. Bæði ræða hans í sjálfum þingsalnum og ræða í hádegisverði, sem forseti þingsins hélt honum til heiðurs, vöktu mikla athygli viðstaddra og höfðu ýmsir á orði að það hefði ekki gerst fyrir tveimur eða jafnvel einu ári að hann gæfi viðstöddum til kynna kristið trúarviðhorf sitt, en með því lauk hann ræðu sinni.

Næsta dag flutti forsætisráðherra Póllands, T. Masowiecki, áhrifamikla ræðu þar sem hann lýsti þróun í landi sínu og sókn ríkisins til frelsis, mannréttinda og lýðræðis, svo og markaðskerfis í efnahagsmálum. Hann lýsti því jafnframt yfir að þennan dag mundi Pólland einnig leggja fram formlega umsókn um fulla aðild að Evrópuráðinu.

Þess er að geta í þessu sambandi að jafnan þegar nýtt ríki sækir um fulla aðild að ráðinu hefst af hálfu Evrópuráðsins vinna sem miðar að úttekt á stjórnlagakerfi þess lands til þess að ganga úr skugga um að skilyrðum stofnskrárinnar um mannréttindi, réttarríki og lýðræði í stjórnarfari sé fullnægt. Þess vegna má búast við því að á vori komanda verði bæði þessi ríki, Ungverjaland og Pólland, komin í hóp Evrópuráðsríkjanna. Um þetta leyti höfðu líka Búlgaría og Tékkóslóvakía óskað eftir því að fá gestaaðild að ráðinu eins og þegar hafði verið veitt löndunum fjórum, Ungverjalandi, Póllandi, Júgóslóvakíu og Sovétríkjunum. Gestaaðildin er eins konar bráðabirgðaaðild því að í upphafi hvers þings er gert ráð fyrir að athugun fari fram á kjörbréfum nefndarmanna og þá jafnframt á því hvort ríkin teljist uppfylla þau skilyrði sem sett eru fyrir gestaaðild. Skilyrði er m.a. að ríkin uppfylli ákvæði Helsinki-sáttmálans um mannréttindi.

Fyrsta ályktun þingsins fjallaði um *stöðu mála í Mið- og Austur-Evrópu*. Þar er m.a. skorað á ráðherranefndina að halda sérstakan fund eins fljótt og auðið er, að undangengnum viðræðufundi með fastanefnd Evrópuráðsþingsins, allt í þeim tilgangi að efla samstarfið við ríki þessa svæðis Evrópu og greiða fyrir því á allan hátt sem hugsanlegur er og framkvæmanlegur. Ályktuninni lýkur á yfirlýsingu um að markmið ráðherranefndarinnar og þingsins hljóti að vera að styðja þá þróun í Mið- og Austur-Evrópu sem gerir löndunum kleift að uppfylla skilyrði fyrir aðild að Evrópuráðinu eins fljótt og auðið er svo að þau geti tekið fullan þátt í uppbyggingu Evrópu okkar daga. Ragnhildur Helgadóttir og Guðmundur G. Þórarinsson tóku þátt í umræðunni.

Önnur ályktunin var um *flóttamenn frá löndum Mið- og Austur-Evrópu* eins og stundum hafði verið ályktað um áður, en að þessu sinni var ráðherranefndin hvött til þess að halda ráðstefnu eins fljótt og auðið er um vandamál flóttamanna í Evrópu og gera ráð fyrir því að Mið- og Austur-Evrópuríki, sem ekki væru aðilar að Evrópuráðinu, gætu tekið þátt í slíkri ráðstefnu á jafnréttisgrundvelli miðað við hin ríkin. Í ályktuninni er gert ráð fyrir að Ungverjalandi sé boðið að verða aðili að Þróunarsjóði Evrópuráðsins.

Þriðja ályktunin, sem þingið samþykkti, fjallaði um *réttindi barna*. Mikil vinna liggur að baki þessari ályktun og gert er ráð fyrir að enn þá ítarlegri vinna fari fram. Í fyrsta lagi eru löndin hvött til þess að undirskrifa og fullgilda þá þætti félagsmálasáttmála Evrópu, sem varða börn, og ýmsa aðra Evrópusáttmála sem börn varða, m.a. sáttmálann um lagalega stöðu óskilgetinna barna. Þá er ráðherranefndin hvött til þess að skora á aðildarríkin að athuga, ef þau hafa ekki enn þá gert það, skipun sérstaks umboðsmanns fyrir börn. Enn fremur að gera það sem þau geta til þess að unnt verði að fullgilda fljótlega og koma til framkvæmda hinum nýja sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna. Stjórnarnefnd mannréttindamála við Evrópuráðið er hvött til þess að athuga möguleika á því að undirbúa viðbótarbókun við Mannréttindasáttmála Evrópuráðsins, sérstaklega með réttindi barna í huga. Hvatt er þó til þess að frekari rannsóknir fari fram áður en það yrði, sérstaklega á stöðu barna gagnvart

dómstólum og hvernig börn geti borið fyrir sig ýmis grundvallarréttindi. Enn fremur er ályktað að betur þurfi að upplýsa börn um réttindi sín. Gert er ráð fyrir að allar þessar rannsóknir verði gerðar í samstarfi við aðrar alþjóðastofnanir eins og Evrópubandalagið, Alþjóðavinnumálastofnunina, ráðstefnuna í Haag um alþjóðlegan einkamálarétt og auk þess verði haft samstarf við áhugamannasamtök um þessi efni. Af Íslands hálfu tók Ragnhildur Helgadóttir þátt í umræðunum um þessa ályktun.

Ályktað var um atvinnumál í sveitum og að nýta *upplýsingatækni til þess að auka atvinnu í sveitum*. Var þar nefnt t.d. að skynsamlegt gæti verið að nota upplýsingatækni til þess að auka valddreifingu í opinberum þjónustustörfum og stjórnarstörfum.

Ályktun var gerð um *jarðir sem teknar eru úr notkun sem landbúnaðarjarðir* fyrir atbeina stjórnvalda. Af Íslands hálfu talaði Guðmundur G. Þórarinsson í þessu máli.

Samþykkt var ályktun um *fjarskipti í Evrópu* og skorað á ríkisstjórnir aðildarríkjanna að tryggja að þróun nýrra fjarskiptamiðla stuðli að því að auka frelsi einstaklinga til upplýsinga og efla þar með lýðræðið. Þar er einnig skorað á ríkisstjórnirnar að styðja upplýsinganet til þess að auka samstarf miðstöðva vísindarannsókna í Evrópu. Enn fremur að styðja verkefni til þess að þróa almenna menntun og starfsmenntun með verkefnum og kerfum sem nota allar tegundir nútímatækni í því skyni.

Þá var ályktað um *flutninga í Evrópu* og þar gert ráð fyrir að fyrst og fremst þyrfti að leggja áherslu á þrjú svið. Í fyrsta lagi samvinnu í flutningamálum á hinu evrópska efnahagssvæði. Í öðru lagi samstarf milli Austur- og Vestur-Evrópu í flutningamálum. Í þriðja lagi lausn umhverfisvandamála sem tengjast flutningum.

Loks var samþykkt ályktun vegna vaxandi *umferðar í lofthelgi og við flugvelli Evrópu*. Tók Guðmundur G. Þórarinsson þátt í þeirri umræðu.

Fastanefndin og ályktanir hennar.

Fastanefndin (Standing Committee) tekur ákvarðanir milli þinga. Hún undirbýr þingin, ákveður fyrirkomulag og tekur ákvarðanir um dagsetningar í því sambandi. Í fastanefndinni eru forseti ráðsins og allir varaforsetar, allir formenn málefnanefnda þingsins, auk nokkurra fulltrúa sem kosnir eru á þinginu. Það eru að öðru jöfnu þeir formenn sendinefnda sem ekki eru varaforsetar.

Hér verður getið um nokkrar samþykktir fastanefndarinnar, annars vegar frá því í júlímánuði og hins vegar frá nóvembermánuði.

Í júlímánuði voru samþykktar álitsgerðir um *fjárlög* Evrópuráðsins og um *ráðstefnustarfsemi sveitarstjórnarmanna* úr Evrópuráðslöndum, auk ályktana um aðstæður *búlgarskra flóttamanna í Tyrklandi* og ályktunar um *fjarkennslu*.

Í nóvembermánuði var samþykkt stefnumörkun vegna *þróunarinnar í Austur-Þýskalandi* og um afstöðu til hugsanlegrar *aðildar Evrópubandalagsins að félagsmálasáttmála Evrópuráðsins*, en það mál hafði verið undirbúið í samstarfi Evrópubandalagsins og Evrópuráðsins, þ.e. félagsmálanefnda þessara stofnana. Samþykkt var tillaga um *samsetningu þingmannanefnda aðildarríkjanna*. Með tilvísun til samþykktar, sem fastanefndin hafði gert árið 1986 um breytingu á 26. gr. stofnskrár Evrópuráðsins um samsetningu nefndanna þar sem kveðið var á um að nefndirnar skyldu endurspegla hlutföll á þjóðþingunum, var samþykkt að undirstrika þetta sjónarmið og ályktað um breytingar á stofnskrárákvæðinu þess efnis að þess verði gætt eftir föngum í samsetningu nefndanna að hinir pólitísku straumar á þingunum endurspeglist sem allra best.

Íslenska nefndin á þingi Evrópuráðsins.

Stofnskrá Evrópuráðsins segir til um hve marga fulltrúa hvert aðildarríki geti átt á þinginu. Ísland á samkvæmt stofnskránni þrjá fulltrúa á þingi Evrópuráðs. Hvert ríki hefur rétt til að tilnefna jafnmarga varafulltrúa og aðalfulltrúarnir eru. Kjörtímabil fulltrúanna er

frá upphafi hvers þings til upphafs næsta þings, nema þingkosningar hafi farið fram á tímabilinu, fulltrúi forfallist, falli frá eða segi af sér í ráðinu. Í upphafi 41. þingsins voru aðalfulltrúar þau Ragnhildur Helgadóttir, Guðmundur G. Þórarinsson og Kjartan Jóhannsson en varafulltrúar Ragnar Arnalds, Hreggviður Jónsson og Kristín Halldórsdóttir. Eins og kunnugt er sögðu þau af sér þingmennsku Kjartan Jóhannsson og Kristín Halldórsdóttir í sumar og haust en sæti þeirra tóku þau Eiður Guðnason og Þórhildur Þorleifsdóttir.

Formaður nefndarinnar var Ragnhildur Helgadóttir og varaformaður Guðmundur G. Þórarinsson. Ritari nefndarinnar var fyrri hluta tímabilsins Friðrik Ólafsson, skrifstofustjóri Alþingis, en síðari hluta tímabilsins Ólafur Ólafsson, varaskrifstofustjóri Alþingis. Aðstoðarmaður og umsjónarmaður skjalavörslu ráðsins er Þóra Guðnadóttir.

Meginvinna þingsins fer fram í nefndum þess en þær eru alls 13, þar af eru 7 nefndir sem um 40 þingmenn eiga sæti í. Færri eru í hinum nefndunum en samkvæmt stofnskránni á Ísland eitt sæti í hverri nefnd, hvort sem heildarfjöldi nefndarmanna er 25 eða 40. Nefndirnar og aðild Íslendinga að þeim er sem hér segir:

1. Stjórnmálanefnd:	Ragnhildur Helgadóttir.
2. Efnahagsnefnd:	Guðmundur G. Þórarinsson,
til vara:	Ragnar Arnalds.
3. Laganefnd:	Eiður Guðnason,
til vara:	Ragnhildur Helgadóttir.
4. Mennta- og menningarmálanefnd:	Ragnar Arnalds,
til vara:	Guðmundur G. Þórarinsson.
5. Félags- og heilbrigðismálanefnd:	Ragnhildur Helgadóttir.
6. Landbúnaðarnefnd:	Eiður Guðnason.
7. Nefnd um samskipti við lönd utan Evrópuráðsins:	Þórhildur Þorleifsdóttir.
8. Nefnd um almannatengsl þingsins:	Hreggviður Jónsson.
9. Þingskapanefnd:	Ragnar Arnalds.
10. Vísinda- og tækninefnd:	Eiður Guðnason.
til vara:	Guðmundur G. Þórarinsson.
11. Fjárlaganefnd:	Ragnar Arnalds.
12. Skipulags- og sveitarstjórnarmálanefnd:	Hreggviður Jónsson.
13. Flóttamannanefnd:	Guðmundur G. Þórarinsson.

Ef vikið er að nokkrum verkefnum Íslendinganna í nefndunum má nefna að Kjartan Jóhannsson hafði á fyrri hluta tímabilsins, en Eiður Guðnason á síðari hluta tímabilsins, með höndum framsögu um tiltekið málefni í landbúnaðarnefndinni, þ.e. um framtíð hvalveiða. Ragnar Arnalds er framsögumaður og undirbýr framsögu í máli sem varðar kennslu og varðveislu tungumála þjóðernisminnihluta. Ragnhildur Helgadóttir er framsögumaður og undirbýr skýrslu um heilbrigðismálastefnu Evrópu fyrir hönd félags- og heilbrigðismálanefndarinnar. Heilbrigðismálanefndin fól Ragnhildi að sækja fyrir hönd Evrópuráðsins ráðherrafund um heilbrigðis- og umhverfismál sem haldinn var í Frankfurt í desember sl. Flutti hún þar ávarp fyrir hönd ráðsins.

Það skiptir miklu máli að taka þátt í nefndarstörfunum því að þar gefst best tækifæri til að

hafa áhrif á einstök mál og móta niðurstöðu nefndanna sem venjulega verður niðurstaða þingsins sjálfs. Meðal annars hafa verið haldnir mikilvægir fundir í mörgum nefndanna nú á þessu liðna starfsári þar sem bein samskipti og viðræður við Austur-Evrópuþjóðirnar hafa verið ríkur þáttur. Utanríkisráðherrar þriggja Austur-Evrópuríkja sátu fundi í pólitísku nefndinni nú í vetur, utanríkisráðherrar Ungverja, Tékkóslóvaka og Pólverja. Pólverjinn og Ungverjinn töluðu með eindregnum hætti um markaðsbúskap og einstaklingsfrelsi, raunar tékkneski ráðherrann líka þótt með örlítið öðrum hætti væri. Nefndarfundur var með hverjum ráðherranna fyrir sig og svöruðu þeir spurningum.

Nefndarfundirnir á liðnu starfsári hafa einnig skipt miklu í sambandi við þær hræringar sem nú eiga sér stað vegna aðdraganda hins evrópska efnahagssvæðis og aukinna umsvifa Evrópubandalagsins.

42. þing ráðsins hefst svo í Strasborg í maímánuði nk. og má búast við að þar verði einnig mikið um fréttnæma atburði eins og á síðasta þingi. Óhætt er að segja að það hafi verið tímabær ábending á sínum tíma sem fyrrverandi forseti Evrópuráðsins, Louis Jung, setti fram í fyrra að ráðinu bæri í ljósi þróunarinnar að endurskoða og endurmeta hið upphaflega hlutverk sitt og ítreka meginatriði þess því að það er ljóst að fleiri ríki og stærri svæði heims en áður var hafa nú lært að meta það.

Sþ. 787. Tillaga til þingsályktunar [452. mál]

um skipulegar mælingar og skrásetningu upplýsinga um efnainnihald í íslenskum matvælum.

Flm.: Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að nú þegar verði gert skipulegt átak til þess að mæla og skrá efnainnihald íslenskra matvæla með sérstöku tilliti til aðskota- og aukefna. Jafnframt verði unnin nákvæm skrá um öll slík efni í íslenskum matvælum á hverjum tíma þannig að íslensk stjórnvöld geti, hvenær sem gefið er út vottorð, byggt á vísindalegum grunni, um hollustu íslenskra matvara.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur umræða um ýmis eiturefni í umhverfi okkar orðið háværari með hverju árinu. Þessi umræða hefur þó verið meira áberandi erlendis og svo virðist sem Íslendingar séu grandalausari um þessi efni en nágrannaþjóðirnar þar sem talið er að minna sé um þessa mengun hér á landi en víða annars staðar.

Íslendingar lifa, sem kunnugt er, fyrst og fremst á matvælaframleiðslu og eiga mikið undir því að kaupendur framleiðslunnar geti gengið að því sem vísu að þeir séu að kaupa „ómengaða“ vöru, en í hugum nágranna okkar verður slík vara að vera að mestu laus við þær efnaleifar sem finnast í auknum mæli í þeirra eigin matvælum. En hvaða efni eiga að vera í matvælum og hver ekki? Áður en lengra er haldið er rétt að skýra það nánar.

Í matvælum geta auk hráefna verið bæði aukefni og aðskotaefni. Aukefni eru skilgreind í reglugerð nr. 409/1988 um aukefni í matvælum og öðrum neysluvörum, en aðskotaefni eru skilgreind í fskj. 2 við reglugerð nr. 250/1976 um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara.

Aðskotaefni eru öll efni sem finna sér leið í matvæli eða hefur verið bætt í þau með það fyrir augum að fjarlægja þau að mestu eða öllu leyti síðar í vinnslunni. Þessi efni gegna engu sérstöku hlutverki í matvælunum sjálfum og eru yfirleitt ekki æskileg. Undir þennan flokk falla efnaleifar.

Lög um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, hafa að geyma ákvæði um matvæli og aðrar neyslu- og nauðsynjavörur, fóðurvörur og sáðvörur. Þar segir í 17. gr. að eiturefni og hættuleg efni megi ekki setja í eða blanda saman við matvæli og aðrar neysluvörur eða fóðurvörur nema það sé sérstaklega heimilað í reglugerð samkvæmt lögum um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum eða öðrum lögum.

Almennt er hinum margvíslegu aðskotaefnum raðað í nokkra undirflokka og eru þeir helstu eftirfarandi: a) lyfjaleifar, b) varnarefni, c) málmar, d) sveppaeitur, e) PCB-efni og önnur klórsambönd.

a. Lyfjaleifar.

Helstu flokkar lyfja og efna, sem notuð eru við dýralækningar, eru:

1. Sýklalyf og sýklaeyðandi efni. 2. Hormónar, frjósemislyf, vaxtarlyf, baksterar. 3. Sníkjudýralyf, ormalyf, hnislasóttarlyf. 4. Róandi lyf, svæfingarlyf og verkjastillandi lyf. 5. Vaxtaraukandi lyf.

Sum þessara lyfja geta verið varhugaverð ef þau berast með matvælum í menn. Til að hindra það hafa verið settar strangar reglur um útskolunartíma flestra dýralyfja, en það er sá tími sem verður að líða frá síðustu lyfjagjöf þar til nýta má afurðir dýrsins til manneldis.

Eftirlit með lyfjaleifum hér á landi er nær eingöngu bundið við mjólk og mjólkurvörur. Reglugerð þar að lútandi hefur að geyma skýr ákvæði hvað þetta varðar. Eftirlit með lyfjaleifum í kjöti er lítið eða eingöngu sem einstakar tilviljanakenndar prófanir.

b. Varnarefni.

Öll ræktun þarf á jarðvegi, vatni, lofti og sólarljósi að halda, en þessir þættir veita einnig ýmsum óæskilegum lífverum lífsskilyrði, svo sem bakteríum, sveppum, illgresi og meindýrum. Ræktun okkar verður því oft fyrir ágangi eða samkeppni af völdum þessara lífvera. Því hefur maðurinn tekið í þjónustu sína ýmis efni til þess að tryggja að ræktun hans beri sem bestan árangur. Skordýraeitrið DDT var eitt af fyrstu efnunum sem menn uppgötvuðu í þessum tilgangi í kringum 1940 og reyndist það mjög vel. Það var reyndar framleitt fyrst árið 1874, en áhrif þess á skordýr urðu ekki kunn fyrr en 1939. Áhrif efnisins á spendýr eru margfalt minni en á skordýr. Hexaclorcyclohexan er til aðallega sem fjórir mismunandi ísómerar, en gamma-ísómerinn af þessu efni (Lindan), sem er mjög virkur, hefur verið notaður í stórum stíl hér á landi í baðlyfi.

Lífrænu klór-kolvetnissamböndin eru vel fituleysanleg en torleyst í vatni. Sameiginlegt einkenni þessara efna er að þau eru mjög stöðug gegn eðlis- og efnaáhrifum.

DDT og díeldrín eru orðin nokkuð jafnt dreifð um jörðina með vindum og vatni. Þau gufa upp af plöntum og úr jarðvegi og berast þannig út í andrúmsloftið og rignir síðan niður aftur á fjarlægum stöðum, t.d. finnst nokkurt magn af þessum efnum í yfirborðsís pólanna. Einhver menguðustu vatnasvæði jarðar af völdum þessara efna eru Eystrasaltið og kanadísku vötnin.

Ekki er nákvæmlega vitað hve langur tími þarf að líða þar til efnin brotna niður í náttúrunni. Líklegt er talið að helmingunartíminn sé minnst 10 ár. Nú er DDT víða bannað með öllu. Þessi efni safnast upp í fituvef síðustu liðanna í fæðukeðjunni (maður, selur, sjófuglar) og getur styrkleikur þeirra þar orðið margfalt meiri en í umhverfinu. Notkun iðnríkja Vesturlanda á þessum efnum hefur minnkað verulega síðan þau bönnuðu notkun þeirra á sínu eigin yfirráðasvæði. Aftur á móti hefur notkun þeirra aukist verulega í þróunarlöndunum og heildarnotkun er nær sú sama í heiminum nú og var í lok sjöunda áratugarins.

Rétt er að benda á að þessi efni hafa bæði sínar góðu og slæmu hliðar, t.d. hefur náðst verulegur, tímabundinn árangur í baráttunni við malaríu með því að útrýma anophelesflugum með DDT. Árið 1945 dóu á Ítalíu 411 þúsund manns úr malaríu en aðeins 37 árið 1968.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin og Landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna hafa gefið út markgildi fyrir það magn útrýmingarefna sem talið er óhætt að neyta daglega (Acceptable Daily Intake/ADI). Flest lönd, Ísland þó undanskilið, hafa sett mörk um hæsta leyfilegt magn af þeim aðskotaefnum sem mega finnast í ákveðnum matvælum og haft er stöðugt eftirlit með innfluttum og innlendum matvælum.

c. Málmar.

Margir málmar eru okkur lífsnauðsynlegir, svo sem kalk og fosfór, en af öðrum þolum við mjög lítið. Má þar m.a. nefna kvikasilfur, blý, kadmíum og arsen. Flest tilheyra þessi efni hópi er nefndir eru þungmálmar.

Um nokkur þessara efna gildir að þau eru okkur nauðsynleg í mjög litlum mæli, en fari magn þeirra í fæðunni yfir ákveðið mark teljast þau til aðskotaefna og geta valdið eitrun.

Í gildi er reglugerð nr. 242/1974, um varnir gegn mengun matvæla af völdum blýs og kadmíums í matarílátum.

Blý er aðallega að finna í útblæstri bifreiða þar sem það er notað til að mýkja gang bensínvéla. Við brennslu brotnar efnið niður og blýið dreifist sem loftúði út í umhverfið. Blýið berst síðan í fólk annaðhvort með lofti eða matvælum eins og grænmeti og ávöxtum. Dreifing blýs í náttúrunni er orðin veruleg.

Kvikasilfur er víða í umhverfinu, t.d. sem úrgangur frá verksmiðjum. Það berst með vatni í fiska og næringarefni. Kvikasilfur getur einnig borist út í náttúruna með kornútsæði. Úr kornökrum berst síðan efnið út í ár og vötn og þaðan með fiskum annaðhvort beint í manninn eða sem fóður til landbúnaðarframleiðslu.

Arsen var áður notað sem lyf eða hluti af lyfjum. Það hefur valdið stórfelldum eitrunum í t.d. Reichenstein Slésíu og Cordoba í Argentínu. Eitrið hefur verið morðmeðal „par excellence" öldum saman þar sem arsenduft er lyktar- og bragðlaust.

Kadmíum er málmur sem tærist mjög lítið og er hann því mikið notaður í málmblöndur. Einnig er kadmíum notað í litarefni í stórum stíl. Kadmíum getur losnað úr keramíkílátum af völdum súrra matvæla. Í gildi er hér á landi reglugerð um varnir gegn mengun matvæla af völdum blýs og kadmíums í matarílátum (nr. 242/1974).

d. Sveppaeitur.

Flestar ættir myglusveppa geta myndað eiturefni við sérstakar aðstæður, svo sem ákveðið raka- og hitastig.

Algengasta verkun sveppaeiturs er að það er krabbameinsvaldur í lifur og nýrum og eitt af því, „aflatoxín B 1", er eitt sterkasta krabbameinsvaldandi efni sem þekkt er. Jafnvel mjög lágur skammtur getur á löngum tíma aukið verulega líkur á krabbameini. Ekki eru enn komnar fram áreiðanlegar ákvarðanir á lægstu mörkum. Til eru nú mjög nákvæmar aðferðir til að mæla þessi efni auk þess sem kostnaður við þessar mælingar er orðinn viðráðanlegri en áður var.

Þar sem þessi eiturefni myndast aðeins öðru hverju finnast þau yfirleitt ekki að staðaldri í matvælum. Þær þjóðir, sem fylgjast reglubundið með efnainnihaldi matvara sinna, greina frá því að sveppaeitur finnist aðallega í hnetum, möndlum, fíkjum og kornvörum, jafnt til manneldis sem dýrafóðurs. Eitrið getur einnig myndast í öðrum fóðurtegundum, svo sem í votheyi.

e. PCB-efni og önnur klórsambönd.

PCB (Polychlorinated Biphenyls) er oft notað sem samheiti fyrir blöndur af fjölklóruðum bifenyl-samböndum með mismunandi mörgum klórsamböndum og mismiklum eiturverkunum. Langflest þessara efna eru talin krabbameinsvaldandi. Meðal mjög eitraðra umbrotsefna má nefna PCDF-efni og PCDD eða fjölklóruð dibensódíoxín sem ollu mengunarslysi í Seveso á Ítalíu 1976.

PCB-efnin eru yfirleitt í olíuformi, mjög stöðug í náttúrunni og brenna ekki við venjulegar aðstæður. Þau hafa verið notuð sem kæli- og einangrunarvökvar í rafþétta og spennubreyta, í olíur fyrir vökvadælur, sem mýki- og leysiefni í málningu, fylliefni, lím, plast o.fl. Eftir að mönnum varð ljóst hversu hættuleg efnin eru hefur notkun þeirra verið bönnuð í mörgum löndum.

PCB-efnin leysast upp í fitu en ekki í vatni. Þetta þýðir að efnin geta safnast fyrir og geymst í fituvefjum ýmissa lífvera og þar með í fæðukeðjunni. Þannig getur t.d. lifur úr þorski frá menguðu hafsvæði innihaldið mikið magn af PCB.

PCB getur haft áhrif m.a. á húð, lifur, varnarkerfi líkamans og frjósemi. Áhrifin geta orðið hvort sem PCB berst inn í líkamann í gegnum húð, öndunar- eða meltingarfæri.

Erlendis hafa augu manna á síðari árum einkum beinst að efninu díoxín, sem m.a. getur verið niðurbrotsefni frá PCB. Umfangsmiklar rannsóknir hafa verið gerðar víða erlendis á díoxíni í matvælum, einkum sjávarfangi. Efnið hefur einnig fundist í brjóstamjólk.

Lokaorð.

Lítið er vitað um magn allra þessara efna á Íslandi. Sum eru eða hafa verið notuð hér, önnur geta hafa borist hingað með vatni, vindum eða vörum.

Þegar fyrirspurnir berast erlendis frá um mengun af völdum þessara efna hér á landi þá getum við lítið annað gert en benda á hversu „ómenguð náttúran er að sjá". Það má búast við að ekki láti allir sannfærast með slíkum rökum. Þá skyldi ekki gleymt okkar eigin neytendum. Þeir hafa litla hugmynd um magn þessara efna í matvælum hvorki innlendum né innfluttum.

Það hlýtur að verða einn af hornsteinum útflutningsstefnu okkar að sanna fyrir væntanlegum kaupendum að umhverfi okkar og þar með matvæli séu „hreinni" en víða annars staðar á byggðu bóli. Þessu skilyrði verður ekki fullnægt nema því aðeins að komið verði á virku, stöðugu og ábyggilegu eftirliti með þessum efnum þar sem á einum stað verður gagnabanki með upplýsingum um þróun þessarar mengunar hér á landi á hverjum tíma.

Í dag eru það ýmsar stofnanir sem vinna að efnamælingum og eftirliti á íslenskum matvælum. Þar má nefna Hollustuvernd ríkisins, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknastofnun mjólkuriðnaðarins, yfirdýralæknisembættið, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og aðila innan Háskóla Íslands. Þegar kæmi að því að ákveða hvaða aðili tæki að sér að sjá um að nauðsynlegar mælingar séu framkvæmdar og haldin nákvæm skrá um aðskotaefni þá kemur margt til greina. Það er skoðun flutningsmanns að margt mæli með að slík starfsemi geti verið liður í því að efla Háskólann á Akureyri sem rannsókna- og fræðistofnun í matvælaiðnaði og fellur slíkt að yfirlýsingum ráðamanna í þá átt. Það væri mjög við hæfi að slík starfsemi færi fram í einhverju mesta matvælaframleiðslu- og vinnsluhéraði landsins, hvort heldur sem litið er til lands eða sjávar.

Samræming þessarar starfsemi í Háskólanun á Akureyri mundi krefjast nokkurrar uppstokkunar á rannsóknastarfsemi opinberra stofnana frá því sem nú er. Þetta gæti einnig tengst starfsemi sem nú er rekin af atvinnuvegunum sjálfum, svo sem Rannsóknastofnun mjólkuriðnaðarins, sem nú stendur á nokkrum tímamótum, en það er ekki stjórnvalda að segja þessum aðilum fyrir verkum. Á hitt ber að líta að miðstöð matvælarannsókna á vettvangi framleiðslunnar fellur betur en flest annað að raunhæfri byggðastefnu.

Nd. 788. Frumvarp til laga [453. mál]

um breytingu á lögum nr. 67/1988, um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

Orðin „eða Namibíu“ og „eða Namibía“ í 1. og 2. mgr. 1. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Á eftir 2. mgr. 1. gr. laganna kemur ný málsgrein svohljóðandi:
1. og 2. mgr. skulu einnig gilda um svæði sem lúta yfirráðum Suður-Afríku.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skulu lögin í heild gefin út að nýju með fyrirsögninni: Lög um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 67 frá 20. maí 1988, um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu, var bannað að flytja til Íslands vörur sem upprunnar eru í Suður-Afríku og Namibíu og að flytja frá Íslandi vörur til Suður-Afríku eða Namibíu eða gera samning um útflutning vara frá Íslandi þegar ljóst má vera að endanlegur áfangastaður varanna er Suður-Afríka eða Namibía. Með setningu laganna var aðskilnaðarstefnu stjórnvalda í Suður-Afríku mótmælt og höfðu sams konar lög verið sett annars staðar á Norðurlöndum.

Namibía, sem var þýsk nýlenda, var hernumin af Suður-Afríku í fyrri heimsstyrjöldinni. Eftir lok styrjaldarinnar veitti Þjóðabandalagið Suður-Afríku umboð til að fara með stjórn á svæðinu. Eftir að Sameinuðu þjóðirnar voru stofnaðar fóru suður-afrísk stjórnvöld fram á að þeim yrði heimilað að innlima Namibíu. Þessari beiðni var hafnað á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, en Suður-Afríku hins vegar veitt umboð til að stjórna Namibíu á grundvelli gæsluverndarkerfis Sameinuðu þjóðanna þar til landið fengi sjálfstæði. Þessi ákvörðun allsherjarþingsins var síðar staðfest af Alþjóðadómstólnum í Haag. Þrátt fyrir ákvarðanir allsherjarþingsins og Alþjóðadómstólsins hélt Suður-Afríka áfram að reyna að innlima Namibíu og setti t.d. upp sérstök heimalönd í Namibíu fyrir blökkumenn, þ.e. afmörkuð svæði þar sem þeim er gert að búa í samræmi við kynþáttaaðskilnaðarstefnu suður-afrískra stjórnvalda.

Sameinuðu þjóðirnar hafa síðan 1966 unnið að því að Namibía öðlist sjálfstæði þegar allsherjarþingið lýsti yfir því í fyrsta skipti að umboð Suður-Afríku til að stjórna Namibíu væri ógilt og hernám Suður-Afríku í Namibíu því ólögmætt. Namibíuráð Sameinuðu þjóðanna var sett á fót árið 1967 og fékk það hlutverk að undirbúa sjálfstæði landsins og koma fram sem fulltrúi Namibíu á alþjóðavettvangi.

Árið 1978 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 435 um hvernig standa ætti að því að Namibía fengi sjálfstæði. Í ályktuninni er kveðið á um vopnahlé, brottflutning alls herliðs Suður-Afríku frá Namibíu, afnám kynþáttaaðskilnaðarlaga í landinu, kosningar til sérstaks stjórnlagaþings í þeim tilgangi að semja stjórnarskrá og að Sameinuðu þjóðirnar skuli hafa eftirlit með kosningum og með landinu þar til það öðlist sjálfstæði.

Hinn 22. desember 1988 urðu þáttaskil í Namibíumálinu þegar þríhliða samningur var

undirritaður af Angólu, Suður-Afríku og Kúbu annars vegar og tvíhliða samningur á milli Angólu og Kúbu hins vegar. Samningsaðilar féllust á að framkvæmd á ályktun öryggisráðsins nr. 435 skyldi hefjast 1. apríl 1989 og sömdu um brottflutning kúbanskra hermanna frá Angólu, en Suður-Afríka hafði um langt skeið sett brottflutninginn sem skilyrði fyrir því að Namibía fengi sjálfstæði. Öryggisráðið staðfesti ábyrgð Sameinuðu þjóðanna á Namibíu og ákvað að framkvæmd ályktunar nr. 435 skyldi hefjast 1. apríl 1989.

Eftirlitssveitir Sameinuðu þjóðanna komu til Namibíu 1. apríl 1989 og var hlutverk þeirra fyrst og fremst að tryggja frjálsar kosningar í landinu. Dagana 7.–11. nóvember 1989 voru síðan haldnar kosningar undir eftirliti Sameinuðu þjóðanna. Kosningaþátttakan var 97,04% sem sýnir hve Namibíumenn töldu kosningarnar mikilvægar. Tíu stjórnmálaflokkar voru í framboði og hlutu Þjóðfrelsishreyfing Namibíu (SWAPO) og Lýðræðisfylkingin (DTA) flest atkvæði. Af 72 þingsætum hlaut Þjóðfrelsishreyfingin 41 sæti og Lýðræðisfylkingin 21 sæti. Sameinuðu þjóðirnar telja að kosningarnar hafi verið frjálsar og gengið eðlilega fyrir sig og verið í samræmi við ályktun nr. 435. Þinginu, sem kosið var til, er ætlað það hlutverk að semja stjórnarskrá fyrir landið, ákveða hvenær landið verður sjálfstætt ríki og setja saman ríkisstjórn. Þingið hefur nú þegar komið sér saman um drög að stjórnarskrá og er þar kveðið á um lýðræðislegt stjórnskipulag að vestrænni fyrirmynd. Landið öðlast sjálfstæði 21. mars 1990.

Eina almennilega höfnin í Namibíu er á svæði sem kallast Valvis Bay sem nú lýtur de facto yfirráðum Suður-Afríku. Íslensk stjórnvöld telja að Valvis Bay tilheyri Namibíu og að leysa verði málið um yfirráð svæðisins með viðræðum milli stjórnvalda Namibíu og Suður-Afríku eftir að Namibía hlýtur sjálfstæði. Þar sem líkur benda til þess að svæðið muni enn um sinn lúta yfirráðum Suður-Afríku þykir rétt að viðskiptabannið verði einnig látið taka til svæða sem lúta yfirráðum Suður-Afríku, sbr. 2. gr. frumvarps þessa.

Ísland hefur frá fyrstu tíð stutt sjálfstæðisbaráttu namibísku þjóðarinnar og hefur greitt atkvæði með mörgum ályktunartillögum um þetta efni á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Með sjálfstæði Namibíu hefur kynþáttaaðskilnaður þar verið afnuminn og forsendan fyrir viðskiptabanni gegn Namibíu er því brostin.

Einstakar greinar frumvarpsins þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 789. Tillaga til þingsályktunar [454. mál]

um staðfestingu rammasamnings um samvinnu á sviði vísinda og tækni milli Íslands og Evrópubandalaganna.

(Lögð fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd rammasamning um samvinnu á sviði vísinda og tækni milli lýðveldisins Íslands og Evrópubandalaganna sem gerður var í Brussel 30. október 1989.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili staðfestingu rammasamnings um samvinnu á sviði vísinda og tækni sem gerður var í Brussel 30. október 1989. Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Samningur þessi er árangur samningaviðræðna milli fulltrúa Íslands og fulltrúa ráðs Evrópubandalaganna, en samkomulag náðist um drög að samningi í september 1988. Umsagnar Rannsóknaráðs ríkisins og Vísindaráðs var leitað og af þeirra hálfu var mælt með því að íslensk stjórnvöld staðfestu samninginn hið fyrsta. Samningurinn var síðan undirritaður

í Brussel 30. október 1989. Hann er hliðstæður öðrum tvíhliða rammasamningum við Evrópubandalögin sem öll EFTA-ríki nema Ísland hafa nú þegar samþykkt.

Markmið þessa samnings er að auðvelda og auka tvíhliða samstarf Íslands og Evrópubandalaganna á sviði vísinda, tækni, rannsókna og þróunar. Þetta markmið er í samræmi við þá stefnu íslenskra stjórnvalda að Ísland verði virkur þátttakandi í menningarlegri og vísindalegri samvinnu Evrópuþjóða.

Samningurinn felur í sér ákvæði um samstarf stjórnvalda, opinberra fyrirtækja og einkafyrirtækja sem taka þátt í rannsóknaáætlunum á Íslandi eða í löndum Evrópubandalaganna. Þessu samstarfi yrði fylgt eftir m.a. með heimsóknum og skiptum á vísindamönnum, verkfræðingum og tæknimönnum.

Rammasamningurinn býr í haginn fyrir aðild Íslendinga að öðrum vísindaáætlunum Evrópubandalaganna. Í þessu sambandi má nefna hvataáætlun („Science"-áætlun) Evrópubandalaganna sem gæti eflt vísindastarfsemi í mikilvægum greinum, svo sem á sviði jarðhitarannsókna og hafrannsókna. Önnur slík samstarfsverkefni eru COMETT-verkefnið sem fjallar um samstarf milli háskóla og atvinnulífs á sviði tækniþróunar og ERASMUS-áætlunin sem skipuleggur nemenda- og kennaraskipti á milli háskóla. Þannig er rammasamningurinn í raun umgjörð fyrir þátttöku í einstökum verkefnum eftir því sem um er samið í hverju tilviki.

Ef rétt er á málum haldið gæti rammasamningurinn bæði eflt það vísinda- og tæknisamstarf milli Íslands og Evrópubandalaganna sem fyrir er og opnað aðra möguleika á samstarfi um rannsóknir sem ykju skilning á íslensku umhverfi og auðlindum.

Fylgiskjal.

RAMMASAMNINGUR

um samvinnu á sviði vísinda og tækni milli lýðveldisins Íslands og Evrópubandalaganna

RÍKISSTJÓRN LÝÐVELDISINS ÍSLANDS, í umboði lýðveldisins Íslands, hér á eftir nefnd „Ísland",

annars vegar,

og RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA, í umboði Efnahagsbandalags Evrópu, og

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA, í umboði Kjarnorkubandalags Evrópu, hér á eftir nefnd „framkvæmdastjórnin",

hins vegar,

sem hér á eftir eru nefnd „samningsaðilarnir",

ÞAR SEM, án þess að skert sé gildi viðeigandi ákvæða stofnsamninga Efnahagsbandalags Evrópu og Kjarnorkubandalags Evrópu, rammasamningur þessi og öll starfsemi sem unnið er við samkvæmt honum mun engin áhrif hafa á heimildir aðildarríkja Efnahagsbandalaganna til að takast á hendur tvíhliða verkefni með Íslandi á sviði vísinda, tækni, rannsókna og þróunar, og til að gera samninga í því skyni þar sem það á við;

SEM HAFA Í HUGA mikilvægi vísinda- og tæknirannsókna fyrir Ísland og Evrópubandalögin og sameiginlega hagsmuni þeirra af samvinnu á þeim sviðum til að bæta nýtingu auðlinda og koma í veg fyrir sóun og tvíverknað;

ÞAR SEM ráðherrar aðildarríkja Evrópubandalaganna, ráðherrar aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og framkvæmdastjórnin töldu á fundinum í Lúxemborg 9. apríl 1984 að með því að Evrópubandalögin og aðildarríki Fríverslunarsamtakanna væru efnahagslega hvert öðru háð í vaxandi mæli réttlætti það sérstaklega samvinnu á sviði vísinda og þróunar, og lögðu áherslu á nauðsyn þess að auka þetta starf, einkum til að stuðla að tilflutningi vísindamanna; og einnig þar sem ráðherrarnir óskuðu þess að sérstök athygli skyldi veitt ákveðnum iðnaðar- og tæknigreinum framtíðarinnar;

ÞAR SEM Ísland og Efnahagsbandalag Evrópu hafa einnig með sér samstarf á vegum Evrópusamvinnu á sviði vísinda- og tæknirannsókna (COST), og þar sem þeir aðilar hyggjast halda áfram störfum sínum innan þess verkefnis;

ÞAR SEM Ísland og Evrópubandalögin fylgja rannsóknaáætlunum á sameiginlegum hagsmunasviðum;

ÞAR SEM Ísland og Evrópubandalögin hafa hagsmuna að gæta af samvinnu innan þessara áætlana;

ÞAR SEM æskilegt er til að ná þessu fram að mæla fyrir um heildarskipan samvinnu Íslands og Evrópubandalaganna á sviði rannsókna sem stofnanir og einkafyrirtæki gætu tengst; þar sem, að auki, heildarskipan þessi ætti að gera ráð fyrir einfaldri og skilvirkri málsmeðferð og vera breytilegs eðlis;

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:

A. Tilgangur samningsins

1. gr.

Samningur þessi skilgreinir ramma um þróun vísinda- og tæknisamstarfs Íslands og Evrópubandalaganna á sameiginlegum hagsmunasviðum, sem rannsókna- og þróunaráætlanir samningsaðilanna falla undir.

2. gr.

Samstarf þetta geta stundað fyrirtæki og framkvæmdaaðilar á vegum hins opinbera eða einkaaðila sem taka þátt í rannsóknaáætlunum á Íslandi eða í Evrópubandalögunum eins og í 1. gr. segir.

3. gr.

Samstarf þetta getur átt sér stað í eftirgreindu formi:

- með reglubundnum skoðanaskiptum um stjórn og forgang rannsóknastefnu og áætlana á Íslandi og í Evrópubandalögunum;
- með skoðanaskiptum um framtíðarhorfur og þróun samstarfs;
- með veitingu upplýsinga sem fengnar eru með samstarfi samkvæmt samningi þessum;
- með samræmingu áætlana og verkefna sem unnið er að á Íslandi og í Evrópubandalögunum;
- með þátttöku í sameiginlegum áætlunum og hlutum áætlana og sameiginlegum aðgerðum á Íslandi og í Evrópubandalögunum.

4. gr.

Samstarfið má framkvæma á eftirfarandi hátt:

- með sameiginlegum fundum;
- með heimsóknum og skiptum á vísindamönnum, verkfræðingum og tæknimönnum;
- með reglulegu sambandi þeirra sem skipuleggja áætlanir eða verkefni og stjórna þeim;
- með þátttöku sérfræðinga í málþingum, umræðum og námskeiðum;
- með þátttöku í framkvæmd sameiginlegra áætlana eða hluta áætlana og sameiginlegum aðgerðum;
- með því að skjöl séu tiltæk og skipst verði á upplýsingum um árangur þess starfs sem unnið er innan ramma samstarfsins.

5. gr.

Samstarfið er hægt að þróa eða aðlaga hvenær sem er með samkomulagi aðila.

B. **Framkvæmd samstarfsins**

6. gr.

Gera skal viðeigandi samninga um framkvæmd samstarfs þess sem samningur þessi tekur til.

7. gr.

Í samningum þeim sem getið er í 6. gr. skal tilgreina form samstarfs og hvernig í haginn skuli búið fyrir það í einstökum tilvikum, en einnig

- vísindaleg eða tæknileg markmið;
- reglur um þekkingarmiðlun og eignarrétt að hugverkum;
- ákvæði um starfslið og tilflutning þess og um störf fulltrúa annars samningsaðila innan stofnana hins aðilans;
- tilhögun fjárhagslegrar þátttöku í samningum;
- alla aðra tilhögun eftir því sem við á.

8. gr.

Samningar þeir sem getið er í 6. gr. skulu gerðir samkvæmt þeim reglum sem gilda hjá hvorum samningsaðila um sig.

9. gr.

Samningsaðilar skulu tilkynna hvor öðrum nöfn fyrirtækja og framkvæmdaaðila sem getið er í 2. gr. og taka þátt í samstarfinu.

C. **Sameiginleg nefnd**

10. gr.

Stofna skal sameiginlega nefnd er nefnist „Rannsóknanefnd Íslands og Evrópubandalaganna“, og skal hún

- benda á þau svið þar sem líklegt er að til samstarfs geti komið, og athuga allar leiðir til að bæta það og þróa;
- vera vettvangur til að skiptast á skoðunum um stjórn og forgang rannsóknastefnu og rannsóknaáætlana á Íslandi og í Evrópubandalögunum, og um væntanlegan árangur samstarfsins;
- leitast við að tryggja farsæla framkvæmd þessa samnings.

11. gr.

Sameiginlega nefndin, skipuð fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar og Íslands, setur sér sjálf fundarsköp.

Nefndin heldur fund er annar hvor samningsaðila óskar þess, og ekki sjaldnar en árlega.

D. **Lokaákvæði**

12. gr.

Samningsaðilar samþykkja samning þennan samkvæmt gildandi reglum hjá hvorum um sig. Hann tekur gildi á þeim degi er samningsaðilar hafa tilkynnt hvor öðrum um að meðferð þeirri, sem nauðsynleg er í þessu skyni, sé lokið.

13. gr.

Samningur þessi gildir, annars vegar, á þeim svæðum þar sem stofnsamningar Efnahagsbandalags Evrópu og Kjarnorkubandalags Evrópu eru framkvæmdir, og við þau skilyrði sem í þeim samningum greinir, og, hins vegar, á landsvæði lýðveldisins Íslands.

14. gr.

Samningur þessi gildir ótímabundið. Hvor samningsaðili getur hvenær sem er sagt honum upp eða farið fram á endurskoðun hans með tólf mánaða fyrirvara.

15. gr.

Samningur þessi er gerður í tvíriti á íslensku, dönsku, ensku, frönsku, grísku, hollensku, ítölsku, portúgölsku, spænsku og þýsku og skulu allir textar jafngildir.

Gjört í Brussel, hinn þrítugasta dag októbermánaðar nítján hundruð áttatíu og níu.

Fyrir hönd lýðveldisins Íslands
Jón Baldvin Hannibalsson
Fyrir hönd ráðs og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna
J. Vidal
Frans Andriessen

Sþ. 790. Tillaga til þingsályktunar [455. mál]

um fullgildingu Evrópusamnings um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

(Lögð fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda Evrópusamning um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu sem gerður var í Strasborg 26. nóvember 1987.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Hinn 26. nóvember 1987 var gerður í Strasborg Evrópusamningur um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu og var hann undirritaður af Íslands hálfu sama dag.

Markmið samningsins er að efla, með fyrirbyggjandi aðgerðum, vernd manna, sem sætt hafa frelsissviptingu, gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu og er í inngangi hans minnt á að í 3. gr. sáttmála um verndun mannréttinda og mannfrelsis segir m.a.: „enginn maður skal sæta pyndingum, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu".

Samningurinn skiptist í fimm kafla. Í fyrsta kafla eru ákvæði um að setja skuli á fót nefnd um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu og hlutverk hennar. Í öðrum kafla eru ákvæði um hvernig nefndin skuli skipuð, val á nefndarmönnum, vinnufyrirkomulag og ákvörðunartöku. Í þriðja kafla eru ákvæði um hvernig staðið skuli að heimsóknum, um skýrslugerð nefndarinnar og um meðferð á upplýsingum sem aflað er í heimsóknum. Í fjórða kafla eru ákvæði um tengsl þessa samnings við aðra alþjóðasamninga og löggjöf viðkomandi ríkja og í fimmta kafla eru ákvæði um undirritun, fullgildingu og gildistöku o.fl.

Tekið skal fram að áður en samningurinn verður fullgiltur af Íslands hálfu er talið nauðsynlegt að sett verði sérstök lög svo að tryggt verði að Ísland geti fullnægt skyldum samkvæmt honum. Frumvarp þar að lútandi er nú til meðferðar hjá Alþingi.

Um einstakar greinar samningsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um að setja skuli á stofn Evrópunefnd um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu og verkefni nefndarinnar skilgreind. Í greininni segir að nefndin skuli kanna meðferð manna sem sætt hafa frelsissviptingu. Nefndin getur ekki beitt réttarúrræðum, heldur er það hlutverk mannréttindanefndar

og Mannréttindadómstóls Evrópu. Nefndin á einungis með vitjunum að rannsaka aðstæður, gera athugasemdir ef ástæða er til og eftir atvikum gera tillögur til viðkomandi ríkis um bætta meðferð eða aðbúnað.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessari grein ber hverju aðildarríki samningsins að leyfa vitjun á hvern þann stað er frelsissviptir menn eru vistaðir á vegna ákvörðunar opinbers yfirvalds. Þetta er ein meginskyldan sem samningurinn leggur á aðildarríki hans, þ.e. að leyfa fulltrúum úr nefndinni að heimsækja alla þá staði þar sem frelsissviptir menn eru vistaðir. Það er ekki aðalatriði í þessu sambandi hvort frelsissvipting byggist á formlegri ákvörðun eður ei heldur hvort hún er til komin vegna ákvörðunar opinbers yfirvalds.

Hugtakið frelsissviptur ber í skilningi þessarar greinar að túlka á sama hátt og mannréttindanefnd og Mannréttindadómstóll Evrópu hafa skýrt það í 5. gr. Mannréttindasáttmálans, en í þeirri grein er m.a. fjallað um skilyrði þess að beita megi frelsissviptingu. Sem dæmi um frelsissviptingu, sem fellur undir þennan samning, má nefna, auk fangelsisrefsingar, gæsluvarðhalds og handtöku, ýmiss konar vistun á geðsjúkrahúsum eða meðferðarstofnunum án samþykkis. Vistun ósjálfráða vegna aldurs fellur undir samninginn ef viðkomandi hefur verið sviptur frelsi.

Nefndin getur bæði heimsótt opinberar stofnanir og stofnanir einkaaðila. Það sem er aðalatriðið þegar meta á hvort heimsókn er leyfileg er hvort frelsissvipting er afleiðing af ákvörðun opinbers yfirvalds.

Skylda ríkis til að leyfa heimsókn gildir ekki eingöngu á friðartímum, heldur einnig á stríðstímum og þegar ástand er sambærilegt. Um hvernig leysa eigi vandamál, sem upp geta komið á slíkum tímum, eru m.a. ákvæði í 9. gr. samningsins.

Um 3. gr.

Í þessa grein er tekið upp það grundvallaratriði að nefndin og yfirvöld viðkomandi ríkis skuli hafa samvinnu sín á milli. Skyldan til samvinnu nær til allra þátta í starfi nefndarinnar, sbr. t.d. 8. og 9. gr. samningsins.

Um 4. gr.

Í þessari grein er fjallað um skipun nefndarinnar, hæfisskilyrði nefndarmanna o.fl. Nefndarmenn skulu vera jafnmargir og aðildarríki samningsins. Þeir eiga að vera vammlausir og viðurkenndir fyrir hæfni á sviði mannréttinda eða með starfsreynslu á því sviði sem samningurinn tekur til. Nefndarmenn þurfa ekki að vera lögfræðingar. Læknar eða aðrir með starfsreynslu innan fangelsiskerfisins gætu t.d. verið heppilegir nefndarmenn.

Um 5. gr.

Í þessari grein eru reglur um hvernig nefndarmenn skuli valdir og eru þær sambærilegar við val á fulltrúum í mannréttindanefnd Evrópu.

Um 6. gr.

Í þessari grein eru reglur um starfshætti nefndarinnar, ákvörðunartöku o.fl.

Um 7. gr.

Samkvæmt þessari grein skal nefndin heimsækja þá staði er nefndir eru í 2. gr. Samkvæmt greininni skulu heimsóknir vera með reglubundnum hætti, en auk þess geta þær komið til vegna sérstakra aðstæðna. Það er ekki aðalhlutverk nefndarinnar að fara í heimsókn í tilefni af einstökum kærum. Kærur eiga að fara til mannréttindanefndarinnar og fá meðhöndlun þar í

samræmi við reglur Mannréttindasáttmálans. Það er þó ekkert sem bannar að nefndin fari í heimsókn samkvæmt beiðni einstaklings eða annarra aðila. Það er nefndin sjálf sem metur hvort tilefni sé til sérstakra heimsókna. Reglubundnar heimsóknir nefndarmanna eiga að deilast sem jafnast á milli aðildarríkja samningsins. Að jafnaði skulu a.m.k. tveir nefndarmenn fara í hverja heimsókn. Ef heimsókn ber brátt að er þó heimilt að einungis einn nefndarmaður fari í heimsókn. Nefndinni er heimilt að hafa með sér til aðstoðar sérfræðinga og túlka. Með sérfræðingum er átt við menn með sérstaka kunnáttu á einstökum sviðum, t.d. lækna með reynslu í að meðhöndla einkenni þeirra sem sætt hafa pyndingum.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar segir að nefndin skuli tilkynna viðkomandi ríki um þá fyrirætlun að koma í heimsókn. Í greininni segir ekkert um það hvað tilkynna þurfi heimsókn með löngum fyrirvara, en almennt skal gera það með hæfilegum fyrirvara. Í undantekningartilvikum getur það komið fyrir að nefndin komi í heimsókn í beinu framhaldi af tilkynningu þar um. Samkvæmt 14. gr. skulu í þessari tilkynningu koma fram nöfn aðstoðarmanna nefndarinnar, en ekki er skylt að gefa upp hvaða nefndarmenn komi í heimsókn eða hvaða staði hún hyggst heimsækja. Með vísun til þess samstarfsanda sem samningurinn byggir á er gert ráð fyrir því að nefndin veiti viðkomandi ríki þessar upplýsingar fyrir fram annaðhvort í tilkynningu um heimsókn eða með öðrum hætti.

Í 2. mgr. er skilgreint hvað viðkomandi ríki ber að gera til að auðvelda nefndinni störf hennar. Með vísun til samstarfsskyldunnar er hér þó ekki um tæmandi upptalningu að ræða. Önnur aðstoð en tilgreind er í málsgreininni getur orðið nauðsynleg.

Samkvæmt a-lið 2. mgr. skulu nefndarmenn fá aðgang að landsvæði viðkomandi ríkis og hafa rétt til ferðar innan þess án hindrunar, en í 9. gr. eru þó ákvæði sem geta takmarkað þennan rétt. Ákvæðið ber að skýra í samræmi við ákvæði 2. og 16. gr. samningsins. Nefndarmenn og sérfræðingar eiga t.d. ekki að þurfa að fá vegabréfsáritun fyrir fram.

Í b-lið 2. mgr. eru ákvæði um að viðkomandi ríki skuli gefa nefndinni upplýsingar um alla staði sem til greina getur komið að nefndin heimsæki, t.d. fangelsi, lögreglustöðvar og geðsjúkrahús. Með vísun til þessa ákvæðis getur nefndin beðið um nákvæmt yfirlit um slíkar stofnanir, t.d. allar lögreglustöðvar, geðsjúkrahús o.s.frv. Viðkomandi ríki er þó eigi skylt að gefa nefndinni upplýsingar um alla frelsissvipta einstaklinga á hverjum tíma.

Samkvæmt c-lið 2. mgr. skal nefndin hafa ótakmarkaðan aðgang að þeim stöðum sem hún heimsækir. Þetta kemur þó ekki í veg fyrir að fulltrúi viðkomandi ríkis fari með nefndinni í heimsókn, sbr. 15. gr. Ef heimsóttur er staður sem telst hernaðarlega mikilvægur getur viðkomandi ríki krafist þess að fulltrúi þess fylgi nefndarmönnum, sbr. 9. gr. Þessir fulltrúar viðkomandi ríkis hafa þó ekki rétt til að vera viðstaddir er nefndarmenn ræða í einrúmi við frelsissvipta einstaklinga, sbr. 3. mgr. 8. gr.

Samkvæmt d-lið 2. mgr. skal viðkomandi ríki veita nefndinni allar tiltækar upplýsingar sem henni eru nauðsynlegar til að hún geti sinnt störfum sínum. Í málsgreininni er fyrirvari um að taka beri tillit til löggjafar í viðkomandi ríki um að með tilteknar upplýsingar skuli farið sem trúnaðarmál. Í málsgreininni segir að nefndin skuli, þegar hún leiti þessara upplýsinga, taka tillit til laga og siðareglna sem gilda í viðkomandi ríki.

Samkvæmt 3. og 4. mgr. skal nefndin hafa heimild til að eiga viðtöl í einrúmi við frelsissvipta menn og aðra þá sem hún telur að veitt geti upplýsingar, t.d. lækna. Óski frelsissviptur maður ekki eftir að ræða við nefndina hefur hún rétt til að kanna hvort slík ákvörðun er tekin samkvæmt frjálsum vilja viðkomandi. Aðrir aðilar hafa heldur ekki skyldu til að veita nefndinni upplýsingar.

Í 5. mgr. er sett sú sjálfgefna regla að nefndin geti þegar í stað komið athugasemdum sínum á framfæri við yfirvöld þess ríkis.

Um 9. gr.

Í þessari grein, sem einungis er ætlast til að sé notuð í undantekningartilfellum, eru ákvæði um að ríki geti við mjög sérstakar aðstæður óskað eftir því að tímasetningu heimsóknar verði breytt eða að aðrir staðir en hún hugðist vitja verði heimsóttir. Þetta er hægt að gera ef það telst nauðsynlegt vegna landvarna með tilliti til öryggis almennings eða vegna upplausnar á þeim stöðum er frelsissviptir menn eru vistaðir á, t.d. vegna fangauppreisnar, að heimsókn til tilgreinds sjúklings teljist skaðleg fyrir geðheilsu viðkomandi eða vegna þess að áríðandi yfirheyrsla vegna alvarlegs afbrots standi yfir. Ef framangreint ástand er til staðar er hægt að andmæla heimsókn.

Hafi heimsókn verið andmælt skulu nefndin og viðkomandi ríki taka upp viðræður í þeim tilgangi að leita samkomulags um tilhögun sem gerir nefndinni kleift að að rækja störf sín án ástæðulauss dráttar.

Það hefur hér þýðingu að ríki getur ekki hafnað heimsókn með vísun í þessa grein. Greinin er ekki undantekning frá aðalreglu 2. gr. um að ríki skuli leyfa heimsókn til landssvæðis síns. Ríki getur einungis í reynd krafist viðræðna sem halda á í þeim samstarfsanda sem samningurinn byggir á. Niðurstaða slíkra viðræðna getur t.d. orðið að nefndin fái að hitta frelsissviptan mann á öðrum stað en gert var ráð fyrir. Ef heimsókn er slegið á frest skal viðkomandi ríki veita nefndinni reglubundnar upplýsingar um meðferð þeirra frelsissviptu einstaklinga sem vistaðir eru á þeim stað er nefndin hugðist heimsækja.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar eru ákvæði um að nefndin skuli að lokinni hverri heimsókn gera skýrslu um þau atriði sem í ljós hafi komið í heimsókninni. Skýrsluna skal senda til viðkomandi ríkis. Í þessari skýrslu getur nefndin gert athugasemdir og tillögur um úrbætur sem hún telur nauðsynlegar til að bæta vernd frelsissviptra manna.

Í 2. mgr. eru ákvæði um að nefndin geti gefið út opinbera yfirlýsingu ef viðkomandi ríki hafnar samvinnu við hana eða neitar að bæta aðstæður í kjölfar tillagna nefndarinnar. Opinber yfirlýsing verður ekki gefin út nema slíkt hafi verið samþykkt með atkvæðum ⅔ hluta nefndarmanna. Þetta ákvæði verður að skoða í ljósi ákvæða 11. gr. þar sem segir að skýrsla nefndarinnar og þær upplýsingar, sem hún hefur aflað í heimsókn, eru ekki opinber gögn. Að gefa út opinbera yfirlýsingu er það eina sem nefndin getur gert til að þrýsta á viðkomandi ríki.

Um 11. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um að með skýrslu nefndarinnar og þær upplýsingar, sem hún aflar, skuli farið sem trúnaðarmál. Almennt eru skýrslan og slíkar upplýsingar ekki opinber gögn. Nefndin skal þó birta skýrslu sína ef viðkomandi ríki óskar þess. Persónulegar upplýsingar má þó ekki birta nema með skýlausu samþykki þess manns sem í hlut á.

Um 12. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um að nefndin, að gættum ákvæðum 11. gr., skuli árlega gefa ráðherranefnd Evrópuráðsins skýrslu um störf sín. Þessi skýrsla skal send ráðgjafarþingi Evrópuráðsins og gerð opinber.

Um 13. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um að nefndarmenn, sérfræðingar og aðrir aðstoðarmenn nefndarinnar skuli halda trúnað. Trúnaðarskyldan gildir um allar upplýsingar sem þessir aðilar hafa komist að í störfum sínum og helst þótt þeir hafi látið af störfum.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar eru ákvæði um að nöfn þeirra er aðstoða nefndina við heimsókn skuli tilgreind í tilkynningu sem nefndin skal senda ríki skv. 8. gr. Eftir að hafa fengið slíka

tilkynningu getur viðkomandi ríki skv. 3. mgr., ef sérstaklega stendur á, lýst því yfir að tilgreindir sérfræðingar eða aðrir aðstoðarmenn nefndarinnar megi ekki koma í heimsókn til staðar innan lögsögu þess. Rétt til að gefa svona yfirlýsingu er einungis heimilt að nota í undantekningartilfellum og ef það er gert skal yfirlýsing þar að lútandi gefin út sem fyrst eftir að ríki hefur fengið tilkynningu skv. 8. gr. Ákvörðun um að neita aðstoðarmönnum um að koma í heimsókn getur byggst á því mati að viðkomandi uppfylli ekki þær kröfur sem 13. gr. gerir um meðferð trúnaðarmála eða að viðkomandi uppfylli ekki ákvæði 2. mgr. þessarar greinar.

Í 2. mgr. eru ákvæði um hæfisskilyrði þeirra sérfræðinga sem eru nefndinni til aðstoðar. Varðandi sjálfstæði og óhlutdrægni eru gerðar sömu kröfur og varðandi nefndarmenn. Sérfræðingarnir starfa samkvæmt fyrirmælum og í umboði nefndarinnar og ber að fylgja fyrirmælum hennar. Þegar ríki gefur út yfirlýsingu um að sérfræðingur eða annar aðstoðarmaður komi ekki í tilgreinda heimsókn getur nefndin beðið viðkomandi ríki að tilgreina ástæður fyrir þessari afstöðu. Með slíkar upplýsingar ber nefndinni að fara sem trúnaðarmál.

Um 15. gr.

Í þessari grein er ákvæði um að samningsríki skuli tilnefna stjórnvald og ef ástæða þykir til tengilið sem skuli vera samskiptaaðili við nefndina. Þetta stjórnvald skal taka á móti tilkynningum skv. 8. gr. Ríki er þannig skylt að tilnefna samskiptaaðila við nefndina. Ríki ber jafnvel að tilnefna sérstakan starfsmann sinn til að aðstoða nefndina við að undirbúa og skipuleggja heimsókn. Tilkynna skal nefndinni nafn viðkomandi manns.

Um 16. gr.

Samkvæmt þessari grein skulu nefndarmenn og sérfræðingar hennar njóta friðhelgi og forréttinda. Nánari ákvæði þar að lútandi eru í viðauka við samninginn. Friðhelgisreglurnar, sem tilgreindar eru í viðaukanum, eru í öllum meginatriðum í samræmi við þær reglur sem gilda um fulltrúa í mannréttindanefndinni og dómara í Mannréttindadómstólnum skv. 59. gr. Mannréttindasáttmálans og samkvæmt annarri og fjórðu bókun við samning um réttindi og griðhelgi Evrópuráðsins frá 2. september 1949.

Um 17. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um tengsl samningsins við aðra alþjóðasamninga og löggjöf í aðildarríkjum samningsins. Auk þess eru ákvæði um hvernig nefndin og verkefni hennar falla að hlutverki mannréttindanefndarinnar og Mannréttindadómstólsins og annarra alþjóðlegra stofnana.

Í 1. mgr. eru ákvæði um að samningurinn skuli ekki skerða ákvæði í landslögum og öðrum alþjóðasamningum sem veita betri vernd. Að landslög geymi ákvæði um ítarlegri rannsóknir en þær sem nefndin getur framkvæmt skal ekki hindra að nefndin sinni hlutverki sínu. Nefndin getur óskað eftir að eiga samstarf við sambærilega eftirlitsaðila í viðkomandi ríki. Slíkt samstarf er í samræmi við ákvæði 3. gr.

Í 2. mgr. eru ákvæði um að samningurinn takmarki á engan hátt réttindi og skyldur samkvæmt Mannréttindasáttmálanum, þar á meðal að hlíta niðurstöðum mannréttindanefndarinnar og Mannréttindadómstólsins. Af þessu leiðir að nefndin skal ekki fjalla um mál sem þegar eru til meðferðar hjá þessum aðilum og hún skal ekki heldur túlka ákvæði Mannréttindasáttmálans eða viðbótarsamninga við hann. Það að nefndin hafi rannsakað aðstæður tilgreindrar persónu eða hyggist gera það kemur ekki í veg fyrir að viðkomandi geti sent kæru til mannréttindanefndarinnar. Mótbárur ríkis við kæru á grundvelli b-liðar 27. gr. Mannréttindasáttmálans um að málið hafi þegar verið rannsakað á alþjóðavettvangi eiga ekki við þótt nefndin hafi þegar kannað mál viðkomandi einstaklings.

Samkvæmt 2. gr. samningsins gildir hann bæði á friðar- og stríðstímum. Samkvæmt 3. mgr. hafa heimsóknir á grundvelli Genfarsamninganna frá 12. ágúst 1949 og viðbótarbókana frá 8. júní 1977 forgang gagnvart heimsóknum samkvæmt þessum samningi, þannig að nefndin skal ekki heimsækja þá staði sem fulltrúar eða sendimenn verndarríkja eða alþjóðanefndar Rauða krossins koma reglubundið á samkvæmt ákvæðum framangreindra samninga. Nefndin getur þó heimsótt þá staði sem framangreindir aðilar hafa ekki tök á að heimsækja reglubundið. Á friðartímum verður nefndin að meta í hverju tilfelli hvort hún vitjar staða sem fulltrúar Rauða krossins heimsækja á grundvelli gagnkvæmra samninga sem falla utan gildissviðs Genfarsamninganna.

Um 18.–23. gr.

Þessar lokagreinar samningsins eru svipaðar og sambærilegar greinar í öðrum samningum Evrópuráðsins. Athygli skal þó vakin á að skv. 21. gr. er ekki heimilt að gera fyrirvara við einstakar greinar samningsins.

Fylgiskjal.

EVRÓPUSAMNINGUR
um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu

Aðildarríki Evrópuráðsins, sem undirritað hafa samning þennan,

sem hafa hliðsjón af ákvæðum sáttmála um verndun mannréttinda og mannfrelsis,

sem minnast þess að „enginn maður skal sæta pyndingum, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu“ samkvæmt 3. gr. þess sáttmála,

sem líta til þess að úrræði þau sem sáttmálinn gerir ráð fyrir verka gagnvart þeim sem telja sig hafa orðið fyrir broti gegn 3. gr.,

sem eru sannfærð um að vernd manna sem sætt hafa frelsissviptingu gegn pyndingum eða ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu megi efla með fyrirbyggjandi aðgerðum sem grundvallast á vitjunum fremur en með réttarúrræðum,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. KAFLI
1. gr.

Stofnsett skal Evrópunefnd um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (hér á eftir nefnd „nefndin“). Skal nefndin með vitjunum kanna meðferð manna sem sætt hafa frelsissviptingu í því skyni að efla, ef nauðsyn krefur, vernd þeirra gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

EUROPEAN CONVENTION
for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment

The member States of the Council of Europe, signatory hereto,

Having regard to the provisions of the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms;

Recalling that, under Article 3 of the same Convention, "no one shall be subjected to torture or to inhuman or degrading treatment or punishment";

Noting that the machinery provided for in that Convention operates in relation to persons who allege that they are victims of violations of Article 3;

Convinced that the protection of persons deprived of their liberty against torture and inhuman or degrading treatment or punishment could be strengthened by non-judicial means of a preventive character based on visits,

Have agreed as follows;

CHAPTER I
Article 1

There shall be established a European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (hereinafter referred to as "the Committee"). The Committee shall, by means of visits, examine the treatment of persons deprived of their liberty with a view to strengthening, if necessary, the protection of such persons from torture and from inhuman or degrading treatment or punishment.

2. gr.

Hver aðili skal heimila vitjanir samkvæmt samningi þessum til sérhvers staðar innan lögsögu hans þar sem frelsissviptir menn eru vegna ákvörðunar opinbers yfirvalds.

3. gr.

Við framkvæmd þessa skulu nefndin og þar til bær yfirvöld þess aðila, sem við á, hafa samvinnu sín í milli.

II. KAFLI

4. gr.

1. Nefndin skal skipuð jafnmörgum mönnum og aðilar eru.

2. Nefndarmenn skulu kjörnir úr hópi manna sem eru vammlausir og viðurkenndir fyrir hæfni á sviði mannréttinda eða með starfsreynslu á því sviði sem samningur þessi tekur til.

3. Engir tveir nefndarmenn skulu vera þegnar sama ríkis.

4. Nefndarmenn eru einungis bundnir við sannfæringu sína í störfum sínum og skulu starfa sem einstaklingar, vera sjálfstæðir og óhlutdrægir, og tiltækir til virkra starfa í þágu nefndarinnar.

5. gr.

1. Ráðherranefnd Evrópuráðsins kýs nefndarmenn af skrá sem stjórnarnefnd ráðgjafarþings Evrópuráðsins tekur saman. Skulu þeir kjörnir með hreinum meirihluta atkvæða. Hver sendinefnd aðilanna á þinginu tilnefnir þrjá frambjóðendur, og skulu að minnsta kosti tveir þeirra vera þegnar hlutaðeigandi ríkis.

2. Fara skal að með sama hætti þegar fylla þarf sæti sem kunna að losna.

3. Nefndarmenn skulu kjörnir til fjögurra ára. Aðeins má endurkjósa þá einu sinni. Þó skal kjörtímabili þriggja nefndarmanna sem kjörnir eru í fyrstu kosningu lokið að tveimur árum liðnum. Nefndarmenn, sem ganga eiga úr nefndinni að fyrstu tveimur árum liðnum, skulu valdir með hlutkesti af aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins þegar að afloknu fyrsta kjöri.

6. gr.

1. Fundi nefndarinnar skal halda fyrir luktum dyrum. Fundur er lögmætur þegar meirihluti nefndarmanna er viðstaddur. Ákvarðanir nefnd-

Article 2

Each Party shall permit visits, in accordance with this Convention, to any place within its jurisdiction where persons are deprived of their liberty by a public authority.

Article 3

In the application of this Convention, the Committee and the competent national authorities of the Party concerned shall co-operate with each other.

CHAPTER II

Article 4

1. The Committee shall consist of a number of members equal to that of the Parties.

2. The members of the Committee shall be chosen from among persons of high moral character, known for their competence in the field of human rights or having professional experience in the areas covered by this Convention.

3. No two members of the Committee may be nationals of the same State.

4. The members shall serve in their individual capacity, shall be independent and impartial, and shall be available to serve the Committee effectively.

Article 5

1. The members of the Committee shall be elected by the Committee of Ministers of the Council of Europe by an absolute majority of votes, from a list of names drawn up by the Bureau of the Consultative Assembly of the Council of Europe; each national delegation of the Parties in the Consultative Assembly shall put forward three candidates, of whom two at least shall be its nationals.

2. The same procedure shall be followed in filling casual vacancies.

3. The members of the Committee shall be elected for a period of four years. They may only be re-elected once. However, among the members elected at the first election, the terms of three members shall expire at the end of two years. The members whose terms are to expire at the end of the initial period of two years shall be chosen by lot by the Secretary General of the Council of Europe immediately after the first election has been completed.

Article 6

1. The Committee shall meet in camera. A quorum shall be equal to the majority of its members. The decisions of the Committee shall be

arinnar skulu teknar með meirihluta þeirra nefndarmanna sem viðstaddir eru, sbr. þó 2. tl. 10. gr.

2. Nefndin setur sér sjálf fundarsköp.

3. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal annast skrifstofuhald fyrir nefndina.

III. KAFLI

7. gr.

1. Nefndin skal skipuleggja vitjanir til staða sem um getur í 2. gr. Auk reglubundinna vitjana getur nefndin skipulagt aðrar vitjanir sem henni virðist þörf á með hliðsjón af aðstæðum.

2. Að jafnaði skulu að minnsta kosti tveir nefndarmenn fara í vitjun. Nefndin má, ef hún telur nauðsynlegt, hafa sérfræðinga og túlka sér til aðstoðar.

8. gr.

1. Nefndin skal tilkynna ríkisstjórn þess aðila sem í hlut á um þá fyrirætlun að koma í vitjun. Er það hefur verið tilkynnt má nefndin hvenær sem er fara til hvers þess staðar sem um getur í 2. gr.

2. Aðili skal veita nefndinni eftirfarandi aðstöðu til að sinna hlutverki sínu:

a. Aðgang að landsvæði sínu og rétt til ferðar án hindrunar,

b. allar upplýsingar um þá staði þar sem frelsissviptir menn eru,

c. ótakmarkaðan aðgang að hverjum þeim stað þar sem frelsissviptir menn eru, þar með talinn réttur til að fara um þá staði án hindrunar,

d. allar aðrar upplýsingar sem aðilanum eru tiltækar og nefndinni nauðsynlegar til að sinna hlutverki sínu. Þegar nefndin leitar þessara upplýsinga skal hún taka tillit til þeirra laga og siðareglna sem við eiga í landinu.

3. Nefndin má eiga viðtöl í einrúmi við frelsissvipta menn.

4. Nefndin getur átt óheft samskipti við hvern þann sem hún telur geta veitt gagnlegar upplýsingar.

5. Sé þess þörf getur nefndin þegar komið athugasemdum sínum á framfæri við þar til bær yfirvöld þess aðila sem í hlut á.

9. gr.

1. Ef alveg sérstaklega stendur á geta þar til bær yfirvöld þess aðila sem í hlut á andmælt því við nefndina að hún komi í vitjun á þeim tíma eða til þess ákveðna tiltekna staðar sem hún hyggst vitja. Slík andmæli verða aðeins borin fram vegna landtaken by a majority of the members present, subject to the provisions of Article 10, paragraph 2.

2. The Committee shall draw up its own rules of procedure.

3. The Secretariat of the Committee shall be provided by the Secretary General of the Council of Europe.

CHAPTER III

Article 7

1. The Committee shall organise visits to places referred to in Article 2. Apart from periodic visits, the Committee may organise such other visits as appear to it to be required in the circumstances.

2. As a general rule, the visits shall be carried out by at least two members of the Committee. The Committee may, if it considers it necessary, be assisted by experts and interpreters.

Article 8

1. The Committee shall notify the Government of the Party concerned of its intention to carry out a visit. After such notification, it may at any time visit any place referred to in Article 2.

2. A Party shall provide the Committee with the following facilities to carry out its task:

a. access to its territory and the right to travel without restriction;

b. full information on the places where persons deprived of their liberty are being held;

c. unlimited access to any place where persons are deprived of their liberty, including the right to move inside such places without restriction;

d. other information available to the Party which is necessary for the Committee to carry out its task. In seeking such information, the Committee shall have regard to applicable rules of national law and professional ethics.

3. The Committee may interview in private persons deprived of their liberty.

4. The Committee may communicate freely with any person whom it believes can supply relevant information.

5. If necessary, the Committee may immediately communicate observations to the competent authorities of the Party concerned.

Article 9

1. In exceptional circumstances, the competent authorities of the Party concerned may make representations to the Committee against a visit at the time or to the particular place proposed by the Committee. Such representations may only be

varna, öryggis almennings, alvarlegrar upplausnar á stöðum þar sem frelsissviptir menn eru, heilsufars manns, eða vegna þess að áríðandi yfirheyrsla vegna alvarlegs afbrots stendur yfir.

2. Er slík andmæli hafa verið borin fram skulu nefndin og aðilinn þegar ráðgast sín á milli til að skýra aðstæður og leita samkomulags um tilhögun sem geri nefndinni kleift að rækja störf sín án tafa. Slík tilhögun getur falið í sér flutning manns, sem nefndin hyggst vitja, til annars staðar. Þar til vitjun á sér stað skal aðilinn veita nefndinni upplýsingar um hvern þann sem í hlut á.

10. gr.

1. Að lokinni hverri vitjun skal nefndin gera skýrslu um þau atriði sem í ljós hafa komið við vitjunina, og skal tekið tillit til allra athugasemda sem viðkomandi aðili kann að hafa lagt fram. Skal nefndin senda honum skýrslu sína með þeim tillögum sem hún telur nauðsynlegar. Getur nefndin ráðgast við aðilann í því skyni að leggja til, ef þörf er á, umbætur varðandi vernd frelsissviptra manna.

2. Ef aðili hafnar samvinnu eða neitar að bæta aðstæður í ljósi tillagna nefndarinnar getur nefndin með atkvæðum tveggja þriðju hluta nefndarmanna ákveðið, er aðilanum hefur verið veittur kostur á að kynna sjónarmið sín, að gefa út opinbera yfirlýsingu um málið.

11. gr.

1. Upplýsingar sem nefndin aflar í tengslum við vitjun og skýrsla hennar og viðræður við viðkomandi aðila eru trúnaðarmál.

2. Nefndin skal birta skýrslu sína, með hverjum þeim athugasemdum sem viðkomandi aðili kann að hafa gert, hvenær sem aðilinn fer fram á það.

3. Þó skal ekki birta persónulegar upplýsingar án skýlauss samþykkis þess manns sem í hlut á.

12. gr.

Að gættum reglum 11. gr. um trúnað skal nefndin árlega gefa ráðherranefndinni almenna skýrslu um störf sín og skal skýrslan send Ráðgjafarþinginu og gerð opinber.

13. gr.

Nefndarmenn, svo og sérfræðingar og aðrir aðstoðarmenn nefndarinnar, skulu meðan á

made on grounds of national defence, public safety, serious disorder in places where persons are deprived of their liberty, the medical condition of a person or that an urgent interrogation relating to a serious crime is in progress.

2. Following such representations, the Committee and the Party shall immediately enter into consultations in order to clarify the situation and seek agreement on arrangements to enable the Committee to exercise its functions expeditiously. Such arrangements may include the transfer to another place of any person whom the Committee proposed to visit. Until the visit takes place, the Party shall provide information to the Committee about any person concerned.

Article 10

1. After each visit, the Committee shall draw up a report on the facts found during the visit, taking account of any observations which may have been submitted by the Party concerned. It shall transmit to the latter its report containing any recommendations it considers necessary. The Committee may consult with the Party with a view to suggesting, if necessary, improvements in the protection of persons deprived of their liberty.

2. If the Party fails to co-operate or refuses to improve the situation in the light of the Committee's recommendations, the Committee may decide, after the Party has had an opportunity to make known its views, by a majority of two-thirds of its members to make a public statement on the matter.

Article 11

1. The information gathered by the Committee in relation to a visit, its report and its consultations with the Party concerned shall be confidential.

2. The Committee shall publish its report, together with any comments of the Party concerned, whenever requested to do so by that Party.

3. However, no personal data shall be published without the express consent of the person concerned.

Article 12

Subject to the rules of confidentiality in Article 11, the Committee shall every year submit to the Committee of Ministers a general report on its activities which shall be transmitted to the Consultative Assembly and made public.

Article 13

The members of the Committee, experts and other persons assisting the Committee are re-

starfstímabili þeirra stendur og síðar halda trúnað um atvik og upplýsingar sem þeir hafa fengið vitneskju um í störfum sínum.

14. gr.

1. Nöfn aðstoðarmanna nefndarinnar skulu tilgreind í tilkynningu samkvæmt 1. tl. 8. gr.

2. Sérfræðingar skulu starfa samkvæmt fyrirmælum og í umboði nefndarinnar. Þeir skulu hafa sérstaka þekkingu og reynslu á þeim sviðum sem samningur þessi tekur til, og vera sjálfstæðir, óhlutdrægir og tiltækir til starfa á sama hátt og nefndarmenn.

3. Aðili getur, ef sérstaklega stendur á, lýst því yfir að sérfræðingur eða annar aðstoðarmaður nefndarinnar fái ekki að koma í vitjun til staðar innan lögsögu hans.

IV. KAFLI

15. gr.

Hver aðili skal tilkynna nefndinni um nafn og aðsetur þess stjórnvalds sem bært er til að taka við tilkynningum til ríkisstjórnar hans, og um hvern þann tengilið sem hann kann að skipa.

16. gr.

Nefndin, nefndarmenn og sérfræðingar þeir sem um getur í 2. tl. 7. gr. skulu njóta þeirra forréttinda og friðhelgi sem greinir í viðauka við samning þennan.

17. gr.

1. Samningur þessi skal ekki skerða gildi ákvæða í landslögum eða alþjóðasamningum sem veita frelsissviptum mönnum betri vernd.

2. Ekkert í samningi þessum skal talið takmarka eða raska löghæfi stofnana Mannréttindasáttmála Evrópu eða skyldum þeim sem aðilar hafa tekist á hendur samkvæmt þeim sáttmála.

3. Nefndin skal ekki vitja staða sem fulltrúar eða sendimenn verndarríkja eða Alþjóðanefndar Rauða krossins vitja á virkan hátt reglubundið samkvæmt Genfarsamningunum frá 12. ágúst 1949 og viðbótarbókunum við þá frá 8. júní 1977.

V. KAFLI

18. gr.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar fyrir aðildarríki Evrópuráðsins. Hann er

quired, during and after their terms of office, to maintain the confidentiality of the facts or information of which they have become aware during the discharge of their functions.

Article 14

1. The names of persons assisting the Committee shall be specified in the notification under Article 8, paragraph 1.

2. Experts shall act on the instructions and under the authority of the Committee. They shall have particular knowledge and experience in the areas covered by this Convention and shall be bound by the same duties of independence, impartiality and availability as the members of the Committee.

3. A Party may exceptionally declare that an expert or other person assisting the Committee may not be allowed to take part in a visit to a place within its jurisdiction.

CHAPTER IV

Article 15

Each Party shall inform the Committee of the name and address of the authority competent to receive notifications to its Government, and of any liaison officer it may appoint.

Article 16

The Committee, its members and experts referred to in Article 7, paragraph 2, shall enjoy the privileges and immunities set out in the annex to this Convention.

Article 17

1. This Convention shall not prejudice the provisions of domestic law or any international agreement which provide greater protection for persons deprived of their liberty.

2. Nothing in this Convention shall be construed as limiting or derogating from the competence of the organs of the European Convention on Human Rights or from the obligations assumed by the Parties under that Convention.

3. The Committee shall not visit places which representatives or delegates of protecting powers or the International Committee of the Red Cross effectively visit on a regular basis by virtue of the Geneva Conventions of 12 August 1949 and the Additional Protocols of 8 June 1977 thereto.

CHAPTER V

Article 18

This Convention shall be open for signature by the member States of the Council of Europe. It is

háður fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki. Fullgildingar-, viðurkenningar- og samþykktarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

19. gr.

1. Samningur þessi gengur í gildi fyrsta þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er sjö aðildarríki Evrópuráðsins hafa lýst samþykki sínu á að vera bundin af honum samkvæmt 18. gr.

2. Gagnvart aðildarríki, sem síðar lýsir samþykki sínu á að vera bundið af samningi þessum, öðlast hann gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjal þess er afhent.

20. gr.

1. Sérhverju ríki er heimilt við undirritun eða við afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals að tilgreina það eða þau landssvæði sem samningur þessi nær til.

2. Með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins getur sérhvert ríki hvenær sem er síðar látið samning þennan ná til hvaða annars landssvæðis sem tilgreint er í yfirlýsingunni. Samningurinn tekur gildi gagnvart slíku landssvæði fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjóra berst slík yfirlýsing.

3. Sérhverja yfirlýsingu, sem gefin er samkvæmt tveimur undanfarandi töluliðum, má afturkalla fyrir hvert það landssvæði, sem þar er tilgreint, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans. Afturköllun tekur gildi fyrsta dag þess mánaðar, sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjóra berst slík tilkynning.

21. gr.

Enga fyrirvara má gera við ákvæði samnings þessa.

22. gr.

1. Sérhver aðili getur hvenær sem er sagt upp samningi þessum með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

2. Slík uppsögn tekur gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru tólf mánuðir frá

subject to ratification, acceptance or approval. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

Article 19

1. This Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date on which seven member States of the Council of Europe have expressed their consent to be bound by the Convention in accordance with the provisions of Article 18.

2. In respect of any member State which subsequently expresses its consent to be bound by it, the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of the deposit of the instrument of ratification, acceptance or approval.

Article 20

1. Any State may at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance or approval, specify the territory or territories to which this Convention shall apply.

2. Any State may at any later date, by a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, extend the application of this Convention to any other territory specified in the declaration. In respect of such territory the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such declaration by the Secretary General.

3. Any declaration made under the two preceding paragraphs may, in respect of any territory specified in such declaration, be withdrawn by a notification addressed to the Secretary General. The withdrawal shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such notification by the Secretary General.

Article 21

No reservation may be made in respect of the provisions of this Convention.

Article 22

1. Any Party may, at any time, denounce this Convention by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe.

2. Such denunciation shall become effective on the first day of the month following the expiration

þeim degi er aðalframkvæmdastjóra berst tilkynningin.

23. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins um:

a. sérhverja undirritun,
b. afhendingu sérhvers fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals,
c. sérhvern gildistökudag samnings þessa samkvæmt 19. og 20. gr.,
d. sérhvern annan gerning, tilkynningu eða orðsendingu sem samning þennan varðar, nema hvað snertir gerninga samkvæmt 8. og 10. gr.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Strassborg 26. nóvember 1987 á ensku og frönsku í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins og eru báðir textarnir jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til allra aðildarríkja Evrópuráðsins.

VIÐAUKI
Forréttindi og friðhelgi
(16. gr.)

1. Þegar rætt er um nefndarmenn í viðauka þessum er einnig átt við sérfræðinga þá sem í 2. tl. 7. gr. getur.

2. Er nefndarmenn rækja störf sín og meðan þeir ferðast vegna starfa sinna njóta þeir eftirtalinna forréttinda og friðhelgi:

a. friðhelgi að því er varðar handtöku og kyrrsetningu, og hald á einkafarangri, svo og að því er varðar hvers kyns lögsókn vegna allra athafna þeirra í starfi þ. á m. vegna ummæla í ræðu eða riti,
b. undanþága frá öllum hömlum á ferðafrelsi við brottför frá búsetulandi sínu og við endurkomu þangað, og þegar komið er til og farið frá landi því þar sem þeir rækja störf sín; og frá skráningu útlendinga í landi þar sem komið er í vitjun eða landi sem þeir fara um vegna starfa sinna.

3. Er nefndarmenn ferðast vegna starfa sinna skal þeim hvað varðar tollgæslu og gjaldeyriseftirlit veitt

of a period of twelve months after the date of receipt of the notification by the Secretary General.

Article 23

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council of Europe of:

a. any signature;
b. the deposit of any instrument of ratification, acceptance or approval;
c. any date of entry into force of this Convention in accordance with Articles 19 and 20;
d. any other act, notification or communication relating to this Convention, except for action taken in pursuance of Articles 8 and 10.

In witness whereof, the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Convention.

Done at Strasbourg, this 26th day of November 1987, in English and French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each member State of the Council of Europe.

ANNEX
Privileges and immunities
(Article 16)

1. For the purpose of this annex, references to members of the Committee shall be deemed to include references to experts mentioned in Article 7, paragraph 2.

2. The members of the Committee shall, while exercising their functions and during journeys made in the exercise of their functions, enjoy the following privileges and immunities:

a. immunity from personal arrest or detention and from seizure of their personal baggage and, in respect of words spoken or written and all acts done by them in their official capacity, immunity from legal process of every kind;
b. exemption from any restrictions on their freedom of movement: on exit from and return to their country of residence, and entry into and exit from the country in which they exercise their functions, and from alien registration in the country which they are visiting or through which they are passing in the exercise of their functions.

3. In the course of journeys undertaken in the exercise of their functions, the members of the Committee shall, in the matter of customs and exchange control, be accorded:

a. af hálfu stjórnvalda lands síns sama aðstaða og veitt er háttsettum embættismönnum sem ferðast utanlands í tímabundnum opinberum erindum,

b. af hálfu stjórnvalda annarra aðila sama aðstaða og veitt er fulltrúum erlendra ríkisstjórna sem gegna tímabundnum opinberum erindum.

4. Skjöl og gögn nefndarinnar eru friðhelg að því leyti sem þau varða störf hennar.

Ekki má hefta eða ritskoða opinber bréf eða önnur opinber boðskipti nefndarinnar.

5. Svo nefndarmönnum sé tryggð óskorað málfrelsi og að þeir séu að öllu leyti sjálfstæðir við störf sín, skal friðhelgi þeirra að því er varðar lögsókn vegna ummæla í ræðu eða riti og allra athafna þeirra við störf haldast eftir að þeir láta af störfum.

6. Forréttindi og friðhelgi eru veitt nefndarmönnum til að vernda sjálfstæði þeirra við störf, en ekki vegna þeirra sjálfra. Eingöngu nefndin er til þess bær að afsala nefndarmönnum friðhelgi þeirra, og hún hefur ekki einungis rétt til þess, heldur er henni skylt að afsala nefndarmanni friðhelgi hans hvenær sem hún telur að friðhelgin hefti réttan gang máls og þar sem unnt er að afsala friðhelgi án þess að skaða tilgang hennar.

a. by their own government, the same facilities as those accorded to senior officials travelling abroad on temporary official duty;

b. by the governments of other Parties, the same facilities as those accorded to representatives of foreign governments on temporary official duty.

4. Documents and papers of the Committee, insofar as they relate to the business of the Committee, shall be inviolable.

The official correspondence and other official communications of the Committee may not be held up or subjected to censorship.

5. In order to secure for the members of the Committee complete freedom of speech and complete independence in the discharge of their duties, the immunity from legal process in respect of words spoken or written and all acts done by them in discharging their duties shall continue to be accorded, notwithstanding that the persons concerned are no longer engaged in the discharge of such duties.

6. Privileges and immunities are accorded to the members of the Committee, not for the personal benefit of the individuals themselves but in order to safeguard the independent exercise of their functions. The Committee alone shall be competent to waive the immunity of its members; it has not only the right, but is under a duty, to waive the immunity of one of its members in any case where, in its opinion, the immunity would impede the course of justice, and where it can be waived without prejudice to the purpose for which the immunity is accorded.

Sþ. 791. Frumvarp til laga [456. mál]

um breytingu á lögum nr. 111/1989, fjáraukalögum fyrir árið 1989.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

Samkvæmt niðurstöðum greiðsluppgjörs ríkissjóðs 1989 verða eftirtaldar breytingar á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1989 frá 1. gr. laga nr. 111/1989, fjáraukalaga fyrir árið 1989:

Rekstrarreikningur

	Þús. kr.	Þús. kr.
Tekjur		-132 170
Gjöld		1 073 281
Gjöld umfram tekjur		**1 205 451**

Lánahreyfingar	Þús. kr.	Þús. kr.
Afborganir		377 000
Afborganir af teknum lánum	135 000	
- Innheimtar afborganir af veittum lánum	242 000	
Veitt lán		907 000
Hluta- og stofnfjárframlög		-70 000
Viðskiptareikningar		71 000
Útstreymi umfram innstreymi	71 000	
Lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**2 490 451**
Lántökur		380 000
Innlend lán	-973 000	
Erlendar lántökur	1 353 000	
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		2 110 451

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða frá því sem kveðið er á um gjöld skv. 2. gr. laga nr. 111/1989, fjáraukalaga fyrir árið 1989, sbr. sundurliðun í 3. gr.:

	Þús. kr.	Þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	-10 097	
01 Forsætisráðuneyti	5 557	
02 Menntamálaráðuneyti	106 167	
03 Utanríkisráðuneyti	12 867	
04 Landbúnaðarráðuneyti	-7 739	
05 Sjávarútvegsráðuneyti	90 946	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	159 304	
07 Félagsmálaráðuneyti	-34 492	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	208 132	
09 Fjármálaráðuneyti	321 561	
10 Samgönguráðuneyti	23 801	
11 Iðnaðarráðuneyti	-49 574	
12 Viðskiptaráðuneyti	70 068	
13 Hagstofa Íslands	-1 883	
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	178 663	
Samtals öll ráðuneyti		1 073 281

3. gr.

Sundurliðun gjalda skv. 2. gr. á stofnanir er þessi:

		Þús. kr.	Þús. kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**		
101	Embætti forseta Íslands	5 685	
202	Ríkisendurskoðun	177	
301	Ríkisstjórn	4 284	
401	Hæstiréttur	1 529	
	Óhafnar fjárveitingar	-21 772	
	Samtals ráðuneyti		-10 097
01	**Forsætisráðuneyti**		
102	Þjóðhagsstofnun	9	
103	Stjórnarráðsbyggingar, ýmsar	2 030	
901	Húsameistari ríkisins	85	
902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	646	
999	Ýmis verkefni	3 733	
	Óhafnar fjárveitingar	-946	
	Samtals ráðuneyti		5 557
02	**Menntamálaráðuneyti**	Þús. kr.	
101	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	389	
202	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	7 758	
203	Raunvísindastofnun Háskólans	6 410	
207	Íslensk málstöð	10	
208	Örnefnastofnun	9	
231	Náttúrufræðistofnun Íslands	3 093	
232	Rannsóknaráð ríkisins	419	
233	Rannsóknasjóður	109	
276	Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	18	
301	Menntaskólinn í Reykjavík	5 843	
302	Menntaskólinn á Akureyri	1 474	
303	Menntaskólinn á Laugarvatni	1 182	
304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	15 195	
306	Menntaskólinn á Ísafirði	400	
307	Menntaskólinn á Egilsstöðum	205	
321	Kennaraháskóli Íslands	16 074	
322	Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands	2 259	
323	Rannsóknastofnun uppeldismála	255	
350	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	38 844	
351	Fjölbrautaskólinn í Ármúla	1 732	
352	Flensborgarskóli, fjölbraut	3 101	
353	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	169	
356	Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki	1 344	
357	Fjölbrautaskólinn á Selfossi	18 208	
358	Verkmenntaskóli Austurlands	1 059	
359	Verkmenntaskólinn á Akureyri	8 239	

		Þús. kr.
360	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	6 918
362	Framhaldsskólinn á Húsavík	4 580
423	Námsstjórn og þróunarverkefni	1 692
501	Tækniskóli Íslands	8 865
514	Iðnskólinn í Reykjavík	1 429
516	Iðnskólinn í Hafnarfirði	2 971
517	Hótel- og veitingaskóli Íslands	54
522	Nýi hjúkrunarskólinn	1 998
523	Fósturskóli Íslands	2 545
541	Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	5 359
544	Hússtjórnarskólinn Ísafirði	1 816
551	Hússtjórnarskólinn Hallormstað	8 194
561	Myndlista- og handíðaskóli Íslands	8 356
562	Leiklistarskóli Íslands	887
563	Tónlistarfræðsla	2 000
571	Sjómannaskólahúsið	53
580	Samvinnuskólinn	9
601	Héraðsskólinn Reykholti	24 639
602	Héraðsskólinn Núpi	2 646
603	Héraðsskólinn Reykjanesi	2 840
604	Héraðsskólinn Reykjum	1 970
605	Alþýðuskólinn Eiðum	8 223
606	Héraðsskólinn Skógum	1 572
607	Héraðsskólinn Laugarvatni	631
621	Skálholtsskóli	38
700	Grunnskólar, Reykjavík	7 536
703	Grunnskólar, Vesturlandi	11 628
704	Grunnskólar, Vestfjörðum	4 393
705	Grunnskólar, Norðurlandi vestra	7 378
706	Grunnskólar, Norðurlandi eystra	4 238
707	Grunnskólar, Austurlandi	2
708	Grunnskólar, Suðurlandi	2 265
752	Öskjuhlíðarskóli	541
753	Þjálfunarskóli ríkisins, Bjarkarási	117
755	Þjálfunarskóli ríkisins, geðdeild, Dalbraut	580
757	Þjálfunarskóli ríkisins, Tjaldanesi	2
758	Þjálfunarskóli ríkisins, Sólborg, Akureyri	192
760	Dagvist þroskaheftra forskólabarna	1
802	Vernd barna og ungmenna	2 604
804	Kvikmyndaeftirlit ríkisins	2 496
806	Barnaverndarráð	785
872	Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 393
884	Jöfnun á námskostnaði	1 317
902	Þjóðminjasafn Íslands	5 361
906	Listasafn Einars Jónssonar	1 385
907	Listasafn Íslands	803
908	Kvikmyndasafn Íslands	42
931	Náttúruverndarráð	1 219

		Þús. kr.	Þús. kr.
975	Vísindasjóður	2	
976	Menningarsjóður, framlag	497	
977	Þjóðarbókhlaða	117	
982	Listir, framlög	321	
984	Norræn samvinna	732	
986	Íþróttasjóður	260	
999	Ýmislegt	5 323	
	Óhafnar fjárveitingar	-191 446	
	Samtals ráðuneyti		106 167
03	**Utanríkisráðuneyti**		
101	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	3 721	
102	Varnarmálaskrifstofa	885	
103	Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlanda	4 398	
301	Sendiráð Íslands í Bonn og fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu	892	
305	Sendiráð Íslands í Ósló	803	
306	Sendiráð Íslands í París, fastanefnd Íslands hjá OECD og UNESCO	1 628	
307	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	2 731	
311	Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	928	
390	Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	6 014	
399	Ýmis utanríkismál	454	
401	Alþjóðastofnanir	2 643	
	Óhafnar fjárveitingar	-12 230	
	Samtals ráðuneyti		12 867
04	**Landbúnaðarráðuneyti**		
101	Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	1 883	
172	Jarðasjóður	740	
201	Búnaðarfélag Íslands	6	
205	Veiðistjóri	2 767	
206	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	5 748	
231	Skógrækt ríkisins	3 762	
232	Rannsóknastöð að Mógilsá	646	
235	Landgræðsla ríkisins	10 056	
242	Mat á landbúnaðarafurðum	5 046	
244	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	1 301	
247	Yfirdýralæknir	1 614	
272	Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey	1 679	
299	Landbúnaðarmál, ýmis verkefni	1 214	
501	Bændaskólinn á Hvanneyri	1 581	
502	Bændaskólinn á Hólum	1 045	
503	Garðyrkjuskóli ríkisins	2 496	
	Óhafnar fjárveitingar	-49 323	
	Samtals ráðuneyti		-7 739

05 Sjávarútvegsráðuneyti	Þús. kr.	Þús. kr.
101 Sjávarútvegráðuneyti, aðalskrifstofa	947	
201 Fiskifélag Íslands	117	
202 Hafrannsóknastofnun	758	
203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	3 992	
216 Ríkismat sjávarafurða	734	
280 Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla	83 749	
290 Veiðieftirlit	684	
299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi	56	
901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	205	
Óhafnar fjárveitingar	-296	
Samtals ráðuneyti		90 946

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	
103 Kosningar	246
201 Hæstiréttur	1 224
202 Ríkissaksóknari	700
204 Borgarfógetinn í Reykjavík	5 172
205 Sakadómur Reykjavíkur	1 292
206 Lögreglustjórinn í Reykjavík	33 222
209 Lögregluskóli ríkisins	2 867
211 Sýslumenn og bæjarfógetar	4 022
212 Bæjarfógeti Akranesi	2 594
213 Sýslumaður Borgarnesi	3 207
214 Sýslumaður og bæjarfógeti Stykkishólmi	2 960
215 Sýslumaður Búðardal	958
216 Sýslumaður Patreksfirði	2 100
217 Bæjarfógeti Bolungarvík	1 089
218 Sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði	4 542
219 Sýslumaður Hólmavík	63
221 Sýslumaður Blönduósi	1 763
222 Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki	2 433
223 Bæjarfógeti Siglufirði	762
224 Bæjarfógeti Ólafsfirði	320
225 Sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri	3 484
226 Sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík	4 514
227 Sýslumaður og bæjarfógeti Seyðisfirði	1 920
228 Bæjarfógeti Neskaupstað	1 480
229 Sýslumaður og bæjarfógeti Eskifirði	3 127
230 Sýslumaður Höfn í Hornafirði	730
231 Sýslumaður Vík í Mýrdal	469
232 Sýslumaður Hvolsvelli	1 795
233 Bæjarfógeti Vestmannaeyjum	19 832
234 Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi	9 212
235 Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík	7 304
236 Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði	9 501
237 Bæjarfógeti Kópavogi	1 835

	Þús. kr.	Þús. kr.
240 Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu	5 959	
242 Vinnuhælið Litla-Hrauni	7 643	
251 Landhelgisgæsla Íslands	4 545	
253 Almannavarnir ríkisins	817	
262 Löggildingarstofan	8 800	
282 Ýmis löggæslukostnaður	19 865	
302 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar	914	
303 Prestaköll og prófastsdæmi	4 409	
304 Ýmis kirkjuleg málefni	1 911	
Óhafnar fjárveitingar	-32 298	
Samtals ráðuneyti		159 304
07 Félagsmálaráðuneyti		
701 Málefni fatlaðra, Reykjavík	4 375	
702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi	333	
703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi	119	
705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	1 807	
706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	7 171	
707 Málefni fatlaðra, Austurlandi	1 964	
708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi	1 675	
710 Heimili fyrir einhverf börn, Trönuhólum	3 220	
719 Tjaldanesheimilið, Mosfellsbæ	808	
720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	2 976	
722 Sólheimar, Grímsnesi	22	
750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	2 405	
951 Brunamálastofnun ríkisins	27	
953 Jafnréttisráð	124	
Óhafnar fjárveitingar	-61 518	
Samtals ráðuneyti		-34 492
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti		
101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	6 297	
271 Tryggingastofnun ríkisins	246 676	
301 Landlæknir	1 083	
324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	100	
350 Sjúkrahúsið Akranesi	11	
352 Sjúkrahúsið Patreksfirði	9	
353 Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði	11	
355 Héraðshæli Austur-Húnvetninga, Blönduósi	8	
356 Sjúkrahúsið Sauðárkróki	11	
357 Sjúkrahúsið Siglufirði	9	
359 Sjúkrahúsið Húsavík	10	
361 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	5	
363 Sjúkrahúsið Egilsstöðum	6	
365 Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	5	

		Þús. kr.	Þús. kr.
366	Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	1	
367	Sjúkrahúsið Keflavík	2 280	
368	Sólvangur, Hafnarfirði	9	
372	Borgarspítalinn	26 541	
373	St. Jósefsspítali, Landakoti	9	
381	Sjúkrahús og læknisbústaðir	18 274	
385	Framkvæmdasjóður aldraðra	7 411	
391	Heilsugæslustöðvar	8 956	
393	Lyfjamál	1 965	
395	Lyfjaeftirlit ríkisins	1 915	
396	Lyfjanefnd	2 127	
397	Eiturefnanefnd	812	
400	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	4	
401	St. Fransiskusarspítali, Stykkishólmi	10	
402	Sjúkrahús Hvammstanga	9	
403	Sjúkrahús Bolungarvíkur	10	
404	Sjúkraskýlið Hólmavík	5	
405	Sjúkraskýlið Þingeyri	5	
406	Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri	2	
407	Sundabúð II, Vopnafirði	11	
408	Sunnuhlíð, Kópavogi	2	
471	Gæsluvistarsjóður, framlag	878	
502	Þroskaþjálfaskóli Íslands	2 583	
505	Lyfjatæknaskóli Íslands	1 380	
	Óhafnar fjárveitingar	-121 308	
	Samtals ráðuneyti		208 132

09 Fjármálaráðuneyti

101	Fjármálaráðuneyti, hið almenna ráðuneyti	37
102	Launaskrifstofa ríkisins	224
104	Ríkisfjárhirsla	830
202	Skattstofan í Reykjavík	3 985
204	Skattstofa Vestfjarða	1 004
205	Skattstofa Norðurlands vestra	3
206	Skattstofa Norðurlands eystra	447
207	Skattstofa Austurlands	271
208	Skattstofa Suðurlands	79
209	Skattstofa Vestmannaeyja	799
211	Skattstofa Reykjaness	69
212	Skattstofur, óskipt	2 265
214	Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd	217
251	Gjaldheimtan í Reykjavík	27 044
259	Gjaldheimta Suðurnesja	1 081
261	Ríkistollstjóri	2 463
262	Tollstjórinn í Reykjavík	10 030
381	Uppbætur á lífeyri	3 136

		Þús. kr.	Þús. kr.
481	Útgjöld samkvæmt sérstökum lögum og heimildarlögum	61	
901	Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	7	
971	Ríkisábyrgðasjóður	80 214	
981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	185 365	
989	Launa- og verðlagsmál	5 257	
999	Ýmislegt	3 375	
	Óhafnar fjárveitingar	-6 702	
	Samtals ráðuneyti		321 561
10	**Samgönguráðuneyti**		
101	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	678	
211	Vegagerð ríkisins	608	
331	Vita- og hafnamálaskrifstofan	6 626	
341	Siglingamálastofnun ríkisins	1 966	
471	Flugmálastjórn	34 022	
487	Arnarflug hf., aðstoð	10 790	
651	Ferðamálaráð	5 686	
656	Landmælingar Íslands	2 414	
	Óhafnar fjárveitingar	-38 989	
	Samtals ráðuneyti		23 801
11	**Iðnaðarráðuneyti**		
201	Iðntæknistofnun Íslands	2 453	
203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	1 421	
289	Jöfnunargjald	17 176	
298	Kostnaður vegna samningaumleitana um nýtt álver	4 922	
302	Rafmagnseftirlit ríkisins	6 037	
	Óhafnar fjárveitingar	-81 583	
	Samtals ráðuneyti		-49 574
12	**Viðskiptaráðuneyti**		
201	Niðurgreiðslur á vöruverði	73 833	
902	Verðlagsstofnun	33	
903	Skráning hlutafélaga	7 844	
	Óhafnar fjárveitingar	-11 642	
	Samtals ráðuneyti		70 068
13	**Hagstofa Íslands**		
	Óhafnar fjárveitingar	-1 883	
	Samtals ráðuneyti		-1 883
15	**Fjárlaga- og hagsýslustofnun**		
991	Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	188 268	
	Óhafnar fjárveitingar	-9 605	
	Samtals ráðuneyti		178 663

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöðutölur um endanlegar greiðslur úr ríkissjóði á árinu 1989 umfram þær heimildir sem veittar hafa verið af Alþingi í fjárlögum 1989 að viðbættum lögum nr. 111/1989.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1989, sem lagt var fyrir Alþingi 1. nóvember sl., fylgdi ítarleg greinargerð um framvindu ríkisfjármála á árinu 1989 og þær heimildir sem óskað var samþykktar á umfram framlög. Þann 20. febrúar sl. gaf fjármálaráðuneytið út greinargerð um afkomu ríkissjóðs á árinu 1989 og fyrir Alþingi liggur skýrsla um ríkisfjármál og framkvæmd lánsfjáráætlunar 1989.

Í greinargerð með þessu frumvarpi verður því ekki farið mörgum orðum um almenna afkomu ríkissjóðs og þróun ríkisfjármála á árinu 1989, heldur lögð sérstök áhersla á að skýra þau frávik sem urðu frá niðurstöðum laga nr. 111/1989, fjáraukalaga fyrir árið 1989, og endanlegs greiðsluuppgjörs ríkissjóðs á árinu 1989.

Þegar fjárlög fyrir árið 1989 voru afgreidd frá Alþingi ríkti mikil óvissa um framvindu efnahagsmála á árinu 1989. Síðari hluta árs 1988 hafði orðið verulegur samdráttur í efnahagslífinu sem m.a. leiddi til mikils tekjusamdráttar hjá ríkissjóði á árinu 1988, en þá varð halli á rekstri ríkissjóðs sem nam um 7,2 milljörðum króna. Ljóst var að áframhaldandi samdráttur í efnahagslífinu mundi leiða af sér enn frekari samdrátt í tekjum ríkissjóðs á árinu 1989 og því var lögð á það áhersla í fjárlagagerðinni að styrkja tekjuhlið fjárlaganna jafnframt því að draga úr útgjaldaþenslu.

Fjárlög fyrir árið 1989 voru afgreidd frá Alþingi með um 636 m.kr. tekjuafgangi. Niðurstöður greiðsluuppgjörs sýna hins vegar að ríkissjóður var rekinn með tæplega 6,1 milljarða króna halla. Ástæður fyrir þessari útkomu á rekstri ríkissjóðs á árinu 1989 eru margvíslegar.

Í fyrsta lagi þróaðist verðlag, laun og gengi með öðrum hætti en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Þannig lækkaði kaupmáttur launa og raungengi krónunnar meira en við var miðað í fjárlögum. Veltusamdráttur varð því meiri en reiknað var með og tekjur ríkissjóðs því minni að raungildi en áætlað var.

Í öðru lagi voru ýmsar kvaðir lagðar á ríkissjóð í tengslum við kjarasamninga vorið 1989. Ákveðið var að auka niðurgreiðslur og einnig að lækka og jafnvel fella niður tiltekna skatta. Var þetta gert til þess að stuðla að því að verðlag færi ekki úr böndum.

Í þriðja lagi voru teknar ýmsar ákvarðanir um aukin ríkisútgjöld eftir að fjárlög voru afgreidd á Alþingi, bæði með samþykktum Alþingis um viðbótarfé til vegamála síðastliðið vor og auknum framlögum til atvinnumála.

Það var því ljóst þegar líða tók á árið að heimildir fjárlaga mundu ekki nægja til að mæta þeim skuldbindingum sem til var stofnað á árinu. Því ákvað fjármálaráðherra að leggja fyrir Alþingi frumvarp til fjáraukalaga til þess að afla heimilda fyrir fyrirsjáanlegum greiðslum umfram heimildir fjárlaga. Frumvarpið var lagt fram á Alþingi 1. nóvember sl. og afgreitt sem lög frá Alþingi 22. desember eftir talsverðar breytingar í meðförum þingsins.

Samkvæmt niðurstöðutölum laganna var gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs mundu verða um 8,5 milljörðum króna hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Á móti var áætlað að tekjur ríkissjóðs mundu aukast um nálægt 3 milljarða króna miðað við áætlun fjárlaga. Afkoma ríkissjóðs versnaði þannig um tæplega 5,5 milljarða króna.

Nú liggur fyrir endanlegt greiðsluuppgjör vegna A-hluta ríkissjóðs fyrir árið 1989. Eins og sést á eftirfarandi yfirliti, þá hefur afkoma ríkissjóðs versnað um ríflega 1,2 milljarða króna frá því sem gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjáraukalaga fyrir árið 1989.

Yfirlit yfir afkomu ríkissjóðs 1989.

	Greiðslugrunnur			
	(1) Fjárlög 1990 (m.kr.)	(2) Lög nr. 111/1989 (m.kr.)	(3) Útkoma 1989 (m.kr.)	(3-(1+2)) Mismunur (m.kr.)
1. Tekjur	77 100	3 033	80 001	-132
2. Gjöld	76 464	8 519	86 056	1 073
3. Tekjur umfram gjöld	**636**	**-5 486**	**-6 055**	**-1 205**
4. Lánahreyfingar, útstreymi	11 045	790	13 120	1 285
5. Lánsfjárþörf, brúttó	**10 409**	**6 276**	**19 175**	**2 490**
6. Lántökur, alls	10 435	6 234	17 049	380
7. Greiðslujöfnuður	26	-42	-2 126	-2 110

Ef fyrst er litið á þróun tekjuöflunar ríkissjóðs kemur í ljós, eins og sést á meðfylgjandi yfirliti, að innheimtar tekjur ríkissjóðs 1989 urðu um 2,9 milljörðum króna lægri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Frávik frá áætlun laga nr. 111/1989, fjáraukalaga fyrir árið 1989, eru hins vegar fremur lítil eða sem nemur um 132 m.kr.

Yfirlit yfir innheimtar tekjur ríkissjóðs 1989.

	Greiðslugrunnur			
	(1) Fjárlög 1990 (m.kr.)	(2) Lög nr. 111/1989 (m.kr.)	(3) Útkoma 1989 (m.kr.)	(3-(1+2)) Mismunur (m.kr.)
Beinir skattar	**13 425**	**200**	**13 251**	**-374**
Óbeinir skattar	**59 610**	**1 352**	**61 239**	**277**
Gjöld af innflutningi	7 453	46	7 394	-105
Söluskattur	32 505	1 295	34 179	379
Aðrir óbeinir skattar	19 652	11	19 666	3
Aðrar tekjur	**4 065**	**1 481**	**5 511**	**-35**
Samtals	**77 100**	**3 033**	**80 001**	**-132**

Að teknu tilliti til verðlagsbreytinga varð um 2,5% samdráttur í innheimtum tekjum ríkissjóðs 1989 miðað við fjárlög. Ástæður þessa hafa verið raktar hér að framan, þ.e. veltusamdráttur og skattalækkanir. Á móti vegur hins vegar að sérstakt innheimtuátak á söluskatti skilaði nokkrum árangri þannig að söluskattstekjur drógust minna saman en ella hefði orðið og vaxtatekjur hækkuðu einnig af sömu ástæðum.

Á gjaldahlið fjárlaga urðu allmiklar breytingar frá því sem áætlað var við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1989. Ástæður þessa hafa áður verið raktar, en þar vega þyngst breyttar verð- og gengisforsendur, auknar niðurgreiðslur í tengslum við kjarasamninga og sérstakar aðgerðir til stuðnings atvinnulífinu til að hamla gegn atvinnuleysi og gjaldþrotum. Samtals urðu útgjöld ríkissjóðs um 9,5 milljörðum króna hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld ríkissjóðs 1989 samanborið við fjárlög og lög nr. 111/1989.

Yfirlit yfir gjöld ríkissjóðs 1989.

	Greiðslugrunnur			
	(1) Fjárlög 1990 (m.kr.)	(2) Lög nr. 111/1989 (m.kr.)	(3) Útkoma 1989 (m.kr.)	(3-(1+2)) Mismunur= frumvarp (m.kr.)
Launa- og rekstrargjöld, nettó	**29 759**	**2 372**	**32 525**	**394**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	**28 667**	**4 680**	**33 599**	**252**
Lífeyristryggingar	10 760	48	10 760	-48
Sjúkratryggingar	5 751	1 562	7 626	313
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 617	180	1 798	1
Endurgreiðslur til atvinnuvega	1 257	718	2 066	91
Niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum	4 173	870	5 080	37
Niðurgreiðslur á rafhitun	225	-	227	2
Útflutningsuppbætur	1 100	520	1 617	-3
Sauðfjárveikivarnir	335	68	402	-1
Ríkisábyrgð á launum	35	185	216	-4
Annað	3 414	529	3 807	-136
Vaxtagjöld	**7 540**	**820**	**8 548**	**188**
Viðhald	**1 695**	**152**	**1 782**	**-65**
Fjárfesting	**8 803**	**495**	**9 602**	**304**
Samtals	**76 464**	**8 519**	**86 056**	**1 073**

Eins og sést á yfirlitinu urðu endanlegar greiðslur 1.073 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum að viðbættum lögum nr. 111/1989. Við þann samanburð verður að hafa í huga að í frumvarpi til fjáraukalaga lá ekki fyrir endanleg úttekt á stöðu fjárlaga 1989, heldur var leitað eftir samþykki á tilteknum greiðslum sem borist höfðu beiðnir um frá viðkomandi ráðuneytum og fallist var á að mæla með.

Í 3. gr. frumvarpsins kemur fram að heildarumframgreiðslur vegna einstakra stofnana urðu talsvert hærri en niðurstöðutölur frumvarpsins. Stafar það af því að á móti vega óhafnar fjárveitingar vegna annarra fjárlagaliða, samtals um 642 m.kr. Af þessari fjárhæð hefur fjármálaráðherra fallist á að geyma fjárveitingar að fjárhæð samtals tæplega 224 m.kr. vegna óhafinna fjárveitinga til viðhalds- og stofnkostnaðarverkefna. Auk þess kunna að verða

nýttar á árinu 1990 ónotaðar lántökuheimildir B-hluta fyrirtækja og sjóða samkvæmt lánsfjárlögum 1989. Eftirfarandi yfirlit sýnir samtölur gjalda umfram fjárlög og lög nr. 111/1989, óhafnar fjárveitingar og geymdar fjárveitingar, skipt eftir ráðuneytum.

Yfirlit yfir umframgjöld, óhafnar fjárveitingar og geymdar fjárveitingar 1989.

	Gjöld umfram fjárlög og lög nr. 111/1989 (Þús. kr.)	Óhafnar fjár-veitingar (Þús. kr.)	Geymdar fjár-veitingar (Þús. kr.)
00 Æðsta stjórn ríkisins	11 665	21 772	19 236
01 Forsætisráðuneyti	6 465	946	5 077
02 Menntamálaráðuneyti	297 291	191 446	48 980
03 Utanríkisráðuneyti	25 125	12 230	4 287
04 Landbúnaðarráðuneyti	41 534	49 323	-
05 Sjávarútvegsráðuneyti	91 228	296	-
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	191 414	32 298	26 034
07 Félagsmálaráðuneyti	26 885	61 518	36 308
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	329 242	121 308	18 644
09 Fjármálaráðuneyti	329 197	6 702	35 298
10 Samgönguráðuneyti	62 770	38 989	5 371
11 Iðnaðarráðuneyti	32 005	81 583	17 900
12 Viðskiptaráðuneyti	81 701	11 642	3 000
13 Hagstofa Íslands	-	1 883	-
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	188 268	9 605	3 400
Samtals	**1 714 790**	**641 541**	**223 535**

Af greiðslum umfram fjárlög og lög nr. 111/1989 vega þyngst 176 m.kr. auknar greiðslur til Tryggingastofnunar og um 190 m.kr. aukin vaxtagjöld ríkissjóðs. Rekstur framhaldsskóla fór tæplega 150 m.kr. fram úr áætlun og stofnanir dómsmálaráðuneytis um 160 m.kr. Loks varð viðhalds-og stofnkostnaður um 240 m.kr. hærri, sem aðallega má rekja til fasteignakaupa samkvæmt heimildum í 6. gr. fjárlaga. Munurinn skýrist af annarri framsetningu á eignakaupum í ríkisreikningi en í fjárlögum. Í fjárlögum eru útborganir á árinu eingöngu færðar til gjalda, en í ríkisreikningi eru fasteignakaup hins vegar að fullu gjaldfærð á kaupárinu og á móti eru bókuð tekin lán. Að teknu tilliti til þessa eru þessar greiðslur í samræmi við fjárlög. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu frávikum frá fjáraukalögum eftir ráðuneytum.

Forsætisráðuneyti: Til forsætisráðuneytis er sótt um viðbótarheimild að fjárhæð 5.517 þús. kr. Þar vegur þyngst 2.000 þús. kr. kostnaðarauki við undirbúning að stofnun umhverfisráðuneytis og vegna heimsókna erlendra þjóðhöfðingja 3.733 þús. kr.

Menntamálaráðuneyti: Til menntamálaráðuneytis er sótt um 105.681 þús. kr. viðbótarheimild. Ástæður þessarar aukningar má einkum rekja til rekstrarkostnaðar framhaldsskóla og sérskóla. Veldur þar mestu að vegna verkfalls kennara í vor varð að bæta nemendum upp tapaðan námstíma með aukinni kennslu á haustönn. Þetta leiddi til þess að

fyrirhugaður sparnaður í launakostnaði samkvæmt fjárlögum náðist ekki að fullu. Hins vegar virðist hafa tekist að ná settum markmiðum í rekstri grunnskóla.

Utanríkisráðuneyti: Aukaheimildir vegna utanríkisráðuneytis nema 12.879 þús. kr. Þyngst vega greiðslur vegna Þróunarsamvinnustofnunarinnar að fjárhæð 6 m.kr. sem eru vegna hækkunar á gengi umfram forsendur fjárlaga og framlags frá fyrra ári vegna Alþjóða barnahjálparstofnunarinnar. Þá urðu greiðslur vegna skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda um 4 m.kr. umfram heimildir og um 2,6 m.kr. vegna ýmissa framlaga til alþjóðastofnana. Hvoru tveggja skýrist að meginefni til af hækkun á gengi umfram forsendur fjárlaga, en einnig er um að ræða kostnað vegna veikindaforfalla hjá skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda.

Landbúnaðarráðuneyti: Samtals eru óhafnar 7.780 þús. kr. af fjárveitingu ráðuneytisins. Hins vegar er halli á einstaka fjárlagaliðum. Halli á rekstri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og veiðistjóraembætti nemur um 8,5 m.kr. og hjá Skógrækt ríkisins um 4 m.kr. Í fjáraukalögum var sótt um viðbótarheimild fyrir Landgræðslu ríkisins að fjárhæð 8 m.kr. Fyrir mistök féll sú heimild út í meðferð fjárveitinganefndar. Skýrist frávik í greiðslum til stofnunarinnar í aðalatriðum af þessari greiðslu. Kostnaður við gæðamat á landbúnaðarvörum varð 5 m.kr., en samkvæmt forsendum fjárlaga á að innheimta þá fjárhæð hjá vinnslustöðvunum. Þá fór rekstur búnaðarskóla um 5 m.kr. fram úr áætlunum. Á móti þessu vega óhafnar fjárveitingar, aðallega vegna jöfnunargjalds, þannig að greiðslustaða ráðuneytisins er jákvæð um tæpar 8 m.kr.

Sjávarútvegsráðuneyti: Greiðslur vegna ráðuneytisins urðu 90.932 þús. kr. umfram heimildir. Þar vega þyngst útgjöld vegna endurgreiðslu söluskatts í sjávarútvegi sem voru 83,7 m.kr. umfram heimildir. Skýring á þessum mun liggur í gjaldfærslu á ógreiddum reikningum frá fyrra ári sem greiddir voru í upphafi árs en komu ekki til færslu á rekstrarreikningi fyrr en við uppgjör Ríkisbókhalds nú um áramót. Þá fór rekstur Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins tæpar 4 m.kr. fram úr heimildum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti: Sótt er um aukaheimildir að fjárhæð 159.078 þús. kr. Af þeirri fjárhæð má rekja um 120 m.kr. til embætta lögreglu og fógeta. Á móti þessu vegur að á árinu var gripið til harðra aðhaldsaðgerða sem hafa skilað verulega bættum árangri ef miðað er við fyrra ár. Af öðrum liðum má nefna fangelsismál sem fór 12,6 m.kr. fram úr áætlun og greiðslur vegna ýmiss löggæslukostnaðar 20 m.kr.

Félagsmálaráðuneyti: Óhafnar fjárveitingar ráðuneytisins eru 34.659 þús. kr. sem aðallega skýrist af ógreiddu framlagi til framkvæmdasjóðs fatlaðra. Rekstur stofnana fatlaðra fór 26 m.kr. fram úr áætlun en á móti því vega óhafnar fjárveitingar á öðrum rekstrarliðum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti: Vegna ráðuneytisins er sótt um viðbótarheimildir að fjárhæð 207.905 þús. kr. Þyngst vegur aukin greiðsla til Tryggingastofnunar ríkisins vegna lífeyristryggingardeildar að fjárhæð 176 m.kr. Af öðrum liðum má nefna 27 m.kr. uppgjörskostnað vegna kaupa á sneiðmyndatæki fyrir Borgarspítalann sem keypt var á árinu 1988 með vísan til heimildar í 6. gr. fjárlaga.

Fjármálaráðuneyti: Sótt er um heimild til 316.218 þús. kr. greiðslu umfram fjárlagaheimildir. Af þeirri fjárhæð vega þyngst greiðslur vegna fasteignakaupa að fjárhæð 185 m.kr. Þessi munur skýrist af annarri framsetningu á eignakaupum í ríkisreikningi en í fjárlögum eins og áður er um getið. Að teknu tilliti til þessa eru greiðslur í samræmi við fjárlög. Þá urðu greiðslur vegna Ríkisábyrgðasjóðs um 80 m.kr. umfram fjárlög. Af öðrum liðum má nefna 27 m.kr. viðbótarútgjöld við rekstur Gjaldheimtunnar í Reykjavík, en hún er kostuð af ríki að hálfu á móti Reykjavíkurborg.

Samgönguráðuneyti: Sótt er um 23.772 þús. kr. viðbótarheimild vegna ráðuneytisins. Þar vega þyngst 34 m.kr. greiðslur til Flugmálastjórnar og 11 m.kr. þátttaka í vaxtakostnaði af láni sem Arnarflugi var veitt árið 1985 með heimild í sérstökum lögum þar um.

Iðnaðarráðuneyti: Óhafnar eru 49.592 þús. kr. af fjárveitingu ráðuneytisins og vegur þar þyngst um 49 m.kr. minni greiðslur vegna Orkusjóðs. Endurgreiðsla jöfnunargjalds varð hins vegar um 17 m.kr. umfram fjárlög.

Viðskiptaráðuneyti: Til viðskiptaráðuneytis er sótt um 70.061 þús. kr. viðbótarheimild sem aðallega má rekja til aukinna niðurgreiðslna umfram áætlanir.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun: Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 178.664 sem alfarið má rekja til aukinna vaxtagreiðslna.

Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1988 var tekin upp sú nýbreytni að gera nokkra grein fyrir greiðslustreymi milli A- og B-hluta ríkissjóðs samkvæmt endanlegu greiðsluuppgjöri ríkissjóðs. Verður hér haldið áfram á sömu braut.

Ef litið er til fjárstreymis milli A- og B-hluta ríkissjóðs 1989 kemur í ljós að tilfærslur til B-hluta fyrirtækja og sjóða urðu um 177 m.kr. lægri en fjárlög gerðu ráð fyrir, en um 61 m.kr. lægri en samkvæmt fjárlögum að viðbættum lögum nr. 111/1989. Á hinn bóginn urðu skil B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð talsvert lægri samkvæmt endanlegu greiðsluuppgjöri heldur en fjárlög gerðu ráð fyrir. Eftirfarandi yfirlit sýnir greiðslustreymi milli A- og B-hluta ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum, lögum nr. 111/1989 og endanlegu greiðsluuppgjöri 1989.

Yfirlit yfir greiðslustreymi milli A- og B-hluta ríkissjóðs 1989.

	Greiðslugrunnur			
	(1) Fjárlög 1989 (m.kr.)	(2) Lög nr. 111/1989 (m.kr.)	(3) Útkoma 1989 (m.kr.)	(3-(1+2)) Mismunur (m.kr.)
Tilfærslur úr A-hluta til B-hluta fyrirtækja og sjóða . . .	5 344	-116	5.167	-61
Skil B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð	6 617	-680	6 036	98

Frávik milli fjárlaga, laga nr. 111/1989 og endanlegs uppgjörs hjá einstökum stofnunum urðu talsvert meiri en samtölur fyrir greiðslustreymi milli A- og B-hluta sýna. Eftirfarandi yfirlit sýnir samanburð á tilfærslum frá A-hluta ríkissjóðs til einstakra fyrirtækja og sjóða í B-hluta.

Yfirlit yfir tilfærslur til B-hluta fyrirtækja og sjóða 1989.

	Greiðslugrunnur			
	(1) Fjárlög 1990 (þús. kr.)	(2) Lög nr. 111/1989 (þús. kr.)	(3) Útkoma 1989 (þús. kr.)	(3-(1+2)) Mismunur (þús. kr.)
FORSÆTISRÁÐUNEYTI				
21 172 Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina	500 000	-	500 000	-
Samtals ráðuneyti	500 000	-	500 000	-

	Greiðslugrunnur			
	(1) Fjárlög 1990 (þús. kr.)	(2) Lög nr. 111/1989 (þús. kr.)	(3) Útkoma 1989 (þús. kr.)	(3-(1+2)) Mismunur (þús. kr.)
MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI				
22 233 Rannsóknasjóður	80 000	-	80 109	109
22 276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	62 300	25 000	87 318	18
22 871 Unglingaheimili ríkisins	24 400	4 710	28 365	-745
22 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 617 000	180 000	1 798 393	1 393
22 973 Þjóðleikhúsið	171 000	95 002	265 290	-712
22 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands	67 000	4 000	71 000	-
22 975 Vísindasjóður	15 950	-	15 952	2
22 976 Menningarsjóður	11 000	-	11 497	497
Samtals ráðuneyti	2 048 650	308 712	2 357 924	562
LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI				
24 171 Jarðeignir ríkisins	15 700	3 002	18 692	-10
24 172 Jarðasjóður	15 000	-4 000	11 000	-
24 221 Áburðarverksmiðja ríkisins	22 000	-	22 000	-
24 246 Laxeldisstöðin Kollafirði	7 600	11 000	18 600	-
24 272 Einangrunarstöð holdanauta, Hrísey	3 180	-	4 859	1 679
Samtals ráðuneyti	63 480	10 002	75 151	1 669
DÓMSMÁLARÁÐUNEYTI				
26 371 Kirkjubyggingasjóður	4 610	-	4 610	-
26 373 Kristnisjóður	14 310	-	14 310	-
Samtals ráðuneyti	18 920	-	18 920	-
FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI				
27 271 Byggingarsjóður ríkisins	1 050 000	-500 000	549 999	-1
27 272 Byggingarsjóður verkamanna	600 000	-	600 000	-
Samtals ráðuneyti	1 650 000	-500 000	1 149 999	-1
HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTI				
28 273 Atvinnuleysistryggingasjóður	277 000	-	207 000	-70 000
28 378 Læknishéraðasjóður	2 500	1 017	3 517	-
28 471 Gæsluvistarsjóður	6 000	890	6 890	-
Samtals ráðuneyti	285 500	1 907	217 407	-70 000
FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI				
29 971 Ríkisábyrgðasjóður	200 000	-	280 214	80 214
Samtals ráðuneyti	200 000	-	280 214	80 214
SAMGÖNGURÁÐUNEYTI				
30 101 Póst- og símamálastofnunin	157 000	-	132 000	-25 000
30 321 Skipaútgerð ríkisins	155 000	4 650	159 649	-1
30 332 Hafnabótasjóður	25 000	-	25 000	-
30 333 Landshöfn Þorlákshöfn	340	-	340	-
Samtals ráðuneyti	337 340	4 650	316 989	-25 001
IÐNAÐARRÁÐUNEYTI				
31 371 Orkusjóður	240 450	-12 000	179 703	-48 747
31 321 Rafmagnsveitur ríkisins	-	71 000	71 000	-
Samtals ráðuneyti	240 450	59 000	250 703	-48 747
Tilfærslur til B-hluta alls	**5 344 340**	**-115 729**	**5 167 307**	**-61 304**

Eins og sést á yfirlitinu urðu stærstu frávikin milli endanlegs uppgjörs og laga nr. 111/1989 hjá Ríkisábyrgðasjóði, en greiðslur til sjóðsins urðu um 80 m.kr. umfram fjárheimildir. Á móti vegur að greiðslur vegna Póst- og símamálastofnunarinnar urðu 25 m.kr. lægri en fjárlög gerðu ráð fyrir og er það vegna minni skila ICAO-tekna en áætlað var í fjárlögum. Þá urðu greiðslur til Orkusjóðs um 49 m.kr. lægri en fjárlög að viðbættum lögum nr. 111/1989 gerðu ráð fyrir. Önnur frávik frá fjárlögum að viðbættum lögum nr. 111/1989 eru fremur lítil þannig að heildarfrávik nema samtals um 8,7 m.kr.

Sex fyrirtækjum í B-hluta ríkissjóðs var ætlað að skila hagnaði af starfsemi sinni í ríkissjóð. Eftirfarandi yfirlit sýnir samanburð á þessum skilum samkvæmt fjárlögum, lögum nr. 111/1989 og endanlegu uppgjöri 1989.

Yfirlit yfir greiðslur B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð 1989.

	Greiðslugrunnur			
	(1) Fjárlög 1990 (þús. kr.)	(2) Lög nr. 111/1989 (þús. kr.)	(3) Útkoma 1989 (þús. kr.)	(3-(1+2)) Mismunur (þús. kr.)
23 101 Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli	218 400	65 000	344 990	61 590
23 111 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli	28 900	-	32 000	3 100
23 121 Sala varnarliðseigna	50 000	-	19 000	-31 000
29 101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	6 050 000	-745 000	5 369 707	64 707
29 102 Lyfjaverslun ríkisins	20 000	-	20 000	-
30 101 Póst- og símamálastofnunin	250 000	-	250 000	-
Samtals	**6 617 300**	**-680 000**	**6 035 697**	**98 397**

Eins og sést á yfirlitinu urðu greiðsluskil til A-hluta um 582 m.kr. lægri en fjárlög gerðu ráð fyrir, en um 98 m.kr. hærri en samkvæmt áætlun fjárlaga að viðbættri áætlun laga nr. 111/1989. Stærstu frávik til lækkunar miðað við fjárlög urðu hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, en skil fyrirtækisins urðu um 680 m.kr. lægri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Stafar það einkum af því að sala á innlendum bjór varð hlutfallslega miklu hærri en gert hafði verið ráð fyrir. Einnig var fallið frá áætlun fjárlaga um að hækka verð á áfengi og tóbaki umfram almennar verðlagsbreytingar. Þá urðu skil Sölu varnarliðseigna verulega lægri en áformað var eða sem nemur 31 m.kr. Á móti þessu vegur að afkoma Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli varð mjög góð og urðu skil hennar í ríkissjóð tæplega 127 m.kr. hærri en upphaflega áætlað.

Sþ. 792. Nefndarálit [431. mál]

um till. til þál. um samningu rits um kristni á Íslandi í þúsund ár.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk á sinn fund biskup Íslands, herra Ólaf Skúlason.

Nefndin mælir með því að tillagan verði samþykkt.

Karl Steinar Guðnason var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. mars 1990.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Jón Kristjánsson, fundaskr.	Guðrún Helgadóttir.
Ingi Björn Albertsson.	Kristinn Pétursson.	Eggert Haukdal.

Alþt. 1989. A. (112. löggjafarþing). 214

Sþ. **793. Skýrsla** [457. mál]

utanríkisráðherra um utanríkismál.

(Lögð fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

I Inngangur

Ný ríkisstjórn Framsóknarflokks, Alþýðuflokks, Alþýðubandalags, Borgaraflokks og Samtaka jafnréttis og félagshyggju tók við hinn 10. september sl. að loknum viðræðum fráfarandi ríkisstjórnarflokka og Borgaraflokks og á grundvelli samkomulags um stjórnarsamstarf.

Í stað þess að semja nýjan málefnasamning varð að samkomulagi, að geta einungis helstu áhersluatriða í sérstöku samkomulagi um stjórnarsamstarf, en vísa að öðru leyti til málefnasamnings fráfarandi ríkisstjórnar.

Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar er stefna fyrri ríkisstjórnar í utanríkismálum óbreytt og er um hana fjallað á eftirfarandi hátt:

> Markmið utanríkisstefnu Íslendinga eru að treysta sjálfstæði landsins og gæta hagsmuna þjóðarinnar í alþjóðlegum samskiptum. Að því verður unnið með virkri þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Þessum markmiðum verður meðal annars náð:
>
> - Með aukinni aðstoð og samvinnu við þróunarríki.
> - Með stuðningi við baráttu fyrir mannréttindum hvar sem hún er háð.
> - Með því að stuðla að friðsamlegri og bættri sambúð þjóða.
> - Með virkri þátttöku í umræðum um afvopnunarmál og kjarnavopnalaus svæði í okkar heimshluta. Áhersla verður lögð á að auka þekkingu Íslendinga á vígbúnaðarmálum, sérstaklega á hernaðarumsvifum á Norður-Atlantshafi, til þess að leggja óháð mat á öryggismálefni landsins og nálægra svæða.
> - Með því að hvetja til og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi um umhverfismál, sérstaklega um mengunarvarnir á Norður-Atlantshafi.
> - Með því að búa íslenskt atvinnulíf undir þær breytingar, sem verða á viðskiptaháttum og efnahagsstjórn í Evrópubandalaginu á næstu árum. Sérstaklega verður unnið að því að laga íslenskt efnahagslíf að hinum nýju aðstæðum og tryggja viðskiptastöðu íslenskrar atvinnustarfsemi, án aðildar að bandalaginu.
> - Ríkisstjórnin áréttar áður yfirlýsta stefnu Alþingis að hér á landi skuli ekki vera kjarnavopn. Ríkisstjórnin mun ekki gera nýja samninga um meiri háttar hernaðarframkvæmdir og skipti Íslendinga við varnarliðið verða endurskipulögð.

(1) Samskipti austurs og vesturs

Heimsmynd okkar daga hefur tekið næsta ótrúlegum breytingum á örskömmum tíma. Aðstæður eru nú með þeim hætti, að e.t.v. verður að leita 175 ár aftur í tímann, til Vínarráðstefnunnar 1815, til að finna hliðstæðu við þau margþættu og stóru viðfangsefni, sem við blasa í alþjóðamálum í okkar heimshluta.

Hið pólitíska landakort Evrópu, sem dregið var upp á fundum stórveldanna í Yalta og Potsdam 1945, virðist þegar heyra fortíðinni til. Umfangsmestu breytingarnar á stjórnarskipulagi Sovétríkjanna frá tímum byltingar bolsjevika hafa haldist í hendur með hruni heimsveldis kommúnismans. Á aðeins einu ári hafa ríki Austur- og Mið-Evrópu risið upp og hrundið af sér oki einræðis og harðstjórnar. Lýðræðislegar kosningar í ríkjum þessum á árinu færa heim sanninn um þann ásetning íbúanna, að taka ábyrgð sinna mála í eigin hendur og endurheimta stöðu sína í hópi lýðfrjálsra ríkja Evrópu.

Sigurför lýðræðisins í ríkjum Austur- og Mið-Evrópu er staðfesting þess, að sú framtíðarsýn, sem vestræn ríki hafa haft að leiðarljósi á undanförnum áratugum, er um það bil að verða að veruleika. Hin langvarandi tvískipting Evrópu, sem einkenndist af gífurlegri hernaðaruppbyggingu, einkum á miðju meginlandinu, hefur runnið sitt skeið á enda. Hjöðnun vígbúnaðarkapphlaupsins, samfara stórtækum samningum, sem væntanlegir eru á árinu um niðurskurð vígbúnaðar, endurspeglar þá pólitísku þíðu, sem átt hefur sér stað, og ryður braut fyrir nýjum tækifærum á sviði pólitískrar og efnahagslegrar samvinnu.

Þegar til langs tíma er litið, hljóta slík straumhvörf að hafa áhrif á fyrirkomulag pólitískrar samvinnu í Evrópu. Hlutverk Varsjárbandalagsins, sem handbendis Sovétmanna í öryggismálum Austur- og Mið-Evrópu, virðist að stórum hluta til úr sögunni, þótt ekkert bendi til að bandalagið verði lagt niður á næstunni. Einstök aðildarríki hafa þó í auknum mæli gert sér far um að nálgast vestræn samtök og stofnanir á sviði pólitískrar og efnahagslegrar samvinnu og nægir þar að nefna Evrópuráðið, OECD og EFTA. Sameining Þýskalands, sem nú er ofarlega á dagskrá, mun sömuleiðis hafa afgerandi áhrif á samstarf ríkja Atlantshafsbandalagsins og sameiginlegan innri markað Evrópubandalagsins, sem unnið er að að koma á fyrir árslok 1992.

Óhætt er því að fullyrða að sú gerjun, sem átt hefur sér stað í ríkjum Austur- og Mið-Evrópu, muni setja mark sitt á framvindu mála í Evrópu í heild, þrátt fyrir að erfitt sé að segja fyrir um í smáatriðum með hvaða hætti það verður. Á þeim tíma, sem framundan er, hlýtur það að verða forgangsverkefni vestrænna ríkja, ekki síst á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, að tryggja að stöðugleiki haldist.

Í skýrslu þeirri, sem nú er lögð fyrir Alþingi, er fjallað ítarlega um ástandið í Sovétríkjunum og ríkjum Austur- og Mið-Evrópu (kafli II). Því verður ekki neitað að atburðir innan Sovétríkjanna og svipmikil forysta Mikhaels Gorbatsjovs hefur ráðið miklu um þróun mála í álfunni. Gorbatsjov gegnir sögulegu hlutverki sem hinn mikli afneitari lögboðins rétttrúnaðar í Sovétríkjunum, sem skilið hefur eftir sig sjötíu ára blóðrefil árangurslausrar tilraunastarfsemi. Honum hefur hins vegar ekki tekist enn að ljúka yfirlýstu ætlunarverki sínu. Endurreisnin – perestroikan – er enn aðeins í orði kveðnu. Vonir eru hins vegar við það bundnar, að opnun þjóðfélagsins – glasnost –, sem Gorbatsjov hefur einnig boðað, veiti nýjum lýðræðisstraumum í farveg, þar sem m.a. verði tekið aukið tillit til sjálfstæðiskrafna þjóða, sem byggja Sovétríkin.

Sameining þýsku ríkjanna er annað mál, sem vafalítið mun setja mjög sterkan svip á stjórnmálaumræðu í Evrópu í náinni framtíð. Greinilegt er, að mikill meirihluti þýsku þjóðarinnar beggja vegna landamæranna er hlynntur sameiningu ríkjanna. Nú, þegar fjölflokkakerfi hefur verið komið á í Austur-Þýskalandi og lýðræðislega kjörin ríkisstjórn tekur við stjórntaumunum í fyrsta skipti í þessum hluta Þýskalands í 57 ár, fer væntanlega í hönd sá tími að teknar verði ákvarðanir um, hvernig að sameiningu verði staðið. Komið hefur verið á fót nefnd þýsku ríkjanna beggja og fjórveldanna, Bandaríkjanna, Bretlands, Frakklands og Sovétríkjanna, til að fjalla um málið í samráði við önnur ríki, sem hagsmuna eiga að gæta, þ. á m. Pólland. Ljóst er, að sameining Þýskalands snertir öll ríki álfunnar með beinum eða óbeinum hætti.

Áframhaldandi slökunar í samskiptum austurs og vesturs hefur á undanförnu ári gætt á ólíkum sviðum, ekki síst innan Helsinki-ferlisins svonefnda og í viðræðum um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar (kafli III). Útlit er fyrir að Ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu (CSCE) verð í náinni framtíð gert hærra undir höfði en verið hefur. Búist er við að kallaður verði saman sérstakur CSCE-leiðtogafundur síðar á árinu, þar sem m.a. yrði rætt um framtíðarhlutverk ráðstefnunnar í málefnum Evrópu. Auk þess fara fram þrír sérfræðingafundir ráðstefnunnar á árinu, um efnahagssamvinnu, mannlegan þátt CSCE og Miðjarðarhafsmálefni. Í viðræðum um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar eru nú taldar góðar líkur á að samkomulag náist á þessu ári um niðurskurð hefðbundinna herja í Evrópu (CFE) og

helmings fækkun langdrægra kjarnavopna (START). Einnig ríkir bjartsýni um, að takast megi í náinni framtíð að ljúka samningi um allsherjarbann við efnavopnum.

Bæta má því við, að aðildarríki Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins komu saman á ráðstefnu í Ottawa í febrúar sl. til viðræðna um opnun lofthelgi, en samningur á því sviði yrði um margt einstæður. Auk þess að festa í sessi þann árangur, sem þegar hefur náðst á sviði hermála í samskiptum austurs og vesturs, myndi slíkur samningur gera aðildarríkjunum kleift að hafa mun ítarlegra gagnkvæmt eftirlit með vígbúnaði og hernaðarmannvirkjum en dæmi eru um. Stefnt er að undirritun samnings um opnun lofthelgi í Búdapest í maí nk., að loknum seinni hluta ráðstefnunnar þar í borg.

Á árinu lagði Ísland sérstaka áherslu á málflutning innan Atlantshafsbandalagsins um undirbúning viðræðna um takmörkun vígbúnaðar á höfunum, eftir að samningar um hefðbundin vopn á landi hafa borið árangur (kafli VII).

Hin öra og byltingarkennda þróun í löndum Austur- og Mið-Evrópu hefur einnig haft áhrif á sviði viðskipta og efnahagssamvinnu. Hefur hún m.a. breytt grundvallarforsendum allra samskipta EB við þau, bæði beint og fyrir tilstilli COMECON. Á leiðtogafundinum í París í júlí, ákváðu iðnstórveldin sjö að fela framkvæmdastjórn EB að samræma aðstoð vestrænna iðnríkja við Pólland og Ungverjaland. Var öllum öðrum aðildarríkjum OECD, einkum EFTA-löndunum, boðin þátttaka í þessu verkefni. Verkefnið vatt fljótlega upp á sig og voru settir á laggirnar starfshópar um matvælaaðstoð, menntun og þjálfun, umhverfismál, fjárfestingar og efnahagsaðstoð. Aðstoð Íslands hefur til þessa tekið til matvælaaðstoðar við Pólland og Rúmeníu, þátttöku í jöfnunarsjóði til styrktar Póllandi, þátttöku í hinum nýja fjárfestingabanka Austur-Evrópu og í verkefnum, sem m.a. eru fjármögnuð með tilstyrk Norræna útflutningsverkefnasjóðsins (t.d. jarðhitaverkefni í Ungverjalandi og víðar).

(2) Önnur alþjóðamál

Í skýrslu utanríkisráðherra í fyrra var þess getið, að ársins 1988 yrði öðru fremur minnst sem árs Sameinuðu þjóðanna. Á síðasta ári styrkti stofnunin stöðu sína enn frekar. Friðargæsluverkefnið í Namibíu, sem er stærsta friðargæsluverkefni Sameinuðu þjóðanna til þessa, hefur gengið að óskum og lýkur því 1. apríl nk., en Namibía hlaut sjálfstæði 21. mars sl. Umræðan á síðasta allsherjarþingi endurspeglaði hina heillavænlegu þróun, sem á sér stað í heiminum, og lögðu aðildarríki sig fram við að ná samkomulagi í sem flestum málum.

Á síðasta allsherjarþingi voru umhverfismálin í öndvegi. Ágreiningur kom upp milli iðnríkjanna og þróunarlandanna um ráðstefnu um umhverfi og þróun, sem halda á í Brasilíu árið 1992. Vildu þau fyrrnefndu leggja áherslu á umhverfismálin en hin síðarnefndu á þróun. Samkomulag náðist þó að lokum, enda málin skyld svo sem skeggið hökunni.

Allsherjarþingið samþykkti tvo sögulega samninga: annars vegar alþjóðasamninginn um réttindi barna og hins vegar viðbótarbókun við alþjóðasamninginn um stjórnmálaleg og borgaraleg réttindi, um afnám dauðarefsingar.

Í ræðu utanríkisráðherra í almennu umræðunni á allsherjarþinginu var sú hugmynd sett fram, að Alþjóðakjarnorkumálastofnunin tæki saman leiðbeinandi alþjóðareglur um öryggi kjarnaofna í skipum. Á fundi norrænu utanríkisráðherranna í Turku í Finnlandi í febrúar sl. varð samkomulag um að fulltrúar Norðurlandanna hjá stofnuninni myndu vinna saman áfram að framgangi þessa máls.

Þrátt fyrir að Sameinuðu þjóðunum hafi orðið nokkuð ágengt við lausn ýmissa staðbundinna deildumála, ríkir enn ófriður í Mið-Austurlöndum. Uppreisnin á herteknu svæðunum á Vesturbakkanum og Gasa-svæðinu hefur staðið yfir í rúmlega tvö ár og bendir ekkert til að hún sé í rénum. Stjórnarkreppa í Ísrael fyrir skemmstu gerir það að verkum að erfitt er að sjá fyrir framvindu mála.

Nýlega voru haldnar kosningar í Níkaragúa undir alþjóðlegu eftirliti. Niðurstaða kosninganna varð Sandínistum í óhag, en meirihluti atkvæða féll í hlut samsteypuflokks stjórnarandstöðunnar undir forystu Violetu Chamorro. Vonir standa til þess að kosningarnar marki upphaf nýs tímabils friðar og lýðræðis í landinu.

Ánægjuleg þróun á sér nú stað í Suður-Afríku. Enn ríkir þó kynþáttaaðskilnaður í landinu og meirihluti íbúanna heldur áfram að vera misrétti beittur. Ætlast verður til þess af deiluaðilum, að þeir geri sitt ítrasta til að ná samkomulagi um afnám kynþáttaaðskilnaðar.

(3) Öryggis og varnarmál

Óhjákvæmilegt er, að hinir heimssögulegu viðburðir á meginlandi Evrópu hafi bæði bein og óbein áhrif á íslensk öryggismál. Hrun kommúnismans og upplausn í röðum Varsjárbandalagsins gerir að verkum að pólitískar forsendur fyrir beitingu hervalds af hálfu Sovétmanna gegn vestrænum ríkjum eru tæpast fyrir hendi.

Auðsýnt er, að væntanlegur CFE samningur mun hafa í för með sér að yfirburðastyrk Varsjárbandalagsins til skyndiárása og hernáms landsvæða á meginlandinu verður eytt. Einnig mun sá aðvörunartími, sem aðildarríki Atlantshafsbandalagsins hafa til að svara hugsanlegri árás, aukast verulega, þar sem Sovétríkin kæmu til með að þurfa að flytja liðsauka til hernaðaraðgerða í Vestur-Evrópu lengri veg. Samdráttur á sviði hefðbundins herafla í Evrópu mun því tvímælalaust draga verulega úr þeirri hernaðarógn, sem Atlantshafsbandalagið hefur staðið frammi fyrir.

Hnattstaða Íslands gerir það að verkum að við niðurskurð og samdrátt í herafla Atlantshafsbandalagsins á meginlandi Evrópu kann mikilvægi liðsaukaflutninga frá Bandaríkjunum og Kanada á hættu- og ófriðartímum að aukast vegna landfræðilegs mismunar á bandalögunum tveimur. Staða Íslands og hernaðarlegt mikilvægi ræðst að miklu leyti af mikilvægi flutningaleiðanna (fylgiskjal 6).

Haldi stjórnmálaþróuninni í Evrópu fram sem horfir, er ljóst að það öryggiskerfi, sem hefur verið við lýði í Evrópu mestallan tímann frá stríðslokum, mun taka verulegum breytingum. Hverjar þær breytingar verða í einstökum atriðum er ekki tímabært að segja til um. Gera má þó ráð fyrir að vægi pólitískra þátta muni aukast, jafnframt því sem dregið verður úr hernaðarlegum þáttum. Í reynd er sú þróun hafin, ekki síst með þeim afvopnunarsamningum, sem væntanlega verður gengið frá á þessu ári. Einnig er ljóst, að þrátt fyrir að Varsjárbandalagið kunni að verða áfram við lýði að forminu til, er ekki lengur hægt að líta á það sem sameinað afl.

Þrátt fyrir mikinn niðurskurð í vopnabúnaði, verða hervarnir eftir sem áður veigamikill þáttur í öryggiskerfi ríkja Evrópu. Jafnvel þótt ekkert ríkja álfunnar teldi ástæðu til að óttast fyrirætlanir annars ríkis á sviði hernaðar, er mannkynssagan til vitnis um að hagsmunaárekstrar og pólitískur óstöðugleiki gera ekki ætíð boð á undan sér. Einnig kunna fyrirætlanir að breytast með litlum fyrirvara.

Á tímum óvissu í alþjóðamálum hljóta Íslendingar að fara að öllu með gát og gæta þess að rasa ekki um ráð fram, þegar um öryggismál þjóðarinnar er að tefla (kaflar VII og VIII).

(4) Utanríkisviðskipti

Áætlanir Evrópubandalagsins um að hrinda í framkvæmd grundvallarreglum Rómarsáttmálans um samræmdan innri markað eru einn helsti áhrifavaldurinn í vaxandi samstarfi Evrópuríkja, einnig þeirra sem utan standa, til að laga sig að þessum stærsta markaði í heimi.

Ríkisstjórnin stefnir að því að búa íslenskt atvinnulíf undir þær breytingar, sem verða á viðskiptaháttum við tilkomu innri markaðar Evrópubandalagsins. Sérstaklega verður unnið

að því að laga íslenskt atvinnulíf að hinum nýju aðstæðum og tryggja viðskiptastöðu íslenskrar atvinnustarfsemi, án aðildar að Evrópubandalaginu.

Síðastliðið ár hefur verið hið markverðasta í mótun utanríkisviðskiptastefnu Íslands. Frá því snemma vors 1989 hafa staðið yfir umfangsmiklar viðræður, fyrst á könnunarstigi, sem greint var frá í skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis í nóvember sl., og nú á undirbúningsstigi til að leggja grundvöll að þátttöku Íslands í viðræðum EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið. Viðræðurnar miða að því að 1. janúar 1993 taki gildi, samhliða innri markaðsáætlun Evrópubandalagsins, samningur um sameiginlegt evrópskt efnahagssvæði, er nái til átján aðildarríkja EFTA og Evrópubandalagsins. Stefnt er að því að EFTA-ríkin, einstaklingar í þeim og atvinnufyrirtæki, njóti á sem flestum sviðum fulls jafnræðis í samskiptum við aðila í ríkjum Evrópubandalagsins.

Á Íslandi hafa Alþingi, öll ráðuneyti, margar ríkisstofnanir svo og samtök vinnumarkaðarins lagt sig fram við að kynna sér eins og frekast er kostur hvað evrópskt efnahagssvæði býður upp á, kosti og galla, þannig að heilsteypt og vel ígrundað mat á afstöðu Íslands til einstakra málaflokka liggi fyrir. Utanríkisráðuneytið hefur lagt áherslu á að hafa góða samvinnu við alla hagsmunaaðila, eftir því sem aðstæður hafa leyft.

Fá mál hafa á byrjunarstigi fengið jafn víðtæka umfjöllun og undirbúning hérlendis og væntanlegt samstarf EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins. Margvísleg vinna er framundan við að skilgreina og athuga betur einstaka þætti þessa viðamikla máls, þar á meðal allar viðeigandi lagareglur Evrópubandalagsins, svo og nauðsynlega sérhagsmuni Íslands, áður en formleg samningagerð hefst í sumar.

Mikilvægur áfangi náðist á síðastliðnu ári, þegar EFTA-ríkin ákváðu að taka upp fríverslun með fisk frá og með 1. júlí 1990. Þingsályktun þar að lútandi, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda nauðsynlegar breytingar á samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu, verður lögð fyrir Alþingi næstu daga. Þessi ákvörðun EFTA-ríkjanna hefur jafnframt skapað samstöðu meðal þeirra um að krefjast þess í viðræðum um evrópskt efnahagssvæði að fríverslun með fisk verði komið á milli EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins.

Samhliða viðræðunum um evrópskt efnahagssvæði dregur nú nær lokaniðurstöðum í Uruguay-viðræðunum, sem hófust síðla árs 1986. Stefnt er að umfangsmiklum tollalækkunum meðal GATT-ríkja, afnámi margvíslegra viðskiptahindrana og endurskipulagningu GATT-kerfisins. Auk tollalækkana er aukið viðskiptafrelsi með landbúnaðarvörur, svo og aukið frelsi í þjónustuviðskiptum, viðamestu viðfangsefnin, en þess er vænst að viðræðunum ljúki með samningi aðildarríkja í desember nk.

Áhugi er mikill meðal útflytjenda á að efla enn frekar viðskipti við Austurlönd fjær. Japan er nú þegar mjög mikilvægur markaður fyrir útflutningsvörur okkar. Ekki ber síður að gefa öðrum löndum í þessum heimshluta eins og Taívan gaum. Aukning á útflutningi þangað nam t.d. yfir 150% á sl. ári í krónum talið. Viðskiptafrelsi ríkja í Austur-Evrópu mun án efa hafa áhrif á utanríkisverslun okkar. Lögð verður áhersla að fylgjast sem best með breytingum, sem nú eru í mótun.

Vöruskiptajöfnuður á árinu 1989 var hagstæður um 7,7 milljarða króna, samanborið við 560 milljóna króna halla á árinu 1988. Heildarverðmæti vöruútflutnings nam 80,5 milljörðum króna, en vöruinnflutningur 72,8 milljörðum. Í þjónustuviðskiptum varð jöfnuður neikvæður um nálægt 12 milljarða króna á árinu 1989, ekki síst vegna kostnaðarsamra kaupa flugvéla og skipa í samgönguflota þjóðarinnar.

Þannig er áætlað að heildarviðskiptajöfnuður, sem tekur til vöru og þjónustu, hafi í árslok verið neikvæður um 4,1 milljarð króna eða u.þ.b. 1,4% af landsframleiðslu miðað við 3,7% árið 1987.

Útflutningur sjávarafurða dróst lítillega saman á árinu 1989 og útflutningur landbúnaðarvara stóð í stað milli ára. Talsverð aukning varð í útflutningi iðnaðarvara, sem aðallega stafar af mikilli framleiðslu áls og kísiljárns, en hlutur stóriðju framleiðslu hefur farið vaxandi undanfarin ár sem hlutfall af heildarútflutningi. Útflutningur til Evrópubandalagsins og Japan minnkaði lítillega á síðasta ári, en EFTA og Bandaríkin juku hlutdeild sína (kafli IX).

II Ástandið í Sovétríkjunum og ríkjum Mið- og Austur-Evrópu

(1) Sovétríkin

Mikilvægasti atburður síðasta árs í Sovétríkjunum var án efa kosningarnar til Þingmóts þjóðarfulltrúa og breyting Æðstaráðsins í eiginlegt löggjafarþing. Var þetta í fyrsta sinn frá byltingu sem leynilegar kosningar með mótframbjóðendum fóru fram í Sovétríkjunum. Enda þótt sá hængur hafi verið á, að þriðjungur þjóðarfulltrúanna hafi verið skipaður af Kommúnistaflokknum og öðrum samtökum á vegum hins opinbera, og að starfsemi annarra stjórnmálaflokka en Kommúnistaflokksins hafi verið og sé bönnuð og að stjórnvöld hafi víða sjálf ráðið vali frambjóðenda, markar þessi kosning veruleg tímamót. Æðstaráðið, sem er kosið af þingmótinu, kom tvisvar saman á árinu. Var Mikhail Gorbatsjov kjörinn forseti þess. Ráðið starfaði í marga mánuði samanborið við örfáa daga á árum áður þegar ákvarðanir flokksins voru samþykktar umræðu- og mótatkvæðalaust. Við skipun ríkisstjórnar Ryzhkofs, forsætisráðherra, hafnaði Æðstaráðið vali hans á nokkrum ráðherraefnum. Á árinu hafa mörg lög verið samþykkt, sem hafa fært landið í lýðræðisátt og í mörgum tilfellum hafnaði Æðstaráðið lagafrumvörpum ríkisstjórnar eða breytti þeim verulega.

Í desember sl. var stjórnarskránni enn breytt þannig að framvegis verða allir þjóðarfulltrúar kosnir í almennum kosningum.

Ljóst er að mikil valdatilfærsla hefur átt sér stað frá Kommúnistaflokki Sovétríkjanna yfir til Þingmóts þjóðarfulltrúa og Æðstaráðsins. Sjötta grein stjórnarskrárinnar sem kvað á um einveldi flokksins var felld niður í þessum mánuði og er ekki ólíklegt að starfsemi annarra flokka verði heimiluð áður en yfir lýkur.

Miklar breytingar hafa verið gerðar á starfsemi Kommúnistaflokksins á síðasta ári í samræmi við valddreifingarstefnu Mikhail Gorbatsjovs, aðalritara flokksins. Mikilvæg störf skrifstofu miðstjórnar flokksins hafa verið flutt til nefnda, sem þó hafa sumar hverjar komið örsjaldan saman. Í apríl sl. voru 110 félagar í miðstjórn flokksins látnir hætta. Gorbatsjov hefur einnig fækkað starfsliði miðstjórnar til þess að draga úr áhrifum flokksins á samsetningu stjórnmálaráðsins og Gorbatsjov hefur tekist að koma fleiri stuðningsmönnum sínum þar að.

Í stjórnarfarslegum umbótum hefur Gorbatsjov því náð verulegum árangri á sl. ári. Ekki er hægt að segja það sama um efnahagsmálin. Stjórnvöld hafa prófað sig áfram smátt og smátt. Ríkisfyrirtækin eiga að standa undir sér sjálf en verð á nánast öllu, eru áfram ákveðin af stjórnvöldum, oft ákaflega óraunhæft. Þetta skekkir lögmál efnahagslífsins. Endurskoðun verðlagningar í landinu hefur margoft verið frestað. Fjárlagahallinn hefur verið mjög mikill og peningaprentun töluverð, sem hefur átt sinn þátt í 10–20% verðbólgu. Þótt vera megi að framboð á neytendavörum hafi haldist svipað eða hafi ívið aukist virðist vöruskorturinn enn meiri en áður vegna meiri eftirspurnar.

Yfirvöld höfðu boðað afnám einokunar utanríkisviðskiptaráðuneytisins á utanríkisverslun og að fyrirtæki myndu sjálf fá að stunda inn- og útflutning. Slík fyrirtæki skipta nú hundruðum. Hinn 1. apríl var hins vegar gefin út reglugerð, þar sem nálægt 90% af utanríkisverlsun Sovétríkjanna var sett undir leyfisveitingar. Undir lok ársins var frjáls utanríkisverslun enn þrengd.

Samvinnufyrirtækjum hélt áfram að fjölga á sl. ári, þrátt fyrir að starfsemi þeirra hafi verið settar þrengri skorður og að stjórnvöld hafi í framkvæmd oft gert þeim erfitt fyrir. Almenningur virðist kenna þessum fyrirtækjum um hækkandi verðlag.

Stjórnvöld hafa í vaxandi mæli lýst yfir vilja til að leita samstarfs út fyrir landsteinana við framkvæmd ýmissa verkefna, m.a. til uppbyggingar atvinnulífs og nýrra útflutningsgreina.

Um er að ræða mörg hundruð slíkra samstarfsverkefna og sameignarfyrirtækja („joint-ventures"), sem þegar hefur verið efnt til, en flest þeirra hafa farið hægt af stað. Þessi leið er þó til þess fallin að ryðja fjármagni og tækni braut inn í sovéskt efnahagslíf og skapa þar með aukna fjölbreytni og hraða umbótum. Þetta er einn af þeim möguleikum sem iðnvædd ríki, sem eru fús til að koma til liðs við núverandi valdhafa í Sovétríkjunum hafa til jákvæðs stuðnings við umbótastarfið.

Síðastliðið sumar hófust verkföll í námahéruðum, sem neyddu stjórnvöld til að gefa fyrirheit um kostnaðarsamar kjarabætur, sem þeim mun hafa gengið illa að uppfylla. Verkföllin höfðu slæm áhrif á kolaframleiðsluna og hefði orkuskortur getað orðið alvarlegur og haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar, ef veturinn hefði verið harðari.

Framundan er ástand efnahagsmála heldur dökkt. Þótt stjórnvöld stefni að því að færast nær markaðskerfi, hafa þau ekki verið tilbúin til að taka nauðsynlegar ákvarðanir, sem myndu draga úr bágbornum lífskjörum fólksins. En þessum ákvörðunum verður þó ekki endalaust hægt að fresta. Ekkert er mikilvægara fyrir núverandi ráðamenn Sovétríkjanna og íbúana í heild en að efnahagsbati geri greinilega vart við sig á næstu mánuðum. Ella vofir yfir sú hætta að fólk fyllist meiri vantrú á stefnubreytingu Gorbatsjovs. Slíkt gæti, ef illa fer, leitt til vaxandi upplausnar.

Hinn gífurlegi efnahagsvandi í Sovétríkjunum hefur leitt til þess að aukin völd til handa Gorbatsjov hafa nýlega verið samþykkt af fulltrúaþingi Sovétríkjanna. Gorbatsjov getur nú sett neyðarlög og stjórnað með tilskipunum, en það hafa hann og stuðningsmenn hans talið nauðsynlegt til að fá umbætur í gegn.

Mengun er stórkostlegt vandamál í Sovétríkjunum og hefur lengi verið. Á sl. ári varð sú breyting, að fjallað var opinberlega um mengunarmál í mun ríkara mæli. Umtalsverður hluti íbúanna býr við hættulega mengun. Nokkur skref hafa verið stigin til þess að fást við vandann, en engin heildaráætlun er enn fyrir hendi.

Öll opinber umræða í Sovétríkjunum er mun opnari en áður. Á sl. ári hefur þessi þróun haldið áfram, en þó eru enn dæmi þess að stjórnvöld hafi gripið í taumanna hjá fjölmiðlum, komið í veg fyrir fréttaflutning og látið reka blaðamenn. Í nóvember sl. var Sergei Kuznetsov, ristjóri óopinbers tímarits, dæmdur í 3ja ára þrælkunarvinnu fyrir að ófrægja starfsmann innanríkislögreglunnar. Var hann látinn laus eftir að mörg ríki höfðu lýst áhyggjum sínum út af málinu.

Auk efnahagsvandans, sem áður var fjallað um, er stærsta vandmál Gorbatsjovs þjóðerniserjur, er gætt hefur á nokkrum stöðum í Sovétríkjunum að undanförnu. Erfiðust er deila Armena og Azera, m.a. út af Nagorno-Karabakh, en á þessum slóðum hefur ófriðarástand ríkt. Stjórnvöld í Moskvu drógu svo mjög við sig ákvörðun um að senda lið til að stilla til friðar í Azerbædsjan að þau sættu jafnvel ámæli fyrir innanlands, enda er öfgamönnum kennt um að óeirðirnar hafa dregist á langinn íbúunum til böls. Fjöldi manna hafa látist í átökunum milli Armena og Azerbædsjana og fleiri hundruð þúsundir hafa flúið. Mótmælin í Azerbædsjan beinast ekki aðeins gegn Armeníu heldur einnig Moskvu-stjórnvöldum. Brutust þau m.a. út í óeirðum við landamæri Íran út af takmörkunum á ferðafrelsi yfir landamærin. Þetta er einn þeirra landshluta, þar sem ætla má að kröfur um sjálfstæði haldi áfram að óma.

Mikill harmleikur varð í Tíflis í Grúsíu í apríl sl., þegar yfirvöld beittu eiturgasi gegn friðsömum mótmælendum, sem kröfðust frekari efnahags- og stjórnmálalegs sjálfstæðis fyrir lýðveldið. Jók þetta atvik á sjálfstæðiskröfur þar.

Í nóvember kom til fjöldamótmæla í Kisínev, höfuðborg Moldavíu, er tilheyrði að mestu Rúmeníu fyrir síðari heimsstyrjöld. Frelsishreyfing Moldavíu náði að stöðva skrúðgöngu á byltingardaginn 7. nóvember í mótmælaskyni við Moskvu-stjórnvöld. Fall einræðisstjórnarinnar í Rúmeníu hefur vakið áhuga Moldavíu á tengslum og jafnvel endursameiningu við Rúmeníu.

Í Úkraínu og Hvíta-Rússlandi hafa þjóðfrelsishreyfingar notið töluverðs stuðnings. Í janúar sl. tóku gildi lög um úkraínsku sem opinbert tungumál. Ráðgert er að lýðveldið fái efnahagslegt sjálfstæði um næstu áramót.

Í Asíulýðveldunum urðu mikil átök milli Úzbeka og Meskít Tyrkja. Einnig urðu þjóðernisátök í Kasakstan, Túrkmenistan, Tadjíkistan og Kirgísíu. Íbúar lýðveldanna eru flestir múhameðsstrúar. Mjög óvíst er hvernig þróunin þarna verður, en talið er að Moskvustjórnvöld hafi þungar áhyggjur af hugsanlegum áhrifum frá strangtrúarmönnum í nágrannalöndum, sérstaklega Íran.

Ljóst er að vandamál þau, sem Sovétríkin standa frammi fyrir, eru gífurleg. Unnið er að lausn þeirra, m.a. með nýrri lagasetningu, þar sem einstaklingum og samtökum er ætlað vaxandi hlutverk og réttindi.

Ný úrlausnarefni eru framundan og mörg þeirra vandasöm, en Austur-Evrópa mun héðan af ekki verða aftur söm og hún hefur verið í járngreipum sovéskra leppstjórna frá lokum síðari heimsstyrjaldar.

(2) Eystrasaltslönd

Á sl. ári færðust Eystrasaltslöndin stöðugt fjær Sovétríkjunum í sjálfstæðisátt og náði sú þróun hámarki með sjálfstæðisyfirlýsingu Litháen fyrr í þessum mánuði.

Í mars á sl. ári náðu frambjóðendur á vegum þjóðfrelsishreyfinga, sem myndaðar hafa verið í þessum lýðveldum, miklu fylgi í kosningum til Þingmóts þjóðarfulltrúa Sovétríkjanna, sem þá var kjörið í fyrsta sinn.

Æðsturáð Eystrasaltslandanna sýndu mun meira sjálfstæði en áður, jafnvel svo að farið þótti út fyrir gildandi stjórnarskrá Sovétríkjanna. Í maí samþykktu Æðsturáð Eistlands og Litháen áskoranir til Þingmóts þjóðarfulltrúa Sovétríkjanna um að lýsa ógildan griðasáttmála Þýskalands og Sovétríkjanna sem gerður var 1939, en leyniviðauki við hann var grundvöllur að innlimun þessara lýðvelda í Sovétríkin. Á 50 ára afmæli þessa samnings í ágúst sl. tókust um tvær milljónir íbúa Eystrasaltslanda í hendur og tengdu þannig saman höfuðborgir ríkjanna, Vilnius, Ríga og Tallinn. Tilgangurinn var að hvetja til ógildingar Molotov-Ribbentrop samningsins. Í nóvember samþykkti Æðstaráð Eistlands ályktun, sem lýsir inngöngu landsins í Sovétríkin árið 1940 hernaðarlega innlimun og segir hana ógilda frá upphafi. Í desember skilaði nefnd á vegum Þingmóts þjóðarfulltrúa Sovétríkjanna skýrslu sinni og lýsti Þingmótið viðaukann við griðasáttmálann ógildan frá upphafi.

Í ágúst voru samþykkt lög í Eistlandi, sem takmörkuðu kosningarrétt Rússa og annarra lýðveldanna. Æðstaráð Sovétríkjanna samþykkti síðan löggjöf um efnahagslegt sjálfstæði Eystrasaltslanda í byrjun desember. Þau tóku gildi nú í janúar.

Í ágúst voru samþykkt lög í Eistlandi, sem takmörkuðu kosningarétt Rússa og annarra aðfluttra manna í lýðveldinu við búsetu í tiltekinn tíma. Skömmu síðar lýsti forsætisráð Æðstaráðs Sovétríkjanna þessi lög andstæð sovésku stjórnarskránni.

Yfirlýst markmið þjóðfrelsishreyfinganna í Eystrasaltslöndum er sjálfstæði landanna frá Sovétríkjunum. Stuðningur við þær er augsýnilega mjög mikill. Í Litháen brást kommúnistaflokkurinn við með því að slíta í desember formlegu sambandi við Kommúnistaflokk Sovétríkjanna. Harðar deilur urðu innan flokksins um hvernig snúast bæri við þessari ráðstöfun. Var ákveðið að Mikhail Gorbatsjov, aðalritari flokksins, færi til Litháen í janúar sl. til að reyna sættir. Lagði hann sig þar mjög fram um að tala um fyrir landsmönnum, leiðtogum jafnt sem almúga, og sannfæra um að hag þeirra yrði betur borgið með einhvers konar áframhaldandi aðild að ríkjasambandinu. Það var áhrifaríkt tákn nýrra tíma að stórum hluta rökræðna þessara, sem ýmist fóru fram á fundum eða á götum úti, var sjónvarpað um leið og þær áttu sér stað.

Litháar voru ekki tilbúnir til að falla frá fyrri afstöðu og lýstu yfir sjálfstæði hinn 11. mars sl. Af því tilefni sendi Alþingi þeim árnaðaróskir. Ástæða er til að rifja upp, að þegar Litháen lýsti yfir sjálfstæði árið 1921 var það viðurkennt af Dönum, sem þá fóru með utanríkismál Íslands. Danir viðurkenndu ekki innlimun Litháen í Sovétríkin 1940 og líta svo á að viðurkenning þeirra á sjálfstæði landsins frá 1921 sé enn í fullu gildi. Óskandi er, að samningar takist um málið milli Litháen og Sovétríkjanna, sem báðir aðilar geta unað við.

Allt útlit er fyrir að lýðveldin þrjú muni halda áfram í átt til vaxandi sjálfstæðis. Jafnframt munu þau halda áfram að efla tengsl við önnur ríki, sérstaklega grannríki á Norðurlöndunum. Í nýlegri yfirlýsingu utanríkisráðherra Norðurlandanna kemur fram að Norðurlöndin eru reiðubúin til að auka samskipti við Eystrasaltsríkin, sérstaklega á menningar-, efnahags- og umhverfisverndarsviðinu.

(3) Búlgaría

Hinn 10. nóvember sl. féll Todor Zhivkov frá völdum í Búlgaríu eftir 35 ára stjórnarsetu. Petar Mladenov tók við af honum sem leiðtogi Kommúnistaflokksins og forseti landsins, en hann hafði verið utanríkisráðherra í 18 ár.

Aukin undirokun tyrkneska minnihlutans, sem er um 10% þjóðarinnar, leiddi til tíðra fjöldamótmæla frá því í maí á fyrra ári. Meira en 300.000 manns flúðu til Tyrklands yfir sumarmánuðina þar til Tyrkir lokuðu landamærunum að mestu. Slíkir þjóðflutningar höfðu slæmar afleiðingar fyrir efnahagslífið. Átti þessi „samlögunarstefna" gagnvart tyrkneska minnihlutanum eins og hún var kölluð eflaust þátt í falli Zhivkovs. Í byrjun þessa árs ákváðu stjórnvöld að afnema allt misrétti gagnvart tyrkneska minnihlutanum.

Þrátt fyrir mikla endurskipulagningu stjórnkerfisins í Búlgaríu undir lok valdatíma Zhivkovs, sem sögð var í anda hinnar sovésku „perestroiku", þótti árangurinn lítill. Á síðasta ári fjölgaði mikið óháðum hópum og samtökum. Í upphafi árs voru þessir hópar bældir niður af hörku, en breyting varð, þegar CSCE-fundurinn um umhverfismál var haldinn í Sofía í októbermánuði. Eftir valdaskiptin í nóvember tóku stjórnvöld meira tillit til skoðana andstöðuhópa og í janúar átti Kommúnistaflokkurinn samningaviðræður við stjórnarandstæðinga. Hinn 15. janúar var einokun Kommúnistaflokksins afnumin og eru lýðræðislegar kosningar ráðgerðar í maí nk.

Ástand efnahagsmála í Búlgaríu var lakara á liðnu ári en það var 1988. Einkum réðst það af miklum sveiflum, sem urðu í framleiðslu vegna brottflutnings tyrkneskumælandi íbúa landsins. Viðskiptahalli jókst á árinu af þessum sökum, þar sem minnkandi innanlandsframleiðsla leiddi til aukins innflutnings. Núverandi stjórnvöld segjast aðhyllast efnahagslegar umbætur í líkingu við þær, sem sovéskir ráðamenn eru sagðir aðhyllast.

(4) Pólland

Viðræður þær, sem pólska ríkisstjórnin og Kommúnistaflokkurinn áttu við Samstöðu sl. sumar – hinar svonefndu „hringborðsviðræður" – leiddu til almennra kosninga og yfirgnæfandi kosningasigurs Samstöðu. Jafnframt höfðu samstarfsflokkar Kommúnistaflokksins í ríkisstjórninni rofið samstarfið við Kommúnistaflokkinn og gengið til kosninga, sem sjálfstæðir stjórnmálaflokkar, þ.e. Bændaflokkurinn og Lýðræðislega bandalagið.

Árangurinn var myndun ríkisstjórnar 12. september undir forystu Tadeusz Mazowiecki. Var það fyrsta lýðræðislega ríkisstjórnin í aðildarríkjum Varsjárbandalagsins. Jafnframt varð samkomulag um, að Jaruselski hershöfðingi skyldi halda embætti sem forseti landsins.

Þessi friðsamlegu umskipti til lýðræðislegra stjórnarhátta urðu undanfari hruns kommúnismans í öðrum löndum Austur-Evrópu.

Í ríkisstjórn Mazowieckis eru 10 ráðherrar úr liði Samstöðu, 4 frá Kommúnistaflokknum, 4 frá Bændaflokknum og 3 frá Lýðræðisbandalaginu. Samstarf þessara flokka hefur gengið vonum framar. Hafa þeir staðið saman að erfiðum ráðstöfunum á sviði efnahagsmála, en efnahagur landsins er nánast í molum. Á tímabilinu 1988–89 fór framleiðsla minnkandi, en verðbólga jókst að sama skapi og er nú um 600% á ári. Mikill skortur er á matvælum og öðrum neysluvörum.

Ríkisstjórnin stefnir að því að koma á markaðskerfi í landinu, m.a. með sölu ríkisfyrirtækja í hendur einkaframtaksins, endurskoðun skattkerfisins og endurskipulagningu á bankakerfinu. Auk þess hafa niðurgreiðslur á matvælum að mestu verið afnumdar, og bændum ætlað að fá markaðsverð fyrir afurðir sínar.

Viðskiptajöfnuður við útlönd, sem áður var hagstæður, hefur farið versnandi undanfarna mánuði. Viðskiptin við Vesturlönd fara vaxandi, en minnkandi við COMECON-ríkin. Ríkisstjórnin hefur leitast við eftir megni að fullnægja skilyrðum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til að fá þaðan lán, sem nú hefur tekist. Auk þess hafa EB-ríkin og Norðurlönd lofað lánum og efnahagsaðstoð.

Fram hafa komið af Póllands hálfu ótvíræðar óskir um náin tengsl við EB, EFTA, OECD og Evrópuráðið og munu Pólverjar innan tíðar leggja fram formlega umsókn um aðild að Evrópuráðinu. Áhersla er einnig lögð á sem nánasta tvíhliða samvinnu við önnur Vesturlönd.

Forgangsverkefnin í utanríkismálefnum segja Pólverjar vera nýbreytni í samskiptum við Sovétríkin, opnari samskipti við Vestur-Evrópu og endurskoðun á öryggis- og varnarmálum Póllands. Stjórn Mazowieckis hefur auk þess lagt áherslu á að bæta sambandið við Vestur-Þýskaland. Kohl ríkiskanslari var boðinn í opinbera heimsókn til Póllands í desember, og við það tækifæri voru undirritaðir níu samningar um samskipti landanna á ýmsum sviðum.

(5) Rúmenía

Átakamestu stjórnarskiptin í Austur-Evrópu á sl. ári urðu í Rúmeníu, þegar landslýður reis upp skyndilega í desember sl. gegn harðstjórn Nicolae Ceaucescu. Blóðug átök og mikið mannfall leiddi af tilraunum öryggissveita hans til þess að halda einræðisherranum í sessi, en her landsins snerist til liðs við þjóðina. Hörmungarnar enduðu með aftöku Ceaucescus og eiginkonu hans, Elenu. Þegar einræðisstjórnin féll 22. desember hafði Rúmenía einangrast stöðugt meira frá umheiminum, bæði frá vestrænum ríkjum og ríkjum Austur-Evrópu, vegna síaukinna mannréttindabrota og viljaleysis til að fylgja umbótum í nágrannaríkjunum.

Samskipti Rúmeníu við aðrar þjóðir fóru illa af stað í upphafi síðasta árs, þegar rúmenska sendinefndin neitaði að samþykkja mannréttindaákvæði lokasamþykktar CSCE-ráðstefnunnar í Vín. Svipað endurtók sig á þremur öðrum ráðstefnum á vegum CSCE, upplýsingaráðstefnu í London í maí, mannréttindaráðstefnu í París í júní og umhverfismálaráðstefnu í Sofía í nóvember.

Í apríl hætti Evrópubandalagið samningaviðræðum við Rúmeníu um endurnýjun á efnahagssamningi. Samskipti við nágrannaríkið Ungverjaland versnuðu jafnt og þétt yfir árið einkum vegna ofsókna á hendur ungverska minnihlutanum í Rúmeníu. Tæplega 30.000 manns flúðu til Ungverjalands. Sambandið við Pólland versnaði verulega eftir að Ceaucescu reyndi að fá Varsjárbandalagið til íhlutunar þar eftir valdatöku Tadeusz Mazowieski sem forsætisráðherra. Sambandið við Sovétríkin var þegar orðið slæmt sl. haust vegna andstöðu Mikhail Gorbatsjovs. Ekki bætti úr, þegar hann hótaði á flokksráðstefnu í nóvember að endurvekja deilur um stöðu Bessarabíu, sem Sovétmenn tóku af Rúmenum í síðari heimsstyrkjöld, einkum í ljósi óeirðanna þar.

Eftir fall Ceaucescu tók þjóðfrelsishreyfing Rúmeníu við stjórn landsins. Stjórnarandstöðuhópar höfðu varla verið til. Ion Iliescu varð leiðtogi þjóðfrelsishreyfingarinnar og forseti landsins, en Petre Roman varð forsætisráðherra. Hreyfing þessi lýsti því yfir í upphafi að hún

myndi leiða landið tillýðræðislegra kosninga, án þess að bjóða fram sem stjórnmálaflokkur. Þetta breyttist í janúar og mætti kröftugum mótmælum innan og utan ríkisstjórnarinnar. Kosningar eru ráðgerðar 20. maí nk.

Efnahagur Rúmena stendur mjög illa þrátt fyrir það að Ceaucescu hafi greitt upp allar erlendar skuldir landsins í ágúst sl. Kornuppskeran á sl. ári reyndist hafa verið um 17.000 tonn, en Ceaucescu hafði tilkynnt metuppskeru upp á 60.000 tonn. Erfitt verður fyrir hin nýju stjórnvöld að bæta kjör í landinu í bráð, en lífskjör eru talin verst þar í Austur-Evrópu.

(6) Tékkóslóvakía

Allt fram í nóvember 1989 virtist Tékkóslóvakía fullkomlega lúta valdi einnar harðskeyttustu kommúnistastjórnar Austur-Evrópu, stjórnar, sem var staðráðin í því, að halda óbreyttu ástandi í trássi við þróunina í Sovétríkjunum og víðar í Mið- og Austur-Evrópu. Stjórnarandstaðan, sem einkum var skipuð menntamönnum, virtist máttlítil og studdist ekki við fjöldahreyfingu á borð við Samstöðu í Póllandi.

Á þremur vikum, frá 17. nóvember til 10. desember, gjörbreyttist ástandið í landinu, þannig að í dag stendur Tékkóslóvakía í fylkingarbrjósti þeirra ríkja í Mið- og Austur-Evrópu, sem þróa vilja nýtt þjóðfélags-, stjórn- og efnahagskerfi. Má segja að umskiptin hafi hvergi verið jafn óvænt, alger og hröð. Enn athyglisverðara er þetta þegar haft er í huga, að hvergi utan Sovétríkjanna stóð veldi kommúnistaflokksins jafn djúpum og traustum rótum.

Um þessar mundir er flokknum spáð einungis milli 10 og 20% fylgi. Mótmælaaldan, sem batt enda á 41 árs valdaeinokun kommúnistaflokksins hófst 17. nóvember, þegar lögreglan í Prag réðist með ofbeldi á göngu stúdenta í borginni, sem farin var til minningar um að 50 ár væru liðin frá því að nasistar höfðu lokað æðri menntastofnunum Tékka.

Í byrjun desember afnam tékkneska þingið ákvæði um forystuhlutverk Kommúnistaflokksins. Tíunda þess mánaðar gáfust harðlínumenn endanlega upp og við völdum tók samsteypustjórn skipuð 21 ráðherra undir forystu Marian Calfa, sem lítið hafði borið á fram að þeim tíma. Kommúnistaflokkurinn fékk 10 ráðherra. Fjórir ráðherrar eru úr röðum gömlu „leppflokkanna", 2 frá Sósíalistaflokknum og 2 frá Þjóðarflokknum, en 7 eru útnefndir af Borgararáðinu (Civil Forum). Sama dag og stjórnin tók við sagði Gustav Husak af sér sem forseti, en hann var í augum stjórnarandstæðinga eitt helsta tákn alræðisins.

Ekki þarf því að velkjast í vafa um að á næstunni verður stefnt að róttækum breytingum á efnahagskerfi landsins, enda eitt höfuðmarkmið stjórnarinnar að endurskipuleggja efnahagslífið. Erlendar skuldir Tékkóslóvakíu eru tiltölulega lágar og Tékkar virðast reiðubúnir að axla þungar byrðar vegna aðhaldsaðgerða stjórnvalda. Hefur stjórnin lagt á það áherslu, að Tékkóslóvakía verði að endurheimta sína hefðubundnu stöðu sem ríki í Evrópu miðri, ekki einungis landfræðilega, heldur einnig stjórnmálalega, menningarlega og efnahagslega. Höfuðverkefni stjórnarinnar verður þó að efna til fyrstu frjálsu kosninganna í landinu í meira en fjóra áratugi, en þær munu fara fram í júní nk.

Mjög róttækar breytingar hafa orðið á utanríkisstefnu Tékkóslóvakíu undir forystu Dienstbier utanríkisráðherra, eins af meðlimum Charta 77 og langvarandi fastagests alræðislögreglunnar. Dienstbier leggur á það áherslu, að framtíðarskipan Evrópu verði að grundvallast á lýðræði og fjölræði. Tékkóslóvakía mun beita sér fyrir sameiginlegu öryggiskerfi allra Evrópuríkja og er í því sambandi sérstaklega vísað til Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu. Landið mun þó ekki einhliða segja sig úr Varsjárbandalaginu. Hinsvegar eru þegar hafnar samningaviðræður við Sovétmenn um brottflutning sovéska hersins frá Tékkóslóvakíu. Hefur Dienstbier bent á, að Sovétmenn hafi þegar fordæmt innrásina í Tékkóslóvakíu 1968 og sé því ekkert þessu lengur til fyrirstöðu.

Lokaþáttur „mjúku byltingarinnar" í Tékkóslóvakíu var kosning rithöfundarins Václav Havel í embætti forseta landsins 29. desember 1989. Havel, sem um margra ára skeið hafði

gagnrýnt harðstjórnina og fengið að gista fangelsi hennar, var höfuðsamningamaður Borgararáðsins og hafði í hugum alþýðu orðið eins konar persónugervingur andstöðunnar, líkt og Husak var persónugervingur harðstjórnarinnar á undan. Daginn áður hafði Alexander Dubcek tekið við sem forseti þingsins.

(7) Ungverjaland

Miklar breytingar urðu í Ungverjalandi á sl. ári, sem færðu landið nær lýðræðislegum stjórnarháttum. Landið hefur um árabil verið talið frjálslyndast Austur-Evrópuríkja í efnahagsmálum og lengst þeirra komið í mannréttindamálum. Atburði síðasta árs má að sumu leyti rekja til örvandi áhrifa umbótastefnu Mikhails S. Gorbatsjovs í Sovétríkjunum, enda er hún í ætt við stefnu Ungverja, og svo til valdamissis Janosar Kadars sumarið 1988, eftir 32 ár við stjórn, þ.e. allt frá uppreisninni í landinu 1956.

Í upphafi síðasta árs þreifuðu Ungverjar fyrir sér um aðild að EFTA, sem hugsanlegs skrefs í áttina til Evrópubandalagsins. Einnig hafa Ungverjar formlega sótt um aðild að Evrópuráðinu.

Hinn íhaldsami Karoly Grosz, aðalritari Sósíalistaflokks verkamanna Ungverjalands, sem tók við að Kadar, varð að víkja í júní. Á flokksráðstefnu í október ákvað meirihluti flokksmanna að leggja flokkinn niður í þáverandi mynd og endurnefna hann Sósíalistaflokk Ungverjalands. Gamli flokkurinn var þó endurreistur nokkrum vikum síðar og gætti þar áhrifa Grosz. Báðir flokkarnir keppa því nú um fylgi.

Áðurnefnd flokksráðstefna Sósíalistaflokks verkamanna Ungverjalands samþykkti að binda enda á einræði flokksins. Seinna í október samþykkti löggjafarþingið breytingar á stjórnarskrá landsins. Voru þá frjálsar kosningar leyfðar í fyrsta sinn í kommúnistaríki. Kosningarnar eiga að fara fram 25. mars nk. Þingið breytti einnig heiti landsins úr „Alþýðulýðveldið Ungverjaland“ í „Lýðveldið Ungverjaland“. Sextíu þúsund manna lið „verkalýðslögreglunnar“, sem var stofnsett eftir uppreisnina 1956 til að tryggja völd kommúnista, var leyst upp.

Í sama mánuði stofnsetti þingið nýtt embætti þjóðforseta sem skyldi kosið til í almennri kosningu í janúar. Einum stjórnmálaflokki tókst að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu um þessa ákvörðun, og varð niðurstaðan sú, að þjóðþingið skyldi kjósa forsetann að kosningum loknum. Varð þetta áfall fyrir Sósíalistaflokkinn, sem hafði búist við sigri síns frambjóðanda, Imre Pozsgay, ef kosningin færi fram áður en aðrir næðu að fylkja liði.

Ungverjar innleiddu ferðafrelsi fyrir ríkisborgara sína í janúar 1988. Í ágúst sl. leyfðu þeir ríkisborgunum annarra Austur-Evrópuríkja – fyrst og fremst Þýska alþýðulýðveldisins – að fara til Vesturlanda yfir landamæri sín. Leiddi þetta til hins gífurlega mannflótta, sem átti þátt í falli Erich Honeckers, og að lokum hruns járntjaldsins.

Enn um sinn segja valdhafar þó, að Ungverjaland verði í Varsjárbandalaginu. Hins vegar hefur varnarmálaráðuneytið kynnt ýmsar tillögur um breytingar á ungverska hernum. Varnarmálaráðuneytið hefur einnig skýrt frá því, að viðræður hafi verið hafnar við sovésk hermálayfirvöld um brottför sovéskra hermanna, sem nú eru staðsettir í Ungverjalandi. Ungverskir stjórnarerindrekar segja, að náist CFE samkomulag í Vín á þessu ári muni allar sovéskar hersveitir fara frá Ungverjalandi fyrir árslok.

Efnahagsmál landsins standa erfiðlega. Erlendar skuldir voru um 14 milljarðar Bandaríkjadala um sl. áramót og fara vaxandi. Ungverjar ákváðu þegar árið 1968 að hverfa í grundvallaratriðum frá miðstýrðu hagkerfi, en breytingarnar standa enn yfir. Meginviðfangsefni nýrrar ríkisstjórnar að kosningum loknum verður að fást við efnahagsvandann, sem er ólíklegt að verði leystur án róttækra aðhaldsaðgerða og fjárstuðnings erlendis frá.

Utanríkisráðherra fór í opinbera heimsókn til Ungverjalands 31. október – 1. nóvember sl. og átti gagnlegar viðræður við ungverska ráðamenn.

(8) Þýska alþýðulýðveldið

Atburðirnir í Þýska alþýðulýðveldinu á sl. ári marka að mörgu leyti straumhvörf í Evrópusögu eftirstríðsáranna: Hinn mikli landflótti undan harðstjórn Erich Honeckers, óumflýjanleg afsögn hans í október eftir átján ára valdasetu, fall Berlínarmúrsins í nóvember og afnám einræðis Kommúnistaflokksins í desember. Engan óraði fyrir því í upphafi síðasta árs, að atburðarásin gæti orðið svo hröð.

Fyrri helmingur ársins í fyrra gaf ekki tilefni til mikillar bjartsýni í Þýska alþýðulýðveldinu. Stjórnvöld þar virtust staðráðin í því að hafna þeim breytingum sem höfðu verið að ryðja sér til rúms í Sovétríkjunum.

Upphaf þeirrar þróunar, sem leiddi til falls kommúnista, má rekja til atburða í grannríkinu Ungverjalandi, þegar stjórnvöld þar ákváðu í maímánuði að opna landamæri sín. Austur-Þjóðverjar notfærðu sér þetta, byrjuðu að flýja harðstjórn Honeckers í ágústmánuði til Ungverjalands, þaðan til Austurríkis og loks til Sambandslýðveldisins Þýskalands. Stærsti hlutinn var ungt faglært fólk, sem sumt flúði einnig í gegnum Pólland og Tékkóslóvakíu. Þessi fjöldaflótti sannaði öllum, að 40 ára sósíalismi í Þýska alþýðulýðveldinu, sem er talinn hafa fært íbúum þess bestu lífskjörin í sósíalistaríkjunum, hafði engu að síður gersamlega brugðist vonum fólksins í landinu.

Fjöldamótmæli mögnuðust þar með sumrinu. Hinn 9. október, stuttu eftir komu Mikhails Gorbatsjovs til Berlínar vegna 40 ára afmælis ríkisins, tóku um 70.000 manns þátt í mótmælaaðgerðum gegn stjórnvöldum í Leipzig. Hinn 18. október neyddist Honecker til að segja af sér öllum embættum, en Egon Krenz tók við af honum sem flokksformaður hins svonefnda Einingaflokks sósíalista. Hinn 9. nóvember sá hann sig knúinn til að opna landamærin yfir til þýska Sambandslýðveldisins. Þar með féll illræmdasta tákn kalda stríðsins. Um það leyti höfðu nálægt 120.000 manns flúið landið.

Á þessum umrótstíma mynduðust ýmsir stjórnarandstöðuhópar og eldri stjórnmálaflokkar hættu samstarfi við Einingaflokk sósíalista. Stjórnvöld samþykktu að eiga viðræður við þessa hópa í lok nóvember og hinn 1. desember afnam þingið einræði Kommúnistaflokksins.

Landið á við gífurlega efnahagsörðugleika að stríða. Mikið skarð hefur myndast í raðir þjálfaðs vinnuafls svo að skortur er á því í ýmsum greinum. Opnun landamæranna hefur ekki náð að koma kyrrð á fólksflutninginn úr landi yfir til Sambandslýðveldisins. Talið er að allt að 600.000 Austur-Þjóðverjar hafi komið vestur yfir á árinu 1989 og telja Vestur-Þjóðverjar að um hálf milljón manna muni bætast í hópinn á árinu, sem er að líða. Fyrirsjánlegt er að afleiðingarnar verða geigvænlegar fyrir austur-þýskt efnahagslíf.

Spurningin um sameiningu þýsku ríkjanna kom fljótlega upp eftir að landamæri voru opnuð. Þegar í nóvember lagði kanslari Vestur-Þýskalands, Helmut Kohl fram áætlun í tíu liðum, sem gerði ráð fyrir hægfara þróun ríkjanna í átt til sameiningar. Atburðarrásin hefur þó verið öll önnur og flest bendir til að sameining ríkjanna verði að veruleika á mun skemmri tíma. Margir samverkandi þættir hafa valdið þessum umskiptum. Meðal þeirra, sem mestu máli skipta eru hinn mikli fólksflótti, sem og gífurlegur efnahagsvandi Austur-Þýskalands.

Greinilegt er að mikill meirihluti þýsku þjóðarinnar beggja vegna landamæranna er hlynntur sameiningu ríkjanna. Nú þegar fjölflokkakerfi hefur verið komið á í Austur-Þýskalandi og lýðræðislega kjörin ríkisstjórn tekur við völdum, fer væntanlega í hönd sá tími að teknar verði ákvarðanir, sem lúta að því, hvernig að sameiningu verði staðið. Gjaldmiðilssamband er nú þegar í farvatninu og miðað er að því og taka upp notkun vestur-þýska marksins í austurhluta landsins.

(9) Júgóslavía

Í þeim tveimur ríkjum Austur-Evrópu, sem eru utan Varsjárbandalagsins, Júgóslavíu og Albaníu, hafa ástand og horfur farið versnandi.

Röskum áratug eftir fráfall Títós er Júgóslavía enn án leiðtoga, sem getur leyst vanda landsins, átök milli þjóðarbrota og bágborinn efnahag. Stjórnvöld í lýðveldunum sem og á sjálfstjórnarsvæðunum tveimur, sem mynda Júgóslavíu, hafa reynst fastheldin og úrræðalítil. Tilraunir til að koma á aukinni miðstýringu í efnahagsmálum hafa strandað vegna ágreinings milli stærsta lýðveldisins, Serbíu, og Slóveníu, sem er best statt efnahagslega af öllum lýðveldunum. Júgóslavar sjálfir binda miklar vonir við þá ákvörðun nýafstaðins flokkþings að binda endi á einveldi kommúnistaflokksins og leyfa starfsemi stjórnmálaflokka.

(10) Albanía

Albanía er með öllu ósnortin af þeirri umbyltingu, sem átt hefur sér stað í öðrum kommúnistaríkjum álfunnar og leiðtogi landsins, Ramiz Alia, hefur heitið því að berjast af öllum kröftum gegn þeim öflum, sem á árinu 1989 steyptu kommúnistastjórnum af valdastóli í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Talið er ólíklegt að stjórnskipun og stjórnarfar í Albaníu breytist, nema á undan fari atburðir í líkingu við þá, sem áttu sér stað í Rúmeníu undir lok liðins árs.

III Samskipti austurs og vesturs

Í umræðum um alþjóðamál hefur tvískiptingin austur-vestur löngum verið ráðandi. Í viðræðum um takmörkun vígbúnaðar og afvopnun er vart við öðru að búast en „austur-vestur" muni halda merkingu sinni um sinn. Þróunin innan Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu (CSCE) bendir þó ótvírætt til, að tvískipting Evrópu muni von bráðar heyra sögunni til.

(1) Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu

Frá lokum Vínarfundarins í byrjun sl. árs, sem var þriðji framhaldsfundur Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu, hafa verið haldnir þrír sérfræðingafundir um framkvæmd ákvæða Helsinki-samþykktarinnar og framhaldsfunda hennar, auk efnahagsþingsins, sem nú stendur yfir í Bonn.

Tveir aðrir sérfræðingafundir CSCE eru fyrirhugaðir á þessu ári: annar fundur um mannlegan þátt CSCE, sem haldinn verður í Kaupmannahöfn 5.–29. júní nk., og fundur um Miðjarðarhafsmálefni, sem haldinn verður í Palma de Mallorca 24. september – 19. október nk. (sjá fylgiskjal 1).

(1.1) Upplýsingaþing í London 18. apríl – 12. maí 1989

Ekkert lokaskjal var samþykkt á þinginu, enda hafði ekki verið við því búist fyrirfram, m.a. þar sem svo skammt var liðið frá lokum Vínarfundarins, sem ályktaði allítarlega um upplýsingamálin.

Það merkasta við þennan fund var sú nýbreytni á CSCE fundum, að fulltrúar fjölmiðla frá mörgum þátttökuríkjum tóku þátt í þinginu. Um 70 tillögur, sem lagðar voru fram á upplýsingaþinginu, verða ræddar og afgreiddar á næsta framhaldsfundi CSCE, sem fjalla mun í heild um framkvæmd Helsinki-samþykktarinnar, en hann verður eins og kunnugt er haldinn árið 1992 í Helsinki.

(1.2) Fundur um mannlegan þátt CSCE í París 30. maí – 23. júní 1989

Engin endanleg samþykkt var gerð, en þrír efnisþættir einkenndu umræðuna að mestu: gagnrýni á einstök ríki, gagnrýni á samskiptafyrirkomulag CSCE og mannréttindalöggjöf einstakra ríkja.

Stjórnvöld í Rúmeníu voru fordæmd fyrir stefnuna í mannréttindamálum, en rúmensk yfirvöld hafa hvorki framkvæmt ákvæði Helsinki-samkomulagsins né Vínarfundar CSCE um mannréttindi. Hvössust var ádeila Ungverja vegna ofsókna á hendur ungverska minnihlutanum. Jafnvel Sovétmenn tóku undir gagnrýni á hendur Rúmeníu. Deilur Búlgara og Tyrkja settu og mikinn svip á fundinn og gagnrýndu Tyrkir Búlgara harðlega fyrir mannréttindabrot gagnvart tyrkneska minnihlutanum í Búlgaríu.

Reynslan af samskiptafyrirkomulaginu, sem Vínarfundurinn samþykkti í janúar 1989, ber vott um ófullkomna framkvæmd og lítið hefur á fyrirkomulagið reynt. Nokkrar vonir eru þó við það bundnar og var í París bent á hugsanlegar leiðir til að bæta fyrirkomulagið í framkvæmd.

Á Parísarfundinum vörðu ríki Austur-Evrópu verulegum tíma í kynningu á fyrirhuguðum endurbótum á mannréttindalöggjöf þeirra vegna skuldbindinga Vínarsamkomulagsins. Einkum hafa Sovétmenn gefið gaum að kynningu á fyrirhuguðum bótum á mannréttindalöggjöf Sovétríkjanna.

(1.3) Ráðstefna um umhverfisvernd í Sofía 16. október – 3. nóvember 1989

Af Íslands hálfu var því fagnað að ráðstefna innan CSCE, sem eingöngu væri helguð umhverfisvernd, skyldi hafa verið kölluð saman. Viðleitni þjóða til að vernda umhverfið má að nokkru leyti líkja við vernd mannréttinda á alþjóðavettvangi. Þegar til lengdar lætur, er ólíklegt að atriði, er varða umhverfisvernd, verði meðal þeirra mála, sem einstök ríki hafa algerlega óskorað vald yfir, en mannréttindi og umhverfisvernd tengjast á ýmsan hátt.

Þótt ekki næðist samkomulag um lokaskjal vegna andstöðu Rúmeníu, markaði fundurinn í Sofía tímamót, þar sem þetta var fyrsti fundur CSCE ríkjanna 35, sem fjallaði eingöngu um umhverfisvernd, en á fundinum i Sofía komu allmargir einstaklingar frá Austur-Evrópuríkjunum, og settu svip sinn á fundinn. Þótt ekki hafi náðst samkomulag um lokaskjal verða gögn og tillögur, sem lagðar voru fram í Sofía, til frekari afgreiðslu á framhaldsfundi CSCE í Helsinki 1992.

(2) Afvopnun og takmörkun vígbúnaðar

(2.1) Hefðbundin vopn og traustvekjandi aðgerðir

Í lokaskjali þriðja framhaldsfundar Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu (CSCE), sem haldinn var í Vín og um var fjallað í síðustu skýrslum, er að finna ákvarðanir um erindisbréf fyrir tvennar samningaviðræður þar í borg um hefðbundinn vígbúnað í álfunni. Annars vegar er um að ræða viðræður þrjátíu og fimm ríkja CSCE um traustvekjandi aðgerðir á hernaðarsviðinu (CSBM). Hins vegar ræða fulltrúar þeirra tuttugu og þriggja ríkja, sem eru í Atlantshafsbandalaginu og Varsjárbandalaginu, um niðurskurð og jafnvægi hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu, frá Atlantshafi til Úralfjalla (CFE). Viðræður þessar fara fram á sama tíma. Flest ríkin hafa annaðhvort tvær aðskildar sendinefndir eða skýrt afmarkaða verkaskiptingu sérhæfðra manna, sem hafa umboð til starfa í öðrum hvorum viðræðnanna.

Sex ríki (Ísland, Malta, Kýpur, Mónakó, Páfaríkið og San Marino) hafa aðeins einn fulltrúa, en Ísland eitt þessara ríkja tekur þátt í báðum viðræðunum.

Á árinu 1989 voru haldnar fjórar lotur, í samtals tæpar þrjátíu vikur hver, en önnur lotan á þessu ári er nýlega hafin.

(2.1.1) Fundur þrjátíu og fimm ríkja CSCE um traustvekjandi aðgerðir á hernaðarsviðinu

Þessi fundur hefur stundum verið nefndur „Stokkhólmur tvö“, enda er hann haldinn í kjölfar Stokkhólmsráðstefnunnar, sem lauk í september 1986. Þar var samþykkt skjal, sem mjög jók við það, sem sagði um traustvekjandi aðgerðir á hernaðarsviðinu í lokasamþykktinni frá Helsinki 1975.

Hugmyndin að baki traustvekjandi aðgerðum á hernaðarsviðinu er í grundvallaratriðum sú, að með gagnkvæmum upplýsingum um hermál, sem allir geti reitt sig á, megi draga úr tortryggni. Helsta nýjung Stokkhólmsskjalsins var á sviði eftirlits. Getur sérhvert þátttökuríki krafist þess að fá að senda eftirlitsmenn þegar í stað til að ganga úr skugga um að ekki sé verið að brjóta samkomulag, t.d. um hámarksfjölda í heræfingum o.fl.

Vert er að taka fram, að þótt viðræður þrjátíu og fimm ríkja um traustvekjandi aðgerðir taki fyrst og fremst til landherja, eru einnig ákvæði um tilkynningaskyldu vegna landgönguæfinga í Stokkhólmsskjalinu. Jafnframt var þar kveðið á um traustvekjandi aðgerðir á aðliggjandi hafsvæðum, því samþykkt var, að flotaæfingar, sem tengjast heræfingum í Evrópu og snerta öryggi álfunnar, skuli tilkynntar. Traustvekjandi aðgerðir vegna sjálfstæðra flotaæfinga á aðliggjandi hafsvæðum eru hinsvegar utan ramma CSBM-viðræðnanna og yrði að breyta erindisbréfi næstu viðræðna, á fjórða framhaldsfundi CSCE í Helsinki, ef taka ætti þær inn í „Stokkhólm þrjú“. Á því ríkir mikill áhugi af Íslands hálfu.

Aðildarríki Atlantshafsbandalagsins vinna ötullega að því að styrkja þessar viðræður 35 ríkjanna og koma þar að efnisatriðum og fleiri málaflokkum, sem semja mætti um á næstunni, fyrir væntanlegan CSCE toppfund fyrir lok þessa árs. Hafa þau t.d. nýlega flutt tillögur um upplýsingaskipti um raunveruleg hernaðarútgjöld og reglubundna sérfræðingafundi til að fylgjast með CSBM í framkvæmd.

CSBM-fundurinn i Vínarborg hefur allt sl. ár verið í skugga viðræðna, þeirra tuttugu og þriggja ríkja (CFE), sem aðild eiga að Atlantshafsbandalaginu og Varsjárbandalaginu. Það er m.a. vegna þess, að niðurskurður vopna er ekki, og hefur aldrei verið, tilgangur funda um traustvekjandi aðgerðir á hernaðarsviðinu. Einnig er það vegna þess, að CSBM-fundurinn í Vín er hlekkur í keðju, sem fyrst varð til fyrir 15 árum og lýkur ekki í Vín, frekar en í Stokkhólmi.

Samkomulag liggur nú fyrir í Vín um ýmsa þætti reglubundinna og ítarlegri upplýsingaskipta, er varða heræfingar, um nokkur ný sannprófunaratriði og um samskiptatækni. Mikið starf er þó óunnið.

Ein merkasta nýjung CSBM-fundarins í Vín hingað til er vafalaust þriggja vikna málþing um hernaðarkenningar, sem haldið var 16. janúar til 5. febrúar sl. í Vín. Þar ræddu æðstu yfirmenn herja CSCE-ríkjanna um hernaðarstefnu landa sinna, útgjöld til hermála, heræfingar o.fl. Málþingið, hið fyrsta í sögunni, tókst mjög vel. Má segja, að þar hafi verið á ferðinni mikilvæg traustvekjandi aðgerð, ekki síst er herforingjar ríkja Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins gátu í fyrsta sinn hist óformlega með þessum hætti utan fundanna og spjallað saman. Slíkt hefði verið óhugsandi fyrir aðeins nokkrum misserum.

(2.1.2) Viðræður tuttugu og þriggja ríkja bandalaganna tveggja um jafnvægi og niðurskurð hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu

Mikill og almennur pólitískur vilji er fyrir því innan bandalaganna beggja, að ljúka fyrsta samningi um niðurskurð hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu á þessu ári og undirrita hann á leiðtogafundi CSCE-ríkjanna þrjátíu og fimm seinna á árinu. Jafnframt fjölgar þeim ráðamönnum, sem vilja þegar að loknum fyrsta samningi hefja viðræður um þann næsta, annan CFE. Hafa sumir nefnt hið nýja upprennandi tímabil „afvopnunarkapphlaupið".

Í erindisbréfi CFE-viðræðnanna er skýrt tekið fram, að þar eigi ekki að fjalla um kjarnavopn, sjóheri eða efnavopn. Þar á að semja um niðurskurð hefðbundins vígbúnaðar land- og flugherja í Evrópu. Í því sambandi hefur í megindráttum náðst samkomulag um mikinn niðurskurð vígbúnaðar, sem einkum mætti nota til skyndiárása í Evrópu: skriðdreka, brynvarin farartæki til liðsflutninga, stórskotaliðsbyssur, orrustuþyrlur og þotur. Auk þess er fjallað um földa hermanna.

Til marks um það, hversu seint þetta viðamikla og flókna verk vinnst, má nefna að aðeins hefur náðst samkomulag um skilgreiningu einnar tegundar vígbúnaðar, sem skera á niður, þ.e. stórskotaliðsbyssur. Þannig er ekki nóg að ná samkomulagi um hámarksfjölda ákveðinna vopna. Skilgreina verður þau nákvæmlega. Hvað er t.d. skriðdreki? Hversu mörg tonn þarf svonefndur „léttur" skriðdreki að vega til að teljast með í samkomulagi um niðurskurð? Hver er munurinn á orrustuþyrlu og venjulegri þyrlu? Svo mætti lengi telja. Allar skilgreiningar verða að vera hárnákvæmar svo ekki sé hægt að fara í kringum samninga síðar. Sannprófunaratriði eru og lykilatriði. Einnig eru vopnabirgðir sérstakt vandmál og ýmislegt fleira, t.d. svæðaskipting, fjöldi hermanna og skilgreining á orrustuþotum. Drög beggja bandalaganna að samningi liggja hins vegar fyrir og ber ekki mikið á milli í þeim, enda hafa ríki Varsjárbandalagsins fallist á það sjónarmið Atlantshafsbandalagsríkjanna, að sá, sem meira hefur, þurfi að skera meira niður til að jafnvægi náist.

Vonir standa nú til að CFE-samningur verði tilbúinn til undirskriftar á CSCE þjóðarleiðtogafundi á hausti komanda, í öllu falli fyrir árslok, eins og ákveðið var á Ottawafundi utanríkisráðherranna 23ja fyrir skemmstu, enda varð þar almennt samkomulag um að fylgja

eftir frumkvæði Bandaríkjaforseta um niðurskurð herliðs risaveldanna, sem staðsett er í níu ríkjum á miðju meginlandinu. Samkomulagið felur í sér að Bandaríkin og Sovétríkin fái að hafa í mesta lagi 195.000 manna herlið á svæðinu hvort ríki um sig, en í Evrópu fái Bandaríkin að hafa 30.000 manna herlið utan miðsvæðisins. Unnið er af miklum krafti að skilgreiningu á stórskotaliðsbyssum, skriðdrekum, brynvörðum farartækjum, herflugvélum og orrustuþyrlum, hergagnageymslum og svæðaskiptingu og hafa NATO-ríkin lagt fram ítarlegar tillögur í þeim efnum og einnig um leyfilegan hámarksfjölda þessara tegunda vígbúnaðar. Sannprófunarmálin, þ.e. eftirlit með framkvæmd samningsins, eru aftur á móti skemmra á veg komin og hefur lítið miðað í átt til samkomulags um staðbundnar raunkannanir til að ganga úr skugga um, að samningsákvæðum verði fullkomlega fylgt.

(2.2) Langdræg kjarnavopn og geimvarnir

Þrettándu lotu samningaviðræðna Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um langdræg kjarnavopn (START) og geimvarnir (DST) lauk nýlega í Genf. Náðst hefur verulegur árangur í viðræðum ríkjanna um langdræg kjarnavopn og er stefnt að undirritun samkomulags ríkjanna um það efni á þessu ári eða snemma á næsta ári. Samkomulagið myndi hafa í för með sér allt að helmings fækkun ákveðinna tegunda langdrægra kjarnavopna risaveldanna.

Reglubundin samskipti Bandaríkjanna og Sovétmanna á æðstu stigum hafa orðið til þess að skriður er kominn á viðræðurnar. Í kjölfar Wyoming-fundar utanríkisráðherranna í september sl., leiðtogafundarins á Möltu í desember sl. og fundar utanríkisráðherranna í Moskvu í febrúar sl. er nú útlit fyrir að samkomulag náist um veigamikil atriði fyrir leiðtogafundinn í júní nk.

Að frumkvæði Bandaríkjaforseta hefur mikil áhersla verið lögð á að flýta samningum um raunkönnun og eftirlit með þeim árangri að Sovétmenn hafa nú fallist á strangari ákvæði um þetta efni en dæmi eru um. Tekist hefur að leysa helstu ágreiningsefni varðandi talningarreglur og skilgreiningar fyrir stórar sprengjuflugvélar og stýriflaugar, sem skjóta má úr lofti (ALCM). Samkomulag er um hámarksfjölda eldflauga og kjarnaodda fyrir hreyfanlegar eldflaugar, sem ekki hefur verið komið upp. Ennfremur hafa báðir aðilar fallist á að gefa út skuldbindandi yfirlýsingar um stýriflaugar í hafi (SLCM), sem falla myndu utan ramma START-samnings, en gilda fyrir sama tímabil. Innihald hinna væntanlegu yfirlýsinga er þó enn að mörgu leyti á huldu. Á það hefur áður verið bent, að Íslendingum er það sérstakt hagsmunamál að viðræður um takmörkun stýriflauga í hafi beri ávöxt í náinni framtíð.

Ástæða er til að fagna því að Sovétmenn hafa nú horfið frá því að tengja undirritun START-samkomulags og viðræður um geimvarnir (DST). Áður höfðu þeir gert kröfu til þess að sett yrði inn í START-samkomulagið ákvæði um að heimilt yrði að segja samkomulaginu upp, ef annar aðilinn bryti gegn gagneldflaugasamningnum (ABM treaty) frá 1972. Eftirgjöf Sovétmanna hefur nú rutt úr vegi einni helstu hindruninni fyrir undirritun START-samkomulags. Einnig hefur það greitt fyrir samkomulagi að Sovétmenn viðurkenndu sl. haust að ratsjá þeirra í Krasnoyarsk í Síberíu væri skýlaust brot gegn áðurnefndum gagneldflaugasamningi.

Mikið ber enn á milli í viðræðunum um geimvarnir. Sovétmenn hafa reynt að setja skorður við geimvarnafrumkvæði Bandaríkjamanna (SDI) og kjósa að einungis verði samið um viðauka við gagneldflaugasamninginn. Bandaríkjamenn hafa hins vegar lagt á það áherslu að samið verði um geimvarnir í sérstökum samningi.

(2.3) Efnavopn

Sú ógn, sem mönnum stóð af notkun efnavopna í fyrri heimsstyrkjöldinni, leiddi til Genfarsáttmálans frá 1925, sem bannar notkun slíkra vopna, en ekki framleiðslu. Nú ríkir nokkur bjartsýni um að afvopnunarráðstefna Sameinuðu þjóðanna í Genf um allsherjarbann undir ströngu eftirliti við framleiðslu, birgðasöfnun og notkun efnavopna eigi eftir að bera ávöxt í náinni framtíð.

Ákvörðun Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um að stuðla að því að flýta viðræðunum í Genf, eins og framast er kostur, er sérstakt ánægjuefni. Utanríkisráðherrar ríkjanna gáfu út sérstaka yfirlýsingu um efnavopn á fundi sínum í Moskvu í febrúar sl., en yfirlýsingin er til vitnis um að ríkin hafa nálgast hvort annað í mörgum ágreiningsefnum. Samkomulag er um að eftir að samningur um allsherjarbann hefur tekið gildi muni ríkin tvö útrýma langstærstum hluta efnavopnabirgða sinna á átta árum, en síðan skuli birgðum þeim, sem eftir eru, eytt að fullu á tveimur árum, svo framarlega sem öll ríki, sem hafa efnavopn í fórum sínum, hafi þá skrifað undir samninginn. Efnavopnaráðstefnan í París í janúar í fyrra, ásamt ráðstefnunni í Canberra með þátttöku fulltrúa úr efnaiðnaði, hafa einnig átt þátt í því að greiða fyrir viðræðum þeim, sem fara fram í Genf.

Þau málefni, sem ágreiningur er einkum um enn, snerta eftirlit og sannprófun og fyrirvaralausar vettvangskannanir. Samkomulag hefur þó náðst um aðalatriði rammasamnings um allsherjarbann og eru þau eftirfarandi: samningsaðilar veiti upplýsingar um birgðir efnavopna sinna og tækjabúnað til framleiðslu, efnavopnabirgðir og framleiðslutæki verði eyðilögð á 10 ára tímabili og því fylgt eftir með raunkönnun, eftirlit verði með efnaiðnaði í þeim tilgangi að tryggja að ekki verði farið í kringum framleiðslubann, svigrúm verði fyrir aðildarríki til að starfrækja eina verksmiðju, sem framleitt getur efnavopn, til að kanna og þróa varnir gegn slíkum vopnum og loks að sett verði á stofn alþjóðleg stofnun, er hafi eftirlit með framkvæmd samningsins. Hafa Austurríkismenn boðist til að hýsa slíka stofnun í Vín.

(2.4) Annað

Framkvæmd samningsins um útrýmingu meðaldrægra kjarnaflauga á landi (INF) frá 1987 gengur samkvæmt áætlun. Samningurinn tók gildi í júní 1988 og á þriggja ára tímabili verður öllum bandarískum og sovéskum eldflaugum, sem draga á bilinu 500–5500 km, eytt. Í lok síðasta árs var búið að eyðileggja 1498 sovéskar flaugar og 451 bandarískar. Eftir eru 348 sovéskar flaugar og 395 bandarískar, sem verður lokið við að eyðileggja fyrir lok þriggja ára samningstímabilsins í júní 1991. Jafnframt verður 72 Pershing IA eldflaugum Vestur-Þjóðverja eytt. Flaugarnar bera bandarísk kjarnaodda, en falla ekki beint undir samninginn.

Við framkvæmd samningsins hefur verið unnið markvert brautryðjendastarf á sviði afvopnunarmála. Í krafti ákvæða hans um eftirlit hefur fjöldi vettvangskannana af hálfu samningsaðila verið framkvæmdur með góðum árangri. Hafa Sovétmenn og Bandaríkjamenn leitast við að bæta framkvæmd eftirlitsákvæðanna eftir því sem kostur er og byggja á fenginni reynslu. Er engum vafa undirorpið, að sá lærdómur, sem dreginn hefur verið af þessum samningi, á eftir að nýtast vel í öðrum samningaviðræðum.

Tveir samningar á sviði kjarnorku voru undirritaðir af Bandaríkjunum og Sovétríkjunum á áttunda áratugnum: samningur um takmarkað bann við tilraunum með kjarnavopn (LTBT) annars vegar og um kjarnorkusprengingar í friðsamlegum tilgangi (PNET) hins vegar. Vegna vandmála, sem upp hafa komið varðandi eftirlit með efndum samningsákvæða, hafa samningsaðilar ekki fullgilt þá, en engu að síður var samkomulag um að virða ákvæði þeirra. Bjartsýni ríkir um að viðbótarbókunum um eftirlit verði lokið fyrir leiðtogafund ríkjanna í júní nk., en það myndi verða til þess að hægt yrði að staðfesta samningana.

IV Alþjóðastofnanir

(1) Sameinuðu þjóðirnar og ýmsir þættir í starfsemi þeirra

(1.1.) Fertugasta og fjórða allsherjarþingið

Umræðan á allsherjarþinginu var hin friðsamlegasta. Þingið einkenndist annars vegar af þeirri þíðu, sem ríkt hefur milli ríkjanna í austri og vestri og hins vegar af bilinu, sem breikkar sífellt á milli iðnríkjanna í norðri og þróunarlandanna í suðri. Fram kom að þróunarlöndin eru uggandi um sinn hag og óttast að iðnríkin muni beina fjármagnsstreyminu til Austur-Evrópuríkjanna á kostnað þróunarlandanna.

Í ræðu utanríkisráðherra á þinginu kom fram að þær breytingar, sem ættu sér nú stað í heiminum, gæfu Sameinuðu þjóðunum tækifæri, sem aldrei hafa gefist áður. Þar sem hugarfar kalda stríðsins væri nú á undanhaldi, gæti stofnunin í fyrsta sinn gert sér raunhæfar vonir um að gera mætti hugsjón sáttmála hinna Sameinuðu þjóða að veruleika. Sameinuðu þjóðirnar hefðu sem stofnun öðlast meiri áhrifavald til að ná fram breytingum.

Á þessum tíma, þegar Sameinuðu þjóðirnar standa frammi fyrir vaxandi kröfum, m.a. varðandi friðargæslu, eflingu efnahags þróunarríkjanna, mannréttindi, umhverfisvernd og eiturlyfjavandamálið, er það áhyggjuefni hversu alvarleg fjárhagsstaða stofnunarinnar er. Stjórnun stofnunarinnar hefur verið bætt mikið á undanförnum árum. Slæm fjárhagsstaða Sameinuðu þjóðanna nú, sem á rætur að rekja til hins mikla fjölda vangoldinna framlaga, getur skert möguleika stofnunarinnar á því að sinna því mikilvæga starfi, sem hún stendur frammi fyrir.

Í ræðu sinni lagði utanríkisráðherra einkum áherslu á tvö mál, umhverfisvernd og afvopnun á höfunum. Minnt var á nauðsyn þess að styrkja gildandi alþjóðasamninga um umhverfisvernd og gera nýja. Reynslan af hafréttarsamningnum gæfi ástæðu til að ætla að rétt væri að gera alþjóðasamning, þar sem kveðið yrði á um réttindi og skyldur ríkja, er giltu almennt um öll svið umhverfisverndar. Sú skoðun var ítrekuð, að þegar samningaviðræðurnar um hefðbundin vopn í Evrópu hefðu skilað viðunandi árangri, ættu umræður að hefjast um traustvekjandi aðgerðir og takmörkun vígbúnaðar á höfunum.

Alls var fjallað um 57 tillögur um afvopnunarmál á allsherjarþinginu og þótti það tíðindum sæta þegar Bandaríkin og Sovétríkin stóðu saman að ályktunartillögu um eflingu alþjóðlegs friðar og öryggis í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Viðamestu mál allsherjarþingsins urðu umhverfismálin, en harðvítugar umræður fóru fram um Ísrael og PLO, um Kambódíumálið, Suður-Afríku og milli jóla og nýárs um atburðina í Panama.

Alls voru 160 mál á dagskrá þingsins. Ísland gerðist meðflytjandi að þrjátíu og átta ályktunartillögum (sjá fylgiskjal 2). Fjölluðu þær m.a. um þjóðréttaráratug Sameinuðu þjóðanna, hafréttarmál, alþjóðaaðgerðir gegn kynþáttaaðskilnaði, vígbúnað á hafinu, gereyðingarvopn á hafsbotni, umhverfismál, áratug vegna náttúruhamfara, alþjóðasamninginn um réttindi barna, misrétti gegn konum, afnám dauðarefsingar og alþjóðlega baráttu gegn eiturlyfjum.

Tekin var ákvörðun um að halda ráðstefnu um umhverfismál og þróun, í Brasilíu árið 1992. Í umræðunni um ráðstefnuna kom munurinn á milli iðnríkjanna og þróunarlandanna sterklega í ljós, þegar hin fyrrnefndu vildu leggja aðaláhersluna á umhverfisvernd, en hin síðarnefndu á þróun. Samkomulag náðist þó að lokum, enda málefnin tvö tengd órjúfanlegum böndum.

Tvær sögulegar ályktanir voru samþykktar á sviði mannréttindamála. Fjallaði önnur um alþjóðasamninginn um réttindi barna og hin um viðbótarbókun við alþjóðasamninginn um stjórnmálaleg og borgaraleg réttindi um afnám dauðarefsingar.

Þinginu lauk með fundum milli jóla og nýárs með umræðum um innrás Bandaríkjanna í Panama og byltinguna í Rúmeníu.

(1.1.1) Alþjóðasamningur um réttindi barna

Hinn 20. nóvember 1989, þegar 30 ár voru liðin frá því aðallsherjarþingið samþykkti yfirlýsingu um mannréttindi barna, samþykkti allsherjarþingið ályktun um alþjóðasamninginn um réttindi barna án atkvæðagreiðslu. Í ályktuninni, sem Ísland var meðflytjandi að ásamt hinum Norðurlöndunum, voru ríki hvött til að gerast aðilar að samningnum hið fyrsta. Ísland undirritaði samninginn, þegar hann var opnaður til undirritunar hinn 26. janúar sl.

Alþjóðasamningurinn um réttindi barna hafði verið í undirbúningi í 10 ár, en ágreiningur hafði ríkt um ákvæði hans, ekki síst ákvæði um lágmarksaldur til að gegna herþjónustu.

Alþjóðasamningurinn um réttindi barna er fyrsti alþjóðasamningurinn, sem kveður á um mannréttindi barna sérstaklega. Hann er fyrsti samningurinn, sem kveður á um mannréttindi barna á grundvelli vanþroska þeirra og þeirra sérstöku aðstæðna, sem þau búa við. Eru vonir við það bundnar að samningurinn eigi eftir að bæta réttarstöðu barna um heim allan, en réttindi barna eru enn víða fótum troðin. Talið er að á hverjum degi deyi 38 þúsund börn vegna næringarskorts eða aðhlynningarleysis. Um 100 milljónir vinna við óheilsusamlegar aðstæður, um 80 milljónir barna eru heimilislaus og yfir 10 milljónir teljast til flóttamanna. Samningurinn, kveður á um rétt barna til menntunar, tryggir börnum tjáningarfrelsi, trúfrelsi og persónufrelsi, bannar sölu barna, nauðungarvinnu, kynferðislega misnotkun, geðþóttahandtökur og fangelsanir. Einnig staðfestir samningurinn rétt barna til heilsugæslu og fullnægjandi lífsskilyrða. Í samningnum er gert ráð fyrir að sett verði á fót nefnd til að fylgjast með framkvæmd samningsins. Aðildarríkjunum verður skylt að gefa skýrslu til nefndarinnar reglulega um þær sérstöku ráðstafanir, sem þau hafa gert til að framfylgja ákvæðum samningsins.

(1.1.2) Umhverfismál

Umhverfismálin reyndust ekki aðeins þýðingarmesta mál allsherjarþingsins, heldur einnig það umdeildasta. Helsta bitbeinið var ráðstefna um umhverfi og þróun í Brasilíu árið 1992.

Á alþjóðavettvangi er ekkert sjálfgefið í náttúruverndarmálum. Þróunarlöndin halda því fram að iðnríkin hafi auðgast á þeim og jafnframt spillt umhverfi þeirra. Iðnríkjunum beri því að greiða skaðann og bæta þróunarríkjum kostnaðinn, sem hlýst af náttúruvernd. Vilja hin síðarnefndu þannig gera málið að þróunarmáli.

Evrópubandalagið tók upp hanskann fyrir iðnríkin á allsherjarþinginu. Fjallað var um málið í umræðuhóp 2. nefndar og var ályktunin um að halda alþjóðaráðstefnu í Brasilíu árið 1992 um umhverfismál og þróun loksins samþykkt án atkvæðagreiðslu þann 22. desember 1989.

Eins og fram hefur komið, lagði utanríkisráðherra til í ræðu sinni á allsherjarþinginu að gerður yrði sérstakur allsherjarsáttmáli um umhverfisvernd, þar sem kveðið yrði á um réttindi og skyldur ríkja, sem giltu almennt um öll svið umhverfisverndar. Í samræmi við þessa tillögu lagði Ísland til þegar við undirbúning ofangreindrar ályktunar að eitt af markmiðum ráðstefnunnar 1992 yrði að undirbúa slíkan sáttmála. Í ljósi þess mikla ágreinings, sem ríkti um efni ályktunartillögunnar um ráðstefnuna 1992 í heild, verður það að teljast viðunandi árangur á þessu stigi málsins að Ísland fékk því framgengt að í ályktuninni er kveðið á um að eitt af markmiðum ráðstefnunnar 1992 verði að kanna möguleika á setningu reglna um almenn réttindi og skyldur ríkja á sviði umhverfismála. Áfram verður unnið að því að afla hugmyndinni um allsherjarsáttmála um umhverfisvernd fylgis á alþjóðavettvangi.

(1.1.3) Mannréttindi

Mannréttindi og brot á þeim koma til meðferðar á hverju allsherjarþingi. Að þessu sinni vörðuðu alvarlegustu mannréttindabrotin Kína og Íran.

Á þinginu fluttu vestrænar þjóðir tillögu um rétt til friðsælla mótmælagangna. Gat engum dulist að tillagan var sett fram í tilefni atburðanna í Kína á Torgi hins himneska friðar í Beijing.

Kínverjar svöruðu með breytingartillögu þess efnis, að ríki ættu ekki að skipta sér af innaríkismálum annarra ríkja. Var vestræna tillagan dregin til baka, er sýnt þótti að kínverska breytingartillagan næði fram að ganga. Var því ekkert ályktað í málinu.

Tillaga um mannréttindabrot í Íran hefur verið flutt í mörg ár og hefur Ísland verið meðal flytjenda. Reyndist að þessu sinni grundvöllur fyrir því að Íran héti fullu samstarfi við mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna. Flutti formaður 3. nefndar allsherjarþingsins tillögu í þá átt og hlaut hún samþykki.

(1.1.4) Reknet

Á allsherjarþinginu gerðu Nýsjálendingar grein fyrir þeim vanda, að á Kyrrahafi væru stundaðar reknetveiðar með allt að 40–50 km löngum trossum. Töldu þeir þessar veiðar rányrkju, því alls kyns sjávardýr og fiskur festist í netunum. Smáríkjum Suður-Kyrrahafs, sem lifa á fiskveiðum, stafaði mikil hætta af þessum veiðum, sem einkum Japanir og Formósubúar stunda.

Nýsjálendingar og Bandaríkjamenn tóku saman höndum og fluttu, ásamt fleiri löndum, tillögu, þar sem hvatt var til þess að veiðum þessum yrði hætt. Japanir svöruðu með annarri tillögu, þar sem gert var ráð fyrir vísindalegum rannsóknum, áður en veiðarnar yrðu bannaðar.

Eins og venja er í ágreiningsmálum, hófust viðræður milli flutningsmanna. Tóku þær langan tíma og fór svo að tillögurnar voru bræddar saman. Er gert ráð fyrir að vísindalegar upplýsingar um málið verði teknar saman fyrir 30. júní 1991. Draga á úr veiðunum nú þegar, svo að þeim verði lokið 1. júlí 1991.

Þrátt fyrir að hér sé einungis um ályktunartillögu að ræða, og að allsherjarþingið geti ekki gert bindandi samþykktir, er líklegt að tillagan verði framkvæmd í samstarfi við svæðasamtök í fiskveiðimálum. Var hún samþykkt á þinginu án atkvæðagreiðslu.

Málið hefur ekki bein áhrif á hagsmuni Íslendinga og snertir ekki reknet af hóflegri stærð, sem flest strandríki nota að einhverju leyti. Hins vegar getur það reynst slæmt fordæmi í framtíðinni, ef fleiri tillögur verða fluttar á allsherjarþinginu um einstök veiðarfæri eða einstakar fiska- eða dýrategundir.

(1.2) Aukaallsherjarþing um kynþáttaaðskilnaðarstefnu suður-afrískra stjórnvalda

Dagana 11.–13. desember 1989 var haldið aukaallsherjarþing Sameinuðu þjóðanna um kynþáttaaðskilnaðarstefnu suður-afrískra stjórnvalda. Tveir þjóðhöfðingjar og fjölmargir utanríkisráðherrar sóttu þingið. Nokkrar deilur urðu um drög að yfirlýsingu þingsins, en árangurinn varð þó framar björtustu vonum, þar sem aðildarríkin náðu í fyrsta skipti í sögu Sameinuðu þjóðanna einróma samkomulagi um yfirlýsingu, sem felur í sér ótvíræða vísbendingu til stjórnvalda Suður-Afríku um að afnema verði kynþáttaaðskilnaðinn í landinu.

(1.3) Aukaallsherjarþing um baráttu gegn eiturlyfjum

Litið hefur verið á eiturlyfjavandamálið sem alþjóðlegt vandamál allt frá árinu 1909, er fyrsta alþjóðlega ráðstefnan um eiturlyfjavandann var haldin í Shanghai. Frá þeim tíma hefur alþjóðleg samvinna gegn vandamálinu aukist stig af stigi.

Aukaallsherjarþingið um baráttuna gegn eiturlyfjum var haldið dagana 20.–23. febrúar 1990. Aðdragandann má fyrst og fremst rekja til atburðanna í Kólombíu, er leiddu til þess að stjórnvöld þar í landi lýstu stríði á hendur eiturlyfjastarfsemi í landinu.

Þingið lýsti miklum samhug þátttökuríkja og voru öll ágreiningsmál varðandi lokaskjalið leyst með skjótum hætti. Ágreiningsefnin vörðuðu einkum ákvæði um forgangsröð verkefna og fjármögnun baráttunnar gegn eiturlyfjum. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna komst svo að orði að þjóðir heims væru í stríði gegn eiturlyfjastarfsemi og lagði til að aðildarríkin greiddu aukin framlög til Sameinuðu þjóðanna tímabundið vegna baráttunnar. Ef vinna ætti stríðið, þyrfti að fjármagna það með sama hætti og önnur stríð. Bandaríkin kröfðust þess hins vegar að útgjöld stofnunarinnar yrðu ekki aukin að raungildi. Fjármagna yrði baráttuna gegn eiturlyfjum með frjálsum framlögum eða með því að draga úr öðrum útgjöldum og ráðstafa sparnaðinum til nýrra verkefna. Þetta gátu Afríkuríkin hins vegar ekki fallist á. Vegna þessa ágreinings var dregið nokkuð úr ákvæði lokaskjalsins um fjármögnun baráttunnar gegn eiturlyfjum og verður allsherjarþingið því að taka ákvörðun síðar á þessu ári um aukin útgjöld til þessa verkefnis.

Helstu atriði lokaskjalsins eru: áhersla er lögð á, að dregið verði úr eftirspurn eftir eiturlyfjum, aðstoð við bændur, er framleiða plöntur, sem eiturlyf eru unnin úr, við að snúa sér að annarri arðbærri framleiðslu, eftirlit með bönkum í þeim tilgangi að stöðva ólöglegt fjármagnsflæði frá eiturlyfjastarfsemi, stofnun alþjóðlegs dómstóls, sem dæma myndi í ákveðnum eiturlyfjamálum og aukið hlutverk Sameinuðu þjóðanna í baráttunni gegn eiturlyfjum. Loks er ákveðið að áratugurinn 1991–2000, verði áratugur Sameinuðu þjóðanna tileinkaður baráttunni gegn eiturlyfjum.

(1.4) Friðargæslusveitirnar

Í kjölfar bættrar sambúðar austurs og vesturs hefur hlutverk friðargæslusveita Sameinuðu þjóðanna við lausn svæðisbundinna deilumála aukist jafnt og þétt. Jafnframt hafa friðargæslusveitirnar hlotið meiri umfjöllun og virðingu á alþjóðavettvangi, svo sem kom glöggt í ljós, er þær hlutu friðarverðlaun Nóbels árið 1988.

Um þessar mundir starfa tíu friðargæslusveitir á vegum Sameinuðu þjóðanna, en þar af hafa fimm verið stofnaðar síðan 1988. Friðargæslusveitir eru sem hér segir:

Mið-Austurlönd

UNTSO-friðargæslusveitirnar í Líbanon og á Gólanhæðum voru stofnaðar árið 1948. Í sveitunum starfa 296 einstaklingar.

UNDOF-friðargæslusveitirnar voru stofnaðar 1974 til að hafa eftirlit með vopnahléi Ísraels og Sýrlands. Í sveitunum starfa 1.329 einstaklingar.

UNIFIL-friðargæslusveitirnar voru stofnaðar árið 1978 að beiðni stjórnvalda í Líbanon. Í sveitunum starfa 5.851 einstaklingur.

Kashmir

UNMOGIP-friðargæslusveitirnar voru stofnaðar 1949 til að hafa eftirlit með vopnahléi milli Indlands og Pakistan. Hjá friðargæslusveitunum starfa 36 einstaklingar.

Kýpur

UNFICYP-friðargæslusveitirnar voru stofnaðar árið 1964 til að koma í veg fyrir átök milli íbúa gríska og tyrkneska hluta eyjarinnar. Í sveitunum starfa 2.156 einstaklingar.

Persaflói

UNIIMOG-friðargæslusveitirnar í Íran og Írak voru stofnaðar 1988 til að hafa eftirlit með því að ríkin virtu samninginn um vopnahlé sín á milli. Í sveitunum starfa 412 einstaklingar.

Angóla

UNAVEM-friðargæslusveitirnar voru stofnaðar árið 1988 til að hafa eftirlit með brottflutningi kúbanskra hermanna frá Angóla, sem byrjaði í janúar 1989. Í sveitunum starfa 70 manns.

Namibía

UNTAG-friðargæslusveitirnar voru stofnaðar árið 1988 til að hafa eftirlit með framkvæmdinni að sjálfstæði landsins. Yfir 5500 einstaklingar hafa starfað á vegum sveitanna. Namibía öðlaðist sjálfstæði hinn 21. mars sl. og er hlutverki friðargæslusveitanna því lokið.

Mið-Ameríka

ONUCA-friðargæslusveitirnar voru stofnaðar árið 1989 til að fylgjast með framkvæmd friðaráætlunar fyrir Mið-Ameríku. Ákvörðun hefur ekki verið tekin um fjölda eftirlitsmanna.

ONUVEN-friðargæslusveitirnar voru stofnaðar árið 1989 til að hafa eftirlit með kosningunum í Níkaragúa á þessu ári. Gert var ráð fyrir 70 eftirlitsmönnum með kosningunum.

Búast má við tveimur stórum friðargæsluverkefnum í náinni framtíð, öðru í Kambódíu en hinu í Vestur-Sahara.

(1.5) Palestínuflóttamannaaðstoðin (UNRWA)

Palestínuflóttamannaaðstoðin, sem hefur aðsetur í Vín, var stofnuð á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1949, í þeim tilgangi að aðstoða arabíska flóttamenn frá Palestínu.

Upphaflega veitti UNRWA aðstoð til um 700.000 flóttamanna. Um þessar mundir aðstoðar stofnunin um 2,1, milljón manna. Stofnunin sér m.a. um 350.000 palestínskum nemendum fyrir menntun í Jórdaníu, Líbanon, Sýrlandi og á hernumdu svæðunum. Einnig útvegar stofnunin um 108.000 manns húsaskjól, lyfja- og matargjöf.

Á árinu hafði stofnunin 227,4 milljónir Bandaríkjadala til ráðstöfunar. Þar af greiddu Bandaríkin 61,3 milljónir Bandaríkjadala, Evrópubandalagið greiddi 41,6 milljónir og Norðurlöndin greiddu um 34,3 milljónir, þar af var hlutur Íslands 9.500 Bandaríkjadalir.

Stofnunin hefur átt við verulega fjárhagsörðugleika að etja undanfarin ár.

(1.6) Flóttamannastofnunin (UNHCR)

Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna var sett á stofn árið 1951 á grundvelli ákvörðunar allsherjarþingsins. Á vegum UNHCR starfa tæplega tvö þúsund aðilar í u.þ.b. hundrað löndum og eru höfuðstöðvar stofnunarinnar í Genf. Fjárlög stofnunarinnar árið 1989 voru allt að 600 milljónir Bandaríkjadala, að mestu frjáls framlög einstakra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna. Einungis óverulegur hluti þeirra eru föst framlög frá Sameinuðu þjóðunum. Mikill hluti starfsemi UNHCR felst í neyðaraðstoð í samvinnu við ýmsar líknarstofnanir, t.d. varðandi fæði, húsnæði, flutninga og heilbrigðiskerfi. Markmiðið er að gera flóttamönnum fært að aðlaga sig nýju umhverfi. UNHCR áætlar fjölda flóttamanna í heiminum nú allt að fimmtán milljónir, og er þorri þeirra í Afríku og Asíu.

Stærstu verkefni stofnunarinnar á síðasta ári voru í Eþíópíu, Sómalíu og Súdan. Áætlaður fjöldi flóttamanna á þessum svæðum er um 700 þúsund í Eþíópíu (flestir frá Sómalíu eða Súdan), um 650 þúsund í Sómalíu (flestir frá Eþíópíu) og um 750 þúsund í Súdan (um helmingur frá Eþíópíu). Upphafið að þessum gífurlega flóttamannastraumi má rekja til

styrjaldarinnar milli Eþíópíu og Sómalíu á árinu 1978. Áætlaður kostnaður stofnunarinnar 1989, vegna verkefna á svæðinu, var 136,4 milljónir Bandaríkjadala. UNHCR hafði á síðasta ári, smærri verkefni í flestum öðrum Afríkuríkjum.

Næststærsta verkefni UNHCR var að aðstoða flóttamenn frá Indókína (Víetnam, Kambódíu og Laos), sem flúið hafa til nágrannaríkjanna Kína, Hong Kong, Japan, Malasíu, Filippseyja, Singapore og Thailands. Fjöldi þessara flóttamanna síðustu fjórtán árin er áætlaður um tvær milljónir. Að undanskildu Kína og Japan hafa þessi ríki verið mjög óviljug að taka við flóttamönnum til frambúðar. Eitt aðalverkefnið hefur því verið að finna hæli fyrir þessa flóttamenn. Þannig hafa um 1,16 milljón þeirra sest að í rúmlega þrjátíu ríkjum frá árinu 1975. Áætlaður kostnaður UNHCR fyrir árið 1989, vegna verkefna á þessu svæði, var 108,3 milljónir Bandaríkjadala.

Þriðja stærsta verkefni UNHCR 1989 var vegna flóttamanna í Pakistan og Íran. Áætlaður fjöldi flóttamanna í þessum tveimur ríkjum er um 6,3 milljónir, þar af um 5,5 milljónir frá Afghanistan. Áætlaður kostnaður UNHCR á síðasta ári vegna þessa verkefna var 60,7 milljónir Bandaríkjadala.

Framlag Íslands til UNHCR á árinu 1989 var að fjárhæð 1.690.000 krónur (sjá fylgiskjal 3).

Í framhaldi af heimsókn forstöðumanns svæðisskrifstofu UNHCR á Norðurlöndum til landsins á árinu 1989 féllst ríkisstjórnin á að taka við 60 flóttamönnum frá Víetnam á næstu þremur árum. Rauða kross Íslands var falið að standa að framkvæmd ákvörðunar ríkisstjórnarinnar og hefur hann þegar hafið undirbúning þessa verkefnis.

(1.7) Menningarmálastofnunin (UNESCO)

Aðalráðstefna Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna var haldin í höfuðstöðvum stofnunarinnar í París dagana 17. október–16. nóvember 1989. Þrjú ný aðildarríki bættust í hóp UNESCO-ríkja á aðalráðstefnunni, Djibouti, Cook-eyjar og Kiribati, og eru aðildarríkin nú 161 að tölu.

Aðalráðstefnan þótti takast vel og bar lítið á pólitískum deilum. Svonefnt fjölmiðlamál setti mestan svip á aðalráðstefnuna að þessu sinni.

Aðdragandi málsins er sá, að í upphafi áratugarins komu fram ýmsar hugmyndir um nýja skipan fjölmiðlunar og upplýsingaflæðis í heiminum. Ýmis ríki þriðja heimsins vildu draga úr ofurvaldi vestrænnar fjölmiðlunar og auka jafnvægi í upplýsingaflæði milli heimshluta. Fólu hugmyndir þessar í sér ákveðin ríkisafskipti og jafnvel ritskoðun, er Vesturlönd gátu ekki sætt sig við. Réð grundvallarágreiningur í þessum málum miklu um úrsögn Bretlands og Bandaríkjanna úr stofnuninni árin 1984 og 1985.

Federico Mayor, aðalframkvæmdastjóri, hefur frá því hann tók við embætti lagt mikla áherslu á að Bandaríkin og Bretland gangi aftur til liðs við stofnunina, og beitti hann sér m.a. fyrir því að horfið yrði frá fyrri stefnu UNESCO í fjölmiðlamálinu í nýrri starfsáætlun fyrir árin 1990–95, er lögð var fyrir aðalráðstefnuna. Náðist að lokum samkomulag um málamiðlun, er hlaut stuðning allra ríkjahópa innan stofnunarinnar.

Á aðalráðstefnunni lýsti Ísland stuðningi við umbótastefnu Mayors og stefnu hans í fjölmiðlamálinu. Þrátt fyrir víðtækt samkomulag um málamiðlun í þessu tiltekna máli, er ekkert sem bendir til að Bandaríkin og Bretland hyggist endurskoða afstöðu sína og ganga til liðs við UNESCO að nýju. Bæði ríkin hafa þó áheyrnarfulltrúa hjá stofnuninni.

Búist hafði verið við að umsókn Frelsissamtaka Palestínu, P.L.O., um aðild að UNESCO yrði deiluefni á aðalráðstefnunni. Var samþykkt að fresta umfjöllun um málið og lokaákvörðun til næstu aðalráðstefnu, árið 1991.

Af öðrum málum er fjallað var um á aðalráðstefnunni má nefna staðfestingu á víðtækri áætlun um átak gegn ólæsi og er yfirstandandi ár lýst sérstakt baráttuár í því sambandi. Auk þess var kynntur lokaundirbúningur að alþjóðlegri menntamálaráðstefnu, sem haldin verður í Thailandi fyrri hluta þessa árs.

Fjárhagur stofnunarinnar er þröngur og hefur víða orðið að draga saman seglin. Gagnrýnisraddir segja, að aðalframkvæmdastjóranum hafi þó ekki tekist sem skyldi að draga úr yfirbyggingu stofnunarinnar í samræmi við gefin fyrirheit um almennan samdrátt.

Framlag Íslands til UNESCO á þessu ári verður um 5 milljónir króna (sjá fylgiskjal 3).

(1.8) Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO)

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin var stofnuð 1948 og eru aðalstöðvar hennar í Genf, en svæðisskrifstofur í Alexandríu, Brazzaville, Kaupmannahöfn, Manila, Nýju Delhi og Washington. Æðsta vald WHO er í höndum þingsins, sem haldið er í maí ár hvert, að jafnaði í Genf, og stendur yfir í tvær vikur. Öll aðildarríki stofnunarinnar eiga þátttökurétt á þinginu. Sérstök stjórn, sem hittist tvisvar á ári, undirbýr mál fyrir þingið. Fulltrúar þrjátíu og eins ríkis eiga rétt til setu í stjórninni. Skrifstofa WHO aðstoðar þingið og stjórnina og kemur ákvörðunum þeirra í framkvæmd. Aðaltekjulind WHO eru framlög aðildarríkja þess, en þau eru 170 talsins.

Ársþing Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, hið fertugasta og annað í röðinni, var haldið 8.–19. maí sl. í Genf. Fyrir þinginu lá umsókn „Palestínuríkis" um aðild að Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni. Mikill skjálfti var á þinginu vegna þessa máls. Fulltrúar Bandaríkjanna sögðu m.a., að ef umsóknin yrði samþykkt, gæti það haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér fyrir starf Sameinuðu þjóðanna í heild og þátttöku Bandaríkjanna í samtökunum, vegna þess fordæmisgildis, sem samþykkt umsóknarinnar myndi hafa. Formlegar og óformlegar viðræður um þetta mál tóku u.þ.b. helming þingtímans. Palestínumenn voru ófáanlegir til að draga umsókn sína aftur. Nokkur aðildarríkja WHO, m.a. Finnland, Írland, Lúxemborg og Sviss voru fengin til að leggja fram tillögu um frestun á afgreiðslu umsóknarinnar til næsta ársþings, en í millitíðinni myndi aðalframkvæmdastjóri WHO kanna umsóknina. Frestunartillagan var samþykkt með 67 atkvæðum gegn 48, en 23 sátu hjá. Öll Norðurlöndin greiddu atkvæði með tillögunni. Búast má við erfiðu ársþingi á þessu ári, þegar umsóknin um aðild verður aftur tekin til umfjöllunar.

Þrátt fyrir tímafreka afgreiðslu umsóknar „Palestínuríkis" um aðild að WHO, tókst að fjalla um flest þau mál sem lögð voru fyrir þingið. Aðrar tillögur með pólitísku ívafi voru afgreiddar án atkvæðagreiðslu, en þær voru: a) heilsufarsástand Araba á hernumdu svæðunum; b) heilbrigðis- og læknaþjónustuaðstoð í Líbanon; c) aðstoð við landamæraríki Suður-Afríku; d) uppbygging á heilbrigðiskerfi Namibíu; e) heilbrigðisaðstoð við flóttamenn og aðra á Kýpur.

Á hverju þingi eru ýmsar veigamiklar skýrslur lagðar fram og ályktanir samþykktar um alþjóðastarf í heilbrigðismálum. Á þessu þingi má nefna m.a. ályktun um tóbaksvarnir og heilbrigði, tvær ályktanir um varnir gegn alnæmi og alþjóðlegt samstarf á því sviði, ályktun um heilbrigði ungs fólks, ályktun um fötlun og þrjár ályktanir um heilbrigðis- og umhverfismál.

(1.9) Alþjóðakjarnorkumálastofnunin (IAEA)

Aðalfundur Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar hinn þrítugasti og þriðji í röðinni, var haldinn í Vínarborg í september 1989. Fulltrúar 99 aðildarríkja af 113 sátu fundinn. Stjórnarnefnd stofnunarinnar er skipuð fulltrúum 35 aðildarríkja. Tvö ríki á Norðurlöndum eiga nú sæti í nefndinni, Danmörk og Svíþjóð. Ísland hefur ekki sóst eftir sæti í nefndinni, þar sem því fylgir mikil vinna og kostnaður. Væri t.d. nauðsynlegt að hafa fasta sendinefnd í Vínarborg til að fylgjast með gangi mála.

Á aðalfundinum var dr. Hans Blix, fyrrum utanríkisráðherra Svíþjóðar, endurkjörinn aðalforstjóri IAEA til næstu fjögurra ára. Dr. Blix kom til Íslands í júlí 1987 og átti þá viðræður við þáverandi utanríkisráðherra um samskipti Íslands og IAEA. Markmið IAEA er að efla friðsamlega nýtingu kjarnorku og kjarnfræða. Starfsemi stofnunarinnar

skiptist í þrjá meginþætti. Í fyrsta lagi rannsóknir og tækniaðstoð í landbúnaði og matvælafræði, líf- og læknisfræði, eðlis- og efnafræði. Í öðru lagi rekstur og öryggi kjarnorkuvera, geislavarnir og geymslu geislavirks úrgangs. Í þriðja lagi öryggiseftirlit með kjarnorkustöðvum og kjarnaefnum, sem miðar að því að hindra hernaðarlega notkun kjarnorku. Það er veigamikill þáttur í framkvæmd alþjóðasamnings til að hefta útbreiðslu kjarnorkuvopna (NPT).

Notkun kjarnorku til raforkuframleiðslu hefur vaxið þrátt fyrir andstöðu gegn þessari orkulind. Um 17% af allri raforkuframleiðslu í heiminum byggist á kjarnorku, en um 20% á vatnsorku. Í Frakklandi er 70% af raforku framleidd með kjarnorku, í Svíþjóð 47%, Finnlandi 36%, Bandaríkjunum 20%, Bretlandi 19% og í Sovétríkjunum 13%.

Í september 1986 voru tveir alþjóðasáttmálar um kjarnorkuslys samþykktir á sérstökum fundi IAEA í Vínarborg. Fulltrúi Íslands á þeim fundi undirritaði þá báða 26. september sama ár. Hinn 26. september 1989 staðfesti ríkisstjórn Íslands annan þessara sáttmála, um tilkynningar um kjarnorkuslys (Convention on Early Notification of a Nuclear Accident).

Sáttmálinn gerir ráð fyrir tvíhliða, eða marghliða, samningum um tilkynningaskyldu. Norðmenn hafa gert slíka samninga við Sovétmenn, Pólverja, Austur-Þjóðverja og fleiri, og hafa þeir fengið tilkynningar fyrr frá þessum aðilum en IAEA. Samningur Norðmanna við Sovétmenn tók mið af Chernobyl slysinu og var takmarkaður við kjarnaofna á landi. Hann náði því ekki yfir kjarnorkuslys eða óhöpp á hafi úti, t.d. í kafbátum. IAEA sáttmálinn er ekki bundinn við kjarnorkuslys á landi, og nær hann því einnig yfir slys í kafbátum, enda hafa Sovétmenn tilkynnt IAEA um þau atvik í kafbátum, sem þeir töldu vera kjarnorkuslys.

Hinn sáttmálinn, um aðstoð við kjarnorkuslys eða hættuástand við geislavirkni, (Convention on Assistance in the Case of a Nuclear Accident or Radiological Emergency), hefur ekki verið staðfestur enn.

Á síðasta allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna setti utanríkisráðherra fram hugmynd um, að IAEA semdi leiðbeinandi alþjóðareglur um öryggi kjarnaofna í skipum. Á fundi norrænu utanríkisráðherranna í Turku í Finnlandi í febrúar sl. varð samkomulag um að fulltrúar Norðurlandanna hjá stofnuninni myndu vinna saman að framgangi málsins.

Rétt er að geta þess, að IAEA hefur sett reglur eða staðla um öryggi kjarnorkuvera á landi. Þrátt fyrir að þessar reglur séu ekki bindandi, hafa aðildarríki IAEA stuðst mjög við þær við setningu eigin reglna. Einnig hefur IAEA sett upp vinnuhópa til að gera úttekt á rekstraröryggi kjarnorkuvera á landi. Þessar reglur mætti e.t.v. nota sem fyrirmynd að eftirliti með öryggi kjarnorkuknúinna skipa.

(1.10) Þróunarsjóður fyrir konur (UNIFEM)

Árið 1976 setti allsherjarþingið á stofn sjóð, sem kallast UNIFEM, til styrktar konum í þróunarlöndunum. Sjóðurinn, sem starfar sjálfstætt, en þó í tengslum við Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna, var stofnaður í þeim tilgangi að auka þátttöku kvenna í þróunarverkefnum og styðja verkefni, sem eru konum til hagsbóta. Sérstakur fulltrúi UNIFEM kom til Íslands í október 1989 til að kynna starfsemi sjóðsins. Fulltrúinn ræddi við íslenska ráðamenn og hélt kynningarfund fyrir almenning. Í framhaldi af heimsókninni var stofnað styrktarfélag UNIFEM hér á landi.

Á fjárlögum fyrir árið 1990 er framlag Íslands til UNIFEM ein milljón króna (sjá fylgiskjal 3).

(1.11) Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna

Ellefta starfsár Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna (HSþ) í Reykjavík var með hefðbundnum hætti. Átta jarðvísindamenn og verkfræðingar voru í sex mánaða sérhæfðri þjálfun hér á landi. Tveir einstaklingar komu frá Alsír, en einn frá hverju eftirtalinna landa um sig:

Costa Rica, Djibouti, Indónesíu, Júgóslavíu, Kína og Mexíkó. Sérfræðingar Orkustofnunar sáu um mestan hluta kennslunnar, en nemendur voru einnig í læri hjá sérfræðingum verkfræðideildar Háskóla Íslands, Hitaveitu Reykjavíkur og hjá Verkfræðistofunni Fjarhitun hf.

Jarðhitaskólinn var stofnaður árið 1979, en þá samþykkti ríkisstjórnin að Orkustofnun gerðist aðildarstofnun Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Alls hafa 82 raunvísindamenn og verkfræðingar frá 17 þróunarlöndum hlotið sex mánaða þjálfun í Jarðhitaskólanum. Íslenska ríkið greiðir um 80% af kostnaði við rekstur Jarðhitaskólans en um 20% koma frá Háskóla Sameinuðu þjóðanna í Tókýó. Íslenska framlagið til Jarðhitaskóla HSþ er fært á fjárlögum sem hluti af framlagi Íslands til þróunaraðstoðar. Mikil aðsókn er að jarðhitaskólanum frá öllum heimshornum. Árið 1990 er gert ráð fyrir 11 nemendum. Þeir eru valdir úr hópi um fjörtíu umsækjenda, sem uppfylla öll skilyrði til skólavistar. Margir nemendur Jarðhitaskólans frá fyrri árum gegna nú lykilhlutverkum í rannsóknum og nýtingu jarðhita í sínum heimalöndum. Jarðhitaskólinn er rekinn innan jarðhitadeildar Orkustofnunar.

(2) Evrópuráðið

Síðastliðið ár var fyrir margra hluta sakir sögulegt fyrir Evrópuráðið. Þróun mála í Austur-Evrópu átti þar drjúgan hlut að máli.

Hinn 5. maí sl. var haldið upp á 40 ára afmæli Evrópuráðsins, en stofnskrá þess var undirrituð í Lundúnum 5. maí 1949. Í upphafi var Evrópuráðinu m.a. ætlað mikilvægt pólitískt hlutverk, sem smám saman dvínaði vegna tilkomu annarra fjölþjóðastofnana í Evrópu. Því hlutverki hefur þó aldrei verið varpað fyrir róða. Að frumkvæði Marcelino Oreja, framkvæmdastjóra Evrópuráðsins, gáfu utanríkisráðherrarnir út yfirlýsingu um framtíðarhlutverk Evrópuráðsins á ráðherrafundinum sem haldinn var á 40 ára afmæli ráðsins. Þann sama dag gerðist Finnland, síðast hinna hefðbundnu lýðræðisríkja Evrópu, aðili að Evrópuráðinu. Afmælisins var m.a. minnst á sérstökum hátíðarfundi þings Evrópuráðsins og var jafnframt minnst í öllum aðildarríkjum, þ.á m. á Íslandi. Aðalframlag Íslands af þessu tilefni var fundur íþróttamálaráðherra Evrópu, sem haldinn var í Reykjavík í maí sl. í boði menntamálaráðherra. Er þetta í fyrsta skipti sem haldinn er ráðherrafundur Evrópuráðsins á Íslandi.

Marcelino Oreja, framkvæmdastjóri Evrópuráðsins lét af því starfi á árinu sem leið og við því tók Catherine Lalumiere, fyrrum þingmaður franskra sósíalista. Hún hefur í anda forvera síns og með stuðningi ráðherranefndarinnar og þings Evrópuráðsins haldið áfram að vinna að nánari tengslum við ríki Austur- og Mið-Evrópu, enda er það í fullu samræmi við fyrrgreinda yfirlýsingu utanríkisráðherranna um framtíðarhlutverk Evrópuráðsins. Þessi ríki hafa sýnt Evrópuráðinu aukinn áhuga, einkum Pólland og Ungverjaland, enda lá fyrir að tiltölulega auðvelt yrði fyrir þau að tengjast Evrópuráðinu með því að gerast aðilar að ýmsum samningum þess, einkum þeim sem lúta að menningu, vísindum, félags- og heilbrigðismálum.

Utanríkisráðherrum Póllands, Ungverjalands og Júgóslavíu var boðið til haustfundar utanríkisráðherranna í nóvember sl. Við það tækifæri sóttu Ungverjar formlega um aðild að Evrópuráðinu og pólski utanríkisráðherrann lýsti því yfir að Pólverjar ætluðu að gera slíkt hið sama. Aðild þessara ríkja að Evrópuráðinu mun væntanlega koma til framkvæmda fljótlega eftir að þingkosningar hafa farið fram í umræddum ríkjum, en fyrr uppfylla þau ekki skilyrði Evrópuráðsins um fullkomið lýðræði og mannréttindi. Á haustfundinum undirrituðu ríkin tvö þegar nokkra samninga Evrópuráðsins og síðan hafa fleiri samningar fylgt í kjölfarið. Um þessar mundir er rætt um aðild fleiri Mið- og Austur-Evrópuríkja að Evrópuráðinu og hillir jafnvel undir að brátt verði flest ríki Evrópu orðin aðilar að stofnuninni, þó að sjálfsögðu verði ekki rasað um ráð fram og hvergi hvikað frá hornsteinum Evrópuráðsins, sem eru lýðræði, mannréttindi og réttur einstaklingsins. Sérstakur fundur utanríkisráðherra Evrópuráðsins um

málefni Mið- og Austur-Evrópu var haldinn í Lissabon 23. og 24. þ.m. Jafnframt tóku þátt í fundinum síðari daginn utanríkisráðherrar Ungverjalands, Póllands, Tékkóslóvakíu, Júgóslavíu og Búlgaríu.

Pólitískt hlutverk Evrópuráðsins hefur m.a. tekið mið af því að vera sameiginlegur umræðuvettvangur ríkja Evrópubandalagsins og Evrópuríkja, sem standa utan bandalagsins. Með hliðsjón af þróun mála í Mið- og Austur-Evrópu hefur pólitísku hlutverki Evrópuráðsins nú skyndilega vaxið fiskur um hrygg. Evrópuráðið gegnir nú veigamiklu hlutverki við að tengja saman ríki Vestur- og Austur-Evrópu.

Vegna formennsku Íslands í ráðherranefnd EFTA kom það í Íslands hlut að fylgja úr hlaði skýrslu EFTA um viðræðurnar við Evrópubandalagið bæði á þingi Evrópuráðsins í september og á haustfundi utanríkisráðherranna í nóvember.

Síðastliðið haust fullgilti Ísland eftirgreinda samninga Evrópuráðsins: Evrópusamning um verndun húsdýra, viðbótarsamning við Evrópusamning um upplýsingar um erlenda löggjöf og Evrópusamning um vernd minja á sviði byggingarlistar.

Svo sem venja er tók Ísland þátt í starfi hinna ýmsu stofnana Evrópuráðsins, m.a. Mannréttindadómstólnum og mannréttindanefndinni. Alþingi fer með málefni þings Evrópuráðsins og verða störf þess ekki rakin hér.

V Svæðisbundin deilumál

Í þessum kafla verður stiklað á stóru yfir þau svæðisbundnu deilumál, sem helst hafa verið í sviðsljósinu undanfarna tólf mánuði.

(1) Mið-Austurlönd

Uppreisnin á hinum hernumdu svæðum Ísraelsmanna hefur staðið yfir í rétt rúm tvö ár og bendir ekkert til að hún sé í rénum. Brýna nauðsyn ber til að binda enda á hernámið, sem hefur varað í meira en tuttugu ár. Ástandið á herteknu svæðunum er óviðunandi og harkalegar aðgerðir ísraelskra yfirvalda áhyggjuefni. Þess verður að krefjast að Ísrael sem hernámsaðili virði ákvæði Genfarsamningsins um vernd borgara á stríðstímum og að deiluaðilar forðist að grípa til ofbeldis og sýni þannig fram á einlægan vilja til að ná varanlegum friði.

Vissrar tilhneigingar hefur gætt til að líta eingöngu á aðra hlið þessa máls, og einfalda það á þann hátt að skella allri ábyrgðinni á Ísraelsmenn. Því hefur verið haldið fram að málið verði leyst á þann hátt eingöngu að Ísraelar yfirgefi herteknu svæðin, Palestína verði viðurkennd sem ríki og Frelsissamtök Palestínumanna (PLO) sem ríkisstjórn þess. Aðstæður krefjast þess hins vegar að litið sé á málið í víðara samhengi. Vert er að ítreka að Ísrael er umkringt af ríkjum, sem ekki viðurkenna tilvistarrétt þess. Sérhver lausn verður því að tryggja öryggi Ísraels.

Skoða verður deilumál Ísraels og Araba í ljósi þess að Jórdanía afsalaði sér ekki tilkalli til Vesturbakkans fyrr en í júlí 1988 og það var ekki fyrr en síðla sama árs að PLO viðurkenndi tilvistarrétt Ísraelsríkis berum orðum. PLO ákvað þá einnig að fordæma hryðjuverk og að samþykkja ályktanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 242 og 338 um lausn á ófriðnum í Mið-Austurlöndum. Á sama tíma lýsti PLO yfir stofnun Palestínuríkis með einhliða yfirlýsingu. PLO hefur hins vegar ekki enn tekið út ákvæðið í stofnskrá sinni, sem kveður á um að lokamarkmiðið sé gereyðing Ísraelsríkis.

Á árinu 1989 komu fram þrjár tillögur um lausn mála á herteknu svæðunum. Tillaga frá ríkisstjórn Ísraels, önnur frá Mubarak, forseta Egyptalands, og loks tillaga frá Baker, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sem fól í sér nokkurs konar málamiðlun milli hinna fyrrnefndu. Fagna ber öllum aðgerðum, sem beinast að því að kalla saman aðila, sem eiga beinan hlut að máli, en aðilar þurfa að sýna sveigjanleika til að samningaviðræður geti hafist.

Nýlega skall á stjórnarkreppa í Ísrael vegna deilna um málefni herteknu svæðanna. Stjórnarkreppan hefur leitt til þess að erfitt er að sjá fyrir um framvindu mála. Það veltur ekki síst á samsetningu næstu stjórnar hvort slær í bakseglin eða hvort hægt verður að þoka málum í átt að samningaviðræðum.

Talsverð umfjöllun varð um Palestínumálið á 44. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Arabaríkin báru fram hina árlegu tillögu um að kjörbréf þingfulltrúa Ísraels skyldi ekki tekið gilt. Tillaga Norðurlandanna um frávísun á tillögu Arabaríkjanna var samþykkt líkt og undanfarin ár, en Ísrael hlaut meiri stuðning en áður, þar sem Sovétríkin sátu hjá, en þau hafa stutt tillögu Arabaríkjanna fram að þessu.

Arabaríkin lögðu fram ályktunartillögu um að Palestína yrði viðurkennd sem ríki. Mörg ríki hafa nú þegar veitt Palestínu slíka viðurkenningu. Þar sem PLO ræður hins vegar ekki yfir tilteknu landssvæði og fer ekki með raunveruleg völd á herteknu svæðunum, telst Palestína ekki ríki samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu þjóðaréttar. Ályktunartillaga Arabaríkjanna olli miklum ágreiningi. Bandaríkin hótuðu að greiða ekki framlag sitt til Sameinuðu þjóðanna, ef tillagan yrði samþykkt og sætti sú hótun mikilli gagnrýni. Lyktir málsins urðu þær að forseti allsherjarþingsins fékk aðila til að sættast á frestun, sem í raun þýddi frávísun.

(2) Líbanon

Taif-samkomulagið í Líbanon hefur skapað grundvöll fyrir nauðsynlegar pólitískar umbætur, sem miða að því að tryggja sjálfstæði, fullveldi og sameiningu landsins. Harma ber andófið gegn Hrawi forseta landsins og löglegri ríkisstjórn þess. Vonir standa til þess að stöðugar samningaumleitanir Arababandalagsins eigi eftir að bera árangur og leiða til friðar í þessu stríðshrjáða landi. Deiluaðilum ber skylda til að tryggja að friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna geti sinnt því hlutverki, sem þeim er ætlað á svæðinu.

Ennfremur ber að fordæma gíslatöku og krefjast tafarlausrar frelsunar allra gísla án skilyrða.

(3) Suður-Afríka

Ánægjuleg þróun á sér nú stað í Suður-Afríku. Einkum er stefna nýs forseta landsins, F.W. de Klerk, góðs viti. Forsetinn ákvað m.a. að sleppa leiðtoga blökkumanna, Nelson Mandela, lausum eftir nær 30 ára fangelsisvist og aflétta banni við starfsemi Afríska þjóðarráðsins.

Þrátt fyrir þetta ríkir enn kynþáttaaðskilnaður í Suður-Afríku og kúgun meirihluta íbúa landsins heldur áfram. Forsendur fyrir viðskiptabanni gegn Suður-Afríku eru þar af leiðandi enn fyrir hendi og því ekki tímabært að aflétta þeim. Full ástæða er hins vegar til að gefa stjórnvöldum Suður-Afríku til kynna að þau stefni nú í rétta átt. Af þessum sökum hefur verið ákveðið að fela norræna vinnuhópnum um aðgerðir gegn Suður-Afríku að endurskoða norrænu áætlunina gegn kynþáttaaðskilnaði.

Eðlilegt er að þeim tilmælum verði beint til suður-afrískra stjórnvalda, að þau gangi lengra í átt að því marki að afnema kynþáttaaðskilnað og til Afríska þjóðarráðsins og annarra frelsishreyfinga, að þær lýsi sig reiðubúnar til að ganga til viðræðna. Í ljósi þess jákvæða andrúmslofts, sem skapast hefur, verður að ætlast til þess af aðilum, að þeir geri sitt ítrasta til að ná samkomulagi um afnám kynþáttaaðskilnaðar á friðsaman hátt, án valdbeitingar.

Utanríkisráðherrar Norðurlandanna áttu gagnlegar viðræður við Nelson Mandela er hann kom til Stokkhólms í boði sænskra stjórnvalda í mars 1990.

(4) Namibía

Í apríl 1989 komu friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna og annað starfsfóik á vettvang í Namibíu til að sjá um framkvæmd ályktunar Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 435. Ályktunin felur í sér áætlun um frjálsar kosningar í Namibíu undir eftirliti Sameinuðu þjóðanna og að landið öðlist sjálfstæði með friðsamlegum hætti.

Skömmu eftir komu eftirlitssveita Sameinuðu þjóðanna til Namibíu brutust út bardagar milli suður-afrískra hermanna og skæruliða SWAPO, frelsishreyfingar Suðvestur-Afríku. Varð þessi atburður til þess að vafi lék á hvort Sameinuðu þjóðunum tækist að gegna því hlutverki, sem þeim var ætlað. Sameinuðu þjóðunum tókst að ráða fram úr vandanum og í nóvemberbyrjun árið 1989 fóru fram kosningar í landinu til stjórnlagaþings, sem gengu í alla staði eðlilega fyrir sig.

Frelsishreyfing Suðvestur-Afríku vann meirihluta í kosningunum, en þó ekki þann meirihluta sem til þurfti, til að hreyfingin yrði einráð um gerð stjórnarskrár fyrir landið. Alls fengu átta stjórnmálaflokkar fulltrúa á stjórnlagaþingið og hafa þeir náð samkomulagi um stjórnarskrá, þar sem kveðið er á um lýðræðislegt stjórnskipulag að vestrænni fyrirmynd. Landið öðlaðist sjálfstæði hinn 21. mars 1990.

Þáttur Sameinuðu þjóðanna við lausn Namibíumálsins sannar hversu þýðingarmikil stofnunin er og hversu mikilvægu hlutverki hún getur gegnt við lausn svæðisbundinna

deilumála. Framkvæmd þessa verkefnis á án efa eftir að hafa fordæmisgildi við lausn annarra svæðisbundinna deilumála.

Á nýafstöðnum fundi utanríkisráðherra Norðurlandanna í Turku var samþykkt að aflétta sem fyrst viðskiptabanni gegn Namibíu á grundvelli breyttra forsendna. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 67/1988, um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu, hefur verið lagt fyrir Alþingi.

(5) Eþíópía

Friðarumleitanir hófust milli hinna stríðandi aðila í Eþíópíu á árinu 1989 og vakti það vonir manna um að lausn væri í sjónmáli í átökunum, sem valdið hafa ómældum mannskaða og gífurlegri eyðileggingu undanfarna áratugi. Í febrúar á þessu ári hófust bardagar hins vegar á nýjan leik í Eritreu og í norðurhluta landsins er nú ekkert lát á ófriði. Á sama tíma ógnar hungursneyð milljónum Eþíópíumanna og veruleg hætta er á að hernaðarástandið hindri hjálparstörf.

Friðarumleitanirnar, sem hófust á árinu 1989, voru mikilvægt skref í rétta átt og ber nú brýna nauðsyn til að aðilar hefji viðræður aftur sem fyrst.

(6) Níkaragúa

Nýlega voru haldnar kosningar í Níkaragúa, þær fyrstu í 6 ár. Kosningarnar voru haldnar undir alþjóðlegu eftirliti. Sameinuðu þjóðirnar og samtök Ameríkuríkja sendu 600 eftirlitsmenn og um 2000 eftirlitsmenn komu frá ýmsum einkasamtökum. Niðurstaða kosninganna varð Sandínistum í óhag, en þeir hlutu 41% atkvæða á móti 55% atkvæða, sem féllu í hlut samsteypuflokks stjórnarandstöðunnar undir forystu Violetu Chamorro. Vonast er til, að kosningarnar marki tímamót í sögu Níkaragúa og leiði til lýðræðislegra stjórnarhátta og friðar í landinu.

Hinn 7. apríl 1990 verður haldinn fundur í Noregi í boði utanríkisráðherra Noregs með utanríkisráðherrum Norðurlandanna og Mið-Ameríkuríkjanna.

(7) Panama

Herir Bandaríkjamanna réðust inn í Panama 22. desember sl. Í kjölfar innrásarinnar settist lýðræðislega kjörinn leiðtogi landsins, Guillermo Endera, að völdum. Hernum tókst ekki að hafa hendur í hári valdaræningjans Noriega, en hann gaf sig þó fram við bandarískar liðsveitir nokkru síðar. Í tilefni innrásarinnar áréttuðu íslensk stjórnvöld þá meginreglu þjóðaréttar að leysa bæri alþjóðleg deilumál með friðsamlegum hætti og hörmuðu að bandarísk stjórnvöld skyldu hafa talið sig knúin til að beita vopnavaldi í samskiptum sínum við Panama.

(8) Kambódía

Nokkur undanfarin ár hafa svæðissamtök Suðaustur-Asíu ríkja (skammstafað ASEAN), Indónesía, Singapore, Malasía, Thailand, Brunei og Filipseyjar, flutt sameiginlega ályktunartillögu um Kambódíumálið á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Alls greiddu 124 ríki atkvæði með tillögunni á 44. allsherjarþinginu og er tillagan almennt talin fela í sér raunhæfustu lausnina á ástandinu í Kambódíu. Í ár voru 78 ríki meðflytjendur tillögunnar, þ.á m. Ísland.

Ályktunartillagan kveður m.a. á um að unnið verði að lausn málsins með pólitísku samkomulagi allra deiluaðila. Kjarni hennar er, að mynduð verði þjóðstjórn í Kambódíu eftir að erlendur her hefur verið fluttur á brott. Ályktunartillagan viðurkennir sjálfsákvörðunarrétt kambódísku þjóðarinnar og að henni skuli heimilað að beita þeim rétti í frjálsum og

lýðræðislegum kosningum undir alþjóðlegu eftirliti. Tillagan viðurkennir einnig hið mikilvæga hlutverk sem Sameinuðu þjóðirnar gegna í þessu sambandi og kveður á um að aldrei megi hverfa aftur til þeirrar stefnu og ógnarstjórnar, sem var við lýði í landinu og var fordæmd um heim allan. Þetta er afdráttarlaus yfirlýsing um að fyrri stjórnarhættir Rauðu Kmeranna verði ekki endurteknir, en talið er að um tvær milljónir manna hafi verið myrtar í Kambódíu á valdatíma þeirra.

Í ágúst 1989 var haldinn fundur í París milli allra aðila í þeim tilgangi að ná samkomulagi um þjóðstjórn og frið. Samkomulag náðist ekki.

Það er óneitanlega áhyggjuefni að vopnuð átök í landinu hafa færst í aukana og eiga m.a. Rauðu Kmerarnir þar hlut að máli. Pólitísk lausn virðist ekki í sjónmáli í náinni framtíð, en vonast er til að aðilar komi sér brátt saman um að hefja viðræður á nýjan leik eins og lagt er til í ályktunartillögu allsherjarþingsins um Kambódíumálið.

Að loknu 44. allsherjarþinginu komst ný hreyfing á málefni Kambódíu þegar stórveldin, sem eiga fastafulltrúa í Öryggisráðinu, hófu viðræður. Þær eru enn í gangi. Ástralía hefur tekið frumkvæði í málinu og lagt til að landið verði sett undir stjórn Sameinuðu þjóðanna, líkt og var gert við Namibíu, uns hægt verður að halda kosningar og ná samkomulagi um stjórnarskrá. Sameinuðu þjóðirnar telja að kostnaður við slíkt yrði svipaður og við framkvæmd verkefnisins í Namibíu eða um 700 milljónir Bandaríkjadala og að gera þyrfti ráð fyrir um 7–8 þúsund starfsmönnum.

(9) Kína

Herlögin, sem sett voru 20. maí 1989 í kjölfar fjöldamótmælanna í Peking og annars staðar í Kína voru afnumin 11. janúar 1990. Atburðirnir á „Torgi hins himneska friðar" í júnímánuði sl. urðu óneitanlega til að kasta rýrð á kínversk stjórnvöld í augum umheimsins, enda var harkaleg framkoma hersins fordæmd víða um lönd. Kínverjar hafa lagt kapp á að færa sambúðina við þau ríki, sem harðast gagnrýndu Pekingstjórnina, í eðlilegt horf, enda er þeim það nauðsynlegt, vegna viðskiptatengsla, þ.á m. við Bandaríkin.

Stefna kínverskra stjórnvalda er að opna fyrir viðskipti við sem flest ríki, jafnframt því sem þau vilja efla þau viðskipti, sem fyrir eru. Eftir atburðina í júní dró úr viðskiptum Kínverja við útlönd vegna refsiaðgerða margra landa gegn þeim. Refsiaðgerðirnar höfðu slæm áhrif á efnahag Kínverja, en nú hafa ýmis ríki hætt þeim og búast má við að aðrar þjóðir fylgi í kjölfarið.

Íslendingar gagnrýndu framferði kínversku stjórnarinnar í júnímánuði sl. Af hálfu beggja aðila er vilji til að halda áfram vinsamlegum samskiptum og auka viðskiptin eins og kostur er.

VI Norðurlandasamvinna

(1) Almennt

Þátttaka Íslendinga í norrænu samstarfi hefur farið vaxandi undanfarin ár. Hin aukna þátttaka helgast m.a. af því að Íslendingar hafa hin síðustu ár tekið að sér forystuhlutverk og formennsku í Norrænu ráðherranefndinni, þegar röðin var að þeim komin, í fyrsta skipti árið 1984–1985, er þáverandi viðskiptaráðherra skipaði formannssæti samstarfsráðherra norrænna mála, í síðara skiptið árið 1989–1990, er viðskipta- og iðnaðarráðherra og síðar ráðherra Hagstofu Íslands og umhverfisráðherra skipuðu það sæti.

Norðurlandasamvinnan tekur til svo til allra sviða þjóðlífsins; ráðuneyta, stjórnsýslu, stofnana og frjálsrar félagsstarfsemi. Hún tekur ekki hvað síst til þjóðþinganna, en Norðurlandaráð var stofnað 20. ágúst 1952, og með undirritun „Starfssamnings milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar (Helsingforssamningurinn)“ hinn 23. mars 1962, voru ráðinu settar lögformlegar reglur.

Ráðið skipa 87 kjörnir fulltrúar þjóðþinganna, þannig að þjóðþing Dana kýs 16 fulltrúa, ríkisþing Finna 18 fulltrúa, Alþingi Íslendinga 7 fulltrúa, stórþing Norðmanna og ríkisþing Svía hvort um sig 20 fulltrúa og landsþing Álandseyja, lögþing Færeyja og landsþing Grænlands 2 fulltrúa hvert.

Norræna ráðherranefndin var mynduð árið 1971 og er samheiti nefndar allra ráðherra, sem fara með sömu mál (að utanríkis- og varnarmálum undanteknum). Norræna ráðherranefndin er fyrst og fremst framkvæmdaraðili hins norræna samstarfs. Hún og viðkomandi embættismannanefndir vinna úr tillögum Norðurlandaráðs, með aðstoð skrifstofu ráðherranefndarinnar.

Sérstakur ráðherra Norðurlandamála – samstarfsráðherra Norðurlanda – starfar í hverri ríkisstjórn. Hann fer með samræmingarhlutverk innan ráðherranefndarinnar, og öll þau mál, sem ekki er hægt að færa undir ákveðið fagsvið eða snerta fleiri svið en eitt, annast yfirstjórn skrifstofu ráðherranefndarinnar og síðast en ekki síst er hann ábyrgur fyrir fjárlagagerð ráðherranefndarinnar.

Norðurlandasamvinnan er einstök meðal þjóða heims. Hún nær til allra sviða stjórnmála (að undanskildum öryggis- og varnarmálum), menningarmála og félagsmála og nýtur mikillar virðingar meðal þjóða heims. Norræn samvinna byggir á pólitískri og sögulegri hefð, sameiginlegum menningararfi og sameiginlegri menningarkennd, nánum skyldleika fjögurra tungumála þjóðanna, og landfræðilegri legu þeirra. Hún byggir ekki á yfirþjóðlegu valdi en í allri ákvarðanatekt ræður einróma samþykki allra og hefur það að sjálfsögðu sína kosti og galla. Gallarnir birtast fyrst og fremst í löngum aðdraganda að lausn mála, hægagangi, pappírsflóði, málamiðlunum og e.t.v. útvötnun á upphaflegum markmiðum. Kostirnir eru þeir að allar ákvarðanir eru teknar í sátt og samlyndi.

Norræn samvinna sætir oft gagnrýni og úrtölum. Er því ekki úr vegi að víkja að nokkrum mikilvægum áföngum í norrænni samvinnu. Minna má á gagnkvæman búseturétt, sameiginlegan vinnumarkað, gagnkvæmt tryggingakerfi, afnám vegabréfa í ferðum fólks landanna á milli, gagnkvæman kosningarrétt til sveitarstjórnarkosninga og samstarfs- og framkvæmdaáætlanir á flestum sviðum menningar-, félags- og atvinnulífs.

Vel hefur tekist til um margar norrænar stofnanir. Má þar nefna Norræna fjárfestingarbankann (NIB) í Helsingfors. Hlutur Íslands í bankanum er 1%, en lántökuhlutfallið á sl. ári nam 13,4%. Á árinu 1989 veitti bankinn íslenskum aðilum samtals lán að upphæð 68,7 milljónum SDR, eða 5,5 milljarða króna. Nefna má Norræna iðnaðarsjóðinn, Norrænan kvikmyndasjóð, Norræna þróunarsjóðinn, Norræna verkefnaútflutningssjóðinn, Norrænan þróunarsjóð fyrir hin vestlægu Norðurlönd, Norrænt fjárfestingarfélag vegna mengunarvarna

o.fl. Auk síðastnefnda sjóðsins er starfandi í Reykjavík Norræna húsið, en það var byggt og er rekið fyrir norrænt fé. Rekstrarkostnaður hússins á norrænu fjárlögunum fyrir árið 1990 nemur 32 milljónum króna og svipaða upphæð kostar að reka Norrænu eldfjallastöðina í Reykjavík. Hér hafa verið tilgreind örfá af ótalmörgum raunhæfum dæmum sem sýna árangur norræns samstarfs.

Fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar fyrir árið 1990 var samþykkt á aukafundi Norðurlandaráðs á Álandseyjum 14. nóvember sl. (sjá fylgiskjal 4). Niðurstaða norrænu fjárlaganna er 678 milljónir danskra króna og nemur hækkun milli ára tæpum 11%. Nokkur síðastliðin ár hafa norrænu fjárlögin hækkað um 3% á ári að raungildi. Þessi sjálfvirka hækkun hefur sætt mikilli andstöðu sumra þjóðanna og hefur nú verið samþykkt að hverfa frá „sjálfvirkri" hækkun norrænu fjárlaganna. Þeirrar tilhneigingar gætir í samstarfi ríkisstjórnanna að endurmeta og endurskoða gagnsemi norrænna stofnana en um 40% fjárlaga er bundið við rekstur þeirra. Jafnvel hefur komið til álita að leggja sumar niður, þótt engin ákvörðun liggi fyrir um það. Stefnan er að auka sveigjanleika í fjárveitingum með hliðsjón af æskilegri forgangsröð verkefna á hverjum tíma.

Dagana 27. febrúar – 2. mars 1990 var 38. þing Norðurlandaráðs haldið í Reykjavík. Eins og vænta mátti urðu umhverfis- og mengunarmál aðalviðfangsefni þingsins, enda lágu fyrir því fimm ráðherranefndartillögur (af tólf), sem allar snertu umhverfismál.

Í almennu umræðunni var áberandi hversu alþjóðamál voru ofarlega á blaði í máli manna. Þótt löng hefð sé fyrir því, að utanríkismál séu ekki tekin til umfjöllunar á þingum Norðurlandaráðs, var sú hefð nú rækilega og eftirminnilega rofin.

Forsætisráðherra Dana gagnrýndi Norðurlandasamstarfið í ljósi nýrra tíma og breyttra aðstæðna í Evrópu. Hann kvað fyrstu áratugina í samstarfinu hafa skilað góðum árangri þegar starfið beindist að lausn verkefna, sem takmörkuðust við hina norrænu „fjölskyldu". Hann spáði því hinsvegar, að á komandi árum yrðu verkefni ráðsins lítilvægari og lítilvægari, vegna þess að alþjóðleg vandamál framtíðarinnar yrðu einungis leyst með þátttöku Norðurlandanna í stærra landfræðilegu og pólitísku samhengi. Ýmsir tóku í sama streng og danski forsætisráðherrann, en aðrir andmæltu, þ.á m. nýkjörinn forseti Norðurlandaráðs, sem taldi fullan vilja þjóðanna vera fyrir hendi til þess að halda samstarfinu áfram og mikill skaði væri, ef menn gæfust upp við að halda fram norrænum viðhorfum og standa vörð um þá þjóðfélagsgerð og þau lífsviðhorf, sem tíðkuðust hjá Norðurlandaþjóðum.

Forseti Norðurlandaráðs upplýsti að forsætisnefndin hefði sett á laggirnar sérstaka skipulagsnefnd undir forsæti Bjarne Mörk Eidem fyrrum sjávarútvegsráðherra og samstarfsráðherra Noregs og eins af forsetum Stórþingsins. Nefndin ætti að kanna alla starfsemi Norðurlandaráðs og gera tillögur um hvað betur mætti fara.

Ráðherranefndartillögur þær, sem voru til umfjöllunar og samþykktar á þinginu, eru:

1) Samningur um gagnkvæma viðurkenningu æðri menntunar.
2) Norrænt fjárfestingarfélag á sviði umhverfismála.
3) Hækkun lánsheimilda verkefnalána (PIL) við Norræna fjárfestingarbankann.
4) Stefnumörkun Norræna vísindaráðsins (FPR).
5) Framkvæmdaáætlun um samstarf á sviði Norðurlandatungna 1990–1995.
6) Breyting á samþykktum Norræna menningarmálasjóðsins.
7) Samstarfsáætlun um bætt vinnuumhverfi.
8) Framkvæmdaáætlun um úrgang og endurvinnslu.
9) Framkvæmdaáætlun um varnir gegn loftmengun.
10) Framkvæmdaáætlun gegn mengun sjávar.
11) Samstarfsáætlun um byggðamál 1990–1994.
12) Endurskoðuð framkvæmdaáætlun um landbúnaðarmál og skógnytjar.

Þess má geta að á vegum Norðurlandaráðs er fyrirhuguð sendiför til Æðstaráðs Sovétríkjanna, í boði Gorbatsjovs, sem hann kom á framfæri í Helsingfors 26. október sl. með það fyrir augum að ræða aukið samstarf þingmanna Sovétríkjanna og Norðurlandaráðs. Af hálfu ráðsins beina menn sjónum einna helst að umhverfismálum, menningarmálum, viðskiptamálum og mannlegum samskiptum.

Samstarfsráðherrarnir hafa lagt áherslu á að kanna möguleika á samvinnu við Eystrasaltsríkin þrjú og hafa veitt fé til forkönnunar á hvort skilyrði væru til þess að stofna norrænar menningar- og upplýsingamiðstöðvar í þessum grannlöndum. Um áform þessi verði haft samráð við ráðherranefnd mennta- og menningarmála.

Norrænt samstarf er orðið svo yfirgripsmikið að það snertir aðeins að takmörkuðu leyti störf utanríkisráðuneytisins. Nokkur breyting varð á þegar utanríkisviðskiptin voru færð til utanríkisráðuneytisins, en á því sviði starfar viðskiptanefnd ráðherranefndarinnar (EK-Handel).

Utanríkisráðherrar Norðurlanda hittast reglulega tvisvar á ári þar sem þeir bera saman bækur sínar og ráða ráðum sínum um stöðu og afstöðu Norðurlandanna á alþjóðavettvangi. Þá er náið og gott samband milli embættismanna ráðuneytanna og starfsbræðra þeirra á Norðurlöndunum og sama gildir um fastanefndir og sendiráð Íslands. Fundur utanríkisráðherranna seinni hluta síðara árs var haldinn á Ísafirði dagana 14.–16. ágúst sl., en fyrri hluta þessa árs fór hann fram í Turku í Finnlandi dagana 6.–7. mars sl.

Skýrsla samstarfsráðherra Norðurlanda 1989 var lögð fyrir Alþingi í febrúar sl. og í janúar sl. lagði Íslandsdeild Norðurlandaráðs skýrslu um störf sín fyrir Alþingi.

Um einstök atriði Norðurlandasamstarfsins á liðnu ári vísast til þessara skýrslna auk þeirra skýrslna, sem Ráðherranefndin og forsætisnefndin gefa árlega út.

(2) Kjarnavopnalaus svæði á norðurslóðum

Á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda í Turku í Finnlandi 6.–7. mars sl. var ráðherrunum gefin skýrsla um störf norrænu embættismannefndarinnar, sem fjallað hefur um forsendurnar fyrir kjarnavopnalausu svæði á norðurslóðum. Á þeim tíma, sem liðinn er frá Ísafjarðarfundi ráðherranna í ágúst sl., hefur nefndin einkum fjallað um afmarkaða þætti hugsanlegs svæðisfyrirkomulags.

Nefndin hefur lokið fyrstu yfirferð yfir drög að köflum um skyldur ríkja innan svæðisins og hliðarráðstafanir, ásamt drögum um fyrirkomulag kjarnavopnalauss svæðis á Eystrasalti. Einnig hefur hún haldið áfram vinnu að kafla um hið víðara evrópska samhengi, skuldbindingar kjarnaveldanna gagnvart ríkjum innan hugsanlegs kjarnavopnalauss svæðis og landfræðilega afmörkun svæðisins.

Vinnu embættismannanefndarinnar hefur miðað með fullnægjandi hætti. Ógerlegt er hins vegar, eins og fram kom í umræðum um efnið á Alþingi 7. desember sl., að slá því á þessu stigi föstu hvenær vænta megi endanlegrar niðurstöðu af starfi hópsins. Ástæður fyrir þessu eru einkum tvær.

Í fyrsta lagi er atburðarásin í alþjóðamálum nú með þeim hætti að erfitt er að einangra einstök viðfangsefni í öryggismálum og leiða þau til lykta án tillits til pólitískra aðstæðna í víðara evrópsku samhengi. Verkefni vinnuhópsins er að kanna forsendur fyrir kjarnorkuvopnalausu svæði á norðurslóðum. Með því að samskipti austurs og vesturs hafa afgerandi áhrif á forsendur kjarnorkuvopnalauss svæðis er augljóslega varhugavert að reyna að draga saman niðurstöður af starfi hópsins fyrr en séð er fyrir endann á þeim miklu breytingum sem nú eru í gerjun. Á þessari stundu skal hins vegar ósagt látið hvort hinar öru breytingar í alþjóðastjórnmálum sem heimurinn verður vitni að þessa dagana, muni hafa áhrif til þess að flýta eða tefja störf vinnuhópsins um kjarnorkuvopnalaust svæði.

Í öðru lagi er skylt að taka tillit til þess að í erindisbréfi hópsins er kveðið á um að hann skuli í störfum sínum m.a. taka mið af skuldbindingum Norðurlandanna þriggja í Atlantshafsbandalaginu annars vegar og hinna tveggja sem hlutlaus eru hins vegar. Af þessu leiðir að þræða þarf öngstigi milli ólíkra sjónarmiða í öryggis- og varnarmálum, sem útheimtir hvort tveggja tíma og þolinmæði. Þrátt fyrir að vel hafi miðað í störfum hópsins til þessa, er nauðsynlegt að hafa í huga að ýmis úrlausnarefni eru enn óleyst.

VII Samvinna á vettvangi Atlantshafsbandalagsins og staða Íslands í ljósi breyttra kringumstæðna

Enginn vafi leikur á að samstaða Atlantshafsbandalagsins á undanförnum árum hefur átt stóran þátt í því að horfur á varanlegum friði í Evrópu eru nú betri en þær hafa verið um langt skeið. Undanfarna tvo áratugi hefur bandalagið haft það meginmarkmið að leiðarljósi að tryggja öryggi aðildarríkjanna með traustum vörnum annars vegar og pólitískum viðræðum til að draga úr spennu hins vegar.

Sú friðvænlega þróun, sem átt hefur sér stað í samskiptum austurs og vesturs, hefur skapað ný tækifæri á sviði pólitískrar og efnahagslegrar samvinnu, jafnframt því sem dregið hefur úr viðsjám og tortryggni, sem leitt hafa á undanförnum áratugum til síaukins vígbúnaðar. Í framhaldi af því hafa mörg ríkja Atlantshafsbandalagsins nú ákveðið að endurmeta varnarþörfina. Þegar til langs tíma er litið, er nauðsynlegt að Íslendingar geri sér einnig far um að meta áhrif þróunar í varnarmálum á öryggismál í okkar heimshluta. Í þessum kafla verður gerð grein fyrir samvinnu Íslendinga á vettvangi Atlantshafsbandalagsins og afleiðingum breyttra kringumstæðna fyrir íslenska öryggishagsmuni. Í næsta kafla mun síðan verða fjallað sérstaklega um starfsemi tengda varnarsvæðum og varnarstöð Atlantshafsbandalagsins.

(1) Samvinna á vettvangi Atlantshafsbandalagsins

(1.1) Pólitísk samráð og samskipti

Atburðir í austurhluta Evrópu hafa gert að verkum að samráð ríkja Atlantshafsbandalagsins hafa mjög færst í aukana að undanförnu. Á liðnu ári voru haldnir tveir leiðtogafundir bandalagsins, auk funda utanríkis- og varnarmálaráðherranna. Útlit er fyrir að pólitísk samráð verði áfram náin á árinu 1990, þar sem ný viðfangsefni í alþjóðamálum krefjast úrlausnar. Verða afvopnunarmál, framtíðarhlutverk Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu og sameining þýsku ríkjanna vafalítið efst á baugi.

(1.1.1) Leiðtogafundir í maí og desember 1989

Á liðnu ári minntust bandalagsþjóðirnar þess, að 40 ár eru liðin frá stofnun Atlantshafsbandalagsins. Þessara tímamóta var sérstaklega minnst á leiðtogafundi bandalagsins 29.–30. maí sl. Á fundinum voru teknar ákvarðanir um fjögur umfangsmikil mál: tillögur um fækkun í hefðbundnum herjum í Evrópu, skammdræg kjarnavopn bandalagsins, samræmda stefnu bandalagsins um takmörkun vígbúnaðar og afvopnun og síðast en ekki síst pólitísk langtímamarkmið bandalagsins.

Tillögur þær um fækkun í hefðbundnum herjum í Evrópu, sem samkomulag varð um á leiðtogafundinum í maí, mörkuðu grundvöll málatilbúnaðar ríkja Atlantshafsbandalagsins í CFE-viðræðunum í Vín, sem fjallað var um í kafla III (2) hér að framan. Tillögurnar fjölluðu um gagnkvæma fækkun og jafnvægi á sviði skriðdreka, stórskotaliðs og brynvarinna farartækja, en auk þess var samþykkt í fyrsta sinn að taka orrustuþotur og þyrlur með í viðræðunum. Lagt var til, ennfremur, að fækkað yrði í hersveitum Bandaríkjanna í Vestur-Evrópu og hersveitum Sovétríkjanna í Mið- og Austur-Evrópu, en samkomulag Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins, sem náðist um það efni í Ottawa í febrúar sl. gengur þó mun lengra. Loks var ákveðið að stefnt skyldi að undirritun CFE-samkomulags á miðju árinu 1990 og að samkomulagið skyldi hafa komið til fullra framkvæmda ekki síðar en á árinu 1993.

Verulegar umræður spunnust á fundinum um framtíð skammdrægra kjarnavopna (SNF) bandalagsins á meginlandi Evrópu. Samkomulag varð um að ekki bæri að stefna að samningaviðræðum um fækkun eða útrýmingu skammdrægra kjarnavopna fyrr en framkvæmd samkomulags um hefðbundin vopn yrði vel á veg komin. Fallist var á að fresta ákvörðun um endurnýjun Lance-eldflaugarinnar til ársins 1992 og Sovétríkin jafnframt hvött til að fækka sínum skammdrægu kjarnavopnum einhliða, en yfirburðir Sovétríkjanna á þessu sviði eru enn gífurlegir.

Samræmd stefna Atlantshafsbandalagsins um takmörkun vígbúnaðar og afvopnun, sem samþykkt var á leiðtogafundinum, á rætur að rekja til ákvörðunar utanríkisráðherra bandalagsins í Reykjavík sumarið 1987. Með samræmdu stefnunni hefur Atlantshafsbandalagið í höfuðatriðum markað sér ákveðna stefnu í vígbúnaðar og afvopnunarmálum á næstu árum, en með þeim fyrirvara þó að breyttar aðstæður krefjist sveigjanleika í tillögugerð, t.d. hvað varðar frekari áfanga (sjá fylgiskjal 9).

Yfirlýsing leiðtogafundarins í maí sl. hlýtur að teljast eitt merkasta skjal, sem bandalagið hefur sett fram um alllangt skeið. Yfirlýsingin lýsir staðföstum vilja bandalagsins til að greiða fyrir og aðlaga sig þeim breytingum, sem nú eru að eiga sér stað í austurhluta Evrópu og binda þannig endi á hina óeðlilegu skiptingu álfunnar, sem varað hefur frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Þar er m.a. fjallað um hlutverk efnahagssamvinnu í bættri sambúð austurs og vesturs og nauðsyn aukinnar samvinnu á sviði umhverfismála. Voru Íslendingar í hópi hvatamanna að því að síðastnefndum málaflokki voru gerð ítarleg skil í yfirlýsingunni.

Í byrjun desember sl. komu leiðtogar Atlantshafsbandalagsins saman í Brussel á ný til að hlýða á Bush Bandaríkjaforseta skýra frá niðurstöðum fyrsta fundar hans í embætti forseta með Gorbatsjov, leiðtoga Sovétríkjanna. Leiðtogarnir ræddu einnig framtíðarsamskipti austurs og vesturs í ljósi áframhaldandi umróts og breytinga í Mið- og Austur-Evrópu. Í því sambandi áréttuðu þeir m.a. mikilvægi þess að efla efnahagsleg samskipti, þar sem traust efnahagslíf væri grundvöllur þess pólitíska endurreisnarstarfs, sem biði ráðamanna í viðkomandi ríkjum.

(1.1.2) Utanríkisráðherrafundurinn í desember 1989

Á fundi sínum um miðjan desember sl. fjölluðu utanríkisráðherrar bandalagsins frekar um þau verkefni, sem bíða bandalagsins á næstunni. Einkum var fjallað um samræmingu þeirrar aðstoðar, sem nauðsynleg er til endurreisnar efnahags og atvinnulífs í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Á fundinum var auk þess minnt á mikilvægi EFTA-samstarfsins fyrir vesturevrópska efnahagssamvinnu. Loks voru samþykktar á fundinum tillögur um höfuðþætti væntanlegs samkomulags um opnun lofthelgi, en hugmyndin að opnun lofthelgi var fyrst sett fram af Bush Bandaríkjaforseta á leiðtogafundinum í maí sl.

(1.1.3) Takmörkun vígbúnaðar og traustvekjandi aðgerðir á höfunum

Í pólitískum umræðum innan bandalagsins á sl. ári höfðu Íslendingar frumkvæði að því að beina athyglinni að traustvekjandi aðgerðum og takmörkun vígbúnaðar á höfunum. Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í lok maímánaðar gerði utanríkisráðherra formlega grein fyrir áhuga Íslendinga á þessum málaflokki og hvatti til þess að bandalagið kannaði með kerfisbundnum hætti hvernig skynsamlegast væri að standa að samningum um traustvekjandi aðgerðir og takmörkun vígbúnaðar á höfunum. Ísland var fyrst aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins til að lýsa formlega yfir stuðningi við að afvopnunarviðræður næðu til vígbúnaðar í höfunum, með meir afgerandi hætti en nú er raunin. Síðan hafa æ fleiri bandalagsríki sýnt málinu áhuga með þeim afleiðingum að aukinni athygli hefur verið beint að þessum málaflokki innan bandalagsins að undanförnu.

Málflutningur Íslendinga hefur í meginatriðum byggt á því að stefna bæri að samningaviðræðum um traustvekjandi aðgerðir og takmörkun vígbúnaðar, sem næðu einnig til

hafsvæða, að loknum viðræðum um fækkun hefðbundinna vopna í Evrópu. Á það hefur verið lögð áhersla, að í ljósi þess að gera megi ráð fyrir að samningar takist á yfirstandandi ári, sé nauðsynlegt að hefja athuganir og umræðu innan bandalagsins, enda um að ræða einn þátt vígbúnaðar, sem ekki hefur verið á dagskrá, nema að takmörkuðu leyti. Þar sem aðstæður á höfunum væru gerólíkar aðstæðum á landi, væri tímabært að hefja kerfisbundna athugun á málinu.

Atlantshafsbandalagsríkin eru mun háðari höfunum en Sovétríkin, sem eru fyrst og fremst landveldi. Norður-Atlantshafið tengir Bandaríkin og Kanada við ríki Vestur-Evrópu. Flutningaleiðir yfir hafið þjóna því svipuðum tilgangi fyrir Atlantshafsbandalagið og vega- og járnbrautakerfi fyrir Sovétríkin. Afleiðing þessara landfræðilegu staðreynda er sú, að Atlantshafbandalaginu er nauðsyn að halda uppi herstyrk, sem tryggt getur flutningaleiðirnar milli Norður-Ameríku og Evrópu. Þá ber jafnframt að gæta þess að höfin eru alþjóðlegt hafsvæði og þar ráða ekki landamæri til um pólitísk áhrif heldur getur herstyrkur skipt miklu þar um.

Það er í ljósi þessara landfræðilegu staðreynda, sem í málflutningi Íslendinga hefur verið lögð á það áhersla, að samningar sem taka til vígbúnaðar í höfunum verði að taka mið af því hversu ríki eru háð höfunum í mismiklum mæli.

Þá hafa Íslendingar jafnframt lagt á það áherslu, að samningar verði að taka tillit til hinnar aldagömlu hefðar um frelsi til siglinga um úthöfin. Það er ekki í þágu íslenskra hagsmuna að samið verði um traustvekjandi aðgerðir á höfunum, sem brjóta gegn þessari aldagömlu hefð.

Afstaða Íslendinga er í fullu samræmi við þá forgangsröðun verkefna, sem samþykkt var á leiðtogafundinum á síðasta ári. Samræmd stefna bandalagsins gerir ráð fyrir, að árangur í samningum um hefðbundin vopn í Evrópu geri bandalaginu kleift að beina athyglinni að frekari fækkun á sviði kjarnavopna sem og hefðbundinna vopna.

Sjóherir eru ekki á dagskrá samningaviðræðna hinna 23 ríkja bandalaganna tveggja um hefðbundin vopn í Vín. Þeir koma hins vegar við sögu í samningaviðræðum hinna 35 þátttökuríkja CSCE um traustvekjandi aðgerðir, sem einnig fara fram í Vín. Erindisbréf viðræðnanna, sem samþykkt var í Madrid 1983 sníður traustvekjandi aðgerðum á höfunum hinsvegar þröngan stakk, þar sem einungis starfsemi sjóherja, sem beinlínis tengist tilkynningaskyldum æfingum á landi, eru viðfangsefni samningaviðræðnanna.

Formlegur tillöguflutningur á þessu stigi málsins getur því einungis verið innan þess ramma, sem erindisbréf Vínarviðræðnanna kveður á um. Greinilegt er að erindisbréfið gefur svigrúm til að styrkja ákvæði Stokkhólmsskjalsins um æfingar landgöngusveita. Það mætti jafnframt færa rök fyrir því að upplýsingaskipti um sjóheri og málþing um sjóhernað gætu samræmst erindisbréfinu. Málþing um sjóhernað gæti verið mikilvægur vettvangur til að efla gagnkvæman skilning á hugmyndum þátttökuríkja CSCE um sjóhernað sem og nauðsynlegur áfangi, til að koma á samningaviðræðum um traustvekjandi aðgerðir á höfunum.

Þótt formlegur tillöguflutningur geti enn sem komið er aðeins verið innan ramma Vínarviðræðnanna þýðir það ekki að málflutningur Íslendinga verði takmarkaður við þær. Megináhersla verður lögð á að vinna hugmyndum um traustvekjandi aðgerðir og takmörkun vígbúnaðar á höfunum fylgi og stuðla að því, að samningaviðræður nái til hafsvæða. Hagsmunir Íslendinga varða ekki síst kjarnorkuvígbúnað í norðurhöfum og á það hvort sem er við um kjarnorkuvopn eða kjarnorkubáta.

Á vegum utanríkisráðuneytisins verður á þessu ári áfram unnið að athugunum á traustvekjandi aðgerðum og afvopnun á höfunum og miðað að því að vinna hugmyndum fylgi innan Atlantshafsbandalagsins, í tvíhliða viðræðum við aðildarríki og á öðrum vettvangi. Ekki er ólíklegt að eftir að gengið hefur verið frá samningum um hefðbundin vopn í Evrópu verði afvopnunarmálin tekin til athugunar í heild sinni, þ.á m. vígbúnaður á höfunum.

Hagsmunir Íslendinga lúta ekki einungis að öryggi hafsvæða séð frá hernaðarlegu sjónarmiði, heldur einnig að verndun hafsins fyrir geislavirkum efnum, ekki síst hvað varðar slysahættu vegna kjarnorkukafbáta. Nánar er rætt um það starf, sem unnið er að á því sviði, í kafla um Alþjóðakjarnorkumálastofnunina.

(1.1.4) Annað

Haldið var upp á fertugsafmæli Atlantshafsbandalagsins með sérstakri hátíðarsamkomu í Reykjavík 8. apríl sl. Áhugafélög stóðu að undirbúningi samkomunnar og fluttu formenn þeirra stjórnmálaflokka, sem studdu aðild Íslands að bandalaginu, ávörp við það tækifæri.

Yfirmaður Atlantshafsflota bandalagsins (SACLANT), Frank B. Kelso, yfirflotaforingi, kom í opinbera heimsókn til Íslands 18. september sl. Formaður bandarískra herráðsins, William J. Crowe, yfirflotaforingi, hafði viðkomu á Íslandi 27. júní sl. á leið sinni frá Sovétríkjunum og átti hann viðræður við forsætisráðherra og utanríkisráðherra.

Fjarskiptanefnd Atlantshafsbandalagsins (CCPC) hélt aðalfund í Reykjavík 15.–19. maí sl. Forstjóri Fjarskiptatæknistofnunar bandalagsins, Eckersley-Maslin, heimsótti Ísland 11.–14. september sl.

Svo sem Alþingi er kunnugt, hefur SACLANT farið þess á leit að framkvæmd verði hér á landi forkönnun vegna hugsanlegrar varaflugvallargerðar. Eins og áður hefur verið gerð grein fyrir, verður tekin afstaða til þessarar beiðni, þegar tímabært er. Verður þess vandlega gætt, að engir íslenskir hagsmunir verði fyrir borð bornir í þessu máli.

(1.2) Vísindasamstarf og umhverfisvernd

Atlantshafsbandalagið veitir ár hvert ríflega styrki til vísindarannsókna. Árið 1989 nam sú upphæð um 1,6 milljörðum ísl. kr. Alls var fimmtán íslenskum vísindamönnum úthlutað styrkjum árið 1989 og nam heildarupphæðin, sem í hlut þeirra kom, 3.250.000 ísl. kr. (sjá fylgiskjal 5).

Styrkveitingar þessar hófust árið 1958 og eru þær liður í þeirri starfsemi bandalagsins, sem gengur undir nafninu „þriðja víddin". Svo er það samstarf bandalagsþjóðanna nefnt, sem fellur utan samvinnu um hervarnir og miðar það að því að efla tengsl milli bandalagsþjóðanna á sviði tækni og vísinda annars vegar og menningar og umhverfismála hins vegar.

Á liðnu ári voru umhverfisverndarmál reglubundið til umræðu innan bandalagsins. Helgaðist það einkum af auknum alþjóðlegum áhuga á þessum málaflokki og vaxandi skilningi á þörf þess fyrir bandalagið að taka höndum saman um lausn sameiginlegra vandamála, sem fallið hafa utan ramma hefðubundinna pólitískra samráða og samvinnu í öryggis- og varnarmálum.

Umhverfisverndarmálin hafa allt frá árinu 1969 verið í höndum sérstakrar nefndar bandalagsins, sem fæst við úrlausnarefni nútímaþjóðfélags (CCMS). Meðal þeirra þrjátíu rannsóknarverkefna, sem nefndin hefur gert skil frá upphafi, má nefna loftmengun, drykkjarvatnsmengun, skógarelda, næringu og heilsufar, jarðskjálfta, losun úrgangs, umferðaröryggi, sólarorku o.fl. Á síðasta ári lögðu Íslendingar sérstaka áherslu á aukið samstarf bandalagsríkjanna á sviði varna gegn sjávarmengun, einkum af völdum geislavirkni. Málflutningi Íslendinga var vel tekið og lýstu mörg aðildarríkjanna áhuga á að ræða frekar innan nefndarinnar þau vandamál, er steðja að fiskveiðiþjóðum og strandríkjum vegna mengunar úthafa.

(2) Staða Íslands í ljósi breyttra kringumstæðna

Engum getur blandast hugur um að hinir heimssögulegu viðburðir á meginlandi Evrópu hafa bæði bein og óbein áhrif á íslensk öryggismál. Hrun kommúnismans og upplausn í röðum Varsjárbandalagsins gerir að verkum að pólitískar forsendur fyrir beitingu hervalds af hálfu

Sovétmanna gegn vestrænum ríkjum eru tæpast fyrir hendi. Umfangsmikill niðurskurður hefðbundinna herja í Mið-Evrópu, ásamt brottkvaðningu herja Sovétmanna frá ríkjum Mið- og Austur-Evrópu, mun einnig hafa umtalsverð áhrif í þá átt að draga úr hættunni á ófriði.

Þegar reynt er að meta áhrif þessarar þróunar á stöðu Íslands, er nauðsynlegt að hafa í huga, að þrátt fyrir að afgerandi breytingar í stjórnmálum Evrópu hafi átt sér stað, getur reynst erfitt að spá fyrir um framtíðarþróunina í einstökum ríkjum Austur-Evrópu. Á það ekki síst við um Sovétríkin. Jafnframt er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir að veigamestu breytingarnar, sem vænta má næstu árin, eiga eftir að koma til framkvæmda. Á það einkum við um niðurskurð hefðbundinna vopna í kjölfar CFE-samninga. Það ríkir m.ö.o. eins konar millibilsástand. Kalda stríðið hefur runnið sitt skeið, en það sem tekur við, hefur ekki tekið á sig endanlega mynd. Hernaðarlega blasir enn við í öllum meginatriðum sú uppbygging, sem varð til á tíma kalda stríðsins. Í samanburði við það er stjórnmálaþróunin komin mun lengra.

Á tímum óvissu í alþjóðamálum hljóta Íslendingar að fara að öllu með gát og gæta þess að rasa ekki um ráð fram, þegar um öryggismál þjóðarinnar er að tefla. Staða Íslands mun skýrast mjög á næstu árum og gefa tilefni til raunhæfara mats en nú er mögulegt. Nauðsynlegt er hins vegar fyrir Íslendinga að skyggnast fram á við, þó slíkt verði að gera með fyrirvara um að forsendur, sem gengið er út frá, geti breyst.

Auðsýnt er, að væntanlegur CFE-samningur mun hafa í för með sér að yfirburðastyrk Varsjárbandalagsins til skyndiárása og hernáms landsvæða á meginlandinu verður eytt. Einnig mun sá aðvörunartími, sem aðildarríki Atlantshafsbandalagsins hafa til að svara hugsanlegri árás, aukast verulega, þar sem Sovétríkin kæmu til með að þurfa að flytja liðsauka til hernaðaraðgerða í Vestur-Evrópu lengri leið. Samdráttur á sviði hefðbundins herafla í Evrópu mun því tvímælalaust draga verulega úr þeirri hernaðarógn, sem Atlantshafsbandalagið hefur staðið frammi fyrir.

Hin hraða þróun í stjórnmálum Evrópu hefur fram til þessa að mestu verið stöðug og friðsamleg. Auðvitað er engan veginn tryggt að svo verði áfram. Miklar og örar breytingar geta skyndilega ógnað stöðugleika með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Um þessar mundir er þó ekkert sem bendir til að stöðugleika sé ógnað. Eðlilegt er því að gera ráð fyrir að þróunin haldi áfram í núverandi farvegi.

Haldi stjórnmálaþróuninni í Evrópu fram sem horfir, er ljóst að það öryggiskerfi, sem hefur verið við lýði í Evrópu mestallan tímann frá stríðslokum, mun taka verulegum breytingum. Hverjar þær breytingar verða í einstökum atriðum er ekki tímabært að segja fyrir um. Gera má þó ráð fyrir að vægi pólitískra þátta muni aukast, jafnframt því sem dregið verði úr hernaðarlegum þáttum. Í reynd er sú þróun hafin, ekki síst með þeim afvopnunarsamningum, sem væntanlega verður gengið frá á þessu ári. Einnig er ljóst, að þrátt fyrir að Varsjárbandalagið kunni að verða áfram við lýði að forminu til, er ekki lengur hægt að líta á það sem sameinað afl.

Þrátt fyrir mikinn niðurskurð í vopnabúnaði, verða hervarnir eftir sem áður veigamikill þáttur í öryggiskerfi ríkja Evrópu. Jafnvel þótt ekkert ríkja álfunnar teldi ástæðu til að óttast fyrirætlanir annars ríkis á sviði hernaðar, er mannkynssagan til vitnis um að hagsmunaárekstrar og pólitískur óstöðugleiki gera ekki ætíð boð á undan sér. Einnig kunna fyrirætlanir að breytast með litlum fyrirvara.

Höfuðástæða þess að Íslendingar gengu í Atlantshafsbandalagið og gerðu varnarsamninginn við Bandaríkin var sú, að þeir gerðu sér grein fyrir að landið hafði öðlast hernaðarlegt mikilvægi, sem ekki var hægt að sniðganga. Einhver veigamesti þáttur þessa mikilvægis var staða landsins gagnvart flutningaleiðunum yfir Atlantshafið. Aðstaða hér á landi er áhrifamikil, hvort sem er til varnar flutningaleiðunum eða sóknar gegn þeim. Á þessu hefur engin breyting orðið.

Staða Íslands og hernaðarlegt mikilvægi ræðst því að miklu leyti af mikilvægi flutningaleiðanna. Vegna mikilvægis liðs- og birgðaflutninga frá Norður-Ameríku til Evrópu á hættu- eða ófriðartímum eru flutningaleiðirnar lífæð Atlantshafsbandalagsins (sjá fylgiskjal 6).

Hnattstaða Íslands gerir það að verkum, að við niðurskurð og samdrátt í herafla Atlantshafsbandalagsins á meginlandi Evrópu kann mikilvægi liðsaukaflutninga frá Bandaríkjunum og Kanada á hættu- og ófriðartímum að aukast vegna hins landfræðilega mismunar á bandalögunum tveimur. Frá landamærum Sovétríkjanna eru nokkur hundruð kílómetrar til Vestur-Evrópu. Frá austurströnd Bandaríkjanna til Evrópu skipta þeir nokkrum þúsundum.

Öryggi siglingaleiðanna verður að skoða í ljósi þess herstyrks, sem beint er gegn þeim. Sovéski flotinn í norðurhöfum, ekki síst hinn kjarnorkuknúni floti árásarkafbáta, hefur löngum verið helsta ógnin við siglingaleiðirnar. Ekki verður framhjá því litið að ekki virðist fullkomið samræmi milli þeirrar þróunar, sem nú á sér stað í vígbúnaðarmálum í Mið-Evrópu, og áframhaldandi endurnýjunar og uppbyggingar sovéska Norðurflotans á Kola-skaga. Þótt dregið hafi úr hernaðarumsvifum flotans og töluverður fjöldi eldri skipa og kafbáta hafi verið tekinn úr umferð, hefur, vegna endurnýjunar og uppbyggingar, ekki dregið úr hernaðarlegum styrk hans nema síður sé. Einnig eru æfingar flotans í Barentshafi markvissari og tíðari en áður. Fyrirhuguð viðbót nýs 65.000 tonna flugmóðurskips við Norðurflotann árið 1992–1993 er dæmi um slíka uppbyggingu.

Af ofangreindu má ráða að þær breytingar, sem orðið hafa og eru um það bil að eiga sér stað á sviði öryggis- og varnarmála í Evrópu, gefi Íslendingum ekki tilefni til að hrófla við því fyrirkomulagi, sem þeir hafa stuðst við í öryggis- og varnarmálum undanfarna áratugi. Um varnarstöð Atlantshafsbandalagsins verður fjallað í kaflanum hér á eftir.

VIII Starfsemi tengd varnarsvæðum og varnarstöð Atlantshafsbandalagsins

Markmið Íslendinga í öryggis- og varnarmálum er að tryggja fullveldi, frelsi og sjálfsákvörðunarrétt þjóðarinnar og stuðla að jafnvægi og friði í þessum heimshluta með þátttöku í varnarsamstarfi vestrænna þjóða og vinsamlegum samskiptum við aðrar þjóðir. Aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningurinn við Bandaríkin frá 1951 eru grundvöllur öryggismálastefnu Íslands, sem byggt verður á nú á tímum örra breytinga á Austur-Evrópu.

(1) Varnarmálaskrifstofa

Varnarmálaskrifstofa fer með þau málefni, er varða framkvæmd varnarsamningsins og öll samskipti við varnarliðið. Á undanförnum árum hefur skrifstofan fengið aukin verkefni við að leggja mat á varnarþörf landsins og aukna þátttöku í samstarfi hermálanefndar Atlantshafsbandalagsins og þeirra aðila bandalagsins, sem fara með öryggismál á Atlantshafi.

Varnarmálaskrifstofa fer með yfirstjórn ríkisstofnanna á varnarsvæðum og eftirlit með verktökum og þjónustuaðilum, sem starfa á varnarsvæðum.

(2) Ríkisstofnanir á varnarsvæðum

(2.1) Lögreglustjóraembættið

Á árinu 1989 var fækkað um 13 stöðugildi hjá embættinu vegna sparnaðarráðstafana stjórnvalda og fækkaði starfsliði úr 92 í 79. Þessar breytingar tóku gildi hinn 1. nóvember. Vegna þessara aðgerða varð m.a. að fækka um 5 stöðugildi samtals í tollgæslu og löggæslu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, og fækka vöktum á öðrum stöðum. Varnarliðið endurgreiðir 12 stöðugildi í lögreglu vegna eftirlitshlutverka, sem snúa að varnarliðinu, og Fríhöfnin og verktakar endurgreiða tvö stöðugildi í tollgæslu.

Innheimta þinggjalda fluttist á árinu yfir til Gjaldheimtu Suðurnesja, en innheimta ýmissa gjalda til ríkissjóðs nam samtals 126 milljónum króna á árinu.

Rekstrarútgjöld embættisins verða sem næst 198 milljónir króna, sem er u.þ.b. 4% hækkun frá árinu á undan, en launagjöld hækka þó aðeins um 3.3% milli umræddra ára.

(2.2) Flugmálastjórn

Á árinu 1989 fóru samtals 658.096 farþegar um Keflavíkurflugvöll, en 736.199 árið áður eða 10.6 af hundraði færri. Skiptingin var þannig, að úr landi fóru 262.651 eða 1.36 af hundraði færri en á árinu 1988, en þá fóru 266.264 farþegar úr landi. Viðkomufarþegar (transit) voru alls 135.938 árið 1989 en voru 203.867 árið 1988, og er það fækkum um 33.3 af hundraði. Árið 1989 komu 259.507 farþegar til landsins eða 2.47 af hundraði færri en árið 1988, en þá komu 266.077 farþegar hingað. Fækkun viðkomufarþega er vegna samdráttar í Ameríkuflugi Flugleiða hf.

Farþegum fjölgaði að meðaltali um 6.6 af hundraði á tímabilinu 1980–1989. Það er í samræmi við langtímaspá flugvallaryfirvalda, sem gerir ráð fyrir 6 af hundraði meðaltalsfjölgun milli ára.

Á árinu 1989 voru flutt með flugvélum 7.741 tonn af vörum úr landi á móti 5.476 árið áður, eða 41.37% aukning. Til landsins voru flutt 5.199 tonn á móti 6.113 tonnum í fyrra og var því 15% samdráttur frá því í fyrra.

Þróun í vöruflutningum á tímabilinu 1988–1989 hefur verið á þann veg að aukning flutninga úr landi hefur að jafnaði verið 42% og til landsins 10% að meðaltali.

Í ársbyrjun 1989 hóf Bandaríska flugfélagið Flying Tigers (síðan Federal Express) áætlunarflug milli Íslands og annara landa á flugleiðinni V-Evrópa/SA-Asía. Félagið flutti 435.5 tonn af vörum úr landi og 211.3 tonn til landsins í 49 ferðum á árinu.

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri voru heildartekjur Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli kr. 173 milljónir á árinu 1989. Þar af námu lendingargjöld kr. 166 milljónum. Rekstrargjöld voru kr. 119 milljónir, þar af launakostnaður 91 milljónir. Skil til ríkissjóðs voru 32 milljónir króna.

Á árinu 1989 störfuðu nær sexhundruð fastráðnir starfsmenn við almenna flugstarfsemi á Keflavíkurflugvelli hjá innlendum stofnunum og fyrirtækjum. Um háannatímann var starfsmannafjöldi hátt á áttunda hundrað. Starfsmönnum hefur fækkað frá því í fyrra vegna samdráttar og hagræðingar hjá hinum ýmsu stofnunum og fyrirtækjum.

(2.3) Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri voru heildartekjur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar kr. 316.235.000 á árinu 1989. Þar af var húsaleiga kr. 234.667.000 og endurgreiddur húsnæðiskostnaður (rafmagn, hiti, ræsting) kr. 49.270.000. Rekstrargjöld voru kr. 357.306.000, þar af viðhald kr. 21.167.000 og fjármagnskostnaður kr. 260.722.000. Mismunur (halli) var kr. 41.071.000. Í þessar tölur vantar uppreikning lána (gengishækkun lána til 31. des. 1989) og áfallinn fjármagnskostnað (til 31. des. 1989, sem kemur til greiðslu 1990), auk afskrifta.

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1990 eru tekjur og gjöld áætluð sem hér segir:

Heildartekjur kr. 464.730.000. Rekstrargjöld samtals kr. 554.550.000, þar af afskriftir kr. 99.840.000. Rekstrarhalli kr. 89.820.000. Hagnaður án afskrifta kr. 10.020.000. Afborgun lána kr. 10.020.000. Áætluð fjárvöntun í fjárlögum er engin, en í fjárlagafrumvarpi var gert ráð fyrir fjárvöntun að fjárhæð 88.500.000.

Fyrirsjáanlegt er, að flugstöðin verður rekin með halla á komandi árum, nema til komi nýir tekjustofnar, ef ekki reynist unnt að hækka þá sem fyrir eru. Unnið er að lausn þessa vanda í samráði við fjármálaráðuneytið.

Tilkoma nýju flugstöðvarinnar hefur með ýmsum óbeinum hætti haft áhrif til aukinnar tekna ríkissjóðs. Sem dæmi um þetta jókst velta Fríhafnarverslunarinnar úr USD 14.400.000 árið 1986 (síðasta heila árið í gömlu flugstöðinni) í USD 25.400.000 árið 1988 (fyrsta heila árið í nýrri flugstöð) eða um 90%. Á sama tíma fjölgaði farþegum um 22%.

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1990 og flugmálaáætlun er gert ráð fyrir að flugvallartekjur vegna millilandaflugs á Keflavíkurflugvelli verði samtals 1.127.902 þús. kr. Meginhluti þessara tekna fer til annarra þarfa en rekstrar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun tekna og hvernig þeim er ráðstafað:

Flugvallartekjur	Heild	þar af beint til ríkissjóðs	Þar af til rekstrar vallarins	Þar af til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar
	þús	þús.	þús.	þús.
Lendingargjöld	212.580	62.590	138.732	21.258
Hagnaður Fríhafnar	308.600	308.600	0	0
Farþega- og eldsneytisgjöld	291.782	291.782	0	0
Húsaleiga (þ.m.t. innritunargjald)	314.940	0	0	314.940
Samtals	1.127.902	652.972	138.732	336.198

* Til uppbyggingar flugvallarmannvirkja utan Keflavíkurflugvallar (flugmálaáætlun).

Ennfremur er rétt að vekja athygli á að Miðneshreppur innheimtir fasteignaskatt af flugstöðinni. Álagður fasteignaskattur er 17.488 þús. kr. árið 1989, sem er 0,75% af fasteignamati. Miðneshreppur telur sér heimilt að innheimta fasteignaskatt, sem nemur 1,25% af fasteignamati.

Nýlega var gerð könnun á innheimtu fasteignaskatta af flugstöðvum í eigu ríkisins í nágrannalöndunum. Niðurstaða leiddi í ljós að fasteignaskattur er ekki innheimtur á hinum Norðurlöndunum og í V-Þýskalandi.

Byggingarframkvæmdum lauk að miklu leyti 1989. Í fjárlögum fyrir árið 1989 (flugstöð á Keflavíkurflugvelli, nýbygging) var lántökuheimild að upphæð kr. 350 milljónir vegna fjárfestingar og afborgunar lána. Helstu framkvæmdir voru: Hitaveita, heimaæð kr. 85 milljónir, 340 bílastæði, kr. 28 milljónir, frágangur lóðar kr. 11.235.000, útilistaverk „Regnboginn" kr. 31.250.000 og flóðlýsing flughlaðs 11 milljónir króna.

(2.4) Ráðingarskrifstofa

Ráðingarskrifstofa varnarmálaskrifstofu hefur með höndum starfsmannamál, þ.á m. ráðningu starfsfólks varnarliðsins. Á árinu 1989 voru ráðnir 310 menn til starfa hjá varnarliðinu, en 314 hættu störfum. Íslenskir starfsmenn hjá varnarliðinu hinn 1. janúar 1990 voru samtals 1099 talsins og hafði fækkað um fjóra á árinu. Starfsmenn ráðningarskrifstofu eru tveir.

Fjöldi íslenskra starfsmanna hjá varnarliðinu skiptist þannig eftir starfsgreinum:

Starfsgreinar	karlar	konur	alls
Stjórnun	97	19	116
Verkstjórn	85	13	98
Slökkvil. og snjóruðn.	149	2	151
Iðnaðarstörf	184	5	189
Skrifst.og versl.störf	87	160	274
Almennt verkafólk	72	179	251
Verkfræðingar og tæknim.	40	0	40
Símavarsla	0	7	7
Alls	714	385	1099

(2.5) Fríhöfnin

Heildarvelta Fríhafnarinnar á síðasta ári var um kr. 1.260 milljónir og hafði þá aukist milli ára um 15 af hundarði. Heildarvelta í dollurum var aftur á móti 17% lægri en á árinu 1988 og helst nokkuð í hendur við farþegafækkun milli ára.

Hreinn hagnaður Fríhafnar var um 340 milljónir króna og skil í ríkissjóð 330 milljónir króna, eða rúmlega 100 milljónum króna meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir.

1. október 1988 tók Fríhöfnin að sér nýtt verkefni, sem er endurgreiðsla söluskatts til erlendra ferðamanna, og námu endurgreiðslur ársins 1989 rúmum 30 milljónum króna.

(2.6) Sala varnarliðseigna

Rekstrartekjur Sölu varnarliðseigna námu á árinu 1989 90.835.000 kr. án söluskatts og er rekstrarhagnaður áætlaður 19.000.000 kr. Var þeirri fjárhæð skilað í ríkissjóð. Álagður söluskattur var 19.748.000 kr. á árinu og var því samtals 38.748.000 kr. skilað í ríkissjóð. Afskriftir eru áætlaðar 2.500.000 kr. Ársuppgjör er enn í vinnslu og geta ofangreindar tölur breyst eitthvað. Vegna offramboðs notaðra bifreiða hefur sala bifreiða hjá stofnuninni orðið óhagstæðari undanfarin ár og minnkað þær tekjur sem ríkissjóður hefur haft af innheimtu aðflutningsgjalda, sem hefur verið uppistaða í rekstrinum.

(2.7) Íslenskir aðalverktakar

Ríkisstjórnin hefur lýst vilja sínum til að breyta eignarhlutföllum í Íslenskum aðalverktökum.

Eðli fyrirtækisins og sú einokunaraðstaða, sem það nýtur í skjóli ríkisvaldsins gerir það að verkum að óviðunandi er – og hefur lengi verið – hve lítil áhrif stjórnvöld hafa haft á stjórnun fyrirtækisins.

Fyrir aðalfund félagsins á síðasta ári gerði utanríkisráðherra samkomulag við meðeigendur ríkisins að Íslenskum aðalverktökum um að fjölgað yrði fulltrúum ríkisins í stjórn úr einum í tvo og er annar þeirra stjórnarformaður.

Þannig fara stjórnvöld með 40% atkvæða í stjórn sem er 15% umfram það sem eignarhluti ríkisins gefur tilefni til.

Þann 19. desember sl. kynnti utanríkisráðherra í ríkisstjórn viljayfirlýsingu frá meðeigendum ríkisins þ.e. Reginn h/f og Sameinuðum verktökum, um að þeir væru reiðubúnir að ganga til samninga um að selja hlutfallslega af eignarhlutum sínum, þannig að ríkið eignaðist meirihluta í fyrirtækinu.

Að þessari samningagerð er nú unnið og stefnt að því að ljúka samningum fyrir aðalfund félagsins á þessu ári.

(3) Varnarstöð Atlantshafsbandalagsins

(3.1) Eftirlits- og varnarhlutverk

Hernaðarlegt mikilvægi Íslands byggist á hnattstöðu landsins. Í fyrsta lagi má fylgjast með umferð skipa, kafbáta og flugvéla um hið svokallaða GIN-hlið (hafsvæðið milli Grænlands – Íslands – Noregs). Í öðru lagi er Ísland óhjákvæmilega tengt varnaráætlunum Atlantshafsbandalagsríkjanna er lúta að liðs- og birgðaflutningum, sem fyrirhugaðar eru frá Norður-Ameríku og Kanada til Evrópu á hættu- eða ófriðartímum. Varnarliðið eitt sér, eða annar varnarviðbúnaðar hérlendis, hvorki eykur né dregur úr hernaðarlegu mikilvægi landsins. Varnarliðið hefur hins vegar afgerandi áhrif á möguleika þess að fylgjast með hernaðarumsvifum umhverfis Ísland og bregðast tímanlega við atburðum eða þróun, sem stofnað geti öryggi landsins í hættu. Hlutverk varnarstöðvar Atlantshafsbandalagsins á Keflavíkurflugvelli er því fyrst og fremst að tryggja varnir landsins og svæðanna umhverfis það, auk þess, sem stöðin er mikilvægur hlekkur í eftirlits- og aðvörunarkerfi Atlantshafsbandalagsins.

Náin samskipti eru á milli varnarstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli og bandalagsþjóða í Evrópu um herflugvéla-, kafbáta- og herskipaeftirlit. Nauðsyn slíks samstarfs kemur hvað gleggst fram við eftirlit á ferðum sovéskra herflugvéla, sem flogið hafa að eða inn á loftvarnarsvæði Íslands, sem nær u.þ.b. 140 sjómílur frá landi. Á tímabilinu 1980–1989 hefur varnarliðið flogið í veg fyrir 1264 sovéskar herflugvélar í nánd við Ísland. Þessar flugvélar fljúga utan flugáætlana og er því brýnt að fylgst sé með ferðum slíkra flugvéla, þær greindar og vísað frá loftvarnarsvæði landsins. Að öðrum kosti getur stafað hætta af flugi þeirra í námunda við lofthelgi Íslands. Endurnýjun ratsjárkerfisins mun styrkja þetta eftirlitshlutverk stöðvarinnar verulega.

Eins og getið var um í skýrslu síðasta árs, hafa farið fram á varnarsvæðinu umhverfis Keflavíkurflugvöll reglulegar æfingar þeirrar hersveitar í varaliði Bandaríkjanna, sem hefur verið þjálfuð og búin undir það að koma hingað til lands á hættutímum. Nauðsynlegt er, að hersveitin hljóti þjálfun við íslenskar aðstæður og er því fyrirhugað að framhald verði á slíkum æfingum.

Áfram er unnið að gerð varnaráætlana og stuðningsáætlana til að efla öryggi lands og þjóðar á hættu- eða ófriðartímum. Samræmingu varnaráætlana við aðrar íslenskar áætlanir, t.d. áætlanir Almannavarna, verður haldið áfram.

(3.2) Björgunar- og leitarstarf

Náin og góð samvinna er sem fyrr á milli björgunarsveitar varnarliðsins og landhelgisgæslunnar og íslenskra björgunar- og hjálparsveita. Gengið hefur verið frá samstarfssamningi milli varnarliðsins og landhelgisgæslunnar um björgunar- og leitarstörf, svo og samræmingu æfinga fyrir þyrluflugbjörgunarsveit varnarliðsins á landi.

Fyrirhugað er að endurnýja þyrlukost björgunarsveitarinnar á næstunni. Mun það styrkja starfsemi björgunarsveitarinnar, en hún hefur bjargað 238 mannslífum frá árinu 1971, þar af 130 Íslendingum. Þyrluflugbjörgunarsveitin hefur oft sinnt þessari björgunarstarfsemi við hinar erfiðustu aðstæður, í allt að 600 sjómílna fjarlægð frá Islandi.

(3.3) Kostnaður við rekstur varnarliðsins

Heildarupphæð greiðslna varnarliðsins til Íslendinga á árinu 1989 var 161,7 milljónir Bandaríkjadalir eða 9.702 milljónir króna á núverandi gengi. Þar af námu launagreiðslur til íslenskra starfsmanna á árinu 37,7 milljónum dala eða 2.230 milljónum íslenskra króna.

Varnarliðið greiddi á árinu 1989, 124 milljónir dala til íslenskra fyrirtækja og einstaklinga vegna verktöku, vöruinnkaupa og þjónustu, eða sem svarar 7.440 milljónum íslenskra króna. Varnarliðið keypti landbúnaðarvörur að verðmæti 1.3 milljónir Bandaríkjadala eða jafnvirði 78 milljóna íslenkra króna. Áætlað er að einstaklingar á vegum varnarliðsins og fjölskyldur þeirra hafi keypt vörur og þjónustu utan varnarsvæða fyrir 2.5 milljónir Bandaríkjadala eða um 150 milljónir íslenskra króna. Fjöldi varnarliðsmanna í árslok var 3133 og 1950 makar og börn fylgdu þeim mönnum sem gegna hér þjónustu.

(3.4) Búseta varnarliðsmanna utan varnarsvæða

Hinn 31. desember 1989 voru 49 menn, sem starfa fyrir varnarliðið, búsettir utan varnarsvæða, þar af 5 hermenn. Þeir borgarlegu starfsmenn, sem búa utan varnarsvæða gegna ýmsum kennslu- og tæknistörfum eða eru fulltrúar bandarískra fyrirtækja, sem annast viðhald og þjónsutu á tækjabúnaði varnarliðsins. Framkvæmdum við byggingu nýrra fjölbýlishúsa innan varnarsvæðisins hefur miðað vel og hefur biðtími varnarliðsmanna eftir íbúðarhúsnæði fyrir fjölskyldur þeirra styst verulega.

(4) Ratsjárstofnun

Unnið er að endurnýjun ratsjárkerfis varnarliðsins á grundvelli samkomulags, sem gert var við Bandaríkin árið 1985.

Á haustmánuðum 1989 var settur fjarskiptabúnaður í ratsjárstöðvarnar á Bolafjalli og Gunnólfsvíkurfjalli.

Á fyrri hluta árs 1990 lýkur byggingarframkvæmdum við stöðvarhúsin á Miðnesheiði og Stokksnesi.

Áætlað er að ratsjárbúnaður, sem bandaríska fyrirtækið General Electric framleiðir, verði settur upp á árinu 1991. Rekstur nýju stöðvanna getur þá hafist síðla árs 1991 eða í ársbyrjun 1992. Ráðgert er að núverandi ratsjárbúnaður í stöðvunum á Miðnesheiði og Stokksnesi verði í rekstri fram að áramótum 1991/1992.

Til þess að undirbúa rekstur nýju ratsjárstöðvanna verða tæknimenn stofnunarinnar þjálfaðir hjá General Electric í Bandaríkjunum í meðferð á nýja ratsjárbúnaðinum. Áætlað er að þessi þjálfun fari fram á haustmánuðum 1990 og fyrstu mánuðum ársins 1991.

Ratsjárstofnun annast nú rekstur ratsjárstöðvanna á Miðnesheiði og Stokksnesi með íslenskum starfsmönnum. Þá hefur stofnuninni verið falið eftirlit með nýju ratsjárstöðvunum á Bolafjalli og Gunnólfsvíkurfjalli.

Ratsjárstofnun mun annast rekstur hugbúnaðarmiðstöðvar, sem reist verður á varnarsvæðinu. Fyrirtækið Kögun hf. hefur verið ráðið undirverktaki hjá Ratsjárstofnun til að sjá um og annast viðhald á hugbúnaðarkerfinu. Kögun hf. hefur þegar þrjá starfsmenn og hafa tveir þeirra hafið þjálfun í Bandaríkjunum til undirbúnings störfum við þróun og gerð hugbúnaðarins. Seinkun varð á gerð samninga um hönnun og smíði hugbúnaðarins, m.a. vegna mótmæla tilboðsgjafa í verkið.

Rekstrarkostnaður Ratsjárstofnunar er áætlaður rúmar 550 milljónir króna á þessu ári. Bandaríkjamenn greiða allan kostnað af rekstri stofnunarinnar.

(5) Framkvæmdir á vegum varnarliðsins

Á árlegum fundi með byggingardeild sjóhersins, sem haldinn var í Norfolk í október sl., var verktaka ákveðin á eftirtöldum nýframkvæmdum, sem áætlað er að hefjist á þessu ári. Allar höfðu framkvæmdirnar áður verið samþykktar.

1. Tvö flugskýli fyrir kafbátaleitarsveit varnarliðsins.
2. Fimmti áfangi olíubirgðastöðvar í Helguvík, þ.e. eldsneytisleiðslur og þrír eldsneytisgeymar og eldsneytisafgreiðsluaðstaða á Keflavíkurflugvelli.
3. Eftirlits- og stjórnstöð fyrir hið nýja ratsjárkerfi (IADS) á Keflavíkurflugvelli.
4. Viðgerðarskýli fyrir eldsneytiskerfi orrustuþotna varnarliðsins.
5. Flugrafeindaverkstæði.
6. Endurnýjun fjarskiptamasturs í fjarskiptastöð varnarliðsins.
7. Hundrað og tólf íbúðir í nýjum fjölbýlishúsum.

Tvær síðasttöldu framkvæmdirnar verða kostaðar af Bandaríkjunum, en aðrar eru að meginhluta kostnaðar af Atlantshafsbandalaginu. Öll verða verkin framkvæmd af Íslenskum aðalverktökum. Gert er ráð fyrir að heildarverktaka Íslenskra aðalverktaka á þessu ári, þ.e. byrjunarframkvæmdir vegna nýrra verka og áframhald verka, sem nú er unnið að, auk viðhalds á flugbrautum o.fl., muni nema um 65 milljónum Bandaríkjadala. Heildarverktaka fyrirtækisins á sl. ári nam um 57 milljónum Bandaríkjadala.

Auk þess var í október sl. gengið frá áætlun um viðhaldsverkefni, sem falin voru Keflavíkurverktökum og er áætlað að nemi um 5.4 milljónum Bandaríkjadala, sem er verulegur samdráttur miðað við árið 1989, en þá nam verktaka Keflavíkurverktaka rúmum 10 milljónum Bandaríkjadala.

(6) Vatnsveita Suðurnesja

Í árslok 1987 varð vart lífrænna leysiefna í vatnsaðdráttarsvæði vatnsbóla Keflavíkur og Njarðvíkur, þó ekki í hættulegu magni. Vegna hættu á aukinni mengun í framtíðinni taldi Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja rétt að leita nýrra vatnsbóla fyrir ofangreind bæjarfélög. Þótti fullsannað að þessi mengun ætti upptök sín innan varnarsvæða.

Eftir umfangsmiklar samningaumræður milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda, féllust bandarísk stjórnvöld á að kosta gerð nýrrar vatnsveitu að öllu leyti. Samkomulag var undirritað hinn 28. júlí 1989 um að bandarísk stjórnvöld greiði 8 milljónir dollara til lagningar nýrrar vatnsveitu auk 1 milljónar Bandaríkjadala til þjálfunar starfsmanna og til byrjunarrekstrarkostnaðar. Samkvæmt samningnum fær varnarliðið neysluvatn til næstu 15 ára, án sérstakra greiðslna, en mun eftir þann tíma greiða vatnsafnot til jafns við aðra.

Bæjarfélögin í Keflavík og Njarðvík hafa stofnað Vatnsveitu Suðurnesja sf. til að annast framkvæmdir og rekstur. Í stofnsamningi Vatnsveitunnar er gert ráð fyrir að önnur sveitarfélög geti fengið vatn frá henni, óski þau eftir því. Framkvæmdir við hina nýju vatnsveitu eru hafnar.

IX Utanríkisviðskipti

(1) Almenn viðskiptamál

(1.1) Viðskiptajöfnuður

Heildarverðmæti vöruútflutnings nam 80,5 milljörðum króna f.o.b. á árinu 1989, en heildarverðmæti vöruinnflutnings 72,8 milljörðum króna f.o.b. og varð vöruskiptajöfnuður því jákvæður um 7,7 milljarða króna, sem er mikil breyting frá fyrra ári. Árið 1988 varð hallinn 560 milljónir króna og enn meiri 1987, en það ár nam hallinn tæpum 2 milljörðum króna.

Á árinu 1989 jókst verðmæti vöruútflutnings um 3,8% og hafa útflutningstölur ársins 1988 þá verið umreiknaðar til meðalgengis 1989. Sé útflutningsverðmæti skipa og flugvéla dregið frá útflutningi beggja áranna 1988 og 1989, varð 6,1% aukning á öðrum útflutningi 1989 miðað við árið áður. Útflutningsverðmæti sjávarafurða jókst um 3,1%, verðmæti álútflutnings jókst um 23,5% og kísiljárns um 14%.

Heildarverðmæti vöruinnflutnings dróst saman um 7% á árinu 1989. Almennur vöruinnflutningur dróst saman um 9%, en verðmæti olíuinnflutnings jókst um 30%, þannig að almennur innflutningur að frátöldum olíuvörum dróst saman um 12%. Verðmæti skipainnflutnings dróst saman úr 6,7 milljörðum króna í 2,7 milljarða króna, en innflutningsverðmæti flugvéla jókst hins vegar úr 97 milljónum króna í 3,1 milljarð króna. Innflutningur vegna álvers jókst um 27% og innflutningur vegna járnblendiverksmiðju um 18%. Innflutningur vegna Landsvirkjunar jókst úr 145 milljónum króna í 588 milljónir króna.

Samkvæmt bráðabirgðatölum varð þjónustujöfnuður neikvæður um nálægt 12 milljarða króna, þannig að viðskiptajöfnuður varð neikvæður um nálægt 4,1 milljarð króna eða 1,4% af vergri landsframleiðslu. Árið áður varð viðskiptajöfnuður neikvæður um 11,9 milljarða króna á gengi ársins 1988, sem svarar til 3,7% af vergri landsframleiðslu.

(1.2) Útflutningur eftir vinnslugreinum og helstu vörutegundum

Eins og áður segir, var vöruskiptajöfnuður Íslendinga jákvæður árið 1989. Stafar það fyrst og fremst af miklum almennum samdrætti í innflutningi á árinu. Sem dæmi má nefna að innflutningur bifreiða og annarra farartækja nam um 6,7 milljörðum króna árið 1987, 5,7 milljörðum á árinu 1988 og 4,2 milljörðum árið 1989 og sem hlutfall af heildarinnflutningi fyrir sama tíma voru bifreiðar 11%, 8,5% og 5%.

Breytingar á útflutningi eftir vinnslugreinum á árinu 1989 var óverulegur. Aukning varð þó á hlutfalli iðnaðarvara sem hundraðshluta heildarútflutnings, úr 22,4% á árinu 1988 í 25% á síðastliðnu ári. Skýringin er aukinn útflutningur áls um 23,5% og kísiljárns um 14%. Sjávarafurðir voru 70,5% heildarvöruútflutnings, landbúnaðarvörur 1,7% og aðrar vörur 2,7%. Nokkur breyting hefur orðið frá árinu 1987 milli sjávarútvegs og iðnaðarvara sem hundraðshluta af vöruútflutningi, en það ár var hlutfall sjávarafurða 76%, en iðnaðarvara 20,1%.

TAFLA 1
Útflutningur vara eftir vinnslugreinum

	1989 Millj. kr.	1989 %	1988 %	1987 %
Sjávarafurðir	56 811	70,6	71,1	76,0
Iðnaðarvörur	20 147	25,0	22,4	20,1
Landbúnaðarvörur	1 368	1,7	1,7	1,9
Aðrar vörur	2 183	2,7	4,8	2,0
ALLS	**80 509**	**100,0**	**100,0**	**100,0**

Hér á eftir verður gerð grein fyrir útflutningi helstu vörutegunda.

Útflutningur á frystum flökum varð meiri á síðasta ári en árið á undan og jókst útflutningur í magni um 20% miðað við árið 1988. Útflutningur þorskflaka, sem er um helmingur útflutnings frystra flaka, jókst lítillega, en nokkuð meiri aukning varð á útflutningi ýsu- og karfaflaka. Talsvert meiri aukning varð hins vegar í útflutningi ufsa- og flatfiskflaka. Jókst útflutningurinn á ufsaflökum um 37% milli ára í magni talið og á flatfiskflökum um 160%. Af 109 000 tonna útflutningi á frystum fiskflökum á síðasta ári voru tæplega 40% flutt út til Bandaríkjanna, rúmlega 20% til Bretlands, tæplega 16% til Frakklands og rúmlega 9% til V-Þýskalands.

Óverkaður saltfiskur var fluttur út fyrir 7,9 milljarða króna á síðasta ári, en fyrir 7,8 milljarða króna árið á undan. Talsverður samdráttur var á þessum útflutningi í magni talið. Árið 1988 voru flutt út tæp 53 000 tonn, en á síðastliðnu ári voru flutt út tæp 47 000 tonn. Samdráttur í magni er um 13%, en í verðmæti u.þ.b. 24% milli ára, þegar útflutningstölur ársins 1988 hafa verið færðar til meðalgengis ársins 1989. Portúgalir keyptu á síðastliðnu ári 43% af heildarútflutningi óverkaðs saltfisks og var verulegur samdráttur í útflutningi þangað. Útflutningur til Ítalíu og Grikklands jókst verulega á síðasta ári og stórt stökk upp á við varð í útflutningi til Frakklands og Hollands. Árið 1988 voru flutt út til Frakklands rúm 1 000 tonn, en um 3 200 árið 1989 og til Hollands voru flutt út 39 tonn árið 1988, en tæp 5 000 tonn á síðasta ári.

Útflutningur á ferskum, flöttum fiski hefur aukist mjög verulega á síðustu misserum. Nýsett reglugerð sjávarútvegsráðuneytisins bannar þennan útflutning á grundvelli gæðakrafna. Utanríkisráðuneytið hefur veitt tímabundin leyfi til útflutnings á léttsöltuðum, flöttum fiski til að draga úr fjárhagslegu tjóni þeirra aðila sem þessa verkun höfðu stundað og urðu fyrir fyrirvaralausri stöðvun atvinnurekstrar. Jafnframt er hafinn undirbúningur að langtímastefnumörkun um útflutning saltfisks í samráði við hagsmunaaðila.

Árið 1989 var mjög gott ár í álútflutningi. Eftirspurn jókst á árinu og verðhækkanir urðu verulegar. Samtals nam útflutningur á árinu 1988 81 000 tonnum að verðmæti 6,6 milljarðar króna og árið 1989 voru flutt út tæplega 90 000 tonn að verðmæti rúmir 10 milljarðar króna. Verðmæti álútflutnings jókst um 23% að raunvirði á síðasta ári. Hluti álútflutnings af heildarvöruútflutningi nam um 13% í krónum talið. Svo til allur álútflutningurinn fór til þriggja landa: Sviss, V-Þýskalands og Bretlands.

Tæplega 112 000 tonn voru flutt út af ferskum fiski á síðastliðnu ári að verðmæti 7,8 milljarðar króna, eða 7% aukning. Helstu kaupendur voru sem fyrr Bretar og V-Þjóðverjar. Til Bretlands voru flutt út um 65 000 tonn að verðmæti um 4,8 milljarðar króna, og til V-Þýskalands rúm 35 000 tonn að verðmæti 2,1 milljarður króna. Útflutningurinn til þessara

tveggja landa varð því um 88% af útflutningnum á ferskum fiski. Útflutningur fersks fisk nam tæpum 10% af heildarútflutningnum á síðasta ári í krónum talið.

Þau þáttaskil urðu 15. mars síðastliðinn að til starfa tók Aflamiðlun sem stjórnað er af fulltrúum sjómanna, fiskverkafólks, útgerðar og fiskvinnslu. Aflamiðlun mun m.a. úthluta leyfum til útflutnings fersks fisks og færist sú starfsemi þar með frá viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Starf Aflamiðlunar er enn á byrjunarstigi en þess er vænst að hún þróist í átt til raunverulegrar aflamiðlunar innanlands og verði einnig til þess að auka hagkvæmni fiskvinnslunnar í landinu.

Útflutningur á frystri rækju tekur annars vegar til pillaðrar rækju, sem aðallega er flutt út til Evrópu og Bandaríkjanna, og hins vegar til rækju í skel, sem aðallega er flutt út til Japans. Um 7% samdráttur varð í útflutningi á frystri rækju frá síðasta ári og jafnframt lækkuðu verð á erlendum mörkuðum.

Aukning varð á árinu 1989 í útflutningi heilfrysts fisks. Flutt voru út 45 500 tonn að verðmæti 4,3 milljarðar króna og er það 12% aukning í magni talið frá árinu á undan. Af heilfrystum fiski var aðallega fluttur út karfi að verðmæti tæpir 1,9 milljarðar króna og flatfiskur að verðmæti rúmir 2,9 milljarðar króna. Rúmlega 50% af heilfrystum fiski voru flutt út til Japan og um 18% voru flutt út til Taívan.

Útflutningur á loðnumjöli minnkaði að magni til um 24% frá árinu 1988. Minni útflutningur stafar fyrst og fremst af því hversu seint veiðar hófust á síðustu vertíð. Mestur hluti loðnumjölsins er seldur til Bretlands, Póllands og Finnlands en aðrir stórir kaupendur eru Svíar, Frakkar og Tékkar.

Metframleiðsla var á síðasta ári hjá Íslenska járnblendifélaginu hf. Flutt voru út 58 000 tonn af kísiljárni, en framleiðsla var rúm 71 000 tonn, sem er aukning á framleiðslu miðað við síðasta ár, sem hafði verið það besta þangað til í sögu fyrirtækisins. Verð var mjög hátt í byrjun árs en fór síðan ört lækkandi og hafði lækkað um 40 – 50% í lok árs. Talið er að botninum sé náð og verð fari að hækka úr þessu.

Lítillega dró úr útflutningi á lagmeti að magni til, en útflutningurinn var árið 1988 3 800 tonn, en árið 1989 3 600 tonn. Verðmætið jókst um 12% eða úr 1,3 milljarði króna í 1,5 milljarð króna 1989. Samdrátturinn í magni milli ára á sér aðallega skýringu í minni sölu til V-Þýskalands.

(1.3) Viðskipti við einstök lönd og markaðssvæði

Skipta má helstu mörkuðum fyrir íslenskar útflutningsvörur í sex svæði: Evrópubandalagið, EFTA-ríkin, Austur-Evrópulönd, Bandaríkin, Japan og önnur lönd. Á árinu 1989 var nokkur aukning á útflutningi til EFTA-ríkjanna og Bandaríkjanna, en samdráttur hefur verið í útflutningi til Bandaríkjanna um nokkurra ára skeið. Markaðshlutdeild annarra landa en hinna hefðbundnu markaðssvæða hefur verið að aukast á síðustu árum. Mest var aukningin á útflutningi til Taívan, en hún nam 152% miðað við árið á undan í krónum talið. Samdráttur var í útflutningi til Austur-Evrópu á árinu 1989 og var það framhald af þróuninni, sem hefur verið í þessum viðskiptum frá árinu 1985, að undanskildu lítilsháttar fráviki árið 1988. Eftir stöðuga aukningu frá árinu 1985 var nokkur samdráttur í útflutningi til Evrópubandalagsins á síðasta ári og sama gilti um Japansmarkað þó að samdrátturinn hafi verið öllu minni þar.

TAFLA 2
Útflutningur til helstu markaðssvæða

	1989 Millj. kr.	1989 % af heild	1988 % af heild	1987 % af heild	1986 % af heild
EFTA-lönd	8 814	10,9	10,1	8,2	10,1
EB-lönd	45 511	56,6	58,9	57,4	54,2
Austur-Evrópulönd	3 969	4,9	5,4	4,7	5,5
Bandaríkin	11 435	14,2	13,6	18,3	21,7
Japan	5 675	7,0	7,6	7,8	4,8
Önnur lönd	5 105	6,4	4,4	3,6	3,7
ALLS	**80 509**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**

Verðmæti vöruútflutnings til Evrópubandalagsins á síðasta ári nam 45,5 milljörðum króna, f.o.b. sem svarar til tæplega 57% af heildarvöruútflutningnum á því ári. Bretar voru sem fyrr stærstu kaupendur innan bandalagsins og fór um 37% af útflutningi til bandalagsins þangað. Af einstökum þjóðum keyptu Bretar mest af íslenskri útflutningsvöru á síðasta ári. Til Bretlands voru á síðasta ári fluttar út vörur að verðmæti 16,7 milljarðar króna, sem voru u.þ.b. 21% heildarútflutnings ársins 1989. Samdráttur varð í sölu til Bretlands sem hlutfall af heildarútflutningi og sama gilti um Portúgal. Minnkaði útflutningur til Bretlands, úr 23,3% af heildarútflutningi árið 1988 í 20,7% árið 1989. Á sama tíma var tæplega 50% samdráttur í útflutningi til Portúgals, úr 8,5% af heildarútflutningi í 4,3%. Meginskýringin á þessum mikla samdrætti í útflutningi til Portúgals er að aðeins voru flutt út 22.000 þúsund tonn af blautverkuðum saltfiski á árinu 1989 fyrir 3,4 milljarða króna í stað 37.000 tonna árið 1988 fyrir tæpa 5,2 milljarða króna. Til V-Þýskalands voru fluttar út vörur að verðmæti 9,7 milljarðar króna og til Frakklands fyrir 4,6 milljarða króna. Aðrir stórir kaupendur innan Evrópubandalagsins eru Danir, Spánverjar og Ítalir. Athygli vekur, að á sama tíma og verulegur samdráttur er í almennum innflutningi, er tæplega 19% aukning að raunvirði á innflutningi frá Hollandi. Meginskýringin eru aukin olíukaup frá Hollandi, en aukningin í krónum talið var rúm 54% milli ára.

Útflutningur til EFTA-ríkjanna jókst á árinu 1989 um 9% frá árinu á undan. Að mestu leyti má rekja þessa aukningu til meiri útflutnings á áli til Sviss og loðnumjöls til Finnlands. Útflutningur áls til Sviss var rúm 31.600 tonn á árinu 1988 að verðmæti 2,6 milljarðar króna, en var á síðasta ári rúm 38.500 tonn að verðmæti 4,2 milljarðar króna. Til Finnlands voru flutt út tæp 18.000 tonn af loðnumjöli að verðmæti 350 milljónir króna á árinu 1988, en þessi útflutningur jókst á árinu 1989 og nam rúmlega 21.000 tonnum að verðmæti rúmlega 600 milljónir króna. Heildarútflutningur til Finnlands og Sviss jókst nokkuð á síðastliðnu ári, en samdráttur varð í útflutningi til Noregs, sem að mestu leyti má rekja til minni útflutnings á loðnulýsi. Lítils háttar samdráttur varð á útflutningi til Svíþjóðar en útflutningur til Austurríkis var nær óbreyttur miðað við árið 1988.

Bandaríkin eru í öðru sæti yfir stærstu kaupendur íslenskra útflutningsafurða. Sú breyting varð á síðasta ári að lítils háttar aukning varð í útflutningi til Bandaríkjanna eftir mikinn samdrátt nokkur ár í röð. Árið 1985 var um 27% af heildarútflutningi flutt út til Bandaríkjanna, 22% árið 1986, 18% árið 1987, tæp 14% árið 1988 og rúm 14% árið 1989. Mikil aukning varð á síðastliðnu ári á innflutningi frá Bandaríkjunum. Var innflutningurinn tæpum þriðjungi meiri en árið 1988 og var 11% sem hlutfall af heildarinnflutningi í stað 7,5%. Meginskýringin er þotukaup Flugleiða hf., en án þess innflutnings hefði orðið um 5% samdráttur í innflutningi frá Bandaríkjunum.

Á árinu 1989 varð samdráttur í útflutningi til Japan, en mikil aukning hafði verið næstu ár á undan í þessum útflutningi. Meginskýringin er verulega minni útflutningur á heilfrystum karfa, en árið 1988 voru flutt út 12.200 tonn af heilfrystum karfa að verðmæti 1,3 milljarður króna en á síðasta ári 8.000 tonn að verðmæti 835 milljónir króna. Á móti kom mikil aukning á útflutningi á heilfrystum flatfiski, sem gerði það að verkum að útflutningurinn til Japan minnkaði ekki meira en raun bar vitni. Árið 1988 voru flutt út 12.200 tonn að verðmæti rúmur 1 milljarður króna, en árið 1989 rúm 15.000 tonn að verðmæti 1,4 milljarður króna. Verulegur samdráttur varð á innflutningi frá Japan á síðasta ári frá árinu á undan, en samdrátturinn nam rúmlega 34%. Dró nokkuð úr innflutningi á bifreiðum, en einnig var um almennan samdrátt að ræða á innflutningi á öðrum vörum.

TAFLA 3
Tíu helstu útflutningslöndin
Upphæðir í millj. kr. (fob)

Lönd	1989	1988
1. Bretland	16 700	14 341 (1)
2. Bandaríkin	11 435	8 373 (2)
3. V-Þýskaland	9 684	6 367 (3)
4. Japan	5 675	4 706 (5)
5. Frakkland	4 595	2 979 (6)
6. Sviss	4 410	2 784 (7)
7. Portúgal	3 447	5 240 (4)
8. Danmörk	2 927	2 033(10)
9. Spánn	2 698	2 113 (9)
10. Ítalía	2 553	2 194(11)
Samtals	**64 124**	**51 130**
Önnur lönd	**16 385**	**10 544**
Útflutningur alls	**80 509**	**61 674**

Tíu helstu innflutningslöndin
Upphæðir í millj. kr. (cif)

Lönd	1989	1988
1. V-Þýskaland	10 498	9 781 (1)
2. Bandaríkin	8 823	5 186 (7)
3. Holland	8 358	5 607 (6)
4. Danmörk	7 263	6 370 (2)
5. Svíþjóð	6 592	6 028 (4)
6. Bretland	6 509	5 626 (5)
7. Noregur	5 296	6 273 (3)
8. Japan	3 917	4 746 (8)
9. Sovétríkin	3 383	2 385 (9)
10. Frakkland	2 496	2 151(10)
Samtals	**63 135**	**54 153**
Önnur lönd	**17 115**	**14 818**
Innflutningur alls	**80 250**	**68 971**

Undanfarin ár hefur hlutdeild Austur-Evrópuríkjanna í heildarviðskiptum farið minnkandi. Árið 1985 var þetta hlutfall um 8% af heildarviðskiptunum, en á síðasta ári var útflutningur til Austur-Evrópuríkja 4,9% af heildarútflutningi og innflutningur þaðan 6,5%

af heildarinnflutningi. Langþýðingarmesti markaðurinn fyrir íslenskar vörur er í Sovétríkjunum, en þangað fóru um ⅔ hlutar af útflutningi til Austur-Evrópu, en um 1/4 hluti þess fer til Póllands. Enginn útflutningur var til Rúmeníu og sáralítið var flutt út til Búlgaríu. Útflutningur til A-Þýskalands, Ungverjalands og Tékkóslóvakíu er lítill og varð enn frekari samdráttur á síðasta ári til ofangreindra ríkja að undanskildri Tékkóslóvakíu, þar sem um aukinn útflutning var að ræða á fiskimjöli.

Árlegar viðræður fulltrúa íslenskra og sovéskra stjórnvalda fóru fram í Moskvu um framkvæmd viðskiptabókunar við viðskipta- og greiðslusamning landanna, sem undirritaður var hinn 1. ágúst 1953. Núgildandi viðskiptabókun var undirrituð 25. júní 1985 og gildir fyrir árin 1986 – 1990. Viðræður um næstu 5 ára bókun hefjast væntanlega í Reykjavík sumarið 1990. Eins og kunnugt er fylgja viðskiptabókuninni vörulistar yfir íslenskar og sovéskar vörur til viðmiðunar, en samningar um kaup og sölu hinna ýmsu vörutegunda eru gerðir árlega milli viðskiptaaðila. Það olli talsverðum erfiðleikum á framkvæmd viðskiptabókunarinnar hversu erfitt það reyndist sovéskum fyrirtækjum að útvega nauðsynlegar gjaldeyrisheimildir til kaupa á íslenskum vörum. Nauðsynlegar gjaldeyrisheimildir fengust ekki til saltsíldarkaupa fyrr en í lok nóvember, þegar árlegar opinberar viðræður fóru fram. Það reyndist einnig erfiðleikum bundið að útvega nauðsynlegar gjaldeyrisheimildir vegna kaupa á freðfiski og ullarvörum, en betur gekk varðandi kaup á lagmeti. Utanríkisráðuneytið og sendiráðið í Moskvu beittu sér fyrir lausn mála og utanríkisráðherra ritaði sovéskum starfsbróður sínum bréf vegna saltsíldarsamninganna, þar sem lögð var áhersla á þýðingu viðskiptanna í samskiptum þjóðanna og að nauðsynlegar gjaldeyrisheimildir yrðu veittar. Í opinberu viðræðunum var lögð rík áhersla á að Sovétmenn keyptu íslenskar vörur í samræmi við bókunina og yrði þar með minnkaður sá halli, sem verið hefur á viðskiptum landanna um árabil. Þá var lögð áhersla á að samningar milli viðskiptaaðila yrðu gerðir fyrr á árinu en verið hefur og að gjaldeyrisheimildir yrðu til staðar vegna viðskiptanna.

Af einstökum vöruflokkum var samið um 9.000 tonn af frystum fiskflökum og 700 tonn af heilfrystum fiski að verðmæti 20,8 milljónir Bandaríkjadala. Í viðskiptabókuninni er gert ráð fyrir kaupum Sovétmanna á 20 – 25 þúsund tonnum af frystum fiskflökum og 4 – 7 þúsund tonnum af heilfrystum fiski.

Á síðastliðnu ári voru flutt af framleiðslu saltsíldarvertíðar 1988 – 1989 um 15.200 tonn af saltsíld og var hér um að ræða hausskorna og slógdregna síld, sem þýðir aukin verðmæti fyrir þá aðila, sem stunda síldveiðar og síldarverkun hér á landi.

Sala á lagmeti gekk vel á síðastliðnu ári og var samið um sölu fyrir um 5 milljónir Bandaríkjadala, en viðmiðunarmörk viðskiptabókunarinnar eru 4,0 – 5,5 milljónir Bandaríkjadala. Sala á ullarvörum til afgreiðslu árið 1989 var að verðmæti 4,8 milljónir Bandaríkjadala. Viðskiptabókun gerir ráð fyrir sölu að verðmæti 5,0 – 6,5 milljónir Bandaríkjadala. Í vöruskiptum voru ullarvörur seldar fyrir 3,6 milljónir Bandaríkjadala, en eru utan viðskiptabókunar. Þá tókst sala á fiskvogum fyrir 336.000 Bandaríkjadali, en þetta er ný vara í útflutningi okkar til Sovétríkjanna. Eru góðar horfur á aukinni sölu á vélum og tækjum til Sovétríkjanna á árinu 1990. Engir samningar voru gerðir um sölu á málningu frekar en undanfarin ár.

Á síðastliðnu ári fóru fram í Varsjá árlegar viðræður milli fulltrúa Íslands og Póllands um framkvæmd viðskiptasamnings landanna. Frá árinu 1984 hafa viðskipti landanna farið vaxandi eftir samdrátt sem varð upp úr 1980 í kjölfar mikilla efnahagserfiðleika í Póllandi. Viðskipti landanna byggjast á sölu fiskimjöls frá Íslandi og kaupum á fiskiskipum frá Póllandi. Einnig hafa pólskar skipasmíðastöðvar annast umfangsmiklar breytingar og endurbætur á íslenskum fiskiskipum. Vegna þess að loðnuveiði brást á haustvertíð, tókst ekki að afgreiða upp í stóran samning um sölu á fiskimjöli, sem gerður hafði verið fyrir árið 1989. Efnahagserfiðleikar í Póllandi nú valda því að ekki hefur tekist að selja þangað fiskimjöl á þessari vertíð.

Þær breytingar, sem nú eiga sér stað í þróun stjórnmála og efnahagsmála í Austur-Evrópu hafa á ýmsan hátt haft í för með sér aukna erfiðleika fyrir íslenska útflytjendur á að selja vörur sínar þangað. Gjaldeyrisskortur og skipulagsleysi í utanríkisviðskiptum Austur-Evrópuríkja er nú meira en áður var vegna þeirra breytinga, sem nú eiga sér stað í átt að markaðsbúskap. Ógerningur er að segja til um hvað þessi aðlögun tekur langan tíma, en nauðsynlegt er að fylgjast vel með framvindu mála svo íslenskir útflytjendur haldi stöðu sinni á þessum mikilvæga markaði í framtíðinni.

(1.4) Útflutningsráð Íslands

Starfsemi Útflutningsráðs Íslands á árinu 1989 var nokkuð umfangsmeiri en á árinu á undan. Skilgreind verkefni voru 58 á árinu 1988, en 82 á árinu 1989. Útflutningsráð skipulagði þátttöku á 13 alþjóðlegum vörusýningum og stóð fyrir 9 kynningum á Íslandi og íslenskum afurðum hér á landi og erlendis. Í tengslum við ferðir forseta Íslands til Kanada og Bandaríkjanna voru haldnar kynningar í St. John's á Nýfundnalandi, Halifax í Nova Scotia og í Pennsilvaniu og Kentucky fylkjum Bandaríkjanna. Við heimsóknir Spánarkonungs, páfa og Frakklandsforseta voru haldnar kynningar fyrir blaðamenn í fylgdarliði þeirra á Íslandi. Á árinu var fréttabréf gefið út 6 sinnum, auk þess sem Útflutningsráð kynnti starfsemi sína í hverjum mánuði í News from Iceland. Ýmsar skýrslur og bæklingar voru gefin út á árinu og má nefna Directory of Icelandic Exporters og kennsluefni um þátttöku í vörusýningum. Á árinu 1989 voru framkvæmdar 17 markaðskannanir. Sumar þessara kannana eru almenns eðlis og fást á skrifstofu ráðsins, en aðrar eru unnar fyrir fyrirtæki samkvæmt sérstökum samningi.

Útflutningsráð er aðili að Útflutnings- og markaðsskóla Íslands, sem rekinn er af Stjórnunarfélagi Íslands. Samstarfið við Stjórnunarfélagið hefur verið aukið. Á síðari hluta ársins 1989 hófst verkefnið „Útflutningsaukning og hagvöxtur", sem ætlað er litlum og meðalstórum fyrirtækjum, sem eru að stíga sín fyrstu skref í útflutningi. Með þessu verkefni er verið að efla þjónustu ráðsins þannig að það þjóni ekki einungis starfandi útflutningsfyrirtækjum heldur aðstoði einnig þá, sem hafa í hyggju að hefja útflutning.

Til viðbótar við þau verkefni, sem koma fram í verkefnaskrá ráðsins tekur skrifstofa ráðsins að sér fjöldamörg smærri verkefni. Mikið berst af fyrirspurnum um Ísland og íslenska framleiðendur bæði bréfleiðis og í síma. Þessum fyrirspurnum er að sjálfsögðu svarað og reynt að koma á sambandi milli hinna erlendu fyrirspyrjenda og íslenskra framleiðenda. Mikið er einnig um það, að útflytjendur leita upplýsinga um tolla, skjalagerð, lögfræðileg atriði og fleira, sem reynt er að greiða úr eftir fremsta megni.

Á skrifstofu ráðsins er að finna þokkalegt úrval bóka og tímarita um flesta þá vöruflokka og markaði, sem íslensk fyrirtæki hafa áhuga á. Jafnframt er að finna hjá ráðinu tiltölulega nýlegar uppsláttarbækur um flest það sem tengist útflutningi. Upplýsingasafn ráðsins er að sjálfstöðu mikið notað til þess að svara einfaldari fyrirspurnum, en jafnframt hafa starfsmenn fyrirtækja aðgang að því. Þess ber einnig að geta, að starfsmenn Útflutningsráðs hafa náð ágætu sambandi við fjölmarga erlenda aðila, m.a. útflutningsráð í öðrum löndum og geta leitað þangað eftir upplýsingum, sem ekki eru til staðar á skrifstofu ráðsins.

Útflutningsráð hefur beitt sér fyrir stofnun útflutningshópa, en í þeim starfa 4–8 fyrirtæki, sem selja vörur á sama markaðssvæði. Hóparnir ráða sér markaðsstjóra, sem annaðhvort er búsettur á Islandi eða á markaðssvæðinu sjálfu. Markaðsstjórinn samræmir markaðsátak fyrirtækjanna á viðkomandi svæði. Hóparnir hafa flestir orðið fjórir, og hafa þeir allir starfað á sviði véla- og tækja fyrir sjávarútveg. Til athugunar hefur verið stofnun hópa á öðrum sviðum eins og í hugbúnaði, tilbúnum réttum og í byggingariðnaði. Útflytjendur véla og tækja telja sig hafa haft mikið gagn af þátttöku sinni í slíkum hópum.

Útflutningsráð Íslands leitast við að sníða þjónustu sína að þörfum útflytjenda bæði smárra og stórra. Á árinu 1989 var lögð áhersla á að auka samband ráðsins við einstök

fyrirtæki og fyrirtækjahópa. Minni áhersla var lögð á almennar kynningar, en þó voru öll tækifæri, sem buðust nýtt til þess að koma Íslandi og íslenskum afurðum sem víðast á framfæri. Til að Útflutningsráð Íslands nái árangri þarf starfsemi þess að byggja á stefnumótandi markaðsáætlunum fyrirtækjanna. Útflutningsráð getur aðstoðað fyrirtæki við gerð slíkra áætlana, en án þeirra er erfitt fyrir Útflutningsráð að bjóða þá þjónustu, sem fyrirtækin raunverulega þurfa á að halda.

(2) Alþjóðlegt viðskiptasamstarf

(2.1) Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA)

Íslendingar tóku við formennsku í ráðherraráði Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) þann 1. júlí 1989 og gegndu því til ársloka 1989 að Svíar tóku við. Formannaskipti eru tvisvar á ári. Viðræðurnar við Evrópubandalagið bar hæst í störfum fríverslunarsamtakanna á síðasta ári, en gerð er grein fyrir þeim á öðrum stað í skýrslunni. Fyrir utan þessar viðræður voru mörg þýðingarmikil mál á dagskrá fríverslunarsamtakanna.

(2.1.1) Fríverslun með sjávarafurðir

Á leiðtogafundi EFTA-ríkjanna í Osló í mars 1989 var ákveðin fríverslun með sjávarafurðir innan EFTA, en það hefur verið baráttumál Íslendinga frá því þeir gengu í samtökin. Á ráðherrafundi EFTA 13. – 14. júní sl. voru samþykktar nauðsynlegar breytingar á stofnsamningi EFTA vegna fríverslunar með sjávarafurðir innan samtakanna. Fríverslunin tekur gildi 1. júlí 1990, og er þá veittur aðlögunarfrestur um þrjú atriði: (1) Ákvæði 13. gr. EFTA samningsins varðandi takmörkun á ríkisstyrkjum taka gildi hinn 31. desember 1993, (2) Svíþjóð er heimilt að beita innflutningskvótum á innflutning á þorski og síld í fersku eða kældu formi til 31. desember 1993, (3) Finnlandi er heimilt að halda tímabundið núverandi innflutningshöftum á laxi og Eystrasaltssíld, en ber að tilkynna fyrir 31. desember 1992, hvenær það muni afnema þau.

Fyrir ráðherrafundinn 13. – 14. júní 1989 voru Svisslendingar ekki fáanlegir til þess að falla frá kröfu um að þeir fengju að halda ótímabundið núverandi tollum á ferskvatnsfiski, en á það gátu Austurríkismenn og Svíar alls ekki fallist. Eftir langar og strangar óformlegar viðræður á ráðherrafundinum, féllust Svisslendingar á tillögu Íslendinga um að þeir myndu endurskoða afstöðu sína fyrir 1. janúar 1993 með það að markmiði að falla frá tollum á ferskvatnsfiski. Þessi skilningur var skráður í sérstaka bókun.

Í könnunarviðræðum EFTA-ríkjanna og framkvæmdastjórnar EB lýstu EFTA-ríkin því yfir að samningurinn um evrópskt efnahagssvæði (EES) ætti að tryggja fríverslun með sjávarafurðir. Fulltrúar framkvæmdastjórnar EB lýstu því yfir, að hvað EB varðaði, þá væri fríverslun tengd öðrum þáttum hinnar sameiginlegu fiskimálastefnu þess. Fulltrúar EFTA lögðu áherslu á að slík tenging í hverjum þeim samningaviðræðum er síðar færu fram, myndi ganga gegn grundvallar þjóðarhagsmunum. Báðir aðilar viðurkenndu að af þessum ástæðum yrði nákvæmt innihald þeirra ákvæða, sem sett yrðu á þessu sviði augljóslega að vera samningsatriði.

(2.1.2) Samskipti EFTA við Austur-Evrópuríki

Á undanförnum einum til tveimur árum hefur það stöðugt færst í vöxt að einstök Austur-Evrópuríki hafa leitað til EFTA-ríkjanna með ósk um nánari samvinnu. Ástæðu þess má rekja til þeirra breytinga í átt til lýðræðis og markaðskerfis, sem átt hafa sér stað í sumum þessara ríkja. Áhugi þeirra á fríverslunarsamtökum má vafalaust rekja til aukinnar samvinnu EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins, en jafnframt eru þau að leita pólitískrar viðurkenningar vestrænna ríkja á þróuninni í heimalöndum sínum í átt til lýðræðis og frjálslegri viðskiptahátta. EFTA-ríkin höfðu sameiginlega takmarkaðan áhuga á að auka samstarf við Austur-

Evrópuríkin fyrr en þessi þróun í átt til lýðræðis hófst fyrir nokkrum mánuðum. Þannig var á ráðherrafundi EFTA í desember 1988 gerð samþykkt um hvernig bregðast skyldi við þessum óskum. Í þeirri samþykkt var tekið fram að EFTA væri fríverslunarsamtök, en ekki tollabandalag, og hafi ekki samræmda utanríkisviðskiptastefnu. Jafnframt var bent á að efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu væri réttur vettvangur til skoðanaskipta og samstarfs, en boðin samvinna við skrifstofu EFTA, þó nær eingöngu varðandi upplýsingagjöf. Á ráðherrafundi EFTA í Kristiansand í júní sl. var fastafulltrúum EFTA í Genf falið að endurskoða afstöðu EFTA. Hún leiddi til þess að á ráðherrafundi EFTA 11. – 12. desember 1989 var samþykkt sérstök yfirlýsing um samvinnu EFTA-ríkjanna við ríki Austur-Evrópu. Fastafulltrúum í Genf var þar falið að hefja viðræður við einstök ríki í Austur-Evrópu með hliðsjón af óskum þeirra. Ennfremur var þeim falið að móta það samvinnuform, sem teldist viðeigandi og eftir því sem framast væri unnt, til hagsbóta fyrir báða aðila, með tilliti til eðlis og umfangs þeirra umbóta, sem eru í mótun.

Í umræðum fastafulltrúa undanfarna mánuði hefur komið fram að það lengsta, sem þeir telja að EFTA-ríkin eigi sameiginlega að stefna að á þessu stigi, og þá einungis gagnvart fáeinum Austur-Evrópuríkjum, sé að samþykkt verði yfirlýsing um samstarf á svipuðum grundvelli og milli EFTA-ríkjanna og Júgóslavíu með svokallaðri Bergen-yfirlýsingu árið1983. Þau ríki sem hér um ræðir gætu verið Ungverjaland, Pólland og Tékkóslóvakía. Gagnvart öðrum Austur-Evrópuríkjum yrði gengið mun skemmra í samstarfi og miðað við aðstæður í hverju landi. Bergen-yfirlýsingin felur ekki í sér bindandi skuldbindingar heldur hvetur til aukinnar samvinnu um viðskipti, ferðamál, iðnað, flutninga og upplýsingamiðlun. Fulltrúar frá EFTA-ríkjunum og Júgóslavíu hittast árlega til að meta árangur þessa samstarfs.

Ungverjaland og Pólland hafa óskað eftir mun nánari samvinnu en EFTA-ríkin hafa við Júgóslavíu. Þessi ríki hafa nýlega lagt fram tillögur um samvinnu, sem síðar meir, samkvæmt tillögum þeirra, á að geta leitt til fríverslunarsamninga. Þessar tillögur eru nú til umræðu meðal EFTA-ríkjanna. Fulltrúar Tékkóslóvakíu hafa nokkrum sinnum heimsótt skrifstofu EFTA á árinu 1989. Framan af óskuðu þeir eftir tæknilegri og efnahagslegri samvinnu við EFTA-ríkin. Í síðustu heimsókn þeirra í desember sl. óskuðu þeir eftir tillögu frá EFTA-ríkjunum um aukna samvinnu, en þeim var bent á að eðlilegast væri að þeir settu fyrst fram sínar eigin tillögur.

Fulltrúar annarra Austur-Evrópuríkja, sem heimsóttu skrifstofu EFTA árið 1989 með ósk um nánari samvinnu við EFTA-ríkin, voru frá Búlgaríu, Sovétríkjunum og Austur-Þýskalandi. Óskir þessara ríkja um aukna samvinnu hafa einungis verið lítillega ræddar hingað til.

(2.1.3) Annað

Á fundi sínum 11.–12. desember sl. lögðu ráðherrar EFTA áherslu á mikilvægi stuðningsaðgerða til að ýta undir endurskipulagningu og þróun í átt til frelsis í efnahagslífi Júgóslavíu. Sem skref í þá átt samþykktu þeir að stofna þróunarsjóð EFTA fyrir Júgóslavíu, sem hefði til umráða 100 milljónir Bandaríkjadala. Framlag Íslands verður 0,4% eða fjögur hundruð þúsund Bandaríkjadala, sem gerist með jöfnum greiðslum á fimm árum.

Georg Reisch, aðalframkvæmdastjóri EFTA kom í heimsókn til Íslands 9. október sl. Hann átti viðtöl við ráðherra og ýmsa embættismenn í utanríkisráðuneytinu. Jafnframt hélt hann fyrirlestur á vegum Útflutningsráðs Íslands.

Í desember sl. var samþykkt að fjölga starfsmönnum skrifstofu EFTA tímabundið í tvö ár úr 89 stöðugildum í 117½ vegna undirbúnings og væntanlegra samningaviðræðna EFTA-ríkjanna og framkvæmdastjórnar EB. Á árinu störfuðu tveir Íslendingar hjá EFTA, annar allt árið en hinn til 1. september. Þegar þetta er ritað hefur verið gengið frá ráðningu þriggja Íslendinga til starfa hjá EFTA auk eins í starfsþjálfun. Þeir hófu störf á fyrsta ársfjórðungi þessa árs.

(2.2) Samskipti EFTA-ríkjanna og EB

Árleg skýrsla utanríkisráðherra til þingsins var síðast lögð fram stuttu eftir leiðtogafund EFTA-ríkjanna, sem haldinn var í Osló 14. – 15. mars 1989, þar sem EFTA-ríkin lýstu sig reiðubúin til að kanna nýjar leiðir með Evrópubandalaginu að kerfisbundnara og víðtækara samstarfi en verið hafði eftir Lúxemborgaryfirlýsinguna árið 1984. Boðað hafði verið til leiðtogafundarins af Gro Harlem Brundtland, þáverandi forsætisráðherra Noregs, haustið 1988, þar eð ýmsir töldu að samstarf EFTA-ríkjanna og EB á grundvelli Lúxemborgaryfirlýsingarinnar væri ekki nægilega hnitmiðað og skilvirkt til að fylgja eftir þróun innri markaðar bandalagsins sem stefnt væri að í árslok 1992. Tveimur mánuðum fyrir leiðtogafundinn flutti Jacques Delors forseti framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, ræðu á fundi þings þess í Strasborg, þar sem hann vék meðal annars að samstarfi EFTA og EB og braut þar upp á nýjum hugmyndum um frekara samstarf. Í þessu sambandi benti hann á tvær leiðir: að halda óbreyttum samskiptaháttum eða ganga til mun víðtækara samstarfs á sem flestum sviðum, nema í öryggis- og stjórnmálum.

Stuttu eftir leiðtogafundinn var haldinn sameiginlegur utanríkisráðherrafundur EFTA- og EB-ríkjanna, þar sem yfirlýsing leiðtogafundarins í Osló var rædd frekar. Í framhaldi af þessum fundi var ákveðið að hefja könnunarviðræður um víðtækara samstarf EFTA-ríkjanna og EB. Í því skyni var komið á sameiginlegri stjórnarnefnd háttsettra embættismanna frá EFTA-ríkjunum og EB, sem Norðmenn stýrðu af hálfu EFTA til loka júní, en Hannes Hafstein, ráðuneytisstjóri, stýrði til loka ársins, meðan utanríkisráðherra fór með formennsku í EFTA. Þessir fundir voru upphafið af svokölluðu Oslóar-Brusselferli.

(2.2.1) Oslóar-Brusselferli

Stjórnarnefndin setti á fót fimm undirhópa til að kanna möguleikann á óhindruðum vöruviðskiptum, fjármagns- og þjónustuviðskiptum, frjálsum atvinnu- og búseturétti, auknu samstarfi á ýmsum sviðum, sem ekki falla alfarið inn í mótun innri markaðar bandalagsins, svo sem umhverfismál, en þessi mál hafa jafnan verið kölluð jaðarverkefni og loks, stofnanaleg og lagaleg atriði og hvernig koma megi á sameiginlegri mótun og töku ákvarðana og sameiginlegu eftirliti með framkvæmd samningsins, sem næði til alls evrópska efnahagssvæðisins.

Starfi vinnuhópanna í þessum áfanga lauk með sameiginlegum fundi stjórnarnefndar EFTA-ríkjanna og EB 20. október 1989, þar sem nefndin var sammála um að mæla með því við ráðherra ríkjanna að efnt yrði til samningaviðræðna um sameiginlegt evrópskt efnahagssvæði, EES, sem byggðist á sameiginlegum niðurstöðum þeirra könnunarviðræðna, sem farið hefðu fram. Ekki er ástæða til þess að endurtaka niðurstöður stjórnarnefndarinnar hér, en vísa þess í stað til skýrslu utanríkisráðherra, sem afhent var Alþingi í nóvember síðastliðnum. Eftir að um málið hafði verið fjallað á ráðherrafundum EFTA 27. október og 11. – 12. desember og í EB-ráðinu 27. nóvember og 18. desember ályktaði sameiginlegur ráðherrafundur EFTA- og EB-ríkja, sem haldinn var í Brussel þann 19. desember sl., að hefja skyldi formlegar samningaviðræður á árinu 1990 að loknum undirbúningsviðræðum og samningum skyldi lokið eins fljótt og auðið yrði. Markmið EFTA-ríkjanna er að samningar um evrópskt efnahagssvæði verði að veruleika samhliða mótun innri markaðar Evrópubandalagsins, þ.e. 31. desember 1992.

Hlutverk vinnuhópanna og sérfræðinganefnda þeirra á fyrri hluta árs 1990 er að skilgreina hverjar af þeim reglum Evrópubandalagsins, sem þegar hafa verið mótaðar, eigi að fella á einn eða annan hátt inn í samninginn um evrópskt efnahagssvæði. Auk þess ber þeim að tilgreina eðli og umfang varanlegra og tímabundinna undanþága einstakra EFTA-ríkja frá efnisþáttum EES-samningsins. Stjórnarnefndin tæki síðan afstöðu til þessara atriða, en ein af niðurstöðum stjórnarnefndarinnar þann 20. október síðastliðinn var að undantekningar, sem

réttlætast með hliðsjón af grundvallarhagsmunum þjóðanna, svo og tilhögun á aðlögunartíma, ættu að vera samningsatriði.

Markmið vinnuhóps I er að vöruviðskipti innan EES verði sem næst því hindrunarlaus eins og að er stefnt innan EB eftir 1992. Til að skilgreina leiðir að þessu marki er vinnuhópurinn meðal annars að skoða samkeppnisreglur, ríkisstyrki, opinber útboð á innkaupum og framkvæmdum, upprunareglur, heilbrigðiseftirlit með flutningi dýra og plantna á milli ríkja, tæknilegar hindranir ýmiss konar, svo sem mismunandi gæðakröfur og vörumerkja- og einkaleyfalöggjöf. Ekki er ætlunin að stefna að sameiginlegri landbúnaðarstefnu fyrir evrópska efnahagssvæðið, en hins vegar þarf að kanna hvort unnt sé að bæta aðgang að mörkuðum fyrir unnar landbúnaðarafurðir. EFTA-sérfræðinganefndin um heilbrigðisreglur vegna landbúnaðar er meðal annars að athuga ýmsar reglur EB er varða heilbrigði dýra og hvort þær reglur eigi að falla undir EES-samninginn. Samkeppnisreglurnar snerta mörg svið og þar á meðal einokun ríkis- og einkafyrirtækja en það tengist jafnframt umræðunni um ríkisstyrki, umfang þeirra og dreifingu annars vegar innan Evrópubandalagsins og hins vegar innan EFTA-ríkjanna. Vinnuhópur I skiptir okkur Íslendinga ekki eingöngu máli vegna ofangreindra þátta heldur ekki síður vegna þess að innan hans fellur umræðan um sjávarafurðir og væntanlega meðferð þeirra í EES-samningi. Afstaða EFTA-ríkjanna er að komið verði á sams konar fríverslun með sjávarafurðir milli EFTA-ríkjanna og EB og tekur gildi innan EFTA á þessu ári eins og greint hefur verið frá.

Í vinnuhópi II er fjallað um bankastarfsemi, fjármagnsþjónustu utan banka, vátryggingastarfsemi, verðbréfaviðskipti og aðrar fjármagnshreyfingar á milli ríkja, samgöngur, fjarskiptaþjónustu og rekstur á sviði útvarps, sjónvarps og kvikmyndagerðar. Ísland hefur nokkra sérstöðu varðandi þjónustu- og fjármagnsviðskipti að því leyti að Ísland hefur á nokkrum sviðum ýmsar hömlur, einkum að því er varðar fjármagnshreyfingar milli landa og fjármagnsþjónustu eins og varðandi stofnsetningarrétt og eignarhald erlendra aðila. Þó vinnuhóparnir hafi sérverkefni hver á sínu sviði tengjast sumir málaflokkar mjög öllum vinnuhópunum, þar sem t.d. í þessum vinnuhóp er bein fjárfesting í íslenskum fyrirtækjum til umfjöllunar, þ.á m. í sjávarútvegi.

Evrópubandalagið hefur sagt að árangur í vinnuhópi III um atvinnu- og búseturétt sé grundvöllur að evrópsku efnahagssvæði. Undir þennan hóp falla auk almennra ákvæða um atvinnu- og búseturéttindi, ýmis félagsleg réttindi, almannatryggingar og viðurkenning prófa og starfsþjálfunar. Íslendingar tóku í upphafi skýrt fram að algjört skilyrði fyrir þátttöku Íslands á þessu sviði, væri að Ísland fengi sérákvæði samskonar því, sem er í samningnum um norræna vinnumarkaðinn, til að koma í veg fyrir mögulega röskun vegna smæðar vinnumarkaðarins. Þessu til viðbótar hefur Ísland gert fyrirvara hvað varðar rétt sjálfstæðs starfandi fólks til að hefja starfsemi á sviðum, sem snerta nýtingu þeirra auðlinda, sem lífsafkoma þjóðarinnar byggir á.

Í vinnuhópi IV, þar sem fjallað er m.a. um rannsóknir og þróun, umhverfismál, neytendavernd, félagarétt, lítil og meðalstór fyrirtæki, menntamál, ferðamál, hagtölur og almannavarnir, hefur ekkert komið fram enn að minnsta kosti, sem valdið gæti Íslendingum verulegum erfiðleikum. Hins vegar má eygja margvíslegan ávinning, sem Íslendingar gætu haft af sameiginlegum áætlunum á þessu sviði, svo sem er varðar menntamál og rannsóknir og þróun.

Búast má við að niðurstaða úr vinnuhópi V um réttarreglur og stofnanir muni ráða miklu um, hvort samningar um evrópskt efnahagssvæði muni takast. Þótt mikið hafi nú þegar verið unnið, er mörgum spurningum enn ósvarað. Mikið hefur verið rætt um ákvarðanamótun og ákvarðanatöku. Báðir aðilar telja að koma eigi á sameiginlegri stofnun til eftirlits og fullnustu EES-reglnanna og samningsins bæði innan EFTA og í einstökum EFTA-ríkjum, en hjá EB er þetta eftirlit í höndum framkvæmdastjórnarinnar. Nýlega hefur verið sett á fót sérstök undirnefnd vinnuhóps V til að fjalla sérstaklega um hvernig best verði að leysa deilumál og

tryggja samræmda túlkun EES-reglna. Stefnt er að því að EES-samningurinn verði alhliða og nái til efnisatriða og lagalegra og stofnanalegra atriða og að felldar verði inn í samninginn viðeigandi reglur EB, sem þegar hafa verið mótaðar eða svonefndur réttararfur EB.

(2.2.2) Lúxemborgarferli

Þó svo að undirbúningur að nýju samskiptamynstri EFTA og EB hafi haft forgang á síðasta ári, var haldið áfram starfi að á þriðja tug verkefna á grundvelli Lúxemborgaryfirlýsingarinnar. Nokkur árangur náðist í þessu starfi á seinni hluta árs á formennskutímabili Íslands. Skrifað var undir viðbót við fríverslunarsamninginn um afnám útflutningstakmarkana, gert var samkomulag um samstarf við tölvuvæðingu tollskjala (TEDIS), skrifað var undir samning um tilkynningaskyldu með nýjar tæknilegar reglugerðir og gert var samkomulag um þátttöku EFTA-ríkjanna í COMETT II áætlun bandalagsins um samstarf háskóla og fyrirtækja. Yfirverkstjórn með öllum verkefnum í Lúxemborgarferlinu er í höndum sameiginlegrar nefndar EFTA og EB, High Level Contact Group eða HLCG, sem Noregur stýrði framan af ári en skrifstofustjóri viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, Sverrir Haukur Gunnlaugsson, seinni hluta árs.

Til fróðleiks skal nefna nokkur mál er voru til umræðu í Lúxemborgarferlinu á síðastliðnu ári:

- Tæknilegar viðskiptahindranir verða æ umfangsmeiri, flóknari og ýmsir undirhópar eru starfandi undir þeirri nefnd sérfræðinga, sem fjalla um þessi mál. Í þessu sambandi má nefna matvæli, leikföng, byggingarefni, fjarskiptatæki og fleira.
- Vegna náinnar samvinnu EFTA-ríkjanna og bandalagsins, einkum á sviði tollamála og sameiginlegra hagsmuna yfirvalda og fyrirtækja um samræmda þróun gagnaskipta með tölvum, var í Lúxemborgarferlinu komið á samstarfi EFTA og EB um það, sem nefnt hefur verið einföldun viðskipta. Helsta viðfangsefni þess hóps, sem komið var á laggirnar árið 1988, var að greiða fyrir aðgöngu EFTA-ríkjanna að TEDIS-áætlun bandalagsins, en henni hafði þegar verið komið á innan bandalagsins árið 1987. Áætlun þessari er ætlað að hafa áhrif á þróun í tölvuvæðingu fyrir alþjóðleg viðskipti og stjórnsýslu, með því meðal annars að glæða áhuga og skilning á þessum málum og tryggja náið samstarf milli einstakra ríkja og atvinnugreina. Tvíhliða samningur um aðild Íslands að áætluninni var undirritaður 15. desember síðastliðinn.
- Töluverð umræða var á milli EFTA-ríkjanna og EB um opinber útboð á innkaupum og framkvæmdum. Öll EFTA-ríkin, nema Ísland, gengu frá svonefndu TED-samkomulagi, sem fellst í því að þátttökuríkin fela tilteknum aðila í hverju landi að tilkynna sérstökum tölvugagnabanka í Lúxemborg um öll opinber útboð. Þetta jafnar aðstöðu allra seljenda vöru og þjónustu og verktaka til að fylgjast með útboðum um gervallt svæðið.
- Mikil gagnaöflun hefur átt sér stað varðandi fjármagnsþjónustu og fjármagnshreyfingar.
- Í marsmánuði höfðu fjögur EFTA-ríki; Austurríki, Finnland, Ísland og Sviss frumkvæði að því að leita eftir samningum við EB um aukið frjálsræði í flugsamgöngum innan Evrópu. Þá höfðu Noregur og Svíþjóð þegar lagt fram svipaða beiðni með vísan til sérstöðu sinnar, þar sem flugfélagið SAS telst vera innan EB.
- Á sviði menntamála gerðist það helst að árið 1989 náðist samkomulag milli EFTA-ríkjanna og EB um aðild þeirra fyrrnefndu að COMETT II áætluninni, sem meðal annars nær til tæknilegs samstarfs háskóla og fyrirtækja. Einnig hafa EFTA-ríkin lagt áherslu á það að taka þátt í ERASMUS-áætlun bandalagsins, en hún fjallar um nemenda- og kennaraskipti.
- Á sviði umhverfismála var mikið rætt um mögulega aðild EFTA-ríkjanna að Umhverfismálastofnun Evrópu.
- Ýmis verkefni á sviði vísinda- og tæknisamstarfs eru áhugaverð að mati EFTA-ríkjanna. Íslendingar hafa nú undirritað rammasamning um vísinda- og tæknisamstarf við Evrópubandalagið og samstarf um svokallaða SCIENCE-áætlun.

- Þátttaka EFTA-ríkjanna varðandi aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki til að aðlagast breyttum aðstæðum með tilkomu innri markaðar EB í ársbyrjun 1993 hófst um mitt síðastliðið ár.
- Á árinu hófst á vegum Evrópubandalagsins undirbúningur Ferðamálaárs Evrópu 1990, framtak sem rekja má til ört vaxandi mikilvægis ferðaiðnaðar.
- Komið var á fót samstarfi um tölulegar upplýsingar, sem hagstofustjórar EFTA-ríkjanna og EB taka þátt í.
- Að frumkvæði Frakka og í samræmi við ákvörðun ráðs Evrópubandalagsins var haldin ráðstefna um útvarp – EUREKA um mánaðarmótin september – október, en henni var ætlað að stuðla að auknu samstarfi stjórnvalda og fyrirtækja á sviði útvarps og sjónvarps, efla kvikmyndagerð og bæta samkeppnisstöðu evrópskra fyrirtækja.

Þetta eru nokkur dæmi um það, sem gert var í svokölluðu Lúxemborgarferli á síðastliðnu ári. Um síðustu áramót var ákveðið, að minnsta kosti tímabundið, að fella allar sérfræðinganefndir, sem starfað hafa í Lúxemborgarferlinu undir Oslóar-Brusselferlið, sem nú stendur yfir, þar sem sú vinna, sem unnin hefur verið í Lúxemborgarferlinu, liggur til grundvallar umræðum í Oslóar-Brusselferli. Það hefur reynst okkur vel að nýta okkur báða ferlana, þar sem sérfræðiþekking einstaklinga hérlendis á ákveðnum sviðum er ómetanleg í því starfi, sem nú stendur yfir og framundan er, hvort heldur um evrópskt efnahagssvæði verður að ræða eða ekki.

Í upphafi Oslóar-Brusselferlisins var hafinn undirbúningur að samstarfi við hagsmunasamtök hér á landi til að greina þeim frá gangi mála. Tíminn, sem áætlaður var í könnunarviðræðurnar, var mjög stuttur, þannig að samráð byggðust fyrst og fremst á upplýsingaflæði stjórnvalda til hagsmunasamtaka. Komið var á fót sérstakri samráðsnefnd ýmissa hagsmunaaðila og stjórnvalda. Nokkrir fundir voru haldnir með öllum hagsmunasamtökunum, sem þarna komu við sögu, svo og fundir einstakra vinnuhópa með nokkrum hagsmunasamtökum eftir málaflokkum. Nokkurt hlé var á þessari upplýsingamiðlun á meðan fulltrúar stjórnarráðsins og ýmissa undirstofnana þess skoðuðu þegar mótaða löggjöf EB með tilliti til íslenskra laga. Þegar þessari yfirferð var lokið voru samráð við hagsmunasamtökin tekin upp aftur, því framundan er mikil vinna fyrir íslensk stjórnvöld og hagsmunasamtök.

(2.2.3) Annað

Síðari hluti árs var mjög annasamur, á meðan formennska Íslendinga stóð yfir í EFTA, enda mikið í húfi að vel gengi á meðan könnunarviðræðurnar stæðu yfir. Nauðsynlegt var að heimsækja sem flest ríki Evrópubandalagsins til að kynna sjónarmið EFTA-ríkjanna til könnunarviðræðnanna og gang þeirra.

Auk funda með Frans Andriessen, varaforseta framkvæmdastjórnar EB, voru m.a. eftirtaldir aðilar heimsóttir í þessum tilgangi: Hans-Dietrich Genscher, utanríkisráðherra Sambandslýðveldisins Þýskalands, í Bonn 4. júlí, Edith Cresson, ráðherra Evrópubandalagsmála í Frakklandi, í París 24. júlí, Gerry Collins, utanríkisráðherra Írlands, og Macra Geoghegan-Quinn, ráðherra írsku stjórnarinnar, sem fer með málefni Evrópubandalagsins, í Dyflinni 20. október, Douglas Hurd, utanríkisráðherra Stóra Bretlands, í London 22. október, Roland Dumas, utanríkisráðherra Frakka, í París 26. október og Mark Eyskens, utanríkisráðherra Belgíu, í Brussel 30. október. Auk ofangreindra heimsókna, voru könnunarviðræðurnar kynntar fyrir Evrópuráðinu í Strasborg 23. september, ráðgjafanefnd EFTA 16. október og 16. nóvember. Nokkrir ráðherrar sóttu Ísland heim, m.a. Fernandez Ordonez, utanríkisráðherra Spánar, og Irmgard Adam-Schwaetzer, aðstoðarutanríkisráðherra Sambandslýðveldisins Þýskalands og Hans van den Broek, utanríkisráðherra Hollands. Síðast en ekki síst er þess að minnast að Francois Mitterrand, forseti Frakklands, kom hingað í heimsókn í byrjun nóvember, til að ræða gang könnunarviðræðnanna við formennskuland EFTA, en Frakkar fóru með formennsku Evrópubandalagsins síðari hluta árs í fyrra.

(2.3) Samskipti Íslands og EB

Viðskipti Íslands og EB eru að verulegu leyti frjáls, þ.e. án hafta, tolla eða gjaldeyristakmarkana. Það á þó ekki við um nokkrar útflutningsvörur okkar, en af þeim má segja að saltfiskur hafi haft forgang í samskiptum Íslands við EB. Fríverslunarsamningurinn við EB frá 1972 nær ekki til hans, m.a. af þeirri ástæðu, að þegar hann var gerður voru helstu saltfiskmarkaðir Íslands utan bandalagsins, og það sjálft innheimti ekki tolla af þessum innflutningi. Eftir inngöngu Spánar og Portúgals áskildi EB sér 13% sameiginlegan toll á saltfiski og 20% á saltfiskflökum. Þetta hefur þó ekki komið til framkvæmda nema að takmörkuðu leyti vegna sérstaks 25 000 tonna árlegs tollfrjáls kvóta á saltfisk, sem samið var um í GATT. Einnig voru 52 500 tonn flutt inn á 5% tolli 1988, 49 000 tonn á 6% tolli 1989 og nýlega var samþykkt að flytja 53 000 tonn inn 1990 á 7% tolli. Þegar þessi innflutningur hefur átt sér stað, kemur á fullur tollur, 13%, en án magntakmarkana. Framkvæmdastjórn EB, sem hefur í höndum sér framkvæmd sameiginlegrar viðskiptastefnu bandalagsins og á frumkvæðisrétt í þeim efnum, hefur beitt sér fyrir því að draga úr magninu og hækka tollinn. Endanlegar ákvarðanir um þetta eru í höndum ráðs sjávarútvegsráðherra EB-ríkja. Tollar þessir hafa enn ekki orðið til þess að dregið hafi úr innflutningi, þó augljóst sé að þeir skerði samkeppnisaðstöðu íslenskra fiskútflytjenda. Framkvæmd hefur og haft í för með sér veruleg óþægindi, ákvörðun um magn og toll hefur oft dregist og hefur sú óvissa oft valdið erfiðleikum í viðskiptum.

Viðleitni framkvæmdastjórnar til að minnka tollkvóta hefur verið mætt með því að ræða við fulltrúa hennar beint og ekki síður með því að leita bandamanna meðal aðildarríkja EB. Málið hefur verið tekið upp gagnvart sendiherrum EB-ríkja í Brussel og beint við ríkisstjórnir í höfuðborgunum. Mikið var um að vera í þessari viðleitni allri á sl. ári. Þannig átti utanríkisráðherra fund með utanríkisráðherrum Spánar, Portúgals og Frakklands snemma árs 1989 og var þá Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri SÍF með í förinni, ásamt embættismönnum. Margir fleiri fundir voru haldnir með fulltrúum ríkisstjórna aðildarríkja og þeim fylgt eftir með bréfaskriftum og orðsendingum, en sendiráð Íslands í Brussel var í reglulegu sambandi við viðkomandi aðalskrifstofu framkvæmdastjórnarinnar. Þá ber þess að geta að sjávarútvegsráðherra Halldór Ásgrímsson, hefur átt fundi um þetta mál, þ.á m. stöðu Íslands almennt í sjávarútvegsmálum gagnvart EB, við ýmsa sjávarútvegsráðherra bandalagsins, einkum hinn þýska.

Á árinu 1988 bannaði EB innflutning á íslensku lambakjöti til landa innan EB, vegna þess að fulltrúar bandalagsins töldu að íslensk sláturhús uppfylltu ekki kröfur EB. Samkvæmt upplýsingum frá viðkomandi aðilum er nú unnið að endurbótum á nokkrum sláturhúsum og er því framangreint bann enn í gildi.

Í upphafi árs 1989 gengu í gildi innan EB reglur, sem banna markaðssetningu og þá jafnframt innflutning á kjöti, sem hefur sætt hormónameðferð. Í tengslum við setningu þessarar reglugerðar óskaði EB eftir upplýsingum um lög og reglur, er gilda um þetta og hvernig eftirliti væri háttað á Íslandi. Í svari yfirdýralæknis kemur m.a. fram að öll sala og notkun hormónalyfja er bönnuð samkvæmt lyfjalögum. Hvað sýnatöku varðar er ekki hægt að gera nauðsynlegar efnagreiningar á Íslandi til að ganga úr skugga um hvort þau innihalda hormónalyf. Vegna mikils kostnaðar við sýnatöku, og síðan rannsókna erlendis, hefur Ísland ekki getað uppfyllt kröfur EB um eftirlit.

Þann 30. október 1989 var undirritaður milli Íslands og EB tvíhliða rammasamningur um vísinda- og tæknisamstarf. Ísland var síðast EFTA-ríkja til að ljúka gerð slíks samnings. Rammasamningurinn gerir það kleift að fá aðild að rannsóknarverkefnum EB, en semja verður sérstaklega við bandalagið um aðild að einstökum verkefnum. Nú er verið að undirbúa þátttöku Íslands í svokallaðri hvataáætlun bandalagsins (SCIENCE). Markmið hennar er m.a. að efla og auðvelda samstarf milli vísindamanna. Ætti þessi samningur því bæði að efla

og auðvelda íslenskum vísindamönnum samstarfið við starfsbræður sína í aðildarríkjum EB. Vonir standa til að hægt verði að undirrita samninginn í mars/apríl nk.

Utanríkisráðherra átti fund með Andriessen, framkvæmdastjóra EB á sviði utanríkismála, í apríl, sérstaklega til viðræðna um samskipti Íslands og EB. Þegar utanríkisráðherra kom á EFTA/EB ráðherrafund í mars notaði hann tækifærið og boðaði sendiherra Íslands í EB-ríkjum og fulltrúa atvinnuvega til skrafs og ráðagerða í Brussel.

Sjávarútvegsráðherra kom til Brussel í mars til funda við Manuel Marin, sem þá hafði tekið við sjávarútvegsmálum innan EB. Áttu þeir viðræður um frekari samskipti EB og Íslands á sjávarútvegssviðinu, en Marin hefur þegið boð um að koma til Íslands á þessu ári.

Evrópustefnunefnd Alþingis fór til Brussel í febrúar til þess að kynna sér starfsemi EB.

Henning Christophersen, danskur varaforseti framkvæmdastjórnar, kom til Íslands í opinbera heimsókn í júní í boði Jóns Sigurðssonar, viðskipta- og iðnaðarráðherra, sem endurgalt heimsóknina í janúar sl., og átti jafnframt viðræður við fleiri meðlimi framkvæmdastjórnar EB um samskipti EFTA og EB og sérmál Íslendinga.

Framkvæmdastjórn sendi inn formleg mótmæli vegna upptöku verðjöfnunargjalds á kökur og majónes á Íslandi og var málinu skotið til viðræðna við framkvæmdastjórnina, sem hafnar eru.

Athugun EB á meintu undirboði kísiljárns frá Noregi og Íslandi stóð yfir á árinu, en EB hefur ekki gripið til neinna gagnaðgerða enn.

Undir árslok afhenti Aneurin Hughes, sendiherra EB í Osló, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra EB á Íslandi.

(2.4) Sjávarútvegsstefna Evrópubandalagsins

Helstu markmið sjávarútvegsstefnu Evrópubandalagsins, sem mótuð var í núverandi mynd árið 1983 eru:

- að tryggja skynsamlega nýtingu fiskistofna.
- að stuðla að réttlátari dreifingu afla með sérstöku tilliti til svæða, sem háð eru fiskveiðum.
- að tryggja mannsæmandi kjör sjómanna.
- að tryggja nægilegt framboð af fiski.

Til að ná settum markmiðum hefur bandalagið m.a. komið á fót viðamiklu styrkjakerfi. Þessu kerfi má skipta í þrjá meginflokka:

1. Styrki til útgerðar, ef aflaverð er undir lágmarksverði.
2. Styrki til útgerðar vegna endurnýjunar/úreldingar fiskiskipa, til fiskeldis og til að bæta löndunar- og hafnaraðstöðu.
3. Styrki til endurbóta og nýbygginga í fiskvinnslu.

Auk þess hefur Evrópubandalagið greitt fyrir veiðiheimildir samkvæmt samningum við ríki utan bandalagsins.

Á fjárhagsáætlun EB fyrir árið 1989 var gert ráð fyrir að greiðslur úr „Fisheries Guarantee Fund" til að tryggja lágmarksverð, næmu um 37,3 millj. ECU (2.714 millj. kr.) samanborið við um 30 millj. ECU árið 1988, en á því ári keypti bandalagið um 49 þús. tonn út af mörkuðum. Styrkjum til útgerðar vegna endurnýjunar/úreldingar fiskiskipa o.fl. er úthlutað tvisvar á ári, og námu samtals á árinu 1989 um 116 millj. ECU (um 8.441 millj. kr.), þar af fór mest til Spánar. Styrkir til endurbóta og nýbygginga í fiskvinnslu námu á fjárlögum EB fyrir árið 1989 um 45 millj. ECU.

Eftir alllangan undirbúning voru, á ráðherrafundi EB 18. og 19. desember 1989, samþykktar nýjar reglur um styrki til fiskvinnslu og fiskeldis. Styrkjum, sem úthlutað er samkvæmt þessum reglum, er m.a. ætlað að auka gæði framleiðslunnar og framleiðni fiskvinnslufyrirtækja, hvetja til framleiðslutilrauna á nýjum sjávarafurðum og vöruteg-undum úr hefðbundnum afla og bæta markaðssetningu og dreifingu, og auka tæknivæðingu í fiskvinnslu.

Lánaumsóknir eru ekki styrkhæfar, nema því aðeins að þær hafi verið samþykktar af stjórnvöldum viðkomandi aðildarríkis. Einnig verða allar framkvæmdir að vera í samræmi við markmið þeirra fimm ára áætlana, sem aðildarríkin hafa sent til bandalagsins, og hafa hlotið samþykki þess.

Á undanförnum árum hefur EB gert samninga við mörg ríki utan bandalagsins um aðgang skipa EB að fiskimiðum þessara landa. Samningar þessir eru með ýmsum hætti: gagnkvæmar veiðiheimildir, veiðiheimildir úr vannýttum stofnum, veiðiheimildir gegn þróunarstyrkjum eða veiðiheimildir gegn beinum greiðslum.

Fjárlög EB fyrir árið 1989 gera ráð fyrir að kostnaður vegna þessara samninga verði um 153,5 millj. ECU (um 11.170 millj. kr.), samanborið við um 140 millj. ECU árið áður.

Ljóst er að styrkir EB til sjávarútvegs og vinnslu innan bandalagsins eru mjög miklir, en aftur á móti er ekki eins auðvelt að meta áhrif þeirra á markaðinn og samkeppnisstöðu íslenskra útflytjenda. Styrkir til fiskvinnslu eru m.a. til að bæta fiskihafnir, markaðssetningu og dreifikerfi, en slíkar endurbætur koma einnig innfluttum sjávarafurðum til góða. Auk þess fer mikill hluti þessara styrkja til fyrirtækja í sardínuiðnaði, en þau fyrirtæki eru sennilega í lítilli samkeppni við íslenska útflytjendur. Umrætt styrkjakerfi er að sjálfsögðu einnig liður í styrktaraðgerðum við héruð og byggðarlög og gæti því haft mikil áhrif á stjórnmálalega hagsmuni á þeim stöðum.

Á árinu var haldið áfram vinnu við allsherjarreglugerð um sjávarafurðir, þar sem samræma á heilbrigðiskröfur innan EB. Starfsmenn bandalagsins hafa nú lagt fyrir framkvæmdastjórn tillögur að nýrri reglugerð, m.a. um hringorma í fiski. Vonir standa til að framkvæmdastjórn leggi tillögur sínar fram innan skamms.

(2.5) Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti (GATT)

Starfið í GATT hefur undanfarin þrjú ár einkum snúist um Uruguay-viðræðurnar. Þessar viðræður, sem hleypt var af stokkunum á ráðherrafundi GATT í Punta del Este í Uruguay 15.–20. september 1986, eru áttundu almennu viðskiptaviðræðurnar í GATT og þær víðtækustu. Þeim á að ljúka með ráðherrafundi GATT 3.–7. desember 1990 í Brussel.

Viðskiptaviðræðunum hefur verið skipt í tvö meginsvið undir aðalsamninganefndinni („Trade Negotiating Committee"), þ.e. viðræður um vöruviðskipti og um þjónustuviðskipti. Jafnframt er starfandi eftirlitsnefnd meðan á Uruguay-viðræðunum stendur. Hún tekur á móti og ræðir tilkynningar um nýjar viðskiptahindranir, afnám þeirra eða takmarkanir á þeim.

Málaflokknum um vöruviðskipti hefur verið skipt í fjórtán undirsvið, sem tilsvarandi undirnefndir fjalla um. Þær eru þessar:

1) Nefnd um tolla
2) Nefnd um aðrar viðskiptahindranir
3) Nefnd um náttúruauðlindir
4) Nefnd um vefnaðarvörur
5) Nefnd um landbúnaðarafurðir
6) Nefnd um hitabeltisafurðir
7) Nefnd um endurskoðun GATT samningsins
8) Nefnd um sérsamninga innan GATT
9) Nefnd um verndaraðgerðir
10) Nefnd um styrki og gagnaðgerðir
11) Nefnd um hugverk í viðskiptum
12) Nefnd um fjárfestingar í viðskiptum
13) Nefnd um lausn deilumála innan GATT
14) Nefnd um virkni GATT kerfisins

Samninganefnd um þjónustuviðskipti hefur enn ekki sett á stofn undirnefndir og fara því allar umræður fram í nefndinni sjálfri.

Á ráðherrafundi GATT í Montreal í Kanada í desember 1988 og á fundi háttsettra embættismanna í apríl sl. var samþykktur samningarammi varðandi framhald viðræðnanna og náði hann yfir öll sviðin. Samkvæmt þessum samningaramma var í lok ársins 1989 um það bil að ljúka því stigi samningaviðræðnanna, sem felur í sér framlagningu tillagna af hálfu aðildarríkjanna. Á tímabilinu janúar til júlí 1990 verður síðan reynt að brúa bilið milli sjónarmiða viðskiptaheilda og aðildarríkja og komast að samkomulagi á breiðum grundvelli. Síðustu mánuðina fram að ráðherrafundinum 3. – 7. desember 1990 er loks ætlunin að leysa þau ágreiningsefni er eftir standa.

Hér verður lauslega gerð grein fyrir stöðu mála á einstökum sviðum viðræðnanna.

Í samkomulagi ráðherra GATT í desember 1988 var kveðið á um verulega lækkun og í sumum tilvikum afnám tolla. Markmiðið var þriðjungslækkun tolla og skyldi nefndin um tolla koma sér saman um samningsaðferðir og verklagsreglur fyrir 1. júlí 1989 í því skyni að unnt yrði að hefja eiginlegar viðræður um lækkanir eða afnám tolla. Samkomulag hefur enn ekki tekist. Helst hefur tafið fyrir framgangi sú afstaða Bandaríkjanna að krefjast þess að ríkjunum verði heimilað að semja hvert um sig í tvíhliða tollalækkunarviðræðum í stað þess að gangast undir almenna tollalækkunarformúlu.

Á ráðherrafundi GATT í Tokyo í nóvember sl. lögðu Bandaríkin fram nýja tillögu um samningsaðferð. Tillagan er þess efnis að aðildarríkin leggi fram nokkurs konar áætlun eða yfirlit um það á hvern hátt þau hyggist fullnægja aprílsamkomulaginu um þriðjungslækkun tolla. Helsti annmarki slíkrar samningsaðferðar er sá sami og við tvíhliða aðferðina, þ.e.a.s. að aðildarríkin geta valið úr þá vöruflokka, sem þau eiga auðvelt með að gefa eftir tolla af, en haldið verndartollum á öðrum.

Ágreiningur er einnig um það til hvaða vöruflokka lækkunin eða afnám tolla eigi að ná. Norðurlöndin eru þeirrar skoðunar að nota beri sömu formúlu til lækkunar á öllum vöruflokkum að undanskildum landbúnaðarvörum. Slíkt felur í sér sams konar lækkun tolla á iðnvarningi, afurðum náttúruauðlinda, vefnaðarvörum og hitabeltisafurðum en sérlausn í landbúnaðarnefndinni. Aðrir telja að finna eigi sérlausnir um hitabeltisafurðir (þróunarlöndin) og afurðir náttúruauðlinda (stefna Evrópubandalagsins um aðgang að auðlindum). En nýlega hefur tekist samkomulag í samninganefndinni um tolla varðandi næstu skref í starfi nefndarinnar. Það felur einkum í sér að þátttakendum var gert að skila tillögum sínum um tollamálefni fyrir 15. mars 1990.

Gerðar hafa verið fjölmargar tillögur um það hvaða aðrar viðskiptahindranir skuli afnumdar og með hvaða hætti slíkt skuli gert. Tillögurnar lúta ýmist að gerð fjölhliða samkomulags eða beiðni um afnám viðskiptahindrana milli tveggja aðila, allt eftir eðli viðskiptahindrunar.

Umræður hafa að mestu snúist um gerð fjölhliða samninga um skoðun á vörum í útflutningsríki, upprunareglur, reglur um innflutning, en einnig hafa mörg ríkin lagt fram lista yfir viðskiptahindranir einstakra ríkja er þau vilja að verði afnumdar. Norðurlöndin hafa lagt fram tillögu um fjölhliða samkomulag á sviði útflutningstakmarkana og upprunareglna.

Samninganefndinni um náttúruauðlindir er ætlað að fjalla um fisk og fiskafurðir, skógarafurðir, málma og járnlausa málma svo sem ál. Ágreiningur er um, hvort nefndin eigi að fjalla um frekari vörusvið, t.d. orkugjafa eða þætti tengda orkuframleiðslu. Á síðasta ári miðaði ekkert um ýmsa aðra mikilvæga þætti eins og hvert sé hlutverk náttúruauðlindanefndarinnar og tengsl nefndarinnar við nefndir á öðrum sviðum eða hvaða tollalækkunaraðferð skuli beita. Eins og áður hefur verið gerð grein fyrir, lagði Evrópubandalagið fram tillögu í nefndinni 1987, þar sem ítrekuð eru sjónarmið bandalagsins á ráðherrafundi GATT í Punta del Este 1986 um að EB sé ekki tilbúið til samkomulags um fisk og fiskafurðir, nema allir þættir, sem varða þessar afurðir og hafa viðskiptaáhrif, verði dregnir inn í umræðurnar. Hér á

EB við aðgang að fiskveiðilögsögu strandríkja. Evrópubandalagið hefur margítrekað þessa afstöðu sína. Norðurlöndin, nema Danmörk eiga með sér samstarf í Uruguay-viðræðunum og hafa við öll möguleg tækifæri lagt mikla áherslu á að umræður um aðgang að fiskveiðilögsögu strandríkja eigi ekki heima í Uruguay-viðræðunum. Vegna þessara sjónarmiða EB er óvíst hvort sérstakar samningaviðræður verða um fisk og fiskafurðir. Meðal annars vegna þessa hafa Norðurlöndin haft þá afstöðu að viðskiptahindranir tengdar vöruflokkum, er falla undir náttúruauðlindanefndina, séu ekki sérstakar fyrir þá vöruflokka og hægt sé að ræða þá í öðrum nefndum, einkum nefndum um tolla og um aðrar viðskiptahindranir.

Hlutverk nefndarinnar um vefnaðarvörur er að vinna að því að fella viðskipti með þær vörur undir meginreglur GATT, með því að afnema sérsamning, svokallaðan „multi-fiber" samning og aðrar viðskiptahindranir, sem ganga lengra í verndarátt en ákvæði GATT samningsins heimila. Þróunarlöndin knýja á um framgang, en mörg stærstu iðnríkin hafa verið frekar treg til að koma til móts við þau, þótt nokkuð hafi miðað í þá átt á síðustu mánuðum ársins 1989. Tengist þetta m.a. því hversu langt þróunarríkin eru tilbúin til að teygja sig á sumum öðrum sviðum, þar sem iðnríkin hafa hagsmuni af að árangur náist.

Mjög er knúið á um það innan GATT að samkomulag náist í nefndinni um landbúnaðarafurðir. Árið 1987 lögðu Bandaríkjamenn fram byltingarkennda tillögu, sem gerði ráð fyrir afnámi svo gott sem allra viðskiptahindrana á sviði landbúnaðarafurða á tíu árum. Aðaltilgangur Bandaríkjanna með þessari tillögu var að knýja sem flest aðildarríki GATT til að koma með tillögur, sem gætu orðið grundvöllur umræðna. Bar þessi aðferð Bandaríkjanna tilætlaðan árangur.

Umfjöllun í Uruguay-viðræðunum um landbúnaðarmál má skipta í megindráttum í þrennt, þ.e. langtímamarkmið, skammtímamarkmið og heilbrigðisreglur.

Langtímamarkmið lúta að því hvernig hægt sé að koma á, með nýjum og endurbættum GATT reglum, nauðsynlegum breytingum til að draga úr þeim viðskiptahindrunum, sem nú eru fyrir hendi. Lagðar hafa verið fram fjölmargar tillögur ýmist um einstök efni eða heildartillögur. Tillögurnar snúast um aðgang að mörkuðum (tolla og viðskiptahindranir), niðurgreiðslur, styrki og útflutningsbætur, útflutningstakmarkanir svo og heilbrigðisreglugerðir.

Norðurlöndin hafa í tillögu sinni haft hliðsjón af þeim samningsramma, sem náðist samkomulag um á fundi háttsettra embættismanna í apríl sl. hvað varðar langtímamarkmið og heilbrigðisreglur, en telja að tillit verði að taka til sjónarmiða um félagslegt, þjóðfélagslegt og umhverfislegt hlutverk landbúnaðar. Í tillögunni lýsa Norðurlöndin sig fylgjandi því að dregið verði úr stuðningi við landbúnað, og benda á að sérstök áhersla skuli lögð á að afnema þær aðgerðir sem feli í sér mestar viðskiptahindranir. Norðurlöndin segjast tilbúin að stefna að afnámi flestra útflutningsbóta sinna. Sem meginregla skuli innflutningshöft ekki vera í formi magntakmarkana, nema í sérstökum afmörkuðum tilvikum. Sem lið í afnámi hafta mætti breyta þeim yfir í tolla. Heimilt eigi að vera að hafa verulega háa tolla. Fulltrúi landbúnaðarráðuneytisins hefur sótt fundi GATT og norræna undirbúningsfundi á sviði landbúnaðarmála.

Upphaf skammtímaaðgerða miðast við apríl 1989 og eiga þær að standa til loka árs 1990. Um er að ræða svonefnda „frystingu" styrkja innanlands og til útflutnings, „frystingu" verndaraðgerða, þ.e. tolla og innflutningstakmarkana, og „frystingu" á verðákvörðunum stjórnvalda, en heimild er til gengisaðlögunar vegna mikillar verðbólgu.

Sérstök undirnefnd fjallar um heilbrigðisreglur. Hlutverk nefndarinnar er að kanna núverandi undanþáguákvæði frá reglum GATT vegna verndunar dýralífs og heilbrigðis. Nokkur aðildarríki GATT með Bandaríkin fremst í flokki telja að fella beri þetta ákvæði niður og allar heilbrigðisreglur vegna innflutnings á dýrum verði að byggjast á vísindalegu mati eftir alþjóðastöðlum. Hefur yfirdýralæknir mætt á fundi nefndarinnar og tekið þátt í norrænu samstarfi á því sviði. Norræn tillaga hefur verið lögð fram í nefndinni og þar er m.a.

þeim sjónarmiðum komið á framfæri að ekki sé alltaf kleift að leggja fram vísindalegar sannanir fyrir smithættu og verði því að byggja á viðmiðun um áhættu.

Þróunarríkin hafa lagt til að iðnríkin afnemi tolla af óunnum hitabeltisafurðum og lækki þá verulega á hálfunnum og fullunnum vörum. Mörg iðnríkin (þó ekki Ísland) hafa lagt fram í nefndinni um hitabeltisafurðir tilboð um tollalækkanir. Flest þeirra hafa bundið þetta tilboð því skilyrði að árangur náist á öðrum sviðum. Samkomulag hefur ekki náðst um framhald viðræðnanna. Bandaríkjamenn, studdir af Norðurlöndunum, Japan og Ungverjalandi, hafa lagt til að nefndin gegni aðeins eftirlitshlutverki, en samið verði um tolla, viðskiptahindranir og styrki í viðkomandi nefndum.

Í nefndinni um endurskoðun GATT samningsins hafa verið lagðar fram tillögur um breytingar á ýmsum ákvæðum hans. Norðurlöndin hafa ekki sett fram sérstakar óskir um endurskoðun einstakra greina GATT.

Í nefndinni um ýmsa sérsamninga innan GATT, sem gerðir voru í Tokyo-viðræðunum (1973 – 1979), hafa verið lagðar fram margar tillögur um breytingar á sérsamningum. Ísland er ekki aðili að neinum þessara sérsamninga, en þýðingarmikið er að svo verði sem fyrst.

Umræðum var haldið áfram á síðasta ári um tillögur, sem lagðar hafa verið fram í nefndinni um styrki og gagnaðgerðir. Nefndin hefur það hlutverk að endurskoða ákvæði GATT samningsins um styrki, undirboð og jöfnunartolla og ákvæði samnings um sama efni, sem gerður var í Tokyo-viðræðunum. Norðurlöndin hafa haldið fram þeirri skoðun að þörf sé á endurskoðun, ekki síst hvað varðar beitingu ákvæða, sem og um nánari túlkun ákvæða, er varða veitingu styrkja innanlands. Nefndin um verndaraðgerðir hefur rætt heimildir aðildarríkjanna til að grípa til verndaraðgerða undir vissum skilyrðum og hvernig gera má ákvæði um þau skýrari.

Hlutverk nefndarinnar um hugverk í viðskiptum fjallar einkum um það hvernig meginreglur GATT gætu átt við um þetta svið. Ennfremur hefur setning alþjóðastaðla og reglna um hugverkarétt verið til umfjöllunar, en þær eru mjög ófullnægjandi.

Viðræður um viðskiptahindranir tengdar fjárfestingum í viðskiptum er nýtt svið í samningaviðræðum innan GATT. Umræður snúast einkum um hversu víðtækt svið skuli tekið til umfjöllunar og hvaða þættir falli þar undir. Indverjar, studdir af mörgum þróunarlöndunum, álíta að fæstar þeirra aðgerða, er nefndin hefur fjallað um, leiði til viðskiptahindrana. Ljóst er að erfitt verður að brúa bilið milli þessarar afstöðu og fram kominna tillagna Bandaríkjamanna er vilja ganga langt í því að banna tilteknar aðgerðir. Norðurlöndin hafa ennfremur lagt fram tillögur, en fara skal varlega í sakirnar í tilgreiningu á aðgerðum, sem koma skal í veg fyrir. Almennt byggir tillaga Norðurlandanna á því, að sem mest verði stuðst við þær efnis- og formreglur, sem GATT samkomulagið hefur að geyma.

Þjónustuviðskipti er nýr málaflokkur, sem ekki hefur verið samið um áður í GATT. Markmið, er að í lok Uruguay-viðræðnanna liggi fyrir almennur GATT samningur um þjónustuviðskipti, er svipi til GATT samningsins um vöruviðskipti. Frá upphafi viðræðnanna í lok ársins 1986 hefur verið til umræðu hvaða meginsjónarmið í GATT samningnum um vöruviðskipti gætu átt við um þjónustuviðskipti. Samkomulag náðist um það á ráðherrafundi GATT í Kanada í desember 1988. Í því felst m.a. ákvæði um umfang hans, um bestu kjara réttindi, um aðgang að mörkuðum, um þróunarríki,um lausn deilumála, um fríverslunarsvæði og tollabandalag og um undantekningar og neyðarreglur. Á árinu 1989 hafa embættismenn verið að útfæra þessi sjónarmið og í lok ársins lá fyrir uppkast að slíkum samningi, að vísu með fleiri en einum valkosti varðandi mörg ákvæði hans. Í mörgum tilvikum varða þau ákvæði mismunandi sjónarmið milli þróunarríkja annars vegar og iðnríkja hins vegar. Stafar sá munur oft af því að þróunarríki vilja fá betri meðferð en iðnríki telja eðlilegt.

Ætlunin er að samningurinn sem slíkur nái til allra þjónustuviðskipta. Í viðauka með samningnum eiga að vera svokallaðir jákvæðir eða neikvæðir listar yfir einstök aðildarríki samningsins. Með neikvæðum listum er átt við það að hvert ríki fyrir sig telji upp þá þætti

innan þjónustuviðskipta, sem þau vilja ekki að samningurinn nái til varðandi það ríki. Með jákvæðum lista er átt við að hvert ríki fyrir sig telji upp þær þjónustugreinar, sem falla eigi undir samninginn varðandi það ríki. Bandaríkin eru fylgjandi því að teknir verði upp neikvæðir listar, en Evrópubandalagið vill jákvæða lista. Norðurlöndin hafa ekki gert upp hug sinn.

Samhliða því að stefna að heildarsamningi um þjónustuviðskipti, er stefnt að því að koma smám saman á meiri fríverslun með þjónustu. Fyrsta skrefið í þá átt á að nást í lok Uruguay-viðræðnanna með GATT bindingum einstakra aðildarríkja hans. Bandaríkin og Evrópubandalagið hafa sagt að þau muni fljótlega leggja fram kröfur um GATT bindingar, er varða ýmis aðildarríki GATT. Ekkert Norðurlandanna hefur enn ákveðið hvenær eða hvort þau leggi fram slíkar kröfur.

X Þróunarsamvinna

Á þessu ári eru veittar á fjárlögum rúmlega tvö hundruð tuttugu og fjórar milljónir króna til verkefna, sem flokkast undir opinbera þróunaraðstoð. Þar með eru talin ýmis verkefni, sem rekin eru af Sameinuðu þjóðunum og stofnunum þeirra og iðnríki heims greiða til samkvæmt ákveðnum reglum, oftast höfðatölu. Skylduframlög til slíkra fjölhliða verkefna hafa löngum verið mikill meirihluti þróunarfjárveitinga íslenska ríkisins.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) annast samkvæmt lögum þá tvíhliða þróunarsamvinnu, sem íslenska ríkið stendur að. Til stofnunarinnar er veitt sjötíu og fimm milljónum króna árið 1990. Starfsemi Þróunarsamvinnustofnunar var e.t.v. meiri og líflegri árið 1989 en nokkru sinni. Fjárveiting ársins, 60 m.kr., var nokkurn veginn í samræmi við áætlanir stofnunarinnar, ný verkefni voru í undirbúningi og öðrum, einkum merkum áfanga starfseminnar á Grænhöfðaeyjum, að ljúka á farsælan hátt.

(1) Verkefni á Grænhöfðaeyjum

Botnfiskveiðiverkefnið svokallaða var fyrirferðarmest allra verkefna ÞSSÍ á árinu 1989 eins og áður. Þáttaskil urðu í því verkefni, þegar FENGUR lauk hlutverki sínu og hélt til Íslands í lok ágúst. Verkefnisstjóri hefur gert mjög ítarlega skýrslu um verkefnið. Ekki er ástæða til að rekja nánar það, sem í þeirri skýrslu stendur, en þeim er þakkað, sem að þessum áfanga verkefnisins hafa staðið. Í stórum dráttum gekk verkefnið samkvæmt áætlun. Þó voru aflabrögð á FENG heldur minni en árið áður og eins á dragnótabátum Pescave, útgerðarfyrirtækis Grænhöfðaeyja, en þeir voru um tíma tveir að veiðum útbúnir og stjórnað af ÞSSÍ. Þá bilaði gír í FENG og þurfti að fá viðgerðarmann frá Noregi til að gera við. Var skipið frá veiðum í nærri 2 mánuði af þessum sökum.

Áfram hefur verið haldið að vinna að markaðsmálum og lítur vel út með Bretlandsmarkað eftir að nýir aðilar tóku þar við umboðssölu. Hvað varðar ferskfiskútflutninginn, strandar á því að halda uppi veiðum og löndun í samræmi við flugferðir og flutningamöguleika, en jöfn og stöðug sala var komin á til Amsterdam síðustu vikur FENGS á svæðinu. ÞSSÍ hefur reynt að hvetja til dragnótaveiða nú í vetur en ekki er ljóst um árangur þess ennþá.

Tveir fundir með ráðamönnum voru haldnir á Cabo Verde, hinn fyrri í febrúar og síðari í nóvember. Auk þess voru fundahöld í sambandi við heimsókn forsætisráðherra Cabo Verde til Íslands í júlí. Á öllum þessum fundum var farið lofsamlegum orðum um framgang þeirra verkefna sem í gangi eru af hálfu ÞSSÍ á eyjunum og rætt um framtíð þróunarsamvinnu Íslands og Grænhöfðaeyja. Lagðar voru fram hugmyndir um samvinnu á sviði sjávarútvegs á fundinum í febrúar og þær hafa verið ræddar síðan. Fiskfræðileg aðstoð hófst þegar sl. haust og heldur áfram út 1990. ÞSSÍ mun áfram hafa starfsmann með skrifstofu í Mindelo til aðstoðar á hinum ýmsu sviðum og hann mun fá sérfræðinga til tímabundinna verkefna, t.d. við dragnótaveiðar og fiskvinnslu. Í lok árs 1990 rennur út rammasamningur um þróunarsamvinnu þjóðanna. Þegar eru hafnar viðræður um framlengingu og útvíkkun þess samnings. Fiskvinnsluverkstjóri frá Capo Verde kom í 6 vikna þjálfunar- og fræðsluferð til Íslands í október/nóvember og íslenskur fiskvinnslusérfræðingur vann með heimamönnum í frystihúsinu á Sal í aprílmánuði 1989.

Bygging félagsmiðstöðvar fyrir konur í Mindelo var styrkt áfram og er sú bygging nú langt komin. Rætt hefur verið um að ÞSSÍ aðstoði á einhver hátt við að koma á laggirnar þeirri starfsemi, sem kvennasamtök eyjanna ætla kvennamiðstöðinni að hýsa.

Í viðræðum við stjórnvöld á Grænhöfðaeyjum hefur útgerð og rekstur smábáta að íslenskri fyrirmynd verið mikið til umræðu. Ekki hefur fengist botn í það mál og má vera að fjárhagsvandi ÞSSÍ geri frestun þess óhjákvæmilega. Það væri mjög miður. Erfiðara verður að taka upp þann þráð því lengra sem líður frá brottför FENGS.

(2) Fiskimálafulltrúi Norðurlandanna hjá SADCC

Í apríl sl. var undirritaður samstarfssamningur milli ÞSSÍ f.h. Íslands og hinna Norðurlandanna annars vegar og fiskimálaráðherra Malawi fyrir hönd SADCC hins vegar um þróunarsamvinnu á sviði fiskimála. Samningurinn er í tvennu lagi.

ÞSSÍ leggur til og kostar sérfræðing til starfa á fiskimálaskrifstofu SADCC í Lilongwe, Malawi. Fulltrúi ÞSSÍ kemur fram fyrir hönd hinna Norðurlandanna í fiskimálum gagvart SADCC-ríkjunum sem heild, leitar að verkefnum, fer yfir áætlanir og fylgist með og gefur skýrslur til beggja aðila (SADCC og Norðurlandanna). ÞSSÍ styrkir í því sambandi fiskimálaskrifstofu SADCC með nokkrum fjárframlögum. (Lágmark 50 þús. Bandaríkjadalir skv. samningum auk launa og ferða starfsmanns).

Hitt hlutverk fiskimálafulltrúans f.h. ÞSSÍ er að veita yfirvöldum í Malawi aðstoð í þeirra eigin fiskimálum, m.a. með því að styrkja ýmis smáverkefni á sviði fiskimála peningalega, útvega og kosta sérfræðiaðstoð og veita ókeypis ráðgjöf um fiskimál.

Nokkur undirbúningsvinna fór fram sl. sumar og haust varðandi rannsókna- og tilraunabát, sem Malawimenn hafa rekið á vatninu sl. 20 ár en hann er nú orðinn mjög úreltur og úr sér genginn. Skipatæknifræðingur fór á vegum ÞSSÍ til landsins í sumar og skilaði skýrslu með tillögum um hvernig staðið skuli að endurnýjun rannsóknabátsins. Stjórnvöldum Malawi leist vel á þessar tillögur og hafa þær nú verið kynntar, með aðstoð fulltrúa ÞSSÍ í Malawi, bæði Alþjóðabankanum og Norræna þróunarsjóðnum. Báturinn gæti kostað allt að 400 þúsund Bandaríkjadali og sett yrði upp rannsóknaáætlun í beinu samhengi, svo að um er að ræða a.m.k. 30 millj. kr. verkefni. Hugsanlegt er, að skipið yrði smíðað hér, þrátt fyrir að það yrði kostað af öðrum.

(3) Undirbúningur nýs „aðalverkefnis"

Unnið hefur verið að undirbúningi næsta aðalverkefnis, en svo hefur verið nefnt það verkefni ÞSSÍ, sem kæmi í stað verkefnisins á Grænhöfðaeyjum.

Haustið 1988 samþykktu utanríkis- og þróunarráðherrar Norðurlandanna á fundi sínum í Kiruna að setja á stofn nefnd, „Namibíunefnd þróunarstofnana", til að samræma aðstoð Norðurlandanna við frjálsa Namibíu og gera tillögur um samhæfingu og verkaskiptingu slíkrar þróunarsamvinnu. Störf nefndarinnar voru vel kunn SWAPO-samtökunum, án þess að um beinan samgang væri að ræða. Í nóvember 1988 bárust svo bréf frá forseta SWAPO til forsætisráðherra allra Norðurlandanna, þar sem farið var fram á aðstoð við uppbyggingu ákveðinna þátta atvinnulífsins að fengnu sjálfstæði, m.a. beiðni til forsætisráðherra Íslands um aðstoð við endurreisn sjávarútvegsins. Namibíunefndin skilaði áfangaáliti á utanríkisráðherrafundi í Færeyjum í mars sl., þar sem gert var ráð fyrir samvinnu Íslendinga og Norðmanna við fiskirannsóknir, tilraunaveiðar og þjálfun heimamanna í sjávarútvegsmálum. Ráðherrarnir lýstu ánægju sinni með störf nefndarinnar og báðu hana að halda áfram á sömu braut.

(4) Norræn samstarfsverkefni

Því síðasta af „gömlu" samnorrænu verkefni, **MONAP**, var lokið hvað Ísland varðar um síðustu áramót. SADCC-samstarfið er auðvitað töluvert viðamikið og innan þess þátttaka Íslendinga í Gene-bankanum í Lusaka. Þá eru fundir í stjórnarnefnd samstarfs SADCC og Norðurlandanna a.m.k. 4 sinnum á ári, þar af einu sinni í Afríku.

EK-B-nefndin svokallaða (Embættismannanefnd fyrir þróunarmálefni) hittist tvisvar á ári og þróunarmálaráðherrarnir (utanríkisráðherrar Finnlands og Danmerkur eru einnig með þau mál) hittast einnig tvisvar.

Starfsemi Norræna þróunarsjóðsins (NDF) hófst af fullum krafti á árinu og hefur þegar verið samþykkt að veita 6 „mjúk“ lán til verkefna í þróunarlöndum. Ekki hefur enn verið um að ræða nein verkefni með íslenskri þátttöku, en fyrirspurnir hafa borist um sjávarútvegsverkefni, þar sem íslenskrar sérfræðikunnáttu kynni að verða óskað. Framkvæmdastjóri ÞSSÍ var aðalfulltrúi Íslands í stjórn NDF, en hefur nú að eigin ósk tekið sæti í varastjórn.

XI Hafréttarmál

(1) Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna

Hafréttarsamningurinn hefur verið fullgiltur af 42 aðilum, þ.á m. þremur Evrópuríkjum, Íslandi, Júgóslavíu og Kýpur. Samningurinn öðlast gildi einu ári eftir að sextíu aðilar hafa fullgilt hann.

Nefnd, sem vinnur að undirbúningi alþjóðahafsbotnsstofnunarinnar og hafréttardómstóls, hefur haldið áfram athugun á tillögum, sem miða að því að haga framkvæmd samningsins með þeim hætti að fleiri vestræn ríki geti gerst aðilar að honum. Á fundi nefndarinnar á síðastliðnu sumri lýstu fulltrúar svæðishópa vilja sínum til þess að leita samkomulags við ríki, sem ekki hafa getað sætt sig við öll ákvæði samningsins.

(2) Hafsbotnsmálefni

Íslensk stjórnvöld hafa haldið áfram viðræðum við nágrannaþjóðir til að reyna að ná samkomulagi um hafsbotnsréttindi fyrir utan 200 mílna efnahagslögsögu Íslands, sbr. reglugerð 196/1985 um afmörkun landgrunnsins til vesturs, í suður og til austurs.

Utanríkisráðherra ræddi deiluna milli Íslands, Danmerkur fyrir hönd Færeyja, Bretlands og Írlands um hafsbotnsréttindi á Hatton-Rockall svæðinu við ráðamenn í Danmörku, Bretlandi og Írlandi í heimsóknum sínum til þessara landa á síðastliðnu ári. Margaret Thatcher forsætisráðherra Bretlands, svaraði bréfi Steingríms Hermannssonar, forsætisráðherra, dags. 24. febrúar 1989, með bréfi 7. desember sl. og lagði til að lagasérfræðingar landanna ræddust við um málið. Í svarbréfi Steingríms Hermannssonar 2. mars sl. var fallist á þessa tillögu, en jafnframt ítrekaður fyrirvari, sem íslensk stjórnvöld höfðu gert við samning Írlands og Bretlands um afmörkun svæðisins þeirra á milli. Jafnframt var bent á að íslensk stjórnvöld teldu réttast að leita samkomulags í viðræðum allra hlutaðeigandi landa.

Hvað varðar hafsbotnssvæðið fyrir norðan og austan Ísland hafa íslensk stjórnvöld haft samband við embættismenn í Danmörku og Noregi um framhald viðræðna, sem fram hafa farið milli landanna þriggja til að samræma stefnu þeirra að því er svæðið varðar.

Hinn 6. nóvember 1989 var haldinn fundur í utanríkismálanefnd með sérfræðingum, sem hafa unnið að hafsbotnsmálinu. Meðal annars var á fundinum gerð grein fyrir niðurstöðum jarðeðlisfræðilegra rannsókna á Hatton-Rockall, svæðinu, sem Ísland, Danmörk og Færeyjar stóðu sameiginlega að.

(3) Hvalamálið

Íslensk stjórnvöld hafa ávallt lagt áherslu á langtímahagsmuni Íslendinga í hvalamálinu. Í byrjun árs gætti óróa í umfjöllun um málið vegna hugsanlegra áhrifa, sem aðgerðir umhverfisverndarsamtaka gegn hvalveiðum Íslendinga í vísindaskyni gætu haft á sölu íslenskra afurða erlendis. Í framhaldi af mikilli umfjöllun um viðskiptaáfall í Vestur-Þýskalandi, í kjölfar aðgerða umhverfisverndarsinna, var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um hvalveiðibann til ársins 1993. Ennfremur kom fram tillaga til þingsályktunar um endurskoðun á hvalveiðistefnu Íslendinga. Markmiðið var að stöðva hvalveiðar í vísindaskyni um að minnsta kosti þriggja ára skeið. Frumvarpið og tillagan voru ekki útrædd. Kom almennur stuðningur við stefnu ríkisstjórnarinnar greinilega fram í tengslum við umfjöllun um sjónvarpsmyndina „Lífsbjörg í Norðurhöfum", en þar var dreginn fram tvískinnungur hvalfriðunarsamtaka.

Íslensk stjórnvöld lögðu megináherslu á að bregðast við gagnrýni með upplýsingum um hvalarannsóknirnar. Fulltrúar stjórnvalda heimsóttu í því skyni fyrirtæki í Vestur-Þýskalandi,

Bretlandi og Bandaríkjunum, sem selja íslenskar vörur og orðið höfðu fyrir verulegum þrýstingi af hálfu hvalfriðunarsinna. Í opinberri heimsókn sjávarútvegsráðherra til Vestur-Þýskalands í apríl 1989 var þetta mál ofarlega á dagskrá og veittu vestur-þýsk stjórnvöld málstað Íslendinga stuðning.

Önnur alþjóðleg ráðstefna um skynsamlega nýtingu sjávarspendýra var haldin í Þórshöfn í Færeyjum 18. til 19. apríl 1989, en þessi ráðstefna var framhald af ráðstefnu, sem haldin var í Reykjavík í janúar 1988. Auk Íslands tóku þátt í ráðstefnunni Noregur, Færeyjar, Kanada og Japan, ásamt áheyrnarfulltrúum frá Grænlandi. Á ráðstefnunni var ákveðið að efla samvinnu þjóða við Norður-Atlantshaf varðandi rannsóknir og nýtingu sjávarspendýra. Þriðja ráðstefnan verður haldin í Noregi á þessu ári.

Á fundi sjávarútvegsráðherra Norðurlanda í apríl 1989 var af Íslands hálfu lögð fram tillaga varðandi efnahagslegar þvinganir vegna hvalveiða. Ekki varð samkomulag um afstöðu til tillögunnar.

Í framhaldi af samkomulagi, sem gert var milli Íslands og Bandaríkjanna í Reykjavík í júní 1988, og vegna fyrirhugaðs fundar vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins, var haldinn fundur í Washington 25. apríl 1989 með fulltrúum frá sjávarútvegsráðuneytinu og fulltrúa bandarískra stjórnvalda. Skýrt var m.a. frá þeim gögnum, sem lögð skyldu fram á fundi vísindanefndarinnar.

Hinn 28. apríl 1989 var haldinn í Stokkhólmi fundur norrænna aðalfulltrúa Alþjóðahvalveiðiráðsins. Þar var rætt um fyrirliggjandi dagskrá aðalfundar ráðsins.

Hinn 20. maí 1989 hófst fundur vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins í San Diego. Á þessum fundi hlaut rannsóknaáætlun Íslands viðurkenningu.

Aðalfundur hvalveiðiráðsins var haldinn á sama stað dagana 12. til 16. júní 1989. Á fundinum kom fram ályktunartillaga um hvalveiðar Íslendinga í vísindaskyni, sem flutt var af 11 aðildarríkjum ráðsins. Við undirbúning tillögunnar voru samráð höfð við sendinefnd Íslands og var því tillagan samþykkt samhljóða. Í aðfararorðum tillögunnar kom fram, að Ísland hefði staðið við fyrirheit um að leggja fram sérstaka skýrslu um niðurstöður veiðanna 1988 og að gerðar hefðu verið ýmsar endurbætur á rannsóknaáætluninni. Einnig kom fram að hvalatalningar Íslendinga hefðu verið mikilvægt framlag til vitneskju um hvalastofna í Norður-Atlantshafi og að rannsóknir Íslendinga hefðu verið framkvæmdar af vísindalegri nákvæmni. Íslenska sendinefndin hafði þá þegar lýst yfir, að engin veiði yrði á sandreyði á árinu 1989, en árið 1988 voru veiddar 10 sandreyðar. I tillögunni var mælst til þess, að Ísland endurskoðaði fjölda veiddra langreyða, en upphaflega áætlunin gerði ráð fyrir töku 80 dýra. Íslenska sendinefndin lýsti því yfir að sumarið 1989 yrðu ekki veiddar fleiri en 68 langreyðar. Bandaríska sendinefndin á fundinum lýsti yfir sérstakri ánægju með skjót viðbrögð Íslendinga og töldu þessa niðurstöðu viðunandi og að mikils væri að vænta af rannsóknunum. Í lok fundarins buðust íslensk stjórnvöld til að halda aðalfund ráðsins og fund vísindanefndar þess árið 1991 í Reykjavík. Samþykkt var samhljóða að þiggja boðið. Næsti aðalfundur hvalveiðiráðsins verður haldinn í Hollandi 2. – 7. júlí 1990.

Á tímabilinu júlí til ágúst 1989 fóru fram víðtækar alþjóðlegar hvalatalningar á Norður-Atlantshafi. Alls tóku tvær flugvélar og 15 skip frá Noregi, Íslandi, Spáni, Færeyjum og Danmörku (við Grænland) þátt í verkefninu. Af Íslands hálfu var fyrst og fremst stefnt að því að meta útbreiðslu og stofnstærð sandreyðar á miðunum vestur og djúpt suður af Íslandi. Hvalatalningarnar 1987 beindust hins vegar fyrst og fremst að stofnum langreyðar og hrefnu.

Veiðiþætti fjögurra ára rannsóknaáætlunarinnar lauk 20. júlí 1989, en þá höfðu verið veiddir þeir hvalir, sem ráðgert hafði verið. Á árinu 1990 verða því ekki stundaðar hvalaveiðar í vísindaskyni.

Í september 1990 var samþykkt tillaga á vegum ráðgjafarþings Evrópuráðsins varðandi framtíð hvalveiða. Íslenskum þingfulltrúum tókst að fá samþykkt að framhald hvalveiðistöðvunar yrði háð mati vísindanefndar hvalveiðiráðsins.

Í október 1989 lauk með frávísun máli umhverfisverndarsamtaka gegn bandarískum stjórnvöldum, en það hafði verið höfðað í því skyni að knýja bandarísk stjórnvöld til aðgerða gegn hvalveiðum Íslendinga.

(4) Norður-Atlantshafslaxverndunarstofnunin (NASCO)

Sjötti ársfundur NASCO var haldinn í Edinborg 13. til 16. júní 1989.

Á fundi Norðaustur-Atlantshafsnefndarinnar var ákveðin takmörkun laxveiða við Færeyjar fyrir árin 1990 og 1991, en afli á tímabilinu má ekki vera meiri en 1100 lestir. Veiðitakmarkanir eru einnig í gildi fyrir Grænlandssvæðið og Norður-Ameríkusvæðið.

Á fundinum var sérstaklega fjallað um þá hættu, er villtum laxastofnum stafar af eldislaxi.

Næsti ársfundur stofnunarinnar verður haldinn í Helsingfors 11. – 15. júní 1990.

(5) Laxveiðar utan fiskveiðilögsögu

Í byrjun þessa árs varð Landhelgisgæslan vör við laxveiðibáta á hafsvæðinu utan 200 mílna lögsögu Íslands, Noregs og Færeyja. Veiðar þar eru bannaðar samkvæmt NASCO-samningnum. Í ljós kom að bátarnir voru skráðir í Panama og Póllandi, sem ekki eru aðilar að samningnum, en þeir höfðu áður verið skráðir í Danmörku. Bátarnir virtust í reynd vera í eigu danskra aðila og á undanförnum vikum hefur utanríkisráðuneytið, í samráði við hagsmunaaðila, beitt sér fyrir því að dönsk stjórnvöld létu til sín taka í málinu. Í byrjun mars var einn bátanna kyrrsettur í Hirtshals í Danmörku og hefur refsimál verið höfðað gegn útgerð bátsins.

Utanríkisráðuneytið hefur einnig leitað til stjórnvalda í Póllandi og farið þess á leit að þau geri ráðstafanir til að banna pólskum skipum að taka þátt í þessum veiðum. Þar að auki hefur þess verið farið á leit við stjórnvöld Bandaríkjanna að þau beittu sér fyrir því að stjórnvöld í Panama bönnuðu þarlendum skipum að stunda þessar veiðar.

(6) Veiðar annarra þjóða við Ísland

Belgar hafa heimild til að veiða hér við land samkvæmt samningi frá 1975. Aðeins þrjú skip stunduðu veiðar við Ísland á árinu 1989. Leyfilegur hámarksafli belgísku skipanna er 4400 lestir. Heildarafli belgískra skipa á árinu 1989 var 1.470 lestir, þar af þorskur um 307 lestir.

Færeyingar hafa leyfi samkvæmt samningi frá 1976 til að veiða hér við land, en íslensk stjórnvöld ákveða hámarksafla. Á árinu var færeyskum sjómönnum heimilað að veiða á handfæri og línu 11.000 lestir, þar af allt að 2.000 lestir af þorski. Heildarveiði þeirra á árinu 1989 varð 11.048 lestir og þar af var þorskur 2.012 lestir.

Samkvæmt samkomulagi frá 1976 hafa Norðmenn heimild til línu- og handfæraveiða við Ísland. Afli Norðmanna á árinu 1989 var ákveðinn samkvæmt samkomulagi 400 lestir. Sex norsk línuskip stunduðu veiðar við Ísland á árinu, aðallega lúðuveiðar, og var afli þeirra 417 lestir.

Í desember 1988 var gerður samningur um að Norðmenn mættu veiða allt að 54.000 lestir af loðnu innan íslenskrar lögsögu á tímabilinu 1. janúar til 15. febrúar 1989. Norðmenn veiddu á umræddu tímabili um 56.000 lestir.

(7) Loðnuveiðar samkvæmt samkomulagi við Grænland og Noreg

Samningur milli Grænlands/Danmerkur, Íslands og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen var undirritaður í Kaupmannahöfn 12. júní 1989. Samningurinn gildir fyrir vertíðirnar frá og með 1. júlí 1989 til og með 30. apríl 1992. Hámarksafli fyrir vertíðina 1. júlí 1989 til 30. apríl 1990 var ákveðinn 900.000 lestir á

grundvelli samningsins. Aflanum var skipt milli landanna þannig að 78 af hundraði féll í hlut Íslands, 11 af hundraði í hlut Grænlands og 11 af hundraði í hlut Noregs. Vegna uppgjörs á afla Noregs frá því á árinu 1988, var afli Íslands ákveðinn 662.000 lestir, afli Noregs 139 lestir og afli Grænlands 99.000 lestir. Samkvæmt ákvæðum samningsins keyptu Íslendingar af Grænlendingum rétt til að veiða 31.000 lestir og Norðmenn keyptu af þeim rétt til að veiða 10.000 lestir, en Færeyingar keyptu þann hluta, sem eftir var. Heildarafli Noregs á tímabilinu var 113.800 lestir, þar af 72.800 lestir innan íslenskrar lögsögu. Færeyingar veiddu á tímabilinu um 25.000 lestir, þar af um 11.000 lestir innan íslenskrar lögsögu.

(8) Fiskveiðar í lögsögu Bandaríkjanna

Utanríkisráðuneytið hafði frá því í desember 1989 talsverð afskipti af umsókn íslensks fyrirtækis um fiskvinnsluheimild við Alaska á grundvelli fiskveiðisamnings milli Íslands og Bandaríkjanna frá 1984. Umsókn fyrirtækisins um að vinna m.a. 30.000 lestir þorsks á árinu 1990 í samvinnu við bandaríska aðila var samþykkt, en í desemberbyrjun 1989 samþykkti fiskveiðiráð Norður-Kyrrahafs áætlun fyrir árið 1990, þar sem tekið var fram að enginn þorskvinnslukvóti yrði veittur á Beringshafi í samvinnuverkefni við útlendinga.

Íslensk stjórnvöld sendu í desember 1989 orðsendingu til bandarískra utanríkisráðuneytisins, þar sem hvatt var til þess að bandarísk stjórnvöld forðuðust allar aðgerðir, sem gætu reynst samvinnuverkefni Íslendinga og Bandaríkjamanna skaðlegar.

Hinn 14. desember 1989 ritaði utanríkisráðherra bréf til Bakers, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, þar sem hann lét í ljós áhyggjur vegna málsins, og benti á að það myndi hafa óbætanlegt tjón í för með sér fyrir íslenska fyrirtækið og skaða samvinnu ríkjanna á þessu mikilvæga sviði, ef ákvörðun fiskveiðiráðsins yrði haldið til streitu. Að lokum hvatti hann til viðræðna sem fyrst til að finna lausn, sem þjónaði hagsmunum beggja þjóðanna.

Hinn 4. janúar 1990 ritaði sjávarútvegsráðherra bréf til Mosbachers, viðskiptaráðherra Bandaríkjanna, þar sem látin var í ljós von um samvinnu til að leysa þann vanda, sem leiddi af ákvörðun fiskveiðiráðsins.

Á tímabilinu 17. – 25. janúar 1990 fóru síðan fram viðræður við bandarísk stjórnvöld undir forystu sendiherra Íslands í Washington, en í þeim tóku þátt, auk starfsmanna sendiráðsins, tveir fulltrúar utanríkisráðuneytisins, auk aðstoðarmanns sjávarútvegsráðherra. Í lok viðræðnanna var beiðni íslenskra stjórnvalda um sérstaka fyrirgreiðslu hafnað.

Vinnsluskipi fyrirtækisins, Andra I, var í janúar 1990 veitt leyfi til að taka þátt í samstarfsverkefnum með bandarískum fiskiskipum á árinu 1990 til vinnslu á kola, en leyfilegum hámarksafla var náð í byrjun mars og varð skipið því að hætta starfsemi við Alaska. Skipið hefur nú verið selt úr landi. Sérstök skýrsla um þetta mál hefur þegar verið lögð fram á Alþingi að beiðni nokkurra þingmanna.

XII Utanríkisþjónustan

Í utanríkisráðuneytinu eru fimm skrifstofur eins og undanfarin ár. Það eru skrifstofur alþjóðamála, utanríkisviðskipta, varnarmála, Norðurlandamála og almenn skrifstofa. Auk þess starfa í ráðuneytinu prótokollstjóri, sem jafnframt gegnir starfi fastafulltrúa hjá Evrópuráðinu og þjóðréttarfræðingur. Embætti heimasendiherra voru lögð niður á sl. ári. Í utanríkisráðuneytinu starfa nú alls tuttugu og sjö embættismenn og átján aðrir starfsmenn, samtals fjörutíu og fimm.

Sendiráð og fastanefndir Íslands erlendis eru nú alls tólf. Á hverjum stað eru sendiherra og einn eða fleiri fulltrúar. Í öllum skrifstofunum starfa einnig einn eða tveir útsendir ritarar, en jafnframt eru þar yfirleitt einn eða tveir aðrir starfsmenn, oftast ríkisborgarar þess ríkis, þar sem sendiráðsskrifofan er. Erlendis starfa samtals tuttugu og níu embættismenn, sautján útsendir ritarar, níu staðbundnir ritarar og tólf aðrir starfsmenn, samtals sextíu og sjö manns. Starfsmenn utanríkisþjónustunnar eru því alls eitt hundrað og tólf.

Tveir viðskiptafulltrúar starfa erlendis á vegum Útflutningsráðs Íslands. Þeir eru í sendiráðinu í Kaupmannahöfn og aðalræðisskrifstofunni í New York. Ennfremur hafa þeir aðstöðu í öðrum íslenskum sendiráðum á þeim markaðssvæðum, þar sem þeir starfa.

Á vegum utanríkisþjónustunnar eru nú nær tvö hundruð ræðismenn í fimmtíu ríkjum. Þeir starfa undir stjórn sendiherra Íslands í hlutaðeigandi ríki eða utanríkisráðuneytisins eftir því sem við á. Margir þeirra leysa af hendi mikilvæg störf í þágu íslenskra hagsmuna. Má þar nefna viðskiptaþjónustu, menningarmál og aðstoð við Íslendinga, sem lenda í vandræðum.

Utanríkisráðuneytið hefur verið í leiguhúsnæði í byggingu lögreglustjóraembættisins í Reykjavík síðan árið 1972. Nauðsynlegt reyndist að taka á leigu húsnæði fyrir varnarmálaskrifstofu að Skúlagötu 63 fyrir mörgum árum og þar hefur Norðurlandamálaskrifstofa einnig aðstöðu. Eftir stofnun viðskiptaskrifstofu var ennfremur óhjákvæmilegt að fá á leigu viðbótarhúsnæði, og er það að Laugavegi 118d. Starfsemi utanríkisráðuneytisins er því í leiguhúsnæði á þremur stöðum og er það húsnæði þegar of lítið fyrir starfsemina. Þessar húsnæðisþrengingar torvelda á ýmsan hátt starfsemi ráðuneytisins og er nauðsynlegt að finna varanlega lausn á húsnæðisvanda þess sem allra fyrst.

Utanríkisviðskipti voru sem kunnugt er flutt í utanríkisráðuneytið árið 1987. Mikilvægasti og umfangsmesti þátturinn í þeirri starfsemi eru viðræður EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins. Þótt starfsmönnum viðskiptaskrifstofu hafi verið fjölgað, er nauðsynlegt að skrifstofan verði efld enn frekar vegna aukinnar áherslu, sem lögð hefur verið á þessar viðræður, eflingar EFTA, og vaxandi samskipta Íslands við Evrópubandalagið.

Fylgiskjal 1



Fylgiskjal 2

Ályktanir, sem Ísland var meðflytjandi að á 44. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna

Allsherjarþingið:	
Þingskapatillaga	Kjörbréf Ísrael
1. Ályktun 44/6	Áheyrnarfulltrúi Evrópuráðs
2. Ályktun 44/16	Aukaþing um eiturlyf
3. Ályktun 44/21	Alþjóðafriður og öryggi
4. Ályktun 44/22	Ástandið í Kambódíu
5. Ályktun 44/23	Þjóðréttaráratugur Sameinuðu þjóðanna
6. Ályktun 44/26	Hafréttarmál
7. Ályktun 44/27J	S-Afríkusjóður Sameinuðu þjóðanna
8. Ályktun 44/27K	Alþjóðaaðgerðir gegn kynþáttaaðskilnaði
9. Ályktun 44/239	Neyðaraðstoð við Rúmeníu
Fyrsta nefnd:	
10. Ályktun 44/107	Bann við kjarnavopnatilraunum
11. Ályktun 44/115A	Efna- og sýklavopn
12. Ályktun 44/115B	Genfarsamningurinn frá 1925
13. Ályktun 44/116B	Tvíhliða viðræður
14. Ályktun 44/116E	Raunhæfar hernaðarupplýsingar
15. Ályktun 44/116M	Vígbúnaðar á hafi
16. Ályktun 44/116O	Gereyðingarvopn á hafsbotni
Önnur nefnd:	
17. Ályktun 44/181	Aðstoð við jarðarríki S-Afríku
18. Ályktun 44/220	Vanþróuðustu ríki heims
19. Ályktun 44/227	Umhverfismál
20. Ályktun 44/236	Áratugur v/náttúruhamfara
Þriðja nefnd:	
21. Ályktun 44/25	Samningur um réttindi barna
22. Ályktun 44/70	Málefni fatlaðra
23. Ályktun 44/73	Misrétti gegn konum
24. Ályktun 44/75	Bætt staða kvenna á skrifstofu Sameinuðu þjóðanna
25. Ályktun 44/78	Bætt staða kvenna í dreifbýli
26. Ályktun 44/128	Afnám dauðarefsingar
27. Ályktun 44/129	Mannréttindasáttmálarnir
28. Ályktun 44/135	Framkvæmd mannréttindasamninga
29. Ályktun 44/137	Skýrsla flóttamannafulltrúa
30. Ályktun 44/141	Alþjóðleg barátta gegn eiturlyfjum
31. Ályktun 44/145	Fórnarlömb pyntinga
32. Ályktun 44/156	Ráðstefna um mannréttindi
33. Ályktun 44/159	Skyndiaftökur
34. Ályktun 44/162	Mannréttindi í réttarfarskerfinu

Fjórða nefnd:
35. Ályktun 44/86 Menntun og þjálfun í sunnanverðri Afríku

Fimmta nefnd:
36. Ályktun 44/188 Fjármögnun UNIFIL

Sjötta nefnd:
37. Ályktun 44/35 Alþjóðalaganefndin

Fylgiskjal 3

Framlög Íslands til alþjóðastofnana á árinu 1990

Allar upphæðir í þús. kr.

	Gjöld samtals
Sameinuðu þjóðirnar (UN)	15 340
Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO)	6 080
Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO)	3 800
Menningamálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO)	5 040
Alþjóðakjarnorkumálastofnunin (IAEA)	4 030
Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti (GATT)	1 570
Alþjóðaveðurfræðistofnunin (WMO)	960
Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO)	880
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna á Kýpur (UNFICYP)	760
Eftirlitsnefnd með gin- og klaufaveiki	50
Alþjóðagerðardómurinn í Haag	10
Tollasamvinnuráðið (CCC)	1 030
Alþjóðasjómælingastofnunin (IHO)	400
Alþjóðahvalveiðiráðið (IWC)	2 540
Alþjóðahafrannsóknir (ICES, INAFO, NEAFC)	4 350
Alþjóðastofnunin til útgáfu tollalaga	90
Alþjóðalandfræðisambandið (IGU)	20
Alþjóðajarðfræðisambandið (IUGS)	20
Parísarsamþykktin um vernd á sviði iðnaðar	930
Bernarsambandið	540
Alþjóðasamband sakamálalögreglu (INTERPOL)	1 500
Evrópuráðið	5 960
Efnahags- og framfararstofnunin (OECD)	7 930
Atlantshafsbandalagið (NATO)	22 830
Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA)	12 720
Alþjóðanáttúruverndarsambandið	300
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Miðjarðarhafs	790
Alþjóðasamband um byggingaskipulag	50
Óslóarsamningur um varnir gegn mengun	380
Alþjóðajarðeðlisfræðisambandið	70
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Líbanon (UNIFIL)	4 570
Sameindalíffræðiþing Evrópu	260
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Persaflóa	2 460
Parísarsamningur um varnir gegn mengun	380
Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna (UNFPA)	170
Sjóður Sameinuðu þjóðanna til fórnarlamba pyntinga	160
Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin (NASCO)	1 420
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Angóla (UNAVEM)	180
Tölvugagnaskiptakerfi fyrir viðskipti, TEDIS	320
Norræna ráðherranefndin	58 010
Samtals	168 900

Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

	Gjöld samtals
Þróunarsamvinnusjóður Íslands	75 000
Háskóli Sameinuðu þjóðanna	17 300
Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO)	6 660
Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna (UNDP)	15 990
Alþjóðabarnahjálparstofnunin (UNICEF)	2 270
Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP)	950
Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR)	2 400
Aðstoð Sameinuðu þjóðanna við palestínska flóttamenn (UNRWA)	650
Sameinuðu þjóðirnar, ýmsir sérsjóðir	760
Alþjóðaráð Rauða krossins	1 730
Neyðarhjálparstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNDRO)	410
Alþjóðamatvælabirgðasjóðurinn (IEFR)	400
Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum (UNIFEM)	1 000
Samtals	125 520

Fylgiskjal 4

Fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 1989–1990

Yfirlit yfir fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árin 1989 og 1990
(1 00 DDK)

Samstarfssvið	Fjárlög 1989	Fjárlög 1990
Menningarmálasjóðurinn	12 048	12 650
Fjárveitingasjóður	8 128	12 113
Almenn menningarmál	58 201	62 336
Fræðslumál	25 801	40 689
Rannsóknir	69 100	76 312
Tölvutækni	39 353	–
Orkumál	10 827	9 368
Umhverfismál	18 485	26 909
Vinnumarkaðsmál	5 104	5 432
Vinnuumhverfismál	8 027	9 212
Félags- og heilbrigðismál	32 067	37 449
Jafnréttismál	2 289	2 813
Iðnaðarmál	71 611	84 121
Efnahags- og fjármál	3 578	3 736
Norræna hagstofan	2 413	2 548
Húsnæðis- og byggingamál	6 133	6 970
Viðskiptamál	13 617	15 708
Byggðamál	24 285	25 538
Samgöngumál	3 539	3 755
Umferðaröryggismál	3 700	3 937
Ferðamál	1 784	1 955
Landbúnaðarmál	19 955	21 553
Sjávarútvegsmál	3 625	5 389
Neytendamál	4 905	5 123
Matvælamál	2 293	3 324
Löggjöf	–	3 324
Styrkir til félagsstarfsemi	2 007	2 707
Embættismannaskipti	1 770	1 859
Varasjóður ráðherranefndarinnar	2 035	9 861
Líftækni	15 000	24 750
Launavarasjóður	11 542	12 119
Varasjóður framkvæmdastjóra	585	806
Rekstrarsjóður skrifstofu ráðherranefndarinnar	61 819	67 258
Tölvumál	4 800	2 500
Ný norræn efnahagsáætlun	60 442	76 652
Samtals	610 868	677 952

Fylgiskjal 5

VÍSINDASTYRKIR ATLANTSHAFSBANDALAGSINS

Síðastliðið vor fól menntamálaráðuneytið vísindaráði að hafa umsjón með vísindastyrkjum Atlantshafsbandalagsins (NATO Science Fellowships) og sjá um úthlutun þess fjár, sem kemur í hlut Íslendinga ár hvert til styrkveitinga.

Vísindaráð úthlutaði 7 styrkjum fyrir árið 1989.

Umsækjendur voru 53 úr 15 fræðigreinum. Þeir sóttu um rúmlega 25 milljónir kr., en til ráðstöfunar voru 3.250.000 kr.

Þessir hlutu styrki að þessu sinni:

1. Gunnar Ingi Kristjánsson, taugalíffræðingur kr. 350.000
   til rannsókna á stjórnun taugaeinkennandi gens „neuromodulin", Max-Planck-Institut für Biophysikalische Chemie, Göttingen, Vestur-Þýskalandi.

2. Hanna Ragnarsdóttir, mannfræðingur kr. 600.000
   til rannsókna á þróun þjóðernishyggju frá mannfræðilegu sjónarhorni, Department of Anthropology, University College, London.

3. Haraldur Sigþórsson, byggingaverkfræðingur kr. 250.000
   til rannsókna á umferðaróhöppum á Íslandi við Háskólann í Karlsruhe, Institut für Verkehrswesen.

4. Hildur Harðardóttir, læknir kr. 600.000
   til rannsókna á einkalóna mótefni gegn krabbameinsfrumum frá eggjastokkum, University of Arkansas for Medical Sciences, Department of Obstetrics and Gynecology.

5. Kristinn Tómasson, læknir kr. 600.000
   til framhaldsnáms í heilbrigðis- og faraldsfræði, University of Iowa Hospitals and Clinics.

6. Sigurður Magnússon, líffræðingur kr. 250.000
   til greiðslu kostnaðar vegna rannsókna við Háskólann í Osló á sykurviðtökum í lifur og nýrum laxfiska .

7. Tryggvi Ólafsson, verkfræðingur kr. 600.000
   til þróunar rennslislíkana fyrir skammtímaskipulagningu á raforkuframleiðslu, Ontario Hydro í Toronto í Kanada.

Fylgiskjal 6

Flutningaleiðir Atlantshafsbandalagsins



Fylgiskjal 7

Yfirlit um framlög til ÞSSÍ á fjárlögum

Ár	Framlag á verðl. hvers árs í þús. kr.	Framlag á verðl. 1990 í þús. kr.
1982	10.007	75.842
1983	13.641*	56.119*
1984	13.641*	43.443*
1985	20.500*	49.320*
1986	24.000	47.610
1987	30.000	50.108
1988	40.000	53.270
1989	60.000	65.967
1990	75.000	75.000

* Framlög vegna smíði „FENGS“ ekki meðtalin.

Opinber framlög OECD-landa til þróunarsamvinnu 1988.





(Heimild OECD/DAC, Fréttatilkynning 1/12 1989)

Fylgiskjal 9

Samræmd stefna um takmörkun vígbúnaðar og afvopnun

(Samþykkt á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins 29. – 30. maí 1989.)

I Inngangur

1. Mikilvægasta markmið Atlantshafsbandalagsins er að tryggja frið með frelsi, koma í veg fyrir styrjaldir og koma á réttlátum og varanlegum friði í Evrópu. Stefna Atlantshafsbandalagsins til að ná þessu markmiði birtist í Harmel-skýrslunni frá 1967. Hún er enn í fullu gildi. Samkvæmt þeirri skýrslu er það „í fyrsta lagi hlutverk Atlantshafsbandalagsins að halda nægjanlegum herstyrk og pólitískri samstöðu til að fæla frá árás eða öðrum tilraunum til þvingunar og verja landsvæði aðildarríkjanna, ef til árásar kemur". Á þeim grundvelli getur Atlantshafsbandalagið gegnt „öðru hlutverki sínu, sem er að leita leiða til að auka stöðugleika og á þeim grundvelli, ráða bót á djúpstæðari pólitískum vandamálum". Eins og bent er á í Harmel-skýrslunni, eru hernaðarlegt öryggi og viðleitni til að draga úr spennu „ekki andstæðar, heldur fylgist þetta tvennt að". Í samræmi við þessar meginreglur hafa leiðtogar aðildarríkjanna samþykkt, að takmörkun vígbúnaðar sé órofa partur af öryggisstefnu Atlantshafsbandalagsins.

2. Möguleikarnir á árangursríkum viðræðum austurs og vesturs hafa aukist verulega á undanförnum árum. Forsendur til að ná markmiðum Atlantshafsbandalagsins eru nú betri en áður. Bandalagsríkin eru ákveðin í að nýta þetta tækifæri. Þau munu halda áfram, að fást við einkenni og orsakir pólitískrar spennu, á þann hátt, að viðurkenndir verði réttmætir öryggishagsmunir allra ríkja, er málið varða.

3. Sá varanlegi friður, sem bandalagsríkin stefna að því að koma á, krefst þess að hin óeðlilega skipting Evrópu, einkum Þýskalands, verði afnumin, og, eins og kveðið er á um í Helsinki-sáttmálanum, að sjálfstæði og landamæri allra ríkja, sem og réttur þjóða til sjálfsákvörðunar, verði virtur og réttur einstaklinga, þ.á m. réttur þeirra til að velja sér forystu, verndaður. Aðildarríki Atlantshafsbandalagsins leggja þar af leiðandi megináherslu á frekari árangur á Ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu (CSCE), sem vettvangs til að stuðla að friðsamlegri þróun í Evrópu.

4. CSCE-ferlið skapar möguleika á því að stuðla að stöðugum og árangursríkum samskiptum austurs og vesturs með auknum tengslum manna í millum; með því að tryggja að virðing fyrir grundvallarréttindum og frelsi séu tryggð í lögum og framkvæmd; með því að auka pólitísk samskipti og gagnkvæmt, nytsamlegt samstarf á margvíslegum sviðum; og með því að efla öryggi og upplýsingamiðlun á hernaðarsviðinu. Bandalagsríkin munu halda áfram að krefjast fullrar framkvæmdar á öllum meginreglum og ákvæðum Lokasamþykktarinnar frá Helsinki, Lokaskjals Madridfundarins, Stokkhólmsskjalsins og Lokaskjals Vínarfundarins. Síðastnefnda skjalið markar stóran áfanga í CSCE-ferlinu og ætti að örva jákvæðar breytingar í Evrópu.

5. Grundvallarmarkmið stefnu Atlantshafsbandalagsins í takmörkun vígbúnaðar er að auka öryggi og stöðugleika á sem lægstu stigi herafla og vígbúnaðar, þar sem jafnvægi ríkir og

fælingarstefnan getur gegnt hlutverki sínu óhindrað. Bandalagsríkin hafa einsett sér að ná frekari árangri varðandi öll sín markmið um takmörkun vígbúnaðar. Frekari þróun samræmdu stefnunnar miðar að því að tryggja heildræna efnismeðferð, sem næði til hvort tveggja varnarmála og takmörkunar vígbúnaðar, en þetta tvennt fylgist að og hefur áhrif hvort á annað. Slík vinna krefst þess einnig að fullt tillit verði tekið til tengslanna milli markmiða í takmörkun vígbúnaðar og varnaráætlunum og jafnframt til þess hvernig vígbúnaðartakmarkanir, í einstökum atriðum eða í heild, geta styrkt öryggi Atlantshafsbandalagsins.

Þær meginreglur og þau höfuðmarkmið, sem til þessa hafa legið til grundvallar stefnu Atlantshafsbandalagsins um takmörkun vígbúnaðar, eru enn í gildi. Að sjálfsögðu hafa ýmis atriði áhrif á þann árangur, sem vænta má við framkvæmd þessara markmiða. Þar má m.a. nefna stöðuna almennt í samskiptum austurs og vesturs, varnarþarfir bandalagsríkjanna, þróunina í yfirstandandi og væntanlegum samningaviðræðum um takmörkun vígbúnaðar og þróunina innan CSCE. Frekari þróun og framkvæmd samræmdrar stefnu um vígbúnaðartakmarkanir og afvopnun munu eiga sér stað á þessum grundvelli.

II Austur-vestur samskipti og vígbúnaðartakmarkanir

6. Atlantshafsbandalagið mun halda áfram að vinna að réttlátum og varanlegum friði í Evrópu, þar sem óskert öryggi allra ríkja verður tryggt í skjóli minnsta mögulega herafla og vígbúnaðar, og þar sem allir einstaklingar geta notið grundvallarréttinda og frelsis. Vígbúnaðartakmarkanir geta einar sér hvorki leyst langvarandi pólitíska ágreining austurs og vesturs né tryggt frið. Engu að síður verður markmiðum Atlantshafsbandalagsins ekki náð nema með verulegum árangri í vígbúnaðartakmörkunum, samfara frekari grundvallarbreytingum í pólitískum samskiptum. Árangur í vígbúnaðartakmörkunum getur, auk þess að auka öryggi, haft áhrif til góðs í pólitískum viðræðum austurs og vesturs og þannig stuðlað að því að umfangsmeiri markmiðum Atlantshafsbandalagsins verði náð.

7. Atlantshafsbandalagið hefur ávallt nýtt sérhvert tækifæri til raunhæfra vígbúnaðartakmarkana til að auka öryggi og stöðugleika í Evrópu. Bandalagsríkin fylgja staðfastlega þessari stefnu, án tillits til breytinga, sem kunna að eiga sér stað í hinu pólitíska andrúmslofti í samskiptum austurs og vesturs. Engu að síður mun árangur í vígbúnaðartakmörkunum í framtíðinni ekki ráðast af viðleitni okkar sjálfra einvörðungu, heldur einnig af vilja Austur-Evrópuríkjanna, einkum Sovétríkjanna, til að vinna heils hugar að úrbótum, sem báðir aðilar geta hagnast af.

8. Á undanförnum árum höfum við orðið vitni að betri árangri á sviði takmörkunar vígbúnaðar en dæmi eru um frá fyrri tíð. Stokkhólmsráðstefnan um afvopnum í Evrópu árið 1986 skóp nýjan ramma um traustvekjandi aðgerðir, sem miða að því að auka upplýsingaskipti um hermál og hernaðarlegar áætlanir. Samningurinn um meðaldrægar eldflaugar (INF) frá 1987 markaði annað meginskref í framfaraátt, en samningurinn kvað á um útrýmingu heillar tegundar vopna. Auk þess renndi hann stoðum undir það sjónarmið að sá aðili, sem yfirburða nýtur, skuli skera niður vígbúnað sinn í hlutfallslega ríkara mæli og hafði í för með sér strangar kröfur um eftirlit með framkvæmd afvopnunarsamninga. Til árangurs má einnig telja samkomulag Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um að koma á fót miðstöðvum til að draga úr hættu á átökum með kjarnavopn, samkomulag sömu aðila um að tilkynna fyrirfram um tilraunir með langdrægar eldflaugar, sem flutt geta kjarnavopn, og loks sameiginlega sannprófunartilraun í tengslum við áframhaldandi samningaviðræður Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um tilraunir með kjarnavopn.

9. Auk þeirra samninga, sem þegar hafa verið gerðir, hefur náðst verulegur árangur í viðræðunum um niðurskurð langdrægra kjarnavopna (START), sem miða að því að fækka

slíkum vopnum verulega og útrýma búnaði, sem fallinn er til árása og kyndir undir óstöðugleika. Parísarráðstefnan um bann við efnavopnum hefur staðfest gildi Genfarsamningsins frá 1975 og örvað mjög á pólitískan hátt samningaviðræðurnar í Genf um allsherjarbann við efnavopnum undir raunhæfu eftirliti. Nýjar og aðskildar samningaviðræður innan ramma CSCE eru nú hafnar í Vín. Annars vegar eru það samningaviðræður 23ja aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins um hefðbundinn herafla í Evrópu (CFE) og hins vegar samningaviðræður milli þeirra 35 ríkja sem undirrituðu Helsinkilokasamþykktina, um aðgerðir til að efla traust og öryggi (CSBM).

10. Verulegur árangur hefur einnig átt sér stað í öðrum málum, sem mikilvæg eru fyrir vestræn ríki. Sovéskir hermenn hafa yfirgefið Afganistan. Miðað hefur í átt til lausnar í sumum, þó ekki öllum, svæðisbundnum deilumálum, þar sem Sovétríkin hafa komið við sögu. Virðing fyrir mannréttindum hefur aukist verulega í Sovétríkjunum og sumum öðrum ríkjum Varsjárbandalagsins, þó alvarlegar brotalamir séu enn fyrir hendi. Nýafstöðnum framhaldsfundi CSCE í Vín tókst að skjalfesta nýjar og betri reglur um framferði þátttökuríkjanna og ættu þær að hvetja til frekari árangurs innan CSCE. Nýleg gróska í viðræðum austurs og vesturs, einkum á meðal leiðtoga, hefur skapað ný tækifæri og ber hún einnig vitni ásetningi bandalagsríkjanna að leysa þau grundvallarvandamál, sem enn bíða lausnar.

11. Atlantshafsbandalagið gerir ekki tilkall til þess að eiga eitt heiðurinn af þessari hagstæðu þróun í samskiptum austurs og vesturs. Á síðustu árum hafa Sovétríkin og ríki Austur-Evrópu sýnt betri viðbrögð og meiri sveigjanleika. Engu að síður hefur mikilvægi framlags Atlantshafsbandalagsins verið afgerandi. Sá árangur, sem náðst hefur til þessa og greint er frá hér að framan, hefur í flestum tilvikum átt rætur að rekja til frumkvæðis Atlantshafsbandalagsins eða aðildarríkja þess. Það var pólitísk samstaða bandalagsríkjanna, skuldbindingar þeirra í varnarmálum, þolgæði og hugmyndaauðgi í samningaviðræðum, sem urðu til þess að sigrast var á erfiðleikum í upphafi og að tilraunir bandalagsríkjanna báru ávöxt. Það var Atlantshafsbandalagið, sem skilgreindi höfuðatriðin í þróun samskipta austurs og vesturs, og hefur æ síðan knúið á um framkvæmd þeirra. Þau atriði í austur-vestur samskiptum, sem sérstaklega eiga rætur að rekja til frumkvæðis vestrænna ríkja, eru stöðugleiki, að herafli skuli miðast við varnarþarfir, mismikil fækkun í herjum bandalaganna, að áhersla skuli lögð á vígbúnað, sem fallinn er til skyndiárása, strangt eftirlit með framkvæmd samninga, aukin upplýsingaskipti, afmörkun svæðisins frá Atlantshafi til Úralfjalla í samningaviðræðum og jafnvægi meðal hinna fjölmörgu þátta CSCE-ferlisins.

12. Horfur á varanlegum umbótum í samskiptum austurs og vesturs hafa aldrei verið betri en nú. Enn eru skýr merki breytinga á innanríkis- og utanríkisstefnu Sovétríkjanna og sumra bandalagsríkja þess. Forysta Sovétríkjanna hefur lýst því yfir að hugmyndafræðileg barátta eigi ekki að blandast inn í milliríkjasamskipti. Viðurkenning Sovétríkjanna á því að alvarlegir meinbugir hafi verið á stefnu þeirra í alþjóðamálum jafnt sem innanríkismálum, skapar tækifæri til að leysa úr alvarlegum pólitískum vandamálum.

13. Enn eru þó alvarleg áhyggjuefni. Framkvæmd hinnar metnaðarfullu umbótaáætlunar Sovétríkjanna, sem ríki Atlantshafsbandalagsins hafa glaðst yfir, mun taka mörg ár. Í ljósi þeirra gífurlegu vandamála, sem áætlunin verður að takast á við, og þeirrar andstöðu, sem hún á að mæta, er ekki hægt að ganga að því sem vísu að hún beri árangur. Í Austur-Evrópu hafa umbæturnar verið misjafnar og ótímabært að meta hversu langt þær ná. Enn á eftir að festa grundvallarmannréttindi í sessi, bæði í lögum og framkvæmd, þrátt fyrir að þess sjáist nokkur merki í sumum Varsjárbandalagsríkjanna að úrbóta kunni að vera von. Þrátt fyrir að Varsjárbandalagið hafi ekki alls fyrir löngu tilkynnt um og hafist handa við einhliða niðurskurð á vissum þáttum herafla síns, hafa Sovétríkin áfram á að skipa herafla og halda áfram hergagnaframleiðslu, sem er umfram réttmætar varnarþarfir. Þar fyrir utan eru landfræðilegar aðstæður hinum samliggjandi Varsjárbandalagsríkjum, sem Sovétríkin bera

ægishjálm yfir, mjög í hag, gagnstætt því sem gildir um hin landfræðilega aðskildu lýðræðisríki Atlantshafsbandalagsins. Eitt af markmiðum Sovétríkjanna hefur um langan aldur verið að veikja tengslin milli aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins í Evrópu og Norður-Ameríku.

14. Þegar til skamms tíma er litið lofar framtíðin góðu, þrátt fyrir óvissu. Ríki austurs og vesturs standa frammi fyrir verkefni, sem bæði reynir í þeim þolrifin og opnar þeim tækifæri til að færa sér í nyt ríkjandi aðstæður til eflingar gagnkvæmu öryggi. Nýlegur árangur í samskiptum austurs og vesturs hefur virkað sem hvatning í viðræðum um vígbúnaðartakmarkanir og aukið möguleika á að hrinda í framkvæmd markmiðum Atlantshafsbandalagsins á því sviði, en vígbúnaðartakmarkanir eru óaðskiljanlegur hluti varnarstefnu þess.

III Frumþættir öryggisstefnu Atlantshafsbandalagsins

15. Öryggisstefna Atlantshafsbandalagsins miðar að því að tryggja frið með frelsi, bæði eftir pólitískum leiðum og með því að halda við nægilegum herstyrk til að koma í veg fyrir styrjöld og tryggja árangursríkar varnir. Sú staðreynd, að Atlantshafsbandalagið hefur í 40 ár varðveitt friðinn í Evrópu, ber vitni þeim árangri, sem þessi stefna hefur skilað.

16. Aukin pólitísk tengsl og stigbundin þróun samvinnu milli austurs og vesturs eru mikilvægir þættir stefnu Atlantshafsbandalagsins. Þeir stuðla að því að auka gagnkvæmt traust, draga úr hættu á misskilningi, tryggja skilvirka stjórnun á hættutímum svo draga megi úr spennu, aflétta hömlum og eyða óvissu um framtíðina í Evrópu. Einnig hvetja þeir til þróunar víðtækari samvinnu á öllum sviðum.

17. Til að undirstrika mikilvægi þessara staðreynda fyrir mótun stefnu Atlantshafsbandalagsins árétta bandalagsríkin, eins og fram kemur í Harmel-skýrslunni, að viðleitni þeirra til að koma á jákvæðum viðræðum og samvinnu við Sovétríkin og ríki Austur- Evrópu, þ.á m. um vígbúnaðartakmarkanir og afvopnun, byggir á pólitískri samstöðu og nægilegum herstyrk.

18. Samstaða bandalagsríkjanna er grundvallaratriði í öryggisstefnu þeirra og er til vitnis um að öryggi þeirra myndar órofa heild. Samstaða þessi kemur fram í vilja hvers ríkis til að axla sinn hluta áhættu, kostnaðar og ábyrgðar af hinum sameiginlegu vörnum, í stað þess að njóta eingöngu ávaxtanna. Hefðbundinn herstyrkur og kjarnavopn Bandaríkjanna, auk herliðs Kanada í Evrópu, er til marks um að öryggishagsmunir Norður-Ameríku og Evrópu eru tengdir órjúfanlegum böndum.

19. Tilgangur bandalags hinna vestrænu lýðræðisríkja hefur frá upphafi verið varnarlegs eðlis. Svo mun verða áfram. Vopnum okkar verður aldrei beitt nema í sjálfsvörn. Atlantshafsbandalagið sækist ekki eftir hernaðarlegum yfirburðum og mun ekki gera það í framtíðinni. Markmið þess hefur ætíð verið að koma í veg fyrir styrjöld og hindra kúgun og þvinganir af hvaða tagi sem er.

20. Í samræmi við varnarlegan tilgang Atlantshafsbandalagsins miðar hernaðarstefna þess að fælingu. Markmið stefnunnar er að fullvissa hugsanlegan árásaraðila um að áhættan, sem hann taki með því að gera árás, vegi mun þyngra á metunum en ávinningurinn, sem hann kynni að vonast eftir, hversu stór sem hann er. Markmið þessarar hernaðarstefnu liggur til grundvallar þeim leiðum, sem farnar eru til að framkvæma hana.

21. Til að geta framkvæmt hernaðarstefnu sína verður Atlantshafsbandalagið að geta svarað sérhverri árás á viðeigandi hátt og geta sinnt skuldbindingum sínum um að verja landamæri aðildarríkjanna. Fælingarstefna bandalagsins mun í fyrirsjáanlegri framtíð byggjast á samtengingu nægilegs og skilvirks kjarnorkuvígbúnaðar og hefðbundins herafla, sem endurnýjaður verður eftir þörfum. Því aðeins getur slíkur herafli og vígbúnaður gegnt fælingarhlutverki sínu að hann geti – og líti út fyrir að geta – uppfyllt þær kröfur, sem gerðar eru til hans.

22. Hefðbundinn herafli er óaðskiljanlegur þáttur fælingarstefnunnar. Yrði endi bundinn á ójafnvægið á sviði hefðbundins herafla milli austurs og vesturs, myndi það marka mikilsverð þáttaskil og styrkja bæði stöðugleika og öryggi. Samt sem áður geta hefðbundnar varnir einar sér ekki verið uppistaða fælingarstefnunnar. Árásaraðila verður ekki hótað með meiri áhættu en hann getur sætt sig við nema með kjarnavopnum og þess vegna eru slík vopn nauðsynlegur hluti af þeirri stefnu okkar að koma í veg fyrir styrjöld.

23. Megintilgangur kjarnavopna, bæði langdrægra og annarra, er pólitísks eðlis: að varðveita frið og koma í veg fyrir hvers kyns styrjaldarátök. Slík vopn auka fælingarmáttinn með því að auðsýna að bandalagsríkin hafa hernaðarlegan mátt og pólitískan vilja til að beita þeim gegn árásaraðila, ef nauðsyn ber til. Ef til árásar kæmi, yrði reynt að tryggja fælinguna í sessi á ný með því að fá árásaraðilann til að endurskoða ákvörðun sína, hætta árásinni og draga herlið sitt aftur, þannig að þjóðir Atlantshafsbandalagsins gætu búið við frið innan landamæra sinna á ný.

24. Hefðbundinn vígbúnaðar og kjarnavígbúnaður gegna mismunandi hlutverkum, en fylgjast þó að og styrkja hvor annan. Augsýnilegur veikleiki í öðrum hvorum þessara þátta vígbúnaðar eða sú ímynd að hægt sé að aftengja hefðbundinn herafla og kjarnavopn, eða langdræg kjarnavopn og skammdræg kjarnavopn, gæti leitt til þess að hugsanlegur andstæðingur vanmæti áhættuna, sem hann tæki með því að gera árás og teldi hana þolanlega. Það er því ekki hægt að líta svo á að einn þáttur vígbúnaðarins geti bætt upp veikleika í öðrum þáttum hans.

25. Ekki verður séð að í fyrirsjáanlegri framtíð verði mótuð varnarstefna sem þjónar betur því hlutverki að koma í veg fyrir styrjöld, en sú sem nú er við lýði. Framkvæmd þessarar varnarstefnu mun áfram tryggja að öryggishagsmuna allra aðildarríkja verður fyllilega gætt. Grundvallarforsendur fælingarstefnunnar hafa varanlegt gildi. Óhjákvæmilegt er þó, að raunveruleg útfærsla á þessum forsendum hvað varðar stærð, uppbyggingu og staðsetningu heraflans taki breytingum. Sem fyrr munu þessir þættir þróast í samræmi við breytingar í alþjóðamálum, tækniþróun og breytingar á ógnuninni, sérstaklega hvað við kemur skipulagi og getu herja Varsjárbandalagsins.

26. Innan þessa heildarramma eru það langdrægu kjarnavopnin sem eru bakhjarl fælingarstefnunnar fyrir bandalagsríkin. Nauðsynlegt er að hægt sé að hóta árásaraðila óbætanlegum skaða með langdrægum kjarnavopnum, jafnvel þótt hann hafi gert árás með kjarnavopnum að fyrra bragði. Fjöldi þessara vopna, drægni, öryggi og marksækni verður að vera slík að hugsanlegur árásaraðili geti hvorki reitt sig á að hann geti haldið átökunum í skefjum, né talið sitt eigið landsvæði óhult. Langdræg kjarnavopn Bandaríkjanna eru hornsteinn fælingarstefnu Atlantshafsbandalagsins í heild. Aðskilinn kjarnavígbúnaður Bretlands og Frakklands hefur sjálfstæðu fælingarhlutverki að gegna og styrkir fælingarstefnu Atlantshafsbandalagsins almennt með því að gera áætlunargerð og áhættumat hugsanlegs árásaraðila flóknara.

27. Kjarnavopn, sem ekki flokkast sem langdræg, skapa nauðsynlega brú í pólitískum og hernaðarlegum skilningi milli hefðbundinna vopna og langdrægra kjarnavopna. Ásamt kanadískum og bandarískum herafla í Evrópu tengja þau einnig bandalagsríkin beggja vegna Atlantshafsins. Tilgangur skammdrægra kjarnavopna er ekki að bæta upp misvægi í hefðbundnum herafla. Styrkleiki og fjöldi slíkra vopna innan hins samræmda hernaðarskipulags verður hins vegar að miðast við þá ógnun sem Atlantshafsbandalaginu stafar af hefðbundnum vopnum eða kjarnavopnum. Hlutverk þeirra er að tryggja að hugsanlegur árásaraðili freistist undir engum kringumstæðum til að vanmeta líkurnar á því að hernaðaraðgerðum hans verði svarað með beitingu kjarnavopna. Skammdræg kjarnavopn, leggja því mikilvægan skerf af mörkum í framkvæmd fælingarstefnunnar.

28. Staðsetning slíkra vopna í ríkjum þeim, sem aðild eiga að samræmdu hernaðarskipulagi Atlantshafsbandalagsins, ásamt skipulögðum samráðum á sviði kjarnavígbúnaðar meðal viðkomandi bandalagsríkja, sýnir samstöðu og vilja til að dreifa verkefnum og ábyrgð á þessum vettvangi. Með þessum hætti er stutt við bakið á fælingarstefnunni.

29. Hefðbundinn herafli styrkir fælinguna, þar eð hann auðsýnir ásetning bandalagsríkjanna að verjast og dregur jafnframt úr hættunni á, að hugsanlegur árásaraðili geti gert sér vonir um að vinna skjótan og auðveldan sigur eða ná afmörkuðu landsvæði á sitt vald með hefðbundnum herafla einvörðungu.

30. Bandalagsríkin verða þannig að geta brugðist við á viðeigandi hátt og verða jafnframt að takast á við árásaraðilann eins framarlega og unnt er í því skyni að neyða hann til að hætta árásinni og hörfa eða standa að öðrum kosti frammi fyrir þeim möguleika að bandalagsríkin beiti kjarnavopnum. Herjir bandalagsríkjanna verða að vera staðsettir og í stakk búnir til að sinna þessu hlutverki á öllum tímum. Þar sem Atlantshafsbandalagið er háð birgðaflutningum frá meginlandi Norður-Ameríku verður það einnig að geta haldið opnum sjó- og loftflutningaleiðum milli Norður-Ameríku og Evrópu.

31. Öll aðildarríki Atlantshafsbandalagsins eru mjög hlynnt algeru banni við þróun, framleiðslu, birgðasöfnun og notkun efnavopna, sem hægt yrði að hafa raunhæft eftirlit með. Þar sem áðurnefnd stefna Atlantshafsbandalagsins, sem miðar að því að koma í veg fyrir styrjöld, styðst, eftir því sem við á, við hvort tveggja kjarnavopn og hefðbundin vopn, gegnir sérstöku máli um efnavopn. Uns allsherjarbann við efnavopnum hefur verið samþykkt, telur Atlantshafsbandalagið að enn sé þörf á varnarviðbúnaði, sem stuðlað gæti að því að gera árásaraðilann óvirkan á vígvelli. Í ljósi gífurlegra yfirburða Sovétríkjanna á sviði efnavopna er eðlilegt að Atlantshafsbandalagið hafi yfir að ráða takmörkuðum forða slíkra vopna til að geta svarað í sömu mynt.

32. Bandalagsríkin eru, með hliðsjón af ógnuninni, ákveðin í að hafa einungis lágmarksherafla, sem nauðsynlegur er til að framkvæma fælingarstefnuna. Engu að síður er takmörkum háð hversu lítinn herafla, hefðbundinn eða með kjarnavopnum, hægt er að búa við, ef viðhalda á trúverðugleika fælingarinnar. Hvað þetta varðar sérstaklega, hafa bandalagsríkin ávallt litið svo á að brottflutningur allra kjarnavopna frá Evrópu myndi skapa alvarlegar efasemdir um gildi fælingarstefnunnar og skerða öryggi Atlantshafsbandalagsins.

33. Varnarstefna Atlantshafsbandalagsins og stefna þess varðandi vígbúnaðartakmarkanir og afvopnun eru tengdar og hafa sama markmið, en það er að tryggja öryggi í skjóli minnsta mögulega herafla. Ekki er um neina mótsögn að ræða milli varnarstefnu og stefnu um vígbúnaðartakmarkanir. Það er einmitt á grundvelli þessa grundvallarsamræmis meginreglna og markmiða, sem þróa á hina samræmdu stefnu í vígbúnaðartakmörkunum og afvopnun og komast að viðeigandi niðurstöðum á sérhverju sviði vígbúnaðartakmarkana.

IV Vígbúnaðartakmarkanir og afvopnun: Meginreglur og markmið

34. Í framtíðarsýn okkar er Evrópa óskipt svæði, þar sem herafli þjónar einungis því hlutverki að koma í veg fyrir styrjöld og tryggja varnir, eins og herir bandalagsríkjanna hafa ávallt gert. Herafli bandalagsins verður ekki notaður til að hefja árás eða sem verkfæri til pólitískra og hernaðarlegra þvingana. Sem nauðsynlegur þáttur öryggisstefnu Atlantshafsbandalagsins og heildarstefnu okkar í samskiptum austurs og vesturs geta vígbúnaðartakmarkanir stuðlað að því að gera evrópska framtíðarsýn okkar að raunveruleika.

35. Markmið stefnu Atlanthafsbandalagsins varðandi vígbúnaðartakmarkanir er að auka öryggi og stöðugleika. Til að ná þessu markmiði felur frumkvæði Atlantshafsbandalagsríkjanna á sviði vígbúnaðartakmarkana í sér viðleitni til að ná með samningum jafnvægi með minni herafla og vígbúnaði. Einnig felur það í sér, þar sem það á við, einhliða aðgerðir, þar sem haft er að leiðarljósi að samningar um vígbúnaðartakmarkanir eru því aðeins mögulegir að samningsaðilar hafi sameiginlegan áhuga á að komast að niðurstöðu, sem þeir geta notið góðs af. Stefna bandalagsríkjanna um vígbúnaðartakmarkanir miðar að því að eyða því misvægi í herjum og vígbúnaði, sem ógnar stöðugleika. Stefnan felur einnig í sér aðgerðir, sem auka gagnkvæmt traust og draga úr hættunni á átökum með því að stuðla að auknum upplýsingaskiptum og eyða óvissu í hermálum.

36. Með því að auka öryggi og stöðugleika geta vígbúnaðartakmarkanir skapað Atlantshafsbandalaginu annan mikilvægan ávinning. Meginreglur og niðurstöður sem felast í einum samningi geta rutt brautina fyrir frekari árangri á sviði vígbúnaðartakmarkana. Á þennan hátt geta vígbúnaðartakmarkanir einnig opnað leið til frekari niðurskurðar á herafla og vígbúnaði Atlantshafsbandalagsins í samræmi við stefnu bandalagsins um að koma í veg fyrir að styrjöld brjótist út. Ennfremur, eins og getið er í kafla II, geta vígbúnaðartakmarkanir gegnt veigamiklu hlutverki við að stuðla að bættum samskiptum austurs og vesturs og skapa vettvang fyrir frekari samvinnu í stöðugara og öruggara alþjóðlegu umhverfi. Árangur á sviði vígbúnaðartakmarkana getur einnig aukið almennt traust og stuðning við öryggismálastefnu bandalagsins.

Meginviðmiðunarreglur fyrir vígbúnaðartakmarkanir

37. Aðildarríki Atlantshafsbandalagsins munu hafa neðangreindar meginreglur að leiðarljósi:

- ÖRYGGI: Vígbúnaðartakmarkanir eiga að efla öryggi allra bandalagsríkjanna. Fælingarstefna bandalagsríkjanna og varnarmáttur þeirra verður áfram að vera trúverðugur og óyggjandi, bæði á meðan á framkvæmd slíkra takmarkana stendur og eftir að þeim er lokið. Aðgerðir á sviði vígbúnaðartakmarkana eiga að þjóna hernaðarlegri einingu og pólitískri samstöðu Atlantshafsbandalagsins. Þær verða að treysta í sessi þá meginreglu að öryggi bandalagsins verði ekki skipt upp og verða að koma í veg fyrir að mynduð verði svæði, sem búi við mismunandi öryggi. Aðgerðir á sviði vígbúnaðartakmarkana eiga að taka mið af réttmætum öryggishagsmunum allra ríkja og mega ekki verða til þess að ógnun beinist að eða aukist gagnvart ríkjum eða svæðum utan bandalaganna.
- STÖÐUGLEIKI: Aðgerðir á sviði vígbúnaðartakmarkana verða að leiða til marktækra niðurstaðna á hernaðarsviðinu, sem auka stöðugleika. Til að svo verði, þurfa vígbúnaðartakmarkanir að leiða til þess að dregið verði úr eða útrýmt þeim tegundum vígbúnaðar, sem ógna Atlantshafsbandalaginu mest. Einnig má efla stöðugleika með aðgerðum sem stuðla að auknum upplýsingaskiptum og draga úr óvissu á hernaðarsviðinu. Útrýming getu til skyndiárása eða stórfelldra sóknaraðgerða er forsenda hernaðarlegs stöðugleika. Ein forsenda stöðugleika á hættutímum er sú, að ekkert ríki búi yfir herafla, sem í samanburði við herafla annarra ríkja gæti gefið til kynna að það gæti náð yfirhöndinni með því að grípa til vopna að fyrra bragði. Stöðugleiki byggist einnig á aðgerðum, sem hafa letjandi áhrif á hvers konar tilraunir til að raska jafnvægi, svo sem tilraunir til að ná aftur hernaðarlegum yfirburðum með því að beina auðlindum í annan farveg vígbúnaðar. Samningar verða að bera árangur, þar sem jafnvægis er gætt og tryggt er að öll ríki njóti jafnréttis með tilliti til öryggis.

- EFTIRLIT MEÐ FRAMKVÆMD SAMNINGA: Grundvallarforsenda samninga um vígbúnaðartakmarkanir er, að unnt sé að hafa raunhæft og tryggilegt eftirlit með framkvæmd þeirra. Ef vígbúnaðartakmarkanir eiga að bera árangur og efla traust, hlýtur sannprófun tillagna á sviði vígbúnaðartakmarkana að vera áhersluatriði Atlantshafsbandalagsins. Árangur á sviði vígbúnaðartakmarkana verður að meta með hliðsjón af því hvernig gildandi samningum er fylgt eftir. Samningar um vígbúnaðartakmarkanir verða að koma í veg fyrir að hægt sé að fara í kringum þá.

Markmið vígbúnaðartakmarkana Atlantshafsbandalagsins

38. Í samræmi við ofangreindar meginreglur munu bandalagsríkin á næstu árum vinna að metnaðarfullum vígbúnaðartakmörkunum á sviði kjarnavopna, hefðbundinna vopna og efnavopna.

Kjarnavopn

39. Samningurinn um útrýmingu meðaldrægra kjarnaflauga á landi markar tímamót í viðleitni bandalagsríkjanna til að tryggja öruggari frið í skjóli minni vígbúnaðar. Árið 1991 lýkur, skv. samningnum, eyðingu allra meðaldrægra kjarnaflauga Bandaríkjanna og Sovétríkjanna á landi og þar með hverfur sú ógn, sem Atlantshafsbandalaginu stafar af þessum sovésku vopnum. Hins vegar mun framkvæmd samningsins aðeins taka til lítils hluta kjarnavopnabúrs Sovétríkjanna. Atlantshafsbandalagið mun áfram standa andspænis fjölda nýtískulegra og ógnvænlegra sovéskra vopna með mismunandi drægni. Stefnuskrá Atlantshafsbandalagsins getur ekki orðið að veruleika, nema frekari árangur náist.

Langdræg kjarnavopn

40. Langdræg kjarnavopn Sovétríkjanna eru enn mikil ógnun við Atlantshafsbandalagið. Atlantshafsbandalagið hefur mikilla hagsmuna að gæta við stórfellda fækkun slíkra vopna og því er fækkun þeirra eitt forgangsverkefna bandalagsins.

41. Bandalagsríkin styðja einhuga þau markmið Bandaríkjanna í START-samningaviðræðunum að semja um helmings fækkun langdrægra kjarnavopna Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. Tillögur Bandaríkjanna miða að því að styrkja stöðugleika með því að setja sérstakar skorður við þeim þáttum ógnarinnar, sem stöðugleikanum stafar mest hætta af, en það eru hraðfleygar langdrægar kjarnaflaugar, flutningsgeta flauganna og sérstaklega hinar stóru langdrægu sovésku eldflaugar. Tillögurnar helgast af nauðsyn þess að viðhalda trúverðugleika fælingar þeirra bandarísku langdrægu kjarnavopna, sem eftir verða og munu hafa úrslitaþýðingu fyrir öryggi Atlantshafsbandalagsins alls. Tillögurnar taka því jafnframt mið af nauðsyn þess, að slík vopn geti innt hlutverk sitt af hendi. Ennfremur eiga Bandaríkin í viðræðum við Sovétríkin um varnir og málefni geimsins til að tryggja að stöðugleiki á sviði langdrægra kjarnavopna verði efldur.

Skammdræg kjarnavopn

42. Bandalagsríkin hafa skuldbundið sig til að hafa einungis þann lágmarksfjölda kjarnavopna, sem nauðsynlegur er til að framfylgja fælingarstefnunni. Á grundvelli þessarar stefnu hafa aðildarríki bandalagsins, sem þátt taka í samræmdu herstjórninni, þegar fækkað verulega skammdrægum kjarnavopnum sínum einhliða. Fjöldi kjarnaodda á landi í Vestur-Evrópu hefur verið skorinn niður um þriðjung frá árinu 1979 og hafa þeir ekki verið færri í 20 ár. Viðeigandi endurnýjun þeirra skammdrægu kjarnavopna, sem fyrir hendi eru, myndi hafa í för með sér frekari fækkun.

43. Bandalagsríkin standa áfram frammi fyrir þeirri beinu ógnun, sem Evrópu stafar af miklum fjölda skammdrægra kjarnavopna á yfirráðasvæði Varsjárbandalagsins. Þessi kjarnavopn hafa verið mikið endurnýjuð á undanförnum árum. Veruleg fækkun þessara vopna af hálfu Varsjárbandalagsins myndi almennt stuðla að öryggi Atlantshafsbandalagsins. Ein leið til að ná þessu markmiði er að fækka á áþreifanlegan hátt, og undir raunhæfu eftirliti, skammdrægum kjarnavopnum stórveldanna tveggja á landi, þannig að jöfnuður næðist á lægra stigi vopna.

44. Skammdrægum kjarnavopnum aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins er þó ekki ætlað fyrst og fremst að vega upp á móti samskonar vopnum Varsjárbandalagsins. Eins og fram kemur í þriðja kafla hér að framan, gegna skammdræg kjarnavopn afar mikilvægu hlutverki í fælingarstefnu Atlantshafsbandalagsins. Það hlutverk felst í því að sannfæra hugsanlegan árásaraðila um að hann geti undir engum kringumstæðum útilokað að hernaðaraðgerðum hans verði svarað með kjarnavopnum.

45. Atlantshafsbandalagið áréttar þá afstöðu sína að ekki sé í fyrirsjáanlegri framtíð um aðra kosti að velja en stefnu bandalagsins til að koma í veg fyrir styrjöld. Þessi stefna, fælingarstefnan, byggir á hæfilegri samtengingu nægilegra og skilvirkra kjarnavopna og hefðbundinna vopna, sem endurnýjuð verða eftir þörfum. Hvað kjarnavopn varðar, er þörf fyrir þau á landi, í sjó og í lofti, þ.m.t. landeldflaugar, í Evrópu nú og um fyrirsjáanlega framtíð.

46. Með hliðsjón af gífurlegum yfirburðum Varsjárbandalagsins á sviði skammdrægra kjarnaflauga, skorar Atlantshafsbandalagið á Sovétríkin að fækka einhliða skammdrægum kjarnaflaugum sínum þannig að þær samsvari þeim fjölda sem Atlantshafsbandalagsríki, sem þátt taka í samræmda herskipulaginu, hafa yfir að ráða.

47. Atlantshafsbandalagið ítrekar eftirfarandi markmið í samningunum um hefðbundinn herafla í Evrópu:

- að komið verði á traustu og stöðugu jafnvægi í hefðbundnum herafla við lægri mörk en nú er;
- að misvægi, sem ógnar stöðugleika og öryggi, verði eytt; og
- að það verði forgangsverkefni að útrýma búnaði, sem gerir einum aðila kleift að gera skyndiárás eða hefja stórfelldar sóknaraðgerðir.

48. Í samræmi við markmið Atlantshafsbandalagsins um vígbúnaðartakmarkanir, sem samþykkt voru í Reykjavík 1987 og áréttuð voru í Brussel 1988, lýsir bandalagið því yfir að eitt helsta forgangsverkefni þess í samningaviðræðunum við ríkin í austri sé að ná samkomulagi um niðurskurð hefðbundins herafla, sem myndi uppfylla fyrrgreind skilyrði. Í þessum anda munu bandalagsríkin leggjast á eitt um að ljúka viðræðunum um hefðbundinn herafla sem fyrst með viðunandi árangri, svo sem staðfest var á leiðtogafundinum í maí 1988. Bandaríkin hafa lýst þeirri von sinni að þessari niðurstöðu megi ná á sex til tólf mánuðum. Þegar hafist hefur verið handa við framkvæmd slíks samkomulags, eru Bandaríkin reiðubúin, í samráði við bandalagsríki sem hlut eiga að máli, að hefja samningaviðræður í þeim tilgangi að ná samningum um takmarkaða fækkun skammdrægra kjarnaflauga Bandaríkjanna og Sovétríkjanna á landi, þannig að sannprófanlegur jöfnuður náist. Með sérstakri vísan til tillagna vestrænu ríkjanna um niðurskurð í hefðbundnum herafla, sem lagðar voru fram í Vín og voru útfærðar frekar í tillögum Bandaríkjanna á leiðtogafundinum í maí 1988, munu þau bandalagsríki, er málið varðar, leggja til grundvallar það sjónarmið að samningsbundinn niðurskurður umfram núverandi fjölda skammdrægra kjarnaflauga komi ekki til framkvæmda fyrr en niðurstöður samninga um niðurskurð á hefðbundnum vígbúnaði hafa verið framkvæmdar. Fækkun skammdrægra kjarnavopna Varsjárbandalagsins ætti að eiga sér stað fyrir þann tíma.

49. Fjöldi og eiginleikar skammdrægra kjarnavopna þátttökuríkjanna í samræmdu herstjórninni verða að vera með þeim hætti að þau geti á trúverðugan hátt gegnt fælingarhlutverki sínu á öllum sviðum andspænis þeirri ógnun, sem að Atlantshafsbandalaginu steðjar, bæði á sviði kjarnavopna og hefðbundinna vopna. Endurnýjun Lance-eldflaugarinnar verður tekin til umfjöllunar 1992 með hliðsjón af þróun öryggismála fram til þess tíma. Þrátt fyrir að hér sé um að ræða ákvörðum einstakra ríkisstjórna, viðurkenna þau bandalagsríki, er málið varðar, mikilvægi áframhaldandi fjárveitinga Bandaríkjanna til rannsókna og þróunar á arftaka skammdrægu Lance-eldflaugarinnar, þannig að valkostir verði varðveittir á þessu sviði.

Hefðbundinn herafli

50. Eins og fram kemur í yfirlýsingu leiðtogafundarins frá í mars 1988 og samanburðartölum Atlantshafsbandalagsins frá í nóvember 1988, er herstyrkur Sovétríkjanna í Evrópu, sem er langt umfram eðlilega varnarþörf, bein ögrun við öryggi okkar sem og við hugsjónir okkar um friðsamlega skipan mála í Evrópu. Slíkur herstyrkur, langt umfram þarfir, eykur hættuna á pólitískum þvingunum eða hótunum um árás. Á meðan þessi hætta er fyrir hendi, virkar hún sem dragbítur á bætt pólitísk samskipti Evrópuríkja. En mælanlegir yfirburðir herafla Varsjárbandalagsríkjanna eru ekki það eina, sem ógnar öryggginu. Samsetningu og fyrirkomulagi skriðdreka, stórskotaliðs og brynvarinna herflutningatækja Varsjárbandalagsins er háttað á þann veg að Varsjárbandalagið er í aðstöðu til að gera skyndiárásir og hefja stórfelldar sóknaraðgerðir. Þrátt fyrir nýlega og jákvæða útgáfu Varsjárbandalagsins á mati þess á stöðu herafla í Evrópu, er enn mikil leynd og óvissa ríkjandi um raunverulegan viðbúnað og áform þess á hernaðarsviðinu.

51. Meginmarkmið Atlantshafsbandalagsins í viðleitni þess til að takast á við þessi vandamál eru fólgin í því að koma á traustu og stöðugu jafnvægi í hefðbundnum herafla í Evrópu í skjóli minni herstyrks, og auka jafnframt upplýsingaskipti um hernaðarskipulag og hernaðarstarfsemi í Evrópu.

52. Vestrænu bandalagsríkin leggja til eftirfarandi í samningaviðræðum ríkjanna 23ja, sem tilheyra bandalögunum tveimur, um hefðbundinn herafla í Evrópu (CFE):

- Fækkun, þar til náð verði ákveðnum heildarmörkum í vígbúnaði í Evrópu, og tæki sú fækkun einkum mið af vígbúnaði sem helst ógnar jafnvæginu, þ.e. þeim vígbúnaði, sem einkum þjónar þeim tilgangi að ná og halda landsvæði;
- Hlutfall eins ríkis í þeim herafla, er heildarmörkin leyfa í Evrópu, verði bundið við ákveðin mörk, (þar eð öryggi og stöðugleiki í Evrópu útheimtir að ekkert ríki fari fram úr réttmætum varnarþörfum sínum);
- Skorður verði reistar við erlendum herafla (og staðsetning og samþjöppun sovésks herafla í Austur-Evrópu þannig takmörkuð); og
- viðeigandi töluleg undirmörk verði sett á herafla, og komi þau til framkvæmda samtímis á öllu svæðinu frá Atlantshafi til Úralfjalla.

Í heild munu þessar aðgerðir óhjákvæmilega krefjast mikils niðurskurðar hefðbundins herafla Varsjárbandalagsins, sem Atlantshafsbandalaginu stendur mest ógn af. Niðurskurðurinn verður að fara þannig fram að ekki verði mögulegt að komast undan samningsákvæðum. Þetta má gera t.d. með því að tryggja að vopn, sem samningurinn tekur til, verði eyðilögð eða gerð óvirk með öðrum hætti. Ráðstafanir til að hafa eftirlit með framkvæmd samningsins eru nauðsynlegar til að tryggja að öll ríkin geti treyst því að samningurinn verði haldinn.

53. Ofangreindar aðgerðir munu þó ekki tryggja stöðugleika einar sér. Frekari aðgerðir verða að fylgjast að með fækkuninni og má þar m.a. nefna upplýsingaskipti, tilkynningar og skorður við staðsetningu, geymslu, flutningi, viðbragðsstigi og framboði á hefðbundnum herafla.

54. Í samningaviðræðunum um aðgerðir til að efla öryggi og traust (CSBM) stefna bandalagsríkin að því að viðhalda þeim stíganda, sem árangursrík framkvæmd ákvæða Stokkhólmsskjalsins hefur skapað, með því að gera tillögur um yfirgripsmiklar aðgerðir til að bæta eftirfarandi atriði:
- skipti á upplýsingum um skipulag herja,
- skipti á upplýsingum og aðgerðir til að eyða óvissu um hernaðarstarfsemi,
- samskipti og boðleiðir,

auk þess sem bandalagsríkin hafa gert tillögu um málþing helgað skoðanaskiptum um hernaðarkenningar.

55. Framkvæmd tillagna bandalagsríkjanna í samningaviðræðunum um hefðbundinn herafla, auk tillagna þeirra um frekari aðgerðir til að efla traust og öryggi, hefði í för með sér gífurlegar umbætur í evrópskum öryggismálum. Slíkt myndi hafa mikilvægar og heillavænlegar afleiðingar fyrir stefnu Atlantshafsbandalagsins, bæði á sviði varnarmála og vígbúnaðartakmarkana. Niðurstöður samningaviðræðnanna um hefðbundinn herafla gætu orðið rammi ákvarðana um framtíðaruppbyggingu herafla Atlantshafsbandalagsins, sem nauðsynlegur er til að varðveita frið með frelsi. Nái núverandi markmið í samningunum um hefðbundinn herafla í Evrópu fram að ganga, eru bandalagsríkin reiðubúin til að ræða frekari skref til að efla stöðugleika og öryggi, svo sem frekari niðurskurð eða takmarkanir á hefðbundnum vopnum og tækjabúnaði, eða endurskipulagningu herja til að efla varnarmátt og draga enn frekar úr árásarviðbúnaði.

56. Bandalagsríkin fagna yfirlýstum vilja Sovétríkjanna og annarra Varsjárbandalagsríkja til að draga úr herafla sínum og laga hann að varnarþörfum. Vænta þau þess að sá vilji verði sýndur í verki, en það yrði skref í þá átt bæði að leiðrétta misvægi í herstyrk í Evrópu og draga úr getu Varsjárbandalagsins til skyndiárása. Yfirlýsingar Sovétmanna um niðurskurð sýna að Sovétríkin og önnur Varsjárbandalagsríki viðurkenna það misvægi í hefðbundnum herafla, sem bandalagsríkin hafi lengi lagt áherslu á að væri meginvandamál í öryggismálum Evrópu.

Efnavopn

57. Gífurleg ógn stafar af efnavopnabirgðum Sovétríkjanna. Bandalagsríkin eru staðráðin í að ná sem fyrst samningum um alþjóðlegt allsherjarbann við öllum efnavopnum, sem unnt yrði að hafa raunhæft eftirlit með.

58. Öll ríki Atlantshafsbandalagsins virða ákvæði Genfarsamningsins um notkun eiturgass og sýklavopna í hernaði. Parísarráðstefnan um bann við efnavopnum áréttaði mikilvægi þeirra skuldbindinga, sem gerðar voru samkvæmt Genfarsamningnum og endurspeglaði einróma vilja samfélags þjóðanna til að útrýma algerlega efnavopnum í náinni framtíð og koma þannig í veg fyrir að þeim verði beitt.

59. Bandalagsríkin hafa ekki aðeins hug á að banna notkun þessara ógnvekjandi vopna, heldur einnig þróun þeirra, framleiðslu, birgðasöfnun og flutninga. Þau vilja einnig að núverandi efnavopnum og efnavopnaverksmiðjum verði útrýmt á þann hátt, að tryggt verði að öryggi allra, sem hlut eiga að máli, verði óskert á meðan á útrýmingunni stendur. Á Genfarráðstefnunni um afvopnun er unnið að þessum markmiðum. Þar til samið verður um allsherjarbann munu bandalagsríkin hafa strangt eftirlit með útflutningi á vörum, er tengjast framleiðslu efnavopna. Þau munu einnig reyna að hvetja til aukinna upplýsingaskipta milli ríkja um efnavopnaviðbúnað til að stuðla að aukinni tiltrú á árangur allsherjarbanns.

V Niðurstöður

Innbyrðis tengsl varna og vígbúnaðartakmarkana

60. Atlantshafsbandalagið hefur einsett sér að framfylgja samræmdri stefnu í öryggismálum, sem annars vegar felur í sér vígbúnaðartakmarkanir og afvopnun og hins vegar varnir. Það er því mikilvægt að tryggja að tekið verði tillit til innbyrðis tengsla einstakra mála, sem snerta takmörkun vígbúnaðar og varnarþarfa, sem og tengsla mismunandi sviða vígbúnaðartakmarkana. Tillögur á sérhverju sviði vígbúnaðartakmarkana verða að taka mið af því hvaða áhrif þær hafa á heildarhagsmuni Atlantshafsbandalagsins og aðrar samningaviðræður. Þessa þarf að gæta að staðaldri.

61. Nauðsynlegt er, að samræmis sé gætt milli markmiða í varnarmálum og takmörkun vígbúnaðar, svo tryggt verði að sameiginlegt framlag þeirra til varðveislu öryggis í skjóli lágmarksherafla komi til móts við stefnu Atlantshafsbandalagsins, sem miðar að því að koma í veg fyrir styrjöld. Taka þarf að auki tillit til þess, að breytingar á ógnuninni, ný tækni og ný pólitísk tækifæri geta haft áhrif á valkosti á báðum þessum sviðum. Þær kröfur, sem gera verður til fælingarstefnu bandalagsríkjanna, verða að endurspeglast á fullnægjandi hátt í ákvörðunum á sviði vígbúnaðartakmarkana. Á sama hátt mun árangur í vígbúnaðartakmörkunum hafa áhrif á hernaðaráætlanir, sem þróa verður með hliðsjón af markmiðum í samningaviðræðum um vígbúnaðartakmarkanir, jafnframt því sem slíkar áætlanir verða að endurspegla þær niðurstöður, sem í samningum nást, eftir því sem við á.

62. Á öllum sviðum vígbúnaðartakmarkana stefnir Atlantshafsbandalagið að því að auka stöðugleika og öryggi. Engu að síður eru yfirstandandi samningaviðræður um langdræg kjarnavopn, hefðbundinn herafla og efnavopn, sjálfstæðar viðræður, og niðurstöður á einu sviði, óháðar árangri á öðrum sviðum. Slíkar viðræður geta þó haft gagnkvæm áhrif, því viðmiðanir og samningar á einu sviði vígbúnaðartakmarkana geta vel átt við í öðrum viðræðum og þannig stuðlað að betri heildarárangri. Slíkar viðmiðanir og samningar geta bæði haft áhrif á möguleika á sviði vígbúnaðartakmarkana og þann herafla sem þarf til að framkvæma hernaðarstefnu bandalagsins, jafnframt því sem þær geta dregið úr óvissu á sviði hermála.

63. Bandalagsríkin leitast við að stjórna því hvernig hinir ýmsu þættir vígbúnaðartakmarkana hafa áhrif hver á annan innbyrðis með því að tryggja að markmið þeirra á einstökum sviðum séu þróuð, framkvæmd og bundin í samninga með þeim hætti, að þau séu í fullu samræmi hvert við annað og við þær meginreglur, sem Atlantshafsbandalagið hefur að leiðarljósi varðandi raunhæfar vígbúnaðartakmarkanir. Til dæmis gæti nákvæm útfærsla á mörkum og undirmörkum í samningum um langdræg kjarnavopn haft áhrif, þegar fram í sækir, á svigrúm fyrir skammdræg kjarnavopn þeirra ríkja, sem eru aðilar að samræmdu herstjórninni. Samningur um hefðbundinn herafla væri út af fyrir sig stórt framlag til eflingar stöðugleika. Allsherjarbann við efnavopnum myndi bæta um enn frekar. Þróun aðgerða til að efla traust og öryggi gæti haft áhrif á jafnvægisaðgerðir, sem fjallað hefur verið um í samningaviðræðum um hefðbundinn herafla í Evrópu og öfugt. Útrýming misvægisins í hefðbundnum herafla myndi auka svigrúm til frekari niðurskurðar í skammdrægum kjarnavopnum þeirra ríkja, sem þátt taka í samræmdu herstjórninni, þótt hún myndi ekki gera slík vopn óþörf. Á sama hátt gæti fækkun skammdrægra kjarnavopna skapað möguleika á frekari vígbúnaðartakmörkunum á sviði hefðbundinna herja.

64. Þessi skýrsla setur viðleitni bandalagsríkjanna til að ná árangri á öllum sviðum vígbúnaðartakmarkana hugmyndalegan ramma. Í þeirri viðleitni verður grundvallarmarkmiðið að efla öryggi í skjóli minni herstyrks og vígbúnaðar. Í heild sinni felur stefnuskrá bandalagsríkjanna á sviði vígbúnaðartakmarkana í sér skipulega og yfirgripsmikla aðferð til

eflingar öryggis og stöðugleika. Hún er metnaðarfull, en við erum sannfærðir um að með jákvæðum viðbrögðum ríkja Varsjárbandalagsins verði hægt að hrinda henni í framkvæmd á næstu árum. Jafnframt því sem Atlantshafsbandalagið leitast við að ná markmiðum sínum á sviði vígbúnaðartakmarkana, gerir það sér grein fyrir að það getur ekki byggt öryggi sitt á árangri í vígbúnaðartakmörkunum, sem vænst er í framtíðinni. Engu að síður verða bandalagsríkin reiðubúin að draga viðeigandi ályktanir hvað snertir eigin herafla eftir því sem raunverulegur árangur næst með takmörkun vígbúnaðar í þeim tilgangi að draga á markverðan hátt úr umfangi eða uppbyggingu þeirrar hernaðarógnunar, sem bandalagsríkin standa frammi fyrir. Framkvæmd stefnu bandalagsríkjanna varðandi vígbúnaðartakmarkanir væri ekki einungis mikill ávinningur í sjálfu sér, heldur gæti hún einnig leitt til aukins samstarfs við ríkin í austri á öðrum sviðum. Vígbúnaðartakmarkanaferlið sjálft býr yfir sjálfstæðu hreyfiafli. Ef og þegar Atlantshafsbandalagið nær samningum á einhverju þeirra sviða vígbúnaðartakmarkana, sem getið var um hér að framan, kann það að greiða fyrir bættum horfum á sviði vígbúnaðartakmarkana og stuðla að enn frekari árangri.

65. Eins og fram kemur hér að framan, lýsir evrópsk framtíðarsýn bandalagsríkjanna óskiptu svæði, þar sem herafli þjónar aðeins því hlutverki að koma í veg fyrir styrjöld og tryggja varnir; svæði sem ekki verður lengur í skugga hernaðarlegra yfirburða eða styrjaldarótta; svæði þar sem fullveldi og landamæri allra ríkja verða virt og réttindi einstaklinga, þar með talið pólitískt valfrelsi, verða vernduð. Þessu markmiði verður aðeins náð í áföngum og það mun krefjast þolgæðis og frjórrar hugsunar. Bandalagsríkin hafa einsett sér að vinna áfram að þessu markmiði. Framkvæmd markmiða Atlantshafsbandalagsins á sviði vígbúnaðartakmarkana myndi marka stóran áfanga í viðleitni bandalagsins til að gera framtíðarsýn þess að veruleika.

Fylgiskjal 10

ABM: Anti-Ballistic Missile
ALCM: Air-launched Cruise Missile
ARICE: US Army Forces Iceland
CCMS: Committee on the Challenges to Modern Society
CCPC: Civil Communications Planning Committee
CFE: Conventional Forces in Europe
COMECON: Council on Mutual Economic Assistance
CSBM: Confidence- and Security-building Measures
CSCE: Conference on Security and Co-operation in Europe
DST: Defence and Space Talks
ECU: European Currency Unit
EES: European Economic Space
EFTA: European Free Trade Association
GATT: General Agreement on Tariffs and Trade
HLCG: High Level Contact Group
IADS: Iceland Air Defence System
INF: Intermediate Nuclear Forces
LTBT: Limited Test Bar Treaty
NATO: North Atlantic Treaty Organization
NPT: Non-Proliferation Treaty
OECD: Organization for Economic Co-operation and Development
ONUCA: United Nations Observer Group in Central America
ONUVEN: United Nations Observer Mission to Verify the Electoral Process in Nicaragua
PNET: Peaceful Nuclear Explosions Treaty
SADCC: Southern African Development Co-ordination Conference
SACLANT: Supreme Allied Commander Atlantic
SDI: Strategic Defence Initiative
SLCM: Sea-launched Cruise Missile
SNF: Short-range Nuclear Forces

START: Strategic Arms Limitation Talks
TED: Tender Electronic Daily
TEDIS: Trade Electronic Data Interchange System
UNAVEM: United Nations Angola Verification Mission
UNDOF: United Nations Disengagement Observer Force
UNEP: United Nations Environment Programme
UNESCO: United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization
UNFICYP: United Nations Force in Cyprus
UNIFIL: United Nations Interim Force in Lebanon
UNIMOG: United Nations Iran-Iraq Military Observer Group
UNMOGIP: United Nations Military Observer Group in India and Pakistan
UNTAG: United Nations Transition Assistance Group
UNTSO: United Nations Truce Supervision Organisation

Nd. 794. Lög [419. mál]

um breyting á lögum nr. 32/1978, um hlutafélög, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 23. mars.)

Samhljóða þskj. 731.

Sþ. 795. Tillaga til þingsályktunar [458. mál]

um könnun á gerð jarðganga og vegarlagningu milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar í framhaldi af opnun jarðganga um Ólafsfjarðarmúla.

Flm.: Sverrir Sveinsson, Halldór Blöndal, Jón Sæmundur Sigurjónsson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Ragnar Arnalds, Árni Gunnarsson, Pálmi Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta Vegagerð ríkisins kanna í samráði við sérfróða aðila lagningu vegar og gerð jarðganga milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar um Héðinsfjörð.

Við könnun þessa skal m.a. hafa í huga hagkvæmni jarðgangagerðar borið saman við aðra valkosti og hafa sérstaklega hliðsjón af stofnkostnaði, notagildi, viðhaldskostnaði, byggðaþróun, félagslegum sjónarmiðum, samtengingu þéttbýlisstaða og styttingu vega.

Greinargerð.

Árið 1986 skipaði þáverandi samgönguráðherra nefnd til að gera langtímaáætlun um jarðgöng til samgöngubóta á þjóðvegakerfi landsins. Markmið þessarar áætlunar voru skilgreind í skipunarbréfi: Að tengja þau byggðarlög við vegakerfi landsins sem ekki eiga völ á fullnægjandi tengingu með öðrum hætti. Enn fremur að tengja saman byggðarlög sem mynda eðlilega félagslega og atvinnulega heild en geta ekki komið á viðunandi sambandi sín á milli nema með jarðgöngum eða öðrum álíka mannvirkjum. Átti nefndin að hafa að leiðarljósi í starfi sínu eftirtalin atriði:

1. Samanburð jarðganga við aðrar mögulegar lausnir með tilliti til stofnkostnaðar, viðhaldskostnaðar, notagildis og umferðaröryggis.
2. Röðun verkefna.
3. Framkvæmdahraða og hugmyndir um fjármögnun miðað við að unnið sé samfellt að jarðgangagerð.

Áætlunin verði sett upp þannig að hún geti fallið að langtímaáætlun um vegagerð og orðið hluti af henni á síðari stigum. Áætlunin skal hefjast á jarðgöngum um Ólafsfjarðarmúla sem voru þegar tekin með í langtímaáætlun um vegagerð.

Nefndin skilaði skýrslu sinni í mars 1987 og í formála hennar segir m.a.:

„Með tilliti til þess að hér er um að ræða fyrstu áætlun sinnar tegundar og tími naumur skal í þessum áfanga lögð áhersla á tengingu kaupstaða og stærri kauptúna. Er þá haft í huga að aðrir staðir yrðu teknir fyrir síðar í tengslum við endurskoðun langtímaáætlana um jarðgöng og vegagerð.“

Í samræmi við skipunarbréf nefndarinnar takmarkaði hún starf sitt við athuganir á fjallvegum og hættustöðum þar sem ekki er völ á öðrum lausnum en jarðgöngum eða yfirbyggingum. Af þeim sökum urðu út undan að mestu athuganir á *jarðgöngum til styttingar á*

vegum. Tillögur nefndarinnar um röð verkefna í framtíðinni voru Ólafsfjarðarmúli, Botnsheiði og Breiðadalsheiði, Fjarðarheiði og Oddsskarð. Heildarlengd þessara ganga er um 30 km og framkvæmdatími áætlaður 22 ár. Engu að síður hafa komið fram að undanförnu hugmyndir um önnur göng eins og jarðgöng undir Hvalfjörð og Kópavog sem raskað gætu þessari framkvæmdaröð.

Þann 15. mars sl. fagnaði þjóðin því að sprengingum var lokið í Ólafsfjarðarmúla töluvert langt á undan áætlun og nú hefur samgönguráðherra rætt um að flýta framkvæmdum við jarðgöng á Vestfjörðum. Þessu ber að fagna þar sem bættar samgöngur milli staða á landsbyggðinni eru e.t.v. besta vörnin gegn þeirri byggðarröskun sem nú gengur yfir og menn eru sammála um að reyna að sporna við. Það tók nokkuð langan tíma að sannfæra ráðamenn um gildi jarðganga í samgöngumálum hér á landi. Jarðgöngin um Stráka voru tekin í notkun 1967 og göngin um Oddsskarð 1977. Samtals eru þessi göng um 1.420 m löng. Ekki varð um samfelldar framkvæmdir að ræða og svo voru skoðanir manna skiptar á gildi þessara mannvirkja sem vissulega eru dýr í stofnkostnaði en þarfnast aftur á móti lítils viðhalds. Því var engu fé varið til jarðgangagerðar næstu árin.

Verkfræðingafélag Íslands hélt ráðstefnu um jarðgangagerð árið 1981 og þar kynntu sérfræðingar okkar árangur og reynslu af gerð jarðganga á Íslandi og víðar. Þeir bentu á nokkra valkosti við jarðgangagerð sem rétt væri að huga að í samgöngumálum landsins. Haukur Tómasson jarðfræðingur benti á möguleika þess að tengja byggðirnar við utanverðan Eyjafjörð saman með jarðgöngum. Var þetta svæði talið eitt af þremur þar sem svona tenging gæti verið til verulegrar styrkingar byggðar. Hin svæðin eru norðanverðir Vestfirðir og miðhluti Austfjarða. Af þessum framkvæmdum eru ein göng nú orðin að veruleika, þ.e. Múlagöngin.

Í lauslegu mati sem Haukur Tómasson, forstjóri vatnsorkudeildar Orkustofnunar, og Birgir Jónsson, formaður Jarðgangafélags Íslands, gerðu í október sl. segir:

„Líta má á að Múlagöngin séu fyrsti hluti þessarar tengingar sem síðan heldur áfram inn fyrir Ólafsfjörð og upp Árdal, inn af Kleifum, upp í 280 m hæð yfir sjó. Þarna þarf að leggja nýjan veg um 3 km að lengd og sennilega styrkja veginn að Kleifum. Úr Árdalnum koma 1,6 km löng göng yfir í Víkurdal með munna þeim megin í um 200 m hæð yfir sjó. Leggja þyrfti veg niður Víkurdal og inn með Héðinsfjarðarvatni að vestan eða austan, eftir því hvorum megin er meiri snjóflóðahætta, alls um 7 km. Þá kæmu göng til Skútudals, 2,6 km að lengd. Þessi göng mundu byrja í um 100 m hæð í Héðinsfirði en munni í Skútudal yrði í um 200 m yfir sjó. Þaðan lægi svo 2–3 km langur vegur niður á flugvallarveg í Siglufirði.

Heildarlengd þessarar leiðar úr miðbæ Ólafsfjarðar í miðbæ á Siglufirði yrði um 21 km og kostnaður nálægt 1.200 millj. kr. á verðlagi haustið 1989, en eftirfarandi einingarverð voru fengin hjá Vegagerð ríkisins:

Jarðgöng 4 km á 250 m.kr./km = 1.000 m.kr.

Forskálar 4x50 m á 400 m.kr./km = 80 m.kr.

Nýr vegur 12–13 km á 10 m.kr./km = 120 m.kr.“

Þessi tillaga gerir ráð fyrir því að Vegagerðinni verði falið að athuga þessa leið og bera hana saman við uppbyggingu vegar um Lágheiði eða jarðgöng úr Fljótum til Ólafsfjarðar. Það er ljóst að eftir að jarðgöngin um Ólafsfjarðarmúla opnast til umferðar í haust munu íbúar á þessu svæði óska eftir úrbótum í samgöngum milli þessara einangruðu byggða.

Jarðgangagerð er langtímaverkefni. Því þarf að ætla þeim langan rannsóknar- og undirbúningstíma. Fram undan eru næstu verkefni ákveðin. Engu að síður er þessi þingsályktunartillaga flutt í trausti þess að þetta brýna verkefni í samgöngumálum komist á dagskrá.


EYJAFJÖRDHUR
HÉDHINSFJÖRDHUR
HÉDHINSFJÄRDHARVATN

Sþ. 796. Tillaga til þingsályktunar [459. mál]

um framkvæmdir við Þjóðleikhús Íslendinga.

Flm.: Eiður Guðnason.

Alþingi ályktar að hætt skuli við fyrirhugaðar stórbreytingar á svölum og sal Þjóðleikhússins sem fái að halda sér sem allra næst þeim hætti sem arkitekt hússins hugsaði sér.

Alþingi felur menntamálaráðherra í samráði við fjárveitinganefnd Alþingis að sjá til þess að á næstu tveimur til þremur árum fari fram nauðsynlegt viðhald og viðgerðir á Þjóðleikhúsinu og aðgengi fyrir fatlaða verði bætt. Kappkostað verði að þessar aðgerðir hafi sem minnsta röskun í för með sér á starfsemi leikhússins.

Greinargerð.

Ljóst er að þær miklu breytingar, sem rætt er nú um að gera á Þjóðleikhúsinu, mæta mikilli andstöðu. Flutningsmaður telur að áhorfendasalur og svalir eigi að vera sem næst því sem Guðjón Samúelsson, arkitekt hússins, ætlaðist til.

Um langt árabil hefur viðhald hússins verið vanrækt. Þar þarf margt að endurbæta og lagfæra sem úr sér er gengið. Tekur það bæði til aðstöðu starfsfólks, tæknibúnaðar, lagna, aðgengis fyrir fatlaða og ekki síst sjálfrar byggingarinnar.

Þjóðleikhúsið er ómetanlegur hluti menningararfs Íslendinga. Því á að halda vel við og verja skemmdum. Þær gjörbreytingar, sem fyrirhugaðar eru á innviðum hússins, eru að mati flutningsmanns síður en svo til bóta og því beri að hætta við þær. Tilgangur þessarar tillögu er að koma í veg fyrir það menningarlega slys sem umturnun leikhússalarins væri að mati flutningsmanns.

Nd. 797. Frumvarp til laga [460. mál]

um Skákskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

Á vegum Skáksambands Íslands og í samvinnu við menntamálaráðuneytið starfar skóli er nefnist Skákskóli Íslands.

2. gr.

Skólinn er starfræktur í húsakynnum Skáksambands Íslands. Skal árlega veittur til hans styrkur á fjárlögum sem hér segir:

a. Framlag sem nemi einu stöðugildi í 8. þrepi 144. lfl. BHM.
b. Rekstrarstyrkur sem nemi hæfilegri leigu fyrir afnot húsnæðis.

3. gr.

Hlutverk skólans er að annast skákkennslu og hafa á hendi hvers kyns fræðslu sem miðar að því að efla vöxt og viðgang skáklistarinnar á Íslandi. Skal skólinn m.a. halda námskeið úti á landi í samvinnu við skóla og taflfélög.

4. gr.

Skólastjórn Skákskóla Íslands skal skipuð þremur mönnum sem tilnefndir eru af eftirtöldum aðilum til þriggja ára í senn: Menntamálaráðherra skipar einn, Skáksamband Íslands skipar tvo, þar af annan í samráði við Félag íslenskra stórmeistara.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Nánar skal kveðið á um verksvið hennar í reglugerð.

5. gr.

Skólastjórn ræður skólastjóra Skákskóla Íslands sem annast rekstur skólans og ræður til hans kennara með samþykki stjórnar.

6. gr.

Skólinn skiptist í almenna deild og framhaldsdeild. Nám í almennum deildum skal auglýst og greiða nemendur námsgjald fyrir. Í framhaldsdeild eru nemendur valdir á grundvelli inntökuprófs og skólavist ókeypis. Kennslu í framhaldsdeild annast stórmeistarar í skák, sbr. 4. gr. laga um launasjóð stórmeistara í skák.

Í starfsemi skólans er skylt að gæta jafnréttis kynjanna í hvívetna.

Nánar skal kveðið á um starfsemi deilda og tilhögun kennslu í reglugerð.

7. gr.

Til að standa straum af kostnaði við stofnun skólans skal veittur sérstakur styrkur á fjárlögum ársins 1991.

8. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að semja við önnur félagasamtök eða einkaaðila um rekstur skákskóla samkvæmt lögum þessum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að lögfest verði stofnun Skákskóla Íslands sem rekinn verði af Skáksambandi Íslands (samband taflfélaga um allt land) í samvinnu við menntamálaráðuneytið og þar með brugðist við brýnni þörf fyrir skákskóla er þjóni sem miðstöð almennrar skákfræðslu á öllu landinu.

Hlutverk Skákskóla Íslands er einkum þríþætt:

Í fyrsta lagi að þjóna sem almenn kennslustofnun fyrir frjálst skáknám allra aldurshópa, en mikil eftirspurn hefur verið eftir slíku námi á undanförnum árum.

Í öðru lagi að þjóna sem eins konar háskóli á sviði skáklistarinnar. Í framhaldsdeild skólans fari fram markviss þjálfun og nám ungmenna sem skarað hafa fram úr. Sú þjálfun og fræðsla yrði í höndum stórmeistaranna, sbr. lög um launasjóð stórmeistara.

Í þriðja lagi er skólanum ætlað það hlutverk að þjóna landsbyggðinni með erindrekstri, námskeiðahaldi og farkennslu af ýmsu tagi. Það er ekki síst úti um land sem þörfin er brýn. Skólar og taflfélög reyna að halda uppi kennslu og annarri starfsemi við erfiðar aðstæður þar sem víðast vantar bæði kennslugögn og reynda kennara. Eins og nú er háttað er engin skipulögð skákkennsla sem nær út fyrir höfuðborgarsvæðið. Því er hugmyndin sú að Skákskóli Íslands verði eins konar farskóli sem hafi skyldum að gegna við landsbyggðina þar sem m.a. verði haldin námskeið og mót í samvinnu við skóla og taflfélög.

Þá er það jafnframt hlutverk Skákskóla Íslands að auka veg kvenna í skák og stuðla þannig að jafnrétti kynjanna á þessu sviði.

Lagt er til að skólinn, sem hafi aðsetur sitt í Reykjavík, starfi í tveimur deildum. Í almennri deild verði kennsla á öllum stigum í formi námskeiða fyrir alla aldurs- og styrkleikahópa. Skólinn ræður kennara til að sinna kennslu í almennu deildinni og greiðist laun þeirra af námsgjöldum nemenda. Í framhaldsdeild fari fram kennsla fyrir þá sem lengra eru komnir og þá kennslu er gert ráð fyrir að stórmeistarar annist. Kennsla við skákskólann og

önnur fræðsla á vegum hans er sú vinnuskylda sem stórmeistarar inna af hendi gegn launum úr launasjóði stórmeistara samkvæmt sérstökum lögum.

Lagt er til að skólastjórn sé skipuð þremur aðilum tilnefndum af menntamálaráðherra og Skáksambandi Íslands.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Vísað er til almennra athugasemda hér að framan. Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 2. gr.

Í þessu frumvarpi er lagt til að fjárveitingum ríkissjóðs til Skákskólans verði þannig háttað að stofnkostnaður vegna skólans, sem áætlaður er 1.500.000 kr., verði greiddur úr ríkissjóði. Enn fremur er lagt til að ríkissjóður greiði árlega annars vegar sem nemur einu stöðugildi skólastjóra og sé á valdi skólastjórnar að ráðstafa þessu stöðugildi milli stjórnunar og kennslulauna og hins vegar er nemur húsaleigu fyrir skólann sem starfræktur verði í húsakynnum Skáksambands Íslands og miðist þær greiðslur við leigugjald fyrir u.þ.b. 100 fermetra húsnæði. Má því á verðlagi dagsins í dag gera ráð fyrir að leigugjald nemi á ári u.þ.b. 360.000 kr. Árleg framlög næmu því um 1.560.000 kr., en annar kostnaður vegna skólans verði borinn af Skáksambandi Íslands og fjármagnaður m.a. með skólagjöldum.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að lögð er áhersla á kennsluskyldu stórmeistara við skólann. Þá er áréttað það hlutverk skólans að honum sé skylt að gæta þess í hvívetna að stúlkum bjóðist sömu tækifæri og piltum til náms og þátttöku.

Um 7. gr.

Hér er fjallað um hlutdeild ríkissjóðs í stofnkostnaði Skákskóla Íslands er miðist við eftirfarandi (upphæðir tilgreindar í kr.):

Skákbúnað	150.000
Skrifstofuvélar og áhöld	250.000
Tölvubúnað	300.000
Húsgögn	500.000
Kennslugögn og bækur	100.000
Ýmislegt	200.000
Samtals	1.500.000

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Nd. 798. Nefndarálit [374. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1988.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.
Þórhildur Þorleifsdóttir var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. mars 1990.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, varaform., frsm.	Friðrik Sophusson, með fyrirvara.	Matthías Bjarnason, með fyrirvara.
Guðmundur G. Þórarinsson.	Sverrir Sveinsson.	Ragnar Arnalds.

Nd. 799. Nefndarálit [356. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 94/1980, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæma aðstoð í tollamálum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að að verði samþykkt.
Þórhildur Þorleifsdóttir var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. mars 1990.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, varaform., frsm.	Guðmundur G. Þórarinsson.	Friðrik Sophusson.
Matthías Bjarnason.	Ragnar Arnalds.	Sverrir Sveinsson.

Nd. 800. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Ríkisstjórnin hefur þegar beitt sér fyrir umtalsverðum breytingum á fyrirkomulagi eignarskatts sem samþykktar voru í tengslum við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1990, en þær breytingar miðuðu að verulegri lækkun álagningarhlutfalls eignarskatts. Fyrirliggjandi frumvarp gengur þó lengra.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**
Þórhildur Þorleifsdóttir var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. mars 1990.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, varaform., frsm.	Ragnar Arnalds.	Sverrir Sveinsson.

Guðmundur G. Þórarinsson.

Nd. 801. Nefndarálit [238. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur meiri hl. til að gagngert mat fari fram á því hvaða kostnað breytt skipan tekjuskatts, samkvæmt þeim tillögum sem gerðar eru í fyrirliggjandi frumvarpi, mundi hafa fyrir ríkissjóð. Tillaga meiri hl. er því að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Þórhildur Þorleifsdóttir var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. mars 1990.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, varaform., frsm. Guðmundur G. Þórarinsson. Sverrir Sveinsson.

Ragnar Arnalds.

Sþ. 802. Fyrirspurn [461. mál]

til fjármálaráðherra um skil á virðisaukaskatti og „svarta atvinnustarfsemi".

Frá Guðna Ágústssyni.

1. Til hvaða aðgerða hyggst ríkisstjórnin grípa til að tryggja sem best skil á virðisaukaskatti?
2. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að koma í veg fyrir „svarta atvinnustarfsemi" eftir að virðisaukaskattskerfi var tekið upp?

Sþ. 803. Fyrirspurn [462. mál]

til dómsmálaráðherra um bifreiðaskoðun í Vestmannaeyjum.

Frá Guðna Ágústssyni.

1. Hvernig er bifreiðaskoðun í Vestmannaeyjum nú hagað?
2. Hver eru framtíðaráform um tilhögun bifreiðaskoðunar í Vestmannaeyjum?
3. Hvernig er tilhögun ökuprófa í Vestmannaeyjum?

Ed. 804. Nefndarálit [222. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39/1988, um bifreiðagjald.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru á því í meðförum neðri deildar.

Alþingi, 26. mars 1990.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm. Jóhann Einvarðsson, fundaskr. Skúli Alexandersson.

Eiður Guðnason.

Nd. 805. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 26. mars 1990.

Friðrik Sophusson, frsm. Matthías Bjarnason.

Sþ. 806. Skýrsla [463. mál]

félagsmálaráðherra um 76. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1989.

(Lögð fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. INNGANGUR

Á síðasta ári urðu miklar breytingar á forustuliði skrifstofu ILO, alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf. Francis Blanchard lét af störfum sem forstjóri skrifstofunnar og við tók Belgíumaðurinn Michel Hansenne. Við þessi tímamót sendu ríkisstjórnir Norðurlandanna nýjum forstjóra minnisblað þar sem afstaða þeirra til starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar var áréttuð og jafnframt bent á málefni á sviði vinnumála sem stofnunin eigi að hafa sem forgangsverkefni næsta áratuginn. Í minnisblaðinu er m.a. lögð áhersla á það að stofnunin einbeiti sér að þeim málaflokkum sem henni er falið að vinna að samkvæmt stofnskrá. Bent er á að ný tækni geri kröfu til breyttra vinnubragða. Á þessu sviði þurfi Alþjóðavinnumálastofnunin að vera reiðubúin að liðsinna aðildarríkjunum, einkum til þess að mæta þörfum fyrir hvers konar starfsmenntun sem geri launafólki kleift að takast á við ný verkefni. Stofnunin þurfi einnig að vera í forustu fyrir umbótum á vinnumarkaði, t.d. hvað varðar aukið öryggi og hollustu á vinnustöðum og jafnrétti karla og kvenna til launa og starfsframa.

Stefna ILO kom að sjálfsögðu til umfjöllunar á 76. Alþjóðavinnumálaþinginu sem haldið var dagana 6.–27. júní 1989 í tengslum við afgreiðslu á fjárhagsáætlun fyrir árin 1990 og 1991. En það var fjallað um fleiri atriði.

Alþjóðavinnumálaþingið afgreiddi nýja alþjóðasamþykkt um vernd frumbyggja sem búa innan sjálfstæðra ríkja. Samþykktin kemur í stað eldri samþykktar frá árinu 1957 en mörg ákvæða hennar voru orðin úrelt. Í nýju samþykktinni eru ákvæði um rétt frumbyggja og þjóðarbrota til varðveislu og viðhalds menningararfs, að kennsla fari fram á móðurmáli og að virtar séu hefðir og siðir. Sérstakur kafli er um yfirráðarétt yfir landsvæðum. Ákvæði eru um ráðningu og vinnuskilyrði frumbyggja og rétt til starfsmenntunar sem taki mið af aðstæðum og þörfum þeirra. Meðal þeirra sem tóku þátt í starfi þingnefndar sem fjallaði um drög að samþykktinni voru fulltrúar landsstjórnarinnar í Grænlandi og samráðsnefndar um málefni Sama.

Þingið lauk fyrri umræðu um drög að tveimur nýjum alþjóðasamþykktum en stefnt er að afgreiðslu þeirra á þessu ári. Önnur er um meðferð efnasambanda á vinnustöðum en hin um næturvinnu.

Markmið nýrrar samþykktar um meðferð efnasambanda verður að draga úr slysum og atvinnusjúkdómum af þeirra völdum á vinnustöðum. Einnig að stuðla að því að efni séu metin í þeim tilgangi að ákvarða hættuna af þeirra völdum, tryggja að atvinnurekendur fái

upplýsingar um rétta meðferð frá framleiðanda og að starfsmenn fái fræðslu um efni á vinnustað og um varnaraðgerðir til að draga úr hugsanlegri skaðsemi þeirra.

Samkvæmt drögum að samþykktinni skulu aðildarríki samþykktarinnar móta heildarstefnu í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins um örugga meðferð efnasambanda á vinnustöðum.

Unnið var að undirbúningi alþjóðasamþykktar um næturvinnu sem m.a. er ætlað að leysa af hólmi eldri samþykkt frá árinu 1948, um næturvinnu kvenna í iðnaði. Gert er ráð fyrir að nýja samþykktin verði hlutlaus gagnvart kynjunum.

Með vísan til 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er hér með lögð fyrir Alþingi skýrsla um 76. Alþjóðavinnumálaþingið og birt alþjóðasamþykkt sem þingið afgreiddi.

Í þessari skýrslu er einnig gerð nokkur grein fyrir framkvæmd Íslands á Félagsmálasáttmála Evrópu. Ástæðan er samkomulag sem félagsmálaráðuneytið og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gerðu í árslok 1987 um að fyrrnefnda ráðuneytið taki að sér umsjón með framkvæmd Íslands á Félagsmálasáttmálanum. Jafnframt var samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins og heildarsamtaka aðila vinnumarkaðarins um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina falið að fjalla um framkvæmd ákvæða sáttmálans sem mörg hver eiga sér hliðstæðu í alþjóðasamþykktum ILO. Í skýrslu samráðsnefndarinnar, sem birt er sem fylgiskjal III með þessari skýrslu, er gerð grein fyrir umfjöllun nefndarinnar um þetta málefni. Efnislega samantekt á athugasemdum sérfræðinganefndar Evrópuráðsins við framkvæmd Íslands á ákvæðum Félagsmálasáttmálans er að finna í fylgiskjali IV. Ýmsar athugasemdir sérfræðinganefndarinnar eru þess eðlis að þær krefjast nýrra laga eða breytinga á núgildandi lögum. Því þykir rétt að gera Alþingi formlega grein fyrir þessum athugasemdum.

2.76. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ 1989

2.1. SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA

Dagana 7.–28. júní 1989 var haldið þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO), hið 76. í röðinni. Samtals sóttu þingið 1750 fulltrúar ríkisstjórna og samtaka aðila vinnumarkaðarins frá 140 af 150 aðildarríkjum stofnunarinnar. Konur voru um það bil 13% þingfulltrúa.

Vinnu- og félagsmálaráðherra Simbabve, John L. Nkomo, var kosinn forseti þingsins. Kosnir voru þrír varaþingforsetar. Úr hópi ríkisstjórnarfulltrúa var kosin Dagmar Molkova frá Tékkóslóvakíu. Einnig voru kosnir atvinnurekendafulltrúinn Adel Gazarin frá Egyptalandi og fulltrúi launafólks Juan José Delpino frá Venesúela. Nýr forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Michel Hansenne, bauð einungis einum þjóðhöfðingja til þingsins. Þennan heiður hlaut forseti Sviss, Jean Pascal Delamuraz, sem einnig gegnir starfi vinnumálaráðherra. Sérstakur hátíðarfundur var haldinn til að kveðja fráfarandi forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf, Francis Blanchard. Það tækifæri var jafnframt notað til að minnast þess að á árinu voru 70 ár liðin frá stofnun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Sendinefnd Íslands á þinginu skipuðu eftirtaldir:

Frá félagsmálaráðuneyti: Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra, Gylfi Kristinsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, og Eyjófur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins. Frá utanríkisráðuneyti: Sverrir Haukur Gunnlaugsson sendiherra. Varamenn voru Kristinn F. Árnason og Bjarnveig Eiríksdóttir, bæði sendiráðsritarar hjá fastanefnd Íslands í Genf. Fulltrúi atvinnurekenda: Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur Vinnuveitendasambands Íslands. Varamaður hennar var Jón Magnússon, lögfræðingur VSÍ. Fulltrúi launafólks: Ásmundur Stefánsson, forseti Alþýðusambands Íslands. Varamaður hans var Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannasambands Íslands.

Félagsmálaráðherra flutti ræðu á allsherjarþingi Alþjóðavinnumálaþingsins sem er birt í heild í fylgiskjali II.

Á dagskrá þingsins voru eftirtalin málefni:

1. Skýrsla forstjóra og stjórnarnefndar.
2. Fjármál.
3. Upplýsingar og skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna.
4. Endurskoðun samþykktar nr. 107, um vernd frumbyggja (síðari umræða).
5. Næturvinna (fyrri umræða).
6. Öryggisráðstafanir við notkun efnasambanda á vinnustöðum (fyrri umræða).
7. Kynþáttaaðskilnaðarstefnan í Suður-Afríku.
8. Tillögur til þingsályktunar.

Fjallað var um dagskrárliði 2–8 í þingnefndum. Einnig var fjallað um kjörbréf, þingsköp og málefni sem snertu framvindu þingsins í sérstökum þingnefndum. Fulltrúar Islands tóku þátt í fjárhagsnefnd, nefnd sem fjallar um framkvæmd alþjóðasamþykkta, nefnd um notkun efnasambanda á vinnustöðum og ályktunarnefnd.

2.2. SKÝRSLA FORSTJÓRA

Samkvæmt venju fjalla almennar umræður á allsherjarþingi Alþjóðavinnumálaþingsins um skýrslu forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf og skýrslu stjórnarnefndarinnar um starfsemi stofnunarinnar í Sviss og öðrum löndum. Umræður á allsherjarþinginu fara fram samhliða störfum í þingnefndum.

Í fyrri hluta skýrslu sinnar til 76. Alþjóðavinnumálaþingsins kaus forstjórinn að þessu sinni að fjalla um viðreisn og atvinnu. Í henni er gerð úttekt á þróun efnahags- og atvinnumála síðasta áratuginn og bent á ýmsar leiðir til að koma á jafnvægi í efnhagsmálum ríkja heimsins og þar með auka framboð atvinnu.

Forstjórinn gerði í skýrslu sinni grein fyrir óstöðugleika sem hefur ríkt í milliríkjaviðskiptum. Mikill halli hefur verið á utanríkisviðskiptum margra ríkja sem hefur stóraukið erlendar

skuldir þeirra. Þessi lönd hafa orðið útflytjendur á fjármagni sem þau sárlega skorti í fjárfestingu heima fyrir til að auka atvinnu og bæta lífskjör.

Í skýrslunni er lögð áhersla á það að til þess að koma af stað hagvexti eða auka hann og bæta félagslegar aðstæður verði bæði iðnríkin og þróunarríkin að laga sig að breyttum aðstæðum. Breytt stefna er ekki einungis nauðsynleg í efnahagsmálum sérhvers ríkis heldur einnig í viðskiptum ríkja í millum.

Félagsmálaráðherra Íslands tók til máls undir þessum dagskrárlið. Hann færði fráfarandi forstjóra, Francis Blanchard, þakkir íslensku ríkisstjórnarinnar fyrir vel unnin störf í 40 ár hjá alþjóðavinnumálaskrifstofunni í Genf. Ráðherra óskaði einnig nýjum forstjóra, Michel Hansenne, velfarnaðar í starfi.

Félagsmálaráðherra benti á í ræðu sinni að þær leiðir sem forstjórinn vekur athygli á í skýrslu sinni eru ekki auðveldar. Gengisfellingar ná ekki markmiði sínu nema þeim fylgi strangt aðhald, t.d. í verðlagsmálum. Að öðrum kosti verður afleiðingin óðaverðbólga sem leiðir til þess að þeir sem eiga skuldlausar fasteignir og framleiðslutæki verða ríkari en eignalaust fólk verður fátækara.

Í ræðunni kom fram að á seinni árum hefðu fáar skýrslur forstjóra höfðað jafnmikið til Íslendinga og sú sem var til umfjöllunar á 76. þinginu. Ástæðan væri sú að þrátt fyrir að lífskjör á Íslandi væru sambærileg við það sem best gerist meðal iðnríkja byggði efnahagslíf landsins á mjög einhæfum útflutningi og væri að því leytinu líkara því sem gerist meðal þróunarríkjanna.

Félagsmálaráðherra vék í ræðu sinni að niðurstöðu nefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um félagafrelsi í kærumáli ASÍ vegna setningar bráðabirgðalaga um efnahagsráðstafanir í maí 1988 og lagði áherslu á að við mat á framkvæmd alþjóðasamþykkta ILO yrði að taka tillit til aðstæðna aðildarríkjanna í efnahags- og atvinnumálum.

Ráðherra minntist þess að 70 ár væru liðin á árinu frá stofnun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og sagði það skoðun sína að rétt væri að nota þessi tímamót til að huga að forgangsverkefnum stofnunarinnar næsta áratuginn. Félagsmálaráðherra sagði íslensk stjórnvöld leggja áherslu á að jafnréttismál og aukin þjónusta á sviði starfsmenntunar í atvinnulífinu verði meðal forgangsverkefna ILO og vísaði í því sambandi til þess að ríkisstjórnir Norðurlanda sendu nýjum forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar minnisblað í maí 1989 þar sem þær lýsa stefnu sinni gagnvart Alþjóðavinnumálastofnuninni og skoðunum á brýnustu viðfangsefnum hennar næstu árin.

Ræða félagsmálaráðherra er birt í heild sem fylgiskjal II með þessari skýrslu.

Forseti Alþýðusambands Íslands, Asmundur Stefánsson, tók þátt í umræðum á þinginu undir þessum dagskrárlið. Þetta var í fyrsta skipti sem forseti ASÍ ávarpaði Alþjóðavinnumálaþingið. Í ræðunni fjallaði hann um skýrslu forstjóra ILO og gerði grein fyrir kærumáli Alþýðusambandsins á hendur íslensku ríkisstjórninni vegna setningar bráðabirgðalaga nr. 14 1988, um aðgerðir í efnahagsmálum.

Á síðustu dögum þingsins hélt forstjórinn ræðu þar sem hann dró saman helstu atriðin úr umræðum á allsherjarþinginu. Að þessu sinni kom fram í ræðunni að umræðurnar hefðu verið mikilvæg uppspretta tillagna og nýrra hugmynda fyrir stjórnarnefnd ILO. Umfjöllun um næturvinnu og meðferð efnasambanda á vinnustöðum hefði verið mikilvæg og sýnt fram á nauðsyn þess að samdar verði nýjar alþjóðasamþykktir á þessum sviðum. Enn fremur hefðu umræður um nýja alþjóðasamþykkt um vernd frumbyggja verið þýðingarmiklar enda snerti það mál réttindi 300 milljóna manna. Með hliðsjón af alvarlegum mannréttindabrotum í heiminum væru verkefni nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta mikilvægari en nokkru sinni fyrr. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Michel Hansenne, vék þar næst máli sínu til forvera síns í starfi, Francis Blanchard, og þakkaði honum fyrir vel unnin störf sem forstjóri ILO sl. 15 ár.

Í niðurlagi ræðu sinnar fjallaði forstjórinn um aðalviðfangsefnið í almennum umræðum, þ.e. efnahagslega viðreisn og atvinnu, og minnti á stefnu ILO frá 1969 í þessu máli. Hann lagði

áherslu á hversu umfangsmikið og margþætt vandamálið væri sem gerði kröfu til þess að Alþjóðavinnumálastofnunin beitti reynslu, þekkingu og hugkvæmni þegar leitað væri leiða til úrlausnar í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins á vandmálum aðildarríkjanna á þessu sviði. Hansenne benti á að miklar skuldir héldu áfram að setja svip sinn á alþjóðamálin, sérstaklega samskipti Norðurs og Suðurs. Hér hefði Alþjóðavinnumálastofnunin hlutverki að gegna við að stuðla að umbótum og alþjóðasamstarfi sem hefði bætt mannlíf að leiðarljósi. Hann lagði áherslu á að hagvöxtur og aukin atvinna væri alþjóðlegt viðfangsefni sem væri breytilegt frá einu landi til annars. Þó mætti skipta ríkjum heimsins í þrjá hópa hvað þetta varðaði:

1. Lönd sem búa við hagvöxt en eiga í erfiðleikum með fjölgun atvinnutækifæra og þar sem atvinnuleysi er mikið.
2. Lönd með lítinn eða engan hagvöxt.
3. Lönd sem fylgja stefnu sem leiðir til aukins hagvaxtar þegar til lengri tíma er litið en skammtímaáhrif á atvinnustigið eru neikvæð.

Forstjórinn lét í ljósi trú á því að Alþjóðavinnumálastofnunin hefði hlutverki að gegna við allar þessar aðstæður vegna getu sinnar til að brjóta vandamálin á vinnumarkaðinum til mergjar, sérstaklega vegna þess þríhliða samstarfs sem er hornsteinninn í starfi stofnunarinnar. Í þessu sambandi benti hann á hæfni stofnunarinnar til að tengja stefnu í atvinnumálum við stefnu í efnahagsmálum á landsvísu.

Samtals tóku 274 ræðumenn þátt í umræðum um skýrslu forstjórans, þar af 103 ráðherrar.

2.3. UMRÆÐUR UM KJÖRBRÉF

Fámennasta nefnd Alþjóðavinnumálaþingsins er kjörbréfanefnd. Samkvæmt stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eiga þrír fulltrúar sæti í henni. Að þessu sinni voru eftirtaldir kosnir til setu í nefndinni: Formaður var kjörinn ríkisstjórnarfulltrúi frá Belgíu, Alfred Califice. Fulltrúi atvinnurekenda var Erik Hoff frá Noregi og fulltrúi launafólks John Svenningsen frá Danmörku.

Nefndinni bárust kærur vegna skipunar fulltrúa atvinnurekenda og launafólks í sendinefnd Nikaragva og skipunar fulltrúa launafólks í sendinefndir Marokkó og Síle.

Nefndin var sammála um að taka öll kjörbréf gild. Þegar hún er sammála um að viðurkenna kjörbréf getur allsherjarþingið ekki breytt þeirri niðurstöðu.

2.4. FJÁRMÁL

Fjármál Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eru rædd í sérstakri þingnefnd sem eingöngu er skipuð fulltrúum ríkisstjórna. Formaður nefndarinnar var Pesjkov frá Sovétríkjunum. Fulltrúi Íslands í nefndinni var Gylfi Kristinsson. Á þinginu var aðalviðfangsefni nefndarinnar að ræða fjárhagsáætlun fyrir árin 1990 og 1991. Fyrir nefndinni lá tillaga stjórnarnefndar ILO um fjárhagsáætlun að upphæð 330.440 þús. bandarískir dalir. Um er að ræða lækkun frá fyrra tveggja ára fjárhagstímabili en þá voru útgjöldin 357.023 þús. bandarískir dalir. Hlutdeild Íslands samkvæmt tillögunni er óbreytt eða 0,03%. Samkvæmt ákvörðun 75. Alþjóðavinnumálaþingsins skal umreikna útgjöldin í svissneska franka. Í samræmi við það er gert ráð fyrir að útgjöldin verði 578.270 þús. svissneskir frankar. Árgjald Íslands á árinu 1990 verður því 86.741 svissneskur franki.

Undanfarin ár hafa verið miklar deilur í nefndinni og komið hefur fram hörð gagnrýni á stjórnarnefndina fyrir að gæta ekki aðhalds í útgjöldum stofnunarinnar. Að þessu sinni ríkti samstaða um heildarramma útgjaldanna þótt skiptar skoðanir væru um fjárveitingar til einstakra verkefna. Við undirbúning fyrir þátttöku Norðurlandanna í umræðum í stjórnarnefndinni hafði Ísland lagt áherslu á aukin framlög til starfsmenntunar og jafnréttismála. Framlög til þessara verkefna verða aukin á gildistíma fjárhagsáætlunarinnar. Í samræmi við stofnskrá ILO voru greidd atkvæði um fjárhagsáætlunina á allsherjarþinginu og brá svo við að hún var samþykkt með einungis einu mótatkvæði, þ.e. atkvæði Trinidad/Tabago, og enginn

fulltrúi sat hjá. Það er sjaldgæft að myndast hafi jafnbreið samstaða um fjárhagsáætlun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Fulltrúi Svíþjóðar hafði orð fyrir Norðurlöndunum í nefndinni. Í ræðu hans kom fram sú von að stofnuninni takist að skipuleggja starfsemi sína þannig að markmið fjárhagsáætlunarinnar náist.

2.5. FRAMKVÆMD SAMÞYKKTA OG TILLAGNA

Þingnefnd sem fjallar um framkvæmd alþjóðasamþykkta á sviði vinnumála er ein sú mikilvægasta af fastanefndum Alþjóðavinnumálaþingsins. Starf þingnefndarinnar er undirbúið af alþjóðavinnumálaskrifstofunni og sérstakri nefnd sérfræðinga sem rannsakar skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd alþjóðasamþykkta sem að jafnaði eru gefnar á tveggja ára fresti, þ.e. aðildarríkin gefa árlega skýrslu um framkvæmd u.þ.b. helmings fullgiltra alþjóðasamþykkta. Sérfræðinganefndin gefur út niðurstöður sínar í skýrslu sem er eitt af undirstöðuskjölunum í starfi þingnefndarinnar.

Á 76. Alþjóðavinnumálaþinginu áttu sæti samtals 207 fulltrúar í nefndinni, þar af 108 fulltrúar ríkisstjórna, 33 fulltrúar atvinnurekenda og 66 fulltrúar launafólks. Auk þessara fulltrúa sátu fundi nefndarinnar 125 áheyrnarfulltrúar og 31 fulltrúi alþjóðasamtaka.

Formaður nefndarinnar var kosinn Elmiger, ríkisstjórnarfulltrúi frá Sviss. Wisskirchen, atvinnurekendafulltrúi frá Sambandslýðveldinu Þýskalandi, og Houthuys, fulltrúi launafólks frá Belgíu, voru kosnir varaformenn eins og mörg undanfarin ár. Ríkisstjórnarfulltrúi Túnis, Kchaou, var kosinn ritari. Af hálfu Íslands sátu í nefndinni Gylfi Kristinsson og Hrafnhildur Stefánsdóttir og síðar varamaður hennar Jón Magnússon.

Samtals hélt nefndin 23 fundi þann tíma sem þingið stóð. Nokkrir þeirra voru kvöld- og næturfundir.

Starf nefndarinnar hefst með almennum umræðum sem standa í tvo til þrjá daga. Þar næst er fjallað um framkvæmd tiltekinna samþykkta eða tillagna sem stjórnarnefndin hefur samþykkt að taka til sérstakrar athugunar. Mestum hluta starfstíma nefndarinnar er varið í að ræða framkvæmd einstakra aðildarríkja á alþjóðasamþykktum. Sú vinnuregla hefur skapast að fulltrúar aðila vinnumarkaðarins koma sér saman um 40 mál sem tekin eru til umfjöllunar í nefndinni á sérhverju vinnumálaþingi. Nefndin telst ekki hafa lokið störfum fyrr en sú málaskrá er tæmd og eins og áður sagði þarf oft að leggja nótt við dag til þess að það takmark náist.

Almennar umræður.

Í almennum umræðum var fjallað um eftirlitskerfi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Samtals tóku 53 fulltrúar þátt í umræðum eða fleiri en nokkru sinni áður. Fram kom að heildartala fullgildinga á alþjóðasamþykktum ILO 31. desember 1988 var 5.401. Á árinu 1988 voru skráðar 90 fullgildingar 27 aðildarríkja. Hér er um að ræða umtalsverða fjölgun fullgildinga þar sem á árunum 1986 og 1987 voru einungis skráðar 35 fullgildingar á hvoru ári.

Fulltrúi Noregs hafði orð fyrir Norðurlöndunum. Í ræðu hans var fjallað um þrjú viðfangsefni: Vakin var athygli á nánu samstarfi Norðurlanda við Alþjóðavinnumálastofnunina allt frá árinu 1919. Bent var á þá staðreynd að margar alþjóðasamþykktir hafa ekki verið fullgiltar af aðildarríkjunum og á síðustu árum virðast það einkum vera iðnríki sem fullgilda samþykktirnar. Í ræðunni var einnig fjallað um vandamál sem hafa komið upp við framkvæmd alþjóðasamþykktanna. Lögð var áhersla á að ILO freisti þess að í framtíðinni verði afgreiddar alþjóðasamþykktir sem séu það sveigjanlegar að aðildarríki sem búi við ólíka stjórnskipan og efnahag geti fullgilt þær. Það var undirstrikað í ræðunni að þessi sveiganleiki ætti fyrst og fremst við samþykktirnar sem slíkar en ekki framkvæmdina. Í ræðunni var eftirfarandi lagt til: Að farið verði yfir gildandi samþykktir og þær endurskoðaðar, þess verði freistað að nýjar samþykktir gegni veigameira hlutverki í efnahags- og félagslegri þróun aðildarríkjanna og að fundin verði leið til að gera aðildarríkin virkari í samningu alþjóðasamþykktanna.

Framkvæmd alþjóðasamþykktar um lágmark félagslegs öryggis.

Í öðrum hluta almennra umræðna var fjallað um skýrslu alþjóðavinnumálaskrifstofunnar um framkvæmd alþjóðasamþykktar nr. 102, um lágmark félagslegs öryggis, og samþykktar nr. 128 og tillögu nr. 131, um elli-, örorku- og eftirlifendabætur. Nefndin var sammála um að leggja í niðurstöðum sínum áherslu á nauðsyn þess að sérhver búi við öryggi í ellinni. Í því felst að ellilífeyrir taki mið af þróun framfærslukostnaðar.

Umfjöllun um framkvæmd einstakra aðildarríkja á alþjóðasamþykktum.

Eftir að þingnefndin hafði lokið umfjöllun um framkvæmd þeirra alþjóðasamþykkta, sem voru að þessu sinni til sérstakrar athugunar, hófst umfjöllun um framkvæmd einstakra ríkja á samþykktum. Eins og áður sagði vann nefndin eftir skrá yfir 40 mál sem aðilar vinnumarkaðarins höfðu komið sér saman um. Auk þess voru nokkrar ríkisstjórnir beðnar um frekari skýringar á einstökum atriðum. Samtals voru því fulltrúar 59 aðildarríkja beðnir um að mæta fyrir nefndina. Af þeim mættu fulltrúar 50 ríkja. Sex af þeim níu ríkjum sem ekki mættu sendu ekki sendinefndir til þingsins.

Í skýrslu nefndarinnar til allsherjarþingsins kom fram að 29 aðildarríki höfðu í 46 tilvikum breytt lögum eða lagaframkvæmd á árinu 1988 í framhaldi af ábendingum sérfræðinganefndar ILO. Frá árinu 1964 hefur sérfræðinganefndin skráð samtals 1800 slík tilvik. Þetta er áþreifanleg sönnun fyrir því að eftirlit Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er virkt og aðildarríkin eru reiðbúin til að taka þátt í því.

Nokkur kærumál vöktu sérstaka athygli í þingnefndinni. Þau helstu snertu Danmörku, Bretland, Mið-Afríkulýðveldið, Kólumbíu, Dóminíska lýðveldið, Rúmeníu og Tyrkland.

Danska ríkisstjórnin var kærð vegna framkvæmdar á samþykkt nr. 98, um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega. Í stuttu máli eru dönsk stjórnvöld kærð fyrir að hafa gripið inn í samningafrelsi aðila vinnumarkaðarins í ýmsum starfsgreinum og þar með brotið 4. gr. samþykktarinnar. Einnig snertir kæran dönsku skipaskrána sem byggir á lögum nr. 408 frá 1. júlí 1988. Í 10. gr. laganna er sérstakt ákvæði um kjarasamninga fyrir skip sem eru skráð í alþjóðlega hluta dönsku skipaskrárinnar. Alþýðusamband Danmerkur hefur í kærunni lagt áherslu á að ákvæðið brjóti í bága við ILO-samþykkt nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs. Hins vegar var Danmörk beðin um að gera grein fyrir málinu með skírskotun til samþykktar nr. 98 en ekki 111 þótt kærumálið taki til beggja samþykktanna. Nánari útlistun á málinu er að finna í skýrslu sérfræðinganefndarinnar fyrir árið 1989, bls. 269–271. Um það er einnig fjallað á bls. 379–381 í þeim hluta skýrslunnar þar sem gerð er grein fyrir athugasemdum við framkvæmd aðildarríkjanna á samþykkt nr. 111.

Kærumálið á hendur dönsku ríkisstjórninni varð tilefni til langra umræðna í þingnefndinni. Fulltrúi dönsku ríkisstjórnarinnar vakti athygli á því í ræðu sinni að stjórnin hefði óskað eftir því að senda ítarlegri upplýsingar um málið áður en sérfræðinganefnd ILO fjallaði um það. Álit dönsku ríkisstjórnarinnar var það að athugasemdir sérfræðinganna byggðist á ófullnægjandi gögnum. Þess vegna væri ekki tímabært fyrir þingnefndina að draga neinar ályktanir í málinu. Niðurstaðan varð samt sú að þingnefndin samþykkti almenna umsögn þar sem m.a. kemur fram að hún hafi veitt athygli því áliti sérfræðinganefndarinnar að dönsku lögin væru ekki fyllilega í samræmi við kröfur í alþjóðasamþykktinni. Í umsögninni segir einnig að nefndin veiti athygli þeim ummælum fulltrúa ríkisstjórnarinnar að stofnað verði til umfjöllunar um málið með aðilum vinnumarkaðarins. Loks mælir nefndin með því að ríkisstjórnin taki tillit til athugasemda sérfræðinganefndarinnar varðandi breytingar á lögum eða venju að því er varðar kjarasamninga.

Annað kærumál sem olli meiri eftirtekt og harðari umræðum en nokkurt annað undanfarin ár snerti framkvæmd Bretlands á samþykkt nr. 87, um félagafrelsi.

Í stuttu máli fjallar kærumálið um uppsögn 13 starfsmanna í fjarskiptamiðstöð ríkisins

(GCHQ) vegna þess að þeir neituðu að segja sig úr stéttarfélagi sem þeir sjálfir höfðu gengið í af frjálsum og fúsum vilja. Kjarninn í kærunni snertir synjun ríkisstjórnarinnar á óskum starfsmannanna um stofnun stéttarfélags á þessum tiltekna vinnustað.

Breska ríkisstjórnin er mjög ósammála áliti sérfræðinganefndarinnar í þessu kærumáli. Rök ríkisstjórnarinnar byggjast á því að fjarskiptamiðstöðin sé hluti af varnarkerfi Bretlands og bandamanna þeirra. Samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktar nr. 87 er aðildarríki heimilt að undanþiggja hermenn og lögreglu frá gildissviði hennar.

Niðurstaða þingnefndarinnar var að harma uppsögn starfsmannanna og láta í ljós von um að breska ríkisstjórnin skipti um skoðun í þessu máli. Einnig var því beint til ríkisstjórnarinnar að hún tæki upp viðræður við verkalýðsfélagið í þeim tilgangi að finna lausn á þessu ágreiningsmáli.

Þegar nefndin hafði náð samkomulagi um þessa niðurstöðu kvaddi talsmaður launafólks í nefndinni sér hljóðs og lýsti því yfir að þar sem hér væri um svo alvarlegt mannréttindabrot að ræða krefðist hann þess að málsins yrði getið í þeim hluta í skýrslu nefndarinnar þar sem fjallað er um sérstaklega gróf brot á alþjóðasamþykktum ILO.

Fulltrúi bresku ríkisstjórnarinnar mótmælti harðlega þessari kröfu og benti á að ef um væri að ræða brot á samþykkt væri það tæknilegs eðlis en snerti ekki mannréttindi. Einnig vakti hann athygli á því að einungis væri getið um alvarlegustu brotin á samþykktum ILO í hinum sérstaka hluta í skýrslu nefndarinnar. Nefndin hafi fyrr talið að ekki væri ástæða til að geta Írans í þessum hluta þótt írönsk stjórnvöld væru uppvís að margvíslegum mannréttindabrotum. Með þetta í huga væri mjög óviðeigandi að setja Bretland í þennan hóp. Það væri til þess fallið að draga úr áhrifum viðurlaga Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Þar sem ekki tókst að ná samkomulagi var gengið til atkvæða um kröfu talsmanns launafólks. Úrslit í atkvæðagreiðslu um þetta mál urðu þau að 56.845 vegin atkvæði[1]) voru samþykk því að geta breska kærumálsins í sérstaka hlutanum í skýrslu nefndarinnar, 60.398 voru á móti og 955 sátu hjá. Krafan um að kærumálsins yrði getið með öðrum alvarlegum brotum var því hafnað með litlum atkvæðamun. Fulltrúi Íslands í nefndinni greiddi atkvæði með fulltrúum annarra Norðurlanda og vestrænna ríkja (að fulltrúa Austurríkis undanskildum sem var fjarverandi vegna þátttöku í öðrum fundi) sem höfnuðu því að Bretlands yrði getið í sérstaka hlutanum. Fulltrúi Svíþjóðar gerði grein fyrir atkvæðum Norðurlandanna. Í máli hans kom fram að norræn stjórnvöld séu sammála niðurstöðum nefndarinnar í kærumálinu. Fulltrúar ríkisstjórna Norðurlandanna hefðu hins vegar í þessu tilviki greitt atkvæði gegn kröfu um að Bretlands yrði getið í svonefndum sérstaka hluta skýrslunnar þar sem þessari hegningu ætti einungis að beita í málum sem væru sérstaklega alvarleg. Ef henni væri beitt í þessu kærumáli væri það til þess fallið að draga úr gildi þessa úrræðis.

Sérstakar ábendingar.

Nokkur aðildarríki hlutu þann vafasama heiður að vera getið í svonefndum sérstaka hluta skýrslu nefndarinnar til allsherjarþingsins. Svo virðist sem Mið-Afríkulýðveldið sé búið að ávinna sér fastan sess í þeim hópi vegna framkvæmdar á alþjóðasamþykkt nr. 87, um félagafrelsi. Í áliti nefndar kemur fram að hún hafi tekið tillit til nýrra upplýsinga frá fulltrúa ríkisstjórnar Mið-Afríkulýðveldisins um að lög og lagaframkvæmd hafi verið breytt til samræmis við kröfur í samþykktinni. Nefndin lýsti hins vegar yfir áhyggjum sínum vegna ákvæðis í nýjum lögum um stéttarfélög sem einungis heimila starfsemi eins stéttarfélags.

---

[1]) Setu- og atkvæðisrétt á Alþjóðavinnumálaþinginu eiga fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. Í því skyni að jafna áhrif þessara þriggja hópa eru greidd atkvæði margfölduð með ákveðnum stuðli sem tekur mið af fjölda fulltrúa hvers hóps um sig á þinginu eða í hlutaðeigandi þingnefnd. Af þessari ástæðu virðast atkvæðatölur vera í litlu samræmi við fjölda fulltrúa.

Nefndin lýsti einnig yfir vonbrigðum sínum með það að ríkisstjórnin hafði ekki efnt loforð um að taka á móti sendinefnd frá ILO á árinu 1988 í því skyni að leita leiða til að bæta framkvæmd ákvæða samþykktarinnar.

Enn á ný komu málefni Dóminíska lýðveldisins til umfjöllunar í nefndinni. Að þessu sinni var einkum rætt um framkvæmd á samþykkt nr. 95, um verndun vinnulauna, og samþykkt nr. 105, um afnám nauðungarvinnu. Sérstök eftirlitsnefnd ILO heimsótti landið árið 1988. Í framhaldi af skýrslu hennar lýsti sérfræðinganefndin yfir miklum áhyggjum vegna stöðu launafólks frá Haítí í lýðveldinu. Þingnefndin lýsti áhyggjum sínum vegna þess að ekki hafði orðið vart við neinar framfarir, hvorki varðandi lagasetningu né framkvæmd, þrátt fyrir þær ábendingar sem settar höfðu verið fram árum saman af eftirlitsnefndinni, sérfræðinganefndinni og þingnefndinni.

Eins og undanfarin ár tók þingnefndin til umræðu málefni Ekvador. Um er að ræða athugasemdir við framkvæmd samþykktar nr. 87. Nefndin veitti athygli yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar um að nýtt lagafrumvarp muni brátt verða að lögum sem hafi að markmiði að uppfylla skilyrði sem sett eru í samþykktinni. Enn þá einu sinni var fjallað um framkvæmd alþjóðasamþykktar nr. 105. Sérfræðinganefndin hefur gert athugasemdir við reglugerð frá árinu 1967 sem heimilar að einstaklingar, sem hvetja til eða eru í forustu fyrir verkfalli eða vinnustöðvun, séu dæmdir í tveggja til fimm ára fangelsi. Athugasemdir sérfræðinganefndar ILO snerta mörg alvarleg brot á félagafrelsi og samþykkti þingnefndin tilmæli til ríkisstjórnarinnar um að beita sér fyrir nauðsynlegum aðgerðum til að lög og lagaframkvæmd verði í samræmi við alþjóðasamþykktina.

Sérfræðinganefndin fjallar í skýrslu sinni ítarlega um Kólumbíu vegna framkvæmdar á alþjóðasamþykkt nr. 87. Þingnefndin samþykkti að lýsa yfir áhyggjum sínum vegna þess hve mörg atriði í löggjöf landsins eru í andstöðu við ákvæði samþykktarinnar. Meðal annars bendir sérfræðinganefndin á að ákvæði um rétt til verkfalla séu allt of þröng. Með hliðsjón af alvarlegu ástandi lýsti þingnefndin þeirri von að ríkisstjórnin gæti gefið næsta vinnumálaþingi skýrslu um að verulegur árangur hafi náðst við að hrinda ákvæðum samþykktarinnar í framkvæmd.

Umfangsmikið kærumál á hendur rúmensku ríkisstjórninni var tekið til afgreiðslu í þingnefndinni vegna brota á samþykkt nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs. Kjarni kærumálsins er sá að ríkisstjórnin hafi beitt misrétti vegna stjórnmálaskoðana og uppruna. Það er fyrst og fremst fjölmennur minni hluti Ungverja sem hefur orðið fyrir barðinu á stjórnvöldum. Fulltrúi rúmensku ríkisstjórnarinnar fullyrti að fullt samræmi væri á milli ákvæða samþykktarinnar og framkvæmdar í Rúmeníu. Stjórnvöld voru því ekki á sama máli og sérfræðinganefnd ILO. Talsmaður atvinnurekenda í þingnefndinni sagði vandamálið vera tvíþætt. Annars vegar væri um að ræða mismunun á grundvelli stjórnmálaskoðana og uppruna, hins vegar stefnu stjórnvalda í byggðamálum sem kæmi hart niður á þjóðernisminnihlutahópum í Rúmeníu. Hann lagði til að nefndin samþykkti að óska eftir því við rúmensku ríkisstjórnina að hún taki á móti rannsóknarnefnd frá Alþjóðavinnumálastofnuninni sem kanni aðstæður. Talsmaður launafólks tók undir þessa tillögu og minnti jafnframt á nauðungarflutninga sem rúmenska ríkisstjórnin stæði fyrir. Fulltrúi ungversku ríkisstjórnarinnar upplýsti að tvær milljónir Ungverja byggju í Rúmeníu. Hér væri því um að ræða stærsta þjóðernisminnihlutahópinn í Evrópu. Í máli hans kom fram að ungverska ríkisstjórnin hefur árangurslaust farið fram á viðræður við rúmensk stjórnvöld um þetta málefni. Niðurstaðan varð sú að nefndin samþykkti að Rúmeníu yrði getið í hinum sérstaka hluta skýrslu nefndarinnar þar sem ljóst væri að framkvæmd samþykktar nr. 111 er verulega ábótavant. Ríkisstjórnarfulltrúi Rúmeníu kvaðst algjörlega ósammála niðurstöðum nefndarinnar og sagði það ekki koma til mála að rannsóknarnefnd fengi að heimsækja landið.

Tyrkland lenti í hópi þeirra landa sem brjóta gróflega samþykktir ILO. Að þessu sinni var það vegna framkvæmdar á samþykkt nr. 111. Þingnefndin samþykkti að gefa gaum að

niðurstöðum sérfræðinganefndarinnar um að verulegur munur sé á fyrirmælum samþykktarinnar og framkvæmdinni í Tyrklandi. Nefndin lýsti þeirri von sinni að við endurskoðun laga verði tekið tillit til þeirra athugasemda sem eftirlitsnefndir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hafa sett fram í þessu sambandi.

Kærumál Alþýðusambands Íslands á hendur ríkisstjórn Íslands.

Ríkisstjórn Íslands var á árinu 1988 í fyrsta skipti kærð fyrir Alþjóðavinnumálastofnuninni vegna framkvæmdar á fullgiltri alþjóðasamþykkt. Rétt þykir að gera nokkra grein fyrir þessu kærumáli hér þótt það hafi ekki komið til umfjöllunar í þingnefndinni um framkvæmd alþjóðasamþykkta.

Málavextir eru þeir að hinn 14. júní 1988 sendi Alþýðusamband Íslands alþjóðavinnumálaskrifstofunni í Genf bréf þar sem kærð var setning bráðabirgðalaga nr. 14/1988, um aðgerðir í efnahagsmálum. Í bréfi ASÍ er því haldið fram að tiltekin ákvæði bráðabirgðalaganna séu í ósamræmi við alþjóðasamþykktir ILO nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess, og nr. 98, um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega. Ísland hefur fullgilt báðar samþykktirnar. Stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar afgreiddi á fundi sínum 28. febrúar 1989 skýrslu nefndar um félagafrelsi sem fjallar um kærumál af þessu tagi.

Niðurstaða nefndar um félagafrelsi er í stuttu máli sú að vakin er á því athygli að bráðabirgðalög nr. 14/1988 takmörkuðu rétt aðila vinnumarkaðarins til frjálsra kjarasamninga. Hún lýsir áhyggjum sínum af því að þetta var í níunda skiptið sem höfð voru slík afskipti á tíu árum (síðast 1983). Hins vegar telur nefndin að þegar á heildina er litið hafi brýna þjóðarnauðsyn borið til að setja slíkar hömlur, þær hafi verið settar aðeins að því marki sem nauðsynlegt var, þær hafi aðeins verið í gildi um sanngjarnan tíma og jafnframt þeim hafi verið gerðar viðunandi ráðstafanir til að tryggja lífskjör launafólks.

Samkvæmt þessu telur nefndin að miðað við aðstæður og með tilliti til hliðaraðgerða brjóti lög nr. 14/1988 ekki í bága við alþjóðasamþykktir nr. 87, um félagafrelsi, og nr. 98, um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega.

Þar sem Ísland hefur fullgilt bæði alþjóðasamþykkt nr. 87 og 98 var umrætt kærumál sent sérfræðinganefnd ILO um framkvæmd alþjóðasamþykkta til umfjöllunar. Félagsmálaráðherra barst bréf frá alþjóðavinnumálaskrifstofunni, dags. 11. september 1989, sem hefur að geyma álit sérfræðinganefndarinnar.

Sérfræðinganefndin kemst að svipaðri niðurstöðu og nefndin um félagafrelsi. Þó er í áliti hennar fjallað ítarlegar um samráðsfundi sem haldnir voru með fulltrúum ASÍ fyrir setningu bráðabirgðalaganna og telur nefndin sér skylt að benda á *að sú staðreynd að svo djúpstæður ágreiningur ríkir um afstöðu málsaðila til samráðs bendi til þess að starfsreglum um samráð sé að einhverju leyti áfátt.*

Sérfræðinganefndin bendir enn fremur á að löggjafinn hafi í níu skipti á tíu árum haft afskipti af kjarasamningum með lagasetningu. Í álitinu segir orðrétt: „Nefndin telur, eins og nefndin um félagafrelsi, að slík endurtekin afskipti löggjafans séu með þeim hætti að ekki sé hægt að skilgreina lögin frá 20. maí 1988 sem ráðstöfun sem gerð sé í undantekningartilviki. Hins vegar telur nefndin einnig að í lögunum frá 1988 hafi verið aðrir fyrirvarar sem teljast nauðsynlegir ef löggjafanum þykir réttlætanlegt að grípa inn í kjarasamninga þegar brýna nauðsyn ber til vegna þjóðarhags. Þar eð nefndin hefur áhyggjur af því að löggjafinn sé of gjarn á að grípa inn í kjarasamninga á Íslandi biður hún ríkisstjórnina um að senda sér upplýsingar um frekari þróun mála á þessu sviði."

Í viðauka eru birt skjöl sem snerta kærumál ASÍ á hendur íslensku ríkisstjórninni.

2.6. SAMÞYKKT UM FRUMBYGGJA OG ÆTTFLOKKA

Síðari umræða um endurskoðun samþykktar nr. 107, um frumbyggja og annað kynþáttafólk eða frumstætt innan sjálfstæðra ríkja, var fjórða málefnið á dagskrá þingsins. Samþykktin, sem er frá árinu 1957 og markaði á sínum tíma nokkur tímamót varðandi stöðu þjóðarbrota og ættbálka, er ekki lengur í hátt við breytta tíma, einkum að því er varðar varðveislu menningararfs og tungu. Kjarni samþykktarinnar var að gera þessum minnihlutahópum kleift að tileinka sér tungu og menningu meiri hlutans. Ekkert Norðurlandanna hefur fullgilt samþykkt 107.

Við slit 75. Alþjóðavinnumálaþingsins 1988 voru nokkur grundvallaratriði óleyst. Til dæmis voru miklar deilur í þingnefndinni, sem fjallaði um drög að nýrri alþjóðasamþykkt um þetta málefni, hvort nota ætti hugtakið *peoples* eða *populations* í texta samþykktarinnar. Það var því ljóst að á 76. þinginu yrði tekist á um fjölmörg atriði sem eru viðkvæm fyrir ríki þar sem minnihlutahópar eru margir og fjölmennir.

Í þingnefndinni sátu samtals 74 fulltrúar. Þar af voru 39 fulltrúar ríkisstjórna, 9 fulltrúar atvinnurekenda og 26 fulltrúar launafólks. Að auki sátu fjölmargir áheyrnarfulltrúar fundi nefndarinnar fyrir hönd samtaka þjóðarbrota, ættbálka og frumbyggja. Frá norðlægum slóðum komu fulltrúar Grænlendinga og Sama.

Nefndin kaus sem formann Bólivíumanninn Espana-Smith sendiherra. Fulltrúi launafólks, J. Svenningsen frá Danmörku, var kosinn varaformaður. Annar Dani, Hans J. Helms, var kosinn ritari. Þess má geta að ritarar flytja allsherjarþinginu skýrslu nefndanna.

Starf nefndarinnar hófst með almennum umræðum. Fulltrúar nokkurra ríkja, einkum í Suður-Ameríku, vöruðu við því að gengið yrði of langt í samþykktinni þar sem það kæmi í veg að hún yrði almennt fullgild. Fulltrúi Dana hafði orð fyrir ríkisstjórnum Norðurlandanna í nefndinni. Í ræðu hans kom fram stuðningur við þau drög sem alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði samið og lágu fyrir. Jafnframt lagði hann áherslu á að samþykktin yrði sveigjanleg, sérstaklega að því er varaði rétt til lands. Margir áheyrnarfulltrúar úr röðum frumbyggja lögðu orð í belg og mæltu eindregið með því að samþykkt nr. 107 yrði endurskoðuð með nýrri alþjóðasamþykkt.

Deilan frá fyrra ári um hugtökin *peoples* eða *populations* hélt áfram í þingnefndinni og um tíma var útlit fyrir að starf nefndarinnar mundi sigla í strand vegna þessa ágreinings. Svo fór þó ekki. Eftir langa samningafundi náðist fullt samkomulag um að nota hugtakið *peoples*, sem er þýtt með orðinu *þjóðflokkar*, með þeirri takmörkun að það feli ekki í sér nein réttindi samkvæmt alþjóðalögum. Þessu til viðbótar las formaðurinn upp yfirlýsingu, sem var tekin upp í skýrslu nefndarinnar, um þann skilning hennar að notkun hugtaksins *þjóðflokkur* feli ekki í sér rétt til sjálfsákvörðunar eins og það hugtak er notað í alþjóðalögum. Þegar þessum áfanga var náð afgreiddi nefndin fyrsta kafla draganna að samþykkt, sem fjallar um gildissvið, með minni háttar breytingum.

Annar kafli samþykktarinnar fjallar um rétt til lands. Þessi hluti samþykktarinnar olli ágreiningi á 75. vinnumálaþinginu og var þá ákveðið að fresta umfjöllun um hann þar til við síðari umræðu. Þetta ágreiningsmál leystist með „málamiðlunarpakka“ sem tók til allra greina kaflans að 2. mgr. 17. gr. undanskilinni en greidd voru atkvæði um breytingartillögu við hana, sem borin var fram af fulltrúum launafólks, um aukna vernd frumbyggja að því er varðar eignarrétt á landi. Eftir langar og strangar umræður var samþykkt að fella út hugtakið *territories* í 15. og 16. gr. gegn því að við 13. gr. bættist eftirfarandi: Orðið *land* í 15. og 16. gr. felur í sér hugtakið *landsvæði*, en það nær til alls umhverfisins á þeim svæðum sem viðkomandi þjóðflokkur byggir eða nýtir með öðrum hætti. Fulltrúar ríkisstjórna Indlands, Kanada og margra Suður-Ameríkuríkja voru því mjög andvígir að nota hugtakið *territories* í 15. og 16. gr. Með viðaukanum við 13. gr. var komið til móts við sjónarmið þeirra. Þess má geta að nokkrir talsmenn frumbyggja fullyrtu að endurskoðaðar 13.–19. gr. feli í sér lakari vernd eignarréttar en kaflinn um land í samþykkt nr. 107. Hins vegar, ef litið er á ákvæðin um

eignarrétt lands í tengslum við aðra kafla í endurskoðuðu samþykktinni, hafa frumbyggjar mun betri tækifæri til að gæta hagsmuna sinna en áður.

Ekki komu fram umtalsverðar athugasemdir við inngang samþykktarinnar eða kafla I til IX (að II. kaflanum undanskildum). Þessir hlutar samþykktarinnar voru afgreiddir einróma í nefndinni.

Við afgreiðslu á allsherjarþinginu kom í ljós að ekki voru allir jafnánægðir með drög þingnefndarinnar. Atkvæði féllu þannig að 328 fulltrúar voru tillögunni samþykkir, einn var á móti og 49 sátu hjá. Mjög margir tóku ekki þátt í atkvæðagreiðslunni. Vestræn ríki greiddu tillögunni atkvæði sitt að Bretlandi og Frakklandi undanskildum en þau sátu hjá. Af Suður Ameríkuríkjum greiddu einungis Ekvador, Kólumbía, Mexíkó og Nikaragva atkvæði með en önnur ríki sátu hjá.

Allsherjarþingið samþykkti einróma tillögu frá fulltrúum ríkisstjórna Norðurlanda sem hvetur Alþjóðavinnumálastofnunina til að grípa til nauðsynlegra aðgerða í því skyni að fylgja eftir hinni nýju alþjóðasamþykkt sem er birt í heild sem fylgiskjal I með þessari skýrslu.

2.7. NÆTURVINNA

Fimmta málefnið á dagskrá vinnumálaþingsins var drög að alþjóðasamþykkt og tillögu um næturvinnu sem var til fyrri umræðu.

Þingnefndin sem fjallaði um þetta málefni var samtals skipuð 188 fulltrúum þegar hún var sem fjölmennust. Formaður var kosinn ríkisstjórnarfulltrúi frá Indónesíu, P.K. Suma'mur. Varaformenn voru N. Noakes, fulltrúi atvinnurekenda frá Ástralíu, og R. Dreifuss, fulltrúi launafólks í Sviss. Af hálfu Íslands sátu Hrafnhildur Stefánsdóttir og Jón Magnússon í nefndinni. Til undirbúnings umræðum hafði alþjóðavinnumálaskrifstofan í Genf tekið saman tvær skýrslur, *Night Work V (1)* og *V (2)*.

Í nefndinni var fjallað um þrjá gerninga: Tillögu um viðauka við samþykkt nr. 89 frá árinu 1948, um næturvinnu kvenna í iðnaði, drög að nýrri almennri samþykkt og tillögu um næturvinnu. Í umræðum um þessar tillögur kom fram mikill ágreiningur á milli fulltrúa atvinnurekenda og fulltrúa launafólks. Hinir fyrrnefndu voru því andvígir að ILO afgreiddi nýja alþjóðasamþykkt og tillögu um þetta málefni. Þeir töldu að það mundi draga úr sveigjanleika sem væri atvinnulífinu nauðsynlegur til frekari eflingar, vaxtar og þróunar sem leiddi til fjölgunar atvinnutækifæra. Fulltrúar launafólks voru á öðru máli og töldu að rétt væri að setja strangar reglur um næturvinnu.

Í drögum að alþjóðasamþykkt, sem þingnefndin fjallaði um, er ekki gert ráð fyrir að banna næturvinnu. Í aðfararorðum segir að næturvinna sé óheppileg fyrir heilsu manna og raski félagslegum tengslum og fjölskyldulífi launafólks. Einnig kemur fram að draga skuli úr og bæta fyrir óhagræði og hættur sem fylgi vinnu að næturlagi. Fulltrúar atvinnurekenda gagnrýndu harðlega þetta atriði og héldu því fram að of mikið væri gert úr því að næturvinna væri skaðleg heilsu manna. Þeir bentu einnig á það að í drögunum að samþykktinni væri sú staðreynd sniðgengin að næturvinna væri óumflýjanleg í mörgum starfsgreinum, t.d. á sviði ýmiss konar þjónustu. Meðal annars af þessari ástæðu töldu talsmenn atvinnurekenda drögin vera óraunhæf og leggja hömlur á atvinnulífið.

Í tillögu alþjóðavinnumálaskrifstofunnar var lagt til að í einu tilviki verði næturvinna bönnuð, þ.e. í sex mánuði á meðgöngutíma. Fulltrúar margra ríkja gátu ekki samþykkt þessa tillögu með hliðsjón af grundvallarreglunni um jafnrétti kynjanna, m.a. fulltrúar ríkisstjórna Norðurlanda (annarra en Íslands sem ekki átti sæti í nefndinni). Eftir almenna umræðu í nefndinni um þetta atriði samdi starfsfólk alþjóðavinnumálaskrifstofunnar málamiðlunartillögu sem byggir á því að gefa skuli konum sem vinna næturvinnu tækifæri til að velja einn af þremur kostum: að fá annað starf að degi til, sé slíkt gerlegt, lengra barnsburðarleyfi eða tryggingabætur. Enn fremur var samþykkt að bæta inn ákvæði í drögin um að óheimilt væri að segja vanfærri konu upp starfi. Málamiðlunartillaga alþjóðavinnumálaskrifstofunnar hlaut góðar undirtektir og var samþykkt í nefndinni.

Eftir fyrri umræðu er staða þessa málefnis þannig að fulltrúar atvinnurekenda eru því andvígir að Alþjóðavinnumálastofnunin afgreiði alþjóðasamþykkt um næturvinnu. Fulltrúar launafólks voru með fyrirvara um að þeir mundu flytja tillögu á næsta vinnumálaþingi um að næturvinna verði skilgreind mun ítarlegar í texta samþykktarinnar en gert er í þeim drögum sem nú liggja fyrir eftir fyrri umræðu. Það má því vænta þess að í odda skerist um þetta málefni á 77. Alþjóðavinnumálaþinginu sumarið 1990.

2.8. ÞINGSÁLYKTANIR

Heimilt er að leggja fram tillögur til þingsályktunar um málefni sem ekki eru á dagskrá þingsins. Samkvæmt þingsköpum Alþjóðavinnumálaþingsins verða slíkar tillögur að hafa borist forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar 15 dögum fyrir þingsetningu. Fjallað er um þingsályktunartillögurnar í ályktunarnefnd (Resolutions Committee) sem er ein af fastanefndum þingsins.

Á 75. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 1988 kom til harðra orðahnippinga í ályktunarnefndinni vegna tillögu til þingsályktunar um vernd réttinda og frelsis atvinnurekenda og launafólks í Palestínu og á öðrum hernumdum arabískum svæðum. Auknir flokkadrættir hafa leitt til fjölgunar fulltrúa í nefndinni. Á þinginu 1988 skipuðu nefndina samtals 218 fulltrúar. Á 76. vinnumálaþinginu sátu í nefndinni 227 þingfulltrúar. Af þeim voru 88 fulltrúar ríkisstjórna, 62 fulltrúar atvinnurekenda og 77 fulltrúar launafólks. Af hálfu Íslands sátu í nefndinni Kristinn F. Árnason, Gylfi Kristinsson og Guðmundur J. Guðmundsson.

Formaður ályktunarnefndar var kosinn Glaiel, sendiherra frá Sýrlandi. Varaformenn voru Castle, fulltrúi atvinnurekenda í Bandaríkjunum, og Morton, fulltrúi launafólks í Bretlandi.

Nefndinni bárust samtals 15 tillögur til þingsályktunar. Fulltrúar ríkisstjórna Norðurlanda lögðu á ný fram sameiginlega tillögu í því skyni að fylgja eftir tilmælum heimsnefndarinnar um umhverfi og þróun. Fram komu fjórar aðrar tillögur um sama efni. Eftir athugun á tillögunum voru nokkrar sameinaðar. Samkvæmt verklagsreglum nefndarinnar voru greidd atkvæði um það í hvaða forgangsröð tillögurnar yrðu afgreiddar. Niðurstöður atkvæðagreiðslunnar voru:

1. Umhverfi, þróun og atvinna (tillagan hlaut 2.200.649 vegin atkvæði).
2. Þróun, erlendar skuldir og hlutverk ILO (tillagan hlaut 2.134.673 vegin atkvæði).
3. Vernd réttinda og frelsis atvinnurekenda og launafólks í Palestínu og á öðrum hernumdum arabískum svæðum (tillagan hlaut 1.821.429 vegin atkvæði).
4. Aðgerðir til að auðvelda aðildarríkjunum að taka þátt í Alþjóðavinnumálaþinginu (441.060 atkvæði).
5. Hlutverk fyrirtækja í atvinnumálastefnu.

Vegna sviptinganna sem urðu í ályktunarnefndinni á 75. þinginu vegna tillögunnar um ástandið í Palestínu beindist athyglin að fyrstu þremur tillögunum. Á því þingi lenti sú tillaga í fyrsta sæti og umhverfistillagan í fjórða sæti. Þrátt fyrir að Palestínutillagan hafi lent í fyrsta sæti í forvalinu tókst nefndinni ekki að ljúka afgreiðslu hennar vegna ágreinings á milli fulltrúa vestrænna ríkja og araba um orðalag. Nefndin afgreiddi þar af leiðandi enga tillögu til allsherjarþingsins. Þegar niðurstaða forvalsins á 76. Alþjóðavinnumálaþinginu lá fyrir var ákveðið á samráðsfundi vestrænna ríkja (IMEC-ríkja) að skipa fulltrúa í nefnd sem tæki upp viðræður við fulltrúa araba í nefndinni, sem höfðu lagt fram fjölda breytingartillagna, þar sem þess yrði freistað að ná samkomulagi um orðalag þriggja fyrstu tillagnanna og um leið afgreiðslu þeirra. Þetta var ýmsum erfiðleikum háð. Það sem flækti málið var tillagan sem lenti í öðru sæti, um erlendar skuldir, sem flutt var af fulltrúum Suður-Ameríkuríkja. Nokkur vestræn ríki áttu í erfiðleikum með að samþykkja óbreytt orðalag þessarar tillögu. Samkomulag tókst ekki þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Annað árið í röð lauk ályktunarnefndin störfum án þess að afgreiða tillögu til allsherjarþingsins.

Ástandið í ályktunarnefndinni er farið að valda nokkrum áhyggjum. Starf nefndarinnar er lamað. Fulltrúar araba virðast ætla að beita málþófi til að þvinga nefndina til að afgreiða tillögu um ástandið í Palestínu, m.a. með því að koma í veg fyrir afgreiðslu annarra tillagna. Þetta geta ýmsir ekki fellt sig við og benda á að deildumál araba og Ísraelsmanna falli utan verksviðs Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og séu til umfjöllunar hjá öðrum stofnunum Sameinuðu þjóðanna. Af þeirri ástæðu hafa þeir lagst gegn öllum tillögum um þetta efni. Annað atriði sem hefur skipt máli í þessu sambandi er ákvæði í tillögu araba um að stofnuð verði ný fastanefnd á Alþjóðavinnumálaþinginu sem fjalli árlega um þróun mála á hernumdu svæðunum í Palestínu. Fastanefndin starfi með líku sniði og þingnefndin um málefni Suður-Afríku. Í röðum fulltrúa vestrænna ríkja er hörð andstaða gegn þessari hugmynd þar sem hún er talin leiða til aukins skrifræðis.

Eins og nærri má geta voru fulltrúar Norðurlanda óánægðir með það að tillagan um umhverfi og þróun náði ekki fram að ganga þrátt fyrir þá breiðu samstöðu sem hafði tekist um hana. Búið var að leggja mikla vinnu í samningu tillögunnar og hafði hún verið til umfjöllunar á nokkrum norrænum samráðsfundum um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Þótt tillagan hafi ekki hlotið afgreiðslu á Norðmaðurinn Bjørnar Utheim, sem hafði orð fyrir fulltrúum ríkisstjórna Norðurlanda í þessu máli, þakkir skilið.

2.9. NOTKUN EFNASAMBANDA Á VINNUSTÖÐUM

Drög að alþjóðasamþykkt um meðferð efnasambanda á vinnustöðum var til fyrri umræðu á þinginu í sérstakri nefnd. Alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði tekið saman skýrslu um þetta málefni sem byggð var á svörum aðildarríkjanna við spurningalista sem þeim var sendur sumarið 1988. Skýrslan ber heitið *Safety in the use of chemicals at work – Report VI (2).*

Í nefndinni áttu sæti samtals 155 fulltrúar, þar af 67 ríkisstjórnarfulltrúar, 40 voru fulltrúar atvinnurekenda og 48 fulltrúar launafólks. Formaður var kosinn ríkisstjórnarfulltrúi Nígeríu, R.O. Adewoya. Varaformenn voru kosnir úr röðum fulltrúa aðila vinnumarkaðarins. Þeir voru: M.J. Wright, sem var fulltrúi atvinnurekenda, og M.M. Tarnow, fulltrúi launafólks, báðir frá Bandaríkjunum.

Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins, sat fundi þingnefndarinnar sem fjallaði um þetta málefni í um helming þess tíma sem nefndin starfaði.

Í meginatriðum gekk starf nefndarinnar vel. Ágreiningsmál sem upp komu á milli aðila vinnumarkaðarins voru leyst með málamiðlunum. Þótt starfið í nefndinni hafi gengið vel setti hún met í fjölda breytingartillagna við drög að alþjóðasamþykkt og tillögu sem lágu fyrir nefndinni. Samtals komu fram 479 breytingartillögur. Mikilvægustu atriði þeirra draga að alþjóðasamþykkt sem nú liggja fyrir eru:

Markmið nýrrar samþykktar um meðferð efnasambanda verður að draga úr slysum og atvinnusjúkdómum af þeirra völdum á vinnustöðum. Einnig að stuðla að því að efni séu metin í þeim tilgangi að ákvarða hættu af þeirra völdum, tryggja að atvinnurekendur fái upplýsingar um rétta meðferð frá framleiðanda og að starfsmenn fái fræðslu um efni á vinnustað og um varnaraðgerðir til að draga úr hugsanlegri skaðsemi þeirra.

Samkvæmt drögum að samþykktinni skulu aðildarríki samþykktarinnar móta heildarstefnu í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins um örugga meðferð efnasambanda á vinnustöðum. Í þeim eru settar fram tillögur um verndar- og varnaraðgerðir á þessu sviði.

Samþykktin á að taka til allrar atvinnustarfsemi þar sem efnasambönd eru notuð. Hins vegar geta stjórnvöld í samráði við aðila vinnumarkaðarins undanþegið ákveðnar iðngreinar frá gildissviði samþykktarinnar.

Samþykktin heimilar stjórnvöldum að setja reglur til verndar iðnaðarleyndarmálum en jafnframt verði ákvæði er veiti fulltrúum launafólks aðgang að nauðsynlegum upplýsingum sem snerta öryggi og heilsu starfsmanna.

Í samþykktinni er hugtakið „hættuleg efnasambönd“ notað í þeim tilvikum þar sem reglur og kerfi liggja til grundvallar því að flokka þau sem heilsuspillandi.

Til viðbótar kröfum um merkingar og vörulýsingu á heilsuspillandi efnum eru í drögum að samþykktinni ákvæði um upplýsingaskyldu um efnasambönd annarra efna, vöruheiti og nafn framleiðanda.

Nefndin samþykkti ályktun þar sem alþjóðavinnumálaskrifstofunni var falið að taka frumkvæði í viðræðum við aðrar stofnanir til að tryggja samræmdar kröfur og meðferð og merkingar á efnasamböndum í því skyni að koma í veg fyrir slys á starfsmönnum sem vinna með þessi efni. Óskað var eftir skýrslu um árangur við fyrsta tækifæri.

2.10. ÖNNUR MÁLEFNI

Kynþáttaaðskilnaðarstefnan.

Kynþáttastefna stjórnvalda Suður-Afríku hefur verið til umfjöllunar árlega í sérstakri nefnd á Alþjóðavinnumálaþinginu frá árinu 1981. Á 76. þinginu áttu samtals 60 fulltrúar sæti í nefndinni: 20 ríkisstjórnarfulltrúar, 20 fulltrúar launafólks og 20 fulltrúar atvinnurekenda. Ríkisstjórnir Norðurlanda hafa átt einn fulltrúa í nefndinni og skipaði fulltrúi Noregs það sæti. Formaður var kosinn vinnumálaráðherra Senegal, M. Ndoye. Varaformenn voru kosnir úr röðum fulltrúa aðila vinnumarkaðarins. Þeir voru: B. Hernandez, sem var fulltrúi atvinnurekenda á Filippseyjum, og R. Mercier, fulltrúi launafólks í Kanada.

Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með framkvæmd yfirlýsingar ILO frá árinu 1961 um kynþáttaaðskilnaðarstefnuna. Samkvæmt henni ber aðildarríkjunum að senda alþjóðavinnumálaskrifstofunni upplýsingar um aðgerðir sem þau hafa gripið til í því skyni að vinna gegn þessari stefnu. Þessar upplýsingar eru teknar saman í skýrslu forstjóra ILO til Alþjóðavinnumálaþingsins sem er til umfjöllunar í nefndinni.

Samstarf við fulltrúa annarra ríkja.

Að venju átti íslenska sendinefndin á þinginu góð samskipti við fulltrúa annarra vestrænna ríkja á þinginu, einkum Norðurlandanna. Norrænu ríkisstjórnarfulltrúarnir fluttu annað árið í röð sameiginlega tillögu um atvinnu og þróun sem byggir á helstu niðurstöðum í svonefndri Brundtland-skýrslu. Einnig skiptust fulltrúarnir á að gera grein fyrir afstöðu landanna til einstakra málefna sem voru til umfjöllunar. Samtals voru haldnir fjórir samráðsfundir fulltrúa ríkisstjórna Norðurlanda á þingtímanum.

Fulltrúar ríkisstjórna vestrænna iðnríkja, svonefndur IMEC-hópur, áttu einnig með sér náið samstarf á þinginu. Þessi hópur hittist daglega, stundum tvisvar á dag, á samráðsfundum þar sem farið var yfir þau málefni sem voru efst á baugi. Á þinginu 1989 hélt hópurinn óvenjumarga fundi vegna stöðunnar í ályktunarnefndinni. Einnig voru haldnir samráðsfundir með fulltrúum sem áttu sæti í nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Á þeim fundum var farið yfir kærumál á hendur ríkisstjórnum vestrænna ríkja sem voru á dagskrá þingnefndarinnar.

Fylgiskjal I.

Samþykkt nr. 169, um frumbyggja og ættflokka í sjálfstæðum ríkjum.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 76. þingsetu sinnar í Genf 7. júní 1989 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

gefur gaum að alþjóðlegum stöðlum í Samþykkt og Tillögu um frumbyggja og þjóðflokka frá 1957 og

minnist ákvæða Mannréttindayfirlýsingarinnar, alþjóðlegs sáttmála um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, alþjóðlegs sáttmála um borgaraleg og pólitísk réttindi og ýmissa alþjóðlegra gjörninga um hvernig koma skuli í veg fyrir misrétti og

tekur tillit til þess að sú þróun sem hefur orðið á alþjóðalögum síðan 1957 og sú þróun á aðstæðum frumbyggja og ættflokka sem orðið hefur um allan heim hefur leitt til þess að nú er tímabært að setja nýja alþjóðlega staðla um þetta efni í því skyni að nema úr gildi ákvæði eldri staðla um aðlögun og

viðurkennir óskir slíkra þjóðflokka um að fá að stjórna eigin stofnunum, lífsháttum og efnahagsþróun og þróa sérkenni sín, tungumál og trúarbrögð innan þess ríkis þar sem þeir búa og

gefur gaum að því að í ýmsum heimshlutum fá slíkir þjóðflokkar ekki notið almennra mannréttinda í sama mæli og aðrir þegnar ríkjanna þar sem þeir búa og að lög þeirra, lífsgildi, siðvenjur og sjónarmið hafa oft orðið að lúta í lægra haldi og

vekur athygli á hinu einstæða framlagi frumbyggja og ættflokka til fjölbreytni í menningu og félagslegri og vistfræðilegri eindrægni mannkyns og alþjóðlegrar samvinnu og skilningi og

gefur gaum að því að eftirfarandi ákvæði hafa verið samin í samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar, Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina, svo og Samtök indíána í Ameríku, á viðeigandi stigum og viðkomandi sviðum, og að lagt er til að slíkri samvinnu verði haldið áfram í því skyni að stuðla að og tryggja framgang þessara ákvæða og

þar eð þingið hefur samþykkt tilteknar ábendingar varðandi endurskoðun að hluta á Samþykkt um frumbyggja og ættflokka frá 1957 (nr. 107), sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, sem er endurskoðun á Samþykkt um frumbyggja og ættflokka frá 1957,

gerir þingið í dag, 27. júní 1989, eftirfarandi samþykkt sem nefna má Samþykkt um frumbyggja og ættflokka, 1989:

I. Almenn stefnumótun.

1. gr.

1. Þessi samþykkt á við um:

a. ættflokka í sjálfstæðum ríkjum sem búa við félagslegar, menningarlegar og efnahagslegar aðstæður sem greina þá frá öðrum þegnum þjóðfélagsins, og staða þeirra mótast að öllu eða nokkru leyti af þeirra eigin siðum eða venjum eða af sérstökum lögum eða reglugerðum;

b. þjóðflokkar í sjálfstæðum ríkjum sem teljast vera frumbyggjar vegna þess að þeir eru komnir af fólki sem hefur búið í landinu eða er úr þeim heimshluta sem ríkið er í þegar landið var tekið herskildi eða gert að nýlendu eða þegar núgildandi landamæri voru ákveðin og, hver sem lagaleg staða þeirra er, halda í heiðri sumum eða öllum félagslegum, efnahagslegum, menningarlegum og pólitískum stofnunum sínum.

2. Vitund um að tilheyra frumbyggjum eða ættflokki skal teljast grundvallarforsenda þess að afmarka þá hópa sem ákvæði þessarar samþykktar taka til.

3. Notkun hugtaksins „þjóðflokkur“ í þessari samþykkt má ekki túlka á þann veg að það feli í sér nokkur réttindi samkvæmt alþjóðalögum.

2. gr.

1. Ríkisstjórnir skulu bera ábyrgð á því að þróa, í samvinnu við viðkomandi þjóðflokka, samræmdar og skipulegar aðgerðir í því skyni að vernda rétt slíkra þjóðflokka og tryggja að sjálfræði þeirra sé virt.

2. Meðal slíkra aðgerða skulu nefndar ráðstafanir til að:

a. tryggja að fólk af slíkum þjóðflokkum njóti með sama hætti og aðrir þegnar þjóðfélagsins réttinda og tækifæra sem lög og reglur þess veita;
b. stuðla að því að slíkir þjóðflokkar njóti til fulls félagslegra, efnahagslegra og menningarlegra réttinda, þannig að tillit sé tekið til félagslegra og menningarlegra sérkenna þeirra, siða, venja og stofnana;
c. aðstoða einstaklinga af slíkum þjóðflokkum við að eyða félags- og efnahagslegum mun á frumbyggjum og öðrum þegnum þjóðfélagsins, með þeim hætti sem samrýmist væntingum þeirra og lífsháttum.

3. gr.

1. Frumbyggjar og ættflokkar skulu njóta fullra mannréttinda og grundvallarfrelsis án hindrana eða mismununar. Ákvæði samþykktarinnar eiga við um karlmenn og konur af slíkum þjóðflokkum án mismununar.

2. Ekki skal beita neins konar valdi eða þvingunum sem brjóta í bága við mannréttindi og grundvallarfrelsi hlutaðeigandi þjóðflokka, þar með talin réttindi sem felast í þessari samþykkt.

4. gr.

1. Gera skal sérstakar ráðstafanir í því skyni að vernda einstaklinga af slíkum þjóðflokkum, stofnanir þeirra, eigur, störf, menningu og umhverfi eftir því sem við á.

2. Slíkar sérstakar ráðstafanir skulu ekki brjóta í bága við óskir hlutaðeigandi þjóðflokka sem þeir hafa látið í ljósi af frjálsum vilja.

3. Slíkar ráðstafanir skulu ekki takmarka með neinum hætti almenn borgararéttindi og ekki stuðla að mismunun.

5. gr.

Við beitingu ákvæða þessarar samþykktar skal:

a. viðurkenna og vernda félagslegt, menningarlegt, trúarlegt og andlegt gildismat og siði slíkra þjóðflokka og taka fullt tillit til eðlis þeirra vandamála sem við þeim blasa, bæði sem hópa og einstaklinga;
b. virða gildismat, siði og stofnanir slíkra þjóðflokka;
c. fylgja stefnu sem stuðlar að því að draga úr erfiðleikum slíkra þjóðflokka er þeir standa frammi fyrir nýjum aðstæðum varðandi lífskjör og störf og skal það gert með þátttöku og í samvinnu við hlutaðeigandi þjóðflokka.

6. gr.

1. Við beitingu ákvæða þessarar samþykktar skulu ríkisstjórnir:

a. hafa samráð við viðkomandi þjóðflokka með viðeigandi hætti, einkum með því að hafa samband við stofnanir þeirra þegar í ráði er að gera ráðstafanir sem varða lagasetningu eða aðgerðir framkvæmdarvaldsins og geta snerta þá beint;
b. skapa þá aðstöðu að slíkir þjóðflokkar geti hindrunarlaust tekið þátt í ákvarðanatöku á öllum stigum í stofnunum sem kosið er til og ákvörðunum framkvæmdarvalds, svo og annarra stofnana, ábyrgum fyrir stefnu og áætlunum sem þá snerta, a.m.k. að sama marki og öðrum þegnum þjóðfélagsins;
c. gera ráðstafanir til þess að eigin stofnanir og frumkvæði slíkra þjóðflokka fái notið sín til fulls og, þar sem það á við, skapa aðstæður sem nauðsynlegar eru í þessum tilgangi.

2. Það samráð sem fram fer við framkvæmd þessarar samþykktar skal eiga sér stað í góðri trú og með þeim hætti sem hentar aðstæðum í því skyni að ná samkomulagi um eða fá samþykki fyrir þeim ráðstöfunum sem lagt er til að gerðar verði.

7. gr.

1. Hlutaðeigandi þjóðflokkar skulu hafa rétt til að ákveða á hvað þeir leggja mesta áherslu varðandi þróun sem snertir líf þeirra, trú, stofnanir, andlega velferð og það landsvæði sem þeir byggja eða nýta með öðrum hætti og að hafa stjórn á, að svo miklu leyti sem við verður komið, eigin efnahagslegri, félagslegri og menningarlegri þróun. Auk þess skulu þeir taka þátt í mótun, framkvæmd og mati á áformum og áætlunum á landsvísu eða innan tiltekinna svæða sem gætu haft bein áhrif á þá.

2. Bætt lífskjör og starfskjör, svo og bætt heilsufar og menntun viðkomandi þjóðflokka, með þátttöku þeirra og samvinnu, skulu hafa forgang í verkefnum um heildarþróun í efnahagsmálum á þeim svæðum sem þeir byggja. Sérstök þróunarverkefni á viðkomandi svæðum skulu einnig vera með þeim hætti að þau stuðli að slíkum endurbótum.

3. Ríkisstjórnir skulu tryggja, hvenær sem það á við, að kannanir séu gerðar, í samvinnu við viðkomandi þjóðflokk, til að meta hvaða félagsleg, andleg og menningarleg áhrif, svo og áhrif varðandi umhverfismál, þau þróunarverkefni, sem áætluð eru, munu hafa á þá. Niðurstöður þessara kannana skulu vera taldar grundvallarforsendur slíkra framkvæmda.

4. Ríkisstjórnir skulu gera ráðstafanir, í samvinnu við hlutaðeigandi þjóðflokka, í því skyni að vernda og varðveita umhverfi á þeim svæðum sem þeir byggja.

8. gr.

1. Við beitingu landslaga og reglugerða um hlutaðeigandi þjóðflokk skal taka viðeigandi tillit til siðvenja þeirra eða hefðbundinna laga.

2. Slíkir þjóðflokkar skulu hafa rétt til að hafa sína eigin siði og stofnanir, þar sem slíkt stangast ekki á við grundvallarréttindi samkvæmt landslögum, og mannréttindi eins og þau eru viðurkennd í alþjóðalögum. Ákveða skal hvaða háttur skal hafður á, ef þörf krefur, til þess að jafna ágreining sem kann að koma upp af þessum sökum.

3. Beiting ákvæða 1. og 2. tölul. þessarar greinar skal ekki koma í veg fyrir að einstaklingar af slíkum þjóðflokkum fái notið þeirra réttinda sem allir þegnar hafa og takist á herðar þær skyldur sem þær hafa í för með sér.

9. gr.

1. Að svo miklu leyti sem það samrýmist landslögum og mannréttindum, sem viðurkennd eru í alþjóðalögum, skulu hefðbundnar venjur hlutaðeigandi þjóðflokka virtar þegar einstaklingar innan vébanda þeirra fremja afbrot.

2. Yfirvöld og dómstólar, sem fá slík refsimál til meðferðar, skulu hafa hliðsjón af venjum hlutaðeigandi þjóðflokka.

10. gr.

1. Við beitingu refsinga samkvæmt almennum lögum gagnvart einstaklingum af þessum þjóðflokkum skal tekið tillit til efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra sérkenna þeirra.

2. Að öðru jöfnu skal fremur beita öðrum refsingum en fangelsisvist.

11. gr.

Bannað er og refsivert lögum samkvæmt að ætlast til skyldubundinnar persónulegrar þjónustu af nokkru tagi af hálfu einstaklinga af hlutaðeigandi þjóðflokki, nema í þeim tilvikum þar sem lög mæla fyrir um slíkt varðandi alla þegna.

12. gr.

Hlutaðeigandi þjóðflokk skal vernda gegn því að gengið sé á rétt hans og getur hann hafið málsókn, jafnt hver einstaklingur sem þær stofnanir sem koma fram sem fulltrúar þeirra, í því skyni að vernda slík réttindi. Gera skal ráðstafanir í því skyni að tryggja að einstaklingar af slíkum þjóðflokkum geti skilið það sem fram fer í dómsmálum og að þeir geti gert sig skiljanlega, ef þörf krefur, með því að sjá þeim fyrir túlkun eða með öðrum hætti sem kemur þeim að gagni.

II. Land.

13. gr.

1. Við beitingu ákvæða þessa hluta samþykktarinnar skulu ríkisstjórnir virða mikilvægi þeirra tengsla sem hlutaðeigandi þjóðflokkar hafa við landið eða svæðin sem þeir byggja eða nýta með öðrum hætti hvað varðar menningu og andleg verðmæti þeirra, eða bæði þar sem það á við, einkum hvað varðar áhrif slíkra tengsla á þjóðflokkinn í heild.

2. Orðið „land“ í 15. og 16. gr. felur í sér hugtakið landsvæði, en það tekur til alls umhverfis á þeim svæðum sem hlutaðeigandi þjóðflokkur byggir eða hann nýtir með öðrum hætti.

14. gr.

1. Eignarréttur og eignarhald hlutaðeigandi þjóðflokka á því landi sem þeir hafa notað samkvæmt hefð skal virtur. Enn fremur skal gera ráðstafanir í viðeigandi tilfellum í því skyni að vernda rétt hlutaðeigandi þjóðflokka til þess að nýta land sem þeir byggja ekki einir en hafa samkvæmt hefð haft aðgang að sér til lífsviðurværis og til hefðbundinna athafna. Í þessu sambandi skal tekið sérstakt tillit til aðstæðna hirðingja og þeirra sem færa sig reglulega um set milli ræktunarsvæða.

2. Ríkisstjórnir skulu gera ráðstafanir til þess að skilgreina hvaða landsvæði hlutaðeigandi þjóðflokkur býr á samkvæmt hefð og tryggja eignarrétt hans og eignarhald.

3. Hafa skal viðunandi réttarreglur innan réttarkerfis hvers ríkis til þess að taka til meðferðar landakröfur hlutaðeigandi þjóðflokka.

15. gr.

1. Réttur hlutaðeigandi þjóðflokka til náttúruauðlinda á landi þeirra skal sérstaklega verndaður. Þessi réttur er m.a. fólginn í því að taka þátt í nýtingu, stjórnun og verndun slíkra náttúruauðlinda.

2. Í þeim tilvikum þar sem ríkið hefur eignarrétt á jarðefnum á yfirborði jarðar eða neðan jarðar eða rétt til annarra auðlinda í tengslum við landsvæðið skulu ríkisstjórnir stofna til eða viðhalda tilteknum reglum til þess að hafa samráð við slíka þjóðflokka í því skyni að ganga úr skugga um hvort og að hve miklu leyti gengið kunni á rétt þeirra áður en hafist verður handa um eða leyfðar verða nokkrar áætlanir í því skyni að kanna eða nýta slíkar auðlindir sem vera kunna á landi þeirra. Hlutaðeigandi þjóðflokkar skulu, þar sem því verður við komið, einnig hafa hag af slíkum aðgerðum og fá sanngjarnar bætur fyrir hvers konar tjón sem þeir kunna að verða fyrir vegna slíkra aðgerða.

16. gr.

1. Hlutaðeigandi þjóðflokkar skulu ekki fluttir brott af þeim landsvæðum sem þeir byggja nema með þeim undantekningum sem tilgreindar eru í næstu töluliðum.

2. Ef nauðsynlegt telst að flytja slíka þjóðflokka til annarra landsvæða í undantekningartilvikum skal slíkur flutningur fara fram með fullu samþykki þeirra eftir að þeim hefur verið gerð grein fyrir ástæðunum fyrir honum. Ef ekki reynist unnt að fá samþykki þeirra skal slíkur flutningur ekki fara fram fyrr en að lokinni viðeigandi málsmeðferð samkvæmt landslögum og

reglugerðum, þar með töldum opinberum rannsóknum þegar það á við, þar sem málsvörum hlutaðeigandi þjóðflokka gefst tækifæri til að tala máli þeirra.

3. Ef mögulegt er að koma því við skulu slíkir þjóðflokkar hafa rétt til þess að snúa aftur til heföbundinna heimkynna sinna jafnskjótt og ástæður til brottflutnings eru ekki lengur fyrir hendi.

4. Ef slíkum þjóðflokkum reynist ekki unnt að snúa aftur til fyrri heimkynna, samkvæmt ákvæðum samkomulags eða, ef slíkt samkomulag hefur ekki verið gert, með viðeigandi aðgerðum, skal í öllum tilvikum sjá þeim fyrir landsvæði sem hefur gæði og lagalega stöðu sem er a.m.k. jafnmikil og landsvæðin sem þeir byggðu áður og henta til að fullnægja núverandi þörfum þeirra og framtíðarþróun. Í þeim tilvikum þegar hlutaðeigandi þjóðflokkar láta í ljósi að þeir vilji heldur fá fébætur eða bætur í fríðu skulu þeir fá slíkar bætur með viðeigandi tryggingum.

5. Einstaklingar, sem þannig eru fluttir til annars landsvæðis, skulu fá fullar bætur vegna hvers konar tjóns eða skaða sem þeir hljóta af því.

17. gr.

1. Virða skal þær reglur sem settar hafa verið um tilfærslu eignarréttar á landi milli einstaklinga innan hlutaðeigandi þjóðflokka.

2. Hafa skal samráð við hlutaðeigandi þjóðflokk þegar til álita kemur hvort þeir vilji afsala sér eignarrétti á landi sínu eða að flytja hann til annarra sem standa utan þjóðfélags þeirra.

3. Koma skal í veg fyrir að fólk, sem er ekki af slíkum þjóðflokkum, nýti sér siði þeirra eða þekkingarskort einstaklinga innan vébanda þeirra á lögum í því skyni að tryggja sér eignarrétt, eignarhald eða nýtingu lands sem tilheyrir þeim.

18. gr.

Ákveða skal viðeigandi viðurlög samkvæmt lögum vegna óheimils átroðnings eða nýtingar á landi hlutaðeigandi þjóðflokks og skulu ríkisstjórnir gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir slík brot.

19. gr.

Í landbúnaðaráætlunum, sem ná til alls landsins, skal hlutaðeigandi þjóðflokkum tryggður jafn réttur á við aðra þegna þjóðfélagsins varðandi:

a. útvegun meira landsvæðis fyrir slíka þjóðflokka þegar þeir hafa ekki yfir að ráða nauðsynlegu jarðnæði til þess að afla sér lífsviðurværis eða gera ráð fyrir hugsanlegri fjölgun einstaklinga innan sinna vébanda;
b. útvegun þess sem þarf til að stuðla að þróun þeirra landsvæða sem slíkir þjóðflokkar eiga þegar.

III. Ráðningar og starfskjör.

20. gr.

1. Ríkisstjórnir skulu, innan marka landslaga og reglugerða og í samvinnu við hlutaðeigandi þjóðflokk, gera sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja virka verndun launafólks af slíkum þjóðflokkum hvað varðar ráðningar og starfskjör, að því marki sem það nýtur ekki virkrar verndar laga sem ná til alls launafólks.

2. Ríkisstjórnir skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að koma í veg fyrir mismunun milli launafólks af hlutaðeigandi þjóðflokkum og annars launafólks, einkum hvað varðar:

a. aðgengi að störfum, þar með talið störfum sem útheimta sérþekkingu, svo og ráðstafanir til stöðuhækkunar og frama í starfi;

b. sömu laun fyrir sömu vinnu;
c. læknisfræðilega og félagslega hjálp, öryggi og hollustuhætti við vinnu, allar bætur almannatrygginga og aðrar bætur sem tengjast atvinnu, svo og húsnæðismál;
d. rétt til að stofna félög, frelsi til allrar löglegrar starfsemi stéttarfélaga og rétt til að gera almenna kjarasamninga við atvinnurekendur eða samtök þeirra;

3. Slíkar ráðstafanir skulu fela í sér ráðstafanir til þess að tryggja:
a. að launafólk af slíkum þjóðflokkum, þar með talið það sem vinnur árstíðabundna vinnu, íhlaupavinnu, og farandverkamenn við landbúnaðarstörf og aðra vinnu, svo og þeir sem starfa hjá verktökum sem taka að sér að útvega vinnuafl, njóti þeirrar verndar sem kveðið er á um í landslögum og samkvæmt venjum í þágu annars launafólks á sama sviði og að það fái fyllstu upplýsingar um réttindi sín samkvæmt vinnulöggjöf og hverra kosta það á völ ef það telur á sér brotið;
b. að launafólk af slíkum þjóðflokkum sé ekki látið vinna við aðstæður sem eru hættulegar heilsu þess, einkum hvað varðar áhrif frá skordýraeitri eða öðrum eiturefnum;
c. að launafólk af slíkum þjóðflokkum verði ekki fyrir þvingunum við ráðningar, þar með talin skylduvinna og annars konar þjónusta til að greiða skuldir;
d. að launafólk af slíkum þjóðflokkum njóti sömu réttinda og sömu meðferðar við störf sín, hvort sem um er að ræða karla eða konur, svo og verndar gegn kynferðislegri áreitni.

4. Þess skal einkum gætt að stofna til fullnægjandi vinnueftirlits á þeim svæðum þar sem launafólk af hlutaðeigandi þjóðflokkum er ráðið til daglaunavinnu, í því skyni að tryggja að farið sé að ákvæðum þessa hluta samþykktarinnar.

IV. Starfsþjálfun, handiðnir og iðnaður í dreifbýli.

21. gr.

Einstaklingar af hlutaðeigandi þjóðflokkum skulu fá a.m.k. sömu tækifæri til starfsþjálfunar og aðrir þegnar þjóðfélagsins.

22. gr.

1. Gera skal ráðstafanir til þess að hvetja einstaklinga í hlutaðeigandi þjóðflokkum til þátttöku í áætlunum um almenna starfsþjálfun.

2. Þegar þær áætlanir um almenna starfsþjálfun sem fyrir hendi eru fullnægja ekki sérþörfum hlutaðeigandi þjóðflokka, skulu ríkisstjórnir, með þátttöku þessara þjóðflokka, sjá fyrir sérstökum þjálfunaráætlunum og aðstöðu vegna þeirra.

3. Allar sérstakar þjálfunaráætlanir skulu byggðar á efnahagsaðstæðum og félagslegum og menningarlegum aðstæðum og raunverulegum þörfum hlutaðeigandi þjóðflokka. Kannanir, sem kunna að verða gerðar í þessu sambandi, skulu gerðar í samvinnu við þessa þjóðflokka og þeir skulu hafðir með í ráðum um skipulagningu og framkvæmd slíkra áætlana. Þar sem það er talið æskilegt skulu slíkir þjóðflokkar smám saman gerast ábyrgir fyrir skipulagningu og framkvæmd slíkra sérstakra þjálfunaráætlana, ef þeir ákveða það.

23. gr.

1. Handiðnir, iðnaður í dreifbýli og iðnaður sem tengdur er tilteknu samfélagi, sjálfsþurftarbúskapur og hefðbundin störf hlutaðeigandi þjóðflokka, svo sem dýraveiðar, fiskveiðar, loðdýraveiðar og söfnun, skulu viðurkennd sem mikilvægir þættir í viðhaldi menningar þeirra og efnahagslegu sjálfstæði þeirra og þróun. Ríkisstjórnir skulu, með þátttöku slíkra þjóðflokka og þegar það á við, tryggja að stuðlað sé að slíkri starfsemi og hún efld.

2. Eftir beiðni hlutaðeigandi þjóðflokka skal þeim veitt viðeigandi tæknileg og fjárhagsleg aðstoð þegar því verður við komið og sé þá tekið tillit til hefðbundinnar tækni og menningarlegra sérkenna slíkra þjóðflokka, svo og mikilvægis þess að viðhalda eðlilegri þróun.

V. Almannatryggingar og heilbrigðismál.

24. gr.

Reglur um almannatryggingar skulu smám saman vera látnar ná til hlutaðeigandi þjóðflokka og þeim beitt án þess að þeim sé mismunað.

25. gr.

1. Ríkisstjórnir skulu tryggja að viðunandi heilbrigðisþjónusta sé veitt slíkum þjóðflokkum eða veita þeim aðstöðu til þess að móta og framkvæma slíka þjónustu á eigin ábyrgð og undir eigin stjórn, þannig að þeir fái notið fyllstu líkamlegrar og andlegrar heilsu.

2. Heilbrigðisþjónustan skal, að svo miklu leyti sem því verður við komið, veitt í byggðarlögum hlutaðeigandi þjóðflokka. Þjónustan skal skipulögð og henni stjórnað í samvinnu við hlutaðeigandi þjóðflokk og skal taka tillit til efnahagslegrar, landfræðilegrar, félagslegrar og menningarlegrar aðstöðu þeirra, svo og hefðbundinnar heilsugæslu, lækningaaðferða og lyfja.

3. Heilsugæsluþjónustan skal leggja megináherslu á þjálfun og ráðningu heilsugæslustarfsfólks úr viðkomandi byggðarlögum og leggja áherslu á undirstöðuatriði heilsugæslu en hafa jafnframt góð tengsl við önnur svið heilbrigðisþjónustunnar.

4. Slík heilbrigðisþjónusta skal samræmd öðrum ráðstöfunum á sviði félagslegra, efnahagslegra og menningarlegra ráðstafana í landinu.

VI. Menntun og samskiptaleiðir.

26. gr.

Ráðstafanir skulu gerðar til að tryggja að einstaklingar af hlutaðeigandi þjóðflokkum fái a.m.k. sömu tækifæri til að afla sér menntunar á öllum stigum skólakerfisins og aðrir þegnar.

27. gr.

1. Áætlanir um menntun og þjónustu fyrir hlutaðeigandi þjóðflokka skulu gerðar og framkvæmdar í samvinnu við þá í því skyni að fullnægja sérstökum þörfum þeirra og skulu þær fjalla um sögu þeirra, þekkingu og tækni, lífsgildi, svo og frekari félagslegar, efnahagslegar og menningarlegar væntingar þeirra.

2. Hlutaðeigandi stjórnvald skal tryggja þjálfun einstaklinga af slíkum þjóðflokkum og þátttöku þeirra í mótun og framkvæmd menntunaráætlana í því skyni að flytja ábyrgðina af framkvæmd slíkra áætlana smám saman til slíkra þjóðflokka eftir því sem við á.

3. Auk þess skulu ríkisstjórnir viðurkenna rétt slíkra þjóðflokka til þess að koma á fót sínum eigin menntastofnunum og aðstöðu, svo fremi slíkar stofnanir fullnægi lágmarkskröfum hlutaðeigandi yfirvalds í samráði við viðkomandi þjóðflokk. Veita skal viðhlítandi fjármagn og/eða aðstöðu í þessu skyni.

28. gr.

1. Börnum af slíkum þjóðflokkum skal, þar sem því verður við komið, kennt að lesa og skrifa á eigin tungumáli frumbyggja eða því tungumáli sem almennt er notað í þeim hópi sem þau tilheyra. Þar sem þessu verður ekki við komið skal hlutaðeigandi stjórnvald hafa samráð við viðkomandi þjóðflokka í því skyni að gera ráðstafanir til þess að ná slíku markmiði.

2. Gera skal viðunandi ráðstafanir til þess að tryggja að slíkum þjóðflokkum gefist tækifæri til þess að ná færni í þjóðtungunni eða einu af tungumálum þjóðarinnar.

3. Gera skal ráðstafanir til þess að vernda og stuðla að þróun og þjálfun í frumbyggjamáli hlutaðeigandi þjóðflokka.

29. gr.

Markmiðið með menntun slíkra þjóðflokka skal vera að veita almenna þekkingu og færni sem hjálpar börnum af hlutaðeigandi þjóðflokkum til að verða fullgildir þegnar í eigin samfélagi á jafnréttisgrundvelli, svo og í þjóðfélaginu almennt.

30. gr.

1. Ríkisstjórnir skulu gera ráðstafanir í samræmi við siðvenjur og menningu hlutaðeigandi þjóðflokka í því skyni að kynna þeim réttindi þeirra og skyldur, einkum hvað varðar atvinnu, efnahagsleg tækifæri, menntun og heilbrigðismál, félagslega þjónustu og réttindi þeirra samkvæmt þessari samþykkt.

2. Ef nauðsyn krefur skal þetta gert með skriflegum þýðingum og í fjölmiðlum á tungumáli þessara þjóðflokka.

31. gr.

Gera skal ráðstafanir í menntamálum á öllum sviðum þjóðfélagsins, einkum meðal þeirra sem eru í nánastri snertingu við hlutaðeigandi þjóðflokk, í því skyni að eyða fordómum sem þeir kunna að ala í brjósti gagnvart slíkum þjóðflokkum. Í þessu augnamiði skal tryggt að kennslubækur í mannkynssögu og annað kennsluefni gefi sanngjarna, nákvæma og fræðandi mynd af samfélagi og menningu þessara þjóðflokka.

VII. Samskipti og samvinna milli ríkja.

32. gr.

Ríkisstjórnir skulu gera viðeigandi ráðstafanir, þar með talið með alþjóðlegum samningum, til þess að auðvelda tengsl og samvinnu frumbyggja og ættflokka milli ríkja, þar á meðal í efnahagsmálum, félagsmálum, menningarmálum, andlegum málum og umhverfismálum.

VIII. Stjórnun.

33. gr.

1. Hlutaðeigandi stjórnvald, sem ber ábyrgð á þeim málum sem þessi samþykkt nær til, skal tryggja að stofnanir eða önnur viðeigandi úrræði séu fyrir hendi til þess að stjórna áætlunum, sem snerta viðkomandi þjóðflokk, og að þær hafi aðstöðu til þess að sinna með eðlilegum hætti því hlutverki sem þeim hefur verið falið.

2. Þessar áætlanir skulu taka til:

a. skipulagningar, samhæfingar, framkvæmdar og mats á þeim ráðstöfunum sem gert er ráð fyrir í þessari samþykkt, í samvinnu við hlutaðeigandi þjóðflokk;
b. tillögugerðar um lagasetningu og aðrar ráðstafanir til hlutaðeigandi stjórnvalda og eftirlits með beitingu þeirra ráðstafana sem gerðar eru, í samvinnu við viðkomandi þjóðflokk.

IX. Almenn ákvæði.

34. gr.

Eðli og umfang þeirra ráðstafana sem gera skal í því skyni að beita ákvæðum þessarar samþykktar skal ákveða með sveigjanlegum hætti og með hliðsjón af séraðstæðum í hverju landi.

35. gr.

Beiting ákvæða þessarar samþykktar skal ekki hafa neikvæð áhrif á réttindi og hagsmuni hlutaðeigandi þjóðflokka samkvæmt öðrum Samþykktum og Tillögum, milliríkjagerningum, sáttmálum eða landslögum, úrskurðum, venjum eða samningum.

X. Lokaákvæði.

36. gr.

Þessi samþykkt er endurskoðun á Samþykkt um frumbyggja og ættflokka frá 1957.

37. gr.

Formlegar fullgildingar þessarar samþykktar skulu sendar forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

38. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem hafa látið forstjórann skrá fullgildingar sínar.

2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.

3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

39. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Sérhvert aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, en síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

40. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

41. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar, skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

42. gr.

Þegar stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

43. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að öllu eða nokkru leyti, og sú samþykkt mælir ekki fyrir um á annan veg, þá skal:

a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt *ipso jure* hafa í för með sér tafarlausa

uppsögn þessarar samþykktar, þrátt fyrir ákvæði 34. gr. hér að framan, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma þegar það gerist;

b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt hefur öðlast gildi.

2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu hvað snertir form og efni í þeim aðildarríkjum sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

44. gr.

Enskur og franskur texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Fylgiskjal II.

Ræða félagsmálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, á allsherjarþingi 76. Alþjóðavinnumálaþingsins.
(8. júní 1989.)

Virðulegi forseti.

Ég vil hefja mál mitt á því að óska yður til hamingu með kosningu í embætti þingforseta 76. Alþjóðavinnumálaþingsins.

Í ár fjallar skýrsla forstjóra um viðreisn og atvinnu (Recovery and employment). Í henni er gerð úttekt á þróun efnahags- og atvinnumála síðasta áratuginn og bent á ýmsar leiðir til að koma á jafnvægi í efnhagsmálum ríkja heimsins og þar með auka framboð atvinnu.

Forstjórinn gerir í skýrslu sinni grein fyrir óstöðugleika sem hefur ríkt í efnahagsmálum í heiminum. Mikill halli hefur verið á utanríkisviðskiptum margra ríkja sem hefur stóraukið erlendar skuldir þeirra. Þessi lönd hafa orðið útflytjendur á fjármagni sem þau sárlega skortir í fjárfestingu heima fyrir til að auka atvinnu og bæta lífskjör.

Í skýrslunni er lögð áhersla á það að til þess að koma af stað hagvexti eða auka hann og bæta félagslegar aðstæður verði bæði iðnríkin og þróunarríkin að laga sig að breyttum aðstæðum. Breytt stefna er ekki einungis nauðsynleg í efnahagsmálum sérhvers ríkis heldur einnig í fjármálaskiptum ríkja í millum.

En hvernig getum við lagt grundvöll fyrir efnahagslegri framför næsta áratuginn sem leiðir til aukinnar atvinnu og bættra lífskjara?

Það er ljóst að þær leiðir sem forstjórinn vekur athygli á í skýrslu sinni eru ekki auðveldar og á það er bent. Gengisfellingar ná ekki markmiði sínu nema þeim fylgi strangt aðhald, t.d. í verðlagsmálum. Að öðrum kosti verður afleiðingin óðaverðbólga sem leiðir til þess að þeir sem eiga skuldlausar fasteignir og framleiðslutæki verða ríkari en eignalaust fólk verður fátækara.

Á seinni árum höfða fáar skýrslur forstjóra jafnmikið til Íslendinga og sú sem hér er til umfjöllunar. Ástæðan er sú að þrátt fyrir að lífskjör á Íslandi séu sambærileg við það sem best gerist meðal iðnríkja byggir efnahagslíf landsins á mjög einhæfum útflutningi og er að því leytinu líkara því sem gerist meðal þróunarríkjanna.

Vegna þess að efnahagsleg velgengni hefur byggst á einhæfum útflutningi hefur Ísland mikla reynslu í beita þeim aðgerðum sem forstjórinn bendir á í skýrslu sinni. Við framkvæmd þeirra er margt að varast og oft nauðsynlegt að grípa til ráðstafana sem ekki njóta stundarvinsælda meðal aðila vinnumarkaðarins.

Til skýringar vil ég geta þess að á árinu 1987 nam útflutningur vöru og þjónustu um 36% af vergri landsframleiðslu, en ¼ hlutar vöruútflutnings eru sjávarafurðir. Sérhæfing landsmanna í sjávarútvegi hefur haft í för með sér meiri sveiflur í þjóðarbúinu en víðast annars staðar. Afleiðingin hefur m.a. verið sú að verðbólga hefur hér verið mun meiri en í öðrum Evrópulöndum. Þessar snöggu og miklu sveiflur í undirstöðuframleiðslunni hafa gert hagstjórn mun erfiðari en ella. Nauðsynlegt hefur verið að laga þjóðarútgjöld að minnkandi framleiðslu og hindra þannig að viðskiptahalli verði óviðráðanlegur og koma í veg fyrir hallarekstur fyrirtækja og tryggja atvinnuöryggi launafólks.

Þrátt fyrir sveiflur í íslenskum þjóðarbúskap er mikilvægt að benda á að atvinnuleysi hefur nánast ekkert verið á Íslandi síðan í lok sjöunda áratugarins og voru atvinnulausir að meðaltali 0,5% af mannafla árið 1987. Nokkur umskipti hafa þó orðið á vinnumarkaði á Íslandi á síðustu mánuðum og í aprílmánuði sl. voru atvinnulausir um 1,5% af mannafla.

Á árinu 1988 var spáð verulegum umskiptum í íslenskum efnahagsmálum, m.a. vegna samdráttar í tekjum af sjávarafla. Ríkisstjórnin lét undirbúa ýmsar efnahagsaðgerðir með það að markmiði að koma í veg fyrir aukinn viðskiptahalla og rekstrarörðugleika fyrirtækja í sjávarútvegi og fiskvinnslu sem síðar gæti leitt til atvinnuleysis. Jafnframt var boðað strangt aðhald í þróun kaupgjalds og verðlags.

Á fyrri hluta árs 1988 undirrituðu öll stærstu samtök launafólks kjarasamninga við atvinnurekendur sem voru innan þess efnahagsramma sem ríkisstjórnin hafði sett. Ýmsir hátekjuhópar og stéttarfélög iðnaðarmanna sem þá voru með lausa samninga voru með verkfallsaðgerðir í undirbúningi til að knýja fram meiri launahækkanir en önnur samtök launafólks höfðu sætt sig við. Ef þetta hefði gerst hefðu önnur samtök krafist sömu hækkana og þar með hefði verðbólga stóraukist.

Hér var ríkisstjórninni vandi á höndum. Annars vegar var mikilvægt að aðlaga efnahagslíf landsins breyttum aðstæðum eftir þeim leiðum sem greinir í skýrslu forstjóra og þar með koma í veg fyrir aukna skuldasöfnun og stóraukið atvinnuleysi. Hins vegar var þess að gæta að Ísland hefur bæði fullgilt samþykkt nr. 87 og 98.

Við þessar kringumstæður valdi ríkisstjórnin þá leið í maí 1988 að lögfesta ákvæði í kjarasamningum sem allur þorri launafólks hafði þegar undirritað og þar með að koma í veg fyrir að þeir sem áttu eftir að ganga frá samningum, m.a. ýmsir hópar hátekjufólks, mundu knýja fram með verkföllum meiri launahækkanir er aðrir höfðu sætt sig við.

Þessar aðgerðir voru kærðar til ILO. Úrskurður í kærumálinu féll í febrúar sl. Í niðurstöðu nefndar um félagafrelsi segir að nefndin gefi gaum að því að lögin frá í maí 1988 takmörkuðu rétt aðila vinnumarkaðarins til frjálsra kjarasamninga. Hún hefur einnig áhyggjur af því að þetta var í níunda skiptið sem höfð voru slík afskipti á tíu árum (síðast 1983). Hins vegar telur nefndin að þegar á heildina er litið hafi brýna þjóðarnauðsyn borið til að setja slíkar hömlur, þær hafi verið settar aðeins að því marki sem nauðsynlegt var, þær hafi aðeins verið í gildi um eðlilegan tíma og jafnframt þeim hafi verið gerðar viðunandi ráðstafanir til að tryggja lífskjör launafólks.

Framangreint mál er raunhæft dæmi um það sem skýrsla forstjóra fjallar um að þessu sinni. Það lýsir vel, að mínu mati, þeim vandamálum sem ríkisstjórnir landa, sem búa við einhæfan útflutning, þurfa að kljást við.

Ég vil undirstrika mikilvægi þess að aðilar vinnumarkaðarins taki mið af efnahagslegum raunveruleika þegar þeir semja um kaup og kjör sín á milli. Þess þarf að gæta að samningar skili raunverulegum verðmætum til launafólks en ekki hærra kaupgjaldi sem hverfur með aukinni verðbólgu. Á Íslandi hafa aðilar vinnumarkaðarins samið um kauphækkanir upp á 2,593% frá árinu 1979, en kaupmáttur launa hefur hækkað um tæp 10% þar sem verðlag hefur hækkað á sama tíma um 2,345%. Það sem skiptir máli er kaupmátturinn og framfærslubyrðin en ekki upphæð launanna, t.d. að húsnæðiskostnaður sé hóflegur hluti framfærslunnar. Ég vil einnig benda á að félagslegar umbætur, sem íslensk verkalýðshreyfing hefur iðulega samið um í stað launahækkana sem einsýnt var að hyrfu strax í vaxandi verðbólgu, hafa vissulega skilað sér í bættum kjörum launafólks á Íslandi.

Ég vil taka það fram að íslenska ríkisstjórnin er ekki óánægð við niðurstöðu nefndar um félagafrelsi í þessu tiltekna kærumáli. En hún leggur áherslu á það að nefndin og ILO líti raunhæfum augum á aðstæður hvers aðildarríkis til að framfylgja alþjóðasamþykktum. Of þröngsýn túlkun á ákvæðum samþykktanna getur haft mjög óheillavænleg áhrif á þróun mála og komið niður á þeim sem síst skyldi í þjóðfélaginu. Það er einnig rétt að taka fram að framangreind lög féllu úr gildi 15. febrúar sl. og stærstu heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins hafa nýlega undirritað kjarasamninga sem náðust með frjálsum samningum.

Virðulegi forseti. Á dagskrá þessa 76. Alþjóðavinnumálaþings eru mörg mikilvæg málefni. Ég vil benda á endurskoðun alþjóðasamþykktar nr. 107, um réttindi frumbyggja. Brýna nauðsyn bar til að endurskoða þessa alþjóðasamþykkt sem var orðin úrelt og ekki í hátt við breytt viðhorf til varðveislu menningararfs frumbyggja.

Einnig eru til fyrri umræðu drög að tveimur nýjum alþjóðasamþykktum, annars vegar um næturvinnu og hins vegar um meðferð efnasambanda á vinnustöðum. Báðar þessar samþykktir er mjög tímabærar, ekki síst samþykktin um meðferð efnasambanda á vinnustöðum. Í því sambandi vakna upp minningar um slysið í Bhopal á Indlandi fyrir nokkrum árum. Brýna

nauðsyn ber til að setja ákveðnari reglur um meðferð efnasambanda á vinnustöðum og bæta vinnuumhverfi starfsfólks.

Í þessu samhengi má geta þess að fulltrúar ríkisstjórna Norðurlandanna hafa lagt fram á þessu þingi ályktunartillögu um hlutverk ILO í að fylgja eftir tillögum heimsnefndarinnar um umhverfi og þróun. Ég vona að þessi tillaga nái fram að ganga.

Á þessu ári eru 70 ár liðin frá stofnun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Ég er þeirrar skoðunar að á slíkum tímamótum eigi að staldra við og líta yfir farinn veg og marka stefnuna inn í framtíðina. Ég vil leggja á það áherslu að Norðurlöndin eru mjög vel meðvituð um skyldur sínar gagnvart Alþjóðavinnumálastofnuninni og fylgjast náið með starfsemi hennar. Ríkisstjórnir Norðurlanda eru sammála um það að starfsemi ILO hefur mjög mikla þýðingu fyrir þróun atvinnumála og atvinnulífið, jafnt í iðnríkjum sem og í þróunarlöndum. Hins vegar leggja ríkisstjórnir þessara landa mikla áherslu á það að stofnunin sinni fyrst og fremst þeim viðfangsefnum sem henni er ætlað að sinna samkvæmt stofnskrá.

Meðal þess sem ég tel að leggja beri áherslu á næsta áratuginn er forustuhlutverk ILO í því að stuðla að félagslegum umbótum og réttlæti, endurnýjað átak í setningu staðla, aukin áhersla á tæknisamvinnu, jafnrétti kynjanna á vinnumarkaðinum og ráðgjöf um starfsmenntun samfara tæknibreytingum. Í þessu sambandi má geta þess að ríkisstjórnir Norðurlanda hafa nýlega sameinast um sérstaka framkvæmdaáætlun á sviði jafnréttismála sem nær til áranna 1989 til 1993. ILO gæti haft hliðsjón af þessari áætlun við skipulagningu á aðgerðum sínum til að bæta stöðu kvenna, sérstaklega í atvinnulífinu.

Virðulegi forseti. Á þessu ári lét Francis Blanchard af störfum hjá alþjóðavinnumálaskrifstofunni eftir tæplega 40 ára þjónustu við aðildarríki ILO, þar af gengdi hann starfi forstjóra í 15 ár. Ég vil nota þetta tækifæri til að færa Francis Blanchard og konu hans sérstakar þakkir og kveðjur íslensku ríkisstjórnarinnar fyrir vel unnin störf og mjög gott samstarf. Ég vil einnig fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands bjóða nýjan forstjóra, Michel Hansenne, velkominn til starfa og láta í ljósi þá von að eiga við hann jafngott samstarf og fyrirrennara hans. Ég óska honum velfarnaðar í starfi.

Forseti ASÍ ávarpar þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Miðstjórn Alþýðusambandsins fól forseta að tala máli Alþýðusambandsins á Alþjóðavinnumálaþinginu í júní 1989. Kærumálið var ekki á dagskrá þingsins, þar sem því hafði verið vísað til sérfræðinganefndar ILO og féll ekki undir það tímabil sem var til umræðu á þinginu. Ásmundur Stefánsson flutti ávarp sitt 12. *júní* 1989 undir lið á dagskránni þar sem fjallað var um skýrslu framkvæmdastjóra ILO. Það fer hér á eftir.

Harður áróður gegn verkalýðsfélögum.

„Í skýrslu framkvæmdastjóra um efnahagslegar framfarir og atvinnu er gefið einkar greinargott yfirlit yfir það sem gerst hefur að undanförnu og horfurnar framundan. Það kemur skýrt fram að misskipting hefur aukist í heiminum og stöðugt fleiri lifa í sárri fátækt í þróunarlöndunum. Sú áþján eykst enn frekar vegna gífurlegra erlendra skulda margra lágtekjuþjóða og stöðugt minni möguleikum þeirra til þess að halda uppi fullnægjandi skólakerfi, heilsugæslu og félagslegri þjónustu.

Meðal iðnvæddra þjóða er tekjum einnig misskipt og í hagsveiflum síðari ára hefur gætt alvarlegrar tilhneigingar til niðurskurðar á félagslegri þjónustu. Sterk markaðshyggja og pólitísk andstaða gegn viðleitni til jöfnunar og gegn allri starfsemi hins opinbera hefur aukið á þessa tilhneigingu. Jafnframt hefur í ýmsum löndum verið rekinn harður áróður gegn verkalýðsfélögum. Þau hafa verið ásökuð fyrir að trufla markaðskerfið, halda uppi of háum launum og gera óraunhæfar kröfur um félagslegt öryggi. Með yfirgangi og ásókn bæði af hálfu atvinnurekenda og stjórnvalda hefur dregið hættulega úr styrk verkalýðssamtakanna í fjölmörgum iðnvæddum ríkjum.

Á Íslandi þar sem ég bý standa verkalýðssamtökin traustum fótum. Íslensk verkalýðshreyfing hefur náð verulegum árangri í baráttu sinni fyrir bættum kjörum og auknum réttindum launafólks. Hún hefur knúið á um félagslega þjónustu bæði í samningum við atvinnurekendur og ríkisstjórnir og þannig átt meginhluta að uppbyggingu íslenska velferðarkerfisins. Hún hefur með víðtæku starfi sínu stuðlað að lýðræðislegri umræðu og lýðræðislegum ákvörðunum í þjóðfélaginu. Þær áherslur sem ég dreg hér fram á íslensk verkalýðshreyfing sameiginlegar með verkalýðssamtökum víða um heim og þær sýna svo ekki verður um villst hve mikilvægt það er hverju þjóðfélagi að verkalýðshreyfingin sé sterk og virk. Að tryggja ekki aðeins kjör heldur einnig réttindi, öryggi einstaklingsins og lýðræði.

Innan Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er skilningur á mikilvægi verkalýðssamtakanna og fyrir verkalýðssamtökin skiptir miklu að eiga Alþjóðavinnumálastofnunina að sem vettvang umræðu og hina einu alþjóðlegu stofnun sem tekur til umfjöllunar brot ríkisstjórna gagnvart frelsi verkafólks til að bindast samtökum og rétti samtakanna til að semja um kaup og kjör félagsmanna.

Víða meðal iðnvæddra þjóða hafa slík brot verið mörg undanfarin ár og endurspegla greinilega pólitíska andúð á markmiðum hreyfingarinnar og það viðhorf ríkisstjórna að skerðing á samningsrétti verkalýðshreyfingarinnar sé handhæg aðferð til þess að halda aftur af kauphækkunum og knýja fram lækkun kaupmáttar. Slík hagstjórn stefnir í hættu því lýðræðiskerfi sem við búum við og ryður burt þeirri samstöðu sem hverju þjóðfélagi er nauðsynleg og þá sérstaklega þegar erfiðleikar steðja að.

ILO verður að standa vörð um samtakafrelsið.

Það er þess vegna mjög brýnt að Alþjóðavinnumálastofnunin standi traustan vörð um samtakafrelsið og geri með skýrum og ótvíræðum hætti tilkall til þess að ríkisstjórnir hvar sem er gangi hvorki á rétt einstaklinga eða samtaka þeirra.

Fyrir sléttu ári neyddist Alþýðusamband Íslands til að leita til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar vegna bráðabirgðalaga sem ríkisstjórn Íslands setti 20. *maí* 1988 fáeinum dögum eftir að Alþingi lauk störfum. Þau lög voru augljóst brot á samþykkt 87 og 98 en Ísland hefur staðfest báðar þær samþykktir. Með lögunum var samningsréttur algjörlega afnuminn í 11 mánuði, fram til 10. apríl 1989 (síðar breytt til 15. febrúar) og þann tíma voru eins og segir í

lögunum „verkbönn, verkföll, þ.m.t. samúðarvinnustöðvanir eða aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan mála en lög þessi mæla fyrir óheimilar“. Einnig var í lögunum skýrt ákvæði sem bannaði atvinnurekendum að hækka „laun, þóknanir og hlunnindagreiðslur hvers konar umfram það sem samið hefur verið um í kjarasamningum og kveðið er á um í lögum þessum.“

Í niðurstöðu stjórnarnefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar frá því í febrúar sl. er tekið fram að „Lögin frá 20. maí 1988 takmörkuðu augljóslega rétt samtaka atvinnurekenda og launafólks til frjálsra kjarasamninga á meðan lögin voru í gildi.“

Nefndin tók einnig undir það að sú staðreynd að á tíu árum hafi löggjafinn níu sinnum gripið inn í gerða samninga bendi vissulega til þess að löggjafinn hafi of ríka tilhneigingu til afskipta af kjarasamningum á Íslandi.

Stjórnarnefndin tók undir það sjónarmið okkar sem mestu skiptir að „endurtekin beiting laga til að hafa stjórn á efni samninga í framtíðinni grefur undan trú launafólks á gildi aðildar að verkalýðsfélögum. Félagar þeirra eða mögulegir félagar þeirra geti talið að það sé lítið gagn að því að styðja eða ganga í samtök sem hafa þann megintilgang að gera kjarasamninga við atvinnurekendur ef löggjafinn nemur þá úr gildi hvað eftir annað.“

Þó nefndin tæki þannig undir meginefni ásakana okkar og lýsi í tilmælum sínum áhyggjum sínum vegna lagaafskipta íslenskra stjórnvalda af kjarasamningum, taldi hún að þjóðarnauðsyn hafi borið til lagasetningarinnar á síðasta ári. Sú niðurstaða er greinilega mörkuð af því annars vegar að Ísland hefur fram að þessu haft hreinan skjöld og hins vegar að trúnaður hefur verið lagður á rangfærslur íslensku ríkisstjórnarinnar um svokallað samráð við samtök launafólks. Ekki er ólíklegt að frekar hafi verið lagður trúnaður á rangfærslur ríkisstjórnarinnar fyrir þá sök að sá stjórnmálaflokkur sem harðast hafði gagnrýnt lagasetninguna þegar hún gekk yfir var orðinn þátttakandi í ríkisstjórn þegar ríkisstjórnin gaf svar sitt. Ég vil hins vegar ítreka að þó þetta gefi til kynna að um viðurkennda staðreynd sé að ræða er sú sannarlega ekki raunin og ég treysti því að sérfræðinganefndin sannreyni að ríkisstjórnin fór með rangt mál.

Um það mál ætla ég ekki að fara fleiri orðum þar sem það er nú í skoðun hjá sérfræðinganefndinni en ég ítreka að það er mikilvægt að verkalýðssamtökin njóti stuðnings stofnunarinnar þegar að þeim er sótt. Á Íslandi og í flestum þróuðum iðnríkjum býr fólk við góðan efnahag og almenn lýðréttindi. Það er því skiljanlegt að þeim sem búa við fátækt og einræði þyki lítilvæg þau mannréttindabrot sem við verðum fyrir. Enda þótt tímabundin afskipti af samningum jafnist ekki á við þær ofsóknir, fangelsanir, limlestingar og morð, sem fólk undir harðstjórn má þola, er hættulegt að gera lítið úr afskiptum lýðræðisstjórna.

Frelsi einstaklinga til að mynda stéttarfélög, sem geti án afskipta stjórnvalda gert samninga við atvinnurekendur og í hvívetna gætt hagsmuna félagsmanna, er einn af hornsteinum þess lýðræðiskerfis sem við búum við í flestum iðnvæddum ríkjum. Stjórnmálamenn í þeim löndum mega ekki komast upp með það að tala af tilfinningahita um mikilvægi frjálsra verkalýðsfélaga í Suður Afríku og öðrum löndum þar sem kúgunarstjórnir sitja við völd og ganga samtímis á rétt félaganna í eigin landi. Það má ekki líða stjórnvöldum að þau gangi á réttinn til frjálsra samninga. Alvarleg mannréttindabrot í öðrum löndum mega aldrei vera afsökun fyrir mannréttindabrotum lýðræðisþjóða. Þar ítreka ég enn ábyrgð Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem er eini aðilinn sem stéttarfélögin geta leitað til. Alþjóðavinnumálastofnunin nýtur virðingar vegna afskipta sinna af mannréttindabrotum. Því ríður á að hún beiti sér af alefli, setja markið hátt og fylgi því fast eftir gagnvart ríkisstjórnum að þær virði frelsið.

Þegar við nú ræðum efnahagslegar framfarir og atvinnu verðum við að hafa það sérstaklega hugfast, hve miklu frjáls félagssamtök skipta fyrir lýð ræðislega ákvarðanir, hve miklu frjáls félagssamtök skipta ef sættir eiga að haldast og nást sú samstaða sem hverju þjóðfélagi er nauðsynleg til að ná árangri. Til að tryggja varanlega sókn í efnahagslífinu verður að virða öll mannréttindi.

Fylgiskjal III.

Skýrsla nefndar um málefni Alþjóðavinnumálstofnunarinnar og framkvæmd Félagsmálasáttmála Evrópu.

Frá upphafi hefur þríhliða samstarf á milli ríkisstjórna og aðila vinnumarkaðarins skapað Alþjóðavinnumálastofnuninni (ILO) sérstöðu þegar skipulag hennar er borið saman við skipulag annarra stofnana sem starfa innan vébanda Sameinuðu þjóðanna. Í öllum nefndum og ráðum stofnunarinnar eiga sæti fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. ILO hefur með ýmsum hætti reynt að hafa áhrif á aðildarríkin í þá átt að þau taki upp hliðstæða samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks um málefni vinnumarkaðarins. Dæmi um þetta er alþjóðasamþykkt nr. 144, um samstarf ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála, sem Ísland fullgilti árið 1981. Í anda þessarar samþykktar var skipuð 16. apríl 1982 samstarfsnefnd ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins sem fjallar um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina, venjulega nefnd ILO-nefnd. Á árinu 1989 skipuðu eftirtaldir nefndina: Fulltrúi Alþýðusambands Íslands, Þráinn Hallgrímsson, sem tók sæti Kristínar Mäntylä, fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands, Hrafnhildur Stefánsdóttir, fulltrúi félagsmálaráðuneytisins og jafnframt formaður nefndarinnar, Gylfi Kristinsson deildarstjóri.

Verkefni nefndarinnar hafa stöðugt aukist. Í framhaldi af samkomulagi milli félagsmálaráðuneytisins og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins síðari hluta árs 1987 var ILO-nefndinni falið með erindisbréfi félagsmálaráðherra, dags. 5. maí 1988, að fjalla um framkvæmd Íslands á Félagsmálasáttmála Evrópu, en samkvæmt samkomulagi ráðuneytanna tók félagsmálaráðuneytið við samningu skýrslu ríkisstjórnar Íslands til Evrópuráðsins um framkvæmd ákvæða sáttmálans sem mörg hver eiga sér hliðstæðu í alþjóðasamþykktum ILO.

Nefnd um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina hélt á árinu 1989 samtals 18 fundi. Helstu viðfangsefni nefndarinnar voru:

a. Skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta á sviði vinnumála.

Samkvæmt 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er aðildarríki skylt að gefa stofnuninni skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Þessi skylda er tvíþætt. Í fyrsta lagi skulu aðildarríkin gefa ILO skýrslur reglulega um framkvæmd þeirra samþykkta sem þau hafa fullgilt. Í öðru lagi getur stjórnarnefnd ILO falið alþjóðavinnumálaskrifstofunni að óska eftir skýrslum frá aðildarríkjunum um framkvæmd ákvæða í öðrum samþykktum sem þau hafa ekki fullgilt. Lagt er til í 5. gr. í tillögu nr. 152, um samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála, að stjórnvöld hafi samráð við aðila vinnumarkaðarins um samningu þessara skýrslna.

Á síðasta ári undirbjó ILO-nefndin skýrslur ríkisstjórnarinnar um framkvæmd eftirfarandi alþjóðasamþykkta sem Ísland hefur fullgilt:

a. Alþjóðasamþykkt nr. 2, um ráðstafanir gegn atvinnuleysi.
b. Alþjóðasamþykkt nr. 29, um nauðungarvinnu eða skylduvinnu.
c. Alþjóðasamþykkt nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess.
d. Alþjóðasamþykkt nr. 100, um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.
e. Alþjóðasamþykkt nr. 102, um lágmark félagslegs öryggis.
f. Alþjóðasamþykkt nr. 105, um afnám nauðungarvinnu.
g. Alþjóðasamþykkt nr. 108, um persónuskírteini sjómanna.
h. Alþjóðasamþykkt nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs.

Auk þess afgreiddi nefndin skýrslu um aðstæður sem fjallað er um í samþykkt sem Ísland hefur ekki fullgilt, þ.e. nr. 147, um lágmarkskröfur á kaupskipum.

b. Skýrsla um 75. Alþjóðavinnumálaþingið 1988.

Aðild að Alþjóðavinnumálastofnuninni fylgir sú skylda að kynna löggjafarsamkomu þær samþykktir sem Alþjóðavinnumálaþingin hafa afgreitt. Á Íslandi er þetta ákvæði uppfyllt með þeim hætti að félagsmálaráðherra gefur Alþingi skýrslu um Alþjóðavinnumálaþingin. Í skýrslunum eru birtar í íslenskri þýðingu þær samþykktir, tillögur og ályktanir sem þingin hafa afgreitt. Á árinu 1989 var haft samráð við ILO-nefndina um skýrslu félagsmálaráðherra um 75. Alþjóðavinnumálaþingið sem haldið var árið 1988. Í skýrslunni eru birtar tvær alþjóðasamþykktir. Önnur, nr. 167, fjallar um öryggi og heilbrigði í byggingariðnaði. Markmið hennar er að draga úr fjölda slysa í byggingariðnaði með ýmsum verndar- og varnaraðgerðum, t.d. í sambandi við meðferð tækja og annars búnaðar sem notaður er á byggingarstað. Hin alþjóðasamþykktin, nr. 168, er um aukna atvinnu og vernd gegn atvinnuleysi. Samþykktinni er ætlað að koma í stað eldri samþykkta um atvinnuleysisbætur, m.a. samþykkt nr. 44, um bætur eða styrki til þeirra sem eru atvinnulausir gegn vilja sínum, og er hún frá árinu 1934. Eldri samþykktin er því komin til ára sinna og þótti á mörgum sviðum vera úrelt.

c. Undirbúningur fyrir þátttöku í 76. og 77. Alþjóðavinnumálaþinginu.

ILO-nefndin fjallaði á fundum sínum fyrri hluta árs 1989 um dagskrármál 76. Alþjóðavinnumálaþingsins. Meðal annars var farið yfir drög að alþjóðasamþykkt um réttindi frumbyggja sem voru til síðari umræðu á þinginu. Einnig var fjallað um skjöl sem alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði tekið saman til undirbúnings fyrri umræðu um næturvinnu og meðferð efnasambanda á vinnustöðum. Haldnir voru tveir fundir sem sérstaklega voru helgaðir málefnum 76. Alþjóðavinnumálaþingsins. Á þeim var farið yfir skýrslur sem teknar höfðu verið saman til undirbúnings umræðum á þinginu.

Á síðari hluta árs 1989 vann nefndin að samningu svara við nokkrum spurningaskrám frá ILO sem stofnunin sendi aðildarríkjunum. Þær voru um: Vinnuaðstæður á hótelum, í veitingahúsum og hliðstæðum stofnunum, vinnuaðstæður póst- og símamanna, drög að alþjóðasamþykkt um næturvinnu og drög að alþjóðasamþykkt um meðferð efnasambanda á vinnustöðum. Spurningaskrárnar um tvö síðastnefndu málefnin eru til undirbúnings síðari umræðu á 77. Alþjóðavinnumálaþinginu 1990.

d. Önnur málefni sem snerta samskipti Íslands við ILO.

Á fundum nefndarinnar var fjallað um fjölmörg önnur atriði sem tengjast aðild Íslands að Alþjóðavinnumálastofnuninni og of langt er að rekja í stuttu yfirliti. Þó má nefna að nefndin tók til umfjöllunar niðurstöður nefnda á vegum ILO í kærumáli Alþýðusambands Íslands á hendur ríkisstjórn Íslands sem birtar eru í viðauka.

Hinn 3. ágúst hélt nefndin sinn 50. fund. Nýr varaforstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf, Austurríkismaðurinn Heribert Maier, sat fundinn. Maier var staddur á Íslandi í tengslum við framkvæmdastjórnarfund Alþjóðasambands verslunar- og skrifstofufólks en hann var framkvæmdastjóri sambandsins frá árinu 1973 þar til hann tók við starfi varaforstjóra ILO 1. júní 1989. Á fundinum var skipst á skoðunum um störf og stefnu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, niðurstöðu nefndar um félagafrelsi í kærumáli ASÍ vegna setningar bráðabirgðalaga nr. 14/1988, um aðgerðir í efnahagsmálum, fullgildingu Íslands á fleiri samþykktum ILO og aðild Íslands að tækniaðstoð Alþjóðavinnumálastofnunarinnar við þróunarlöndin.

e. Framkvæmd Félagsmálasáttmála Evrópu.

Félagsmálaráðuneytið tók við skýrslugerð um framkvæmd Félagsmálasáttmála Evrópu af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu á árinu 1987. Í framhaldi af því fól félagsmálaráðherra, að höfðu samráði við Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands, ILO-nefndinni í maí 1988 að fjalla um framkvæmd Íslands á ákvæðum Félagsmálasáttmálans.

Jafnframt tók fulltrúi félagsmálaráðuneytisins sæti í nefnd Evrópuráðsins sem fjallar um framkvæmd sáttmálans. Meðal þess sem fjallað er um í sáttmálanum er réttur til vinnu, vinnuskilyrði, félaga- og samningafrelsi, réttur barna og ungmenna til verndar, starfsþjálfun, heilsuvernd, félagslegt öryggi o.fl. Þess skal getið að Ísland hefur enn ekki samþykkt skuldbindingar samkvæmt öllum greinum sáttmálans.

Í janúar 1989 afgreiddi nefndin skýrslu Íslands um framkvæmd samþykktra ákvæða Félagsmálasáttmálans frá 1. janúar 1986 til 31. desember 1987. Athugasemdir sérfræðinganefndar Evrópuráðsins við skýrsluna bárust í september sl. og fór nefndin yfir þær. Í skýrslu sérfræðinganefndarinnar eru gerðar nokkrar alvarlegar athugasemdir við framkvæmd Íslands á sáttmálanum. Sú alvarlegasta snertir framkvæmd 5. gr. um réttinn til að stofna félög. Í skýrslu nefndarinnar segir að samkvæmt túlkun Hæstaréttar í desember 1988 á 73. gr. Stjórnarskrár Íslands sé mönnum ekki tryggður réttur til þess að vera ekki félagar í stéttarfélagi. Nefndin taldi – með tilliti til þess að frelsi manna til að ganga í stéttarfélög, sem tryggt sé með ákvæðum 5. gr. sáttmálans, hljóti að fela í sér að menn séu ekki með neinum hætti skyldir til að gerast eða vera áfram félagar í stéttarfélagi – að skortur á viðeigandi vernd slíks frelsis í landslögum (hvort sem það stafar af því að viðeigandi lög hafa ekki verið sett eða fordæmisréttur löghelgar athæfi sem brýtur í bága við rétt manna til að mynda með sér félög) geti ekki talist samrýmast ákvæðum 5. gr. sáttmálans.

Sérfræðinganefnd Evrópuráðsins er óvenju dómhörð þegar hún fjallar um ákvæði um bótarétt í lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð. Um þetta ákvæði segir að nefndin hafi enn fremur veitt því athygli að samkvæmt lögum nr. 64/1981 eigi eingöngu félagar í stéttarfélögum rétt á atvinnuleysisbótum. Það að svipta launamann rétti til fjárhagslegrar verndar ef hann er atvinnulaus sé óverjandi ráðstöfun sem hafi þann tilgang að neyða hann til að ganga í eða vera áfram félagi í stéttarfélagi. Með tilliti til þess hafi nefndin komst að þeirri niðurstöðu að lögin brjóti í bága við anda og bókstaf 5. gr. sáttmálans.

Nefnd sérfræðinga Evrópuráðsins gerir að umtalsefni ákvæði í flestum almennum kjarasamningum á Íslandi þess efnis að félagar í stéttarfélögum skuli ganga fyrir um vinnu. Þótt heimild til slíkrar ráðstöfunar sé ekki að finna í lögum bendir nefndin á það að slík ákvæði um forgang hafa verið staðfest fyrir Félagsdómi. Nefndin taldi að slíkar lögþvinganir gagnvart launamönnum, sem óska ekki eftir að vera félagar í stéttarfélögum, gætu ekki talist vera í samræmi við ákvæði 5. gr. sáttmálans um rétt manna til að mynda með sér félög.

Einnig kemur fram í skýrslu sérfræðinganefndarinnar að hún hafi veitt því athygli að í almennum kjarasamningum fólks, sem starfar í iðnaði og við verslunar- og skrifstofustörf, séu ákvæði þess efnis að viðkomandi fyrirtækjum sé ekki heimilt að ráða til starfa aðra en félaga í því stéttarfélagi sem það semur við um kaup og kjör. Nefndin taldi að lagasetning (eða skortur á lagasetningu), sem heimilar slíka ráðstöfun og sé í mótsögn við sjálft eðli þess frelsis að stofna félög sem verndað sé með ákvæðum 5. gr. sáttmálans, geti ekki talist til þess fallin að tryggja virka framkvæmd þeirrar meginreglu sem fólgin er í 5. gr.

Af framangreindum ástæðum komst nefndin að þeirri niðurstöðu að ástandið á Íslandi bryti enn í bága við ákvæði 5. gr. sáttmálans. Nefndin vonaði að í næstu skýrslu kæmi fram hvort höfnun launamanns á því að ganga í eða vera áfram félagi í stéttarfélagi gæti orðið til þess að honum yrði sagt upp störfum eða honum yrði mismunað með einhverjum hætti.

Í skýrslu sérfræðinganefndarinnar er að finna athugasemdir við framkvæmd Íslands á 2. mgr. 1. gr., um að réttur verkafólks til að vinna fyrir sér í starfi sem það hefur valið sér sé verndaður á raunhæfan hátt. Í þessu sambandi harmar nefndin að ákvæði 81. gr. sjómannalaga skuli enn vera í gildi. Nefndin ítrekar það álit sitt að ákvæðið brjóti í bága við Félagsmálasáttmálann. Svo fremi ekki komi fram frekari upplýsingar geti nefndin ekki annað en staðfest fyrra álit sitt um að framkvæmd Íslands sé ekki í samræmi við ákvæði sáttmálans.

Sérfræðinganefndin gerir athugasemd við framkvæmd Íslands á 1. mgr. 13. gr., um að sérhverjum manni sem hefir ónóg fjárráð og ekki getur aflað sér þeirra af eigin rammleik verði

veitt næg aðstoð. Nefndin vekur á því athygli að ekki séu ákvæði í íslenskri löggjöf sem veiti heimild til að áfrýja ákvörðun um framfærslustyrk til æðra stjórnvalds. Þar af leiðandi sé álit hennar það að meðan slíkt ákvæði sé ekki í lögum teljist Ísland ekki framfylgja ákvæðinu.

Yfirlit yfir athugasemdir sérfræðinganefndarinnar er að finna í fylgiskjali IV.

Fylgiskjal IV.

Athugasemdir nefndar óháðra sérfræðinga við framkvæmd Íslands á Félagsmálasáttmála Evrópu.

Hér eru birtar athugasemdir nefndar óháðra sérfræðinga á vegum Evrópuráðsins sem hafa rannsakað skýrslu Íslands um framkvæmd Félagsmálasáttmála Evrópu fyrir árin 1986 og 1987. Í 1. kafla er fjallað um athugasemdir við ákvæði sem Ísland telst framfylgja í samræmi við ákvæði sáttmálans. Í 2. kafla er gerð grein fyrir óskum sérfræðinganefndarinnar um nánari upplýsingar um framkvæmd nokkurra ákvæða Félagsmálasáttmálans. Meðan beðið er eftir þessum upplýsingum hefur nefndin frestað því að taka afstöðu til þess hvort framkvæmdin sé í samræmi við sáttmálann eða ekki. Í 3. kafla eru athugasemdir við greinar sem ekki eru framkvæmdar í samræmi við sáttmálann. Í 4. kafla er gerður samanburður á áliti sérfræðinganefndarinnar á skýrslum Íslands fyrir árin 1984 og 1985 annars vegar og 1986 og 1987 hins vegar.

Það skal tekið fram að tilvitnanir í ákvæði sáttmálans eru styttar. Einnig er rétt að vekja á því athygli að álit sérfræðinganefndarinnar er ekki tilfært orðrétt heldur er um að ræða efnislega samantekt nema annað sé tekið fram. Athugasemdir sérfræðinganefndarinnar eru teknar úr skýrslu hennar: *European Social Charter, Committee of Independent Experts of the European Social Charter, Conclusions XI – 1, Strasbourg 1989.*

1. Ákvæði í sáttmálanum sem framfylgt er á Íslandi.

Sérfræðinganefndin kemst að þeirri niðurstöðu í skýrslu sinni að Ísland standi við skuldbindingar samkvæmt eftirtöldum greinum:

1. gr.

1. mgr., um að allir menn skuli eiga þess kost að vinna fyrir sér í starfi sem þeir hafa sjálfir valið.

* Sérfræðinganefndin getur þess í skýrslu sinni að á tímabilinu hafi efnahagur Íslendinga batnað fyrst og fremst vegna góðra aflabragða. Atvinnuleysi hafi verið mjög lítið á tímabilinu eða 0,54%. Nefndin væntir þess að í næstu skýrslu frá Íslandi verði staðfestur þessi góði árangur (bls. 40 í skýrslu sérfræðinganefndarinnar).

3. mgr., um ókeypis vinnumiðlun fyrir allt verkafólk.

4. mgr., um tækifæri til að njóta viðeigandi starfsfræðslu, þjálfunar og endurhæfingar.

2. gr.

3. mgr., um að veitt sé a.m.k. tveggja vikna árlegt orlof með kaupi.

5. mgr., um vikulegan hvíldartíma.

3. gr.

1. mgr., um útgáfu öryggis- og heilbrigðisreglugerða.

2. mgr., um eftirlit með framkvæmd öryggis- og heilbrigðisreglugerða.

* Fram kemur í skýrslu sérfræðinganefndarinnar að hún hafi veitt athygli í yfirlitstöflu að vinnuslysum á Íslandi á árunum 1981 til 1986 hafi fjölgað úr 235 í 380 á ári. Nefndin væntir þess að í næstu skýrslu Íslands komi fram skýringar á þessari aukningu (bls. 59 í skýrslu sérfræðinganefndarinnar).

3. mgr., um samráð við aðila vinnumarkaðarins um ráðstafanir sem ætlað er að bæta öryggi og heilbrigði á vinnustöðum.

4. gr.

1. mgr., um rétt verkafólks til kaups sem veiti því og fjölskyldum þess sómasamleg lífskjör.

* Nefndin óskar eftir ítarlegri upplýsingum í næstu skýrslu Íslands um meðallaunatekjur, lægstu laun o.s.frv. þannig að hún geti betur metið framkvæmd Íslands á þessu ákvæði sáttmálans (bls. 64 í skýrslu sérfræðinganefndarinnar).

2. mgr., um rétt verkafólks til hærra kaups fyrir yfirvinnu.
4. mgr., um rétt verkafólks til hæfilegs uppsagnarfrests.
5. mgr., um heimild til takmarkaðs launafrádráttar.

6. gr.

1. mgr., um að stuðlað sé að sameiginlegum viðræðum milli verkafólks og atvinnurekenda.

2. mgr., um að stuðlað sé að frjálsum samningaumleitunum milli vinnuveitenda og verkalýðsfélaga til að ákvarða laun og vinnuskilyrði með heildarsamningum.

* Nefndin getur þess í skýrslu sinni að hún hafi fengið upplýsingar um að lagt hafi verið bann við vísitölubindingu launa með lögum sem sett voru árið 1983. Gildistíminn hafi verið tvö ár. Í skýrslu Íslands komi fram að bannið hafi verið tímabundið og lögin ekki endurnýjuð. Frjálsir kjarasamningar hafi því átt sér stað á því tímabili sem skýrslan taki til (bls. 82 í skýrslu sérfræðinganefndarinnar).

3. mgr., um skipulag sáttafyrirkomulags og gerðardóma eftir samkomulagi við lausn vinnudeilna.

* Nefndin óskar eftir ákveðnum dæmum þar sem fjallað er um gerðardóma í kjarasamningum. Enn fremur er óskað eftir lýsingu á því hvernig sáttastörf og gerðardómar vinna í deilum stjórnvalda og opinberra starfsmanna (bls. 86 í skýrslu sérfræðinganefndarinnar).

11. gr.

1. mgr., um aðgerðir til að útrýma heilsuspillandi aðstæðum.

* Nefndin tekur fram í skýrslu sinni að hún hafi veitt athygli upplýsingum um aðgerðir gegn neyslu ávana- og fíkniefna og væntir þess að í næstu skýrslu Íslands verði upplýsingar um aðgerðir sem gripið hefur verið til og árangur af þeim (bls. 118 í skýrslu sérfræðinganefndarinnar).

2. mgr., um ráðgjafar- og fræðsluaðstöðu til að stuðla að bættu heilsufari og efla ábyrgðartilfinningu einstaklinga í heilbrigðismálum.

* Sérfræðinganefndin færir íslensku ríkisstjórninni sérstakar þakkir fyrir ítarlegar upplýsingar um aðgerðir sem gripið hefur verið til á sviðum heilbrigðisfræðslu og varna gegn sjúkdómum. Nefndin metur sérstaklega mikils aðgerðir íslenskra stjórnvalda sem miða að því að draga úr notkun áfengis og tóbaks, leit að krabbameini og hjarta- og æðasjúkdómum. Einnig telur hún að vel sé staðið að kennslu í heilsufræði í skólum (bls. 120 í skýrslu sérfræðinganefndarinnar).

3. mgr., um varnir gegn farsóttum, landlægum sjúkdómum og öðrum sjúkdómum.

* Sérfræðinganefndin færir íslensku ríkisstjórninni sérstakar þakkir fyrir ítarlegar stjórnvöld hafa gripið til í því skyni að hindra útbreiðslu AIDS. Hún æskir þess að fá áfram upplýsingar um útbreiðslu AIDS og annarra farsótta. Að auki óskar nefndin eftir upplýsingum um lagaákvæði sem taka til sýktra einstaklinga sem sýna kæruleysi í umgengni við aðra (bls. 121 í skýrslu sérfræðinganefndarinnar).

12. gr.

1. mgr., um að almannatryggingum sé komið á eða þeim viðhaldið.

2. mgr., um eflingu almannatrygginga þannig að þær jafnist á við það sem krafist er til fullgildingar alþjóðavinnumálasamþykkt nr. 102, um lágmark félagslegs öryggis.

3. mgr., um markvissa eflingu almannatrygginga.

* Sérfræðinganefndin óskar eftir upplýsingum í næstu skýrslu Íslands um framvindu á sviði almannatrygginga (bls. 124 í skýrslu sérfræðinganefndarinnar).

4. mgr., um gerð gagnkvæmra eða fjölþjóðlegra samninga um tryggingabætur og aðgerðir til að koma í veg fyrir missi þeirra.

* Sérfræðinganefndin vekur athygli á því að Malta hafi fullgilt Félagsmálasáttmála Evrópu í október 1988 og sé því ekki skuldbundin af bráðabirgðasamningum um almannatryggingar frá árinu 1953. Nefndin væntir þess að í næstu skýrslu Íslands komi fram hvort í gildi séu samningar við Möltu á þessu sviði — ef ekki, hvort slíkir samningar séu í undirbúningi (bls. 126 í skýrslu sérfræðinganefndarinnar).

13. gr.

2. mgr., um aðgerðir til að hindra að fólk sem nýtur félagslegrar aðstoðar glati rétti til stjórnmálaafskipta eða missi félagsleg réttindi.

3. mgr., um opinbera þjónustu, ráðleggingar eða félagslega aðstoð til að koma í veg fyrir skort.

14. gr.

1. mgr., um eflingu félagslegrar þjónustu sem stuðlar að velferð og þroska einstaklinga og hópa í samfélaginu og aðlögun þeirra að félagslegu umhverfi.

2. mgr., um aðgerðir sem hvetja einstaklinga og sjálfboðaliða til að koma á fót félagslegri þjónustu og efla hana.

15. gr.

1. mgr., um að sköpuð sé aðstaða til þjálfunar líkamlega og andlega fatlaðara.

2. mgr., um aðgerðir til að útvega fötluðu fólki vinnu, einkum með sérhæfðri ráðningarþjónustu, verndaðri vinnu og aðgerðum til að hvetja vinnuveitendur til að taka fatlað fólk í vinnu. (Sérfræðinganefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu til bráðabirgða að Ísland framfylgi ákvæðum málsgreinarinnar.)

* Sérfræðinganefndin endurtekur óskir sem hún setti fram í fyrri skýrslu sinni um upplýsingar um fjölda fatlaðra einstaklinga sem fengu atvinnu á skýrslutímabilinu og um atvinnuleysi meðal þeirra (bls. 141 í skýrslu sérfræðinganefndarinnar).

18. gr.

4. mgr., um rétt til að hverfa úr landi og stunda arðbær störf í löndum annarra samningsaðila.

2. Skortur á upplýsingum torveldar mat á því hvort framkvæmdin sé í samræmi við ákvæði sáttmálans eða ekki.

2. gr.

1. mgr., um skyldu samningsaðila til að sjá til þess að daglegur og vikulegur vinnustundafjöldi sé hæfilegur og markvissa styttingu vinnuvikunnar.

* Nefndin óskar eftir því að í næstu skýrslu Íslands verði gerð grein fyrir tillögum vinnuhóps á vegum félagsmálaráðuneytisins í þá átt að stytta vikulegan vinnutíma (bls. 51 í skýrslu sérfræðinganefndarinnar).

4. gr.

3. mgr., um viðurkenningu á rétti karla og kvenna til sama kaups fyrir jafnverðmæt störf.

* Fram kemur að sérfræðinganefndin hefur veitt athygli fyrstu niðurstöðum úr könnun sem Þjóðhagsstofnun framkvæmdi að beiðni forsætisráðherra á raunverulegum launamun karla og kvenna sem leiða í ljós 10% launamun (40% mun ef tekið er tillit til aukavinnu). Nefndin óskar eftir upplýsingum um aðgerðir sem gripið hefur verið til í framhaldi af könnuninni og aðgerðum sem fyrirhugað er að grípa til í tengslum við norræna fjögurra ára framkvæmdaáætlun á sviði jafnréttismála. Enn fremur er óskað eftir upplýsingum um aðgerðir Jafnréttisráðs á þessu sviði svo og dómsmálum til að fylgja eftir kvörtunum sem borist hafa vegna kærumála af þessu tagi.

Einnig kemur fram að sérfræðinganefndin hefur kynnt sér ákvæði laga nr. 65/1985 um kærumál sem send eru Jafnréttisráði. Samkvæmt ákvæðum laganna getur hvor aðili um sig höfðað mál fyrir dómstólum án tillits til niðurstöðu Jafnréttisráðs. Nefndin óskar eftir upplýsingum um ákvæði laga sem tryggja bætur til þolanda.

Enn fremur kemur fram að nefndin óskar upplýst hvort það sé starfsmanns að sanna ólögmæti uppsagnar vegna kröfu hans um beitingu grundvallarreglunnar um jöfn laun fyrir jafnverðmætt starf (sem eykur erfiðleikana á því að hrinda þessu grundvallarákvæði í framkvæmd).

Nefndin óskar einnig eftir upplýsingum um ákvæði laga sem fela í sér að ákvæði sem eru í andstöðu við grundvallarregluna um jöfn laun karla og kvenna séu eða megi lýsa yfir að séu marklaus og ógild.

Í athugasemdum sérfræðinganefndarinnar kemur fram að hún hefur veitt því athygli að starfsmaður, sem hefur mátt sæta ólögmætri uppsögn, getur krafist bóta en ekki endurráðingar. Nefndin óskar eftir upplýsingum um það hvort upphæð bóta sem mælt er fyrir um taki mið af starfstíma hlutaðeigandi starfsmanns (bls. 69–70 í skýrslu sérfræðinganefndarinnar).

13. gr.

4. mgr., um að ákvæðum í 1., 2. og 3. mgr. greinarinnar sé beitt jafnt gagnvart eigin þegnum og þegnum annarra samningsaðila sem löglega dvelja í löndum þeirra í samræmi við skuldbindingar þeirra í Evrópusamþykktinni um félagslega aðstoð og læknishjálp sem undirrituð var í París hinn 11. desember 1953.

* Nefndin óskar eftir að með næstu skýrslu Íslands fylgi ljósrit af lögum sem tryggi öllum þurfandi einstaklingum sem búsettir eru á Íslandi, óháð ríkisfangi þeirra, rétt til félagslegrar aðstoðar og læknishjálp. Óskað er eftir að í skýrslunni komi fram hvort umrædd aðstoð hafi einungis verið veitt einstaklingum búsettum á Íslandi eða hvort hún sé einnig veitt þeim sem dveljast löglega tímabundið í landinu (bls. 133 í skýrslu sérfræðinganefndarinnar).

16. gr.

Greinin fjallar um rétt fjölskyldunnar til félagslegrar, lagalegrar og efnahagslegrar verndar.

* Nefndin lýsir í skýrslu sinni yfir ánægju með upplýsingar um ákvæði í lögum sem tryggi forgang þeirra sem eru í fyrsta skipti að kaupa sér íbúðarhúsnæði.

* Sérfræðinganefndin óskar eftir upplýsingum um önnur svið en þau sem fjallað er um í skýrslu Íslands sem snerta aðbúnað fjölskyldunnar. Enn fremur er óskað eftir ítarlegum upplýsingum um fjölskyldubætur, svo og aðrar bætur sem hafa að markmiði að létta fjárhagsbyrðar fjölskyldna. Einnig er óskað eftir upplýsingum um skattamál og aðstoð við þá sem eru að stofna heimili. Loks er óskað ítarlegra upplýsinga um fjölskylduráðgjöf, dagvistarmál, löggjöf um fjölskyldumálefni, hagskýrslur um stöðu fjölskyldunnar o.fl. atriði (bls. 144 í skýrslu sérfræðinganefndarinnar).

17. gr.

Greinin fjallar um rétt mæðra og barna til félagslegrar og efnahagslegrar verndar.

* Sérfræðinganefndin tekur fram að hún hafi veitt athygli upplýsingum í skýrslu Íslands um setningu laga um fæðingarstyrk og rétt þungaðra kvenna á vinnumarkaði. Hún væntir þess að fá í næstu skýrslu Íslands upplýsingar um framkvæmd á öðrum sviðum (bls. 147 í skýrslu sérfræðinganefndarinnar).

18. gr.

1. mgr., um að beita frjálslega gildandi reglum um veitingu atvinnuleyfa.

2. mgr., um einföldun gildandi formsatriða varðandi veitingu atvinnuleyfa og niðurfellingu gjalda sem erlendu verkafólki og atvinnurekendum er gert að greiða.

3. mgr., um að slakað verði á gildandi reglum sem gilda um ráðningu erlends verkafólks.

* Sérfræðinganefndin óskar eftir því að í næstu skýrslu Íslands verði upplýsingar um framkvæmd ákvæða í 1.–3. mgr. Sérstaklega verði upplýst um eftirtalin atriði:

Hvaða reglur gilda um endurnýjun dvalar- og atvinnuleyfis farandverkafólks sem er ríkisborgarar í öðrum aðildarríkjum sáttmálans?

- Eru framangreind leyfi endurnýjuð þegar í stað við umsókn atvinnurekenda?
- Verður hlutaðeigandi atvinnurekandi að leggja fram vottorð um að skortur sé á vinnuafli á atvinnusvæðinu?
- Verður samþykki hlutaðeigandi verkalýðsfélags að liggja fyrir?
- Hver er gildistími framlengdra leyfa?

Hvað þurfa mörg ár að líða þar til starfsmaður getur skipt um atvinnurekenda, starf eða starfssvæði?

Hvaða reglur eru í gildi þegar starfsmaður missir atvinnuna?

- Verður hann að yfirgefa landið?
- Hversu lengi verður hann að hafa unnið á Íslandi til þess að hann geti sótt um annað starf?
- Verður nýja starfið að vera innan sömu starfsgreinar?
- Er atvinnuleyfi ætíð veitt atvinnurekenda?

Hversu lengi verður farandverkamaður að hafa verið búsettur á Íslandi til þess að geta notið sömu réttinda til starfs og Íslendingur?

Hvað reglur gilda um vinnu fjölskyldu farandverkamanns, einkum barna sem hefur verið veitt dvalarleyfi vegna sameiningar fjölskyldunnar.

Sérfræðinganefndin óskar eftir því að íslensk stjórnvöld láti í té hagskýrslur sem sýni hvort reglum sé beitt frjálslega eða ekki. Einnig að veittar verði upplýsingar um það hvort núverandi framkvæmd byggist á flókinni framkvæmd sem megi einfalda (bls. 149–151 í skýrslu sérfræðinganefndarinnar).

3. Ákvæði sem ekki eru framkvæmd í samræmi við sáttmálann.

1. gr.

2. mgr., um að réttur verkafólks til að vinna fyrir sér í starfi sem það hefur valið sér sé verndaður á raunhæfan hátt.

* Sérfræðinganefndin óskar eftir upplýsingum um aðgerðir stjórnvalda til að afnema misrétti í atvinnulífinu sem byggist á kyni, félagslegum uppruna, þjóðerni, stjórnmálaskoðunum, trú eða kynþætti, svo og upplýsingum um aðgerðir til að stuðla að jöfnum tækifærum í sambandi við atvinnuleit eða starf.

* Sérfræðinganefndin harmar að ákvæði 81. gr. sjómannalaga skuli enn vera í gildi. Nefndin ítrekar það álit sitt að ákvæðið brjóti í bága við Félagsmálasáttmálann. Svo fremi ekki komi fram frekari upplýsingar geti nefndin ekki annað en staðfest fyrra álit sitt um að framkvæmd Íslands sé ekki í samræmi við ákvæði sáttmálans. Sérfræðinganefndin kveðst veita athygli því sem kemur fram í skýrslu Íslands, að „samkvæmt viðurkenndum lögskýringum“ á ákvæðum 81. gr. verði ákvæðum greinarinnar ekki beitt við venjulegar vinnuaðstæður, þ.e. þegar framkoma sjómanna stofnar hvorki skipi né áhöfn í hættu. Nefndin óskar eftir nánari upplýsingum í næstu skýrslu um þetta efni (bls. 44 í skýrslu sérfræðinganefndarinnar).

5. gr.

Greinin fjallar um réttinn til að stofna félög.

* Í skýrslu sérfræðinganefndar Evrópuráðsins er verulegu rými varið í umfjöllun um framkvæmd Íslands á 5. gr. sáttmálans. Orðrétt segir í skýrslu nefndarinnar:

„Nefndin veitti sérstaka athygli athugasemdum í íslensku skýrslunni og viðbótarupplýsingum sem skýrðu ástandið hvað varðar rétt launamanna til að stofna eða ganga í stéttarfélög.

Hún veitti því fyrst og fremst athygli að samkvæmt túlkun Hæstaréttar í desember 1988 á 73. gr. Stjórnarskrár Íslands er mönnum ekki tryggður réttur til þess að vera ekki félagar í stéttarfélagi. Auk þess taldi rétturinn að alþjóðlegir samningar, svo sem Evrópuráðssamningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis, Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um almenn og pólitísk réttindi o.s.frv., ógiltu ekki sjálfkrafa „staðfest" ákvæði Stjórnarskrárinnar.

Nefndin taldi – með tilliti til þess að frelsi manna til að ganga í stéttarfélög, sem tryggt er með ákvæðum 5. gr. sáttmálans, hlýtur að fela í sér að menn séu ekki með neinum hætti skyldir til að gerast eða vera áfram félagar í stéttarfélagi – að skortur á viðeigandi vernd slíks frelsis í landslögum (hvort sem það stafar af því að viðeigandi lög hafa ekki verið sett eða fordæmisréttur löghelgar athæfi sem brýtur í bága við rétt manna til að mynda með sér félög) geti ekki talist samrýmast ákvæðum 5. gr. sáttmálans.

Nefndin veitti því enn fremur athygli að samkvæmt lögum nr. 64/1981 eiga aðeins félagar í stéttarfélögum rétt á atvinnuleysisbótum. Með tilliti til þess að það að svipta launamann rétti til fjárhagslegrar verndar ef hann er atvinnulaus er óverjandi ráðstöfun, sem hefur þann tilgang að neyða hann til að ganga í eða vera áfram félagi í stéttarfélagi, hlaut nefndin að komast að þeirri niðurstöðu að ofangreind lög brytu í bága við anda og bókstaf 5. gr. sáttmálans.

Fram kemur í íslensku skýrslunni að í flestum almennum kjarasamningum er ákvæði þess efnis að félagar í stéttarfélögum skuli ganga fyrir um vinnu. Þótt heimild til slíkrar ráðstöfunar sé ekki að finna í lögum veitti nefndin því athygli að slík ákvæði um forgang hafa verið staðfest fyrir Félagsdómi. Nefndin taldi að slíkar lögþvinganir gagnvart launamönnum, sem óska ekki eftir að vera félagar í stéttarfélögum, gætu ekki talist vera í samræmi við ákvæði 5. gr. sáttmálans um rétt manna til að mynda með sér félög.

Nefndin veitti því einnig athygli að í almennum kjarasamningum fólks, sem starfar í iðnaði og við verslunar- og skrifstofustörf, eru ákvæði þess efnis að viðkomandi fyrirtækjum sé ekki heimilt að ráða til starfa aðra en félaga í því stéttarfélagi sem það semur við um kaup og kjör. Nefndin taldi að lagasetning (eða skortur á lagasetningu), sem heimilar slíka ráðstöfun og er í mótsögn við sjálft eðli þess frelsis að stofna félög, sem verndað er með ákvæðum 5. gr. sáttmálans, geti ekki talist til þess fallin að tryggja virka framkvæmd þeirrar meginreglu sem fólgin er í 5. gr.

Af ofangreindum ástæðum komst nefndin að þeirri niðurstöðu að ástandið á Íslandi bryti enn í bága við ákvæði 5. gr. sáttmálans. Nefndin vonaði að í næstu skýrslu kæmi fram hvort höfnun launamanns á því að ganga í eða vera áfram félagi í stéttarfélagi gæti orðið til þess að honum yrði sagt upp störfum eða honum yrði mismunað með einhverjum hætti." (Bls. 78–79 í skýrslu sérfræðinganefndarinnar.)

6. gr.

4. mgr., um rétt verkafólks og vinnuveitenda á sameiginlegum aðgerðum þegar hagsmunaárekstrar verða.

* Sérfræðinganefndin fjallar ítarlega um framkvæmd Íslands á 4. mgr. 6. gr. sáttmálans. Orðrétt segir í skýrslu nefndarinnar:

„Nefndin hafði veitt því athygli í fyrri skýrslum frá Íslandi að:

– Aðeins stéttarfélög höfðu rétt til að fara í verkfall. Launamenn, sem áttu ekki aðild að almennum samningi stéttarfélags um kaup og kjör, gátu fellt niður vinnu samkvæmt

eigin ráðningarsamningi, en slík vinnustöðvun taldist ekki verkfall samkvæmt ákvæðum laga nr. 80/1938.
- Starfsmenn hins opinbera, sem höfðu háskólamenntun (og áttu aðild að BHM), höfðu ekki rétt til að fara í verkfall.

Nefndin hafði talið að þetta tvennt væri ekki í samræmi við 4. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Nefndin hafði veitt því athygli í síðustu skýrslu frá Íslandi að samkvæmt lögum nr. 94 1986 höfðu allir starfsmenn hins opinbera, þar með taldir þeir sem tilgreindir hafa verið hér að framan, nú öðlast rétt til að fara í verkfall, að undanteknum mönnum í tilteknum stöðum, t.d. dómurum og embættismönnum í helstu stjórnunarstöðum og þeim sem ábyrgir voru fyrir brýnni þjónustu (heilbrigðis- og öryggismálum). Nefndin óskar eftir því að næstu skýrslu fylgi listi fyrir hvert ár yfir þá starfsmenn hins opinbera sem hafa ekki haft rétt til að fara í verkfall.

Nefndin veitti því enn fremur athygli að svo virtist skv. 14. gr. framangreindra laga að starfsmenn hins opinbera mættu aðeins fara í verkfall vegna launa og kjara með það fyrir augum að gera almennan kjarasamning. Nefndin minntist þess að samkvæmt fordæmisrétti samræmast slíkar hömlur á verkfallsrétti ekki 4. mgr. 6. gr. Hún væntir þess því að fá skýringar á þessu atriði í næstu skýrslu frá Íslandi.

Nefndin veitti því einnig athygli að engar breytingar höfðu orðið á Íslandi hvað varðar rétt til verkfallsboðunar, sem var eingöngu í höndum stéttarfélaga, og átti því ekki annars úrkosta en að staðfesta að ástandið hvað þetta varðar samræmdist ekki ákvæðum sáttmálans“ (bls. 87–88 í skýrslu sérfræðinganefndarinnar).

13. gr.

1. mgr., um að sérhverjum manni sem hefur ónóg fjárráð og ekki getur aflað sér þeirra af eigin rammleik verði veitt næg aðstoð.

* Ekki eru ákvæði í löggjöf sem veita heimild til að áfrýja ákvörðun um framfærslustyrk til æðra stjórnvalds. Nefndin telur að meðan slíkt ákvæði sé ekki í lögum teljist Ísland ekki framfylgja ákvæðinu (bls. 128 í skýrslu sérfræðinganefndarinnar).

Tekið skal fram að Ísland hefur ekki undirgengist skuldbindingar samkvæmt eftirtöldum greinum:

2. gr.

2. mgr., um veitingu almennra frídaga með kaupi.

4. mgr., um að verkafólki sem vinnur hættuleg eða óheilnæm störf séu veittir aukafrídagar eða vinnutími þess styttur.

7. gr.

Greinin fjallar um rétt barna og ungmenna til verndar.

8. gr.

Greinin fjallar um rétt vinnandi kvenna til verndar.

9. gr.

Greinin fjallar um rétt til leiðbeininga um stöðuval.

10. gr.

Greinin fjalla um rétt til starfsþjálfunar.

19. gr.

Greinin fjallar um rétt farandverkafólks og fjölskyldna þess til verndar og aðstoðar.

4. Breytingar frá skýrslu sérfræðinganefndarinnar X – 1 sem hefur að geyma umsögn um framkvæmd Íslands á sáttmálanum árin 1985 og 1986.

Í skýrslu sérfræðinganefndar Evrópuráðsins um framkvæmd Félagsmálasáttmála Evrópu X-1 sem kom út árið 1987 kemur fram eftirfarandi niðurstaða varðandi framkvæmd Íslands á ákvæðum sáttmálans:

Ísland er talið standa við skuldbindingar sínar samkvæmt eftirtöldum ákvæðum sáttmálans: 3. og 4. mgr. 1. gr.; 1., 3. og 5. mgr. 2. gr.; 1., 2. og 3. mgr. 3. gr.; 1., 2., 4. og 5. mgr. 4. gr.; 1., 2. og 3. mgr. 6. gr.; 1., 2. og 3. mgr. 11. gr.; 1., 2., 3. og 4. mgr. 12. gr; 1., 2. og 3. mgr. 13. gr.; 1. og 2. mgr. 14. gr.; 1. og 2. mgr. (niðurstaða um framkvæmd 2. mgr. er til bráðabirgða) 15. gr. og 4. mgr. 18. gr.

Í skýrslu X-1 taldi nefndin sig ekki hafa nægilegar upplýsingar til að geta dæmt um framkvæmd eftirtalinna greina: 3. mgr. 4. gr.; 4. mgr. 13. gr.; 16. gr.; 17. gr. og 1., 2. og 3. mgr. 18. gr.

Í skýrslu X-1 taldi nefndin Ísland ekki standa við skuldbindingar sínar í sambandi við framkvæmd eftirtalinna ákvæða: 2. mgr. 1. gr.; 5. gr. og 4. mgr. 6. gr.

Niðurstaðan í skýrslu sérfræðinganefndarinnar XI – 1 (1989) er eftirfarandi:

Framkvæmd í samræmi við ákvæði Félagsmálasáttmála Evrópu:

3. og 4. mgr. 1. gr.; 3. og 5. mgr. 2. gr.; 1., 2. og 3. mgr. 3. gr.; 1., 2., 4. og 5. mgr. 4. gr.; 1., 2. og 3. mgr. 6. gr.; 1., 2. og 3. mgr. 11. gr.; 1., 2., 3. og 4. mgr. 12. gr.; 2. og 3. mgr. 13. gr.; 1. og 2. mgr. 14. gr.; 1. og 2. mgr. (niðurstaða um framkvæmd 2. mgr. er til bráðabirgða) 15. gr. og 4. mgr. 18. gr.

Í skýrslu XI-1 taldi nefndin sig ekki hafa nægilegar upplýsingar til að geta dæmt um framkvæmd eftirtalinna greina: 1. mgr. 2. gr.; 3. mgr. 4. gr.; 4. mgr. 13. gr.; 16. gr.; 17. gr. og 1., 2. og 3. mgr. 18. gr.

Í skýrslu XI-1 taldi nefndin Ísland ekki standa við skuldbindingar sínar í sambandi við framkvæmd eftirtalinna ákvæða: 2. mgr. 1. gr.; 5. gr.; 4. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 13. gr.

Breytingarnar felast í því að nefndin telur sig ekki lengur geta dæmt um framkvæmd Íslands á ákvæði 1. mgr. 2. gr. og óskar eftir nánari upplýsingum um aðgerðir til að draga úr daglegum og vikulegum vinnutíma.

Nefndin fellur frá fyrra áliti um að Ísland framfylgi ákvæðum 1. mgr. 13. gr. Þessu veldur svar við spurningu sérfræðinganefndarinnar um rétt til að áfrýja ákvörðun um félagslega aðstoð til æðra setts stjórnvalds. Samkvæmt lögum nr. 80/1947, framfærslulögum, er þessi réttur ekki tryggður.

Viðauki.

Bréfaskipti íslenskra stjórnvalda og alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf um kæru Alþýðusambands Íslands vegna setningar bráðabirgðalaga nr. 14/1988.

Í þessum viðauka við skýrslu um 76. Alþjóðavinnumálaþingið eru birt skjöl vegna kæru Alþýðusambands Íslands til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar vegna setningar bráðabirgðalaga nr. 14/1988, um aðgerðir í efnahagsmálum. Alþjóðavinnumálaskrifstofan sendi félagsmálaráðherra bréf vegna kærumálsins 21. júní 1988. Í bréfinu er ráðherra greint frá því að ASÍ hafi sent skrifstofunni kæru vegna setningar áðurgreindra bráðabirgðalaga. Fram kemur að Alþýðusambandið telur að tiltekin ákvæði laganna séu í ósamræmi við alþjóðasamþykkt nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess, og nr. 98, um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega. Ísland hefur fullgilt báðar samþykktirnar. Þess er óskað að ríkisstjórnin sendi ILO við fyrsta tækifæri athugasemdir sínar við umrædda kæru.

a. Svar ríkisstjórnar Íslands við bréfi alþjóðavinnumálaskrifstofunnar.

Hinn 12. desember 1988 sendi félagsmálaráðherra forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf, Francis Blanchard, svohljóðandi bréf:

Efni: Kæra Alþýðusambands Íslands til alþjóðavinnumálaskrifstofunnar.

Ríkisstjórn Íslands vísar til bréfs yðar frá 21. júní 1988. Í bréfi yðar er ríkisstjórninni greint frá kæru Alþýðusambands Íslands vegna skerðingar á frelsi samtaka launafólks sem talin er felast í bráðabirgðalögum nr. 14 frá 20. maí 1988, um aðgerðir í efnahagsmálum (kærumál nr. 1458).

Ríkisstjórn Íslands vill af þessu tilefni taka fram:

Almennar upplýsingar um þróun efnahagsmála.

Íslendingar byggja afkomu sína að verulegu leyti á gjöfulum fiskimiðum. Á árinu 1987 nam útflutningur vöru og þjónustu um 36% af vergri landsframleiðslu, en ¾ hlutar vöruútflutnings eru sjávarafurðir. Þótt sérhæfing landsmanna í sjávarútvegi hafi leitt til þess að landsframleiðsla á mann (21.500 USD á árinu 1987) skipi Íslendingum á bekk með ríkustu þjóðum heims hefur þetta einnig haft í för með sér meiri sveiflur í þjóðarbúinu en víðast annars staðar. Afleiðingin hefur m.a. verið sú að verðbólga hefur verið hér mun meiri en í öðrum Evrópulöndum. Þessar snöggu og miklu sveiflur í undirstöðuframleiðslunni hafa gert hagstjórn mun erfiðari en ella. Nauðsynlegt hefur verið að laga þjóðarútgjöld að minnkandi framleiðslu og koma þannig í veg fyrir að viðskiptahalli verði óviðráðanlegur og til að forða hallarekstri og atvinnuleysi.

Þrátt fyrir sveiflur í íslenskum þjóðarbúskap er mikilvægt að benda á að atvinnuleysi hefur nánast verið ekkert á Íslandi síðan í lok sjöunda áratugarins og voru atvinnulausir að meðaltali um 0,5% af mannafla árið 1987.

Efnahagsástand hefur verið mjög hagstætt á Íslandi á undanförnum árum. Á árunum 1985–1987 óx landsframleiðsla að meðaltali um 5,2% á ári. Vegna batnandi viðskiptakjara jukust þjóðartekjur um 6,5% á ári að meðaltali. Góðæri undanfarinna ára má einkum rekja til mikils sjávarfangs og hagstæðs verðlags sjávarafurða á erlendum mörkuðum.

Kaupmáttur atvinnutekna jókst verulega í þessu góðæri, eða um 12% að meðaltali á ári og yfir 20% á árinu 1987. Vöxtur ráðstöfunartekna var enn meiri vegna lækkunar beinna skatta, eða um 14%, en þessi skattalækkun var hluti af samkomulagi ríkisstjórnarinnar við aðila vinnumarkaðarins á árinu 1986. Aukning kaupmáttar atvinnutekna hefur verið mun meiri en nemur vexti framleiðslunnar sem sést best á því að hlutdeild launa af vergum þáttatekjum er áætluð um 73,5% á árinu 1988 en var 59,9% á árinu 1984. Með samstilltu átaki

ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins auðnaðist að draga verulega úr verðbólgu á árinu 1986 þegar ríkisstjórnin lækkaði óbeina skatta og beitti sér fyrir viðamiklum endurbótum á húsnæðislánakerfinu. Þess má geta að í maí 1983 mældist hraði verðbólgu 131,7% miðað við árshækkun framfærsluvísitölunnar undangengna þrjá mánuði en sambærileg tala fyrir sama mánuð árið 1986 var 3,1%. Verðbólga fór hins vegar vaxandi á árinu 1987 og í upphafi þessa árs.

Lítils háttar afgangur varð á viðskiptajöfnuði á árinu 1986, sem snerist upp í halla 1987 sem nam 3,5% af vergri landsframleiðslu.

Veruleg umskipti hafa orðið í íslenskum efnahagsmálum á árinu 1988. Spár benda til að verðmæti sjávarafla muni dragast saman um tæp 2% á föstu verðlagi frá fyrra ári, og enn fremur er gert ráð fyrir að afli muni dragast saman um 4,5% á næsta ári. Verð á frystum fiskafurðum á Bandaríkjamarkaði hefur farið lækkandi sl. 12 mánuði, auk þess sem gengislækkun Bandaríkjadals hefur valdið umtalsverðum búsifjum fyrir frystiiðnaðinn. Áætlanir Þjóðhagsstofnunar um afkomu undirstöðuatvinnuveganna í sjávarútvegi á sl. vetri bentu til að þeir væru reknir með halla sem nam um 10% af tekjum ef ekki kæmi til aðgerða.

Til þess að koma í veg fyrir áframhaldandi hallarekstur og tryggja atvinnuöryggi var gengi krónunnar fellt um 6% í lok febrúar sl. Skömmu eftir þessar aðgerðir féll verð fiskafurða enn frekar á Bandaríkjamarkaði. Versnaði rekstrarstaða sjávarútvegsfyrirtækja verulega af þeim sökum. Spár Þjóðhagsstofnunar á útmánuðum bentu til að viðskiptahalli færi enn vaxandi og stefndi í allt að 5,5% af vergri landsframleiðslu.

Kjarasamningar ársins 1988.

Kjarasamningar aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og atvinnurekenda voru lausir um áramótin 1987–88. Samningalotan hófst með því að Alþýðusamband Vestfjarða (ASV) og atvinnurekendur á Vestfjörðum sömdu í lok janúarmánaðar 1988, en í ASV er fiskvinnslufólk í meiri hluta. Mánuði síðar tókust samningar milli Vinnuveitendasambands Íslands (VSÍ), Vinnumálasambands samvinnufélaganna (VMS) og Verkamannasambands Íslands (VMSÍ), en það er stærsta aðildarsamband ASÍ með 27.204 félaga í 51 aðildarfélagi. Þessir samningar voru felldir í mörgum aðildarfélögum VMSÍ, en þau félög sömdu við atvinnurekendur og var skrifað undir nýjan eins árs samning þann 25. mars. Samningur þessi varð fyrirmynd fyrir önnur aðildarfélög ASÍ sem sömdu eitt af öðru á næstu vikum.

Í þessum samningum fólst 10–14% upphafshækkun og áfangahækkanir, 1. júní um 3,25%, í september um 2,5%, í desember um 1,5% og um 1,25% í mars 1989. Þá voru í samningunum ákvæði um endurskoðun launaliðar ef vísitala framfærslukostnaðar færi yfir viðmiðunarmörk í júní og í nóvember.

Enn fremur voru ákvæði um heimild til endurskoðunar launaliðar samninganna ef samið yrði við önnur launþegasamtök um hærri grunnlaunabreytingar.

Þann 20. maí sl. höfðu um 140 aðildarfélög Alþýðusambands Íslands undirritað samninga. Versnandi rekstrarstaða útflutningsatvinnuveganna og aukinn viðskiptahalli leiddu til þess að gengi krónunnar var fellt um 10% þann 16. maí 1988.

Þetta er bakgrunnur þeirra efnahagsaðgerða sem ríkisstjórn Íslands greip til í maí 1988.

Samráð um efnahagsaðgerðir.

Í II. kafla laga nr. 13 frá 10. apríl 1979 er kveðið á um samráð stjórnvalda við samtök launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda í efnahags- og kjaramálum. Samkvæmt 4. gr. laganna má halda samráðsfundi bæði með fulltrúum einstakra samtaka og fulltrúum ríkisstjórnarinnar og öllum samráðsaðilum í senn.

Á grundvelli þessara laga áttu stjórnvöld nokkra fundi með fulltrúum aðila vinnumarkaðarins á tímabilinu janúar til maí 1988 um stöðu efnahags- og samningsmála. Sérstök ástæða er til að vekja athygli á fundi sem boðaður var 17. maí 1988 með fulltrúum Alþýðusambands

Íslands og helstu aðildarsamböndum þess um aðgerðir í efnahagsmálum. Á fundinum var skipst á skoðunum um þrjú atriði sem voru:

a. um aðgerðir til að sporna við víxlverkunum kaupgjalds og verðlags,
b. um ráðstafanir til að stuðla að því að stéttarfélög sem á þeim tíma höfðu enn ekki undirritað kjarasamninga semdu um svipaðar kjarabætur og önnur stéttarfélög er gert höfðu samninga,
c. um meðferð lánskjaravísitölu.[1)]

Auk framangreindra atriða komu fleiri atriði til umfjöllunar eins og almenn efnahagsstjórn.

Annar samráðsfundur ríkisstjórnarinnar var haldinn 18. maí 1988 með sömu aðilum. Á fundinum var rætt um framangreinda þætti. Það kom í ljós á þessum fundi að Alþýðusamband Íslands var ekki reiðubúið til að taka þátt í að verja þá launastefnu sem hafði verið mótuð af aðildarsamböndum ASÍ. Í samræmi við þessa stefnu höfðu öll stærstu aðildarsambönd ASÍ gert samninga við atvinnurekendur. Á þeim tíma sem fundurinn var haldinn voru ýmsir hátekjuhópar og stéttarfélög iðnaðarmanna með lausa samninga. Fleiri samráðsfundir voru ekki haldnir áður en umrædd bráðabirgðalög voru sett.

Þegar bráðabirgðalögin gengu í gildi 20. maí 1988 höfðu öll stærstu landshlutasambönd ASÍ, þar á meðal alþýðusamböndin á Austurlandi, Norðurlandi, Suðurlandi og á Vestfjörðum gert kjarasamninga við atvinnurekendur. Enn fremur höfðu VMSÍ, Landssamband verslunarmanna, Landsamband iðnverkafólks undirritað kjarasamninga. Mörg stærstu sambönd iðnaðarmanna höfðu einnig gert kjarasamning, þar á meðal Rafiðnaðarsambandið, Samband byggingarmanna og Málm- og skipasmiðasamband Íslands.

Þorri launafólks hafði gengið frá kjarasamningum við setningu bráðabirgðalaganna. Lögin tóku því í reynd aðeins til um 2.000 til 2.500 manns af um 100.000 á almennum vinnumarkaði. Í þeim hópi sem átti eftir að ganga frá samningum voru m.a. starfsmenn í álframleiðslu, flugstjórar, flugfreyjur, flugvirkjar, flugvélstjórar og samtök sjómanna.

Setning bráðabirgðalaga 20. maí 1988, um aðgerðir í efnahagsmálum.

Hinn 20. maí voru sett bráðabirgðalög nr. 14/1988, um aðgerðir í efnhagsmálum. Í lögunum er tekið fram í inngangi að vegna gengisbreytingar íslensku krónunnar 16. maí 1988 og til þess að hún beri tilætlaðan árangur við að skapa undirstöðugreinum atvinnulífsins viðunandi rekstrarskilyrði, koma í veg fyrir sjálfvirkt víxlgengi verðlags, gengis, launa og fjármagnskostnaðar og til að leggja nýjan grunn að jafnvægi í efnahagslífinu beri brýna nauðsyn til *í fyrsta lagi* að tryggja samræmi í launaþróun, *í öðru lagi* að verja kaupmátt lægstu launa og *í þriðja lagi* að draga úr verðbólguáhrifum gengisbreytingarinnar. Þar sem Alþingi sat ekki og til þess að ná þessum markmiðum voru bráðabirgðalögin sett, samkvæmt ótvíræðri heimild í 28. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33 frá 17. júní 1944.

Í *1. gr.* laganna er tekið fram að laun og kjaratengdir liðir í síðastgildandi samningum skuli *í fyrsta lagi* hækka um það sem kann að vanta á 10% hækkun frá 31. desember 1987 að telja. *Í öðru lagi* skuli laun hækka 1. september 1988 um það sem á kann að vanta á 12,75% hækkun á tímabilinu frá 31. desember 1987 að telja. *Í þriðja lagi* skuli laun hækka 1. desember 1988 um það sem á kann að vanta á 14,4% hækkun á tímabilinu frá 31. desember 1987 að telja. Og í fjórða lagi skuli laun hækka 1. mars 1989 um það sem á kann að vanta á 15,9% hækkun frá 31. desember 1987 að telja.

Í *2. gr.* er tekið fram að launaliðir á verðlagsgrundvelli búvöru skuli taka sömu hækkunum. Loks segir í *4.* gr. að með breytingum á kaupgjaldsákvæðum kjarasamninga sem kveðið er á um í lögunum framlengist allir gildandi og síðastgildandi kjarasamningar til 10. apríl 1989. Fram til þess tíma eru verkbönn, verkföll og aðrar aðgerðir sem ætlaðar eru til að knýja fram aðra skipan kjaramála en lögin mæla fyrir óheimilar.

[1)] Lánskjaravísitala er sett saman að ⅔ af framfærsluvísitölu og að ⅓ af byggingarvísitölu.

Þegar virt eru ákvæði laganna kemur *í fyrsta lagi* í ljós að hér er um tímabundnar aðgerðir að ræða. Er lögin voru sett hafði allverulegur hluti samtaka launþega og atvinnurekenda þegar gengið frá samningum. *Í öðru* lagi voru hagsmunir þjóðarbúsins, atvinnulífsins og launþega það miklir vegna gengisbreytinga og annarra efnahagsráðstafana að óhjákvæmilegt þótti að grípa inn í launa- og kjaratengda liði um skeið. *Í þriðja lagi* var þess gætt að um enga afturvirkni yrði þó að ræða.

Samhliða framangreindum ráðstöfunum voru gerðar sérstakar hliðarráðstafanir til að tryggja rétt launþega og kaupmátt launa. Tekið er fram í *3. gr.* að gjaldskrár sjálfstætt starfandi sérfræðinga skuli ekki hækka meira en framangreindar breytingar á launatöxtum og að sama gildi um hvers kyns útselda vinnu og þjónustu. Þá er tekið fram í *7. gr.* laganna að hækkanir á gjaldskrám ríkisfyrirtækja séu háðar samþykki ríkisstjórnarinnar og í *8. gr.* að verðtrygging nýrra fjárskuldbindinga, sem mörgum launþegum hafa reynst þungar, til skemmri tíma en tveggja ára sé óheimil frá 1. júlí 1988. Allt miðar þetta því að því að koma á stöðugleika í efnahagslífi þjóðarinnar og hindra víxlverkanir kauplags og verðlags og aukna verðbólgu. Loks er með *10. gr.* laganna ákveðið að flýta hækkun persónuafsláttar einstaklinga þannig að hún komi til framkvæmda 1. júní 1988 í stað 1. júlí sama ár. Í því fólst að skattleysismörk einstaklings hækkuðu úr 42.008 kr. í 45.716 kr. á mánuði.

Bráðabirgðalögum nr. 14/1988 var breytt með báðabirgðalögum nr. 44 31. maí 1988, nr. 74 26. ágúst 1988 og enn frekar með bráðabirgðalögum nr. 83 28. september 1988. Í síðastnefndu lögunum er tími skerðingar á verkfalls- og samningsrétti styttur. Tíminn miðast ekki lengur við 10. apríl 1989 heldur 15. febrúar sama ár. Samtímis er sett á stöðvun verðs á nánar tilgreindri vöru og þjónustu sem gildir til 1. mars 1989. Samkvæmt lögunum var ákveðið að 2,5% launahækkun, sem taka átti gildi 1. september 1988, komi ekki til framkvæmda á gildistíma laganna. Verðstöðvunin hefur þegar náð tilgangi sínum. Verðbólga hefur rénað verulega frá því verðstöðvun var komið á. Hækkun framfærsluvísitölu mældist 1% frá ágúst til október en samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar sem birt var í ágripi úr þjóðarbúskapnum í júlí 1988 var gert ráð fyrir rúmlega 4% hækkun á þessu tímabili.

Ákvæði bráðabirgðalaganna og samþykktir ILO nr. 87 og 98.

Með tilliti til þess er að framan er rakið er því sérstaklega mótmælt að kæra ASÍ á grundvelli samþykktar nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess, og samþykktar nr. 98, um beytingu grundvallarreglna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega, eigi við í því tilviki sem hér um ræðir. Í 3. gr. samþykktar ILO nr. 87 er svo kveðið á að félög launafólks og vinnuveitenda skuli eiga rétt á að setja sér lög og reglur, vera algerlega óháð í vali sínu á fyrirsvarsmönnum sínum, að skipuleggja stjórn sína og starfsemi og setja sér stofnskrá.

Hafa stjórnvöld með áðurnefndri lagasetningu á engan hátt íhlutast um rétt launþega og vinnuveitenda til stofnunar og starfsemi félaga þessara aðila. Verður að túlka greinina á þann veg að hún taki fyrst og fremst til almenns félagafrelsis. Er félagafrelsi tryggt í 73. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33 frá 17. júní 1944. Fráleitt er því að halda því fram að bráðabirgðalögin nr. 14 frá 20. maí 1988 brjóti í bága við ákvæði samþykktar ILO nr. 87, sbr. 2. tölul. 8. gr. samþykktarinnar.

Á sama hátt er því mótmælt að 3. og 4. gr. samþykktar ILO nr. 98, um beitingu grundvallarreglna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega, eigi hér við. Fjallar 3. gr. um félagafrelsið og að það skuli í heiðri haft. Fjallar 2. gr. samþykktarinnar um vernd félaga vinnuveitenda og verkamanna gegn afskiptum við stofnun, starfsemi og stjórn. Hefur félagafrelsið á engan hátt verið skert með bráðabirgðalögunum. Fráleitt er að túlka orðið „starfsemi" svo vítt að stjórnvöldum sé óheimilt vegna efnahagsástæðna, hagsmuna þjóðarbúsins og launþega að grípa inn í þegar gerða kjarasamninga um skamma hríð.

Í 4. gr. samþykktar ILO nr. 98 segir m.a. að þar sem nauðsyn krefur skuli gerðar

ráðstafanir eftir því sem við á hjá hverri þjóð, til þess að hvetja og efla sjálfstæða samninga milli vinnuveitenda og félaga þeirra og verkamanna. Er því sérstaklega mótmælt að um brot á téðri grein sé að ræða. Lagt er í vald hverrar þjóðar til hvaða ráðstafana hún grípur til að hvetja og efla sjálfstæða samninga aðila vinnumarkaðarins. Áður en til þeirra aðgerða kom sem hér um ræðir hafði verið rætt ítarlega við fulltrúa samtaka launafólks, m.a. með tilvísun til laga nr. 13 frá 10. apríl 1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., og reynt með því að ná víðtækri samstöðu. Svo sem fyrr er rakið er félagafrelsi tryggt í 73. gr. íslensku stjórnarskrárinnar. Stangist sett lög á við stjórnarskrána er unnt að fá skorið úr slíkum ágreiningi fyrir íslenskum dómstólum. Eru þeir fullfærir að fjalla um stjórnskipulegt gildi laga enda sjálfstæðir og óháðir stjórnvöldum að öllu leyti, bæði undirréttur og Hæstiréttur Íslands. Grundvallarregla í íslenskum rétti er að stjórnarskráin víkur til hliðar lögum sem brjóta í bága við hana. ASÍ hefur ekki leitað til íslenskra dómstóla með málefni það sem hér um ræðir sem þó hefði verið eðlilegt miðað við þá skoðun sambandsins að bráðabirgðalögin skerði félagafrelsið. Má með gagnályktun líta svo á að kæruefnið hafi einmitt ekki verið borið undir íslenska dómstóla þar sem ASÍ hafi talið vonlaust að málið ynnist.

Niðurstaða.

Á það er lögð áhersla að bráðabirgðalög nr. 14/1988 raska ekki áður gerðum samningum sem fela í sér meiri launahækkanir en í lögunum felast, en launaliðir hækka í samningum sem kveða á um minni launahækkun.

Höfuðmarkmið efnahagsaðgerða ríkisstjórnarinnar í maímánuði var það að hindra með gengisbreytingu rekstrarstöðvun fyrirtækja í útflutningsframleiðslu. Stöðvun þessara fyrirtækja hefði innan mjög skamms tíma leitt til mikils atvinnuleysis. Í íslensku þjóðfélagi hefur ríkt víðtæk samstaða um það markmið að koma með öllum ráðum í veg fyrir atvinnuleysi.

Annað markmiðið með ráðstöfunum var að koma í veg fyrir að stéttarfélög sem ekki höfðu undirritað kjarasamninga gætu knúið fram meiri hækkanir en fólust í þegar gerðum samningum fjölmennustu samtaka launafólks. Hér var einkum um að ræða félög iðnaðarmanna og annarra hærra launaðra starfshópa. Þetta verður að hafa í huga þegar sanngjarnt mat er lagt á þessar aðgerðir.

Í þriðja lagi miðuðu aðgerðirnar að því að skapa eðlilegt jafnvægi í launaþróun allra starfshópa. Byggðu lögin þannig á því að almennar og umsamdar hækkanir fjölmennustu launþegafélaganna tækju til allra launaviðtakenda í landinu. Í þessu fólst t.d. að fiskvinnslufólk fékk samkvæmt lögunum sérstaka hækkun á bónusgreiðslum um 1,4% umfram þegar gerða samninga. Bónusgreiðslur eru almennt um 40% af launum í þessari atvinnugrein. Skrifstofufólk skyldi samkvæmt samningum sínum að lágmarki hækka um 8,7% á tímabilinu til 1. júní en fékk samkvæmt lögunum að lágmarki 10% hækkun. Að því er kjaramálin varðar miðuðu aðgerðirnar ákveðið að því að auka jöfnuð í launaþróun og tryggja hag þeirra sem lægri laun hafa.

Undirbúningur efnahagsaðgerðanna tók nokkurn tíma. Meðal annars reyndi ríkisstjórnin að ná um þær samkomulagi við samtök launafólks. Af því varð lítill sýnilegur árangur. Í reynd varð þó niðurstaðan sú að síðustu dagana fyrir setningu laganna luku nær 60 félög samningum á almennum vinnumarkaði og samkomulag tókst við samtök opinberra starfsmanna um endurskoðun launaákvæða. Meginefni laganna tók því til mjög takmarkaðs hóps launþega í fáum félögum.

Í samningum velflestra verkalýðsfélaga voru endurskoðunarákvæði vegna verðlagshækkana og var fyrri viðmiðunarpunkturinn í júní. Verðlagsbreytingar á fyrri hluta ársins voru nokkru lægri en gert var ráð fyrir og kom því ekki til endurskoðunar. Þessar aðgerðir stuðluðu að því að verðlagsforsendur samninga stóðust að mestu leyti.

Jafnframt voru heimildarákvæði um endurskoðun launaliðar samninga ef hærri grunn-

kaupshækkun fengist í samningum annarra aðila. Bráðabirgðalögin tryggðu að launaforsendur stóðust.

Í lögunum var enn fremur kveðið á um að hækkun persónuafsláttar, sem koma átti til framkvæmda samkvæmt skattalögum 1. júlí, skyldi flýtt um einn mánuð. Þá fólst í lögunum takmörkun á beitingu verðtryggingarákvæða fjárskuldbindinga og kveða þau á um að óheimilt sé að veita ný verðtryggð lán til skemmri tíma en tveggja ára.

Aðgerðir þær sem gripið var til voru óhjákvæmilegar, tímabundnar og tryggja launþegum stöðvun hækkana á gjaldskrám sjálfstætt starfandi aðila, opinberra aðila og verð útseldrar vinnu og þjónustu.

Hníga öll framangreind atriði að því að tryggja kaupmátt launa og hag launþega samhliða tímabundinni kjaraskerðingu.

Ríkisstjórn Íslands taldi að hér væru svo miklir hagsmunir í veði fyrir launafólk almennt, en þó láglaunafólk alveg sérstaklega, að réttlætanlegt væri að tryggja samræmi í kjaraþróun með lögbundinni framlengingu kjarasamninga til sama tíma og samningar stærstu launþegasambandanna náðu til. Þorri félaga hafði þegar samið um og undirgengist friðarskyldu og þannig afsalað sér rétti til verkfalla eða annarra aðgerða til að knýja á um breytingar kjara á samningstímanum. Ákvæði 2. mgr. 4. gr. laganna um bann við verkföllum er í reynd aðeins sérstök birting ákvæða um friðarskyldu gagnvart gildandi kjarasamningum og hafa enga þýðingu umfram það. Þegar þetta er virt getur það ákvæði að mati ríkisstjórnar Íslands með engu móti talist fela í sér brot á starfsréttindum verkalýðsfélaga samkvæmt samþykktum ILO.

Minnt er og á að oft hefur komið til efnahagsaðgerða og lagasetningar um efnahagsmál og kjara- og launamál af svipuðu tagi og hér um ræðir, svo sem rakið er m.a. í greinargerð ASÍ. Aldrei fyrr hefur verið vefengt að slíkt stangaðist á við ákvæði um félagafrelsi, aldrei hefur verið leitað til íslenskra dómstóla með þess háttar mál, og aldrei fyrr hefur komið til álita að slíkt kynni að brjóta í bága við samþykktir ILO. Ísland hefur þó verið aðili að samþykktum ILO, sem hér eru til umfjöllunar, frá 1950 og 1952. Þá má geta þess að margsinnis, bæði hérlendis og erlendis, hefur reynst óhjákvæmilegt að ákveða kaup og kjör með lagasetningu þegar aðilar vinnumarkaðarins koma sér ekki saman og yfirvofandi eru verkföll og efnahagshrun ef stjórnvöld grípa ekki inn í mál. Verður ekki annað séð en stjórnvöld geti á sama hátt gripið inn í þegar gerða kjarasamninga og frestað öðrum um tiltekinn tíma ef efnahagsástand almennt krefst þess. Breytir 4. gr. samþykktar ILO nr. 98 hér engu um.

Í ljósi framangreinds er því mótmælt að fram komin kæra ASÍ til ILO standist efnislega og lagalega.

F.h. ríkisstjórnar Íslands,
Jóhanna Sigurðardóttir
félagsmálaráðherra.

b. Niðurstaða nefndar um félagafrelsi í kærumáli Alþýðusambands Íslands á hendur ríkisstjórn Íslands.

Stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar (ILO) afgreiddi á fundi sínum 28. febrúar 1989 skýrslu nefndar um félagafrelsi[1]). Kæra Alþýðusambands Íslands á hendur ríkisstjórn Íslands vegna setningar bráðabirgðalaga nr. 14/1988, um efnahagsráðstafanir, er meðal þeirra mála sem fjallað er um í skýrslunni. Niðurstaða nefndarinnar er eftirfarandi:

1) Skýrsla nefndar um félagafrelsi er birt í riti Alþjóðavinnumálastofnunarinnar: International Labour Office: Official Bulletin, Vol. LXXII, 1989, series B, No. 1, bls. 36–42.

Kærumál nr. 1458.

KÆRA ALÞÝÐUSAMBANDS ÍSLANDS Á HENDUR RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS

124. Með bréfi dagsettu 14. júní 1988 bar Alþýðusamband Íslands fram kæru á hendur ríkisstjórn Íslands vegna skerðingar á frelsi samtaka launafólks. Ríkisstjórnin gerði grein fyrir málinu af sinni hálfu með bréfi dagsettu 12. desember 1988.

125. Ísland hefur fullgilt samþykkt ILO um félagafrelsi og verndun þess (nr. 87) og samþykkt ILO um beitingu grundvallarreglna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega (nr. 98).

A. Fullyrðing sóknaraðila.

126. Sóknaraðili heldur því fram að bráðabirgðalög um aðgerðir í efnahagsmálum, sem Alþingi Íslendinga samþykkti í maí 1988, samrýmist ekki grundvallarreglum um félagafrelsi.

127. Í 1. gr. laganna er tekið fram að laun og kjaratengdir liðir í öllum kjarasamningum sem voru í gildi hinn 20. maí 1988 ættu að hækka 1. júní 1988, 1. september 1988, 1. desember 1988 og 1. mars 1989 um tiltekna prósentu miðað við launakjör 31. desember 1987. Samningum, þar sem gert var ráð fyrir minni hækkunum, skyldi breytt þannig að í þeim væri miðað við þá prósentu sem mælt er fyrir um. Ákvæði 1. gr. höfðu ekki áhrif á gildandi samninga þar sem gert var ráð fyrir meiri hækkunum en því sem mælt var fyrir um. Með viðeigandi breytingum áttu allir gildandi kjarasamningar að vera í gildi til 10. apríl 1989 og „eru verkbönn, verkföll, þ.m.t. samúðarvinnustöðvanir eða aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi mæla fyrir, óheimil“ (4. gr.). Í öðrum ákvæðum laganna sagði að verð landbúnaðarvara og „gjaldskrár sjálfstætt starfandi sérfræðinga“ skyldu taka sömu hækkunum og tilgreindar eru í 1. gr. (2. og 3. gr.), en einnig var leitast við að hafa stjórn á vöxtum af skammtímalánum (8. gr.).

128. Sóknaraðili heldur því fram að þetta hafi verið í níunda skipti á undanförnum tíu árum sem almenn lög þessa efnis hafi verið sett á Íslandi, „en þá eru ekki með talin lög sem ætlað var að koma í veg fyrir að verkalýðsfélag á tilteknu svæði gæti fengið fram breytingar á launum og launakjörum (kjarasamningum) með verkföllum“. Fyrir árið 1988 höfðu slík lög almenns eðlis verið sett síðast árið 1983. Sóknaraðili bendir einnig á að síðan árið 1978 hafi í sex skipti af níu verið gripið inn í kjarasamninga í krafti 28. gr. stjórnarskrárinnar. Það þýðir að um hafi verið að ræða „bráðabirgðalög“ sem forseti Íslands gefur út „þegar brýna nauðsyn ber til“ í þinghléum. Alþingi verður að samþykkja öll slík lög þegar það kemur saman næst.

129. Sóknaraðili staðhæfir að lögin frá 20. maí 1988 samrýmist hvorki 3. og 8. gr. samþykktar nr. 87 né 3. og 4. gr. samþykktar nr. 98.

130. Fullyrðingu sinni til staðfestu segir sóknaraðili að endurtekin beiting lagasetningar til að breyta gildandi kjarasamningum grafi undan trú launafólks á gildi aðildar að verkalýðsfélögum vegna þess að félagar þeirra eða mögulegir félagar þeirra geti talið að lítið gagn sé að því að styðja og ganga í samtök sem hafa þann megintilgang að vera fulltrúi fyrir félaga sína í kjarasamningum við atvinnurekendur ef löggjafinn nemur þá úr gildi hvað eftir annað með lagasetningu. Slík vantrú gæti þegar til lengri tíma er litið valdið því að verklýðsfélög yrðu lögð niður.

131. Sóknaraðili segir enn fremur að hann hafi verið reiðubúinn til að ræða um efnahagsástand þjóðarinnar við ríkisstjórnina fyrir setningu bráðabirgðalaganna 20. maí 1988. Hann heldur því hins vegar fram að ríkisstjórnin hafi ekki viljað ræða um ákvæði frumvarpsins um kauptaxta og þegar hún hafi orðið vör við að verkalýðsfélögin voru ekki tilbúin til að samþykkja einhliða aðgerð af þessu tagi hafi ríkisstjórnin slitið viðræðunum.

132. Loks lýsir sókaraðili áhyggjum sínum yfir þeim möguleika að endurtekin afskipti ríkisins af frjálsum samningum, ef þeim er ekki mótmælt, „geti leitt til þess að ríkisstjórnir telji það lögmætt athæfi að nema úr gildi samninga um kaup og kjör og samningsréttinn“.

B. Svar ríkisstjórnarinnar.

133. Ríkisstjórnin bendir á að íslenskt efnahagslíf byggist að verulegu leyti á fiskiðnaðinum. Þetta hafi leitt til þess að Íslendingar séu með ríkustu þjóðum heims miðað við landsframleiðslu á mann. En þessi iðnaður sé í eðli sínu sveiflukenndur og það hafi í för með sér meiri sveiflur í þjóðarbúinu hvað varðar landsframleiðslu á mann, verðbólgu o.s.frv. en í flestum öðrum löndum. Efnahagsástand á árunum 1985–87 hafi verið mjög hagstætt en þá hafi landsframleiðsla á mann vaxið verulega, svo og ráðstöfunartekjur. Úlitið fyrir árið 1988 væri hins vegar miklu verra. Dregið yrði úr veiðum og fiskverð hefði lækkað verulega. Áætlanir Þjóðhagsstofnunar bentu til þess að veturinn áður hefði sjávarútvegurinn verið rekinn með halla sem nam um 10% af tekjum og til þess að koma í veg fyrir áframhaldandi hallarekstur væri brýnt að grípa til aðgerða. Stofnunin spáði því einnig að viðskiptahalli væri orðinn nær 5,5% af vergri landsframleiðslu; hann var 3,5% árið 1987 en lítils háttar afgangur varð á viðskiptajöfnuði á árinu 1986.

134. Til þess að koma í veg fyrir áframhaldandi hallarekstur og tryggja atvinnuöryggi var gengi krónunnar fellt um 6% í lok febrúar 1988. Versnandi rekstrarstaða útflutningsatvinnuveganna og aukinn viðskiptahalli leiddu til þess að gengi krónunnar var fellt um 10% þann 16. maí 1988.

135. Á þessu erfiðleikatímabili stóðu atvinnurekendur og verkalýðsfélög innan ASÍ í meiri háttar kjarasamningum. Undir lok mars höfðu flest stærstu verkalýðsfélögin gert nýjan samning við viðkomandi atvinnurekendur eða samtök atvinnurekenda. Í flestum þessara samninga fólst hækkun um 10–14% þegar í stað og frekari hækkanir í júní, september og desember 1988 og mars 1989. Hinn 20. maí hafði verið samið um kaup og kjör við allt launafólk að undanskildum 2–2,5 %.

136. Ríkisstjórnin segir að á tímabilinu frá janúar til maí 1988 hafi hún átt nokkra fundi með aðilum vinnumarkaðarins um stöðu efnahagsmála almennt, en einkum um samninga um kaup og kjör. Ríkisstjórnin vekur sérstaka athygli á fundi með fulltrúum ASÍ 17. og 18. maí. Á síðari fundinum kom í ljós að ASÍ var ekki reiðubúið til að taka þátt í að verja þá launastefnu sem hafði verið samþykkt af mörgum aðildarsamböndum ASÍ. Þar af leiðandi hélt ríkisstjórnin ekki fleiri samráðsfundi með sóknaraðila áður en bráðabirgðalögin voru samþykkt.

137. Ríkisstjórnin heldur því fram að setning bráðabirgðalaganna hafi verið nauðsynleg til þess að gengisbreytingin 16. maí bæri tilætlaðan árangur og til þess að skapa undirstöðugreinum atvinnulífsins viðunandi rekstrarskilyrði. Þessum markmiðum skyldi náð með því: a) að tryggja að kauphækkanir væru í samræmi við það sem um hafði samist í meginatvinnugreinum (sem kom fram í prósentutölum sem tilgreindar voru í 1. gr.); b) að verja kaupmátt lægstu launa og c) að draga úr verðbólguáhrifum gengisbreytingarinnar.

138. Bráðabirgðalögunum frá 20. maí var síðan breytt með bráðabirgðalögum 31. maí, 26. ágúst og 28. september 1988. Í síðastnefndu lögunum eru ákvæði þess efnis: a) að eðlilegir kjarasamningar gætu hafist á ný 15. febrúar 1989 í stað 10. apríl eins og upphaflega hafði verið ráðgert; b) að verð á tilteknum vörum og þjónustu skyldi vera óbreytt til 1. mars 1989 og c) að 2,5% launahækkun, sem taka átti gildi 1. september 1988, kæmi ekki til framkvæmda á gildistíma laganna.

139. Ríkisstjórnin segir að með verðstöðvuninni hafi tekist að minnka verðbólgu niður í 1% á tímabilinu ágúst til október 1988 (í stað 4% eins og spáð hafði verið).

140. Ríkisstjórnin neitar harðlega þeirri ásökun að bráðabirgðalögin frá 20. maí 1988 brjóti í bága við grundvallarreglur um félagafrelsi.

141. Ríkisstjórnin segir að með lögunum hafi á engan hátt verið gripið inn í rétt samtaka launafólks og atvinnurekenda til þess að setja sér lög og reglur, vera algerlega óháð í vali sínu á fyrirsvarsmönnum sínum, skipuleggja stjórn sína og starfsemi og móta starfsáætlanir sínar samkvæmt ákvæðum 3. gr. samþykktar nr. 87. Á sama hátt er því mótmælt að ákvæði 3. eða 4. gr. samþykktar nr. 98 eigi við um setningu bráðabirgðalaganna. Hafi félagafrelsið á engan

hátt verið skert með bráðabirgðalögunum samkvæmt ákvæðum 2. gr. samþykktarinnar og geti þau því ekki talist brjóta í bága við ákvæði 3. gr. Í 4. gr. samþykktar nr. 98 segir að sérhvert ríki hafi vald til að ákveða hvaða ráðstafanir skuli gerðar í því skyni að hvetja til og stuðla að sjálfstæðum samningum milli aðila vinnumarkaðarins. Áður en bráðabirgðalögin voru sett hefði verið rætt ítarlega við verkalýðsfélögin og því væri fráleitt að þau hefðu brotið í bága við ákvæði 4. gr.

142. Ríkisstjórnin bendir einnig á að í 73. gr. stjórnarskrárinnar sé mönnum tryggður réttur til að stofna félög í hvers konar löglegum tilgangi án leyfis. Hefði ASÍ talið að með bráðabirgðalögunum frá 20. maí hefði félagafrelsið verið skert með óréttmætum hætti hefði það átt að leita til íslenskra dómstóla. Það hafi ASÍ ekki gert að áliti ríkisstjórnarinnar vegna þess að „ASÍ hafi talið vonlaust að málið ynnist".

C. Niðurstöður nefndarinnar.

143. Í undirbúningsstarfinu fyrir samþykkt nr. 87 kom greinilega fram að „eitt helsta markmiðið með því að tryggja mönnum frelsi til að stofna félög er að gera atvinnurekendum og launafólki kleift að taka sig saman um að stofna félög sem eru óháð stjórnvöldum og fær um að ákveða kaup og kjör með frjálsum samningum aðila vinnumarkaðarins". [Félagafrelsi og samskipti aðila vinnumarkaðarins, skýrsla VII, Alþjóðavinnumálaþingið, 30. fundur, Genf, 1947, bls. 52.] Þetta bendir sterklega til þess að 3. gr. samþykktar nr. 87 sé m.a. ætlað að vernda réttinn til þátttöku í frjálsum samningum aðila vinnumarkaðarins. Þetta sjónarmið kemur greinilega fram í niðurstöðum nefndarinnar [Útdráttur úr ákvörðunum og vinnureglum nefndar um félagafrelsi sem skipuð er af stjórnarnefnd ILO, 3. útgáfa, 1985, 583. efnisgrein]:

Rétturinn til frjálsra samninga við atvinnurekendur hvað varðar launakjör er ómissandi þáttur af félagafrelsi og ættu verkalýðsfélög að hafa rétt til, með samningum milli aðila vinnumarkaðarins eða öðrum löglegum hætti, að leitast við að bæta lífs- og atvinnuskilyrði þeirra sem verkalýðsfélögin eru fulltrúar fyrir. Stjórnvöld ættu að forðast nokkur afskipti sem hamla á móti þessum rétti eða hindra löglega beitingu hans. Slíkar hömlur mætti telja brot á þeirri reglu að launafólk og atvinnurekendur hafi rétt til að skipuleggja starfsemi sína og móta starfsáætlanir sínar.

Hins vegar má réttilega telja að 4. gr. samþykktar nr. 98 stuðli að frjálsum samningum aðila vinnumarkaðarins.

144. Lögin frá 20. maí 1988 takmörkuðu augljóslega rétt samtaka atvinnurekenda og launafólks til frjálsra kjarasamninga á meðan lögin voru í gildi. Með ákvæðum 4. gr. laganna var gildistími allra gildandi samninga um kaup og kjör framlengdur til 10. apríl 1989 (síðar aðeins til 15. febrúar 1989) og „eru verkbönn, verkföll, þ.m.t. samúðarvinnustöðvanir eða aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi mæla fyrir, óheimil". Í ákvæðum 5. gr. var enn fremur mælt svo fyrir að atvinnurekendum væri óheimilt að hækka „laun, þóknanir og hlunnindagreiðslur hvers konar umfram það sem samið hefur verið um í kjarasamningum og kveðið er á um í lögum þessum".

145. Það virðist því fljótt á litið vera misræmi milli ákvæða laga frá 20. maí 1988 og meginreglna um félagafrelsi. En fleira kemur til.

146. Bæði nefndin um félagafrelsi og sérfræðinganefndin um framkvæmd samþykkta og tillagna hafa viðurkennt að nokkrar takmarkanir megi setja á frelsi aðila vinnumarkaðarins ef brýna efnahagslega nauðsyn þjóðar beri til [sjá útdrátt úr þeirri heimild sem vitnað er í, 639. efnisgrein, og Almennt yfirlit nefndar um félagafrelsi og samninga aðila vinnumarkaðarins, 1983, 315. efnisgrein]. Slíkar hömlur skyldi aðeins setja í undantekningartilvikum og aðeins að því marki sem nauðsynlegt er, án þess að þær standi lengur en í sanngjarnan tíma og ætti jafnframt að gera viðeigandi ráðstafanir til að vernda lífskjör launafólks [útdráttur úr þeirri heimild sem vitnað er í, 641. efnisgrein, og Almennt yfirlit í sama skjali].

147. Ríkisstjórnin hefur tilfært sönnunargögn sem benda til þess að snemma árs 1988 hafi ýmis efnahagsvandi blasað við á Íslandi. Augljóst er að ríkisstjórnin taldi að hún yrði að grípa til róttækra ráðstafana til þess að koma í veg fyrir að ástandið versnaði enn frekar. Ríkisstjórnin segist hafa haft víðtækt samráð við aðila vinnumarkaðarins og verið reiðubúin til frekara samráðs, en afstaða ASÍ hafi komið í veg fyrir það. ASÍ mótmælir síðarnefndu staðhæfingunni en neitar því ekki að við ríkisstjórninni hafi blasað alvarlegt efnahagsástand á þeim tíma.

148. Sóknaraðili bendir á að á undanförnum tíu árum hafi löggjafinn gripið inn í samninga aðila vinnumarkaðarins hvorki meira né minna en níu sinnum. Hins vegar var gripið til þeirra ráðstafana sem ASÍ tilgreinir fimm sinnum á 15 mánaða tímabili frá 1978 til 1979, en afskipti stjórnvalda voru engin frá því að lög nr. 58 frá 1983 gengu úr gildi (að nokkru leyti 31. janúar 1984 og að nokkru leyti 1. júní 1985) og þar til sett voru lög nr. 14 frá 1988. Nefndin gefur einnig gaum að því að sóknaraðili tilgreinir afskipti löggjafans í ótilgreind skipti á afmörkuðum sviðum. Þegar litið er á málið í heild benda þessar tölur vissulega til þess að löggjafinn hafi of ríka tilhneigingu til afskipta af kjarasamningum á Íslandi.

149. Hins vegar gefur nefndin gaum að því að upphaflega var lögunum aðeins ætlað að gilda í 11 mánuði (en sá tími var styttur síðar), að kauphækkanir skv. 1. gr. laganna voru mjög svipaðar þeim sem þegar hafði verið samið um með frjálsum kjarasamningum og að með lögunum hafi verið unnið markvisst að því að hafa hömlur á verðlagi og (í sumum tilvikum) vöxtum.

150. Nefndin tekur engu að síður undir það sjónarmið sóknaraðila að endurtekin beiting laga til að breyta gildandi kjarasamningum eða til að hafa stjórn á efni samninga í framtíðinni grefur undan trú launafólks á gildi aðildar að verkalýðsfélögum. Félagar þeirra eða mögulegir félagar þeirra geti talið að það sé lítið gagn að því að styðja eða ganga í samtök sem hafa þann megintilgang að vera fulltrúi fyrir félaga sína í kjarasamningum við atvinnurekendur ef löggjafinn nemur þá úr gildi hvað eftir annað.

151. Nefndin er ekki hæf til að skera úr um hvort sóknaraðili hefði getað eða hefði ekki getað dregið í efa gildi laganna frá 20. maí 1988 með tilvísun til 73. gr. stjórnarskrár Íslands. Hún bendir hins vegar á að hún hefur ávallt verið þeirrar skoðunar að þótt hún taki tillit til þess hvort sóknaraðili hafi beitt til fulls þeim lagalegu úrræðum sem hann getur gripið til á alþjóðlegum vettvangi er hæfni hennar til að kanna kærur ekki háð því hvort leitað hafi verið allra lagalegra úrræða heima fyrir [útdráttur úr þeirri heimild sem vitnað er í, 31.–33. efnisgrein].

152. Þau málefni sem hér um ræðir snerta augljóslega með hvaða hætti Ísland uppfyllir skyldur sínar samkvæmt samþykktum nr. 87 og 98. Því er viðeigandi að skýrsla nefndarinnar verði send til sérfræðinganefndarinnar um framkvæmd samþykkta og tillagna.

Tilmæli nefndarinnar.

153. Með hliðsjón af ofangreindum niðurstöðum leggur nefndin eftirfarandi tilmæli fyrir stjórnarnefnd ILO til samþykktar:

a. Nefndin gefur gaum að því að lögin frá 20. maí 1988 takmörkuðu rétt aðila vinnumarkaðarins til frjálsra kjarasamninga. Hún hefur einnig áhyggjur af því að þetta var í níunda skiptið sem höfð voru slík afskipti á tíu árum (síðast 1983). Hins vegar telur nefndin að þegar á heildina er litið hafi brýna þjóðarnauðsyn borið til að setja slíkar hömlur, þær hafi verið settar aðeins að því marki sem nauðsynlegt var, þær hafi aðeins verið í gildi um sanngjarnan tíma og jafnframt þeim hafi verið gerðar viðunandi ráðstafanir til að tryggja lífskjör launafólks.
b. Nefndin vekur athygli sérfræðinganefndar um framkvæmd samþykkta og tillagna á skýrslu sinni um þetta mál.

c. Niðurstaða sérfræðinganefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í kærumáli Alþýðusambands Íslands á hendur ríkisstjórn Íslands.

Þar sem Ísland hefur fullgilt bæði alþjóðasamþykkt nr. 87 og 98 var kærumál Alþýðusambands Íslands sent sérfræðinganefnd ILO um framkvæmd alþjóðasamþykkta til umfjöllunar. Félagsmálaráðherra barst bréf frá alþjóðavinnumálaskrifstofunni, dags. 11. september 1989, sem hefur að geyma álit sérfræðinganefndarinnar sem er svohljóðandi:

Samþykkt nr. 98: Réttur til að stofna félög og semja sameiginlega, 1949.

Bein tilmæli 1989.

Ísland (fullgilding: 1952).

Nefndin gefur gaum að skýrslu ríkisstjórnarinnar. Hún gefur einnig gaum að niðurstöðum nefndar um félagafrelsi varðandi kærumál nr. 1458 [262. skýrsla, 124.–153. mgr., samþykkt af stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar á 242. fundi sínum (febrúar til mars 1989)].

Nefndin minnist þess að í beinum tilmælum sínum 1986 benti hún á að sér virtist sem bráðabirgðalögin frá 27. maí 1983 hefðu áhrif á rétt launafólks og atvinnurekenda til frjálsra samninga um kaup og kjör samkvæmt ákvæðum 4. gr. samþykktarinnar og fór þess á leit við ríkisstjórnina að hún upplýsti hvort lögin hefðu verið sett í samráði við viðkomandi stéttarfélög. Í skýrslu sinni um tímabilið til 30. júní 1986 gaf ríkisstjórnin til kynna að hún hefði ekki haft samráð við stéttarfélögin áður en lögin voru sett 1983, einkum vegna þess að hún hefði talið efnahagsástandið svo alvarlegt að henni hefði ekki gefist tími til að hafa slík samráð áður en lögin voru sett. Ríkisstjórnin sagði hins vegar að síðan hefði hún haft samráð við samtök atvinnurekenda og launafólks varðandi öll meiri háttar mál sem tengdust ástandinu á vinnumarkaðnum.

Nefndin gefur gaum að því að svo virðist sem ríkisstjórnin hafi enn haldið þessari stefnu á fyrri hluta ársins 1988. Hins vegar gefur hún einnig gaum að því að í kærumáli nr. 1458 staðhæfði Alþýðusamband Íslands að ríkisstjórnin hefði ekki verið tilbúin til að hafa raunveruleg samráð um væntanlegt frumvarp sitt um efnahagsaðgerðir. Svo virðist sem ríkisstjórnin telji að ASÍ hafi ekki viljað taka þátt í raunverulegum viðræðum. Nefndin hefur ekki aðstöðu til að láta í ljósi neina skoðun á réttmæti afstöðu hvors málsaðila en telur sér skylt að benda á að sú staðreynd að svo djúpstæður ágreiningur ríkir um afstöðu málsaðila til samráðs bendir til þess að starfsreglum um samráð sé að einhverju leyti áfátt.

Nefndin gefur gaum að því að ASÍ heldur því fram að þegar lögin voru sett 20. maí 1988 hafi það verið í níunda skipti á tíu árum sem almenn lög voru sett um afskipti af kjarasamningum. Nefndin gefur einnig gaum að því að ótiltekinn fjöldi laga hafi verið settur í því skyni „að koma í veg fyrir að verkalýðsfélög á tilteknu svæði gætu fengið fram breytingar á launum og launakjörum (kjarasamningum) með verkföllum". Nefndin telur, eins og nefndin um félagafrelsi, að slík endurtekin afskipti löggjafans séu með þeim hætti að ekki sé hægt að skilgreina lögin frá 20. maí 1988 sem ráðstöfun sem gerð sé í undantekningartilviki. Hins vegar telur nefndin einnig að í lögunum frá 1988 hafi verið aðrir fyrirvarar sem teljast nauðsynlegir ef löggjafanum þykir réttlætanlegt að grípa inn í kjarasamninga þegar brýna nauðsyn ber til vegna þjóðarhags. Þar eð nefndin hefur áhyggjur af því að löggjafinn sé of gjarn á að grípa inn í kjarasamninga á Íslandi biður hún ríkisstjórnina um að senda sér upplýsingar um frekari þróun mála á þessu sviði.

Ed. 807. Nefndarálit [420. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, með síðari breytingum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk hún Sigmund Guðbjarnason, rektor Háskóla Íslands, Þórólf Þórlindsson, prófessor við Háskóla Íslands, og Jónas Fr. Jónsson, formann stúdentaráðs Háskóla Íslands, á sinn fund til viðræðna um efni frumvarpsins.

Lagt er til að frumvarpið verði samþykkt án breytinga.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. mars 1990.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Salome Þorkelsdóttir.	Jón Helgason.	Halldór Blöndal.

Fylgiskjal.



Ed. 808. Nefndarálit [265. mál]

um frv. til l. um ábyrgðadeild fiskeldislána.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru við afgreiðslu þess í neðri deild.

Alþingi, 26. mars 1990.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Guðrún Agnarsdóttir.	Eiður Guðnason.	Halldór Blöndal.
	Ey. Kon. Jónsson.	

Sþ. 809. Tillaga til þingsályktunar [464. mál]

um að heimila veiðar á hrefnu.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Skúli Alexandersson.

Alþingi ályktar að skora á sjávarútvegsráðherra að heimila takmarkaðar veiðar á hrefnu sumarið 1990. Veiðarnar skulu stundaðar undir umsjón Hafrannsóknastofnunar í því skyni m.a. að meta ástand og stærð hrefnustofnsins og leggja grundvöll að hagnýtingu hans í atvinnuskyni í samræmi við niðurstöður um veiðiþol hans.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Hún er enn brýnni nú en þá.

Nú um fárra ára skeið hafa veiðar á hrefnu verið bannaðar. Þegar það var gert var talin nokkur óvissa um stærð hrefnustofnsins og töldu jafnvel sumir að hrefnum kynni að hafa fækkað svo við landið að ástæða væri til þess að draga mjög verulega úr veiðum eða jafnvel að hætta þeim. Slíkt var þó alls ekki áformað heldur þvert á móti fyrirhugað að veita veiðiheimildir, en mjög takmarkaðar í samræmi við sérstaka áætlun um veiðar á hrefnu undir stjórn og eftirliti Hafrannsóknastofnunar. Sú áætlun sá hins vegar aldrei dagsins ljós af ýmsum ástæðum.

Árlega hafa menn hins vegar átt á því von að áætlun þessi kæmi fram og veiðar gætu hafist. Það fólk, sem haft hafði lífsviðurværi sitt af veiði og verkun hrefnu og lagt fram verulega fjármuni til þess að byggja upp aðstöðu til veiða og vinnslu, hefur stöðugt lifað í voninni um að þær veiðar, sem sjávarútvegsráðuneytið hafði boðað, gætu hafist. Þessir menn hafa lagt mjög hart að sér við að þrauka og lifað í voninni. Þeir hafa reynt með harðfylgi og atorku að halda við skipum og búnaði í landi og orðið að leggja á sig og fjölskyldur sínar þunga byrði. Sama má segja um aðra sem atvinnu sína áttu undir þessum veiðum. Um var þar að ræða íbúa fámennra byggðarlaga, einkum á Vestur- og Norðurlandi, þar sem atvinnulíf er fábreytt og örðugt. Fólkið á þessum stöðum hefur beðið og vonað ár hvert að takmarkaðar veiðar gætu hafist en ávallt orðið fyrir vonbrigðum.

Á þeim árum, sem liðið hafa án þess að hrefnuveiðar væru stundaðar, hefur ýmis ný vitneskja bæst við um hrefnufjölda við Ísland. Við talningu hefur komið í ljós að hrefnur eru við og umhverfis landið í þúsundatali og eru menn almennt sammála um að engin ástæða sé til að ætla að stofninn sé í hættu heldur bendi þvert á móti allt til þess að meira en óhætt sé að hefja hrefnuveiðar í atvinnuskyni á ný.

Það er ekki nauðsynlegt að halda þeim sem afkomu sína eiga undir hrefnuveiðum í frekari óvissu um framtíð veiðanna og það er ástæðulaust að ganga ekki úr skugga um það með takmörkuðum veiðum að óhætt sé að nýta þessa auðlind sjávarins með eðlilegum og skynsamlegum hætti eins og allt bendir til.

Sþ. 810. Þingsályktun [431. mál]

um samningu rits um kristni á Íslandi í þúsund ár.

(Afgreidd frá Sþ. 26. mars.)

Samhljóða þskj. 752.

Sþ. 811. Tillaga til þingsályktunar [465. mál]

um breytingu á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1989–1992.

(Lögð fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

Alþingi ályktar að árið 1990 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað samkvæmt eftirfarandi vegáætlun.

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN

(Fjárhæðir í m.kr.)

Markaðar tekjur 1990:	
1. Bensíngjald	3211
2. Þungaskattur, km-gjald	980
3. Þungaskattur, árgjald	305
Samtals	4496

II. SKIPTING ÚTGJALDA
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1990	
2.1. Stjórn og undirbúningur:		
1. Skrifstofukostnaður	119	
2. Tæknilegur undirbúningur	90	
3. Umferðartalning og vegaeftirlit	29	
4. Eftirlaunagreiðslur	8	246
2.2. Viðhald þjóðvega:		
1. Sumarviðhald		
1. Viðhald malarvega	316	
2. Viðhald vega með bundið slitlag	331	
3. Viðhald brúa	62	
4. Viðhald varnargarða	12	
5. Heflun vega	162	
6. Rykbinding	54	
7. Vinnsla efnis	184	
8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð	74	
9. Vegmerkingar	22	
10. Umferðaröryggisaðgerðir	23	
	1240	
2. Vetrarviðhald	477	1717
2.3. Til nýrra þjóðvega:		
1. Stofnbrautir		
1. Almenn verkefni	691	
2. Bundin slitlög		
3. Sérstök verkefni	387	
4. Ó-vegir		
5. Höfuðborgarsvæðið		
6. Stórverkefni	576	
	1654	
2. Þjóðbrautir	248	
3. Bundin slitlög á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum	29	
4. Girðingar og uppgræðsla	22	1953
2.4. Til brúagerða:		
1. Brýr 10 m og lengri	123	
2. Smábrýr	22	145
2.5. Til fjallvega o.fl.:		
1. Aðalfjallvegir	14	
2. Aðrir fjallvegir	9	
3. Þjóðgarðavegir o.fl.	7	
4. Vegir á Þingvöllum	6	
5. Reiðvegir	4	40
2.6. Til sýsluvega:		**150**
2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum:		**225**
2.8. Til vélakaupa og áhaldahúsa:		**0**
2.9. Til tilrauna:		**20**
Samtals		4496

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Núgildandi vegáætlun fyrir árin 1989–1990 var samþykkt á Alþingi í maí 1989. Þar var gert ráð fyrir að á þessu ári yrði aflað 5250 m.kr. með mörkuðum tekjustofnum.

Í fjárlögum fyrir árið 1990 er gert ráð fyrir að þessi upphæð verði 4575 m.kr. Þessu til viðbótar er lækkun 79 m.kr. samkvæmt fjáraukalögum. Þá hefur verðlagsþróun orðið nokkuð önnur en gert var ráð fyrir við afgreiðslu vegáætlunarinnar.

Af framangreindum orsökum verður ekki hjá því komist að endurskoða áætlunina fyrir yfirstandandi ár, en regluleg endurskoðun vegáætlunar á samkvæmt vegalögum ekki að fara fram fyrr en á Alþingi 1990–1991.

0. Verðlagsforsendur.

Í þingsályktun um vegáætlun 1989–1992, sem samþykkt var á Alþingi í maí 1989, var reiknað með að meðaltalsvísitala vegagerðar fyrir árið 1990 yrði 4066 stig. Þá var gengið út frá því að meðaltalsvísitala fyrir 1989 yrði 3417 stig og verðhækkun milli ára 19%.

Meðaltalsvísitalan fyrir 1989 varð í raun aðeins lægri eða 3374. Vísitala vegagerðar í febrúar 1990 var komin í 4183 stig og er talið að verðbreytingar vegna tilkomu virðisaukaskatts hafi þá að mestu verið komnar fram. Talið er að breytingin yfir í virðisaukaskatt leiði til rúmlega 7% hækkunar á kostnaði við vegagerð. Samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar mun verðlag hækka um 7% á árinu 1990 og munu hækkanir einkum koma fram á fyrri hluta ársins.

Út frá ofangreindum forsendum hefur meðaltalsvísitala vegagerðar fyrir árið 1990 verið áætluð 4300 stig. Þá hefur að auki verið tekið tillit til endurgreiðslu virðisaukaskatts af sérfræðiþjónustu sem gilda mun að öllum líkindum fyrir ríkisstofnanir í A-hluta. Ekki var gert ráð fyrir öðrum hugsanlegum endurgreiðslum á virðisaukaskatti til Vegagerðarinnar við útreikning vísitölunnar.

1. Fjáröflun.

Í eftirfarandi töflu er sýnd þróunin í bensínsölu undanfarin ár:

Tekjuár	Sala í ml	Aukning í % f.f.á.
1985	129,6	2,8
1986	136,8	5,6
1987	153,8	12,4
1988	164,8	7,1
1989 (12 mán.)	166,4	1,0
1989 (13 mán.)	179,1	

Tekjuár í bensíngjaldi hefur miðast við bensínsölu frá 1. nóvember til 31. október ár hvert, en 1989 var gerð sú breyting á að skilafrestur á gjaldinu var styttur um einn mánuð þannig að á tekjuárinu 1989 var innheimt bensíngjald fyrir 13 mánuði og framvegis nær tekjuárið frá 1. desember til 30. nóvember.

Eins og sjá má hefur dregið verulega úr þeirri árlegu aukningu sem verið hefur í bensínsölu undanfarin ár og er nú reiknað með að bensínsalan 1990 verði mjög svipuð og hún var 1989 eða um 167 ml. Nú þegar liggja fyrir sölutölur fyrir fyrstu tvo mánuði tekjuársins og eru þær í samræmi við þessa spá.

Í júní 1989 ákvað ríkisstjórnin að lækka skyldi bensíngjald af blýlausu bensíni um 8,5%. Sala á blýlausu bensíni var þá um 45% af heildarsölu á bensíni til bifreiða. Í janúar 1990 var

hlutdeild þess komin upp í 51% og líklegt er að hún aukist enn meir og verði um 55% að meðaltali á tekjuárinu 1990.

Bensíngjald var síðast hækkað 1. desember 1989 um 8% eða í 19,39 kr./l. Bensíngjald á blýlausu bensíni var um leið ákveðið 17,74 kr./l.

Gjaldskrá þungaskatts var síðast hækkuð 1. janúar 1990 einnig um 8%. Áfram er gert ráð fyrir óbreyttu magni í þungaskatti frá fyrra ári.

Við breytingu á gjaldskrám ber að hafa eftirfarandi í huga. Bensíngjaldshækkun getur tekið gildi hvenær sem er. Km-gjald þungaskatts þarf að hækka fyrir 11. júní til þess að hækkunin nái til þriðja og síðasta gjaldtímabils tekjuársins. Hækkun á árgjaldi þungskatts þarf að verða fyrir 1. júlí þannig að hún nái til innheimtu gjaldsins fyrir seinni árshelminginn.

Miðað við fyrrgreindar forsendur er ljóst að með óbreyttum gjaldskrám allt tekjuárið 1990 nást ekki þær mörkuðu tekjur, sem þarf til að mæta útgjöldum.

Óbreyttar gjaldskrár munu skila eftirfarandi tekjum miðað við fyrrgreindar forsendur:

Bensíngjald 98 okt. 75,1 ml á 19,39 kr.	1.456	
Bensíngjald 92 okt. 91,9 ml á 17,74 kr.	1.630	3.086
Þungaskattur km-gjald		960
Þungaskattur árgjald		290
	Alls	4.336

Til þess að ná tekjuáætlun mætti hækka þungaskatt um 7,5% í byrjun júní. Möguleikarnir til að hækka bensíngjaldið eru margir en hér eru nefndir nokkrir:

Ef hækkað er:	
1. apríl þarf hækkunin að vera	5,9%
1. maí þarf hækkunin að vera	6,6%
1. júní þarf hækkunin að vera	7,6%
1. júlí þarf hækkunin að vera	9,2%

2. Skipting útgjalda.

Í meðfylgjandi töflu er sýndur samanburður á gildandi vegáætlun, gildandi vegáætlun færð á vegagerðarvísitölu 4300 og tillögu þeirri sem hér liggur fyrir.

	Gildandi vegáætlun 1990 m.kr.	Gildandi vegáætlun á vísit. 4300 m.kr.	Tillaga mars 1990 m.kr.
2.1. Stjórn og undirbúningur	280	296	246
2.2. Viðhald þjóðvega	1880	1988	1717
2.3. Til nýrra þjóðvega	2374	2511	1953
2.4. Til brúagerða	173	183	145
2.5. Til fjallvega o.fl.	43	46	40
2.6. Til sýsluvega	190	201	150
2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum	285	301	225
2.8. Til vélakaupa og áhaldah.	0	0	0
2.9. Til tilrauna	25	26	20
Samtals	5250	5552	4496

Í töflunni kemur fram að allir liðir lækka frá gildandi vegáætlun, en dálítið mismikið. Þannig þykir ekki fært að lækka liðinn til viðhalds þjóðvega hlutfallslega jafnmikið og heildarlækkuninni nemur. Á móti þessu lækka liðirnir til nýrra þjóðvega, til brúagerða, til sýsluvega og til vega í kaupstöðum og kauptúnum hlutfallslega nokkru meira en sem nemur heildarlækkuninni.

Þess ber að geta sérstaklega, að liðurinn vetrarviðhald er óbreyttur frá því sem er í gildandi vegáætlun. Miðað við tíðarfar það sem af er árinu, og snjóþyngsli um mestallt land, þykir ekki fært að lækka fjárveitingu til þessa verkefnis. Þvert á móti gæti orðið fjárvöntun á þessum lið ef tíð verður óhagstæð áfram.

Sé fjármagn samkvæmt þessari tillögu borið saman við undanfarin ár fæst eftirfarandi niðurstaða. Tölur eru á áætluðu meðalverðlagi 1990 (vísitala vegagerðar 4300).

		Þar af	
Ár	Heildarútgjöld til vegamála fjárv. og lánsfé m.kr.	Nýbygging brúa og fjallvega m.kr.	Sumar-viðhald m.kr.
1982	4872	2344	1420
1983	4287	1899	1211
1984	4965	2184	1492
1985	4620	2150	1537
1986	4672	2085	1464
1987	4384	1917	1501
1988	4759	2560	1248
1989	4738[1])	2147[1])	1249
1990	4496	2138	1240

Ath. 1. Tölur samkvæmt vegáætlun að viðbættum fjárveitingum samkvæmt fjáraukalögum 1989.

Tölur innihalda fjárveitingar og lánsfé hvers árs, nema 1989 og 1990, þar er eingöngu um fjárveitingar að ræða.

Með samþykkt vegáætlunar á Alþingi vorið 1989 var mörkuð sú stefna að ráðist skyldi af auknum krafti í ýmis stórverkefni í vegagerð, svo sem jarðgöng, stórbrýr og framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. Þessi stefnumörkun byggði á því, að það aukna fé, sem rynni til vegagerðar, færi í þessi verkefni, þannig að almenn verkefni og bundin slitlög héldu sínum hlut að mestu.

Við þau þröngu efnahagsskilyrði, sem nú ríkja og vegna aðhaldsaðgerða í verðlagsmálum, m.a. í tengslum við kjarasamninga, hefur ekki reynst unnt að auka fjármagnið eins og að var stefnt á þessu ári. Á hinn bóginn er ljóst að aukið fjármagn verður að koma til ef fyrrnefnd stefna á að ná fram. Til að svo verði þarf að nýta markaða tekjustofna til fulls, eða leita nýrra tekjuöflunarleiða. Þessi mál munu koma til kasta Alþingis eigi síðar en við næstu reglulega endurskoðun vegáætlunar.

Sþ. 812. Tillaga til þingsályktunar [466. mál]

um staðfestingu samnings um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi.

(Lögð fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi sem gerður var í Tampere 15. júní 1988, ásamt bókun um beitingu samningsins gagnvart furstadæminu Liechtenstein.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili staðfestingu samnings um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi sem gerður var í Tampere 15. júní 1988. Enn fremur er þess farið á leit að Alþingi heimili fullgildingu bókunar um beitingu samningsins gagnvart Liechtenstein sem var gerð í Tampere sama dag. Samningurinn og bókunin eru birt sem fylgiskjöl með tillögu þessari.

Innan Efnahagsbandalags Evrópu og EFTA hefur verið unnið að því að draga úr tæknilegum viðskiptahindrunum til að stuðla að óhindruðum vöruviðskiptum á evrópska efnahagssvæðinu. Starf þetta hefur einkum beinst að því að samræma framleiðslureglur með samræmdum stöðlum og gagnkvæmri viðurkenningu prófana og gæðavottorða. Með staðfestingu á samræmi er átt við að vörur uppfylli kröfur sem gerðar eru og er þá aðallega átt við grunnkröfurnar um vernd heilsu, öryggis og umhverfis.

Árið 1985 ákvað Efnahagsbandalag Evrópu að setja tilskipanir um þær grundvallarreglur um framleiðsluvörur sem varða heilsu, öryggi og umhverfi. Aðildarríkjum Efnahagsbandalagsins ber skylda til að setja reglur sem uppfylla þau skilyrði sem tilskipanirnar setja. EFTA-ríkin hafa haft samvinnu við bandalagið á mörgum þeim sviðum sem tilskipanirnar ná til, t.d. um byggingarvörur, öryggi leikfanga, öryggi vinnuvéla og fjarskiptanotendabúnað.

Bæði innan Efnahagsbandalagsins og EFTA-ríkjanna ákvarðast öryggis- og gæðareglur á tæknilegum sviðum, t.d. fyrir rafmagnsvörur, af evrópskum stöðlum sem settir eru af evrópsku staðlanefndunum CEN (Comité européen de normalisation) og CENELEC (Comité européen de normalisation électronique). Íslendingar taka þátt í starfi beggja staðlanefndanna.

Eftirlit með samræmdum reglum um öryggi og gæði vara fer fram með sérstökum prófunum á þar til bærum rannsóknastofum. Í mörgum tilfellum eru yfirlýsingar framleiðandans látnar nægja. Rannsóknastofur gefa út vottorð um að vörurnar séu í samræmi við reglur sem settar hafa verið vegna öryggis, heilsu og umhverfis og staðla. Innan Efnahagsbandalagsins hafa samræmdar reglur um prófanir og vottorð verið settar um sífellt fleiri svið. Próf og vottorð frá EFTA-ríkjunum eru almennt ekki viðurkennd innan Efnahagsbandalagsins og þarf því ný próf þegar setja á vöru á markað í einhverju aðildarríki bandalagsins.

Árið 1987 var settur á stofn vinnuhópur innan EFTA til þess að gera drög að stefnu EFTA á þessu sviði. Stefna EFTA um prófanir og vottanir var samþykkt af EFTA-ráðinu 14. janúar 1986, en markmið hennar er að stuðla að frjálsum vöruflutningum m.a. með gagnkvæmum prófunum. Samkvæmt EFTA-stefnunni á, í þeim tilfellum sem vottorð eru gefin út af prófunarstofnun sem beitir alþjóðlega samræmdum aðferðum í einu EFTA-ríki, að

viðurkenna vottorðin í öllum EFTA-ríkjunum. Hvert aðildarríki getur þó við haft eftirlit ef nauðsyn þykir. Við þróun og framkvæmd prófana og skyldra athafna eiga EFTA-ríkin að hafa samvinnu og vinna samhliða Efnahagsbandalaginu. Til að staðfesta að vara sé í samræmi við staðla má samkvæmt stefnu EFTA nota ýmsar aðferðir. Framleiðandinn getur valið þá aðferð sem hentar best fyrir viðkomandi framleiðsluvöru hans.

EFTA er fylgjandi því að skylduprófanir séu takmarkaðar við svið þar sem brýnar öryggiskröfur eða aðrar sambærilegar kröfur vegna almannahagsmuna eru gerðar. Í slíkum tilfellum eiga aðferðir, sem notaðar eru við prófanir, að vera samræmdar bæði innan Evrópu og á alþjóðagrundvelli. Um annað eiginleikamat yrði vísað til staðla og vottunar.

Varðandi framkvæmd prófana og vottana leggur EFTA áherslu á að notaðir séu Evrópustaðlar og þær stofnanir sem fyrir hendi eru.

Til að koma stefnu EFTA í framkvæmd eiga EFTA-ríkin að gera viðeigandi ráðstafanir innan lands. Þau eiga að stuðla að þróun á viðurkenndum rannsóknastofum innan lands og síðar að vottunarstofnunum sem byggja störf sín á viðurkenndum alþjóðlegum aðferðum.

Einn liður í því að framfylgja stefnu EFTA var gerð samningsins sem hér um ræðir. Samningurinn var samþykktur ásamt bókun vegna furstadæmisins Liechtenstein í EFTA-ráðinu 14. apríl 1988 og undirritaður á ráðherrafundi EFTA í Tampere 15. júní 1988. Samningurinn tekur gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir að síðasta staðfestingarskjal EFTA-ríkis er afhent.

Samningurinn ryður í burtu hindrunum vegna prófana og staðfestinga á samræmi vara sem settar eru á markaðinn í öðrum EFTA-ríkjum, en markmið samningsins er jafnframt að stuðla að því að prófanir og rannsóknir, sem gerðar hafa verið í stofnunum í EFTA-ríkjunum, séu gildar fyrir vörur sem eru settar á markaðinn innan Efnahagsbandalagsins.

Samkvæmt 5. gr. samningsins er gert ráð fyrir að ríkisstjórnir samningsríkjanna geti gert samninga um gagnkvæma viðurkenningu prófana og staðfestinga á samræmi á einstökum framleiðslusviðum. Slíka sérsamninga má einnig gera við ríki sem ekki eru aðilar að almenna samningnum. Ekki er séð fyrir samningum á einstökum framleiðslusviðum þar sem þegar er samræmingarkerfi í framkvæmd. Hins vegar er útlit fyrir að slíkir samningar verði gerðir þar sem Efnahagsbandalagið hefur sett tilskipanir um viðkomandi svið. Sérstök nefnd, er mun starfa samkvæmt samningnum, mun síðar ákveða hvaða sérsamningar verða hluti af samningnum.

Í samræmi við þær breytingar, sem væntanlegar eru vegna sameiningar markaðarins í Evrópu og í samræmi við stefnu þá, sem fram kemur í samningi þeim sem hér er lagður fram, er nú unnið að gerð tillagna um fyrirkomulag gagnkvæmrar viðurkenningar á Íslandi. Ljóst er að sérstakrar lagasetningar er þörf og eru tillögur þar að lútandi nú í undirbúningi á vegum iðnaðarráðuneytisins og viðskiptaráðuneytisins.

Frumvarp til laga um stöðlun og tengda starfsemi verður væntanlega lagt fyrir Alþingi á yfirstandandi löggjafarþingi. Í frumvarpinu, sem unnið er á vegum iðnaðarráðuneytisins, er gert ráð fyrir að Staðlaráð Íslands verði gert að sjálfstæðri einkastofnun og að þar verði miðstöð alls stöðlunarstarfs í landinu. Þá er einnig gert ráð fyrir að Staðlaráði verði veittur einkaréttur á útgáfu staðla á Íslandi. Enn fremur þykir rétt að leggja til að Staðlaráð eigi aðild að alþjóðlegu samstarfi um staðlamál fyrir Íslands hönd, en að ráðinu verði heimilt að fela öðrum aðilum þátttöku í slíku samstarfi.

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR
um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi

Lýðveldið Austurríki, lýðveldið Finnland, lýðveldið Ísland, konungsríkið Noregur, konungsríkið Svíþjóð og sambandsríkið Sviss, hér á eftir nefnd samningsríkin,

vilja stuðla að heilsteyptu og öflugu evrópsku efnahagssvæði;

telja að alþjóðleg samræming á stöðlum og tæknilegum reglugerðum, svo og á leiðbeiningum um aðferðir og verklag við prófanir og vottanir, geti verulega stuðlað að óhindruðum viðskiptum með vörur;

telja að slíkri samræmingu verði að fylgja gagnkvæm viðurkenning á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi, og vilja því stuðla að samvinnu milli þeirra aðila sem sjá um prófanir, eftirlit, vottanir og viðurkenningar, og yfirvalda þeirra sem þau mál heyra undir, svo og að því að yfirlýsingar framleiðanda um samræmi verði notaðar;

viðurkenna þá meginreglu að leyfa beri í öðrum samningsríkjum óhindruð viðskipti með vöru og notkun hennar sem löglega er á markaði í einu samningsríki;

viðurkenna að samningur þessi hindrar ekkert samningsríki í að gera samninga um gagnkvæma viðurkenningu á sviði prófana, eftirlits og vottana við önnur ríki;

telja að ekkert ákvæði samnings þessa megi túlka þannig að samningsríkin séu leyst undan skuldbindingum sínum samkvæmt öðrum alþjóðasamningum, svo sem stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), og samningi GATT um tæknilegar viðskiptahindranir sem gerður var innan Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti (GATT);

eru sammála um eftirfarandi:

Almenn ákvæði
1. gr.

1. Samningur þessi gildir um hverjar þær vörur sem fyrirskipað er í hverju samningsríkjanna að skuli prófaðar eða lagðar fram sönnur um samræmi eða sannprófanir áður en þær eru settar á markað eða notaðar.

CONVENTION
on the Mutual Recognition of Test Results and Proofs of Conformity

The Republic of Austria, the Republic of Finland, the Republic of Iceland, the Kingdom of Norway, the Kingdom of Sweden and the Swiss Confederation, hereinafter referred to as the Contracting States,

desiring to contribute to a homogeneous and dynamic European economic space,

considering that the international harmonization of standards and technical regulations and of guidelines for methods and procedures for testing and certification is a valuable contribution to the free movement of products,

considering that this harmonization must be supplemented by mutual recognition of test results and proofs of conformity and desiring therefore to promote co-operation between their testing, inspection, certification and accreditation bodies and concerned authorities as well as the use of suppliers' declarations of conformity,

recognizing that a product lawfully marketed in one Contracting State should in principle be permitted to circulate freely and to be used in the other Contracting States,

recognizing that no Contracting State is prevented by this Convention from concluding mutual recognition agreements in the field of testing, inspection and certification with other countries,

considering that no provision of this Convention may be interpreted as exempting the Contracting States from their obligations under other international agreements such as the Convention establishing the European Free Trade Association (EFTA) and the GATT Agreement on Technical Barriers to Trade set up within the General Agreement on Tariffs and Trade (GATT);

have agreed as follows:

General provisions
Article 1

1. This Convention is applicable to all products, which in any of the Contracting States are subject to mandatory requirements concerning testing or proofs of conformity or other forms of verification or approval before being put on the market or used.

2. Hugtökin sem eru notuð í þessum samningi hafa þá merkingu sem viðurkennd er á alþjóðavettvangi, einkum svo sem segir í skjölum þeim sem eru tilgreind í Viðauka I.

3. Í samningi þessum merkir orðalagið „prófunarniðurstöður“ einnig prófunarskýrslur og „staðfesting á samræmi“ merkir einnig eftirlitsskýrslur, yfirlýsingar framleiðanda um samræmi, samræmisvottorð og samræmismerki, vitnisburð um samræmi og annað það sem leiðir af aðgerðum til að sýna fram á samræmi.

2. gr.

1. Er samningsríki veita samþykki fyrir vörur eða leyfa að þær séu seldar eða notaðar skulu þau tryggja að viðeigandi aðilar á yfirráðasvæði þeirra taki gildar prófunarniðurstöður frá prófunarstofum á yfirráðasvæði annars samningsríkis, sem hafa verið viðurkenndar í samræmi við þau viðmið sem lýst er í skjölum tilgreindum í Viðauka II, án endurtekinnar athugunar.

2. Er samningsríki veita samþykki fyrir vörur eða leyfa að þær séu seldar eða notaðar skulu þau tryggja að viðeigandi aðilar á yfirráðasvæði þeirra taki gildar prófunarniðurstöður og staðfestingar á samræmi frá viðeigandi aðilum í öðru samningsríki samkvæmt samningi sem tilgreindur er í Viðauka III og viðurkenni þær sem jafngildar sínum eigin án endurtekinnar athugunar.

3.1. Viðurkenndar prófunarstofur samkvæmt 1. tl. þessarar greinar, svo og viðeigandi aðilar sem gefa út viðurkenndar prófunarniðurstöður eða staðfestingar á samræmi samkvæmt samningum sem vísað er til í 2. tl. þessarar greinar, skulu samþykktar af fastanefndinni sem fjallað er um í 8. gr. og skráðar í Viðauka IV. Sérhver afturköllun viðurkenningar skal þegar koma fram í Viðauka IV.

3.2. Samningsríkin skulu leita samþykkis fastanefndarinnar við viðurkenndum prófunarstofum á yfirráðasvæði sínu, og kynna henni umfang prófananna og til hverra viðeigandi prófunaraðferða viðurkenningin tekur. Þau skulu ennfremur tilkynna fastanefndinni um sérhverja afturköllun viðurkenningar, tímabundna eða til frambúðar.

2. Terms contained in this Convention shall have internationally accepted meanings, especially as laid down in the documents listed in Annex I to this Convention.

3. For the purpose of this Convention the term "results" includes test reports and the term "proofs of conformity" includes inspection reports, suppliers' declarations of conformity, certificates and marks of conformity, attestations of conformity and other results of actions demonstrating conformity.

Article 2

1. The Contracting States, when granting approval or admitting products to be put on the market or to be used, shall ensure that relevant bodies within their territories accept without re-examination test results from testing laboratories which have been accredited in accordance with the criteria laid down in documents listed in Annex II to this Convention and which are located within the territory of another Contracting State.

2. The Contracting States, when granting approval or admitting products to be put on the market or to be used, shall ensure that relevant bodies within their territories accept and recognize as equivalent to their own without re-examination test results and proofs of conformity from relevant bodies in another Contracting State in accordance with an agreement listed in Annex III to this Convention.

3.1 The accredited testing laboratories referred to in paragraph 1 above, as well as relevant bodies from which test results or proofs of conformity are recognized under agreements referred to in paragraph 2 above shall be endorsed by the Standing Committee referred to in Article 8 and listed in Annex IV. Any withdrawal of accreditation or recognition shall promptly be reflected in Annex IV to this Convention.

3.2 The Contracting States shall present accredited laboratories located within their territories to the Standing Committee for endorsement, indicating the scope of the tests and the relevant test methods for which the accreditations are valid. They shall likewise inform the Standing Committee of any suspension or withdrawal of accreditation.

3.3. Aðilar sem hafa umsjón með framkvæmd samninga þeirra sem fjallað er um í 7. gr. skulu leita samþykkis fastanefndarinnar við þá aðila sem gefa út viðurkenndar prófunarniðurstöður og staðfestingar á samræmi samkvæmt þeim samningum. Þær skulu ennfremur tilkynna fastanefndinni í hvert sinn sem viðurkenning stofnunar samkvæmt slíkum samningi er felld úr gildi, um tíma eða til frambúðar.

3.4. Ef samningsríki óskar þess skal fastanefndin ákveða hvort prófunarstofa eða annar aðili skuli felldur úr skránni í Viðauka IV.

4. Samningsríkjum skal ekki meinað að gera eðlilegar skyndikannanir á yfirráðasvæði sínu.

3. gr.

1. Þegar gildar ástæður benda til að tilteknar prófunarniðurstöður eða staðfestingar á samræmi kunni að vera ófullnægjandi eða rangar, má samningsríki neita að taka slíkar niðurstöður eða staðfestingar gildar.

2. Samningsríki getur gert viðeigandi ráðstafanir til að innkalla vöru eða banna sölu hennar enda þótt hún hafi staðist prófun eða hlotið staðfestingu á samræmi í öðru samningsríki þegar þess er þörf til verndar lífi eða heilbrigði manna, dýra eða jurta, eða til verndar eignum eða umhverfi.

3. Bönn eða takmarkanir sem leiðir af ráðstöfunum samkvæmt 1. eða 2. tl. mega hins vegar ekki vera notuð í þeim tilgangi að koma á gjörræðislegri eða óréttlætanlegri mismunun eða duldum viðskiptahömlum milli samningsríkja.

4. Samningsríki sem grípur til aðgerða samkvæmt þessari grein skal þegar tilkynna þær fastanefnd þeirri sem fjallað er um í 8. gr.

4. gr.

Samningsríkin skulu gera þær eðlilegu ráðstafanir sem þeim eru tiltækar til að tryggja að aðilar á vegum svæðisbundinna stjórnvalda og annarra aðila á yfirráðasvæði þeirra sem ekki starfa á vegum stjórnvalda hlíti ákvæðum samningsins. Samningsríkin skulu auk þess ekki gera ráðstafanir sem hafa beint eða óbeint í för með sér að slíkir aðilar verði eða séu hvattir til að starfa með hætti sem ekki samræmist ákvæðum samnings þessa.

3.3 The administrative bodies of the agreements referred to in Article 7 shall present bodies from which test results or proofs of conformity are recognized under such an agreement to the Standing Committee for endorsement. They shall likewise inform the Standing Committee of any suspension or deletion of such bodies under such an agreement.

3.4 If so requested by a Contracting State the Standing Committee shall decide on the deletion of a testing laboratory or other body from the list in Annex IV.

4. The Contracting States shall not be prevented from carrying out reasonable spot checks within their territories.

Article 3

1. Where there are valid reasons to suspect that specific test results or proofs of conformity are incomplete or incorrect, a Contracting State may refuse to accept such results or proofs.

2. When necessary to protect human, animal or plant life or health, property or the environment a Contracting State may take appropriate measures to recall or prohibit the marketing of a product even if it has passed a test or a procedure of proof of conformity in another Contracting State.

3. Prohibitions and restrictions caused by measures in accordance with paragraphs 1 or 2 must not, however, constitute a means of arbitrary or unjustifiable discrimination or a disguised restriction on trade between the Contracting States.

4. A Contracting State undertaking a measure under this Article shall immediately inform the Standing Committee referred to in Article 8 of such a measure.

Article 4

The Contracting States shall take such reasonable measures as may be available to them to ensure that local government bodies and non-governmental bodies within their territories comply with the provisions of the Convention. In addition, Contracting States shall not take measures which have the effect, directly or indirectly, of requiring or encouraging such bodies to act in a manner inconsistent with the provisions of this Convention.

Samkomulag á einstökum sviðum

5. gr.

1. Samkvæmt samningi þessum er ríkisstjórnum samningsríkjanna frjálst að gera þá samninga sem fjallað er um í 2. tl. 2. gr. Þær mega fela þar til bærum aðilum að gera slíka samninga, ef þessum aðilum er ekki heimilt að lögum að gera slíka samninga. Framkvæmd slíkra samninga innanlands kann að krefjast breytinga á landslögum.

2. Samninga milli þar til bærra aðila sem mæla fyrir um gagnkvæma viðurkenningu á prófunarniðurstöðum og staðfestingum á samræmi má tilgreina í Viðauka III ef þeir samræmast ákvæðum samnings þessa.

3. Samningsríkin skulu tryggja að þar til bærir aðilar á yfirráðasvæði þeirra, sem sækja um eða er boðin aðild að nýjum samningi, tilkynni fastanefndinni þar um.

6. gr.

1. Hvert samningsríkjanna getur lagt til að samningur verði tilgreindur í eða felldur úr Viðauka III.

2. Fastanefndin ákveður hvort samningur verði tilgreindur eða felldur úr Viðauka III.

3. Ef fastanefndin ákveður að tilgreina samning í Viðauka III skal hún miða við hvernig hann samræmist ákvæðum samnings þessa, einkum 7. gr.

4. Fastanefndin getur ákveðið að fella samning úr Viðauka III ef hann samræmist ekki lengur ákvæðum samnings þessa, ef þar til bærir aðilar frá færri en þremur samningsríkjum eiga aðild að honum, eða ef hann gegnir ekki lengur hlutverki sínu.

7. gr.

1. Aðeins má tilgreina samning í Viðauka III ef þar til bærir aðilar frá þremur eða fleiri samningsríkjum eiga aðild að honum.

2. Ákvæði samnings sem tilgreina má í Viðauka III verða hið minnsta að kveða á um eftirfarandi:

(a) vörur eða vöruflokka sem samningurinn tekur til,

(b) kröfur sem gerðar eru til vörunnar,

(c) verklagsreglur um prófun vörunnar eða hvernig staðfest skuli að þær séu í samræmi við viðmiðunarkröfur,

Sectoral Agreements

Article 5

1. The Governments of the Contracting States are entitled under this Convention to conclude the agreements referred to in Article 2 (2). They may entrust competent bodies with the task of concluding such agreements if these bodies are not entitled by law to conclude such agreements. The national implementation of such agreements may necessitate the amendment of national legislation.

2. Agreements between competent bodies that provide for the mutual recognition of test results and proofs of conformity may be included in Annex III to this Convention if they comply with the provisions of this Convention.

3. The Contracting States shall ensure that competent bodies within their territories which initiate or are invited to be a member of a new agreement shall inform the Standing Committee thereof.

Article 6

1. Any Contracting State may propose that an agreement be included in or deleted from Annex III to this Convention.

2. The inclusion of agreements in Annex III to this Convention and the deletion therefrom shall be decided upon by the Standing Committee.

3. The Standing Committee shall base its decision to include an agreement in Annex III to this Convention on the conformity of the agreement with the provisions of this Convention, in particular Article 7 thereof.

4. The Standing Committee may decide to delete an agreement from Annex III to this Convention if it no longer complies with the provisions of this Convention, if competent bodies from less than three Contracting States are members thereof or if it ceases to function.

Article 7

1. Only agreements of which competent bodies from at least three Contracting States are members may be included in Annex III to this Convention.

2. In order to be included in Annex III the provisions of an agreement must contain at least the following:

(a) products or product sectors to be covered;

(b) requirements for the products;

(c) procedures for testing or for proving conformity and stipulation of mutual acceptance;

(d) upplýsingar um það hvernig sú tilhögun sem í samningnum greinir geti komið viðskiptum og framleiðslugreinum til góða,

(e) reglur um umsjón með framkvæmd samningsins,

(f) þátttökuskilyrði sem tryggja að allir aðilar séu jafnréttháir,

(g) verklagsreglur um lausn deilumála.

3. Eftir því sem unnt er skal samningur byggjast á samræmdum kröfum um viðkomandi vöru, um staðfestingu á samræmi og um nauðsynlegar prófunaraðferðir.

4. Sá aðili sem hefur umsjón með framkvæmd hvers samnings skal árlega gefa fastanefndinni skýrslu um framkvæmd hans.

(d) guidance on how trade and industry can benefit from the facilities offered by the agreement;

(e) rules for the administration of the agreement;

(f) conditions for participation ensuring a fair balance of rights and obligations for all parties;

(g) procedures for dispute settlement.

3. Agreements shall, as far as possible, be based on harmonized requirements for the products concerned, for the proofs of conformity and for the necessary test methods.

4. The administrative body of each agreement shall annually report to the Standing Committee on the operation of the agreement.

Fastanefnd

8. gr.

1. Hér með er stofnuð fastanefnd, þar sem hvert samningsríki skal eiga fulltrúa og fara með eitt atkvæði.

2. Fastanefndin skal starfa með samhljóða samþykki nema annað sé ákveðið í samningi þessum. Ákvarðanir og tillögur skulu taldar samþykktar samhljóða nema fulltrúi einhvers samningsríkis greiði þeim mótatkvæði. Ákvarðanir og tillögur sem afgreiða þarf með meirihlutasamþykkt þarfnast samþykkis að minnsta kosti fjögurra samningsríkja.

3. Fastanefndin skal koma saman svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Hvert samningsríkjanna sem er getur óskað eftir fundi.

4. Fastanefndin ákveður eigin starfsreglur og í þeim skulu meðal annars vera ákvæði um boðun funda, val formanns og formennskutíma hans.

5. Fastanefndinni er heimilt að koma á fót hvers konar undirnefnd eða vinnuhóp sem orðið getur henni til aðstoðar við störf sín.

6. Fastanefndin getur boðið áheyrnarfulltrúum og sérfræðingum að sitja einstaka nefndarfundi.

9. gr.

1. Fastanefndin ber ábyrgð á framkvæmd samningsins og að gæta þess að réttilega sé eftir honum farið, en yfirfer auk þess framkvæmd hvers samnings sem er tilgreindur í Viðauka III. Í því skyni skal hún taka ákvarðanir um þau atriði sem kveður á um í samningi þessum og gera auk þess tillögur um hvernig megi stuðla að því að markmiðum með samningnum verði náð.

Standing Committee

Article 8

1. A Standing Committee is hereby established in which each Contracting State shall be represented and have one vote.

2. The Standing Committee shall act by unanimity unless otherwise provided for in this Convention. Decisions and recommendations shall be regarded as unanimous unless any representative of a Contracting State casts a negative vote. Those decisions and recommendations which are to be made by majority vote require the affirmative vote of at least four Contracting States.

3. The Standing Committee shall meet whenever necessary but at least once a year. Any Contracting State may request that a meeting be held.

4. The Standing Committee shall adopt its own rules of procedure which shall, inter alia, contain provisions for the convening of meetings and for the designation of the Chairman and his term of office.

5. The Standing Committee may decide to set up any Sub-Committee or Working Party that can assist it in carrying out its duties.

6. The Standing Committee may invite observers and experts to attend meetings of the Committee.

Article 9

1. It shall be the responsibility of the Standing Committee to administer this Convention and to monitor its proper implementation as well as to review the operation of the agreements included in Annex III to this Convention. For these purposes it shall take decisions in the cases provided for in this Convention as well as make recommendations for the furtherance of the objectives of the Convention.

2. Nú næst ekki sammæli í fastanefndinni um að samþykkja eða afturkalla prófunarstofur eða viðeigandi aðila samkvæmt 3. tl. 2. gr., og skal þá nefndin þegar skipa vinnuhóp til að undirbúa ákvörðun. Hvert samningsríki má tilnefna einn mann í vinnuhópinn. Skal vinnuhópurinn leggja skýrslu sína með niðurstöðum og tillögum fyrir fastanefndina innan þriggja mánaða, en að þeim tíma liðnum skal nefndin afgreiða málið innan tveggja mánaða með meirihluta atkvæða.

3. Óski eitthvert samningsríkjanna þess skal fastanefndin rannsaka aðgerðir sem gripið hefur verið til samkvæmt 3. gr. Hún getur með meirihluta atkvæða gefið út tilmæli um að hvert það samningsríki sem hlut á að slíku tilviki grípi til viðeigandi aðgerða til að sambærileg tilvik endurtaki sig ekki. Eigi skal þetta standa framkvæmd 10. gr. í vegi.

4. Fastanefndin getur gert tillögur um breytingar á texta samnings þessa. Með ákvörðun sinni gerir hún breytingar á viðaukum við samning þennan.

5. Hafi fulltrúi samningsríkis í fastanefndinni samþykkt ákvörðun með fyrirvara um að kröfum stjórnskipunarlaga sé fullnægt skal ákvörðunin öðlast gildi, ef dagsetning er þar ekki tilgreind í fyrirvaranum, á fyrsta degi annars mánaðar eftir að tilkynnt hefur verið um brottfall fyrirvarans.

6. Fastanefndin skal árlega yfirfara framkvæmd og beitingu samnings þessa og hafa í því hliðsjón af markmiðum með honum. Samningsríkin skulu veita nauðsynlegar upplýsingar til að það megi gjöra. Niðurstöður yfirferðanna skulu útgefnar.

Lausn deilumála

10. gr.

1. Nú verður ágreiningur milli einhverra samningsríkja um mál sem hefur áhrif á beitingu samningsins, og getur þá hvert þeirra sem er, ef viðkomandi samningsríki finna ekki á henni fullnægjandi lausn sín á milli, vísað málinu til fastanefndarinnar.

2. Þegar fastanefndin hefur rannsakað málið skal hún leitast við að leysa deiluna á þann hátt sem viðkomandi samningsríki geta fellt sig við.

3. Nú leysist ekki deilan með þessum hætti og getur þá hvert samningsríkjanna óskað þess að málinu verði vísað til dómnefndar óháðra sérfræðinga á vegum stjórnvalda eða annarra sem fastanefndin skipar.

2. If in the Standing Committee a consensus cannot be reached on the endorsement or deletion of a testing laboratory or a relevant body according to Article 2 (3), the Standing Committee shall promptly set up a Working Party with the task of preparing a decision. Each Contracting State may nominate one member to the Working Party. The Working Party shall present its report containing findings and recommendations within three months to the Standing Committee, after which the Standing Committee shall act within two months by majority vote.

3. At the request of a Contracting State, the Standing Committee shall examine cases where measures under Article 3 have been taken. It may recommend by majority vote that any Contracting State involved in such a case take appropriate measures to prevent similar cases from occurring in the future. This shall not prevent the application of Article 10.

4. The Standing Committee may recommend amendments to the text of this Convention. It shall adopt by decision amendments to the Annexes to this Convention.

5. If a representative of a Contracting State in the Standing Committee has accepted a decision with reservation, subject to the fulfilment of constitutional requirements, the decision shall enter into force, if no date is contained therein, on the first day of the second month after notification of the lifting of the reservation.

6. The Standing Committee shall annually review the implementation and operation of the Convention, taking into account the objectives thereof. The Contracting States shall provide the necessary information for the reviews. The results of the reviews shall be published.

Dispute Settlement

Article 10

1. If a dispute arises between any of the Contracting States as to any matter affecting the operation of this Convention and if no satisfactory solution is found between the Contracting States concerned, any of them may refer the matter to the Standing Committee.

2. The Standing Committee shall, after examining the matter, endeavour to reach a settlement of the dispute that is acceptable to the Contracting States concerned.

3. If no such settlement can be reached, any of the Contracting States may request that the matter be referred for examination to a panel of independent governmental or non-governmental experts to be set up by the Standing Committee.

4. Á grundvelli skýrslu dómnefndarinnar, þar sem niðurstöður hennar og tillögur koma fram, skal fastanefndin grípa til viðeigandi ráðstafana með meirihlutaákvörðun. Hún getur, ef málsatvik eru svo alvarleg að þau réttlæti það, heimilað einu eða fleiri samningsríkjanna að fella niður tímabundið framkvæmd skuldbindinga sinna gagnvart öðru samningsríki eins og hún þykir hæfa.

Lokaákvæði

11. gr.

Þegar er samningur þessi öðlast gildi skulu samningsríkin veita fastanefndinni upplýsingar um ráðstafanir sem eru tiltækar eða gerðar sérstaklega til að tryggja framkvæmd samningsins og umsjón með honum. Einnig skal tilkynna fastanefndinni um allar síðari breytingar á slíkum ráðstöfunum.

12. gr.

Viðaukar við samning þennan skulu vera óaðskiljanlegur hluti hans.

13. gr.

Sérhvert samningsríkjanna getur dregið til baka aðild sína að þessum samningi, enda skýri það vörsluaðila frá því skriflega með tólf mánaða fyrirvara og skal hann tilkynna öllum öðrum samningsríkjum þar um.

14. gr.

1. Samningur þessi skal öðlast gildi 1. janúar 1990, enda hafi samningsríkin afhent ríkisstjórn Svíþjóðar, sem fara skal með hlutverk vörsluaðila, staðfestingarskjöl sín fyrir þann dag.

2. Öðlist samningur þessi eigi gildi 1. janúar 1990 skal hann öðlast gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir að síðasta staðfestingarskjal er afhent.

3. Vörsluaðili skal tilkynna samningsríkjunum um dagsetningu afhendingar staðfestingarskjals hvers samningsríkis, svo og dagsetningu gildistöku samningsins.

4. Skrifstofa Fríverslunarsamtaka Evrópu skal veita þjónustu vegna samnings þessa.

15. gr.

Samning þennan, sem gerður er í einu eintaki á ensku, skal afhenda ríkisstjórn Svíþjóðar og skal hún afhenda hverju samningsríki staðfest afrit hans.

4. On the basis of the report of the panel containing its findings and recommendations, the Standing Committee shall, by majority decision, take appropriate action. It may, if the circumstances are serious enough, authorize one or more Contracting States to suspend in respect of any other Contracting State the application of such obligations under this Convention as it considers appropriate.

Final Provisions

Article 11

The Contracting States shall promptly after the entry into force of this Convention inform the Standing Committee of measures in existence or taken to ensure the implementation and administration of this Convention. Any changes of such measures thereafter shall also be notified to the Standing Committee.

Article 12

The Annexes to this Convention shall form an integral part thereof.

Article 13

Any Contracting State may withdraw from this Convention provided it gives twelve months' notice in writing to the depositary which shall notify all other Contracting States.

Article 14

1. This Convention shall enter into force on 1 January 1990 provided that the Contracting States before that date have deposited their instruments of acceptance with the Government of Sweden which shall act as depositary.

2. If this Convention does not enter into force on 1 January 1990 it shall do so on the first day of the second month following the deposit of the last instrument of acceptance.

3. The depositary shall notify the Contracting States of the date of the deposit of the instrument of acceptance of each Contracting State and of the date of the entry into force of the Convention.

4. The Secretariat services for this Convention shall be provided by the EFTA Secretariat.

Article 15

This Convention, which is drawn up in a single copy in the English language, shall be deposited with the Government of Sweden which shall deliver a certified copy thereof to each Contracting State.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

GJÖRT í Tampere 15. júní 1988.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, duly authorized thereto, have signed the present Convention.

DONE at Tampere this fifteenth day of June 1988.

Viðauki I

Skrá yfir skjöl sem fjallað er um í 2. tl. 1. gr.

(a) ISO/IEC Leiðbeiningar 2–1986,
Almenn orð og skilgreiningar um stöðlun og skylda starfsemi.

(b) Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti, Samningur um tæknilegar viðskiptahindranir, Genf 1979, Viðauki 1, Hugtök og skilgreiningar þeirra hvað snertir samning þennan sérstaklega; skilgreiningar á aðila á vegum ríkisvalds eða annarra svæðisbundinna stjórnvalda, og óopinberum aðilum.

Annex I

List of documents on definitions referred to in Article 1 (2)

(a) ISO/IEC Guide 2–1986,
General Terms and their definitions concerning standardization and related activities.

(b) General Agreement on Tariffs and Trade, Agreement on Technical Barriers to Trade, Geneva 1979, Annex 1, Terms and their definitions for the specific purposes of this agreement; definitions of central government body, local government body and non-governmental body.

Viðauki II

Skrá yfir skjöl er lýsa forsendum viðurkenningar sem fjallað er um í 1. tl. 2. gr.

(a) ISO/IEC Leiðbeiningar 25–1982,
Almennar tæknilegar hæfiskröfur til prófunarstofa.

(b) ISO/IEC Leiðbeiningar 38–1983,
Almennar kröfur til viðurkenningar prófunarstofum.

Annex II

List of documents defining accreditation criteria referred to in Article 2 (1)

(a) ISO/IEC Guide 25–1982,
General requirements for the technical competence of testing laboratories.

(b) ISO/IEC Guide 38–1983,
General requirements for the acceptance of testing laboratories.

Viðauki III

Skrá yfir samninga sem fjallað er um í 2. tl. 2. gr.

Annex III

List of agreements referred to in Article 2 (2)

Viðauki IV

Skrá yfir prófunarstofur og viðeigandi aðila sem gefa út prófunarniðurstöður og staðfestingar á samræmi sem eru viðurkenndar samkvæmt samningum sem fjallað er um í 2. gr., tl. 3.1.

Annex IV

List of testing laboratories and relevant bodies from which test results or proofs of conformity are recognized under agreements referred to in Article 2 (3.1)

Fylgiskjal II.

BÓKUN
um beitingu samningsins um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi gagnvart furstadæminu Liechtenstein

Þau ríki, sem undirritað hafa samninginn um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi, og furstadæmið Liechtenstein,

með hliðsjón af því að furstadæmið Liechtenstein og Sviss eru í tollabandalagi samkvæmt samningnum frá 29. mars 1923,

með hliðsjón af því að furstadæmið Liechtenstein óskar eftir því að öll ákvæði samningsins gildi gagnvart því, og hyggst í því skyni og að því leyti sem nauðsynlegt er veita Sviss sérstakt umboð,

eru sammála um eftirfarandi:

1. Samningnum skal beitt gagnvart furstadæminu Liechtenstein meðan það er í tollabandalagi við Sviss og Sviss er aðili að samningnum.

2. Sviss skal koma fram sem fulltrúi Liechtenstein vegna samnings þessa.

3. Bókun þessi skal fullgild af ríkjum þeim sem undir rita og furstadæminu Liechtenstein. Fullgildingarskjölum skal komið til vörslu ríkisstjórnar Svíþjóðar, sem skal tilkynna þar um öllum öðrum samningsaðilum.

4. Bókun þessi skal öðlast gildi þegar fullgildingarskjöl allra samningsaðila hafa verið afhent.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

GJÖRT í Tampere 15. júní 1988, í einu eintaki á ensku, sem afhent skal ríkisstjórn Svíþjóðar, og skal hún afhenda sérhverjum samningsaðila staðfest afrit þess.

PROTOCOL
relating to the Application of the Convention on the Mutual Recognition of Test Results and Proofs of Conformity to the Principality of Liechtenstein

The Signatory States of the Convention on the Mutual Recognition of Test Results and Proofs of Conformity and the Principality of Liechtenstein,

Considering that the Principality of Liechtenstein forms a customs union with Switzerland pursuant to the Treaty of 29 March 1923,

Considering that the Principality of Liechtenstein has expressed the wish that all the provisions of the Convention should be applied to it and to this end, in so far as this is necessary, proposes to give special powers to Switzerland,

Have agreed as follows:

1. The Convention shall apply to the Principality of Liechtenstein as long as it forms a customs union with Switzerland and Switzerland is a Party to the Convention.

2. For the purposes of the Convention, the Principality of Liechtenstein shall be represented by Switzerland.

3. This Protocol shall be ratified by the Signatory States of the Convention and the Principality of Liechtenstein. The instruments of ratification shall be deposited with the Government of Sweden which shall notify all other Contracting Parties.

4. This Protocol shall enter into force on the deposit of instruments of ratification by all Contracting Parties.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, duly authorized thereto, have signed the present Protocol.

DONE at Tampere this fifteenth day of June 1988, in a single copy in the English language which shall be deposited with the Government of Sweden, by which certified copies shall be transmitted to all other Contracting Parties.

Sþ. 813. Tillaga til þingsályktunar [467. mál]

um uppbyggingu og rekstur stóriðjuvers á landsbyggðinni.

Flm.: Egill Jónsson, Halldór Blöndal, Pálmi Jónsson, Eggert Haukdal, Friðjón Þórðarson, Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar að næsta stóriðjuveri skuli valinn staður á landsbyggðinni.

Greinargerð.

Alkunna er að undanfarið hafa átt sér stað viðræður við erlenda aðila um að reisa nýtt álver hér á landi. Á tímabili var gengið út frá því að stækka álverið í Straumsvík. Nú er horfið frá því og Alusuisse út úr myndinni. Eftir að Alumax bættist í Atlantal-hópinn hefur sú spurning vaknað að nýju hvar velja skuli nýrri verksmiðju stað. Flutningsmenn þessarar tillögu telja miklu skipta að umræðan um staðarval slíks stórfyrirtækis fari fram á grundvelli rökstuddra forsendna fyrir því *hvað telja verður hagkvæma þróun byggðar í landinu* næstu áratugi og *hversu stórfelld áhrif staðarvalið* hefur á þá þróun. Því er þessi tillaga flutt enda í samræmi við samþykkt landsfundar Sjálfstæðisflokksins 1989 um að stóriðju verði valinn staður á svokölluðum vaxtarsvæðum landsbyggðarinnar.

Ný byggðastefna.

Á síðasta landsfundi Sjálfstæðisflokksins voru byggðamál rædd ítarlega og þær miklu breytingar sem átt hafa sér stað í atvinnumálum og félagslegu umhverfi í landinu síðasta áratug. Á þeim grunni markaði Sjálfstæðisflokkurinn nýja stefnu í byggðamálum og fylgir ályktun fundarins hér í fylgiskjali.

Samþykkt var að fylgja hinni nýju stefnu eftir með *margvíslegum samræmdum aðgerðum* sem allar væru mikilvægar, en lykilatriði væri að *vaxtagreinar atvinnulífsins — iðnaður og þjónustustarfsemi — yrðu sérstaklega efldar á landsbyggðinni* jafnframt sjávarútvegi og landbúnaði.

Eitt áhrifaríkasta ráð til þess sem stjórnvöld hafa yfir að ráða er staðarval stórfyrirtækja. Slík fyrirtæki rísa yfirleitt ekki nema stjórnvöld semji um það við erlenda aðila eða eigi sjálf yfir að ráða stórum eignarhlut almennings. Þess vegna geta þau haft mun beinni áhrif á staðarval stóriðju og stórfyrirtækja en annars atvinnurekstrar sem að sjálfsögðu er að jafnaði í eigu einstaklinga eða félaga.

Í fyrrgreindri ályktun landsfundar er komist þannig að orði að stóriðju- eða stórfyrirtækjum verði valinn staður á „vaxtarsvæðum landsbyggðarinnar“, en vaxtarsvæði eru þannig skilgreind að með því hugtaki sé átt við þéttbýlisstaði og sveitir sem tengjast með daglegum samgöngum og mynda samfelld atvinnu- og þjónustusvæði.

Mikilvægi staðarvals stórfyrirtækja vegna byggðaþróunar.

Stórfyrirtæki, sem valinn er staður á vaxtarsvæði landsbyggðar, hefði þar víðtæk áhrif á alla þróun atvinnulífs og mannlífs. Ef stórfyrirtæki, sem veitir 700 ný varanleg störf, er valinn staður þar sem skilyrði eru hagstæð fyrir slíkan atvinnurekstur má gera ráð fyrir að mörg störf bættust við í öðrum iðnaði og þjónustu á svæðinu. Þessi svonefndu margfeldisáhrif fara eftir því hvað markaðurinn á viðkomandi svæði fyrir sölu þjónustu og iðnaðarvöru er mikill, þar á meðal þjónustu við viðkomandi fyrirtæki.

Miðað við líkleg margfeldisáhrif í atvinnulífinu úti á landi táknaði þetta varanlega búsetu um 2.500 til 3.500 manns þar. Þannig væri dregið úr hættu á brottflutningi af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins sem þessum íbúatölum næmi.

Áhrif staðarvals stóriðjuvers og virkjana á Fljótsdal, sem þessu tengjast, mundu auk þessa flýta mjög samgöngubótum á Austurlandi og milli Austurlands og Norðurlands.

Á hinn bóginn er augljóst að stórfyrirtæki, sem valinn er staður á höfuðborgarsvæðinu, mundi að öðru óbreyttu hafa í för með sér meiri tilhneigingu til brottflutnings af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins vegna samanburðar í launum o.þ.h. Þar gæti verið um að ræða a.m.k. 2.000 til 2.500 manns. Ef til vill yrðu þessi áhrif mest einmitt á þeim svæðum sem hér hafa verið skilgreind vaxtarsvæði og menn gera sér vonir um að atvinnulíf eflist sérstaklega.

Niðurstaðan er sú að ákvörðun um að velja stórfyrirtæki af áðurgreindri stærð fremur stað á hagstæðustu svæðum landsbyggðarinnar fremur en á höfuðborgarsvæðinu gæti haft í för með sér 4.500 til 6.000 manna heildaráhrif á þróun byggðar í landinu.

Augljóst er því að ákvörðunarvald ríkisstjórnar og Alþingis í þessu efni er eitt af áþreifanlegustu og skjótvirkustu aðgerðum til slíkra áhrifa á byggðaþróun.

Hætta á síauknum flutningi fólks frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins að óbreyttri stefnu.

Fólksflutningar af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins hafa færst mjög í vöxt síðastliðin ár. Á grundvelli þeirrar flutningsreynslu hefur Byggðastofnun reiknað að fólksfjölgun verði einhliða á höfuðborgarsvæðinu næstu tvo áratugi en fólksfækkun í öðrum byggðum landsins sem heild. Þetta kemur fram í eftirfarandi töflu:

Tímabil:	Landsbyggð fækkun íbúa	Höfuðborgarsvæði fjölgun íbúa
Frá 1991–1995	- 1.569	+ 14.140
Frá 1996–2000	- 2.187	+ 13.781
Frá 2001–2005	- 2.761	+ 13.342
Frá 2006–2010	- 3.221	+ 12.808
Samtals 1991–2010	- 9.738	+ 54.071

Til glöggvunar er sýnt á mynd 1 hvernig stærð höfuðborgarsvæðisins mundi breytast á þessu tímabili miðað við þessa framreikninga.

Á það ber að leggja áherslu að þessir framreikningar byggjast á forsendum sem að sjálfsögðu breytast í tímans rás, bæði að því er varðar líklega fólksfjölgun og fólksflutninga. *Í þeim felst því ekki spádómur þótt óneitanlega komi þar fram vísbending um hvert stefnir í þróun byggðar ef svipaðar þjóðfélagsaðstæður ríkja áfram og nú eru.*

Margt bendir til að *búast megi við sívaxandi flutningum fólks af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins að óbreyttri stefnu* og þess vegna sýni framreikningarnir alls ekki ýkta mynd af því við hverju má búast í þessu efni. Ástæðna fyrir þessu er fyrst og fremst að leita í miklum breytingum sem hafa verið og eru að eiga sér stað í grunnatvinnugreinum landsbyggðarinnar, sjávarútvegi og landbúnaði, og þeirri óvissu sem þær breytingar hafa í för með sér fyrir framtíð margra byggðarlaga.

Mynd 1.

Byggðastofnun

STÆRÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

	til 2000	til 2010
Náttúruleg fjölgun	13.300	23.300
Aðflutningur	14.600	30.800
Samtals:	27.900	54.100
Heildaríbúafjöldi	172.200	198.400

Hlutfall höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar



Óhagkvæm þróun höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar.

Verði framangreind þróun á landsbyggðinni í heild er ljóst að í mörgum byggðarlögum og jafnvel héruðum má búast við að fólki fækki verulega. Þetta þýddi að auðlindir og mannvirki nýttust verr en ella og víða yrði skortur á vinnuafli, t.d. við framleiðslu sjávarafurða. Af þessu hlytist félagslegur og efnahagslegur vandi fyrir þjóðarbúið sem yrði því dýr.

Sú óhagkvæmni og sá kostnaður, sem hlýst af hnignun eða stöðun á landsbyggðinni, eru margrædd fyrirbrigði í umræðu um byggðamál. Á hinn bóginn hefur því verið allt of lítill gaumur gefinn að þessi sami brottflutningur er ekki lengur jafnnauðsynlegur og hagkvæmur til eflingar og stækkunar höfuðborginni eins og áður fyrr.

Ör fjölgun á höfuðborgarsvæðinu síðustu áratugi var forsenda þess að Íslendingar eignuðust öfluga miðstöð nýsköpunar í atvinnulífi, viðskipta, menningar, lista, þ.e. höfuðborg, sem gæti gegnt hlutverki sínu á þessum miklu umbrotatímum í lífi þjóðarinnar. Hætt er við að margir hefðu flutt af landi brott ef slík miðstöð hefði ekki eflst svo mjög og notið við á þessum árum. Þá voru þessir aðflutningar hagkvæmir, raunar mætti segja lífsnauðsynlegir eðlilegu þjóðlífi.

Nú er þessu alls ekki lengur til að dreifa. Höfuðborgin er orðin öflug og gegnir hlutverki sínu með reisn. Slíkir aðflutningar eru því alls ekki lengur nauðsynlegir eða hagkvæmir. Þvert á móti má færa gild rök fyrir því að aðflutningur af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins um tæplega 30.000 manns í viðbót við eðlilega fjölgun á svæðinu, sem næmi 25.000 manns, hefði augljóslega kostnaðarsaman vanda í för með sér. Þetta þýddi að flýta þyrfti þar umbótum í gatnakerfi, frárennsli, hitaveitu, mengunarvörnum, sorphirðingu o.s.frv. Þegar haft er í huga að íbúðir og skóla þyrfti að byggja fyrir aðflutta sem skildu oft á tíðum eftir sig vannýtt íbúðarhús og skólamannvirki á landsbyggðinni, hlýtur mönnum að vera ljóst að slíkir fólksflutningar eru höfuðborgarbúum og landsmönnum öllum kostnaðarsamir.

Þjóðhagsleg hagkvæmni felst í eflingu vaxtarsvæða á landsbyggðinni.

Sú byggðaþróun sem búast má við að óbreyttri stefnu hefur því dýrar afleiðingar fyrir þjóðarbúið bæði á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu. Jafnari þróun er augljóslega hagkvæm og því er fórnandi nokkrum fjármunum í aðgerðir sem hvetja til hennar.

Á hinn bóginn er jafnljóst að útilokað er að ná því markmiði að þétta byggð nema með því að leggja sérstaka áherslu á að efla þjónustustugreinar á landsbyggðinni við hlið sjávarútvegs og iðnaðar. Ástæðan fyrir því er einfaldlega sú að þessar greinar hafa veitt og munu veita nær öll ný störf sem verða til í atvinnulífinu.

Þessar atvinnugreinar blómgast best á þeim stöðum eða svæðum þar sem mikill og vaxandi fjöldi fólks getur haft dagleg samskipti. Þetta kemur glöggt fram á mynd 2.

Ný byggðastefna hlýtur að beinast að því að efla slík atvinnusvæði með bættum samgöngum, m.a. með jarðgangagerð og stuðla þar að vexti iðnaðar og þjónustugreina atvinnulífsins. Með því móti er hægt að vænta þess að þróun landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis verði jafnari og hagkvæmari fyrir þjóðarbúið en á horfist að óbreyttri stefnu.

Pólitísk samstaða um þessa nýju grundvallarstefnu í byggðamálum ætti að geta náðst þegar tækifæri verður til þess að ræða hana á Alþingi. Um stóriðjustefnu hafa stjórnmálaflokkar ólíkar skoðanir. Staðarval stóriðju eða stórfyrirtækja er aðeins eitt þeirra ráða sem stjórnvöld geta gripið til í því skyni að hafa áhrif á byggðaþróun. Sé á annað borð ákveðið að koma slíkum fyrirtækjum á fót á það atriði út af fyrir sig ekki að valda pólitískum deilum að staðarval þetta hefur víðtæk áhrif á þróun byggðar í landinu og að þann þátt þarf að meta þegar slíkar ákvarðanir eru teknar.

Mynd 2.



Fylgiskjal.

28. landsfundur Sjálfstæðisflokksins 1989:

Byggðamál.

Ný stefna Sjálfstæðisflokksins í byggðamálum leggur áherslu á átak í atvinnumálum og eflingu vaxtarsvæða með bættum samgöngum á landsbyggðinni.

Sjálfstæðisflokkurinn telur að brýna nauðsyn beri til að endurskoða stefnuna í byggðamálum frá grunni. Jafnari byggðaþróun en verið hefur og stefnir í á næstu áratugum er sameiginlegt hagsmunamál íbúa höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar.

Meginmarkmið nýrrar byggðastefnu Sjálfstæðisflokksins er átak í atvinnu- og samgöngumálum og efling vaxtarsvæða á landsbyggðinni. Með hugtakinu vaxtarsvæði er átt við

þéttbýlisstaði og sveitir, sem tengjast með daglegum samgöngum og mynda þannig samstæð atvinnu- og þjónustuhéruð.

Sjálfstæðisflokkurinn vill að aðgerðir stjórnvalda til að jafna byggðaþróun verði almennar, jákvæðar, hvetjandi og taki mið af breytingum sem orðið hafa og fyrirsjáanlegar eru í atvinnumálum, félags- og menningarmálum þjóðarinnar.

Í samræmi við þessi meginmarkmið leggur Sjálfstæðisflokkurinn áherslu á eftirfarandi aðgerðir til jöfnunar byggðaþróunar og aðstöðu manna til búsetu í landinu:

1. Atvinnuvegirnir verði endurreistir. Almenn efnahagsstjórn taki afdráttarlaust tillit til þess að framleiðslufyrirtæki í landinu skili arði og geti byggt sig upp tæknilega og fjárhagslega þannig að framleiðni aukist.
2. Reglum um stjórn fiskveiða verði beitt þannig að þær hvetji þegar til lengri tíma er litið til hagkvæmni í útgerð, aukins aflaverðmætis og minni tilkostnaðar.
3. Leitast verði við að beita þeim framleiðslutakmörkunum sem landbúnaðurinn býr nú við þannig að búin stækki og hagkvæmni aukist. Jafnframt verði með breyttum búskaparháttum tekið mið af landgæðum. Kannað verði sérstaklega hvaða ráðstafanir séu tiltækar til að tryggja afkomu þess fólks sem hverfa verður frá hefðbundnum búskap vegna þrengri markaðar.
4. Sérstakt átak verði gert til nýsköpunar í uppbyggingu iðnaðar og þjónustugreina á landsbyggðinni við hlið sjávarútvegs og landbúnaðar. Þetta verði gert á vaxtarsvæðum þar sem þéttbýlisstaðir og sveitir tengjast með daglegum samgöngum. Fyrirtækjum verði gefinn kostur á eðlilegri lánafyrirgreiðslu og áhættufjármagni, þannig að sem líkust aðstaða verði til að reka þessi fyrirtæki hvar sem er á landinu. Veitt verði fé til endurskipulagningar, hagræðingar og samruna fyrirtækja á landsbyggðinni þar sem það er talið hagkvæmt.
5. Á sviði samgangna verði lögð áhersla á að stækka og efla vaxtarsvæðin á landsbyggðinni svo að sem flestir geti sótt daglega þjónustu innan þeirra þannig að atvinnulíf á landinu eflist.
6. Skattar af samgöngum verði lækkaðir eða felldir niður með það fyrir augum að lækka kostnað við rekstur samgöngufyrirtækja.
7. Í tengslum við samgöngubætur verði gerðar landshlutaáætlanir um opinberar framkvæmdir, sem hafi það að markmiði að heildarkostnaður við að veita fólki góða heilbrigðisþjónustu, almenna menntun o.s.frv. verði sem lægstur fyrir þjóðfélagið.
8. Stóriðju og stórfyrirtækjum verði valinn staður á vaxtarsvæðum landsbyggðarinnar.
9. Ríkisstofnanir verði fluttar frá höfuðborgarsvæðinu til vaxtarsvæðanna.
10. Á sviði húsnæðismála verði þess gætt eins og kostur er að draga úr áhættu og ótta fólks við að fjárfesta í eigin íbúðarhúsnæði á landsbyggðinni. Leitað verði leiða til þess að húsnæðisskortur standi ekki vexti byggðarlaga þar fyrir þrifum.
11. Hvatt verði til aukinnar frjálsrar samvinnu og samruna sveitarfélaga, verkefni þeirra aukin og tekjur til þess að valda þeim.
12. Sérstaklega verði hlúð að menningar- og listastarfsemi á landsbyggðinni.
13. Leitast verði við að bæta aðstöðu fólks til að njóta opinberrar þjónustu hvar sem menn búa á landinu. Verð á raforku og símaþjónustu verði jafnað, fjölbrautanám á vaxtarsvæðunum eflt og þjónusta við aldraða aukin.

Sjálfstæðisflokkurinn vil treysta búsetu í landinu og jafna aðstöðu í landshlutunum með markvissum aðgerðum. Í því gegna sveitarfélögin viðamiklu hlutverki.

Sjálfstæðisflokkurinn telur brýnt að gagnger hugarfarsbreyting verði í byggðamálum bæði hjá höfuðborgarbúum og landsbyggðarfólki. Undanfarið hafa klögumál og hvers konar brigslyrði gengið á víxl. Slík umræða hlýtur að skaða landsmenn alla. Hún er því út í hött. Borg og byggð eiga að vaxa og dafna eðlilega og styðja hvor aðra. Að því vill Sjálfstæðisflokkurinn vinna með framangreindum hætti.

Ed. 814. Nefndarálit [222. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39/1988, um bifreiðagjald.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fyrsti minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar leggur til að frumvarpið verði fellt og vísar í því efni til álits 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar á þskj. 767.

Alþingi, 27. mars 1990.

Halldór Blöndal, frsm. Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 815. Nefndarálit [222. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 39/1988, um bifreiðagjald.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Annar minni hl. er í sjálfu sér ekki andvígur þeirri tekjuöflun að leggja gjald á bifreiðar en hefur þó margt við framkvæmd þessarar skattlagningar að athuga og ekki síst það hvernig þessum skattpeningum skal varið.

Kvennalistakonur hefðu kosið að bifreiðagjald ákvarðaðist ekki einungis af þyngd bifreiða heldur einnig verðmæti. Með því móti væru tekjujöfnunaráhrif meiri en með því fyrirkomulagi sem nú er boðað. Einnig telja kvennalistakonur hæpið að leggja bifreiðagjald með fullum þunga á bifreiðar sem eru atvinnutæki þar sem skattlagning er ærin fyrir. En það sem vegur þó þyngst er að þrátt fyrir hækkun *allra bifreiðaskatta er dregið úr framlögum til vegamála.*

Samkvæmt nýjum upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu eru áætlaðar heildartekjur af bifreiðasköttum 5.395 m.kr. árið 1990. Á fjárlögum fyrir árið 1990 eru framlög til vegamála 4.575 m.kr. Í fjáraukalögum fyrir árið 1990 var sú upphæð lækkuð um 79 millj. kr. Framlög til vegamála eru nú 4.496 m.kr.

Dæmið lítur þá svona út (í m.kr.):

Áætlaðar heildartekjur af bifreiðasköttum	5.395
Framlög til vegamála árið 1990	4.496
Mismunur	899

Þegar áætlaðar tekjur af bifreiðagjaldi eru um *100 m.kr. hærri* en þessi mismunur þykir 2. minni hl. fráleitt að styðja þetta frumvarp um bifreiðagjald þar sem ekkert af innheimtunni mun renna til vegamála heldur fara beint í ríkissjóð. Kvennalistakonur munu því greiða atkvæði gegn frumvarpinu.

Alþingi, 27. mars 1990.

Guðrún Agnarsdóttir.

Nd. 816. Frumvarp til laga [468. mál]

um breytingu á lögum nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, með síðari breytingum.

Flm.: Anna Ólafsdóttir Björnsson, Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

1. gr.

5. mgr. 40. gr. orðast svo:

Nú skal spyrja barn yngra en 16 ára og skal þá tilkynna það barnaverndarnefnd. Getur nefndin sent fulltrúa sinn til að vera við yfirheyrslurnar. Einnig skal tilkynna foreldri eða forráðamönnum barnsins um yfirheyrslurnar svo fremi að grunur leiki ekki á að þau tengist málinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Börn geta verið mikilvæg vitni í opinberum málum og nauðsynlegt málsins vegna að færa þau til yfirheyrslu. Lögreglunni er skylt ef svo er að leita til barnaverndarnefndar og láta vita af því að barnið verði tekið til yfirheyrslu. Nefndin þarf að veita samþykki sitt og getur sent fulltrúa til að fylgjast með yfirheyrslunni. Það er hins vegar engin trygging fyrir því í núgildandi lögum að foreldrar eða forráðamenn séu látnir vita ef barn þeirra er fært til yfirheyrslu. Það er vissulega alvarlegt mál ef barn tengist brotamáli á einhvern hátt en yfirheyrsla hjá lögreglu er ekki síður alvarlegt mál. Það getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir barnið að vera óstutt á meðal einkennisklæddra lögreglumanna. Návist foreldra eða forráðamanna getur veitt barninu ómetanlegan stuðning þó að ekki sé mælt með að foreldrar eða forráðamenn séu viðstaddir sjálfa yfirheyrsluna.

Í gildandi lögum stendur að tilkynna skuli barnaverndarnefnd um yfirheyrslu barna „ef þess er kostur“. Lagt er til í frumvarpi þessu að það sé *skylda* að tilkynna barnaverndarnefnd ef barn er kallað til yfirheyrslu.

Einnig er lagt til að skylt sé að tilkynna *foreldri* eða *forráðamanni* ef barn er tekið til yfirheyrslu hjá lögreglunni, en ekki einungis barnaverndarnefnd eins og núgildandi lög kveða á um. Ef grunur leikur á að foreldrar eða forráðamenn barnsins tengist málinu sem yfirheyrslan snertir gildir þetta ákvæði ekki.

Sþ. 817. Fyrirspurn [469. mál]

til forsætisráðherra um skýrslu um atvinnumál kvenna á landsbyggðinni.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur og Málmfríði Sigurðardóttur.

1. Með hvaða hætti hyggst ríkisstjórnin fylgja eftir skýrslu þeirri um atvinnumál kvenna á landsbyggðinni sem unnin var á vegum félagsmálaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og landbúnaðarráðuneytis á síðasta ári?
2. Er ætlunin að gefa skýrsluna út? Ef svo er, hvenær má vænta þess að hún líti dagsins ljós?

Ed. 818. Lög [222. mál]

um breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald.

(Afgreidd frá Ed. 27. mars.)

Samhljóða þskj. 774.

Nd. 819. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 82/1989, um málefni aldraðra.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í forsendum fjárlaga fyrir árið 1990 er m.a. gert ráð fyrir sérstöku gjaldi til Framkvæmdasjóðs aldraðra sem á að standa undir fjárveitingu til sjóðsins að upphæð 230.000 þús. kr.

Nú er það ekkert launungarmál að nokkur ágreiningur hefur verið um það meðal stjórnarflokkanna og innan þingsins hvort innheimta skuli gjald þetta með þessum hætti eða eingöngu samkvæmt ákvæðum laga um staðgreiðslu skatta.

Rétt er að minna á að þegar staðgreiðslan var tekin upp féllu niður fjórir smáskattar sem urðu hluti staðgreiðslunnar og hækkaði álagningarhlutfall hennar sem þeim nam. Þessir skattar voru sóknargjald, kirkjugarðsgjald og sjúkratryggingagjald auk hins sérstaka gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra.

Með því að taka einn þessara skatta upp í tengslum við samþykkt nýrra laga um Framkvæmdasjóð aldraðra er verið að fitja að nýju upp á álagningu þessara smáskatta og gefa um leið fordæmi fyrir frekari beitingu þeirra án þess að staðgreiðsluhlutfallið lækki á móti. Með þessu er verið að grafa undan framkvæmd staðgreiðslunnar sem hefur það að markmiði að sem flestir gjaldendur séu jafnan skuldlausir við ríkissjóð. Í núgildandi kerfi eru það eingöngu gjaldendur eignarskatta sem greiða eftir á, sem og þeir sem ekki hafa staðgreitt skatta af tekjum sínum með venjulegum hætti. Allir smáskattar og fráhvarf frá samtímainnheimtu skatta gerir framkvæmd staðgreiðslunnar erfiðari og mun auka fjölda þeirra gjaldenda sem ekki eru gerðir upp að fullu í staðgreiðslunni.

Nú hefur meiri hluti Alþingis samþykkt forsendur fjárlaga og þar með áðurgreint fyrirkomulag á innheimtu gjalds til Framkvæmdasjóðs aldraðra. Það breytir því ekki að þessi tilhögun er órökrétt og óhagkvæm í innheimtu. Fyrsti minni hl. telur því rétt að nákvæm athugun fari fram á álagningu þessa gjalds í framtíðinni og að niðurstöður þeirrar athugunar eigi að liggja fyrir eigi síðar en við 1. umr. fjárlaga fyrir árið 1991. Fyrsti minni hl. nefndarinnar leggur því til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 26. mars 1990.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, varaform., frsm. Guðmundur G. Þórarinsson. Sverrir Sveinsson.

Nd. 820. Nefndarálit [103. mál]

frv. til l. um breyt. á l. nr. 82/1989, um málefni aldraða.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Á síðasta Alþingi voru samþykkt ný heildarlög um málefni aldraða og var um meginefni þeirra laga góð samstaða, svo sem æskilegt er um málefni af því tagi. Hins vegar var með lögunum ákveðið að taka upp á ný sérstakan skatt, svokallaðan nefskatt, í Framkvæmdasjóð aldraðra sem felldur var niður í tengslum við upptöku staðgreiðslukerfis skatta á sínum tíma. Upphaflega var ætlun ríkisstjórnarinnar að skattur þessi yrði upp tekinn og lagður á þegar á árinu 1989, þótt lögin um málefni aldraðra ættu að öðru leyti ekki að taka gildi fyrr en 1. janúar 1990. Þau áform tókst að koma í veg fyrir á síðustu dögum þingsins á liðnu vori.

Við umræður um þetta atriði í neðri deild hinn 20. maí sl. lýsti utanríkisráðherra því yfir að við undirbúning og meðferð þessa máls hefði orðið „slys" og að málið yrði að taka upp aftur nú í haust til að koma í veg fyrir að hinn sérstaki skattur yrði upp tekinn að nýju frá og með árinu 1990.

Frumvarp þetta er samhljóða breytingartillögu flutningsmanna sem flutt var þegar málið var til umfjöllunar í neðri deild á sl. vori. Ákvæði 1. gr. mun tryggja Framkvæmdasjóðnum nákvæmlega þá fjárhæð sem gildandi ákvæði um hinn sérstaka skatt gerir, enda snýst málið ekki um nauðsyn þess að tryggja sjóðnum tekjur heldur um það með hvaða hætti þeirra er aflað.

Í atkvæðagreiðslu um þessa tillögu gerði Ólafur Þ. Þórðarson, þingmaður Framsóknarflokksins, svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

„Ég var fjarverandi afgreiðslu þingflokks Framsóknarflokksins á þessu máli og satt best að segja undrar mig að maður geti átt von á því að í lögum til heilbrigðismála séu bæði tekin fyrir fjáraukalög og skattalög og virðist þá fátt sem mönnum dettur ekki í hug að setja saman í lagatexta. Ég treysti mér ekki til að standa að þeirri ákvörðun að gerbreyta grunni staðgreiðslukerfisins eins og verið er að gera með því að taka nefskattana upp á nýjan leik. Ég segi því já."

Í framhaldi af yfirlýsingum utanríkisráðherra um afstöðu Alþýðuflokksins og greinargerð Ólafs Þ. Þórðarsonar fyrir atkvæði sínu var þess að vænta að ríkisstjórnin beitti sér fyrir breytingu í þessa veru. Það hefur ekki enn orðið. Í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga segir þó að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir breytingu á ákvæðum um Framkvæmdasjóð aldraðra að því er varðar álagningu og ráðstöfun tekna (sbr. frv. til fjárlaga).

Til frekari upprifjunar á efnisatriðum þessa máls er rétt að endurprenta hér kafla úr nefndaráliti minni hluta heilbrigðis- og trygginganefndar deildarinnar um málið á síðasta þingi. Þar sagði:

„Minni hl. leggst hins vegar eindregið gegn þeirri viðbótarskattlagningu á almenning sem ríkisstjórnin hyggst knýja fram með frumvarpi þessu og reynt hefur verið að fara í felur með af hálfu ríkisstjórnarinnar. Hér er í raun verið að hækka tekjuskatta um 200 millj. kr. svo að lítið beri á.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að hinn sérstaki skattur í Framkvæmdasjóð aldraðra verði tekinn upp að nýju og verði 2.500 kr. á mann. Skattur þessi var síðast lagður á með álagningu vegna tekna ársins 1986, en er staðgreiðsla skatta var tekin upp var innheimtu hans hætt og sjóðnum tryggðar samsvarandi tekjur af innheimtu staðgreiðslufé.

Rétt er að minna á að þegar staðgreiðslan var tekin upp féllu niður fjórir smáskattar og urðu hluti staðgreiðslunnar, og hækkaði álagningarhlutfall hennar sem þeim nam. Þessir skattar voru sóknargjald, kirkjugarðsgjald og sjúkratryggingagjald auk hins sérstaka gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra. Hefur ekki orðið vart við að þeir aðilar, sem áður höfðu tekjur af

þessum smásköttum, hafi kvartað um hlutdeild sína í staðgreiðslufénu enda hefur verið tryggilega frá henni gengið.

Með því að taka einn þessara skatta upp að nýju í tengslum við samþykkt þessa frumvarps er að dómi undirritaðra nefndarmanna verið að fara inn á afar óæskilega braut og fordæmi gefið fyrir því að allir gömlu smáskattarnir verði teknir upp að nýju án þess að staðgreiðsluhlutfallið lækki á móti. Með þessu er verið að grafa undan framkvæmd staðgreiðslunnar sem hefur það að markmiði að sem flestir gjaldendur séu jafnan skuldlausir við ríkissjóð. Frumvarpið mun gera það að verkum að alls enginn verður skuldlaus og senda þarf öllum gjaldendum rukkun fyrir gjaldinu eftir á. Í núgildandi kerfi eru það eingöngu greiðendur eignarskatta sem greiða eftir á, sem og þeir sem ekki hafa staðgreitt skatta af tekjum sínum með venjulegum hætti. Er glögg grein gerð fyrir þessu í áliti ríkisskattstjóra sem birt er sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu. Allir smáskattar og fráhvarf frá samtímainnheimtu skatta gerir framkvæmd staðgreiðslunnar erfiðari.

Að auki er alveg skýrt að þeir peningar, sem hér á að innheimta, eru nú þegar teknir af almenningi. Það eru hrein brigð gagnvart gjaldendum að taka þennan skatt upp að nýju og gengur þvert gegn þeim yfirlýsingum sem gefnar hafa verið af öllum þeim sem ábyrgð bera á staðgreiðslukerfinu, upptöku þess og framkvæmd. Eigi að leggja hinn sérstaka skatt á að nýju er að sjálfsögðu lágmarkskrafa að innheimtuhlutfall í staðgreiðslunni lækki á móti.“

Að auki benti minni hl. á hversu óeðlilegt það væri að fela nýja tekjuöflun í ríkissjóð í frumvarpi um faglegt málefni sem efnisleg samstaða væri um að flestu öðru leyti.

Annar minni hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 27. mars 1990.

Þórhildur Þorleifsdóttir, fundaskr.	Friðrik Sophusson, frsm.	Matthías Bjarnason.

Sþ. 821. Fyrirspurn [470. mál]

til fjármálaráðherra um breytingar á húsnæði og starfsmannafjölda í ráðuneytum.

Frá Skúla Alexanderssyni.

Hvaða breytingar hafa orðið frá 26. maí 1983 til 31. des. 1989 á eftirtöldum þáttum hjá aðalskrifstofum ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands? Sundurliðað á ríkisstjórnartímabil og í heild hjá hverju ráðuneyti:

a. Á öllu húsnæði miðað við gólfflöt.
b. Á starfsmannafjölda, lausráðinna jafnt sem fastráðinna.

Skriflegt svar óskast.

Ed. 822. Breytingartillaga [265. mál]

við frv. til l. um ábyrgðadeild fiskeldislána.

Frá Halldóri Blöndal.

Við 4. gr. Orðin „án ríkisábyrgðar“ falli brott.

Ed. 823. Breytingartillaga [265. mál]

við frv. til l. um ábyrgðadeild fiskeldislána.

Frá Guðmundi Ágústssyni, Eiði Guðnasyni, Jóhanni Einvarðssyni og Skúla Alexanderssyni.

Við 4. gr. Á eftir orðinu „eldislán“ komi: án sjálfsskuldarábyrgðar ríkissjóðs, og orðin „án ríkisábyrgðar“ í sömu grein falli brott.

Sþ. 824. Tillaga til þingsályktunar [471. mál]

um viðurkenningu Íslands á fullveldi og ríkisstjórn Litáens.

Flm.: Þorsteinn Pálsson, Ragnhildur Helgadóttir, Guðmundur H. Garðarsson, Ingi Björn Albertsson, Matthías Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen, Halldór Blöndal, Birgir Ísl. Gunnarsson, Geir H. Haarde.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að viðurkenna þegar í stað sjálfstæði og fullveldi Litáens, að viðurkenna ríkisstjórnina þar sem rétta og lögmæta ríkisstjórn Litáens og taka upp stjórnmálasamband við Litáen. Þá felur Alþingi ríkisstjórninni að hvetja til þess að önnur norræn ríki sýni með sama hætti eindreginn stuðning við Litáen.

Greinargerð.

Hinn 11. mars sl. lýsti lýðræðislega kjörið þing Litáens yfir sjálfstæði landsins. Litáen varð upphaflega sjálfstætt ríki árið 1918, sama ár og Íslendingar fengu fullveldi, en var með valdbeitingu innlimað í Sovétríkin í júní 1940 í kjölfar griðasáttmála Hitlers og Stalíns árið áður.

Í hálfa öld hefur Litáen verið á grundvelli valdbeitingar eitt sovétlýðveldanna. Sovétstjórnin viðurkennir ekki enn sjálfstæði Litáens og hefur að undanförnu haft í frammi aðgerðir, m.a. með hernaðarógnun, til að þröngva Litáen til að afturkalla sjálfstæðisyfirlýsingu sína.

Ætla verður að á Íslandi ríki almennur skilningur á sjálfstæðiskröfu Litáa sem eiga merka sögu, eigin tungu og þjóðmenningu. Alþingi hefur þegar að frumkvæði utanríkismálanefndar sent Litáen heillaóskir með sjálfstæðisyfirlýsingu þeirra.

Af hálfu utanríkisráðherra hefur því sjónarmiði verið haldið fram að Íslendingar þurfi ekki að viðurkenna sjálfstæði Litáens formlega þar sem viðurkenning Dana á sjálfstæði ríkisins frá 1921, er þeir fóru með utanríkismál Íslands, sé enn í gildi. Þessi rök geta ekki talist fullnægjandi þegar annars vegar er haft í huga að Litáen hefur verið ófrjálst ríki í hálfa öld og hins vegar að Ísland fékk ekki forræði utanríkismála sinna fyrr en 1944, eftir að Litáen hafði verið innlimað í Sovétríkin. Öll rök hníga þess vegna að því að árétta beri formlega viðurkenningu Íslands á sjálfstæði Litáens og stuðning við ríkisstjórn landsins.

Sþ. 825. Fyrirspurn [472. mál]

til fjármálaráðherra um virðisaukaskatt af snjómokstri.

Frá Árna Gunnarssyni.

Telur fjármálaráðherra sig hafa lagaheimildir til að fella niður virðisaukaskatt af snjómokstri? Ef svo er, hyggst hann nota þær og þá hvenær?

Sþ. 826. Fyrirspurn [473. mál]

til forsætisráðherra um notkun óson-eyðandi efna.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

Hvaða reglur gilda um innflutning og notkun óson-eyðandi efna hér á landi? Til hvaða ráðstafana hefur verið gripið til að draga úr notkun slíkra efna hérlendis?

Sþ. 827. Tillaga til þingsályktunar [474. mál]

um framtíð gamla miðbæjarins í Reykjavík.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

Alþingi ályktar að fela forsetum þingsins að leita þegar í stað eftir samvinnu við borgaryfirvöld í Reykjavík og samtök fólks í miðborginni um að gera þróunaráætlun um framtíð gamla miðbæjarins í Reykjavík.

Greinargerð.

Reykjavík er heimaslóð Alþingis. Borgin er því bæði höfuðborg landsins og allra landsmanna. Það er því mál allra landamanna hvernig borgin okkar þrífst og dafnar. Mál alþingismanna.

Gamli miðbærinn er hjarta höfuðborgarinnar. Hann er í túnfætinum á sjálfu bæjarstæði Ingólfs Arnarsonar landnámsmanns. Þar eru auk Alþingishússins Dómkirkjan og Hæstiréttur ásamt Þjóðleikhúsinu. Margar helstu stofnanir landsins eru þar einnig til húsa og líka mörg fyrirtæki ríkisins. Íslenska ríkið er langumsvifamesti húseigandinn í gamla miðbæ Reykjavíkur og því er Alþingi bæði rétt og skylt að láta málefni miðbæjarins til sín taka.

Gamli miðbærinn í Reykjavík er ekki bara miðborg athafna og opinberrar þjónustu hjá ríkinu. Hann er líka söguleg byggð með fjölmargar minjar um horfið mannlíf. Þar eru bæjarstæði Ingólfs Arnarsonar og innréttingar Skúla Magnússonar. Þar eru frægar byggingar úr Íslandssögunni, svo sem Stjórnarráðið, Menntaskólinn, Hegningarhúsið og sjálft Alþingishúsið. Þar eru mun fleiri þjóðminjar en á nokkrum öðrum stað á landinu.

Að undanförnu hefur hallað undan fæti í gamla miðbænum og heilbrigt athafnalíf á nú þar í vök að verjast. Blómlegt og iðandi mannlíf er á undanhaldi og breyttir verslunarhættir hafa kallað fólkið á aðra staði í borgarlandinu.

Hvert fyrirtækið á fætur öðru hefur flutt sig um set í önnur borgarhverfi eða til næstu sveitarfélaga. Og því miður hafa margir athafnamenn lokað dyrum fyrirtækja sinna á miðborgarsvæðinu í hinsta sinn. Hvítt kalk málað í glugga sölubúða.

Þessi þróun hefur alvarleg áhrif á allar eignir í miðborginni. Húseigendum gengur æ verr að leigja fasteignir sínar og þær lækka í verði þó að skattar séu áfram háir. Ríkið er stærsti húseigandinn í gamla miðbænum og því er það tvímælalaust vandamál fyrir Alþingi ef fasteignir ríkissjóðs lækka í verði. Alþingi ber ábyrgð á eignum ríkisins.

Þannig hafa málin þróast í gamla miðbænum síðustu árin og ekki hefur verið tekið skipulega á til að snúa vörn í sókn. Þess vegna telur flutningsmaður að ekki megi lengur við svo búið una og leggur því til að Alþingi hafi forgöngu um að kalla saman aðila miðborgarinnar til nýrrar sóknar fyrir hjarta höfuðborgarinnar og hjarta landsins.

Ríkissjóður og borgarstjórn í Reykjavík eru stærstu aðilar málsins auk samtaka fólksins á svæðinu þ.e. GM-samtökin, gamli miðbærinn. Þess vegna þurfa þessir aðilar að koma saman

ásamt öðrum sem málið kann að varða og ræða framtíð miðborgarinnar og hvernig megi þróa þar eðlilegt mannlíf og athafnalíf í bland við opinberan rekstur og þjónustu. Miðbær höfuðborgarinnar haldi áfram þeirri reisn sem henni ber og allir landsmenn geta verið stoltir af.

Ríkisstjórnin hafi fyrir hönd Alþingis frumkvæði að því að hrinda þessari áætlun í framkvæmd þegar í stað.

Nd. 828. Frumvarp til laga [475. mál]

um mannanöfn.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

I. KAFLI
Eiginnöfn.

1. gr.

Hverju barni skal gefa eiginnafn, eitt eða tvö.

Þeir sem fara með forsjá barns hafa bæði rétt og skyldu til að gefa því eiginnafn eftir því sem greinir í lögum þessum.

2. gr.

Eiginnafn skal vera íslenskt eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Það má ekki brjóta í bág við íslenskt málkerfi. Eiginnafn má ekki heldur vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama. Hvorki má gefa stúlku karlmannsnafn né dreng kvenmannsnafn.

Óheimilt er að gefa barni ættarnafn sem eiginnafn nema hefð sé fyrir því nafni.

3. gr.

Mannanafnanefnd skv. 17. gr. semur skrá um þau eiginnöfn sem heimil teljast skv. 2. gr. og er hún nefnd mannanafnaskrá í lögum þessum. Hagstofa Íslands gefur skrá þessa út og sendir hana öllum sóknarprestum og forstöðumönnum skráðra trúfélaga. Skrána skal endurskoða eftir því sem þörf er á, en hún skal gefin út í heild ekki sjaldnar en á fimm ára fresti.

4. gr.

Barn getur öðlast nafn við skírn í Þjóðkirkjunni eða í skráðu trúfélagi eða með tilkynningu um nafngjöf til Hagstofu Íslands, Þjóðskrár, prests eða forstöðumanns skráðs trúfélags.

Skylt er að gefa barni nafn innan sex mánaða frá fæðingu þess.

5. gr.

Eigi að gefa barni nafn við skírn sem prestur Þjóðkirkjunnar, forstöðumaður eða prestur skráðs trúfélags á að annast skal forsjármaður þess skýra þeim, um leið og skírnar er óskað, frá nafni því eða nöfnum sem barnið á að hljóta. Sé nafn, sem barn á að hljóta, ekki á mannanafnaskrá skal prestur eða forstöðumaður trúfélags ekki samþykkja það að svo stöddu né veita umbeðna skírn heldur skal málinu skotið til mannanafnanefndar.

Hafi barn verið skírt skemmri skírn má, þegar skírn er lýst eða hún tilkynnt skv. 1. mgr. 4. gr., gefa barni nýtt nafn í stað þess sem því var áður gefið eða annað nafn til viðbótar áður gefnu nafni.

Berist Þjóðskrá tilkynning um eiginnafn, sem er ekki á mannanafnaskrá, skal það ekki skráð að svo stöddu heldur skal málinu skotið til mannanafnanefndar.

6. gr.

Mannanafnanefnd kveður upp úrskurði í þeim málum sem til hennar er vísað skv. 5. gr. Ef felldur er synjunarúrskurður skal forsjármaður barns velja því annað eiginnafn. Skal nafn þá ekki fært á þjóðskrá fyrr en barninu hefur verið gefið eiginnafn sem er á mannanafnaskrá eða mannanafnanefnd samþykkir, sbr. enn fremur ákvæði til bráðabirgða II.

7. gr.

Hafi barni verið gefið eitt nafn við skírn eða með tilkynningu skv. 1. mgr. 4. gr. er forsjármönnum þess heimilt að gefa því annað eiginnafn til viðbótar áður gefnu nafni. Þetta skal gert með tilkynningu til Þjóðskrár eigi síðar en sex mánuðum eftir að frestur til nafngjafar rann út, sbr. 2. mgr. 4. gr.

Hafi barni verið gefið eitt nafn eða tvö við skírn eða með tilkynningu skv. 1. mgr. 4. gr. er dómsmálaráðuneyti heimilt að leyfa að eiginnafni/nöfnum barnsins sé breytt, enda sé ósk borin fram um það af forsjármönnum barnsins eigi síðar en sex mánuðum eftir að frestur til nafngjafar rann út, sbr. 2. mgr. 4. gr.

Dómsmálaráðuneyti er heimilt að leyfa manni nafnbreytingu ef telja verður að nafn hans sé honum til ama eða aðrar gildar ástæður mæli með því.

Sé barn ættleitt eftir að því var gefið nafn má í ættleiðingarbréfi gefa því nýtt eiginnafn í stað hins fyrra eða til viðbótar einu nafni sem það hefur áður hlotið. Sú ákvörðun skal jafnan háð samþykki barnsins sjálfs sé það orðið tólf ára.

Það er skilyrði viðbótarnafngjafar og nafnbreytingar skv. 1.–4. mgr. að hin nýju nöfn séu á mannanafnaskrá eða samþykkt af mannanafnanefnd. Nafnbreyting barns samkvæmt þessari grein er enn fremur háð því skilyrði að séu forsjármenn þess tveir undirriti þeir báðir beiðni um nafnbreytinguna.

8. gr.

Ákvæði 1. og 2. gr. taka ekki til barns, sem fætt er hér á landi, ef bæði faðir og móðir skilgetins barns, eða móðir óskilgetins barns hafa erlent ríkisfang.

Sé annað foreldri barns erlendur ríkisborgari eða hafi verið það er heimilt að barninu sé gefið erlent nafn sem hið síðara af tveimur eiginnöfnum. Heimild þessi er háð þeim skilyrðum að fyrra eiginnafn barnsins fullnægi ákvæðum 2. gr. og að unnt sé að sýna fram á að hið erlenda nafn sé gjaldgengt eiginnafn í heimalandi hins erlenda foreldris þess.

II. KAFLI

Kenninöfn.

9. gr.

Hver maður, sem hefur ekki ættarnafn, sbr. 2. mgr., skal kenna sig til föður eða móður þannig að á eftir eiginnafni eða eiginnöfnum komi nafn föður eða móður í eignarfalli, að viðbættu orðinu son ef karlmaður er, en dóttir ef kvenmaður er.

Íslenskir ríkisborgarar, sem samkvæmt þjóðskrá bera ættarnöfn við gildistöku þessara laga, mega bera þau áfram. Sama gildir um niðja þeirra hvort heldur er í karllegg eða kvenlegg.

Ekki er manni heimilt að bera fleiri en eitt kenninafn, sbr. þó 2. mgr.

Óheimilt er að taka upp nýtt ættarnafn hér á landi.

10. gr.

Erlend kona, sem giftist Íslendingi er ekki hefur ættarnafn, má kenna sig til föður eða móður eiginmanns síns á sama hátt og hann og hún má halda því áfram eftir að hún öðlast íslenskt ríkisfang. Ekki tekur þetta til niðja slíkra hjóna.

Hafi íslensk kona gift Íslendingi tekið upp föðurnafn hans sem kenninafn við búsetu erlendis er henni skylt að leggja það niður við flutning til landsins, sbr. 1. mgr. 9. gr. Sama gildir um börn slíkra hjóna.

Gift kona, sem við gildistöku þessara laga er kennd til föður eða móður eiginmanns síns á þjóðskrá, má gera það áfram.

11. gr.

Barn erlends manns og íslenskrar konu má bera ættarnafn föður síns, kenna sig til móður sinnar eða hafa ættarnafn hennar ef til er. Þá er og heimilt, að fengnu samþykki mannanafnanefndar, að barnið beri íslenskt kenninafn sem lagað er að hinu erlenda eiginnafni föðurins.

12. gr.

Ófeðrað barn skal kennt til móður sinnar, móðurafa síns eða fá ættarnafn móður sinnar ef til er. Gangi móðir barnsins í hjónaband má kenna barnið til stjúpföður síns.

Heimilt er með leyfi dómsmálaráðuneytis að feðrað barn sé kennt til stjúpföður síns. Leitað skal umsagnar kynföður barnsins ef unnt er áður en ákvörðun er tekin um slíkt leyfi.

Þegar barn er ættleitt skal það kennt til kjörforeldris nema kjörforeldri óski eftir því að barnið haldi fyrra kenninafni sínu.

Ákvörðun samkvæmt þessari grein skal jafnan háð samþykki stjúpföður, svo og barnsins sjálfs sé það orðið tólf ára.

13. gr.

Eiginkonu eða eiginmanni er heimilt að bera ættarnafn maka síns meðan hjúskapur stendur og eftir að honum lýkur. Þó getur maður krafist þess að dómsmálaráðuneyti úrskurði að fyrri maka sé óheimilt að bera ættarnafn hans eftir að hann eða hún gengur í annan hjúskap. Sé viðkomandi maður látinn hefur eftirlifandi maki hans sama rétt til að gera þess háttar kröfu. Krafa skal gerð innan sex mánaða frá því að hlutaðeigandi gekk í hjúskap. Dómsmálaráðuneyti reisir úrskurð sinn á því hvort þyngra sé á metum, hagsmunir fyrri maka af því að halda nafni eða þau rök sem fram eru flutt fyrir því að hann hætti að bera fyrra nafn.

14. gr.

Ekki er manni skylt að bera ættarnafn þótt hann hafi rétt til þess. Maður getur fellt niður ættarnafn sem hann hefur borið og kennt sig svo sem segir í 9., 11. og 12. gr., sbr. og 21. gr. Eins getur maður, sem hefur ekki borið ættarnafn en hefur rétt til þess, tekið það upp. Þó er manni óheimilt að gera slíkar breytingar oftar en einu sinni eftir að hann nær sextán ára aldri nema með leyfi dómsmálaráðuneytis, enda mæli sérstakar ástæður með henni. Þessi takmörkun tekur ekki til réttar maka til breytingar kenninafns skv. 2. og 3. mgr.

Þegar maður gengur í hjúskap er honum frjálst að bera áfram það kenninafn sem hann hafði þá, sbr. þó 13. gr., eða taka upp ættarnafn maka síns en óheimilt að bera bæði kenninöfnin.

Hafi maður tekið ættarnafn maka síns er honum frjálst að taka upp að nýju upprunalegt kenninafn sitt þegar hjúskap er lokið. Í öðrum tilvikum er manni, sem hefur eitt sinn hætt að bera ættarnafn, ekki heimilt að taka það upp aftur.

15. gr.

Nú fær maður, er heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans fimmtán ára og yngri, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 100/1952, taka upp íslenskt eiginnafn, sbr. þó 2. mgr. 8. gr., og kenninafn sem samþykkt er af mannanafnanefnd. Börnum hans sextán ára og eldri er þetta einnig heimilt. Maðurinn skal sjálfur taka sér íslenskt eiginnafn ásamt nafni

sem hann ber fyrir er börn hans taka sem kenninafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta eiginnafni sínu og/eða ættarnafni eftir ákvæðum þessara laga. Slík nafnbreyting skal ákveðin samtímis því að dómsmálaráðuneyti gefur út bréf um að hlutaðeigendur öðlist íslenskt ríkisfang. Barni, sem fæðist eftir að foreldri þess hefur fengið íslenskt ríkisfang með lögum, skal gefið íslenskt eiginnafn, sbr. þó 2. mgr. 8. gr., og það skal fá íslenskt kenninafn.

Ákvæði 1. mgr. taka á hliðstæðan hátt til útlendinga sem fá íslenskt ríkisfang skv. 2.–4. gr. laga nr. 100/1952.

16. gr.

Dómsmálaráðuneyti er heimilt að leyfa manni breytingu á kenninafni aðra en þá sem um getur í lögum þessum ef telja verður að kenninafn hans sé honum til ama eða aðrar gildar ástæður mæli með því.

III. KAFLI

Mannanafnanefnd.

17. gr.

Dómsmálaráðherra skipar mannanafnanefnd til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Skulu tveir nefndarmenn skipaðir eftir tilnefningu heimspekideildar Háskóla Íslands en einn eftir tilnefningu lagadeildar Háskóla Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum. Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

18. gr.

Mannanafnanefnd hefur eftirtalin verkefni samkvæmt lögum þessum:

1. Að semja skrá um eiginnöfn sem heimil teljast, sbr. 3. gr.
2. Að vera prestum, forstöðumönnum skráðra trúfélaga, Hagstofunni, dómsmálaráðuneyti og forsjármönnum barna til ráðuneytis um nafngjafir og skera úr álita- og ágreiningsefnum um nöfn, sbr. 2., 5., 6., 7. og 15. gr.
3. Að skera úr öðrum álita- eða ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um nafngjafir, nafnritun o.fl. þess háttar.

Úrskurðir mannanafnanefndar eru fullnaðarúrskurðir. Nefndin skal árlega birta niðurstöður úrskurða sinna.

IV. KAFLI

Skráning og notkun nafna.

19. gr.

Breyting á eiginnafni eða kenninafni samkvæmt lögum þessum tekur ekki gildi fyrr en hún hefur verið færð á þjóðskrá.

Við skráningu kenninafns barns á þjóðskrá skal fara eftir ákvæðum 1. mgr. 9. gr. þessara laga nema fram sé tekið í tilkynningu til Þjóðskrár að barnið skuli bera ættarnafn, sbr. 2. mgr. 9. gr.

Maður, sem við giftingu óskar að taka upp ættarnafn maka síns eða annað kenninafn sem hann á rétt á, skal tilkynna það vígslumanni og færir hann þau tilmæli á hjónavígsluskýrslu til Þjóðskrár.

20. gr.

Fullt nafn manns er eiginnafn hans eða eiginnöfn að viðbættu kenninafni.

Á öllum opinberum skrám og öðrum opinberum gögnum skulu nöfn manna rituð eins og þau eru skráð á þjóðskrá á hverjum tíma.

Í skiptum við opinbera aðila, við samningsgerð, skriflega og munnlega, svo og í öllum lögskiptum skulu menn tjá nafn sitt eins og það er ritað á þjóðskrá á hverjum tíma.

21. gr.

Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, getur heimilað að ritun nafns á þjóðskrá sé breytt án þess að um sé að ræða eiginlega nafnbreytingu. Slík breyting á nafnritun skal fara eftir reglum sem Hagstofan setur að höfðu samráði við mannanafnanefnd. Hver maður getur aðeins fengið slíka breytingu gerða einu sinni nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

22. gr.

Geti maður fært sönnur að því að annar maður noti nafn hans eða nafn sem líkist því svo mjög að villu geti valdið getur hann krafist þess í dómsmáli að hinn sé skyldaður til að láta af notkun nafnsins.

23. gr.

Nú er barni ekki gefið nafn innan þess tíma sem um getur í 2. mgr. 4. gr. og skal Þjóðskrá þá tilkynna það dómsmálaráðherra. Heimilt er ráðherra, að undangenginni skriflegri áskorun, að leggja dagsektir á forsjármann/forsjármenn barns og falla þær á þar til barni er gefið nafn. Dagsektir renna í ríkissjóð og má gera aðför til fullnustu þeirra.

Að öðru leyti varða brot gegn lögum þessum sektum nema þyngri viðurlög liggi við eftir öðrum lögum.

24. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd þessara laga.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru sex mánuðir frá birtingu þeirra.

Jafnframt falla þá úr gildi lög um mannanöfn, nr. 54 27. júní 1925, svo og 67. gr. laga nr. 10/1983.

Dómsmálaráðherra skal þegar eftir birtingu laga þessara gera ráðstafanir til að kynna almenningi efni þeirra.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Dómsmálaráðherra skal svo fljótt sem við verður komið eftir birtingu laga þessara skipa mannanafnanefnd og skal nefndin þá þegar hefjast handa við að undirbúa starfsemi sína og framkvæmd laganna.

II.

Þar til mannanafnaskrá skv. 3. gr. hefur verið gefin út skulu prestar, forstöðumenn skráðra trúfélaga og Hagstofa Íslands skjóta öllum nafngjöfum, sem vafi er á að samrýmist ákvæðum 2. gr., til úrskurðar mannanafnanefndar, sbr. 6. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem menntamálaráðherra skipaði 2. október 1989. Í nefndinni áttu sæti dr. Guðrún Kvaran orðabókarritstjóri, formaður, dr. Ármann Snævarr, fyrrv. hæstaréttardómari, Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri og Svavar Sigmundsson dósent. Með nefndinni hefur starfað Skúli Guðmundsson, skrifstofustjóri Þjóðskrár. Áður

hafði fyrrverandi menntamálaráðherra falið þeim Ármanni Snævarr og Hallgrími Snorrasyni að endurskoða gildandi mannanafnalög en því verki var ekki lokið.

Í skipunarbréfi var nefndinni falið að endurskoða frumvarp til laga um mannanöfn sem lagt var fram á Alþingi sem stjórnarfrumvarp á 91. og 92. löggjafarþingi árið 1971 og vísað var til ríkisstjórnar í síðara skiptið. Auk þessa var í skipunarbréfinu vísað til ályktunar kirkjuþings 1986 um að ráðherra beiti sér fyrir endurskoðun á lögum um mannanöfn.

Við starf sitt hefur nefndin stuðst mest við fyrrgreint stjórnarfrumvarp frá árinu 1971, svo og ýmsar aðrar tillögur og hugmyndir, sem fram hafa komið undanfarin ár, um breytingar á gildandi lögum um mannanöfn frá árinu 1925. Þá hefur nefndin litið til reynslu starfsmanna Þjóðskrár og dómsmálaráðuneytis af nafngjöfum, nafnbreytingum og óskum um nafngjafir og skráningu nafna. Loks hefur nefndin kynnt sér nýlegar breytingar á löggjöf um mannanöfn annars staðar á Norðurlöndum.

Frumvarpið 1971.

Stjórnarfrumvarp það til laga um mannanöfn, sem lagt var fram á Alþingi á árinu 1971, var samið af nefnd sem menntamálaráðherra skipaði árið 1967. Nefndina skipuðu Klemens Tryggvason hagstofustjóri, formaður, prófessorarnir Ármann Snævarr, Einar Bjarnason og Halldór Halldórsson og Matthías Johannessen ritstjóri. Frumvarp þetta var hið vandaðasta. Því fylgdi ítarleg greinargerð og athugasemdir við einstakar greinar auk fjögurra fylgiskjala. Fylgiskjal I bar yfirskriftina: Sögulegt yfirlit, en í því fjallaði Halldór Halldórsson prófessor um þróun nafnaforðans, tvínefni og ættarnöfn og Ármann Snævarr prófessor um löggjöf um mannanöfn hér á landi. Í fskj. II var gerð grein fyrir þróun nafnréttar í grannlöndunum og í fskj. III gerð grein fyrir athugun Hagstofunnar á skírnaraldri barna. Fylgiskjal IV hafði loks að geyma greinargerð hagstofustjóra um hlutverk og starfsreglur Þjóðskrár í sambandi við skráningu mannanafna. Þrjú síðastnefndu fylgiskjölin eru nú röskum tuttugu árum eftir að þau voru samin fyrst og fremst heimildir um grundvöll frumvarpsins og einstaka hluta þess á sínum tíma. Sögulega yfirlitið er hins vegar í fullu gildi enn og má vísa sérstaklega til þess fyrir þá sem vilja fræðast meira um sögu mannanafna og löggjafar um þau, sjá Alþingistíðindi 1970–1971, þskj. 34, bls. 276–285.

Í almennri greinargerð með frumvarpinu 1971 sagði m.a. að nefndin hefði reynt að gera það svo úr garði að íslensk mannanöfn gætu valdið því hlutverki sínu að vera til sem gleggstra auðkenna á mönnum. Þá hafi einnig verið haldið þeirri stefnu að stemma stigu við fleirnefnum en leyfa þó tvínefni og stuðla að því að íslensk mannanöfn væru í samræmi við íslenskt málkerfi og koma í veg fyrir að nöfn verði nafnbera til ama og óþæginda. Lagt væri til að barni skuli valið nafn innan hæfilegs tíma en um það skorti að mestu ákvæði í gildandi lögum. Þá sagði og að ljóst væri að mannanafnalög misstu marks nema tryggilegt eftirlit væri haft með því að nöfn væru valin í samræmi við slík lög. Talið var að með tilkomu Þjóðskrár hefðu fengist úrræði og stofnun sem álitlegt væri að virkja í þessu efni. Þannig var lagt til að nöfn gefin börnum fengjust ekki færð á þjóðskrá nema þau væru lögmæt. Jafnframt skyldi kenninafn barns vera í samræmi við þjóðskrá þannig að barn væri þar annaðhvort kennt til eiginnafns föður eða móður eða hefði ættarnafn þeirra.

Í frumvarpinu var lagt til að stofnuð yrði mannanafnanefnd til að semja skrá um heimil eiginnöfn og úrskurða í ágreiningsmálum um nafngiftir. Nefndin taldi að nafnaskrá sú, sem mannanafnanefnd skyldi semja, yrði óhjákvæmilegur bakhjarl fyrir alla þá sem ættu að framkvæma lögin og hún ætti að geta verið foreldrum til mikils liðsinnis við nafngjafir. Skráin girti á engan hátt fyrir það að önnur nöfn yrðu leyfð en þau sem á henni stæðu en slík nafngjöf yrði þá borin undir mannanafnanefnd.

Í frumvarpinu var hugtakið kenninafn látið taka jafnt til kenningar til eiginnafns föður eða móður í eignarfalli að viðbættu son eða dóttir og til ættarnafns. Í greinargerðinni sagði að nefndin hefði tekið til rækilegrar athugunar þær röksemdir sem uppi hefðu verið með og móti upptöku ættarnafna. Um þetta sagði nefndin m.a. orðrétt: „Í íslenzku þjóðfélagi tíðkast nú tvenns konar nafnakerfi, þ.e. hið forna nafnakerfi með kenningu til föður og svo ættarnafnakerfið. Lög nr. 54/1925 leyfðu tiltekin ættarnöfn, eins og fyrr er greint, þ.e. yfirleitt ættarnöfn, sem upp voru tekin fyrir 1915, og vegna innflutnings manna með erlend ættarnöfn og vegna barneignar erlendra manna með íslenzkum konum, svo og sakir giftinga íslenzkra kvenna og erlendra manna, hefur bætzt við mikill fjöldi ættarnafna síðan lög nr. 54/1925 tóku gildi. Eftirlit með framkvæmd þeirra laga hefur verið næsta máttlítið. Alkunna er, að þau ættarnöfn, sem tekin voru upp á tímabilinu 1915–1925 og hverfa áttu með þeim mönnum, er fengu leyfi til þeirra, og börnum þeirra, hafa haldizt áfram, án þess að stjórnvöld hafi gert neitt til að afstýra því. Liggur nærri að telja, að niðjum þeirra manna hafi, fyrir lagavenju, unnizt réttur á nafni sínu á borð við aðra þá, sem höfðu ættarnöfn fyrir 1915. Stórfelld upptaka nýrra ættarnafna átti sér stað frá því að mannanafnalög 1925 voru sett og þar til Þjóðskrá tók við almannaskráningu 1953–54 án þess að við því væri amazt, þ.e. menn voru á þessu tímabili skráðir á manntal og á opinberar skrár með þeim nöfnum og ekkert var gert til að afstýra slíkri sjálftöku ættarnafna. Ekki er sýnilegt, að almenningur hafi brugðizt öndverður gegn þessu eða krafizt þess með neinum þunga, að lögin yrðu framkvæmd. Alþingi hefur ekki gert neinar ályktanir um efnið, svo að kunnugt sé, og á gildistíma laganna hafa nálega allir stjórnmálaflokkar landsins átt fulltrúa í ríkisstjórn, án þess að gera reka að máli þessu.

Telja verður, að þúsundir manna á landi hér beri ættarnöfn, ýmist svo að þau helgist af ákvæðum laga nr. 54/1925, og er þar um minni hluta að ræða, eða svo, að nöfnin séu í andstöðu við lög nr. 54/1925. Um þessi nöfn er þriggja kosta völ: 1. að framfylgja banni laga nr. 54/1925 og óheimila hlutaðeigendum að bera nöfn sín og eftir atvikum sækja þá til refsingar samkvæmt þeim lögum. Í því sambandi telur nefndin, að þá ætti að breyta lögum nr. 54/1925 í það horf að óheimila öll ættarnöfn, enda fela lögin í sér slíka mismunun á þegnum landsins, að ekki er viðhlítandi. 2. Að láta reka á reiðanum í þessu efni eins og gert hefur verið lengstum. 3. Að endurskoða lögin og leita úrræða, sem hald er í, til að koma þessum málum í bærilegt horf."

Nefndin var á einu máli um að fyrsti kosturinn væri gersamlega óframkvæmanlegur, enda kynnu sum ættarnöfn að hafa unnið sér lagavernd fyrir lagavenju og tómlæti stjórnvalda. Annan kostinn taldi nefndin ósamboðinn íslensku þjóðfélagi. Nefndin aðhylltist því þriðja kostinn, þ.e. að endurskoða lögin, lögmæla ýmsar úrbætur og taka afstöðu til ættarnafnamálsins.

Í greinargerðinni sagði enn fremur að frumvarpið væri á því reist að skylt væri að horfast raunsætt í augu við þann vanda sem steðjað hefði að íslensku nafnakerfi. Frumvarpið byggði og á tillitinu til þeirra sem borið hefðu ættarnöfn átölulaust um langt skeið, enda teldu höfundar þess að nafn væri persónulegt málefni og varðaði tilfinningar manna og að fara bæri með aðgát að lagasetningu um slíkt persónu- og mannréttindasvið. Frumvarpið væri á því reist að farsælast væri, úr því sem komið væri, að tvenns konar nafnakerfi fengju að þróast. Í frumvarpinu var því lagt til að auk kenningar til eiginnafns föður eða móður yrðu ættarnöfn lögmæt. Var þá annars vegar gert ráð fyrir að ættarnöfn, sem íslenskir ríkisborgarar bæru við gildistöku laganna, mættu haldast. Hins vegar var lagt til að heimilt yrði með leyfi dómsmálaráðuneytis að taka upp ný ættarnöfn, enda væru þau íslensk og í samræmi við íslenskt málkerfi.

Afdrif frumvarpsins 1971.

Sem fyrr segir var frumvarp það frá 1971, sem núverandi mannanafnanefnd var falið að endurskoða, lagt fram á tveimur þingum, þ.e. 91. og 92. löggjafarþingi. Í fyrra skiptið dagaði

frumvarpið uppi, en á síðara þinginu var því vísað til ríkisstjórnarinnar að tillögu menntamálanefndar efri deildar. Í nefndaráliti og framsöguræðu fyrir því kom fram að menntamálanefnd teldi að nauðsynlegt væri að endurskoða tillögur frumvarpsins um ættarnöfn. Nefndin væri þeirrar skoðunar að það væri ekki raunsætt að ættarnöfnum manna væri útrýmt með lögum. Á hinn bóginn teldi hún að ekki væri ástæða til þess að leyft yrði að ný ættarnöfn yrðu tekin upp, en með því væru raunverulega opnaðar allar gáttir fyrir fjölgun ættarnafna. Menntamálanefnd væri þeirrar skoðunar að þeim sem þá bæru ættarnöfn ætti að vera leyfilegt að halda þeim, en ekki ætti að leyfa að ný ættarnöfn væru tekin upp. En áður en ákvarðanir yrðu teknar í þessu efni teldi nefndin æskilegt að rannsakað yrði hvort ættarnöfn hefðu verið að vinna á og hvort þeim hefði raunverulega verið að fjölga síðustu áratugina.

Í annan stað taldi menntamálanefnd þá tillögu frumvarpsins orka tvímælis að ættarnöfn gætu gengið í karllegg eingöngu. Hér væri um mismunun kynjanna að ræða og í frumvarpinu væru önnur ákvæði af sama tagi. Sú endurskoðun frumvarpsins, sem nefndin lagði til, skyldi miðuð við að karlar og konur nytu jafnra réttinda í hvívetna á vettvangi mannanafnalaga.

Í trausti þess að ríkisstjórnin legði fyrir næsta Alþingi endurskoðað frumvarp um mannanöfn lagði menntamálanefndin því til að frumvarpinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar. Var tillaga nefndarinnar samþykkt samhljóða. Frumvarpið var hins vegar hvorki endurskoðað né lagt fram að nýju.

Framvinda nafnamála frá 1971.

Staða nafnamála er nú að flestu leyti svipuð því sem var þegar frumvarpið frá 1971 var samið. Vart er hægt að segja að nafnalögunum frá 1925 hafi verið framfylgt með samræmdum og ákveðnum hætti. Af hálfu Þjóðskrár hefur verið reynt að gæta þess að nafngjafir væru í samræmi við gildandi lög og stemma stigu við upptöku ættarnafna. Margir prestar hafa og leitast við að framfylgja lögunum en aðrir hafa verið eftirgefanlegir, enda hefur skort aðhald í þessum efnum og tómlætis gætt í framkvæmd.

Í einu meginatriði má hins vegar telja að breyting hafi orðið á í nafnamálum og hún raunar gert illt verra í því stefnuleysi sem ríkjandi hefur verið. Er þá átt við stóraukin erlend áhrif á nöfn hér á landi. Hér kemur þrennt til að því er virðist. Í fyrsta lagi hafa áhrif erlendra tungumála og siða farið hríðvaxandi hér á landi á undanförnum árum. Í öðru lagi hefur orðið æ algengara að erlendir menn hafi flust til landsins, sest að og eignast hér börn. Í þriðja lagi hefur þeim Íslendingum, sem dveljast í útlöndum við nám eða störf, fjölgað að mun og er drjúgur hluti íslenskra barna fæddur og alinn upp í útlöndum og þeim gefin nöfn þar.

Þessi þróun hefur haft ýmis áhrif gagnstæð gildandi lögum og hefur reynst erfitt að stemma stigu við þeim. Hvað eiginnöfn snertir hefur þess gætt mjög að foreldrar, þegar annað er erlent en hitt íslenskt, vilji gefa börnum sínum erlend nöfn. Sérstaklega er algengt að börnum séu þá gefin tvö nöfn, annað íslenskt og hitt erlent. Jafnframt gætir vaxandi tilhneigingar til að slíkum börnum séu gefin alútlend nöfn eða nöfn sem ekki samrýmast íslensku málkerfi. Loks virðist það færast í aukana að börnum séu gefin þrjú nöfn eða fleiri og má ætla að það megi rekja til erlendra fyrirmynda.

Ekki ber síður á erlendum áhrifum í kenninöfnum. Hér má m.a. nefna að algengt er að börn erlendra karla, sem bera ættarnafn, og íslenskra kvenna séu kennd til föðurins, þ.e. beri ættarnafn hans. Við þetta hefur erlendum ættarnöfnum vafalaust fjölgað nokkuð hér á landi. Þá er ævinlega eitthvað um það að Íslendingar, sem búið hafa erlendis og flytjast heim, vilji halda áfram að kenna sig með sama hætti og þeir gerðu í útlöndum, þ.e. að eiginkona og börn séu kennd til föðurnafns eiginmanns/föður. Loks má nefna að það virðist færast í vöxt að menn vilji nota tvö kenninöfn. Tvöföld ættarnöfn eru mjög algeng annars staðar á Norðurlöndum og fer fjölgandi að því er talið er. Sérstaklega hefur það færst í vöxt, einkum í Danmörku og Finnlandi, að slík ættarnöfn séu tengd með bandstriki. Þessa hefur einnig orðið

vart hér þótt við því hafi verið reynt að sporna. Í þessu efni gætir og áhrifa frá spænskumælandi þjóðum þar sem venja er að menn beri bæði ættarnafn föður og móður. Af hálfu spænskumælandi manna búsettra á Íslandi hafa komið fram óskir um að börn þeirra, sem eru fædd hér á landi og eiga íslenskan föður eða móður, beri tvö kenninöfn, annað íslenskt en hitt erlent.

Að öðru leyti en hér hefur verið rakið verður ekki séð að ásókn í ættarnöfn hafi aukist. Alltaf er eitthvað um að menn vilji taka upp ættarnöfn, en ekki er talið að undanfarin ár hafi þess gætt í meira mæli en áður var.

Helstu ákvæði þessa frumvarps.

Frumvarp þetta byggir að talsverðu leyti á frumvarpinu frá 1971, en í ýmsum greinum er þó vikið frá því í veigamiklum atriðum. Þar má sérstaklega nefna að ekki er gert ráð fyrir að heimilt verði að taka upp ný ættarnöfn. Á hinn bóginn er í þessu frumvarpi komið talsvert til móts við óskir um heimildir til notkunar ættarnafna á íslenskum börnum erlendra ríkisborgara sem búsettir eru hér á landi. Gert er ráð fyrir að ættarnöfn geti gengið jafnt í kvenlegg sem í karllegg og að menn geti kennt sig jafnt til föður eða móður. Þá skal tekið fram að í frumvarpinu er enn fremur lagt til að dómsmálaráðuneyti fari framvegis með mál sem snerta mannanöfn, en ekki menntamálaráðuneyti, eins og nú háttar. Frumvarp þetta er styttra en frumvarpið frá 1971 og stafar það einkum af færri ákvæðum um ættarnöfn en í fyrra frumvarpi og af því að ekki þykir nauðsynlegt að hafa ítarleg ákvæði í lögum um skráningu nafna á þjóðskrá, enda er nú komin fastari skipan á þau mál en þegar fyrra frumvarp var samið.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu tillögum frumvarpsins.

I. kafli frumvarpsins fjallar um *eiginnöfn*. Þar er í upphafi haldið þeirri meginstefnu, sem fram kemur í gildandi lögum og einnig er í frumvarpinu frá 1971, að barni skuli gefið eitt eiginnafn eða tvö. Nafnið skal vera íslenskt, hafa unnið sér hefð í málinu og falla að íslensku málkerfi. Kveðið er á um skyldu til nafngjafar og mælt fyrir um að gefa skuli barni nafn innan hálfs árs frá fæðingu. Þá eru ákvæði um nafngjafir við skírn eða með tilkynningu til presta, forstöðumanna skráðra trúfélaga eða Þjóðskrár og um eftirlit þessara aðila með nafngjöfum. Þetta eftirlit byggist á þrennu fyrst og fremst, þ.e. á skrá um heimil nöfn sem mannanafnanefnd skal semja, á eftirliti presta, forstöðumanna skráðra trúfélaga og Þjóðskrár og málskoti til mannanafnanefndar í álitamálum um nafngjafir og loks á þeirri skyldu Þjóðskrár að taka ekki nafn til skráningar nema það sé á mannanafnaskrá eða samþykkt af mannanafnanefnd.

Í gildandi lögum eru fyrirmæli um útgáfu skrár um þau mannanöfn sem bönnuð eru. Slík skrá hefur aldrei verið gefin út og eðli málsins samkvæmt er vandséð að slík skrá verði nokkurn tímann samin svo raunhæft sé. Í þessu frumvarpi, eins og í frumvarpinu frá 1971, er kveðið á um að samin verði skrá um þau eiginnöfn sem heimil teljast. Er þessi skrá talin ein helsta undirstaða þess að unnt verði að framfylgja lögunum auk þess sem hún verði öllum almenningi til leiðbeiningar við nafngjafir. Er lagt til að prestar, forstöðumenn skráðra trúfélaga og starfsfólk Þjóðskrár skuli ekki samþykkja nöfn sem ekki eru á skránni, heldur skuli óskum um slíkar nafngjafir skotið til úrlausnar mannanafnanefndar. Skráin á því ekki að standa í vegi fyrir því að ný nöfn séu tekin upp auk þess sem hún hlýtur að breytast eftir því sem starfsemi mannanafnanefndar miðar.

Rétt er að nefna eitt álitamál sérstaklega í tengslum við ákvæði I. kafla um eiginnöfn. Sem fyrr segir er lagt til í 2. gr. að eiginnöfn skuli vera íslensk, hafa unnið sér hefð í málinu og falla að íslensku málkerfi. Í 8. gr. er þó gert ráð fyrir að þessar skorður gildi ekki um nöfn erlendra barna fæddra hér á landi, þ.e. ef foreldrar skilgetins barns eða móðir óskilgetins barns hafa erlent ríkisfang. Í sömu grein er enn fremur lagt til að ákvæði 2. gr. gildi ekki að fullu um íslensk börn ef annað foreldra er erlendur ríkisborgari eða hafi verið það. Samkvæmt þessari tillögu yrði heimilt að gefa börnum af slíkum blönduðum uppruna tvö nöfn, annað

íslenskt en hitt erlent. Þegar hefur verið vikið að því að í tilvikum sem þessum eru óskir um þess háttar nafngjafir mjög algengar. Enginn vafi er á að verði þær bannaðar munu lögin verða ákaflega erfið í framkvæmd. Hér er úr vöndu að ráða. Með því að veita til þess heimild í lögum að barni, sem á annað foreldrið íslenskt en hitt erlent, megi gefa erlent eiginnafn auk íslensks, er að nokkru grafið undan meginstefnu laganna. Auk þess verða réttindi slíkra foreldra til nafngjafa ríkari en réttindi alíslenskra foreldra og því kynni að mega halda því fram að í þessu fælist mismunun. Á móti vegur að það sýnist sanngjarnt að mörgu leyti að barn af blönduðum uppruna fái, auk íslensks eiginnafns, að bera annað nafn sem er gjaldgengt í heimalandi hins erlenda foreldris þess. Hér er yfirleitt um mikið tilfinningamál að ræða og takmörk laganna að þessu leyti eru oft túlkuð sem skerðing á persónulegum réttindum manna og kunna að varða við Mannréttindasáttmála Evrópu sem Ísland er aðili að. Að mati nefndarmanna vega þó þyngst þau rök að verði þessi heimild ekki veitt er hætt við að lögin verði óframkvæmanleg að þessu leyti. Þannig yrði sífellt reynt að sniðganga þau, t.d. með því að gefa börnum nöfn erlendis, en á því hefur nokkuð borið að undanförnu.

II. kafli frumvarpsins fjallar um *kenninöfn*. Á sama hátt og í frumvarpinu frá 1971 tekur hugtakið kenninafn í þessu frumvarpi til hvers konar kenningar samkvæmt lögunum, þ.e. er menn kenna sig til eiginnafns föður eða móður í eignarfalli að viðbættu son eða dóttir og til ættarnafns. Sem fyrr segir er gert ráð fyrir að menn geti kennt sig jafnt til föður eða móður og að jafnt sé heimilt að láta ættarnöfn ganga í kvenlegg sem karllegg. Hins vegar er lagt til að mönnum sé aðeins heimilt að bera eitt kenninafn. Í þessu sambandi skal bent á að svo virðist sem vaxandi tilhneigingar gæti til þess að menn vilji bera tvö kenninöfn. Dæmi um þetta er að konur, sem giftast mönnum er bera ættarnafn, óska stundum eftir því að taka upp ættarnafn eiginmannsins án þess að fella niður eigið kenninafn, hvort sem það er ættarnafn eða hefðbundið föður- eða móðurnafn. Nefndin er andvíg því að þetta verði heimilað, bæði vegna þess að hér er ekki um íslenska venju að ræða og vegna hins að með þessu sýnist hætta á að hér geti sótt í sama far og í nágrannalöndum og leitt til ásóknar í tvöföld eftirnöfn með bandstriki. Loks má geta þess að dæmi eru um að foreldrar vilji kenna börn sín til eiginnafna beggja og færa gjarnan fram jafnréttisrök í því sambandi. Þetta samrýmist hins vegar ekki íslenskri nafnvenju og þykir nefndinni nægja að menn geti valið um til hvors foreldranna barn sé kennt.

Tillögur frumvarpsins um ættarnöfn eru um sumt svipaðar tillögum frumvarpsins 1971 en um sumt ólíkar. Á sama hátt og í frumvarpinu frá 1971 er nú gert ráð fyrir að hér á landi haldist tvöfalt kerfi kenninafna, þ.e. hið gamla kerfi föður- og móðurnafna og kerfi ættarnafna. Ekki þykir raunhæft að leggja til að ættarnöfn, sem ekki teljast lögleg í skilningi laga nr. 54/1925, verði afnumin. Telja má að í því fælist í mörgum tilvikum veruleg skerðing á mannréttindum þar sem mörg slík ættarnöfn yrðu vafalaust talin hafa unnið sér hefð fyrir afskiptaleysi stjórnvalda. Því er gert ráð fyrir að þeir menn, sem nú bera ættarnöfn samkvæmt þjóðskrá, megi bera þau áfram og sama gildi um niðja þeirra hvort heldur er í karllegg eða kvenlegg.

Ólíkt því sem er í frumvarpinu frá 1971 er í þessu frumvarpi ekki gert ráð fyrir að heimilt verði að taka upp ný ættarnöfn. Hér gætir þeirrar skoðunar að æskilegt sé að varðveita hið gamla kenninafnakerfi og því sé ekki æskilegt að veita heimildir til upptöku nýrra ættarnafna. Þetta er og í samræmi við afgreiðslu Alþingis á frumvarpinu 1971. Einn nefndarmanna, Ármann Snævarr, tekur þó fram að hann hefði kosið að ganga lengra í þessum efnum og gera ráð fyrir að unnt væri að taka upp ný ættarnöfn með þeim hætti og þeirri gerð er greinir í II. kafla frumvarpsins 1971. Hann bendir í því sambandi á að ella fælist mismunun í því tvöfalda kerfi kenninafna sem gert er ráð fyrir í tillögum nefndarinnar. Að öðru leyti vísar hann til rækilegs rökstuðnings í greinargerð með frumvarpinu frá 1971.

Að einu leyti gengur þetta frumvarp nokkru lengra en hið fyrra hvað ættarnöfn snertir. Hér er um það að ræða að gert er ráð fyrir að barn erlends manns og íslenskrar konu megi bera

ættarnafn föður síns. Með þessu er í reynd opnað nokkuð fyrir notkun erlendra ættarnafna, a.m.k. miðað við það sem gert er ráð fyrir í gildandi lögum. Hins vegar felst í þessu viðurkenning á framkvæmd, þ.e. að ekki hefur verið talið unnt að standa gegn notkun ættarnafna af þessu tagi. Er m.a. talið vafasamt að bann við að börn erlends manns fái að bera ættarnafn hans fái staðist gagnvart Mannréttindasáttmála Evrópu. Í frumvarpinu er til mótvægis þessu ákvæði í 11. gr. einnig tekið fram að auk þess að kenna sig til ættarnafns föður megi barn erlends manns og íslenskrar konu kenna sig til móður sinnar eða hafa ættarnafn hennar ef til er. Þá er og heimilt samkvæmt sömu grein að barnið beri íslenskt kenninafn sem lagað er að hinu erlenda eiginnafni föðurins, enda hafi mannanafnanefnd samþykkt það.

Auk þess, sem hér hefur verið rakið, er gert ráð fyrir að manni sé ekki skylt að bera ættarnafn þótt hann hafi til þess rétt. Jafnframt er heimilað að menn felli niður ættarnöfn sem þeir hafa borið eða taki upp ættarnafn sem þeir hafa rétt til. Lagt er til að þó sé að öllu jöfnu einungis unnt að gera slíka nafnbreytingu einu sinni.

III. kafli fjallar um *mannanafnanefnd*, skipan hennar og verkefni. Hlutverk nefndarinnar samkvæmt frumvarpinu er mjög áþekkt því sem gert var ráð fyrir í frumvarpinu frá 1971. Mannanafnanefnd er nefnd sérfræðinga samkvæmt frumvarpinu og er því lagt til að tveir nefndarmenn verði skipaðir að tilnefningu heimspekideildar Háskólans en einn eftir tilnefningu lagadeildar. Ætlast er til að mannanafnanefnd gegni í aðalatriðum þríþættu hlutverki, þ.e. að semja skrá um þau eiginnöfn sem heimil teljast samkvæmt lögunum, að fella úrskurði og vera til ráðuneytis um nafngjafir. Af þessu leiðir að nefndin verður að starfa með reglubundnum hætti allt árið um kring og hafa fastan skrifstofutíma þannig að jafnan megi leita til hennar með skömmum fyrirvara. Óhjákvæmilegt er að nefndin hafi starfsmann og er gert ráð fyrir að hún hafi á að skipa sérfræðingi í hálfu starfi. Ætla má að hlutverk starfsmannsins verði að annast samskipti við þá sem fara með framkvæmd laganna og við almenning og að undirbúa úrskurði nefndarinnar. Þá gæti hann einnig tekið þátt í samningu mannanafnaskrár, en það verkefni hlýtur þó að koma mest til kasta nefndarinnar. Í upphafi þarf mikið átak til að koma saman mannanafnaskránni, en jafnframt er sýnt að samning slíkrar skrár er stöðugt verkefni þar sem skráin verður sífellt í mótun og endurskoðun. Um skipan nefndarinnar, verkefni hennar og kostnað af starfsemi hennar er fjallað ítarlega í athugasemdum við 17. og 18. gr.

Í IV. kafla eru ýmis ákvæði um *skráningu og notkun nafna*. Þar er m.a. kveðið á um gildistöku nafnbreytinga, um samræmi í skráningu nafna á þjóðskrá og nafnnotkun manna. Til þess er ætlast að í skiptum við opinbera aðila, í lögskiptum og við samningsgerð riti menn ævinlega nafn sitt eins og það er skráð á þjóðskrá. Flest ákvæði þessa kafla voru í frumvarpinu frá 1971 og um sum gilda hliðstæðar reglur í norrænum mannanafnalögum.

V. kafli frumvarpsins geymir ákvæði til að hindra *misnotkun nafns* annars manns, ákvæði um viðurlög, heimild til setningar reglugerðar, um gildistöku laganna og kynningu. Í ákvæðum þessa kafla felst m.a. að mál er snerta mannanöfn flytjast frá menntamálaráðherra til dómsmálaráðherra.

Loks eru í frumvarpinu *tvö ákvæði til bráðabirgða*. Hið fyrra lýtur að tafarlausri skipan mannanafnanefndar svo ekki verði dráttur á því að hún hefji störf. Hið síðara segir til um hvernig fara skuli með álitamál um nafngjafir þar til mannanafnaskrá hefur verið gefin út.

Breytingar á norrænni löggjöf um mannanöfn.

Með frumvarpinu frá 1971 var fylgiskjal um þróun nafnréttar í grannlöndunum. Þar var m.a. getið um nafnvenjur á Norðurlöndum frá fyrstu tíð og fram á sjöunda áratug þessarar

aldar. Röskum áratug fyrr hafði tekist samvinna milli Dana, Norðmanna og Svía um samningu laga um mannanöfn. Megintilgangur samvinnunnar var sá að reyna að setja heildarlöggjöf um mannanöfn í hverju landanna um sig og samræma lagaákvæði. Danir riðu á vaðið með setningu heildarlaga árið 1961 og Svíar fóru í kjölfarið 1963 en Norðmenn 1964. Þessi samræming tókst ekki að öllu leyti. Íslendingar og Finnar tóku ekki þátt í samstarfinu. Mannanafnalögin íslensku frá 1925 héldust óbreytt og Finnar héldu fast í tvenns konar löggjöf sína, annars vegar lög um ættarnöfn frá 1920, en hins vegar lög um eiginnöfn frá 1945. Rök Íslendinga gegn samstarfi við önnur ríki á Norðurlöndum voru þau að nafnvenjur og þróun á sviði mannanafna væri svo sérstæð hér á landi að takmörkuð hliðsjón yrði höfð af erlendum lögum.

Á áttunda og níunda áratugnum unnu Danir, Norðmenn og Svíar áfram að samræmingu mannanafnalöggjafar sinnar. Á þessu árabili beindust sjónir manna í norrænni lagasamvinnu mjög að jafnréttismálum kynja. Að lokum tókst að samræma lagaákvæði um jafnrétti kvenna og karla og skilgetinna og óskilgetinna barna til notkunar ættarnafna. Norðmenn urðu fyrstir til þessara breytinga árið 1979, Danir breyttu lögum sínum árið 1981 og Svíar 1982. Þá breyttu Finnar ættarnafnalögum sínum á hliðstæðan hátt árið 1985. Enn fremur hafa lög verið samræmd enn frekar á þessu sviði, t.d. hefur málsmeðferð fyrir stjórnsýsluhöfum verið einfölduð og tímatakmörk og aldursákvæði samræmd.

Áður en jafnrétti til notkunar ættarnafna náðist giltu t.d. þær reglur í Danmörku við hjúskaparstofnun að eiginkona fékk sjálfkrafa ættarnafn manns síns nema hún lýsti því yfir að hún vildi halda ættarnafni sínu. Eftir lagabreytinguna heldur hvort hjóna eigin ættarnafni. Óski þau að hafa sama ættarnafn getur annað hjóna tilkynnt yfirvöldum að það vilji taka upp ættarnafn hins. Hvað börn snertir giltu þær reglur að skilgetið barn fékk ættarnafn föður við fæðingu en óskilgetið barn ættarnafn móður. Eftir lagabreytinguna er ekki gerður munur á skilgetnum og óskilgetnum börnum. Ef foreldrar bera sama ættarnafn við fæðingu barns, fær barnið það ættarnafn, en beri foreldrar sitt ættarnafnið hvort geta þeir valið hvort nafnið barnið fær.

Íslendingar hafa öldum saman kennt sig til feðra sinna á annan hátt en nágrannar þeirra gera yfirleitt nú. Hvað ættarnöfn snertir gætir í gildandi lögum hér á landi misréttis kynja þar sem ekki er gert ráð fyrir að ættarnöfn geti gengið í kvenlegg. Í þessu frumvarpi er lagt til að ættarnöfn geti gengið jafnt í kvenlegg sem karllegg. Þetta er í samræmi við ábendingu Alþingis 1971 og breytingar á löggjöf annarra Norðurlandaþjóða auk þess sem þetta er sjálfsögð breyting til jafnréttis.

Við samningu þessa frumvarps hefur ekki verið tekið sérstaklega tillit til ættarnafnareglna annarra Norðurlandaþjóða enda ástæðulaust. Hins vegur hefur í mörgum greinum verið höfð hliðsjón af þeim breytingum sem orðið hafa á liðnum árum á norrænum mannanafnarétti.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er í samræmi við gildandi lög, sbr. upphaf 1. gr. laga nr. 54/1925, svo og lagaframkvæmd. Ákvæði 1. mgr. um að barni skuli gefa eitt eiginnafn eða tvö eru og í samræmi við íslenska venju. Á síðari árum hefur það færst nokkuð í vöxt að fólk vilji gefa börnum sínum fleiri en tvö eiginnöfn. Í flestum tilvikum er þá annað foreldranna erlent. Ekki þykir ástæða til að nafnvenjur, svo ólíkar þeim sem Íslendingar eiga að venjast, hafi áhrif á heimildir íslenskra laga um tölu eiginnafna.

Tekið skal fram að í frumvarpið hefur ekki verið tekin upp tillaga frumvarpsins frá 1971 um millinöfn. Í því frumvarpi var gert ráð fyrir að heimilt yrði að gefa börnum millinöfn sem

komið gætu í stað eiginnafna. Nokkuð er um að börn séu skírð slíkum nöfnum og gætir þá oft tilhneigingar til að gera þau að ættarnöfnum. Annars staðar á Norðurlöndum hafa slík nöfn oft orðið hluti ættarnafna þannig að bandstrik er notað til að tengja millinafn raunverulegu ættarnafni. Vegna hættu á að millinöfnum verði breytt í ættarnöfn þykir ekki rétt að gera sérstaklega ráð fyrir þeim í lögum. Um slík nöfn gilda því ákvæði I. kafla um eiginnöfn, þ.e. að notkun þeirra verður háð áliti mannanafnanefndar á því hvort þau geti talist eiginnöfn í skilningi 2. gr.

Um 2. gr.

Ákvæði 2. gr. eru að efni hin sömu og í 2. gr. frumvarpsins frá 1971.

Í 1. mgr. er haldið þeirri reglu gildandi laga, sbr. 1. og 4. gr. þeirra, að nafn skuli vera íslenskt. Á þessu kann að leika vafi og er þetta því skilgreint nánar með þeim hætti að nafn skuli hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Þá er áskilið að eiginnafn megi ekki fara í bág við íslenskt málkerfi. Mörg nöfn, sem eru algeng hér á landi, eru ekki íslensk að uppruna en hafa þó fyrir löngu unnið sér sess í íslensku. Á hinn bóginn kann svo að vera að nöfn hafi unnið sér hefð í málinu en brjóti gegn íslensku málkerfi, svo sem vegna orðmyndunar, hljóðkerfis eða beygingar.

Í 1. mgr. er enn fremur kveðið á um að eiginnafn megi ekki vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama. Nafn getur verið alls kostar íslenskt eða hefðbundið og fallið að málkerfinu en þó þannig að hæpið sé að nefna barn því. Ýmis dæmi eru um það að nöfn hafi verið börnum svo til ama að leitað hafi verið eftir nafnbreytingu. Í 7. gr. þessa frumvarps er veitt heimild til þessa. Á hinn bóginn er heppilegast að þessu sé gefinn gaumur þegar í upphafi og þykir því rétt að reynt sé að hindra óæskilegar nafngjafir með ákvæði síðasta málsliðar 1. mgr. Tekið skal fram að með óæskilegum nöfnum er m.a. átt við klaufaleg nöfn sem auðvelt er að afbaka og snúa út úr og ýmis heiti sem kunna að hafa verið notuð sem nöfn áður fyrr en hafa öðlast nýja og neikvæða merkingu í nútímamáli. Þá er enn fremur átt við gælunöfn en nokkuð hefur borið á að fólk vilji nefna börn gælunafni náins skyldmennis eða vinar. Dæmi um gælunöfn, sem menn hafa borið sem eiginnöfn, eru Gunna, Tóta, Laugi, Gaui o.fl. Þótt slík nafngjöf kunni að vera skiljanleg og beri vott um góðan hug til þeirra sem nefnt er eftir verður hún að teljast óæskileg og ýmis dæmi eru um að menn hafi liðið fyrir slík nöfn eftir að þeir hafa náð fullorðinsaldri. Ýmis vafatilvik geta vaknað í sambandi við það ákvæði sem hér um ræðir og því er gert ráð fyrir að hér geti komið til úrskurðar mannanafnanefndar. Nefndin þarf og að gæta þessa ákvæðis við samningu mannanafnaskrár skv. 3. gr. og hefur með henni bein áhrif í þessu efni.

Í 2. mgr. er sérstaklega tekið fram að óheimilt sé að gefa stúlku karlmannsnafn og dreng kvenmannsnafn. Raunar bryti það í bág við íslenskt nafnakerfi og væri því þegar óheimilt af þeim sökum. Ákvæðið er sett til öryggis og raunar ekki að ástæðulausu þar sem dæmi eru um að fólk hafi ekki alls kostar gætt þessa við nafngjafir.

Í 3. mgr. er kveðið á um að óheimilt sé að gefa barni ættarnafn sem eiginnafn nema hefð sé fyrir því nafni. Nokkur brögð hafa verið að þessu og þykir rétt að taka fyrir það. Margt kemur hér til, þó aðallega að ætla má að nafn af þessu tagi verði naumast eðlilegt eiginnafn. Þá getur og falist í þessu hætta á ruglingi auk þess sem með slíku kynni að vera gengið á rétt þeirra sem bera ættarnöfn. Þetta ákvæði er í samræmi við norræna nafnalöggjöf.

Um 3. gr.

Samkvæmt tillögum frumvarpsins gegnir mannanafnanefnd lykilhlutverki við framkvæmd mannanafnalaga. Til þess er ætlast að nefndin geri það með þrennum hætti, með samningu mannanafnaskrár, þ.e. skrár um eiginnöfn, sem teljast heimil í skilningi 2. gr., með úrskurðum í álita- og ágreiningsmálum um nöfn og með almennri ráðgjöf til almennings og þeirra sem falin er framkvæmd laganna.

Um skipun og verkefni mannanafnanefndar er kveðið á í 17. og 18. gr. en auk þess er í ýmsum greinum fjallað um einstök verkefni hennar. Í 3. gr. eru ákvæði um eitt þriggja meginverkefna hennar, samningu mannanafnaskrár. Þessari skrá er fyrst og fremst ætlað að vera öllum almenningi til leiðbeiningar um val nafna, svo og bakhjarl þeirra, sem annast framkvæmd laganna og eftirlit mæðir mest á, þ.e. presta, forstöðumanna skráðra trúfélaga og starfsmanna Þjóðskrár. Þegar er að því vikið að slík skrá kemur aðeins að notum geymi hún þau eiginnöfn sem boðleg þykja en væri haldlítil ef hún geymdi einungis nöfn sem teljast óhæf. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að almenningur og þeir, sem fara með framkvæmd laganna fái vitneskju um þau nöfn sem mannanafnanefnd kann að dæma óheimil. Því verður að gera ráð fyrir að nefndin birti með reglubundum hætti niðurstöður sínar í þessu efni eins og kveðið er á um í 18. gr.

Samning mannanafnaskrár skv. 3. gr. er vandaverk sem hlýtur að taka allnokkurn tíma og krefjast mikillar vinnu. Raunar er einsýnt að slík skrá verður seint fullsamin. Reikna má með að skráin komi út í áföngum þannig að í fyrstu verði lögð áhersla á að birta skrá um þau eiginnöfn sem ekki stendur styrr um, en skráin verði síðan aukin og endurbætt eftir því sem verki nefndarinnar miðar. Nafnaskrá þjóðskrár er vafalaust sú skrá sem mannanafnanefnd getur stuðst mest við í upphafi en ýmsar nafnaskrár koma og að góðu gagni við þetta verk sem og þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á mannanöfnum.

Í 3. gr. er lagt til að mannanafnanefnd semji mannanafnaskrá en Hagstofan gefi hana út og dreifi henni. Þetta þykir heppilegt þar sem Hagstofan hefur alla aðstöðu til að annast slíka útgáfu og hefur bein tengsl við presta og forstöðumenn skráðra trúfélaga sem hvað mest þurfa á skránni að halda. Þá hefur Hagstofan mikil samskipti við almenning vegna nafngjafa.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. 4. gr. eru almenn ákvæði um hvernig barn öðlast nafn, þ.e. við skírn eða með tilkynningu um nafngjöf.

Í 2. mgr. er kveðið á um að skylt sé að gefa barni nafn innan sex mánaða frá fæðingu þess. Hliðstæð ákvæði voru í frumvarpinu frá 1971. Þá eru einnig svipuð ákvæði í norrænni mannanafnalöggjöf. Ákvæði um tiltekna fresti til skírnar eða nafngjafar eru ekki ný í íslenskri löggjöf. Raunar eru engin slík ákvæði í gildandi lögum um mannanöfn. Í kirkjulöggjöf miðalda var mælt fyrir um að barn skyldi fært til skírnar svo fljótt sem verða mætti og ekki síðar en fimm dögum eftir fæðingu. Eftir siðaskiptin var þessi frestur lengdur í eina viku. Þetta hélst fram á síðustu öld er fresturinn var lengdur í átta vikur og síðar í tólf vikur (með lögum nr. 4 1886).

Nokkur brögð eru jafnan að því að dregið sé úr hömlu að gefa börnum nafn. Af hálfu Þjóðskrár er reynt að fylgjast með þessu og benda forsjármönnum á skyldu þeirra í þessum efnum. Hér er hins vegar oft við ramman reip að draga enda eru engin bein ákvæði í gildandi lögum um hvenær fólk þurfi að hafa gefið barni nafn. Eðlilegt þykir að slík tímamörk séu tilskilin í lögum enda verða upphafsákvæði laganna um skyldu til nafngjafar ella naumast nægilega markviss.

Um 5. gr.

Í 5. gr. eru ákvæði um nafngjafir við skírn og með tilkynningu til Þjóðskrár. Í 1. mgr. er það gert að skyldu að forsjármaður barns, sem færa á til skírnar, greini þeim sem skírnina skal annast frá nafni því eða nöfnum sem hann hefur valið barninu. Í gildandi lögum eru engin ákvæði sem skylda presta til að leita vitneskju um það fyrir fram hvaða nafn barni hafi verið valið. Eins og nú háttar kemur iðulega fyrir að prestar eða forstöðumenn trúfélaga fá ekki vitneskju um fyrirhugað nafn barns fyrr en í þann mund sem skírnarathöfn skal hefjast. Þeir hafa því oft lítið ráðrúm til að kanna og ræða við forsjármenn barns um nafngjöfina. Þetta gerir þeim að sama skapi erfitt um vik við að hafa áhrif á nafngjöf og sinna því hlutverki, sem

þeim er ætlað með lögum, þ.e. að koma í veg fyrir að börnum séu gefin erlend, ankannaleg eða óæskileg nöfn. Ákvæðum 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. er ætlað að veita þeim nægilegt svigrúm í þessu efni. Þá er og kveðið á um að þeir skuli ekki samþykkja nafn eða nöfn sem forsjármenn hafi valið barni ef nafnið/nöfnin eru ekki á mannanafnaskrá. Í þeim tilvikum, er prestur eða forstöðumaður skráðs trúfélags samþykkir ekki nafn, geta forsjármenn vitaskuld valið barni annað nafn ef það er á mannanafnaskrá. Haldi þeir hins vegar fast við val sitt á nafni sem ekki er á skránni er kveðið á um að málinu skuli skotið til mannanafnanefndar.

Í 2. mgr. eru fyrirmæli um nafngjöf við skemmri skírn. Er þá yfirleitt skammur tími til stefnu til að velja barni nafn. Er því heimilað í þessari málsgrein að unnt sé að gefa barni nýtt nafn í stað þess sem áður var gefið eða annað nafn til viðbótar áður gefnu nafni.

Í 3. mgr. eru ákvæði um hvernig fara skuli með nafngjafir sem tilkynntar eru til Þjóðskrár ef nafn eða nöfn eru ekki á mannanafnaskrá. Skal þá nafn ekki skráð að svo stöddu heldur skal málinu skotið til mannanafnanefndar, sbr. ákvæði 1. mgr. Rétt er að benda á að hér getur verið um hvort tveggja að ræða, tilkynningar sem Þjóðskrá berast beint frá almenningi og tilkynningar presta og forstöðumanna skráðra trúfélaga um nafngjöf við skírn. Í síðara tilvikinu felst að starfsfólk Þjóðskrár veiti þessum aðilum aðhald við samþykkt nafna eins og raunar er leitast við nú þótt erfitt sé um vik vegna haldlítilla lagaákvæða og áratuga tómlætis um framkvæmd gildandi laga.

Um 6. gr.

Hér er kveðið á um úrskurði mannanafnanefndar í þeim álita- og ágreiningsmálum sem til hennar kann að vera vikið skv. 5. gr. Meginefni þessa ákvæðis er að kveði nefndin upp synjunarúrskurð sé forsjármanni skylt að velja barni annað nafn, sem sé á mannanafnaskrá eða nefndin samþykki, og skuli nafn barnsins ekki fært á þjóðskrá fyrr en þeirri skyldu hafi verið fullnægt. Benda má á að það felst í 6. gr. að mannanafnanefnd skuli kveða upp formlega úrskurði um þau ágreiningsmál sem hér um ræðir. Í 6. gr. er loks vísað til ákvæða til bráðabirgða um það hvernig að skuli fara ef upp koma álitamál um nafngjafir eftir að lögin hafa öðlast gildi en áður en nefndinni hefur gefist ráðrúm til að gefa út mannanafnaskrá. Er þar mælt fyrir um að álitamálum skuli skotið til mannanafnanefndar, sbr. 5. gr., og með þau farið skv. 6. gr.

Um 7. gr.

Í 7. gr. er kveðið á um heimildir til breytingar eiginnafna. Í gildandi lögum eru nær engar heimildir til þessa. Í frumvarpinu frá 1971 var lagt til að dómsmálaráðuneyti yrði heimilt að leyfa manni nafnbreytingu ef það teldi nafn hans af einhverjum sérstökum ástæðum vera honum til ama. Við samningu þessa frumvarps hefur verið reynt að kanna hvaða þarfir eða óskir um nafnbreytingar hafi komið fram á undanförnum árum. Þá hefur og verið litið til nýlegra breytinga á nafnalögum annarra Norðurlandaþjóða. Þar hefur lögum verið breytt fyrir nokkru á þann hátt að veittar hafa verið víðtækar heimildir til nafnbreytinga. Leyfi til nafnbreytinga er ekki lengur háð heimild ráðuneytis heldur geta menn með einfaldri tilkynningu til skráningaryfirvalda breytt eiginnafni sínu einu sinni á ævinni. Leyfi til frekari breytinga er svo háð ákvörðun ráðuneytis. Frá því að þessar breytingar voru gerðar hafa heimildir til nafnbreytinga verið nýttar mjög mikið. Fyrsta árið, sem heimild þessi var í gildi í Noregi, breyttu yfir 30.000 manns eiginnöfnum sínum. Síðan hefur dregið úr ásókn í nafnbreytingar og eru þær nú 5.000–6.000 á ári. Í Danmörku eru nafnbreytingar enn fremur mjög tíðar. Má t.d. nefna að í tölvukerfi dönsku þjóðskrárinnar er ekki gert ráð fyrir að unnt sé að leita að tilteknum einstaklingi eftir nafni. Þetta er talið tilgangslaust af þjóðskráryfirvöldum þar sem nöfnum manna sé ekki lengur treystandi vegna sífelldra breytinga.

Nefndin er á einu máli um að ekki komi til álita að veita jafnvíðtækar heimildir til nafnbreytinga og gert hefur verið á Norðurlöndum. Í þessu sambandi verður ekki síst að hafa í

huga að eiginnöfn hér á landi hafa mun meira gildi til auðkenningar en víðast hvar erlendis. Því er eðlilegt að meira aðhald sé haft að breytingum eiginnafna Íslendinga en annarra Norðurlandaþjóða.

Tillögum nefndarinnar um nafnbreytingar er ætlað að veita nokkru meiri heimildir í þessum efnum en verið hefur án þess þó að allar gáttir verði opnaðar. Í tillögunum er gerður greinarmunur á þrenns konar nafnbreytingum: a) breytingum á eiginnöfnum ungbarna en um þær álítur nefndin óhætt að gildi tiltölulega rúmar heimildir; b) breytingum á eiginnöfnum sem eru mönnum til ama eða aðrar sérstakar og gildar ástæður mæla með; c) breytingum á nöfnum barna í tengslum við ættleiðingu.

Tvær fyrstu málsgreinar 7. gr. lúta að breytingu á eiginnöfnum ungbarna. Gerður er greinarmunur á tveimur mismunandi tilvikum. Hið fyrra, sem um ræðir í 1. mgr., lýtur að því er barni hefur við skírn eða með tilkynningu verið gefið eitt nafn, en forsjármenn æskja þess síðan að gefa því annað nafn til viðbótar hinu fyrra. Er þá gert ráð fyrir að þetta megi gera með einfaldri tilkynningu til Þjóðskrár. Síðara tilvikið nær til þess er barni hefur verið gefið eitt nafn eða tvö sem forsjármenn vilja síðan breyta. Er þá talið eðlilegt þar sem um hreina nafnbreytingu er að ræða að hún sé borin undir dómsmálaráðuneyti. Hvað nafnbreytingar skv. 1. og 2. mgr. snertir er litið svo á að óhætt sé eðli málsins samkvæmt að veita rýmri heimildir þegar í hlut eiga ungbörn fremur en fullorðnir einstaklingar. Alltaf er nokkuð um það að óskir berist um þetta. Yfirleitt má þá rekja óánægju með upphaflega nafngjöf til fljótfærni eða til þunglyndis og jafnvægisbrests sem ekki er óalgengt að mæður séu haldnar fyrst eftir barnsburð. Mál af þessu tagi eru einatt blandin tilfinningum og virðist eðlilegt að úr þeim sé reynt að greiða þegar svo skammt er liðið frá nafngjöf að nafnbreyting ætti ekki að koma að sök. Í 1. og 2. mgr. eru heimildir til nafnbreytinga samkvæmt þessu takmarkaðar við það að eftir þeim sé leitað eigi síðar en sex mánuðum eftir að frestur til nafngjafar skv. 2. mgr. 4. gr. er útrunninn, þ.e. eigi síðar en ári eftir að barnið fæddist. Ekki þykir skynsamlegt að hafa þennan frest lengri enda eiga þær ástæður, sem liggja að baki ósk um nafnbreytingu, að geta verið komnar fram innan þessa tíma. Auk þess sem hér hefur verið sagt eru í 5. mgr. sett þau almennu skilyrði að hin nýju nöfn séu á mannanafnaskrá eða samþykkt af mannanafnanefnd. Jafnframt er þar og áskilið að séu forsjármenn barns tveir verði þeir báðir að undirrita beiðni um viðbót nafns skv. 1. mgr. og um nafnbreytingu skv. 2. mgr. Tekið skal fram að hafi öðru foreldra verið falin forsjá barns er gert ráð fyrir að við meðferð máls skv. 2. mgr. leiti dómsmálaráðuneyti umsagnar hins foreldrisins ef unnt er.

Í 3. mgr. er kveðið á um að dómsmálaráðuneyti sé heimilt að leyfa manni nafnbreytingu ef það telur nafn hans vera honum til ama eða af öðrum sérstökum og gildum ástæðum. Þótt það sé meginstefna þessa frumvarps að þeirri íslensku venju sé haldið að menn beri sama nafn alla ævi þykir engu að síður rétt að heimila undantekningu frá reglunni um nafnfestu í þeim tilvikum að nafn teljist vera manni til ama eða um sé að ræða sérstakar ástæður sem ríkar geta talist. Hér getur verið um ýmislegt að ræða. Einfaldasta dæmið er um nöfn sem eru svo klaufaleg að menn líða fyrir þau, t.d. sakir stríðni eða vegna þess að út úr þeim er snúið eða þau afbökuð. Þá kann að felast í eiginnöfnum tenging við aðila sem er nafnbera til ama, t.d. sakir óvinättu, eða ef sá sem nafnið er tekið eftir er þekktur brotamaður eða hefur illt orð á sér. Á yfirborðinu kunna ástæður sem þessar að sýnast léttvægar í ýmsum dæmum, en hafa verður í huga að hér gætir oft mikilla tilfinninga sem æskilegt getur verið að tekið sé tillit til. Ógerlegt er að setja nákvæmar reglur um þetta efni og verður því að leggja það á dómsmálaráðuneytið að meta hvert tilvik fyrir sig.

Í 4. mgr. 7. gr. er heimilað að barni, sem ættleitt er eftir að því hefur verið gefið nafn, sé í ættleiðingarbréfi valið nýtt nafn í stað hins fyrra eða til viðbótar einu nafni sem það ber áður. Ákvæði af þessu tagi eru ekki í gildandi lögum en þykja nauðsynleg ekki síst vegna ættleiðinga

erlendra barna, sbr. 3. mgr. 15. gr. ættleiðingarlaga. Þá er kveðið á um að eigi að breyta nafni barns við ættleiðingu skuli samþykkis þess jafnan leitað sé það orðið tólf ára.

Í 5. mgr. eru loks sett almenn skilyrði um nafnbreytingar sem þegar er um rætt, þ.e. að nöfn, sem taka á upp, skuli fullnægja kröfum mannanafnanefndar og að beiðni um nafnbreytingu ungbarna skuli gerð af báðum forsjármönnum séu þeir tveir. Síðasttalda atriðið er nauðsynlegt þar sem óhjákvæmilegt er að báðir forsjármenn séu samþykkir nafnbreytingu.

Um 8. gr.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr. eru sett til að taka af tvímæli um að ákvæði 1. og 2. gr. gildi ekki um nöfn barna, sem fædd eru hér á landi, ef báðir foreldrar skilgetins barns eða móðir óskilgetins barns eru erlendir ríkisborgarar.

Í 2. mgr. er svo kveðið á um heimild til þess að barni megi gefa erlent nafn ásamt íslensku eiginnafni ef annað foreldra þess er erlendur ríkisborgari eða hefur verið það. Er þá gert ráð fyrir að erlenda nafnið sé hið síðara af tveimur eiginnöfnum og að fyrra eiginnafnið sé íslenskt í skilningi 2. gr. Rétt þykir að heimild þessi gildi einungis um nöfn sem eru eðlileg eiginnöfn í heimalandi hins erlenda foreldris barnsins. Ljóst er að hér geta komið upp ýmis vafatilvik en þeim má þá skjóta til úrlausnar mannanafnanefndar. Nefndin á raunar að fjalla um íslensk nöfn en ætla má að nefndarmenn geti fengið liðsinni erlendra starfssystkina í tilvikum sem þessum. Að öðru leyti en hér hefur verið greint, vísast til almennra athugasemda um II. kafla hér að framan.

Um 9. gr.

Hugtakið kenninafn kemur í fyrsta skipti fyrir í frumvarpi þessu í 9. gr. Eins og rakið er í almennri greinargerð tekur hugtak þetta til hvors tveggja, kenningar til föður eða móður og kenningar til ættar og notkunar ættarnafna.

Í 1. mgr. 9. gr. eru ákvæði um hvernig menn skuli kenna sig til föður eða móður og þarfnast þau ákvæði ekki nánari skýringar.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ættarnöfn, sem íslenskir ríkisborgarar bera samkvæmt þjóðskrá við gildistöku laga þessara, megi haldast. Um þetta efni vísast almennt til greinargerðar um II. kafla hér að framan.

Um fleiri en eitt kenninafn eða tvöföld kenninöfn er fjallað í almennri greinargerð. Í 3. mgr. 9. gr. er kveðið á um að manni sé ekki heimilt að bera fleiri en eitt kenninafn. Þetta ákvæði snertir vitaskuld ekki þá, sem þegar bera tvö kenninöfn samkvæmt þjóðskrá né niðja þeirra, sbr. ákvæði 2. mgr. þessarar greinar. Hér er ekki heldur tekið fyrir breytingar á kenninöfnum en um ýmis tilvik slíkra breytinga er kveðið á um í síðari greinum þessa kafla.

Í 4. mgr. 9. gr. er lagt bann við upptöku nýrra ættarnafna. Í þessu sambandi vísast til almennrar greinargerðar. Auk þess þarf við athugun þessa ákvæðis að hafa í huga tillögu 11. gr. þar sem gert er ráð fyrir að barni erlends manns og íslenskrar konu sé heimilt að bera ættarnafn föður síns.

Um 10. gr.

Ákvæði 1. mgr. fela í sér undantekningu frá meginreglum þeim um kenninöfn sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Kveðið er á um að erlend kona, sem giftist Íslendingi sem ekki ber ættarnafn, megi nota sama kenninafn og maður hennar. Þetta gildir enda þótt hún taki íslenskt ríkisfang en gildir hins vegar ekki um niðja slíkra hjóna. Þetta er eðlilegt þar sem hér er ekki um upptöku ættarnafns að ræða og kenninafnið á því ekki að verða varanlegt. Ákvæði svipað þessu er í 2. mgr. 3. gr. gildandi mannanafnalaga. Að auki hefur skapast um þetta hefð sem eðlileg þykir að flestra mati og ekki sýnist ástæða til að amast við.

Um 11. gr.

Í frumvarpinu frá 1971 eru tillögur um ákvæði um kenninöfn óskilgetinna barna erlendra manna og íslenskra kvenna. Var lagt til að óskilgetið barn erlends manns og íslenskrar konu

skyldi kenna sig til móðurafa síns eða bera ættarnafn móður sinnar ef til væri. Hins vegar var ekki gert ráð fyrir að barnið yrði kennt til föður síns né að það kenndi sig til eiginnafns móður. Þá voru ekki í frumvarpinu frá 1971 ákvæði um skilgetið barn erlends manns og íslenskrar konu og raunar er óljóst af frumvarpinu hvaða kenninafn slíkt barn skyldi bera.

Við samningu þessa frumvarps hefur ekki þótt ástæða til að greina á milli skilgetinna og óskilgetinna barna. Sá vandi, sem hér blasir við, er hinn sami hvort sem um skilgetið eða óskilgetið barn er að ræða, þ.e. að nafn föður viðkomandi barns er erlent og því álitamál hvort heimila eigi að það sé notað til kenningar í íslensku nafnakerfi.

Eins og þegar er um rætt í almennum athugasemdum þessa frumvarps er í 11. gr. lagt til að heimilað verði að barn erlends manns og íslenskrar konu beri ættarnafn föður síns. Við fyrstu sýn gæti þessi tillaga virst vera í ósamræmi við þann tilgang íslenskra mannanafnalaga að viðhalda íslensku nafnakerfi. Á móti vegur það, sem kann að reynast þyngra á metunum þegar fram í sækir, að bann við því að íslenskt barn erlends manns beri ættarnafn föður síns kann að leiða til slíkra undanbragða og vandkvæða í framkvæmd að hætt er við að lögin missi marks að þessu leyti. Að margra dómi fælist og í slíku banni ónærgætni og ósanngirni auk þess sem bannið kynni að stangast á við ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu. Það er álit frumvarpshöfunda að nauðsynlegt sé að ný löggjöf um mannanöfn sé þannig úr garði gerð og svo sanngjörn að hún þyki yfirleitt ásættanleg og henni megi framfylgja. Í því felist og meiri trygging fyrir varanleika nafnakerfisins íslenska en fáist með boðum og bönnum sem sett kunna að verða í nafni hreinræktarstefnu í mannanöfnum en ekki verði unnt að framfylgja þegar á reynir.

Í þessu sambandi má benda á það val sem veitt er til kenningar í 11. gr. Þar er gert ráð fyrir að barn megi kenna til móður sinnar, eiginnafns hennar eða ættarnafns, en auk þess er kveðið á um að heimilt sé, að fengnu samþykki mannanafnanefndar, að barnið beri íslenskt kenninafn sem sé lagað að hinu erlenda heiti föðurins. Sem dæmi um þetta má taka að kenninafn á barni manns, sem bæri engilsaxneska eiginnafnið Charles, gæti orðið Karlsson eða Karlsdóttir. Tekið skal fram að Þjóðskrá hafa að undanförnu borist óskir um slíka aðlögun kenninafna en fyrir henni eru engar heimildir í gildandi lögum.

Um 12. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um kenninöfn ófeðraðra barna, stjúpbarna og ættleiddra barna.

Í 1. mgr. er lagt til að ófeðrað barn megi kenna til móður sinnar, móðurafa síns eða hafa ættarnafn móður sinnar beri hún ættarnafn. Svipuð ákvæði eru í frumvarpinu frá 1971. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að hér getur verið um viðkvæm og vandasöm mál að ræða sem krefjast nokkurs vals um hagnýt úrræði. Beri móðir ófeðraðs barns ættarnafn er sjálfsagt að heimilt sé að barnið beri það einnig, enda í samræmi við ákvæði 2. mgr. 9. gr. Beri móðirin hins vegar ekki ættarnafn er henni vandi á höndum. Reynslan sýnir að fremur fá dæmi eru um það að barn sé kennt til eiginnafns móður þótt það sé heimilt. Þótt réttur til þessa sé sjálfsagður er reyndin sú að kenninöfn af þessu tagi geta valdið fólki, einkum börnum, ýmsum vandkvæðum. Þessi kenninöfn vekja athygli, á þau er litið sem vísbendingu um að faðerni sé óþekkt og ekki síst af þeim sökum verða börn, sem þau bera, fyrir stríðni og áreitni jafnaldra sinna. Af þessum sökum og í ljósi reynslu starfsfólks Þjóðskrár af tilvikum sem þessum er í 1. mgr. 12. gr. lagt til að lögin veiti það úrræði í þessu efni að ófeðrað barn sé kennt til móðurafa síns. Í þessari málsgrein er jafnframt heimilað að gangi móðir barnsins í hjónaband megi hún kenna barnið til stjúpföður þess. Ekki er gert ráð fyrir að til þess þurfi sérstakt leyfi heldur dygði að slík breyting á kenninafni væri tilkynnt Þjóðskrá, sem tæki þá nafnið á skrá eftir að gengið hefði verið úr skugga um að barnið væri ófeðrað, að stofnað hafi verið til hjúskapar og samþykki stjúpföður lægi fyrir.

Í 2. mgr. er lagt til að heimilað verði með leyfi dómsmálaráðuneytis að feðrað barn sé kennt til stjúpföður síns. Er gert ráð fyrir að umsagnar kynföður sé jafnan leitað áður en slík ákvörðun er tekin. Í gildandi lögum eru engar heimildir til þessa, en slíkar heimildir hafa lengi verið í öðrum norrænum nafnalögum. Talið er að hér á landi séu óskir um breytingar kenninafna, eins og þær sem hér er gert ráð fyrir, mjög oft undirrót ættleiðinga. Því megi í mörgum tilvikum komast hjá ættleiðingu með því að heimila breytingu á kenninafni.

Ákvæði 3. mgr. um kenningu ættleidds barns til kjörforeldris er í samræmi við ættleiðingarlög og sams konar ákvæði eru í öðrum norrænum nafnalögum.

Í 4. mgr. er loks kveðið á um að ákvarðanir samkvæmt þessari grein skuli jafnan háðar samþykki stjúpföður, svo og barnsins sjálfs sé það orðið tólf ára.

Um 13. gr.

Í þessari grein er heimilað að eiginmanni eða eiginkonu sé heimilt að bera ættarnafn maka síns meðan hjúskapur stendur. Ef vilji er til þess gilda ákvæði 2. mgr. 18. gr. um að viðkomandi skuli tilkynna það vígslumanni sem aftur tilkynnir það til Þjóðskrár. Heimilt er og að viðkomandi beri ættarnafn maka síns eftir að hjúskap lýkur. Þó er gert ráð fyrir að dómsmálaráðuneyti geti úrskurðað að kröfu hlutaðeigandi að fyrri maka sé óheimilt að halda áfram að bera ættarnafnið gangi annar hvor aðilinn í hjónaband á ný. Hér geta togast á mismunandi hagsmunir. Sá, sem tók ættarnafn maka síns við hjúskap, getur t.d. talið sig hafa hag af því að bera nafnið áfram eftir slit þess hjúskapar af því að hann sé þekktur undir því nafni á opinberum vettvangi. Slíka hagsmuni verður að meta í hverju tilviki og yrði það hlutverk dómsmálaráðuneytis.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að manni sé ekki skylt að bera ættarnafn, þótt hann hafi rétt til þess, og honum sé heimilt að fella niður ættarnafn sem hann hefur borið. Á sama hátt er manni, sem hefur ekki borið ættarnafn þrátt fyrir rétt til þess, heimilt að taka það upp. Gert er ráð fyrir að slíkar breytingar á kenninöfnum, sem um getur í þessari málsgrein, megi aðeins gera einu sinni eftir að viðkomandi nær sextán ára aldri. Er þetta nauðsynlegt til að koma í veg fyrir hringl með kenninöfn og forðast vanhugsaðar breytingar. Þrátt fyrir þetta þykir rétt að gera ráð fyrir að leyfa megi undantekningu frá þessu ef sérstakar ástæður mæla með því. Er það lagt í vald dómsmálaráðuneytis að leggja mat á slík tilvik. Tekið skal fram að ákvæðið um að aðeins megi gera slíka breytingu kenninafns einu sinni, þ.e. að í því felist endanleg ákvörðun ef ættarnafn er fellt niður eða tekið upp, tekur ekki til þeirra tilvika er menn taka upp ættarnöfn maka við stofnun hjúskapar eða leggja þau niður við hjúskaparslit. Um þau tilvik er fjallað sérstaklega í 2. og 3. mgr.

Í 2. mgr. er kveðið á um að manni, sem gengur í hjúskap, sé frjálst að bera áfram það kenninafn sem hann hafði þá. Gildir þá vitaskuld einu hvort hann kennir sig til eiginnafns föður eða móður að fornum sið eða ber ættarnafn. Ef viðkomandi ber ættarnafn fyrri maka geta þó ákvæði 13. gr. komið til álita eins og áður var rakið. Í þessari málsgrein segir enn fremur að manni sé og heimilt að taka upp ættarnafn maka síns en honum sé óheimilt að bera bæði kenninöfnin. Samkvæmt þessu væri Jónu Jónsdóttur frjálst að nefna sig áfram Jónsdóttur þótt hún ætti Sigurð Hansen og eins væri henni heimilt að nefna sig Jónu Hansen. Hið sama gilti um Jónu Jónsen. Jónu Jónsdóttur væri hins vegar óheimilt að nefna sig Jónu Jónsdóttur Hansen og Jónu Jónsen óheimilt að nefna sig Jónu Jónsen Hansen. Þær yrðu samkvæmt þessu að velja um það hvort kenninafnið þær bæru. Um ástæður þessa ákvæðis hefur þegar verið rætt í almennum athugasemdum. Er þar vísað til vaxandi ásóknar í tvöföld eftirnöfn bæði hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum. Þetta samrýmist ekki íslenskum nafnvenjum og þykir því ástæða til að stemma stigu við þessu. Tekið skal fram að þetta ákvæði

nær ekki til þeirra sem þegar bera tvö kenninöfn á þjóðskrá, sbr. það sem segir í 2. mgr. 9. gr. Þannig mættu þeir, sem bera tvö ættarnöfn á þjóðskrá, halda þeim og sama gilti um niðja þeirra. Hinir, sem á þjóðskrá eru skráðir með hvoru tveggja, kenninafni til eiginnafns föður eða móður og ættarnafni, sbr. Jóna Jónsdóttir Hansen, mættu og halda áfram að bera bæði kenninöfnin og niðjar þeirra fá ættarnafnið en vitaskuld ekki kenninafnið til eiginnafns föður eða móður. Ófædd börn Jónu Jónsen Hansen mættu þannig bera ættarnöfnin Jónsen Hansen en ófædd börn Jónu Jónsdóttur Hansen mættu bera ættarnafnið Hansen. Hin síðarnefndu mættu hins vegar ekki jafnframt kenna sig til eiginnafns föður síns og kalla sig Sigurðsson eða Sigurðardóttir Hansen.

Í 3. mgr. er kveðið á um að manni, er hefur tekið upp ættarnafn maka síns, sé frjálst að taka að nýju upp eigið kenninafn er hjúskap lýkur. Gildir þá einu hvort um hefur verið að ræða kenninafn til eiginnafns föður eða móður eða ættarnafn. Hafi hlutaðeigandi lagt niður eigið ættarnafn við stofnun hjúskapar og tekið ættarnafn maka síns er honum heimilt við hjúskaparslit að taka aftur upp eigið ættarnafn. Hins vegar er manni, sem eitt sinn hefur hætt að bera ættarnafn, ekki heimilt að taka það upp aftur í öðrum tilvikum nema dómsmálaráðuneyti leyfi sérstaka undantekningu, sbr. 1. mgr.

Um 15. gr.

Þessi grein fjallar um nöfn þeirra sem fá íslenskt ríkisfang með lögum. Greinin fylgir þeim lagaákvæðum sem sett hafa verið á undanförnum árum í tengslum við veitingu ríkisfangs. Ein breyting er þó gerð hér á þessum reglum. Er hún í samræmi við ákvæði 2. mgr. 8. gr., en þar er gert ráð fyrir að sé annað foreldri barns erlendur ríkisborgari, eða hafi verið það sé heimilt að barninu sé gefið erlent nafn sem hið síðara af tveimur eiginnöfnum enda sé hið fyrra íslenskt í skilningi 2. gr. Eðlilegt þykir að sömu ákvæði gildi um börn þeirra erlendu manna sem fá íslenskt ríkisfang.

Um 16. gr.

Eins og áður er rakið eru í 14. gr. ákvæði um niðurfellingu og upptöku ættarnafna, sem menn hafa rétt til að bera, um upptöku ættarnafns maka við hjúskap og niðurfellingu þess við hjúskaparslit o.fl. Í 1. mgr. 14. gr. er gert ráð fyrir að menn geti aðeins einu sinni breytt kenninafni með niðurfellingu eða upptöku ættarnafns sem menn hafa rétt til að bera. Dómsmálaráðuneyti er þó heimilt að leyfa undantekningu frá þessu ef sérstakar ástæður mæla með því. Í ýmsum öðrum greinum er og gert ráð fyrir breytingu kenninafns eða sérstakri ákvörðun þess. Er þá lagt til að í vafatilvikum þurfi heimild dómsmálaráðuneytis til breytinga eða ákvörðunar, en í öðrum tilvikum gert ráð fyrir að tilkynning til Þjóðskrár nægi og er það þá hlutverk hennar að ganga úr skugga um að nauðsynlegum skilyrðum sé fullnægt.

Auk þessa getur reynst æskilegt eða nauðsynlegt að heimila breytingu á kenninafni af öðrum ástæðum en fram kemur í fyrri greinum. Hér gætu átt við svipaðar ástæður og raktar eru í athugasemd um 7. gr. þar sem kveðið er á um breytingar eiginnafns. Því er í 16. gr. lagt til að lögfest verði svipuð ákvæði um breytingu kenninafns og um breytingu eiginnafns, sbr. 3. mgr. 7. gr. Tekið skal fram að slík breyting á kenninafni getur þó ekki falist í upptöku nýs ættarnafns, sbr. 4. mgr. 9. gr.

Um 17. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um skipan mannanafnanefndar. Nauðsynlegt er að nefndarmenn séu sérfróðir um mannanöfn og íslenskt mál en auk þess er æskilegt að nefndina skipi jafnframt lögfróður maður. Hér er því um hreina sérfræðinganefnd að ræða og starfar hún eingöngu eftir lögum um mannanöfn og reglugerð sem kann að verða sett á grundvelli þeirra. Frumvarpshöfundum sýnist æskilegt að nefndin verði fámenn enda af því löng reynsla að fastar starfsnefndir eru því starfhæfari því fámennari sem þær eru. Því er lagt til að

mannanafnanefnd verði skipuð þremur mönnum, tveimur eftir tilnefningu heimspekideildar Háskóla Íslands og einum eftir tilnefningu lagadeildar Háskólans. Gert er ráð fyrir að nefndin skipti sjálf með sér verkum. Loks er kveðið á um að kostnaður af nefndinni greiðist úr ríkissjóði. Um störf nefndarinnar og kostnað er fjallað nánar í athugasemdum um 18. gr.

Um 18. gr.

Í þessari grein er kveðið á um verkefni mannanafnanefndar. Verkefnin eru hér þríþætt: 1. Að semja skrá um eiginnöfn sem heimil teljast. 2. Að vera til ráðuneytis um nafngjafir og skera úr ágreiningsefnum um nöfn eins og kveðið er á um í lögum þessum. 3. Að skera úr öðrum álitamálum sem upp kunna að koma um nafngjafir, nafnritun o.fl. þess háttar.

Um verkefni mannanafnanefndar hefur þegar verið rætt í almennum athugasemdum og í athugasemdum við einstakar greinar. Í því sambandi ber að leggja sérstaka áherslu á tvennt:

1. Að störf nefndarinnar hljóta að verða umfangsmikil og sérstaklega verður að gera ráð fyrir að þau verði tímafrek fyrstu þrjú til fjögur missirin sem nefndin starfar.
2. Að nefndin gegnir lykilhlutverki við framkvæmd laganna og eftirlit með þeim. Eigi þetta að geta gengið eftir þarf nefndin að starfa með reglubundnum og samfelldum hætti. Hún verður að hafa skrifstofu, sem er opin hluta úr degi, og starfsmann sem unnt er að leita til og getur tekið við erindum og svarað fyrirspurnum. Þá er gengið út frá að nefndin þurfi að hittast oft, enda má ekki verða dráttur á úrskurðum hennar eigi menn að fást til þess að una því að málum sé skotið til hennar eða álits hennar leitað. Loks verður að gera ráð fyrir að nefndin eða hluti hennar, t.d. formaður, vinni sérstaklega að samningu mannanafnaskrár. Af þessum sökum er óhjákvæmilegt að talsverður kostnaður hljótist af starfsemi nefndarinnar.

Af þeim forsendum, sem hér hafa verið raktar, má lauslega áætla að nauðsynlegt verði að veita fé til starfsemi nefndarinnar á fyrsta heila starfsári hennar sem hér segir:

Launakostnaður . . . . . 3.100 þús. kr.
Reiknað er með nefndarlaunum og miðað við fastan starfsmann í hálfu starfi en að annar launakostnaður svari til eins stöðugildis sérfræðings.

Annar rekstrarkostnaður . . . . . 900 þús. kr.
Húsaleiga, ljós, hiti, sími, ljósritun, ræsting og ýmsar rekstrarvörur.

Rekstrarkostnaður á ári samtals . . . . . 4.000 þús. kr.

Stofnkostnaður . . . . . 1.700 þús. kr.
Tvær einmenningstölvur, ljósritunarvél, húsgögn, stofngjald síma og bókakostur.

Fjárþörf alls fyrsta heila starfsárið . . . . . 5.700 þús. kr.

Í sambandi við þessa áætlun skal ítrekað að óhjákvæmilegt er að umsvif mannanafnanefndar verði áþekk þeim sem hér er reiknað með. Að öðrum kosti yrði stofnun nefndarinnar tilgangslítil. Á hinn bóginn skal það haft hugfast að stofnkostnaður fellur aðallega til á fyrsta starfsári nefndarinnar og ætla má að úr rekstrarkostnaði dragi þegar fram í sækir.

Í síðari málsgrein 18. gr. er kveðið á um að úrskurðir nefndarinnar séu fullnaðarúrskurðir. Í því felst að þeim verði ekki skotið til æðra stjórnvalds. Hins vegar eiga dómstólar úrlausn um lögmæti forsendna þeirra, sbr. 60. gr. stjórnarskrár. Loks eru fyrirmæli um að nefndin skuli ár hvert birta niðurstöður úrskurða sinna en ætla má að í þeim felist mikil leiðbeining til almennings og þeirra sem falin er framkvæmd laganna.

Um 19. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að breyting á eiginnafni eða kenninafni taki ekki gildi fyrr en við skráningu á þjóðskrá. Gildir þetta jafnt um þær breytingar, sem kveðið er á um að dómsmálaráðuneyti heimili sérstaklega, og um aðrar ákvarðanir um eiginnöfn og kenninöfn og breytingar þeirra sem ekki þarf sérstakt leyfi til og tilkynntar skulu Þjóðskrá. Er slíkar tilkynningar berast Þjóðskrá, hvort sem um er að ræða nafngjafir eða breytingar eiginnafna og kenninafna, er þar kannað hvort nöfn eða nafnbreytingar fullnægi ákvæðum laganna. Skráning fer þá fyrst fram er gengið hefur verið úr skugga um þetta. Nauðsynlegt þykir að skýrt sé kveðið á um gildistöku nafnbreytinga. Annars vegar þarf að vera unnt að beita með virkum hætti því eftirliti sem lögin gera ráð fyrir að Þjóðskráin hafi með höndum. Hins vegar verður að koma í veg fyrir ósamræmi í nafnnotkun og skráningu, t.d. vegna þess að menn byrja að nota nöfn sem ekki hafa verið skráð og vafi leikur á að megi skrá. Ýmis dæmi eru um rugling og jafnvel brot af ásetningi í þessu efni og þykir rétt að stemma stigu við því.

Í 2. mgr. er kveðið á um að við skráningu á kenninafni barns skuli barnið kennt til föður eða móður skv. 1. mgr. 9. gr., nema tekið sé fram í tilkynningu að barnið skuli bera ættarnafn sem það hefur rétt til. Í 3. mgr. eru hliðstæð ákvæði um upptöku ættarnafns við stofnun hjúskapar. Þessi ákvæði eru sett til að taka af vafa og til ábendingar um að menn verði að koma óskum sínum á framfæri við Þjóðskrá til þess að nöfn verði rétt skráð.

Um 20. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um ritun og notkun nafna. Í 1. mgr. er skilgreint hvað átt er við með fullu nafni manns.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eru tekin eftir frumvarpinu frá 1971. Hér er kveðið á um að nöfn manna skuli rituð á opinberum skrám og öðrum gögnum eins og þau eru rituð á þjóðskrá á hverjum tíma og að menn skuli sjálfir í skiptum við opinbera aðila og í lögskiptum rita og tjá nafn sitt eins og það er ritað á þjóðskrá. Þessum ákvæðum er ætlað að stuðla að því að festa komist á nafnritun og tjáningu á nafni auk þess sem þetta ætti að hvetja til þess að nafnritun á þjóðskrá sé í samræmi við nafnnotkun manna og óskir í því efni.

Um 21. gr.

Ákvæði 21. gr. lúta að nafnritun á þjóðskrá en gert er ráð fyrir að henni megi breyta án þess að um nafnbreytingu sé að ræða. Er þetta í samræmi við gildandi framkvæmd. Algengt er að menn, sem heita tveimur nöfnum, óski eftir að annað nafnið sé ekki ritað ellegar að það sé skammstafað á þjóðskrá þar sem þeir noti það ekki. Í öðrum tilvikum þegar annað tveggja nafna er ekki ritað á þjóðskrá eða það skammstafað þar, er og algengt að þess sé óskað að bæði nöfnin séu rituð þar fullum stöfum.

Um 22. gr.

Ákvæði þessarar greinar lúta að því að hindra að maður misnoti nafn annars manns. Sams konar ákvæði hafa lengi verið í annarri norrænni nafnalöggjöf og voru einnig í frumvarpinu frá 1971.

Um 23. gr.

Samkvæmt 1. mgr. getur dómsmálaráðherra beitt forsjármann dagsektum ef barni hefur ekki verið gefið nafn innan sex mánaða frá fæðingu, sbr. 2. mgr. 4. gr. Í núgildandi lögum er ekki slíkt ákvæði og því engum úrræðum hægt að beita gegn foreldrum sem vilja af einhverjum ástæðum ekki gefa börnum sínum nafn. Reynslan sýnir að jafnan eru nokkur börn nafnlaus um langa hríð og í einstaka tilvikum svo árum skiptir. Talið er æskilegt að allir þegnar þjóðfélagsins beri nafn til auðkennis og er þetta úrræði því nauðsynlegt.

Um tvær leiðir er að velja varðandi þvingunarúrræði. Annars vegar dagsektir sem stjórnvald ákveður hins vegar sektir sem dómstóll dæmir.

Í Noregi og Danmörku er sami tímafrestur og hér er ráðgerður og má hafa nokkra hliðsjón af því. Brot á norska ákvæðinu varðar sektum samkvæmt almennum hegningarlögum. Í Danmörku eru sektir ákvarðaðar af dómstólum en jafnframt er þeim heimilt samkvæmt réttarfarslögum að beita foreldra dagsektum er falla á þar til barni er gefið nafn. Fram til 1981 var einungis beitt dagsektum í Danmörku og voru þær ákvarðaðar af stjórnvaldi. Í þessu frumvarpi er lagt til að sami háttur verði hafður á og áður var í Danmörku. Gert er ráð fyrir að málsmeðferð verði einfaldari ef beitt er dagsektum samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra fremur en sekt samkvæmt dómi.

Samkvæmt 2. mgr. verður dagsektum ekki beitt gagnvart öðrum brotum en þeim sem um getur í 1. mgr. Öll önnur brot á lögunum varða sektum nema þyngri viðurlög liggi við eftir öðrum lögum.

Um 24. gr.

Rétt þykir að gera ráð fyrir að heimilt verði að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna. Er þá einkum haft í huga að reynslan kunni að leiða í ljós að ýmis ákvæði þarfnist nánari fyllingar og skýringar en lagatextinn sjálfur leyfir.

Tekið skal fram að það felst í ákvæði þessarar greinar og í ákvæði um skipan mannanafnanefndar í 17. gr. að gert er ráð fyrir að dómsmálaráðuneyti fari framvegis með mál sem snerta mannanöfn, en ekki menntamálaráðuneyti, eins og nú háttar. Í frumvarpinu er víða gert ráð fyrir að dómsmálaráðuneyti fari með framkvæmd einstakra atriða, svo sem leyfi til nafnbreytinga, m.a. í tengslum við ættleiðingu eða veitingu ríkisfangs. Leiðir þetta af eðlilegum valdmörkum ráðuneytanna og verkefnum þeirra að öðru leyti. Því þykir rökrétt að dómsmálaráðherra hafi framvegis forræði á mannanafnamálum. Þetta er og í samræmi við löggjöf á öðrum Norðurlöndum.

Um 25. gr.

Hér er kveðið á um gildistöku og niðurfellingu núgildandi laga. Lagt er til að sex mánuðir líði frá birtingu til gildistöku laganna. Þá er gert ráð fyrir að sá tími verði nýttur til að kynna almenningi efni þeirra. Miklu hlýtur að skipta um framkvæmd laganna að almenningur þekki þau og geri sér fulla grein fyrir að ætlast sé til að þeim verði framfylgt í hvívetna.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Enda þótt gert sé ráð fyrir að hálft ár líði frá birtingu til gildistöku laganna er nauðsynlegt að ekki dragist að mannanafnanefnd taki til starfa. Er sérstaklega haft í huga að nefndin geti hafið strax störf við að semja mannanafnaskrá og skipuleggja og undirbúa skrifstofuhald sitt. Því er hér lagt til að ekki verði beðið með að skipa í nefndina þar til lögin taka gildi heldur verði það gert þegar eftir útgáfu þeirra.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Hér er kveðið á um hvernig fara skuli með álitamál um nafngjafir þar til mannanafnaskrá hefur verið gefin út. Að öðru leyti vísast um þetta til þeirra skýringa sem þegar eru fram komnar við þriðja málslið 6. gr.

Nd. **829. Frumvarp til laga** [476. mál]

um Þjóðleikhús.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

Þjóðleikhúsið er eign íslensku þjóðarinnar.

2. gr.

Í Þjóðleikhúsinu skal iðka leiklist og þær listgreinar aðrar sem leiksviði eru tengdar.

Þjóðleikhúsið skal í starfsemi sinni leitast við að auka áhuga landsmanna á þessum listgreinum og stuðla að þróun þeirra. Það skal kosta kapps um að efla íslenska leikritun og vera til fyrirmyndar um listrænan flutning viðfangsefna og meðferð íslenskrar tungu.

Þjóðleikhúsið hagar starfsemi sinni þannig að sem flestir landsmenn fái notið þess sem í boði er.

3. gr.

Aðalverkefni Þjóðleikhússins er flutningur íslenskra og erlendra sjónleika. Enn fremur að flytja óperur, listdanssýningar og önnur leikhúsverk eftir því sem efni og aðstæður leyfa.

Á hverju leikári skulu flutt eitt eða fleiri viðfangsefni sérstaklega ætluð börnum.

Á vegum Þjóðleikhússins skulu árlega farnar á starfstíma þess leikferðir sem víðast um landið. Einnig skulu farnar leikferðir til annarra landa og fengnir hingað erlendir listamenn, hvort tveggja eftir því sem aðstæður leyfa.

4. gr.

Þjóðleikhúsið heyrir undir menntamálaráðuneytið. Stjórn þess er að öðru leyti í höndum þjóðleikhússtjóra, þjóðleikhúsráðs og þjóðleikhúsnefndar.

Í fjarveru þjóðleikhússtjóra gegna fjármálastjóri og leiklistarráðunautur starfi hans.

5. gr.

Menntamálaráðherra ræður þjóðleikhússtjóra, að fenginni tillögu þjóðleikhúsráðs.

Ráðinn skal maður með staðgóða þekkingu á starfi leikhúsa. Starfið skal auglýst samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þjóðleikhússtjóri er ráðinn til fjögurra ára, sbr. þó 12. gr., en heimilt er að endurráða hann tvisvar til tveggja ára í senn ef meiri hluti þjóðleikhúsráðs mælir með því.

6. gr.

Þjóðleikhússtjóri er stjórnandi leikhússins og hefur forustu um að móta listræna stefnu þess. Hann semur starfs- og fjárhagsáætlun leikhússins með aðstoð fjármálastjóra og leiklistarráðunautar og leggur hana fyrir þjóðleikhúsráð og þjóðleikhúsnefnd til samþykktar.

Þjóðleikhússtjóri ræður leikstjóra að hverju verkefni og ákveður ásamt honum aðra þátttakendur.

Þjóðleikhússtjóri stýrir leikhúsinu samkvæmt samþykktri starfs- og fjárhagsáætlun og ber ábyrgð á rekstri þess, bæði listrænum og fjárhagslegum. Um fjárhagslega framkvæmd er fjármálastjóri honum til aðstoðar en leiklistarráðunautur að því er tekur til listrænnar starfsemi.

7. gr.

Listræn stefnumótun er í höndum þjóðleikhússtjóra og þjóðleikhúsráðs, þar með talið verkefnaval með aðstoð leiklistarráðunautar.

Við samningu verkefnaskrár skal leitast við að nýting starfskrafta verði hagkvæm og tillit tekið til listrænnar velferðar og þroska listamannanna.

Allar meiri háttar ákvarðanir í leikhúsrekstrinum skulu bornar undir þjóðleikhúsráð.

Í þjóðleikhúsráði sitja fimm fulltrúar. Þrjá þeirra skal starfsfólk leikhússins bæði fastráðið og lausráðið kjósa leynilegri kosningu á fundi sérstaklega til þess boðuðum, samkvæmt reglum sem menntamálaráðuneytið setur. Fjórði fulltrúinn skal kosinn af Leiklistarsambandi Íslands en sá fimmti skipaður af menntamálaráðherra. Varamenn eru kosnir og skipaðir á sama hátt.

Kosið er í ráðið til tveggja ára en heimilt er að endurkjósa í það tvisvar sinnum þannig að sami aðili sitji í allt að sex ár samfellt. Úr fyrsta ráðinu verða þó tveir að ganga eftir fjögur ár. Skal þá fulltrúi Leiklistarsambands Íslands og einn fulltrúi starfsfólksins ganga út.

Þjóðleikhúsráð kýs sér sjálft formann.

8. gr.

Þjóðleikhússtjóra og þjóðleikhúsráði til ráðuneytis er sérstök nefnd, þjóðleikhúsnefnd, sem í sitja þrír fulltrúar. Hún er skipuð til tveggja ára í senn. Er einn skipaður af menntamálaráðherra, annar af fjármálaráðherra en þriðji fulltrúinn er starfandi formaður þjóðleikhúsráðs og er hann formaður hópsins. Þjóðleikhúsnefnd skal hafa eftirlit með rekstri leikhússins og fjármálum. Hún fylgist með fjármálum leikhússins og er tengiliður við fjárveitingavaldið í því skyni að tryggja leikhúsinu nægilegt rekstrarfé hverju sinni. Undir nefndina skulu bornar allar meiri háttar fjármálaákvarðanir, svo sem fjárhagsáætlun hvers leikárs. Nefndin starfar með þjóðleikhússtjóra og fjármálastjóra leikhússins.

Þjóðleikhúsnefnd getur ekki tekið fram fyrir hendur þjóðleikhússtjóra í listrænum efnum nema um sé að ræða áform sem stangast á við samþykkta fjárhagsáætlun.

9. gr.

Við Þjóðleikhúsið starfar fjármálastjóri er menntamálaráðuneytið ræður til fjögurra ára í senn eftir að starfið hefur verið auglýst og að fenginni tillögu þjóðleikhússtjóra og þjóðleikhúsráðs.

Fjármálastjóri annast fjárreiður Þjóðleikhúss, reikningsskil og skrifstofustjórn. Hann er ráðunautur þjóðleikhússtjóra um fjármál og rekstur leikhússins og hefur samráð við þjóðleikhúsnefnd um allar meiri háttar fjármálaákvarðanir.

10. gr.

Við Þjóðleikhúsið starfar framkvæmdastjóri sem hefur með höndum skipulagsstarf innan leikhússins, yfirumsjón með vinnuhagræðingu hinna ýmsu deilda og fylgist með innkaupum þeirra, raðar niður æfingum og æfingatímum, skipuleggur leikferðir innan bæjar og utan og annast önnur skyld störf. Hann hefur þannig á hendi starfsmannastjórn ásamt þjóðleikhússtjóra og fjármálastjóra.

11. gr.

Þjóðleikhússtjóri ræður leikara, leikstjóra, leikmyndateiknara, höfunda og aðra listamenn leikhússins, svo og aðra starfsmenn þess, sbr. þó 9. gr. Hann gerir við þá starfssamninga í samráði við fjármálastjóra. Tillögur að fastráðningu listamanna skal hann kynna þjóðleikhúsráði. Skal ráðningartími ofangreindra aðila aldrei vera lengri í senn en sem nemur ráðningartíma starfandi þjóðleikhússtjóra.

Miða skal við að svo margir leikarar og aðrir listamenn starfi við Þjóðleikhúsið að það geti að staðaldri leyst af hendi þau verkefni sem því ber að rækja samkvæmt lögum þessum.

Við Þjóðleikhúsið skulu að jafnaði starfa höfundar, leikstjórar, leiklistarráðunautur (dramaturg), tónlistarstjóri, raddþjálfari og líkamsþjálfari.

12. gr.

Leikár Þjóðleikhússins telst frá 1. september til 31. ágúst. Ráðningarkjör leikara, leikstjóra, leikmyndateiknara, höfunda og annarra listamanna leikhússins skulu fara eftir gildandi samningum við stéttarfélög hlutaðeigandi listamanna.

Þjóðleikhússtjóri skal ráðinn og launaður frá 1. janúar og eiga þess kost að fylgjast með starfsemi leikhússins til loka þess leikárs. Öll störf og ákvarðanir þjóðleikhússtjóra, sem samkvæmt lögum þessum varða næsta leikár, skulu heyra undir nýráðinn leikhússtjóra, en að öðru leyti tekur hann að fullu við störfum í upphafi nýs leikárs.

13. gr.

Þjóðleikhúsið skal kappkosta að hafa samstarf við leikfélög áhugamanna, láta þeim í té gestaleikara, leikstjóra og aðra leikhússtarfsmenn eftir því sem unnt er. Einnig skal gera leikfélögum áhugamanna og nemendum Leiklistarskóla Íslands kleift að fylgjast með starfi Þjóðleikhússins eftir föngum. Þjóðleikhúsið má leigja leikfélögum búninga, leikmuni o.s.frv., eftir því sem stjórn leikhússins telur við verða komið, þar til á fót hefur verið komið sérstöku búninga- og leikmunasafni sem annist útleigu til leikhúsa og kvikmyndafyrirtækja.

14. gr.

Þjóðleikhúsið skal svo fljótt sem verða má koma sér upp þriðja leiksviðinu svo að mögulegt sé að framkvæma ákvæði þessara laga og auka fjölbreytni í verkefnavali og framsetningu.

15. gr.

Þegar þjóðleikhúsbyggingin er ekki notuð til þeirrar starfsemi, sem lög þessi fjalla um, má nota hana til annarrar menningarstarfsemi.

16. gr.

Kostnaður af rekstri Þjóðleikhússins skal greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum og eigið aflafé þess hrekkur ekki til. Þegar fjárlög hafa verið afgreidd skal gera samning milli ríkisins og Þjóðleikhússins um greiðslur innan ársins. Þjóðleikhúsið ber þá alla ábyrgð á greiðslum fyrir einstaka rekstrarþætti hvort sem um er að ræða laun eða annan rekstrarkostnað.

17. gr.

Þjóðleikhúsbyggingin stendur ekki til tryggingar skuldbindingum Þjóðleikhússins. Húseignin tilheyrir Fasteignum ríkisins eða hliðstæðri stofnun og sér hún um viðhald hússins og endurbætur og fé til þess má ekki taka af rekstrarfé leikhússins. Veita skal árlega sérgreinda upphæð á fjárlögum til viðhalds og endurbóta á leikhúsinu og tækjakosti þess.

18. gr.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 58 12. maí 1978, um Þjóðleikhús, og önnur ákvæði sem kunna að brjóta í bága við þessi lög. Lög þessi skulu endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til lög um framtíðarskipan óperu og listdans hafa verið samþykkt á Alþingi ber Þjóðleikhúsinu að rækja skyldur við þessar listgreinar, svo sem verið hefur, sbr. 3. gr. í gildandi lögum um Þjóðleikhús.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Það frumvarp, sem hér liggur fyrir um starfsemi Þjóðleikhússins, er unnið af nefnd sem menntamálaráðherra skipaði. Við meðferð málsins í stjórnarflokkunum urðu nokkrar breytingar á tillögum nefndarinnar og eru þær sem hér segir:

1. Í 1. gr. er bætt inn nýrri málsgrein þar sem gert er ráð fyrir því að Þjóðleikhúsið hagi starfsemi sinni þannig að það nái til sem flestra landsmanna.
2. Í 2. gr. er gerð sú breyting að felld er niður tillaga um að tiltekið hlutfall af skemmtanaskatti skuli renna til leiksýninga úti á landi. Ástæðan er sú að hér er um að ræða almennan tekjustofn og því eðlilegra að kostnaður við leikferðir út um landið verði greiddur á sama hátt og annar kostnaður sem til fellur hjá húsinu. Með þessu er undirstrikað að leikferðir úti á landi eru óhjákvæmilegur þáttur í starfsemi Þjóðleikhússins.
3. Í 5. gr. er gerð sú breyting að menntamálaráðherra skuli ráða þjóðleikhússtjóra, að fenginni tillögu þjóðleikhúsráðs, en ekki að fenginni tilnefningu þjóðleikhúsráðs. Það orðalag helgast af venjum í orðalagi og stjórnskipan, en auðvitað er gengið út frá því — í samræmi við ákvæði frumvarpsins um sjálfstæði hússins — að menntamálaráðherra skipi þann mann sem nýtur stuðnings þjóðleikhúsráðs eða að minnsta kosti meiri hluta þess.
4. Í 8. gr. verður sú breyting að gert er ráð fyrir því að formaður þjóðleikhúsráðs verði jafnframt formaður þjóðleikhúsnefndar.
5. Í 9. gr. eru nokkrar orðalagsbreytingar frá tillögu nefndarinnar, sbr. það sem og gerist að orðinu „tilnefning“ er breytt í orðið tillaga samkvæmt því sem áður segir.
6. 11. og 12. gr. nefndarinnar eru sameinaðar. 12. gr. nefndarinnar er breytt þannig að bætt er inn orðunum „að jafnaði“.
7. Í 13. gr. er felld niður sú setning að leikhúsið eigi að semja við stéttarfélög þess fólks sem í húsinu starfar. Á móti kemur að bætt er inn nýrri málsgrein síðar í frumvarpið til að undirstrika fjárhagslegt sjálfstæði hússins.
8. Lítils háttar lagfæring er gerð á 14. gr. frumvarps nefndarinnar.
9. Í 17. gr. er bætt inn veigamiklu efnisatriði. Þar er gert ráð fyrir því að þegar fjárlög hafa verið afgreidd verði gerður samningur milli ríkisins (menntamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis) annars vegar og Þjóðleikhússins hins vegar um greiðslur til hússins á árinu. Þegar sá samningur hefur verið gerður ber Þjóðleikhúsið alla ábyrgð á því hvernig fjármunum samkvæmt samningnum er ráðstafað hvort sem um er að ræða laun eða önnur rekstrargjöld.

Nefnd sú, sem menntamálaráðherra skipaði sl. vor til að semja drög að nýjum lögum um Þjóðleikhús ásamt því að fjalla um framtíð íslenskrar óperu og listdans, þ.e. Íslenska dansflokksins, lauk störfum í desember. Í nefndinni áttu sæti Stefán Baldursson leikstjóri, formaður, tilnefndur af leiklistarráði, Guðrún Þ. Stephensen, leikari og fulltrúi í þjóðleikhúsráði, Nanna Ólafsdóttir, listdansari og dansahöfundur, Kristinn Hallsson, óperusöngvari og fulltrúi í menntamálaráðuneytinu, Sveinn Einarsson, leikstjóri og dagskrárstjóri, Þórhallur Sigurðsson, leikari og leikstjóri, og Þórhildur Þorleifsdóttir, leikstjóri og alþingismaður. Meginviðfangsefni nefndarinnar var að semja drög að nýjum lögum um Þjóðleikhús á grundvelli tillagna sem unnar höfðu verið á vegum leiklistarráðs. Enn fremur var nefndinni ætlað að gera tillögur um framtíðarstefnu varðandi íslenska óperu og listdansstarfsemi, fjalla um hlut listamanna og kjör, svo og húsnæði fyrir þessa þætti íslenskrar menningar.

Frumvarp um Þjóðleikhús felur í sér miklar breytingar frá fyrri lögum. Meginmarkmiðið er að stuðla að því, að svo miklu leyti sem lagasetning getur gert slíkt, að leikhúsinu sé stjórnað af ábyrgð, framsýni og listrænum metnaði. Áhrif þjóðleikhúsráðs á stjórnun og rekstur hússins eru aukin til muna enda lagt til að ekki verði framar skipað í ráðið af stærstu

stjórnmálaflokkunum, heldur verði meiri hluti fulltrúa þess kjörinn af ýmsum samtökum listafólksins sjálfs. Þá eru starfandi þjóðleikhússtjóra gefnar frjálsari hendur en verið hefur varðandi val á samstarfsfólki og stefnt að því að enginn starfsmaður leikhússins sé ráðinn til lengri tíma en leikhússtjórinn sjálfur. Til þess að treysta rekstur leikhússins og fjárhagsgrundvöll er lagt til að stjórn leikhússins til ráðuneytis starfi þriggja manna nefnd, þjóðleikhúsnefnd, sem sé tengiliður við fjármálayfirvöld og annist jafnframt eftirlit og ráðgjöf varðandi fjármál leikhússins.

Frumvarp þetta felur í sér grundvallarbreytingar á rekstri Þjóðleikhússins. Meginbreytingin er sú að Þjóðleikhúsið öðlast aukið listrænt og fjárhagslegt sjálfstæði. Æviráðningar verða afnumdar, en starfsmenn eru ráðnir til takmarkaðs tíma í senn. Gert er ráð fyrir því að þjóðleikhúsráð verði einvörðungu innanhússtofnun með einum fulltrúa frá menntamálaráðuneyti, en tilnefning stjórnmálaflokka í ráðið falli niður. Fjárhagslega ábyrgð beri æðstu embættismenn hússins ásamt þriggja manna þjóðleikhúsnefnd sem skipuð er fulltrúum fjármálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og þjóðleikhúsráðs. Gert er ráð fyrir því að leikhúsið sjálft annist allar greiðslur til starfsmanna sinna, en ekki Launaskrifstofa ríkisins þó að sjálfsögðu verði fylgt kjarasamningum þeirra stéttarfélaga sem viðkomandi starfsmenn eru aðilar að.

Flutningur þessa frumvarps er liður í alhliða endurbótum á starfsemi Þjóðleikhússins. Gert er ráð fyrir að verja um 300 millj. kr. til endurbóta á húsinu sjálfu á þessu ári. Þá er miðað við að rekstur hússins verði á þessu ári aðeins um einn þriðji af því sem verið hefur, en verulegar fjárhagslegar endurbætur hafa þegar átt sér stað í Þjóðleikhúsinu og á rekstri þess. Markmið alls þessa er fjárhagslega sjálfstætt þjóðleikhús, sem hagar fjármálastefnu sinni innan ramma fjárlaga, og hefur því ekki framar möguleika á því að kalla á aukafjárveitingar umfram þann samning sem gerður er í upphafi árs milli þjóðleikhússtjóra og menntamálaráðherra og fjármálaráðherra hins vegar um rekstur hússins og alla starfsemi. Með þessu frumvarpi er stigið fyrsta skrefið í áttina til að framkvæma þá stefnu menntamálaráðherra að menningarstofnanir ríkisins verði sjálfstæðar og starfi á grundvelli fastra fjárlaga hverju sinni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 2. gr.

Sett eru inn ákvæði um skyldu Þjóðleikhússins við að þjóna öllum landsmönnum eins og kostur er.

Um 3. gr.

Greinin telur fram meginverkefni Þjóðleikhússins: Að sýna sjónleiki, að sinna börnum sérstaklega og að leitast við að vera í verki leikhús þjóðarinnar allrar.

Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir því að Þjóðleikhúsið sinni óperu og listdansi, svo sem verið hefur þar til önnur skipan mála hefur verið ákveðin.

Í nefndaráliti þeirrar nefndar, sem fjallaði um frumvarp til þjóðleikhússlaga, er gerð ítarleg grein fyrir afstöðu nefndarinnar til framtíðarskipunar listdans og óperu. Þau frumvörp verða ekki flutt á þessu þingi og þarfnast nánari skoðunar að mati menntamálaráðuneytis.

Um 4. gr.

Talið er nauðsynlegt að skýr ákvæði séu um hver gegni embætti þjóðleikhússtjóra í fjarveru hans og þykir ekki óeðlilegt að það séu tveir af nánustu samstarfsmönnum hans í daglegu starfi: fjármálastjóri og leiklistarráðunautur. Skulu þeir að sjálfsögðu starfa með þjóðleikhúsráði á sömu forsendu og þjóðleikhússtjóri sjálfur.

Um 5. gr.

Lögð er öll áhersla á að kalla listafólkið sjálft til aukinnar ábyrgðar við stefnumörkun og stjórnun leikhússins. Lagt er til að þjóðleikhúsráð, sem kjörið er af fagfólkinu sjálfu, hafi úrslitaáhrif á hver ræðst til starfa þjóðleikhússtjóra, að undangenginni ítarlegri umfjöllun um umsækjendur og eftir viðræður við viðkomandi, en menntamálaráðherra ræður síðan umræddan aðila til starfans.

Ráðningin skal vera til fjögurra ára, þar eð slíkt þykir lágmarkstími í leikhúsi til að viðkomandi stjórnandi geti hrint í framkvæmd áformum sínum og fylgt þeim eftir. Fjögur ár eru þó í raun skammur tími í þessu samhengi og því nauðsynlegt að þjóðleikhússtjóri eigi kost á lengri ráðningu ef viðkomandi farnast vel í starfi. Til þessa hefur mátt endurráða leikhússtjórann til fjögurra ára, en nefndin telur skynsamlegra að tvískipta síðara tímabili þannig að endurráða megi þjóðleikhússtjóra tvisvar til tveggja ára í senn, ef meiri hluti þjóðleikhúsráðs mælir með því.

Um 6. gr.

Þjóðleikhússtjóri skal hafa forustu um að móta listræna stefnu leikhússins, en honum til samstarfs og samábyrgðar verða fleiri aðilar: þá fyrst og fremst þjóðleikhúsráð og þjóðleikhúsnefnd, svo og fjármálastjóri og leiklistarráðunautur.

Sjá nánar greinar um þessa aðila.

Um 7. gr.

Segja má að ein meginbreyting þessara tillagna frá því sem verið hefur sé skipan þjóðleikhúsráðs og verksvið þess. Í þjóðleikhúsráð hefur frá upphafi verið skipað pólitískt, þ.e. fulltrúar þingflokkanna hafa átt þar hver sinn fulltrúa og einn fulltrúi verið tilnefndur af Félagi íslenskra leikara. Til samræmis við aðra þróun varðandi skipun í stjórn lista- og menningarstofnana telur nefndin nauðsynlegt að í þjóðleikhúsráði sitji að meiri hluta fulltrúar kjörnir af fagfólkinu sjálfu. Sýnt þykir af reynslunni, bæði hér á landi (hjá Leikfélagi Reykjavíkur) og erlendis (þjóðleikhús og borgarleikhús nágrannalandanna) að aukin ábyrgð listafólksins sjálfs við stjórnun og stefnumörkun leikhússins skili betri langtímaárangri en ella. Því er lagt til að þrír af fimm fulltrúum þjóðleikhúsráðs séu kosnir af starfsfólki Þjóðleikhússins hverju sinni, bæði fastráðnu og lausráðnu, fjórði fulltrúinn af Leiklistarsambandi Íslands, sem eru samtök allra starfandi leikhúsmanna hér á landi og sá fimmti verði tilnefndur af menntamálaráðherra. Mikilvægt er að leggja áherslu á hvernig staðið skuli að kosningu fulltrúa innan Þjóðleikhússins. Skal það gert með leynilegri atkvæðagreiðslu á fundi sérstaklega til þess boðuðum. Skal allt fastráðið starfsfólk leikhússins boðað til fundarins, svo og allir lausráðnir listamenn sem við húsið starfa á viðkomandi leikári. Ekki þykir rétt að ákveðin stéttarfélög innan leikhússins tilnefni fulltrúa í þjóðleikhúsráð, svo sem Félag íslenskra leikara, Félag leikstjóra á Íslandi, Leikskáldafélag Íslands o.s.frv., þar eð félögin eru mun fleiri en fjöldi fulltrúa í þjóðleikhúsráði og því erfitt að draga mörkin hver félaganna ætti að eiga fulltrúa í ráðinu umfram önnur.

Með ofangreindum hætti eiga allar starfsgreinar leikhússins möguleika á að kjósa fulltrúa í þjóðleikhúsráð og sömuleiðis að sitja í ráðinu. Þetta fyrirkomulag getur stuðlað að því að leikhúsfólk sameinist um að velja hæfasta fólkið hverju sinni án tillits til starfsgreina með hagsmuni leiklistarinnar í heild að markmiði.

Varðandi starfstímabil fulltrúa í þjóðleikhúsráði er lögð áhersla á nauðsyn hreyfinga og breytinga innan ráðsins þannig að kosið er í það til tveggja ára, en heimilt að sami aðili sitji þó allt að sex árum. Fer það allt eftir því hversu vel tekst til með starfsemi ráðsins hvort rétt þykir að halda ráðinu óbreyttu eða stokka upp innan þess.

Þá er lagt til að ráðið kjósi sér sjálft formann.

Um 8. gr.

Nýmæli í lögum þessum er skipan þjóðleikhúsnefndar, þriggja manna nefndar, sem skipuð er fulltrúum menntamálaráðherra, fjármálaráðherra og formanni þjóðleikhúsráðs. Skal nefndin hafa eftirlit með fjármálum leikhússins og vera tengiliður við fjárveitingavaldið í því skyni að tryggja leikhúsinu nægilegt rekstrarfé hverju sinni.

Með breyttri skipan þjóðleikhúsráðs þykir nauðsynlegt að rjúfa ekki tengslin við hið opinbera en efla og bæta samstarf stjórnvalda við leikhúsið. Oft hefur komið í ljós nauðsyn sterkari tengsla milli fjárveitingavaldsins og leikhússins og því æskilegt að leikhúsið starfi í stöðugum tengslum við fulltrúa fjármála- og menntamálaráðuneytis sem þannig verði þaulkunnugir helstu atriðum í rekstri og fjármálum leikhússins.

Gert er ráð fyrir að þjóðleikhúsnefnd komi saman nokkrum sinnum á ári, ekki síst í tengslum við fjárhags- og áætlanagerð en skipti sér ekki af listrænum stefnumálum, nema þau stangist á við gerðar fjárhagsáætlanir.

Um 9. og 10. gr.

Greinarnar eru óbreyttar að mestu, en lýsa starfssviði fjármála- og framkvæmdastjóra (áður skipulagsstjóra).

Um 11. gr.

Þjóðleikhússtjóri er eftir sem áður sá sem ræður starfsfólk að leikhúsinu að vísu í samráði við þjóðleikhúsráð hvað varðar fastráðningar. Til nýmæla heyrir hins vegar ákvæði um að enginn starfsmaður við leikhúsið skuli ráðinn til lengri tíma en sem svarar ráðningartíma þjóðleikhússtjóra sjálfs. Lögð er mikil áhersla á nauðsyn þessa ákvæðis. Til þess að leikhússtjóri geti fylgt eftir listrænni stefnu sinni og hrundið í framkvæmd áformum sínum og þjóðleikhúsráðs er óhjákvæmilegt að hann geti valið sér til samstarfs það listafólk og annað samstarfsfólk sem hann helst telur feng að í því tilliti, en þurfi ekki að búa við þær kringumstæður að vera gestur í stofnun þeirri, sem hann veitir forstöðu, meðan meiri hluti starfsfólks er hugsanlega ráðinn þar til frambúðar eins og verið hefur.

Það getur skipt sköpun í starfi hvers leikhússtjóra með heill Þjóðleikhússins í huga að hann geti ráðið og/eða endurráðið það fólk, sem hann sjálfur kýs, og þurfi ekki að vera háður stefnumótun fyrirrennara síns í starfi.

Um nokkra hríð hefur tíðkast að Þjóðleikhúsið ráði höfunda til takmarkaðs tíma. Til álita getur komið að ákveða í lögum að húsið hafi a.m.k. einn eða tvo leikritahöfunda á launum sem hlýtur að teljast eðlileg stefna. Samkvæmt þessu frumvarpi er það hins vegar lagt á vald þjóðleikhússtjóra. Einn megintilgangur Þjóðleikhússins, sbr. 2. gr., er að efla íslenska leikritun og verður það best gert með því að skapa leikritahöfundum möguleika á að sinna ritstörfum í lifandi tengslum við leikhúsið og á launum eins og annað starfsfólk þess. Einnig mætti fela höfundum sérstök verkefni eftir því sem ástæða þykir til.

Það er ótvíræð nauðsyn að við Þjóðleikhús Íslendinga séu leikritahöfundum skapaðar viðunandi aðstæður; leikritahöfundurinn og verk hans eru sá hornsteinn sem íslensk leiklist hlýtur að byggja á. Ljóst er að í Þjóðleikhúsinu munu ætíð sýnd leikrit og við það starfa leikarar, leikstjórar, leikmyndateiknarar o.s.frv., en ekkert tryggir að íslensk leikrit séu samin eða sýnd ef leikhúsið sjálft leggur ekki á það áherslu.

Starfsheiti tónlistarráðunautar er fellt niður, en þess í stað er talið æskilegt að við leikhúsið starfi tónlistarstjóri, sem að hluta sé ráðunautur varðandi tónlistarflutning, en jafnframt starfandi að staðaldri við húsið og skuli til starfsins ráðinn aðili sem getur nýst leikhúsinu sem söngþjálfari, undirleikari, æfingastjóri, útsetjari o.s.frv.

Um 12. gr.

Hér er fjallað um ráðningarkjör og ráðningarform, en meginbreytingin í þeim efnum frá gildandi reglum kemur þó fram í 16. gr.

Um 13. gr.

Samstarf atvinnuleikhúsfólks við áhugaleikfélög og áhugaleikara er mikilvægur liður í þróun íslenskrar leikmenningar, enda hefur íslenskt leikhúsfólk getað státað af góðu samstarfi á þessu sviði til þessa. Nauðsynlegt er að Þjóðleikhúsið reyni að aðstoða áhugaleikfélög eftir föngum bæði með því að lána búninga, leikmuni o.fl., svo og leikara, leikstjóra og aðra sérmenntaða starfsmenn leikhússins eftir því sem unnt er. Vegna umfangsmikillar starfsemi áhugaleikfélaga er þó ljóst að starfsfólk Þjóðleikhúss annar ekki ætíð eftirspurn hvað útlán varðar. Æskilegt væri að reynt yrði að koma á fót sérstöku búninga og leikmunasafni sem annist útlán til leikfélaga, leikhúsa og kvikmyndafélaga.

Um 14. gr.

Æskilegt er að Þjóðleikhúsið haldi áfram að auka og efla starfsemi sína og mæta síauknum kröfum áhorfenda og listafólksins sjálfs um nýjar leiðir, hugmyndir og nýjungar. Stefnt er að viðbyggingu og breytingum á leikhúsinu og nauðsynlegt í því sambandi að komið verði upp þriðja leiksviðinu, auk stóra sviðs og litla sviðs, þannig að enn fleiri möguleikar gefist á tilraunum með form og rými auk þess sem slíkt getur auðveldað nýtingu listafólks leikhússins á hverjum tíma. Öllum er þó ljóst að langt er í land í þessum efnum og engar ákvarðanir hafa verið teknar um viðbætur við Þjóðleikhúsið.

Um 15. gr.

Sjálfsagt er að mögulegt sé, hér eftir sem hingað til, að nýta leikhúsið til annarrar menningarstarfsemi þegar hlé er á leiklistarstarfsemi í húsinu. Nauðsynlegt er þó að setja skýr mörk varðandi hvað menningarlegt telst í þessu tilliti.

Um 16. gr.

Nauðsynlegt er að ríkisstofnun, svo sem þjóðleikhús, búi við fjárhagslegt öryggi þar eð ljóst er að menningarstofnun af þessu tagi skilar ekki arði, sem mælist í tölulegum einingum, nema í undantekningartilvikum, og því metnaðarmál Íslendinga sem sjálfstæðrar þjóðar að starfrækja þjóðleikhús til eflingar og varðveislu íslenskrar tungu, íslenskrar leikritunar og leikmenningar.

Hér er tillaga um veigamikla breytingu eins og gerð er grein fyrir í inngangi frumvarpsins. Hér er um að ræða fjárhagslegt sjálfstæði stofnunarinnar sem er að mati menntamálaráðherra og ríkisstjórnarinnar ein meginforsenda þess að leikhúsið búi við listrænt og menningarlegt sjálfstæði.

Um 17. gr.

Nauðsynlegt er að þjóðleikhúsbyggingunni sé vel við haldið og hún endurbætt til samræmis við kröfur tímans. Til þess að ekki þurfi að taka fé af rekstrarfé hússins hverju sinni er æskilegt að byggingin heyri undir Fasteignir ríkisins og að árlegri upphæð skuli veitt á fjárlögum til viðhalds leikhúsinu og til endurbóta á tækjabúnaði þess.

Um 18. gr.

Fjölmörg atriði varðandi daglegan rekstur og skipulag leikhússins þarf að setja nánari ákvæði um í reglugerð svo sem verk- og starfslýsingar starfsfólks o.s.frv.

Um 19. gr.

Vegna þess hve margar breytingar og nýjungar felast í lögum þessum miðað við fyrri lög um Þjóðleikhús, telur nefndin nauðsynlegt að í ljósi fenginnar reynslu verði lögin endurskoðuð ekki síðar en fimm árum eftir gildistöku.

Ed. 830. Nefndarálit [104. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og kannað umsagnir þær sem heilbrigðis- og trygginganefnd neðri deildar bárust. Lagt er til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Guðmundur H. Garðarsson og Karl Steinar Guðnason voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 29. mars 1990.

Stefán Guðmundsson, form., frsm. Salome Þorkelsdóttir, fundaskr. Margrét Frímannsdóttir.

Guðrún Agnarsdóttir. Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Ed. 831. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og kannað umsagnir þær sem heilbrigðis- og trygginganefnd neðri deildar bárust. Lagt er til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Guðmundur H. Garðarsson og Karl Steinar Guðnason voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 29. mars 1990.

Stefán Guðmundsson, form., frsm. Salome Þorkelsdóttir, fundaskr. Margrét Frímannsdóttir.

Guðrún Agnarsdóttir. Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Ed. 832. Nefndarálit [177. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og farið yfir umsagnir borgarlæknis og landlæknis um frumvarpið. Nefndin telur rétt að breyta orðinu „slysaforvarnir“ í slysavarnir til samræmis við orðnotkun í þingsályktunartillögu um íslenska heilbrigðisáætlun, 145. mál þingsins, og frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, 191. mál.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þessari breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Guðmundur H. Garðarsson og Karl Steinar Guðnason voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 29. mars 1990.

Stefán Guðmundsson, form., frsm. Salome Þorkelsdóttir, fundaskr. Margrét Frímannsdóttir.

Guðrún Agnarsdóttir. Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Ed. 833. Breytingartillaga [177. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Við 1. gr. Í stað orðsins „slysaforvarnir“ komi: slysavarnir.

Sþ. 834. Fyrirspurn [477. mál]

til sjávarútvegsráðherra um fiskvinnslustefnu.

Frá Jóhanni A. Jónssyni.

Hvað hefur sjávarútvegsráðherra gert til að marka „sérstaka fiskvinnslustefnu“ eins og boðað er í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar frá 28. september 1988?

Sþ. 835. Tillaga til þingsályktunar [478. mál]

um ný samvinnulög.

Flm.: Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Jón Kristjánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um að ljúka undirbúningi frumvarps um ný samvinnulög á komandi sumri. Frumvarpið verði lagt fyrir Alþingi á fyrstu dögum haustþings.

Greinargerð.

Þau lög, sem nú eru í gildi um samvinnufélög og rekstur þeirra, eru frá árinu 1937 og taka mið af þjóðfélagsaðstæðum millistríðsáranna.

Á undanförnum árum hefur vinna við endurskoðun samvinnulaganna margsinnis verið hafin, en aldrei komist svo langt að frumvarp að nýjum lögum væri lagt fram.

Viðskiptaráðherra hefur upplýst að til séu drög að nýjum lögum um samvinnufélög, en málið sé nú í nokkurri biðstöðu, m.a. vegna þess að forustumenn samvinnuhreyfingarinnar hafi ekki sýnt málinu áhuga.

Ljóst er að nú síðustu mánuðina er vaxandi umræða meðal samvinnumanna í þá átt að aðlaga rekstrarform samvinnustarfsins nýjum og gjörbreyttum þjóðfélagsaðstæðum þannig að úr þeirri átt yrði nýjum lögum tekið vel í dag.

Lög um hlutafélög hafa að undanförnu veri sniðin að nýjum aðstæðum, sömuleiðis skattalög með það að markmiði að auðvelda fyrirtækjum aðgang að nýju eigin fé með aukningu hlutafjár. Um þetta hefur verið mikil samstaða á Alþingi og er skemmst að minnast hraðrar afgreiðslu frumvarps um margfeldiskosningu við stjórnarkjör í hlutafélögum nú nýverið.

Það er brýn nauðsyn fyrir íslenskt atvinnulíf að löggjafinn sjái til þess að til séu á hverjum tíma nútímaleg form fyrir atvinnurekstur, hvort sem menn aðhyllast einkarekstur eða samvinnuformið, og skapa á þann hátt grunn fyrir heilbrigða samkeppni og sem almennasta þátttöku þjóðarinnar í atvinnurekstri.

Flutningsmenn þessarar tillögu eru þess fullvissir, með skírskotun til þess sem kemur fram í þessari greinargerð, að það sé vilji fyrir því á Alþingi að afgreiða þessa tillögu fljótt og vel, enda eru efnisatriði hennar skýr og þarfnast ekki mikillar umfjöllunar.

Nd. 836. Frumvarp til laga [479. mál]

um breytingu á lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

Flm.: Jón Sæmundur Sigurjónsson.

1. gr.

Í stað 1. málsl. 2. gr. laganna komi þrír nýir málsliðir svohljóðandi:

Öllum launamönnum og þeim, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, er rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði að eigin vali enda starfi lífeyrissjóðurinn samkvæmt sérstökum lögum eða reglugerð sem staðfest hefur verið af fjármálaráðuneytinu. Einungis lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps skal þó skylt að veita launamanni aðild að sjóðnum, en engum lífeyrissjóði skal heimilt að segja launamanni upp aðild óski hann áframhaldandi aðildar þar þótt hann skipti um starf. Launamönnum, sem hafa hafið töku lífeyris, er ekki skylt að greiða iðgjöld í lífeyrissjóð.

2. gr.

Í stað orðanna „náð 75 ára aldri“ í 2. málsl. 5. gr. laganna komi: hafið töku lífeyris.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er hefur þróun lífeyrissjóða á Íslandi verið með afar misjöfnum hætti. Með tíð og tíma hafa orðið til yfir níutíu lífeyrissjóðir, stofnaðir á mismunandi tímum með mismunandi reglugerðum og mismunandi fjárhag. Niðurstaðan fyrir bótaþegann er svo mismunandi bætur, jafnvel þótt greiddar séu sömu upphæðir í iðgjöld um jafnlangt æviskeið. Það er því augljóst að ekkert jafnrétti ríkir fyrir þegna þessa lands í lífeyrismálum.

Vegna þess að aðild að lífeyrissjóðum er háð starfi og stéttarfélagsaðild á maður á ellilífeyrisaldri það undir tilviljun á æviferli sínum en ekki undir heildargreiðslum sínum í einstaka lífeyrissjóði hverra tekna hann nýtur ævikvöldið. Þetta eru augljós sannindi sem hafa leitt til þess að krafan um einn lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn, sem mundi bæta úr öllum þessum ágöllum, hefur hvað eftir annað komið fram. Þar byggju allir við sama rétt eins og stjórnarskráin mælir fyrir um að Íslendingar skuli gera.

Það hefur reynst með eindæmum erfitt að losna úr viðjum ríkjandi lífeyriskerfis. Frumvarp endurskoðunarnefndar lífeyrissjóðakerfis, sem tók um áratug að semja og fjármálaráðherra var ætlað að flytja, er ekki enn komið fram. Það frumvarp, ef yrði að lögum, mundi bæta stórlega úr ágöllum núverandi kerfis þó að það leiddi ekki til þess fyrirkomulags sem flutningsmaður teldi skynsamlegast í lífeyrismálum, en það er eitt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn byggt á svokölluðu gegnumstreymi.

Verstu ágallar núverandi kerfis eru þó þeir að fólkið á ekkert val. Það er háð tilviljun á starfsferli þess hvaða laun það hlýtur í ellinni því að hverjum og einum launamanni er gert það að skyldu að vera í lífeyrissjóði stéttarfélags síns og verður hann þá að hlíta því eins og hluta af sínum kjörum að lífeyrissjóður hans sé öðruvísi en annarra. Í því felst töluvert ranglæti að menn eru í raun að kaupa sér þessi réttindi en þeir fá ekki að ráða hvað þeir kaupa.

Hluti af þessu ranglæti er að launamanni er gert að slíta sinn iðgjaldaferil í sundur ef hann skiptir um starf og skipta um leið um lífeyrissjóð. Honum er gert að hefja nýjan feril þótt hann kæri sig ekkert um þessa röskun á högum sínum. Þetta hefur leitt til ýmissa vandræðamála og leiðinda í þjóðfélaginu sem auðvelt væri að komast hjá ef frelsi ríkti í þessum málum.

Það er svo heldur ankannalegt að skylda launamenn til lífeyrisgreiðslna eftir að þeir hafa hafið töku lífeyris. Það er því lagt til að þeim launamönnum, sem eru lífeyrisþegar, sé ekki gert skylt að greiða á sama tíma iðgjöld til lífeyrissjóðs nema þeir kæri sig um það.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. málsl. er lögð til sú breyting að launamanni sé ekki lengur gert skylt að vera í lífeyrissjóði starfsstéttar sinnar eða starfshóps heldur hafi hann rétt til að velja sér þann lífeyrissjóð þar sem hann sjálfur telur hag sínum best borgið.

Lögð er sú kvöð á lífeyrissjóð viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps skv. 2. málsl. að veita launamanni aðild, en öðrum sjóðum er að í sjálfsvald sett. Hugsanlegt væri að fella þetta ákvæði niður að einhverjum tíma liðnum. Þá er launamanni gefið frjálst val að vera áfram í sínum gamla lífeyrissjóði ef honum sýnist svo enda þótt hann skipti um starfsvettvang.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að heimild til setningar reglugerðar um endurgreiðslur iðgjalda einskorðist ekki við þá sem náð hafa 75 ára aldri, heldur verði víkkuð út þannig að hún nái til allra lífeyrisþega.

Um 3. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Sþ. 837. Tillaga til þingsályktunar [480. mál]

um skráningarkerfi bifreiða.

Flm.: Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá um að þjónusta við skráningu bifreiða verði aukin þannig að hinir gömlu einkennisbókstafir skráningarsvæða verði innleiddir að nýju án þess að afnema kosti hins nýja fastnúmerakerfis.

Greinargerð.

Víða um land má heyra raddir fólks sem saknar gömlu staðarmerkinganna í skráningarkerfi bifreiða. Menn vilja gjarnan bera þau kennsl á vegfarandann að vita hvaðan hann kemur. Það má vera að hér sé fyrst og fremst um tilfinningalegar ástæður að ræða, en hiklaust má finna margar þarfar ástæður fyrir því að bifreiðar verði aftur skráðar eftir svæðum. Ef leitað er að bifreið, t.d. frá Akureyri, og leitað er eftir aðstoð almennings er hægara um vik með slíkt þegar einkennisstafur er þekktur. Eins er auðveldara að leggja á minnið að um bláa eða gráa A eða R bifreið hafi verið að ræða í sambandi við ýmis tilvik, t.d. við skyndilegan flótta frá slysstað, þegar athygli sjónarvotta væri þörf en henni ekki beitt sem skyldi.

Nú eru vissulega margir góðir kostir því samfara að hafa föst skráningarnúmer bifreiða og er óþarfi að telja þá upp. Það er heldur ekki lagt til að það kerfi verði lagt niður — þvert á móti.

Á hinum nýju fastnúmerum bifreiða er fyrsta sætið autt og ætlað t.d. fyrir skjaldarmerki. Þá koma tveir bókstafir og síðan þrír tölustafir, t.d. BC–123. Hið auða sæti er í fæstum tilfellum notað af bifreiðaeigendum.

Samkvæmt þeirri hugmynd sem hér er lögð fram væri auða sætið notað fyrir einkennisbókstaf svæðis. Fyrir bifreið frá Akureyri væri númerið t.d. ABC–123, þ.e. þrír bókstafir og þrír tölustafir, þar sem fyrsti bókstafurinn sýndi ávallt af hvaða svæði bifreiðin kæmi.

Einkennisbókstafinn mætti líma á númersplötuna líkt og gert er með skoðunarmerkið nú. Ef bifreið er seld á milli skráningarsvæða heldur hún fasta númerinu, en límmerkið gamla er rifið af og annað sett í staðinn með hinum nýja einkennisbókstaf.

Þetta fyrirkomulag er til þess fallið að sameina kosti hins gamla og hins nýja skráningarkerfis bifreiða.

Nd. 838. Frumvarp til laga [481. mál]

um breytingu á lögum nr. 47/1971, um náttúruvernd.

Flm.: Jón Sæmundur Sigurjónsson.

1. gr.

Við 1. mgr. 19. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Einnig er heimilt að setja upp látlausar auglýsingar um atvinnurekstur eða þjónustu við vegamót heimreiðar og aðalþjóðvegar til kauptúna eða kaupstaða þar sem slík starfsemi fer fram.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það hefur reynst mjög bagalegt fyrir kauptún, sem liggja úr helstu alfaraleið, að hafa ekki óskoraðan rétt til að vekja athygli ferðamanna, sem leið eiga um þjóðveginn, á þeim þjónustumöguleikum sem þau hafa upp á að bjóða. Það væri áreiðanlega mikil lyftistöng fyrir viðkomandi staði að auka ferðamannastrauminn að nokkru með þessu móti.

Ferðamenn á leið um þjóðveg 1 og þjóðveg 76 til Siglufjarðar fara t.d. fram hjá Hvammstanga, Skagaströnd, Sauðárkróki og Hofsósi án þess að þessir staðir hafi möguleika til að setja upp upplýsingaskilti á látlausan hátt við þjóðveginn sem upplýsti ferðamenn t.d. um hótel, bensínstöð, bifreiðaþjónustu og aðra þjónustu og atvinnustarfsemi eða jafnvel mannfundi.

Þessi lagabreyting er til þess ætluð að réttur staða, sem þannig eru í sveit settir, sé ótvíræður til að vekja athygli með þessum hætti á því mannlífi sem þar fer fram.

Sþ. 839. Nefndarálit [153. mál]

um till. til þál. um könnun á fjölþættum möguleikum Bláa lónsins við Svartsengi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og bárust henni umsagnir um hana frá bæjarstjórn Grindavíkur, Ferðamálaráði Íslands, Hitaveitu Suðurnesja, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Sambandi veitinga- og gistihúsa og Samtökum psoriasis- og exemsjúklinga.

Nefndin telur eðlilegt að auk þeirra aðila, sem haft verði samráð við um könnun þessa og nefndir eru í tillögugreininni, verði einnig sérstaklega tilgreind bæjaryfirvöld í Grindavíkurbæ. Því leggur nefndin til að þingsályktunartillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir orðunum „Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum“ í 2. mgr. komi: Grindavíkurbæ.

Ingi Björn Albertsson og Kristinn Pétursson voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. mars 1990.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Jón Kristjánsson, fundaskr.	Eggert Haukdal.
Kars Steinar Guðnason.		Guðrún Helgadóttir.

Nd. 840. Frumvarp til laga [482. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

Flm.: Jón Sæmundur Sigurjónsson.

1. gr.

Við 5. mgr. 12. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 90/1987, bætist nýr málsliður svohljóðandi: Námsmenn við framhaldsskóla, sem lögheimili eiga á stöðum þar sem engir slíkir skólar eru fyrir hendi og hafa ekki nýtt persónuafslátt sinn að fullu við upphaf haustmissiris, eiga rétt á aukaskattkorti frá skattstjóra til ráðstöfunar fyrir foreldri eða viðurkenndan fjárhaldsmann þar sem tilgreindur er sá persónuafsláttur sem fyrirsjáanlegt er að námsmaðurinn nýtir ekki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um staðgreiðslu opinberra gjalda gera ráð fyrir því að launamaður, sem stundar nám í a.m.k. sex mánuði á ári en er í launuðu starfi yfir sumarmánuðina, geti sótt um að fá námsmannaskattkort hjá ríkisskattstjóra sem beri hærri mánaðarlegan persónuafslátt en aðalskattkort. Námsmaður við viðurkennda framhaldsskóla hefur þannig tvö skattkort til afnota fyrir mánuðina júní, júlí og ágúst.

Nú þarf námsmaðurinn að hafa tiltölulega góð laun þessa þrjá mánuði til að fullnýta persónuafslátt sinn sem er einnig leið til að fjármagna námið. Fullvíst má telja að í fæstum tilvikum séu laun námsmanna þennan stutta tíma það góð að þau endist til framfærslu allt skólaárið. Aðstoð þarf því í flestum tilvikum að koma til frá foreldrum eða fjárhaldsmönnum. Framhaldsskólanemendur njóta ekki námslána fyrr en á háskólastigi.

Í eldri skattalögum nutu foreldrar og fjárhaldsmenn afsláttar vegna námskostnaðar barna sinna í framhaldsskólum. Í núgildandi lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda er ekki gert ráð fyrir slíku, en þó er gefinn kostur á persónuafslætti námsmannsins sem oftast er sýnd veiði en ekki gefin.

Sérstakan kostnað umfram aðra hafa nemendur í framhaldsskólum og foreldrar þeirra þegar sækja þarf skóla í önnur byggðarlög. Það felst veruleg mismunun í því fyrir margt landsbyggðarfólk að geta ekki veitt börnum sínum fæði og húsnæði í heimahúsum meðan á framhaldsskólagöngu stendur, heldur verða að senda þau um langan veg með ærnum tilkostnaði.

Þessu frumvarpi er ætlað að bæta úr þessum aðstöðumun til menntunar í landinu þannig að landsbyggðarfólki, sem ekki býr á framhaldsskólastöðum, gefist kostur á að fullnýta þann persónuafslátt námsmanna sem skattalögin hvort eð er bjóða upp á.

Samkvæmt 1. gr. þessa frumvarps eiga námsmenn í framhaldsskólum, sem sjaldnast eru í hjónabandi eða í sambúð, sama rétt og makar og fólk í sambúð til að framvísa skattkortum sínum til ráðstöfunar, í þessu tilfelli til foreldra eða fjárhaldsmanns. Þessi réttarbót er ætluð til að jafna aðstöðumun til menntunar og er því bundin við lögheimili fjarri framhaldsskólum.

Sþ. 841. Tillaga til þingsályktunar [483. mál]

um eflingu tilraunastöðva.

Flm.: Egill Jónsson, Matthías Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að hlutast til um að starfsemi tilraunastöðvanna á Skriðuklaustri og Reykhólum verði stórefld frá því sem verið hefur.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er hafa tilraunastöðvarnar að Skriðuklaustri og Reykhólum verið starfræktar um fjörutíu ára skeið. Í fyrstu var einkum lögð áhersla á tilraunir í jarðrækt en síðar bættust við tilraunir í sauðfjárrækt, sérstaklega með ræktun verðmætra ullareiginleika að markmiði.

Lengst af hefur þessi starfsemi búið við þröngan kost í fjárveitingum þótt úr hófi hafi gengið á síðustu árum, enda liggja nú fyrir yfirlýsingar ráðamanna um að starfsemi umræddra tilraunastöðva verði nú hætt.

Alkunna er að staðbundnar rannsóknir og tilraunir eru eitt af grundvallaratriðum góðra búskaparhátta. Sérstaklega á þetta þó við á breytingatímum landbúnaðar þar sem beita verður rannsóknum og þekkingu til að finna nýjum möguleikum farveg. Ýmislegt bendir til að áhugi fari vaxandi á framleiðslu á ullarvörum og verðmæti þeirra aukist á næstu árum. Þess vegna ber m.a. að treysta þá ræktun sem unnið hefur verið að hér á landi síðustu áratugi og miðað hefur að bættum ullareiginleikum sauðfjárstofnsins, en svo sem kunnugt er hefur sú starfsemi einkum farið fram á Skriðuklaustri og Reykhólum.

Um þessar mundir fer fram mikil umræða um að þörf sé markvissra aðgerða til að treysta dreifðar byggðir landsins, m.a. með flutningi ríkisstofnana út á land. Það er því fullkomlega í mótsögn við þá umræðu ef stöðva á starfsemi tilraunastöðva úti á landsbyggðinni sem hafa að markmiði að treysta grundvöll landbúnaðar í viðkomandi byggðum.

Á meðfylgjandi fylgiskjölum koma fram sjónarmið ýmissa þeirra aðila sem best þekkja til þessara mála og mestra hagsmuna eiga að gæta. Til þessa er vísað með nánari skýringar.

Fylgiskjal I.

Búnaðarfélag Íslands:

Ályktun búnaðarþings um erindi Búnaðarsambands Austurlands um reksturtilraunatöðvar á Austurlandi.

(Send Agli Jónssyni, 5. þm. Austurlands, 20. mars 1990.)

„Það er og hefur alltaf verið skýr og ófrávíkjanleg stefna búnaðarþings að öflug tilraunastarfsemi sé algjör forsenda fyrir framförum í landbúnaði. Það hefur einnig lagt áherslu á að starfsemin væri í nálægð við bændur og styddi þannig þau verkefni sem brýnust eru í hverju héraði.

Því skorar búnaðarþing á stjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins að falla frá ákvörðun sinni um að leggja tilraunastöðina á Skriðuklaustri niður. Jafnframt skorar búnaðarþing á fjárveitinganefnd Alþingis og alþingismenn Austurlandskjördæmis að beita sér fyrir að bein fjárveiting til tilraunastöðvar á Skriðuklaustri sé ekki minni en svo að þar geti starfað að minnsta kosti tveir landbúnaðarháskólamenntaðir rannsóknarmenn og hafi viðunandi aðstöðu til starfsins.

Greinargerð.

Búnaðarþingi hefur borist erindi stjórnar Búnaðarsambands Austurlands þar sem óskað er stuðnings við áframhaldandi rekstur og til eflingar tilraunastöðvarinnar á Skriðuklaustri. Mál þetta er stutt mörgum samþykktum frá fundum samtaka bænda á Austurlandi, hreppsnefnd Fljótsdalshrepps, Samtökum sveitarfélaga á Austurlandi og fleiri aðilum. Einhugur er hjá Austfirðingum um eflingu tilraunastöðvarinnar á Skriðuklaustri í nánu samstarfi við Búnaðarsamband Austurlands.

Um 40 ára skeið hefur verið starfrækt tilraunastöð á Skriðuklaustri og hefur hún aflað mikillar þekkingar fyrir Austurland og landbúnaðinn í heild. Þar var fyrir á staðnum hið fræga hús sem skáldið Gunnar Gunnarsson lét reisa og gaf svo jörðina til þess að þar yrði aflað þekkingar fyrir landbúnaðinn. Nú hefur síðustu árin verið unnið að endurbótum á húsinu og fegrun staðarins sem var mjög brýnt og tengdist minningarhátíð um skáldið. Væntu menn eystra að þetta yrði til þess að efla tilraunastöðina og tilraunastarfið. Nú er sýnt að með einhverjum hætti verður að varðveita staðinn og reka hann og vilja bændur eystra að það verði tengt því að efla og reka þarna tilraunastöð.

Nú hefur stjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins ákveðið að leggja stöðu tilraunastjóra á Skriðuklaustri niður og flytja stöðuna að tilraunastöðinni á Möðruvöllum og vinna að tilraunamálum á Austurlandi þaðan.

Þessa skipan mála vilja Austfirðingar ekki fallast á sem varla er von til.

Félagssamtök bænda á Austurlandi hafa bent á að fjölmörg þörf rannsóknarverkefni sem tvímælalaust geta orðið til þess að efla mjög landbúnað í þessum landshluta og treysta þá byggð sem berst nú harðri baráttu fyrir tilveru sinni. Ef tilraunastöðvar um landið eiga að lifa hljóta þær að verða að fá stjórn í heimahéraði og beinar ákveðnar fjárveitingar til reksturs og uppbyggingar og meira sjálfstæði til verkefnavals. Með því er síður en svo mælt gegn heildarsamstarfi og samvinnu við aðalstöðvar og aðrar landbúnaðarstofnanir."

Fylgiskjal II.

Samþykkt sveitarfundar í Fljótsdalshreppi.

(6. des. 1989.)

Almennur sveitarfundur í Fljótsdalshreppi, haldinn í Végarði 6. des. 1989, lýsir eindregnum stuðningi við framkomnar samþykktir sveitarstjórnar frá 7. maí og 2. nóv. 1989 um rekstur og framtíðarhlutverk tilraunastöðvarinnar á Skriðuklaustri.

Þá varar fundurinn við því að rekstur Gunnarshúss verði færður frá landbúnaðarráðuneytinu, a.m.k. þar til endanlegar tillögur liggja fyrir um framtíð staðarins, enda verði fullt tillit tekið til sjónarmiða heimamanna í málinu.

Fylgiskjal III.

Bréf sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps til landbúnaðarráðherra.
(18. maí 1989.)

Á fundi sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps 2. maí sl. kom staða mála og hugsanleg framtíð Skriðuklausturs til umræðu nú þegar aldarafmæli Gunnars skálds Gunnarssonar er að renna upp. Í framhaldi af því var eftirfarandi tillaga samþykkt:

„Sveitarstjórnarfundur í Fljótsdalshreppi, haldinn í Végarði 7. maí 1989, lýsir ánægju sinni með tímabærar lagfæringar og endurbætur á íbúðarhúsi og lóð á Skriðuklaustri í tilefni þess að öld verður liðin frá fæðingu Gunnars Gunnarssonar 18. maí nk.

Hins vegar hefur stjórnin vissar áhyggjur af hlutverki og rekstri Gunnarshúss í framtíðinni þar eð blikur eru m.a. á lofti vegna þess að tilraunastöðin á Skriðuklaustri, sem á 40 ára starfsafmæli um þessar mundir, verði ekki starfrækt öllu lengur af RALA hvorki þar né annars staðar á Austurlandi.

Þar eð afdrif Skriðuklausturs koma til með að geta haft allnokkur áhrif á líf og starf fólks í ekki stærra sveitarfélagi telur stjórnin réttlætismál að hreppsfélagið fái að fylgjast með og taka fullan þátt í mótun framtíðaráforma á Skriðuklaustri.

Væntir stjórn sveitarfélagsins þess að landbúnaðarráðherra fyrir hönd ríkisins og í samráði við menntamálaráðherra og fjármálaráðherra geti fallist á þetta sjónarmið og láti sem fyrst frá sér heyra um nánara fyrirkomulag fyrir tryggri þátttöku sveitarinnar í að ráða hér ráðum."

Þar eð tími gerist naumur óskast viðbrögð við þessari tillögu við fyrstu hentugleika.

Fylgiskjal IV.

Samþykkt sveitarstjórnarfundar Fljótsdalshrepps um málefni Skriðuklausturs.
(2. nóv. 1989.)

Fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps 2. nóv. 1989 um málefni Skriðuklausturs tekur undir samþykkt Búnaðarsambands Austurlands frá 20. júní 1989 varðandi niðurfellingu tilraunastöðvarinnar á Skriðuklaustri þar sem segir:

„Aðalfundur BSA 1989 mótmælir harðlega stjórnarsamþykkt Rannsóknastofnunar landbúnaðarins þar sem lagt er til að tilraunastöðin á Skriðuklaustri verði lögð niður, en rannsóknarstarfsemin eingöngu bundin sérstökum verkefnum án fastrar stöðu rannsóknarmanns heima fyrir."

Einnig er tekið undir ályktun stjórnarfundar BSA frá 12. sept. 1989 þar sem tekin eru fyrir ýmis rannsóknarverkefni sem brýnt er að taka fyrir á næstunni. Sveitarstjórnin leggur einnig áherslu á eftirfarandi atriði:

Vegna sérstakra veðurfarsskilyrða hér á Upp-Héraði leggur sveitarstjórnin til að meðal verkefna stöðvarinnar verði:

1. Frærækt með tilliti til uppgræðslu lands.
2. Kornrækt.
3. Skógrækt þar sem beitarrannsóknir færu fram.

Benda á að fyrir liggur að flytja aðalstöðvar Skógræktar ríkisins austur á Hérað. Því virðist eðlilegra að þær tengist tilraunastöð í landbúnaði að Skriðuklaustri en miðstöð norður í Eyjafirði eins og nú liggur fyrir. Það er einnig álit sveitarstjórnar að tilraunastarfsemi stunduð frá öðrum fjórðungum sé síst ódýrari kostur en að starfsemin verði áfram hér eystra.

Vakin er athygli á að fjárstofn sá, er komið hefur verið upp á Skriðuklaustri, er einstakur vegna ullargæða og fleiri eiginleika og þar sem ekki má flytja stofninn milli landshluta væri útrýming hans mikið slys.

Fylgiskjal V.

Stefán Aðalsteinsson,
Rannsóknastofnun landbúnaðarins:

Fjárstofninn á Skriðuklaustri og ullargæði hans.
(12. nóv. 1989.)

Inngangur.

Snemma árs 1989 tilnefndu bændasamtökin og Álafoss hf. fulltrúa í svokallaða ullarnefnd sem skyldi gera tillögur um það hvernig vinna mætti að bættri meðferð ullar og auknu verðmæti hennar bæði fyrir bændur og ullariðnað. Fulltrúi frá landbúnaðarráðuneytinu og ullarmatsformaður störfuðu með nefndinni.

Haustið 1989 hóf nefndin fræðsluherferð um haustklippingu á fé og kynningu á meðferð og gæðaflokkun ullar. Nefndin hafði kallað til liðs við sig tvo Norðmenn með sérþekkingu á ullarflokkun og ullarverslun, þá Sven Halleraker, yfirmann alls ullarmats í Noregi, og Arnfinn Straume ullarkaupmann.

Námskeið um bætta ullarmeðferð voru haldin á fjórum stöðum á landinu, þ.e. á Hrafnkelsstöðum í Hrunamannahreppi, að Hesti í Borgarfirði, í Samkomugerði í Eyjafirði og á Skriðuklaustri í Fljótsdal. Námskeiðin tókust vel og voru fjölsótt.

Það kom fram á námskeiðinu á Skriðuklaustri að Norðmennirnir töldu ullina af fénu þar bera langt af annarri ull sem þeir höfðu séð í landinu og lögðu áherslu á hve mikils virði það væri fyrir ullariðnaðinn að eiga kost á þeirri gerð ullar í sem ríkustum mæli.

Í tilefni þessa dóms um ullina á Skriðuklaustri hefur eftirfarandi yfirlit um ullarkynbætur á Skriðuklaustri og hugsanlegt gildi þeirra verið tekið saman.

Upphaf ullarkynbóta á Skriðuklaustri.

Haustið 1964 var tekið upp tölvubókhald yfir allt féð á Skriðuklaustri. Þá hafði Jónas Pétursson, tilraunastjóri og síðar alþingismaður, haft umsjón með ræktun stofnsins um 15 ára skeið. Hann skráði ættir fjárins af kostgæfni og hélt nákvæmt bókhald um afurðir þess. Hann valdi fé til lífs eftir hefðbundnum aðferðum og tók ekki tillit til ullargæða við það val.

Með tölvubókhaldinu voru hafnir útreikningar á svokallaðri kynbótaeinkunn fyrir hverja á og hvern hrút á búinu. Kynbótaeinkunnin byggðist á því hve frjósamar ærnar voru, hve þungum lömbum þær skiluðu, hve þungt reyfið var og hversu laus ullin var við rauðgular illhærur.

Samtímis tölvubókhaldinu var einnig tekin upp sú nýjung að dæma ull á öllum lömbum búsins að haustinu. Lömbin voru dæmd í fjóra flokka, A, B, C og D. Í A-flokk fóru alhvít lömb með eðlisgóða, þelmikla ull með mjúku, vel liðuðu og gljáandi togi, í B-flokk fóru lömb sem voru alhvít á lit en með ullargalla, í C-flokk fóru lömb með gular illhærur á skæklum og í D-flokk lömb með rauðgular illhærur inni í reyfinu.

Við ásetning var lögð áhersla á að velja til lífs lömb með alhvíta og eðlisgóða ull undan foreldrum með háar kynbótaeinkunnir.

Árangur ullarkynbótanna.

Þegar ullarkynbæturnar á Skriðuklaustri hófust haustið 1964 voru rauðgular illhærur í því nær öllu fénu, þó voru til nokkrar sæmilega vel hvítar kindur á búinu og var lögð áhersla á að nota þær til undaneldis.

Haustið 1965 var t.d. alhvítur lambhrútur af góðu kyni á búinu og hann var að sjálfsögðu settur á. Þessi hrútur, Sindri 134, varð mikill ættfaðir á Skriðuklaustri. Hann og synir hans áttu mjög mikinn þátt í að bæta ullargæði stofnsins á næsta áratug.

Gimbrar margra þessara hrúta voru þar að auki bæði frjósamar og áttu þung lömb þannig að afurðasemi stofnsins tók framförum í öðrum eiginleikum samtímis því sem ullin batnaði.

Á undanförnum 25 árum hefur féð á Skriðuklaustri orðið alhvítt á lit og með mikla og góða ull. Við rannsókn á ullargæðum sláturlamba á ýmsum stöðum á landinu, sem framkvæmd var haustið 1984, voru lömb frá Skriðuklaustri með lengri þelfót en önnur lömb og með miklu fínna tog og lægra hlutfall holra toghára heldur en lömb frá öðrum búum í rannsókninni.

Auk ullareiginleikanna er Skriðuklaustursféð með háa frjósemi, ágætan fallþunga og góða flokkun falla. Sérstaka athygli vekur að dilkar frá Skriðuklaustri þola það oft að fara yfir 20 kg í fallþunga án þess að falla í mati vegna fitu. Þetta stafar m.a. af því að féð er fremur grófbyggt og safnar ekki mikilli fitu fyrr en við mikinn þunga. Þetta sama byggingarlag dregur hins vegar úr hlutfalli skrokka sem fara í úrvalsflokk.

Hagkvæm ullarframleiðsla.

Því miður virðast of fáir bændur gera sér grein fyrir því hve mikinn tekjuauka er hægt að sækja í aukna og bætta ull af fénu.

Þegar ungar ær á Skriðuklaustri eru klipptar að haustinu skila þær margar hverjar reyfum sem eru 2,5 kg og sumar skila reyfum sem eru 3 kg að þyngd. Mörg þessi reyfi fara öll í úrvalsflokk og fá hreinleikastuðul 1,22.

Grundvallarverð fyrir þessa ull er 320 kr. á hvert kg miðað við meðalhreinleika. Við hreinleikastuðul 1,22 hækkar þetta verð upp í 390 kr. á kg. Þá er 2,5 kg reyfi komið upp í 975 kr. og 3 kg reyfið í 1.170 kr.

Tökum sem dæmi að bóndi eigi 400 fjár á fóðrum, allt féð alhvítt og með sömu ullargæði og Skriðuklaustursféð. Hann á góð fjárhús og klippir allt féð að haustinu. Hann fær að meðaltali 2,2 kg af hverri kind eða samtals 880 kg af haustull. Af ullinni fara 95% (836 kg) í úrvalsflokk og 5% (44 kg) í 1. flokk. Ullin fær öll hreinleikastuðulinn 1,22. Grundvallarverð á úrvalsflokki er 320 kr. og á 1. flokki 283 kr. á hvert kg.

Heildarverðmæti haustullarinnar af þessum 400 kindum verður þá 341.365 kr. eða 854 kr. á kind.

Haustklipptar kindur þarf að klippa aftur að vetrinum. Þá má gera ráð fyrir að þær skili um 0,5 kg ullar eða 200 kg alls. Ef vel er fóðrað og hirt um húsin ætti sú ull að geta farið í 1. flokk og fengið hreinleikastuðulinn 1,11. Þá ætti hún að skila til viðbótar 62.826 kr. þannig að ullarinnleggið í heild yrði 404.191 kr. eða 1.010 kr. á kind að meðaltali.

Við þessa breytingu mundi verðmæti ullar eftir hverja kind í verðlagsgrundvellinum hækka um tæpar 660 kr. eða úr 351 kr. í 1.010 kr. og ullin frá búinu mundi hækka úr 4,5% í 11% af öllum sauðfjárafurðum í grundvellinum.

Á það er rétt að benda að það dæmi, sem hér er tekið, miðast við það sem best er þekkt í landinu nú. Mörgum bændum mun finnast það vonlítið að ná þessu marki, en það má fullyrða að margir þeirra gætu náð helmingnum af þessum ávinningi á tiltölulega skömmum tíma. Ef ullarverðmætið í landinu hækkaði um fjórðung þess sem best er hægt að ná eða um 165 kr. á kind mundi það jafngilda um 100 millj. kr. á ári í hráefnisverðinu einu saman. Þar við bætist að bætt ull skilar sér í betri og verðmætari iðnvarningi.

Fylgiskjal VI.

Þórarinn Lárusson:

STAÐAN Á SKRIÐUKLAUSTRI OG NOKKRAR FRAMTÍÐARHUGLEIÐINGAR
(3. ágúst 1987.)

Hugleiðingar um búvistfræðirannsóknir o.fl. á Skriðuklaustri í Fjótsdal.

Síðan farið var að huga að endurbótum á Gunnarshúsi og mögulegu framtíðarhlutverki þess á Skriðuklaustri í tilefni 100 ára minningar um Gunnar skáld Gunnarsson 1989 hafa m.a. starfað tvær ráðherraskipaðar nefndir. Haustið 1985 var sett fram tillaga um „fræðasetur" á Skriðuklaustri af Helga Hallgrímssyni náttúrufræðingi og greinarhöfundi sem varð uppistaða að greinargerð með þingsályktunartillögu þeirra Helga Seljans og Jóns Kristjánssonar um þetta mál. Þessar ritsmíðar urðu aftur uppistaða í grein fyrrnefndra (HH og ÞL) „Ávarp til Austfirðinga um eflingu fræðaseturs á Skriðuklaustri í Fljótsdal". Ávarp þetta birtist í blöðum um og upp úr hvítasunnu 1986, undirritað af 22 valinkunnum Austfirðingum ásamt þjóðminjaverði. Auk þess er óhætt að segja að Austfirðingar almennt hafi sýnt þessu máli ótvíræðan áhuga. Má þar nefna stuðningsyfirlýsingar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, Búnaðarsambands Austurlands og sýslunefndar Norður-Múlasýslu, auk sjálfboðavinnu, fólks úr fjórðungnum við að mála Gunnarshús að utan, svo dæmi séu tekin. Síðast en ekki síst ber að nefna að framtíðarfræðastarfsemi í Gunnarshúsi hefur boðist bókasafn eitt mikið sem Páll heitinn Gíslason á Aðalbóli í Hrafnkelsdal safnaði á sínum tíma og lét eftir sig.

Fyrrnefndar fræðasetushugmyndir eru allvíðtækar, enda fram settar í þeim tilgangi fyrst og fremst að vekja áhuga og hugmyndaflug sem flestra og skapa umræðu. Má segja að það hafi tekist að nokkru leyti sem greinar nokkurra aðila hér eystra vitna um.

Sjálfgefið er að reikna með sérstakri „Gunnarsdeild" í húsinu. Sömuleiðis virðast menn sammála því sem m.a. kemur fram í áðurnefndri þingsályktunartillögu um að hlutverk fræðasetursins skuli vera „almenn þekkingaröflun um mannlíf, menningu og náttúrufar á Austurlandi", enn fremur: „Sérstök áhersla skal lögð á samskipti mannlífs og náttúru í ljósi sögunnar með raunhæfa framtíðarskipan þeirra fyrir augum." Talað er um „að skapa fræðimönnum aðstöðu til dvalar og rannsókna" og rætt um að saman geti farið sú starfsemi sem fyrir er þar sem tilraunastöð landbúnaðarins er.

Með þetta að leiðarljósi leggur undirritaður til að menn beiti sér fyrir því að komið verði á fót aðstöðu í Gunnarshúsi og í tengslum við tilraunastarfsemi þá, sem fyrir er, rannsóknum og fræðiiðkunum í *búvistfræði,* ásamt *Gunnarsdeild,* og *nota bókasafn Páls heitins* eins og áður er nefnt til þess að þjóna þessum sviðum sem best.

Hvað er vistfræði og þar með búvistfræði?

Höfundur ætlar sér ekki þá dul að vera fær um að gefa algild eða tæmandi svör við þessu. Í grundvallaratriðum má þó segja að vistfræði almennt fjalli um tilvist, stöðu og hlutverk lifandi vera í náttúrunni og lífsskilyrði þeirra innbyrðis og við umhverfið. Vistfræðin gefur með öðrum orðum heildaryfirsýn yfir og spannar allt líf og lífsskilyrði þess í náttúrunni.

Búvistfræðin leggur áherslu á nýtingu og vernd náttúrunnar út frá slíkri heildaryfirsýn.

Út frá orðanna hljóðan (vistfræði = okologi á dönsku, en gríska orðið oikos þýðir hús, heimili eða heimabyggð og logos fræði) má segja að vistfræði sé fræðin um þann stað, sem plöntum, mönnum og dýrum finnst vera sitt heima, fræðin um hið góða umhverfi. Út frá sjónarmiði mannsins má kalla fagið heimaafla- eða sjálfsnægtarfræði án þess að tengja það sérstaklega landbúnaði fremur en öðru mannanna bjástri, nema það sé fram tekið, þá heimaaflabúskapur.

Vistfræðibúskapur í Fljótsdal.

Áhersla í vistfræði, ekki síst í landbúnaði, er nú í byltingarkenndum vexti víðar á heimsbyggðinni, gjarnan í iðnvæddum nágrannaríkjum okkar, svo sem á Norðurlöndum, þar sem ómældu fé er varið til rannsókna og leiðbeininga á þessu sviði til að forða meiri háttar náttúruspjöllum.

Að verulegu leyti má líta á Fljótsdal sem sjálfstætt vistkerfi, en þau eru að sjálfsögðu fleiri. Fljótsdalinn verður þó að ýmsu leyti að telja sérstæðan og hann gefur ýmsa möguleika til rannsókna á íslenskum vistfræðibúskap í fjölbreyttu innansveitarnáttúrufari. Bent er á í þessu sambandi að vatnsborð Lagarfljóts og víðáttumikið umhverfi frá ósum Hengifossár, þó einkum á Klaustur- og Valþjófsstaðanesi og inn undir Múlafjall, er aðeins rúma 20 m yfir sjávarmáli, en um 100 km frá strönd Héraðsflóa, en stutt og auðfarin leið á víðfeðm og fjölbreytileg heiðalönd. Jarðvegur, gróðurfar og dýralíf dalsins er því fjölbreytt. Skilyrði til skógræktar ein þau bestu á landinu. Sama er að segja um möguleika á kornrækt og frærækt. Þá eru sauðlönd góð, silungur í ám og vötnum og heitar uppsprettur finnast. Margt fleira mætti nefna, en þetta látið næga til að benda á að sérstaða dalsins réttlætir vel *að komið verði á fót aðstöðu til að nýta þennan efnivið með vistfræðilegan tilraunabúskap fyrir augum.*

Eðli vistfræðibúskapar og helstu verkefni.

Með vistfræði- eða heimaaflabúskap er stefnt að því að viðkomandi vistkerfi (jörð eða hérað) fullnægi sem mest eigin þörfum, sé sem mest lokað kerfi og byggi á endurnotum í lífsferli sínum í gegnum jarðveg, jarðargróða og búfé sem aftur gefur lífrænan áburð til jarðvegsins. Þarna þarf að endurheimta meira og minna týnda þekkingu, afla nýrrar og nýta sér ýmsa tækni sem áður var óþekkt og tileinka sér starfshætti sem taka mun meira tillit til þess að bæta umhverfið, jafnframt því að nýta það á þann hátt að báðir aðilar, maður og náttúra, hagnist af.

Gera þarf tilraunir með rétta notkun búfjáráburðar, ræktunaraðferðir og jarðargróða svo að sem best og heilnæmust uppskera fáist til beitar og slægna handa búfé eða til manneldis. Mikla gát þarf að hafa á öllum aðföngum, eins og eldsneyti, vélakosti, illgresiseyðingarlyfjum, tilbúnum áburði, innfluttu kjarnfóðri o.fl. til að tryggja farsælli búskap og aukinn nettóarð þegar tímar líða.

Þótt ýmsar rannsóknir hafi verið og séu í gangi sem höfða mjög til búvistfræði ber fulla nauðsyn til að taka þær verkefnaskrár til gagngerrar endurskoðunar með alvöruvistfræðibúskap að markmiði.

Hér verður ekki gerð nein tilraunaáætlun á þessu sviði, en bent á eftirtalin verkefni:

— Endurræktun túna og þar með skynsamleg nýting búfjáráburðar, kölkun og loftun (rásir í heilan svörð) jarðvegs, sáðskiptatilraunir, svo sem fóðurrófur og næpur, grænfóður og gras.
— Byggrækt, ræktunaraðferðir, afbrigði, notkun o.fl.
— Frærækt, Beringspunktur, íslenskt vallarsveifgras o.fl.
— Ræktun beitilands, t.d. í skóglendi, smáraræktun o.fl.
— Bætt fóðurframleiðsla og fóðurverkun.
— Garðrækt, heimaræktun af ýmsu tagi.
Samtals		**16,75**

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Launaflokkur	Kyn	Stöðugildi
088	2	1,00
148	2	1,24
151	1	1,00
153	2	1,00
155	1	2,90
155	2	1,00
156	1	1,00
173	1	1,00
234	1	1,00
234	2	2,12
236	2	1,12
238	2	1,00
239	1	1,00
240	2	0,65
242	2	1,00
244	2	2,00
251	2	1,00
Samtals		**21,03**

Fjármálaráðuneytið.

Launaflokkur	Kyn	Stöðugildi
140	2	1,00
142	2	1,00
144	1	1,66
145	1	1,00
146	2	2,00
149	1	2,00
151	1	5,00
151	2	3,00
153	1	4,00
153	2	2,00
154	1	1,00
154	2	1,00
155	1	3,00
156	1	1,00
157	1	7,00
171	1	0,50
173	1	1,00
232	1	1,00
234	2	3,00
235	1	1,00
236	1	1,00
236	2	14,20
238	2	8,50
239	2	1,00
240	1	2,00
240	2	5,95
241	2	1,00
242	1	4,00
242	2	12,81
243	1	1,00
244	1	1,00
244	2	3,90
245	1	1,00
245	2	1,00
246	1	2,00
246	2	3,50
248	1	1,00
248	2	3,00
250	2	1,77
251	1	4,00
251	2	2,00
253	1	1,00
253	2	1,00
Samtals		**119,79**

Samgönguráðuneytið.

Launaflokkur	Kyn	Stöðugildi
149	1	2,00
155	2	1,00
157	1	1,00
173	1	1,00
234	2	1,00
238	2	1,60
239	1	1,00
246	2	1,00
248	2	1,00
Samtals		**10,60**

Iðnaðarráðuneytið.

Launaflokkur	Kyn	Stöðugildi
148	1	1,00
149	2	1,00
153	1	1,00
155	1	1,00
155	2	0,00
157	1	1,00
173	1	1,00
234	2	1,00
236	2	2,00
237	2	0,00
238	2	0,75
239	1	1,00
240	1	1,00
240	2	2,00
250	2	1,00
251	1	2,00
Samtals		**16,75**

Viðskiptaráðuneytið.

Launaflokkur	Kyn	Stöðugildi
147	2	1,00
148	1	1,00
151	1	2,00
153	1	1,00
155	1	1,00
157	1	1,00
173	1	1,00
238	2	1,00
240	2	1,00
244	2	3,00
246	2	0,82
Samtals		**13,82**

Hagstofa Íslands.

Launaflokkur	Kyn	Stöðugildi
145	2	3,95
149	1	1,00
149	2	0,70
151	1	3,00
151	2	2,00
153	1	2,84
155	1	2,00
157	1	1,00
173	1	1,00
235	2	1,00
236	2	3,21
237	2	1,00
238	2	7,02
239	2	1,00
240	1	1,00
240	2	5,00
241	2	0,58
242	2	3,00
243	1	1,00
243	2	2,00
244	2	1,00
245	2	1,00
250	2	1,00
251	2	1,00
Samtals		**47,30**

Umhverfisráðuneyti.

Launaflokkur	Kyn	Stöðugildi
145	2	1,00
149	1	1,00
Samtals		**2,00**

Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Launaflokkur	Kyn	Stöðugildi
143	1	1,00
147	2	0,53
149	1	2,00
151	1	2,00
151	2	1,00
153	1	3,00
157	1	1,00
173	1	1,00
243	2	1,00
244	2	0,55
246	2	1,00
Samtals		**14,08**

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. (B-hluti).

Launaflokkur	Kyn	Stöðugildi
144	2	1,00
237	2	1,00
240	2	1,00
Samtals		**3,00**

Alls í Stjórnarráðinu 452,02

Fylgiskjal III.

Launaflokkur	Kyn	Mannmán.	Yfirvinna
150	2	48,00	1.346.044
151	1	252,55	11.951.283
151	2	82,28	2.956.179
152	1	0,00	280.296
153	1	277,53	14.594.100
153	2	112,50	7.600.493
154	1	12,00	772.071
154	2	12,00	872.192
155	1	158,38	9.508.428
155	2	36,34	2.024.845
156	1	24,00	2.179.718
157	1	237,15	17.649.899
157	2	16,00	1.967.779
158	1	0,00	427.490
159	1	0,00	13.896
161	1	0,00	244.663
162	1	0,00	127.420
163	1	0,00	76.811
168	1	98,51	1.518.291
171	1	5,04	22.299
173	1	157,49	5.398.806
173	2	12,00	587.944
226	1	15,83	272.252
226	2	9,25	66.114
227	1	50,30	525.726
228	1	19,13	320.256
228	2	5,41	8.837
229	1	0,18	88.488
229	2	9,20	53.021
230	1	8,62	267.004
230	2	9,22	65.918
231	1	0,43	7.220
232	1	13,99	362.398
232	2	34,61	130.929
233	2	2,95	22.577
234	1	2,62	365.892
234	2	229,72	1.994.209
235	1	12,00	1.192.378
235	2	18,25	80.020
236	1	14,00	132.507
236	2	433,65	4.843.165
237	1	3,72	70.294
237	2	29,10	491.596
238	1	48,91	1.484.618
238	2	261,77	3.991.180
239	1	108,00	6.009.643
239	2	84,43	1.289.742
240	1	75,60	1.851.832
240	2	221,60	3.153.247
241	2	130,18	2.735.057
242	1	45,67	1.809.636
242	2	181,02	3.164.743
243	1	37,64	1.167.565
243	2	25,86	725.249
244	1	6,00	317.819
244	2	188,67	4.265.561
245	1	52,93	1.172.813
245	2	34,50	803.620
246	1	42,41	2.101.591
246	2	141,74	3.395.054
247	2	12,00	168.466
248	1	24,00	1.344.388
248	2	47,98	1.979.374
249	1	5,40	61.827
250	1	69,72	4.062.743
250	2	114,49	5.212.393
251	1	52,00	3.003.506
251	2	40,00	1.438.446
252	1	0,00	18.648
253	1	25,96	1.594.492
253	2	11,69	1.331.943
256	1	12,00	801.692
257	1	0,00	5.490
293	1	2,47	2.999
294	1	1,84	
294	2	1,69	14.625
295	1	7,68	14.269
295	2	9,32	73.245
336	2	0,00	13.825
337	2	0,00	5.932
434	2	0,00	8.963
436	2	0,00	6.394
	Samtals	**5,419,37**	**181,815,650**

Nd. **848. Frumvarp til laga** [488. mál]

um breyting á lögum nr. 119/1989, um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum.

Flm.: Friðrik Sophusson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Ólafur G. Einarsson.

1. gr.

Síðari málsliður 17. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1990.

Greinargerð.

Fyrr á þessu þingi voru samþykktar nokkrar breytingar á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Flutt var sérstakt stjórnarfrumvarp um breytingu á virðisaukaskattslögunum og var það samþykkt 22. desember sl. Nokkrar breytingar voru gerðar á frumvarpinu, en stjórnarandstöðuflokkarnir fluttu fjölmargar breytingartillögur sem voru felldar af stuðningsliði ríkisstjórnarinnar.

Í stjórnarfrumvarpinu, sem samþykkt var, var ákvæði þess efnis að sala bóka á íslenskri tungu teldist ekki til skattskyldrar veltu frá 16. nóvember 1990. Í efri deild komu fram tvær tillögur um að breyta dagsetningunni í 1. september 1990, önnur frá sjálfstæðismönnum hin frá Kvennalistanum. Þær voru báðar felldar. Í neðri deild endurfluttu sjálfstæðismenn sína tillögu, en Kvennalistinn lagði fram tillögu um 16. september. Þær voru báðar studdar af stjórnarandstöðuflokkunum þremur en felldar með atkvæðum stjórnarliðsins.

Í framsöguræðu með stjórnarfrumvarpinu um breytingu á virðisaukaskattslögunum sagði fjármálaráðherra að ekki væri talið rétt að láta niðurfellinguna hafa áhrif á tekjuforsendur fjárlaga á yfirstandandi ári. Talsmenn stjórnarandstöðunnar bentu hins vegar á að bókakaup skólafólks ættu sér stað í byrjun september. Hætta væri á því að nemendur drægju bókakaup fram yfir 15. nóvember til að njóta niðurfellingarinnar. Slíkt gæti haft slæm áhrif á námið og ríkissjóður yrði af skattinum hvort eð væri.

Nemendur í framhaldsskólum hafa að undanförnu vakið athygli á þessu máli á ný og sent þingmönnum beiðni um að breyta lögunum þannig að niðurfelling virðisaukaskatts á íslenskar bækur taki gildi 1. september.

Einn stjórnarþingmanna var fyrir skömmu spurður á opinberum vettvangi um afstöðu sína til málsins. Í svari sínu sagði hann: „Mér finnst eðlilegt að þingið beiti sér fyrir því að þetta verði leiðrétt.“ Í trausti þess að fleiri stjórnarþingmenn hafi endurskoðað afstöðu sína er frumvarpið flutt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.–2. gr.

Í 17. gr. laganna frá því í desember sl. um breytingu á virðisaukaskattslögunum segir að breytingarnar skuli taka gildi 1. janúar 1990, nema undanþágan á íslenskum bókum. Hún kemur ekki til framkvæmda fyrr en 16. nóvember nk. Með niðurfellingu þessa sérstaka gildistökuákvæðis um íslenskar bækur falla þær undir undanþáguákvæði laganna um virðisaukaskatt, eins og þau eru tilgreind í 12. gr. þeirra, þegar þetta frumvarp hefur verið samþykkt og kemur til framkvæmda, þ.e. 1. september nk.

Sþ. **849. Svar** [410. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Guðmundar H. Garðarssonar um leyfisveitingar til útflutnings sjávarafurða árið 1989.

1. Hvernig var leyfisveitingum til útflutnings sjávarafurða árið 1989 háttað?

1. gr. laga nr. 4 frá 1988, um útflutningsleyfi o.fl., segir svo:

„Utanríkisráðuneytinu er heimilt að ákveða að ekki megi bjóða, selja né flytja vörur til útlanda nema að fengnu leyfi. Útflutningsleyfi getur ráðuneytið bundið skilyrðum sem nauðsynleg þykja. Útflytjendur eru skyldir að veita ráðuneytinu þær upplýsingar, sem það óskar, um allt er varðar sölu og útflutning vara sem seljast eiga til útlanda."

Í reglugerð nr. 27/1988 um útflutningsleyfi o.fl., sem byggð er á ofangreindum lögum, segir svo orðrétt:

„(1. gr.) Útflutningur er frjáls á vörum í þeim tollflokkum sem taldir eru í 4. gr. þessarar reglugerðar. Útflutningur á vörum í öðrum tollflokkum en þar greinir er háður leyfi utanríkisráðuneytisins. Ráðuneytið getur einnig sett það skilyrði að heimild þess þurfi til að bjóða tilteknar vörur til sölu á erlendum markaði. Ekki þarf leyfi til að senda úr landi sýnishorn sem ætluð eru til kynningar á viðkomandi vöru. Sama gildir um gjafir og póstsendingar að verðmæti innan við 10.000,00 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt við setningu þessarar reglugerðar.

(2. gr.) Ráðuneytið getur bundið útflutningsleyfi skilyrðum sem nauðsynleg þykja, þar á meðal um sölukjör, lánskjör, meðferð skjala og fleira.

(3. gr.) Útflytjendur skulu veita utanríkisráðuneytinu þær upplýsingar sem það kann að óska um útflutning, svo sem um verð, umboðslaun og markaðshorfur.

Enn fremur getur ráðuneytið krafist þess að fram séu lagðir endanlegir sölureikningar eða önnur gögn yfir vöru sem flutt var út í umboðssölu.

Starfsmönnum ráðuneytisins, sem veita viðtöku upplýsingum frá útflytjendum samkvæmt þessari grein, er óheimilt að skýra óviðkomandi aðilum frá því sem þar kemur fram og leynt á að fara, sbr. 32. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins."

Megintilgangur útflutningsleyfakerfisins hefur jafnan verið sá að reyna að tryggja eftirfarandi:

1. Skil á gjaldeyri fyrir útfluttar vörur til gjaldeyrisbanka, sbr. 4. gr. laga nr. 63 frá 1979.
2. Að koma í veg fyrir undirboð útflytjenda þegar þess er kostur.
3. Að sölusamtök geti unnið að sölumálum eins og ráðherra, ríkisstjórn eða Alþingi ákveður á hverjum tíma.
4. Að gera aðrar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar þykja á hverjum tíma, til að stuðla að sem bestum árangri við sölu afurðanna.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir þeim starfsreglum sem gilt hafa í sambandi við útgáfu útflutningsleyfa:

Fylgst er með greiðslu erlendra umboðslauna í hverju tilviki við útgáfu útflutningsleyfa og gerðar athugasemdir eða synjað fari slíkar greiðslur upp fyrir það mark sem talið hefur verið eðlilegt.

Mismunandi er eftir vörutegundum hversu heimiluð umboðslaun eru há. Upphæð þeirra ákvarðast af því sem tíðkast á mörkuðum viðkomandi landa.

Þá er fylgst með að greiðsluskilmálar séu með eðlilegum hætti, m.a. vegna afurðalánakerfisins.

Eftirtaldar sjávarafurðir eru háðar útflutningsleyfum, en öllum útflytjendum er þó heimilt að að flytja þær úr landi og selja á alla markaði: fiskimjöl, fryst rækja, fryst síld, hvalkjöt, fryst loðna, frystur humar, frystur hörpudiskur.

Útflutningur eftirtalinna sjávarafurða er háður nánar tilteknum takmörkunum:

Skreið.

Útflutningur á skreið er öllum útflytjendum heimill, en salan er háð viðmiðunarverðum.

Saltfiskur.

Útflutningur saltfisks hefur um árabil verið eingöngu á vegum SÍF. Á liðnum árum hefur komið fyrir að ráðherra hafi heimilað öðrum útflytjendum útflutning á saltfiski í smáum stíl. Á síðasta ári voru nálega engin slík leyfi veitt og heildarmagn slíks útflutnings innan við eitt tonn.

Freðfiskur.

Þáverandi viðskiptaráðherra ákvað haustið 1987, þegar útflutningsleyfamálin voru enn á hans vegum, að afnema að verulegu leyti sérstakt leyfi sölusamtaka til sölu á freðfiski til Bandaríkjanna. Aðrir freðfiskmarkaðir eru opnir útflytjendum nema lönd í Austur-Evrópu, en þeir markaðir eru einskorðaðir við SH og SÍS.

Lagmeti.

Útflutningur á lagmeti er heimill öllum útflytjendum, þó með þeirri undantekningu að útflutningsleyfi til landa í Austur-Evrópu eru eingöngu veitt Sölusamtökum lagmetis.

Hrogn.

Útflutningur á grásleppuhrognum er heimill öllum útflytjendum, svo og á söltuðum og frystum hrognum. Leyfi til útflutnings grásleppuhrogna eru háð viðmiðunarverðum sem ráðuneytið ákveður í samráði við útflytjendur. Svo hefur einnig verið með sölu og útflutning á söltuðum og frystum hrognum til Evrópulanda sem að verulegu leyti er á vegum SH og SÍS.

Ísfiskur.

Um árabil hafði LÍÚ með höndum úthlutun heimilda til fiskiskipa til löndunar ísfisks erlendis. Veitti viðskiptaráðuneytið LÍÚ þessa heimild á sínum tíma til að annast þessa úthlutun fyrir sína hönd.

Viðskiptaskrifstofa utanríkisráðuneytisins sá hins vegar um að úthluta leyfum vegna útflutnings á ísfiski í gámum. Eftirtalin atriði voru höfð til viðmiðunar við þá úthlutun:

a. Lögð var áhersla á að veita helst öllum umsækjendum einhverja úrlausn vikulega sem þó hefur ekki ávallt tekist þegar ásóknin hefur verið hvað mest.
b. Tekið var tillit til stærðar veiðiskipa og fjölda á vegum viðkomandi útflytjenda.
c. Litið var til þess hvaða verkunaraðstöðu útgerðaraðili eða útflytjandi hafði í landi til að koma afla í vinnslu.
d. Tillit var tekið til forgangs ísfisklandana fiskiskipa sem Landssamband íslenskra útvegsmanna hafði tekið ákvarðanir um og þrengdist svigrúm til fiskútflutnings í gámum sem því nam.

Umrædd leyfi hljóðuðu á nafn umsækjanda og tilheyrðu skipum sem tilgreind voru í umsókn. Óheimilt var að framselja leyfi. Væri leyfið ekki notað bar að skila því til ráðuneytisins sem úthlutaði því oftast aftur til aðila sem virtust hafa mesta þörf fyrir það.

Frá 15. mars sl. yfirtók Aflamiðlun allar leyfisveitingar á útflutningi á ísfiski og öðrum útflutningi á ferskum sjávarafurðum.

2. *Hversu margir aðilar fengu útflutningsleyfi á:*
   a. frystum sjávarafurðum,
   b. söltuðum afurðum,
   c. fiskimjöli,
   d. lýsi,
   e. öðrum sjávarafurðum?

a. Frystur fiskur	66
b. Saltfiskur	1
c. Fiskimjöl	11
Loðnumjöl	11
d. Lýsi	9
e. Ferskur fiskur	157
Hrogn	19
Humar	15
Hörpudiskur	9
Lax	41
Rækja	31
Skreið	17
Annað	21

3. *Hverjir voru helstu leyfishafar? Óskað er sundurliðunar eftir helstu vöruflokkum.*

Ráðuneytið hefur valið þann kost að birta lista um alla leyfishafa, þótt margir þeirra hafi flutt út lítið magn.

Frystur fiskur:

Asiaco hf., Baader-þjónustan hf., Bergsplan hf., Erlend viðskipti hf., Eskey hf., Evrópskar sjávarafurðir hf., Evrópuviðskipti hf., Fiskmiðlun Norðurlands, Fisktækni hf., Fiskverkun Magnúsar Björgvinssonar, Fiskverkunin Bás, G. Albertsson hf., G. Ingason Seafood hf., Göltur hf., Hafex hf., Héðinn hf., Hjálmur hf., Hreifi hf., Hvaleyri hf., Hvalur hf., Ísblik hf., Ísdjúp hf., Ísfang hf., Íslandssíld hf., Íslenskur gæðafiskur hf., Íslenskur nýfiskur hf., Íslenska umboðssalan hf., Íslenska útflutningsmiðstöðin, Íspólar hf., Jón Ásbjörnsson hf., Konráð Hinriksson (Fiskbær), Kristinn Halldórsson, Kristján Ó. Skagfjörð hf., Luna hf., Marbakki hf., Marfang hf., Nasco-Ísröst hf., Nes hf., Nesfiskur hf., Ness hf., Netagerðin Grandaskála, Norðurhaf hf., Pólar-Frost hf., Reyksíld hf., Samband íslenskra samvinnufélaga, Samherji hf., Samstarf hf., Seifur hf., Sigurður Ág. Jensson, markaðsráðgjöf, Sjávarafurðasalan, Sjólastöðin hf., Sjóvík hf., Skanfiskur hf., Skerseyri hf., Stefnir hf., Sverrir Karvelsson, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda, Sölusamtök lagmetis, T.P. & Co. hf., Triton hf., Vallia sf., Vinnslutöðin hf., Vogar hf., X-port Ltd.

Saltaðar afurðir:

Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda.

Fiskimjöl:

Andri hf., Fiskafurðir hf., G. Albertsson hf., Íslensk-skandinavíska verslunarfélagið hf., Lýsi hf. (liframjöl), RC & Co. hf., R. Hannesson hf., Samband íslenskra samvinnufélaga, Svanur hf., T.P. & Co. hf., Þörungaverksmiðjan hf.

Loðnumjöl:

Ársel hf., Ewos hf., Bernhard Petersen, Fiskimjölsverksmiðjan í Vestmannaeyjum, Heildverslunin Hagur hf., Luna hf., Síldar- og fiskimjölsverksmiðjan hf., Síldarverksmiðjan í Krossanesi, Síldarverksmiðjur ríkisins, Síldarvinnslan hf., Verktækni hf.

Lýsi:

Bernhard Petersen, Fiskafurðir hf., G. Albertsson hf., Lýsi hf., R. Hannesson hf., Samstarf hf., Síldarverksmiðjur ríkisins, Síldarvinnslan hf., Svanur hf.

Ferskur fiskur:

Andri hf., Arnór Stefánsson, Asiaco hf., Axel Pálsson hf., Álftfirðingur hf., Baldur hf., Bergur-Huginn hf., Bergvík, Björn Ólafsson, Borgey hf., Búðarnes hf., Búlandstindur hf., Byr hf., Djúpfiskur hf., Drífa hf., Einar Guðfinnsson, Eir hf., Emma hf., Erlend viðskipti hf., Eskey hf., Evrópskar sjávarafurðir hf., Evrópuviðskipti hf., Faxeyri hf., Fáfnir hf., Ferskfiskur hf., Fiskiðja Sauðárkróks, Fiskiver hf., Fiskmat Grindavíkur, Fiskmiðlun Norðurlands, Fisktækni hf., Fiskur hf., Fiskverkunin Assa hf., Fiskverkunin Bás, Fiskvinnsla Aðalsteins Sæmundssonar, Fiskvinnsla Valdimars Elíassonar, Flugfiskur hf., Frosti hf., Færabakur hf., Gámar hf., Gámavinir sf., G. Ingason Seafood hf., Gísli Sigmarsson, Grandi hf., Greipur hf., Guðmundur Á. Hólmgeirsson, Guðmundur Runólfsson, Gunnar I. Hafsteinsson, Gunnar Ólafsson, Vestmannaeyjum, Gunnar Ólafsson, Reykjavík, Gunnvör hf., Göltur hf., Hafnarbakki hf., Hafsboði hf., Haförninn hf., Hagfiskur, Haraldur Böðvarsson & Co. hf., Heimaskagi hf., Helganes hf., Héðinn hf., Hinrik Kristjánsson, Hlaðsvík hf., Hraðfrystihús Breiðdælinga, Hraðfrystihús Eskifjarðar, Hraðfrystihús Fáskrúðsfjarðar, Hraðfrystihús Stöðvarfjarðar, Hreifi hf., Hrellir hf., Hrönn hf., Huginn, VE 55, Höfði hf., IBV, Innkaupadeild LÍÚ, Ísblik hf., Ísfang hf., Íshugbúnaður sf., Íslandssíld hf., Íslenska umboðssalan, Íslenska útflutningsmiðstöðin hf., Íslenskt lindarvatn, Íslenskur gæðafiskur, Íslenskur nýfiskur, Ívar hf., Jakob Arnar Sverrisson, Jón Ásbjörnsson, Katrín, VE 47, Kaupfélag Önfirðinga, Kleifar hf./Sæhamar hf., Konráð Hinriksson, Kristinn Halldórsson, Luna hf., MARK hf., Marva hf., Miðfell hf., Miðnes hf., Nasco-Ísröst hf., Nes hf., Nesfiskur hf., Ness hf., Netagerðin Grandaskála, Neysluvörur hf., Niðursuðuverksmiðjan hf., Njáll hf., Njörður hf., Norðurhaf, Norðurslóð, Norðurtangi hf., Norðurvör, Óskar Þórarinsson, Pólarsíld, RC & Co. hf., Rækjuvinnslan hf., Samband íslenskra samvinnufélaga, Samherji hf., Samstarf hf., Samtog hf., Seifur hf., Sigurborg hf., Sigurður Ág. Jensson, markaðsráðgjöf, Sigurfari, VE, Síldarvinnslan hf., Sjávarafurðasalan hf., Sjólastöðin, Sjóli hf., Skanfiskur hf., Skerseyri hf., Skipaafgreiðsla Sigurðar Þorgeirssonar, Skipaafgreiðsla Vestmannaeyja, Skipaþjónusta Suðurlands sf., Smári hf., Sólborg hf., Stakkholt hf., Stálskip hf., Stefnir hf., Stígandi hf., Sunnutindur, Svanur hf., Sædór hf., Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sölusamband Vestfjarða, Sölusamtök lagmetis, Toppfiskur, Triton hf., Tros sf., Útgerðarfélag Flateyrar, Útgerðarfélag Skagfirðinga, Útgerðarfélagið Barðinn, Útgerðarfélagið Drífa, Valbjörn hf., Vallia hf., Vinnslustöðin hf., Vísir hf., Vogar hf., Völusteinn hf., Þormóður rammi hf., Þorsteinn hf., X-port hf.

Hrogn:

Bakkavör hf., Bernhard Petersen, Erlend viðskipti hf., Fiskeldi Grindavíkur, Guðmundur G. Halldórsson, Ísdjúp hf., Íslenska umboðssalan hf., Jón Ásbjörnsson hf., Landssamband smábátaeigenda, Marbakki hf., Marfang hf., Norðurhaf hf., Samband íslenskra samvinnufélaga, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sölusamtök íslenskra fiskframleiðenda, Triton hf., Úlfljótur Gíslason, Útver hf., Vinnslustöðin hf.

Humar:

Fisktækni hf., G. Ingason Seafood hf., Göltur hf., Íslenska umboðssalan hf., Íslenskur skelfiskur hf., Íspólar hf., Marbakki hf., Nasco-Ísröst hf., Norðurhaf hf., Norðurvör hf., Samband íslenskra samvinnufélaga, Silfurlax hf., Smári hf., Stefnir hf., Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

Hörpudiskur:

G. Ingason Seafood hf., Hafex hf., Íslenska útflutningsmiðstöðin, Marbakki hf., Marfang hf., Neysluvörur hf., Samband íslenskra samvinnufélaga, Sigurjón Helgason hf., Sjávarafurðasalan hf.

Lax:

Arctic hf., Djúpfiskur hf., Eðalfiskur, Eyþór Ólafsson, Fiskeldi Grindavíkur, Fiskmiðlun Norðurlands hf., Fisktækni hf., Frostform hf., Guðni Björnsson Co., Haflax sf., Hreifi hf., Ísno hf., Ísfang hf., Ísfax hf., Íslandslax hf., Íslensk matvæli hf., Íslensk-skandinavíska verslunarfélagið hf., Íslenskur nýfiskur hf., Ísþór hf., Laxeldisstöð ríkisins, Lindalax hf., Lýður Björnsson, Marbakki hf., Mart sf., Mikillax hf., Neysluvörur hf., Norðurhaf hf., Norðurvör hf., Reyksíld hf., Samband íslenskra samvinnufélaga, Samstarf hf., Sigurður Ág. Jensson, markaðsráðgjöf, Silfurlax hf., Smári hf., Stefnir hf., Steinaco hf., Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sölusamband Vestfjarða hf., Sölusamtök íslenskra fiskframleiðenda, Triton hf., Vogalax hf.

Rækja:

Andri hf., Asiaco hf., Fiskiðjan Arctic hf., Gísli Jóhannesson, Hafex hf., Hafey hf., Ísblik hf., Íslandssíld hf., Íslensk matvæli hf., Íslenska umboðssalan hf., Íslenska útflutningsmiðstöðin hf., Íspólar hf., Kristján Ó. Skagfjörð hf., Marbakki hf., Marfang hf., Nes hf., Neysluvörur hf., Norðurhaf hf., Oddeyri hf., Pétur Stefánsson, R. Hannesson hf., Reyksíld hf., Rær hf., Samband íslenskra samvinnufélaga, Samherji hf., Seifur hf., Stefnir hf., Sævörur hf., Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Triton hf., Útgerð Jóns Finnssonar.

Skreið:

Aðalbjörg sf., Björn Úlfljótsson, Bragi Eiríksson, Erlend viðskipti hf., Fiskafurðir hf., Fiskmiðlun Norðurlands, G. Albertsson hf., Íslenska umboðssalan hf., Íslenskur nýfiskur, Kinn hf., Luna hf., Pétur S. Jóhannsson, Samband íslenskra samvinnufélaga, Sameinaðir framleiðendur, Samlag skreiðarframleiðenda, Sölusamtök íslenskra fiskframleiðenda, Vestfirska harðfisksalan hf.

Nd. 850. Frumvarp til stjórnskipunarlaga [489. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Flm.: Jóhann A. Jónsson.

1. gr.

79. gr. stjórnarskrárinnar orðast þannig:

Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskránni, má bera upp á Alþingi. Nái tillagan samþykki beggja deilda með sama hætti og almenn lög skal leggja hana undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg. Hún skal fara fram eigi síðar en samhliða næstu alþingiskosningum eftir samþykkt hennar á Alþingi. Verði tillagan samþykkt af meiri hluta í þjóðaratkvæðagreiðslunni skal hún lögð fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar.

2. gr.

Stjórnarskrárákvæði þetta tekur þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi en var eigi útrætt.

Allt frá stofnun lýðveldisins árið 1944 hefur það verið verkefni Alþingis að láta vinna að endurskoðun eða endurgerð stjórnarskrárinnar. Þrátt fyrir víðtæka samstöðu á Alþingi og utan þess um nauðsyn endurskoðunarinnar, og á stundum mjög ákveðnar aðgerðir í þá átt, hefur hún ekki tekist. Ákvæði um kosningar til Alþingis eru þó undanskilin. Þeim hefur verið breytt.

Til upplýsinga um nauðsyn breytinga á stjórnarskránni má vísa til fyrri tillagna um breytingar á stjórnarskránni og jafnframt til bréfs umboðsmanns Alþingis til forseta Alþingis, dags. 29. des. 1988. Í því eru rakin fjölmörg atriði sem brýnt er að kveða betur á um í stjórnarskránni en nú er gert.

Nú, á tímum víðtækrar kreppu sem tekur til margra þátta þjóðlífsins, er sérstök ástæða til að huga að framkvæmd laga og réttar í landinu. Löggjöf um þær stofnanir, sem móta framkvæmd laga og réttar og hafa síðustu orðin þar um, dómstólana, þarf að vera góð. Sérstaklega á þetta við um lagaákvæði um Hæstarétt Íslands, en til hans má jafnan skjóta úrlausnum annarra dómstóla. Er brýnt að ákvæði um skipan og starfshætti Hæstaréttar séu ítarleg og skýr og þau tryggi borgurunum aðgang að dómstólnum, óski þeir þess, og vandaða málsmeðferð. Ákvæði um þetta þurfa að vera í stjórnarskrá því um er að ræða kjarnaatriði í löggjöf réttarríkis.

Þessir mikilsverðu kostir fylgja því að breyta ákvæðum 79. gr. stjórnarskrárinnar eins og hér er lagt til:

1. Samkvæmt ákvæðum 79. gr. þarf til samþykki tveggja þinga með kosningum á milli til að ná fram breytingum á stjórnarskránni. Það hefur þann ókost í för með sér að þingmenn á Alþingi sem leggja til stjórnarskrárbreytingar verða að eiga það undir öðru Alþingi, væntanlega með öðrum þingmönnum, að ljúka því verki.
2. Ekki verður lengur skylt að rjúfa Alþingi strax að lokinni fyrri samþykkt Alþingis á stjórnarskrárbreytingu. Þetta atriði er mjög veigamikið þegar fyrir liggur endurgerð flestra þátta stjórnarskrárinnar. Miklu auðveldara verður að ná fram stjórnarskrárbreytingum í áföngum samkvæmt ákvæðum tillögunnar en samkvæmt gildandi stjórnarskrá.
3. Tillagan gerir ráð fyrir að ný stjórnarskrárákvæði hljóti samþykki meiri hluta kosningarbærra manna í landinu með sama hætti og nú er kveðið á um breytingar á kirkjuskipaninni í landinu. Verði hún samþykkt verða ný stjórnarskrárákvæði „þjóðarlög“ í þeim skilningi að þjóðin sjálf hefur staðfest þau. Það er mikilsvert til að auka gildi stjórnarskrárákvæða gagnvart öðrum reglum og tengir jafnframt þjóðina sjálfa við mikilvægustu samfélagslegu gildin og mikilvægustu lögin.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 29. desember 1988.

Forsetar Alþingis
Alþingi við Austurvöll.

Á grundvelli 11. gr. laga nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, tel ég ástæðu til að vekja athygli á ófullkomnum ákvæðum til verndar mannréttindum í íslenskum lögum.

Ég bendi á að í íslensku stjórnarskrána vantar almenn ákvæði um veigamikil mannréttindi. Sem dæmi má nefna skoðanafrelsi, jafnrétti, bann við afturvirkum refsilögum, vernd fjölskyldulífs og rétt til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi. Ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar um félagsleg mannréttindi eru og fábrotin.

Mörg mannréttindaákvæði íslensku stjórnarskrárinnar eru ófullkomin af ýmsum ástæðum. Ákvæði 63. og 64. gr. um trúfrelsi, 66. gr. um friðhelgi heimilis, 72. gr. um prentfrelsi og 73. gr. um félagafrelsi hefta ýmist í engu eða að takmörkuðu leyti vald löggjafans. Sum mannréttindaákvæði ganga skammt efni sínu samkvæmt. Ákvæði 72. gr. nær þannig aðeins til prentfrelsis en eigi til tjáningarfrelsis almennt. 65. gr. fjallar fyrst og fremst um handtöku sem er liður í rannsókn refsimála, en frelsi og réttaröryggi almennt nýtur þar ekki verndar. 66. gr. verndar ekki einkalíf manna yfirleitt, heldur takmarkast við ákveðna þætti þess.

Ég vísa einnig til þess að Ísland er aðili þýðingarmikilla alþjóðasamninga um mannréttindi. Ég nefni hér Evrópuráðssamninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis (Mannréttindasáttmála Evrópu) frá 4. nóvember 1950, ásamt síðari viðaukum, alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi (Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna) frá 16. desember 1966, Félagsmálasáttmála Evrópu frá 18. október 1961 og alþjóðasamning (Sameinuðu þjóðanna) um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi frá 16. desember 1966. Aðstaðan er hér sú að íslensk lög ganga a.m.k. að ýmsu leyti skemmra í vernd mannréttinda en þessir sáttmálar. Getur þetta valdið vanda í lagaframkvæmd hér á landi og jafnframt orðið til þess að íslenska ríkið verði dregið til ábyrgðar fyrir þeim alþjóðastofnunum sem ætlað er að framfylgja nefndum mannréttindasamningum.

Úrbætur í ofangreindu efni virðast mér einkum geta orðið með tvennum hætti. Fyrst er að nefna endurskoðun mannréttindaákvæða íslensku stjórnarskrárinnar. Legg ég áherslu á að endurskoðun stjórnarskrárinnar er brýn einnig af öðrum ástæðum sem ég rek ekki frekar að þessu sinni. Skoðun mín er sú að setning nýrrar stjórnarskrár hafi dregist úr hófi, að frátöldum breytingum er varða kosningar til Alþingis.

Ég tel einnig að mjög kæmi til greina að umræddir mannréttindasáttmálar eða hlutar þeirra verði teknir í íslensk lög. Þar rísa að vísu ýmis álitamál er að sumu leyti tengjast annarri viðtækari spurningu um það hvernig háttað sé tengslum íslensks réttar og alþjóðasamninga, sem Ísland er aðili að, og hvaða stefnu beri að móta á því sviði. Vísa ég um það nánar til meðfylgjandi greinargerðar Stefáns Más Stefánssonar prófessors sem hann hefur samið á vegum embættis míns.

Á árinu 1989 verður víða minnst merks áfanga í sögu mannréttinda. Að mínum dómi ætti vel við að ríkisstjórn og Alþingi mörkuðu á því ári þáttaskil að því er varðar vernd mannréttinda hér á landi.

Virðingarfyllst,
Gaukur Jörundsson.

Ed. 851. Lög [265. mál]

um ábyrgðadeild fiskeldislána.

(Afgreidd frá Ed. 3. apríl.)

Samhljóða þskj. 773.

Ed. 852. Lög [104. mál]

um breytingu á lögum nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 3. apríl.)

Samhljóða þskj. 597.

Ed. 853. Lög [105. mál]

um breytingu á lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

(Afgreidd frá Ed. 3. apríl.)

Samhljóða þskj. 108.

Ed. 854. Nefndarálit [42. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, sbr. lög nr. 59/1988.

Frá minni hl. samgöngunefndar.

Á síðasta ári skipaði samgönguráðherra sérstaka nefnd til að endurskoða lög um ferðamál og marka stefnu í ferðamálum. Þar sem nefnd þessi situr að störfum telur minni hl. samgöngunefndar að ekki skuli einstakir þættir málsins teknir til afgreiðslu nú heldur eigi efni þessa frumvarps að koma til athugunar við þá heildarendurskoðun þessara mála sem nú fer fram.

Með tilvísun til þessa er lagt til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 3. apríl 1990.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Nd. 855. Frumvarp til laga [490. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, sbr. lög nr. 62/1988.

Flm.: Páll Pétursson.

1. gr.

Við 64. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 62/1988, bætist ný málsgrein er verði 1. mgr. og orðist svo:

Skrá skal ökutæki í því umdæmi, þar sem skráningarskyldur eigandi þess á lögheimili eða varnarþing eða samkvæmt fastnúmerakerfi, eftir ákvörðun eiganda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 62/1988, um breytingu á nýsettum umferðarlögum, var afnumin sú langa hefð að skrá bíla eftir umdæmum. Rökin fyrir því voru þau að þessi breyting væri til sparnaðar. Komið hefur í ljós að svo er ekki og allar fullyrðingar um sparnað af nýbreytninni voru úr lausu lofti gripnar.

Mörgum bifreiðaeigendum er eftirsjá að gamla númerakerfinu, enda er það gleggra og þjóðlegra en hin erlenda eftiröpun. Því er hér lagt til að bifreiðaeigendum sé heimilað að skrá nýja bíla eða umskrá notaða samkvæmt gamla kerfinu ef þeir þess óska.

Sþ. 856. Tillaga til þingsályktunar [491. mál]

um staðfestingu breytinga á samningi um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) vegna fríverslunar með fiskafurðir.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd breytingar á 26., 27., 28. og 38. gr. samnings frá 4. janúar 1960 um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og á viðauka E við þann samning eins og samþykkt var í ráði Fríverslunarsamtakanna 14. júní 1989. Breytingarnar eru birtar sem fylgiskjal með ályktun þessari.

Fylgiskjal.

SAMÞYKKT RÁÐSINS NR. 6/1989

(Samþykkt á 12. fundi ráðsins 14. júní 1989)

BREYTING Á SAMNINGNUM

Breytingar á 26. gr. og 38. gr. og á viðauka E og niðurfelling á 27. gr. og 28. gr.

RÁÐIÐ

vísar til ákvæða 44. gr. samningsins og

er einhuga um að styrkja samvinnu innan EFTA með frjálsum viðskiptum með fisk milli EFTA-ríkjanna,

ÁLYKTAR

I. Samningnum skal breytt svo sem hér segir:

1. 26. gr. skal breytt þannig:

„Fiskur og aðrar sjávarafurðir

1. Ákvæði þessa samnings skulu gilda um fisk og aðrar sjávarafurðir. Fyrirkomulag sem gildir um þessar afurðir á aðlögunartíma er að finna í viðauka E.

DECISION OF THE COUNCIL No. 6 OF 1989

(Adopted at the 12th Meeting on 14 June 1989)

AMENDMENT OF THE CONVENTION

Amendments to Articles 26 and 38 and to Annex E, and deletion of Articles 27 and 28

THE COUNCIL,

Having regard to the provisions of Article 44 of the Convention, and

Determined to strengthen the internal EFTA co-operation through full liberalization of intra-EFTA trade in fish,

DECIDES:

I. The Convention shall be amended as follows:

1. Article 26 shall be amended to read:

"Fish and other marine products

1. The provisions of this Convention shall apply in relation to fish and other marine products. Transitional arrangements applicable to these products are laid down in Annex E.

2. Ráðið getur ákveðið að breyta ákvæðum í viðauka E.“

2. Ákvæði 27. gr. falla niður.

3. Ákvæði 28. gr. falla niður.

4. Eftirfarandi ákvæði 38. gr.:
„Viðauki E Skrá yfir fisk og aðrar sjávarafurðir sem vitnað er til í 1. málsgrein 26. greinar“
skal breytt þannig:
„Viðauki E Fyrirkomulag á aðlögunartíma varðandi fisk og aðrar sjávarafurðir“

5. Viðauka E við samninginn skal breytt í samræmi við viðauka við samþykkt þessa.

II. Breytingunum á samningnum sem hér með hafa verið samþykktar er vísað til aðildarríkjanna til staðfestingar. Breytingarnar skulu taka gildi 1. júlí 1990, enda hafi þær hlotið staðfestingu allra aðildarríkjanna fyrir þann dag. Taki breytingarnar ekki gildi 1. júlí 1990 skulu þær gera það fyrsta dag annars mánaðar eftir staðfestingu síðasta aðildarríkisins.

III. Framkvæmdastjóri skal afhenda ríkisstjórn Svíþjóðar texta samþykktar þessarar til vörslu.

2. The Council may decide to amend the provisions of Annex E."

2. The present text of Article 27 shall be deleted.

3. The present text of Article 28 shall be deleted.

4. The following text in Article 38:
"Annex E List of fish and other marine products referred to in paragraph 1 of Article 26"
shall be amended to read:
"Annex E Transitional arrangements applicable to fish and other marine products"

5. Annex E to the Convention shall be amended to read as set out at Annex to this Decision.

II. The amendments to the Convention as hereby approved are submitted to the Member States for acceptance. The amendments shall enter into force on 1 July 1990 provided they are accepted before that date by all Member States. If the amendments do not enter into force on 1 July 1990, they shall do so on the first day of the second month following the acceptance by the last Member State.

III. The Secretary-General shall deposit the text of this Decision with the Government of Sweden.

VIÐAUKI E

Fyrirkomulag á aðlögunartíma varðandi fisk og aðrar sjávarafurðir

1. gr.

Ákvæði samningsins gilda frá 1. júlí 1990 um fisk og aðrar sjávarafurðir sem falla undir 3. kafla í Samræmdu tollskránni, nema kveðið sé á um annað í 2.-4. gr. þessa viðauka.

2. gr.

Hvers konar ríkisstyrkjum til sjávarútvegs sem stríða gegn ákvæðum 13. greinar samningsins skal hætt ekki síðar en 31. desember 1993.

ANNEX E

Transitional arrangements applicable to fish and other marine products

Article 1

Unless otherwise provided for in Articles 2 to 4 of this Annex, fish and other marine products falling within Chapter 3 of the Harmonized System are covered by the provisions of the Convention as from 1 July 1990.

Article 2

Any form of government aid to the fishing sector which is not compatible with Article 13 of the Convention shall be eliminated not later than 31 December 1993.

3. gr.

Svíþjóð má beita magntakmörkunum við innflutning eftirtalinna vörutegunda til 31. desember 1993, að svo miklu leyti sem það kann að vera nauðsynlegt til að koma í veg fyrir alvarlegt ójafnvægi á sænska markaðnum.

Tollskrárnúmer	Vörulýsing
úr 03.02	Fiskur, nýr eða kældur, þó ekki fiskflök og annað fiskkjöt í nr. 03.04: – Síld – Þorskur

Article 3

On the following products Sweden may until 31 December 1993 apply quantitative import restrictions, in so far as this may be necessary to avoid serious disturbances in the Swedish market.

HS heading No.	Description of goods
ex 03.02	Fish, fresh or chilled, excluding fish fillets and other fish meat of heading No. 03.04: – Herring – Cod

4. gr.

1. Finnland má halda tímabundið núverandi fyrirkomulagi varðandi eftirtaldar vörutegundir. Finnland skal ekki síðar en 31. desember 1992 leggja fram ákveðna tímaáætlun um afnám þessara undantekninga.

Tollskrárnúmer	Vörulýsing
úr 03.02	Fiskur, nýr eða kældur, þó ekki fiskflök og annað fiskkjöt í nr. 03.04: – Lax – Eystrasaltssíld
úr 03.03	Fiskur, frystur, þó ekki fiskflök og annað fiskkjöt í nr. 03.04: – Lax – Eystrasaltssíld
úr 03.04	Fiskflök og annað fiskkjöt (einnig hakkað), nýtt, kælt eða fryst: – Ný eða kæld laxaflök – Ný eða kæld Eystrasaltssíldarflök

2. Á meðan Finnland heldur tímabundið núverandi fyrirkomulagi varðandi Eystrasaltssíld má Svíþjóð beita magntakmörkunum á innflutning þeirrar vörutegundar.

Article 4

1. On the following products Finland may temporarily maintain its present regime. Not later than 31 December 1992 Finland shall present a fixed timetable for the elimination of these exemptions.

HS heading No.	Description of goods
ex. 03.02	Fish, fresh or chilled, excluding fish fillets and other fish meat of heading No. 03.04: – Salmon – Baltic herring
ex 03.03	Fish, frozen, excluding fish fillets and other fish meat of heading No. 03.04: – Salmon – Baltic herring
ex 03.04	Fish fillets and other fish meat (whether or not minced), fresh, chilled or frozen – Fresh or chilled fillets of salmon – Fresh or chilled fillets of Baltic herring

2. As long as Finland temporarily maintains its present regime with regard to Baltic herring, Sweden may apply quantitative import restrictions for that product.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Stokkhólmssamningurinn um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu – EFTA – var undirritaður 4. janúar 1960. Hann náði fyrst og fremst til iðnaðarvara, en landbúnaðarafurðir og sjávarafurðir voru að miklu leyti undanskildar.

Ákvæði um meðferð sjávarafurða eru í 26.–28. gr. samningsins og viðauka E við hann, sem hefur að geyma lista yfir vörur sem fríverslun nær ekki til. Á þeim lista er allur ferskur fiskur, kældur, frystur, saltaður, þurrkaður eða reyktur, nema hraðfryst flök. Þar er einnig skelfiskur, nema fryst skelflett rækja.

Í 27. gr. samningsins er það markmið sett fram að stuðla að auknum viðskiptum með fisk og aðrar sjávarafurðir, þannig að þau aðildarríki, sem að miklu leyti byggja efnahag sinn á útflutningi þessarar vöru, hljóti hæfilega gagnkvæmni. Þetta skal þó gert með hliðsjón af stefnu hvers aðildarríkis og þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja í sjávarútvegi.

Í 28. gr. er gert ráð fyrir að ráðið hefji fyrir 1. janúar 1961 athugun á því fyrirkomulagi sem lýtur að viðskiptum með þær afurðir sem skráðar voru í viðauka E og nutu ekki fríverslunar. Skyldi það gert með markmið 27. gr. í huga.

Á næstu árum tókst aðeins að ná samkomulagi um fríverslun með hvalkjöt. Að öðru leyti sat við það sama.

Eftir inngöngu Íslands í EFTA 1970 var margsinnis reynt að ná fram fríverslun á fleiri fiskafurðum, síðast á árunum 1984–1985, en nokkur ríki samtakanna stóðu fast gegn öllum tilraunum í þá átt.

Árið 1987 ályktaði þingmannanefnd EFTA að skora á ríkisstjórnir aðildarríkjanna að beita sér fyrir fullri fríverslun með fisk og nokkru síðar tók ráðgjafarnefnd samtakanna undir þessa áskorun. Á ráðherrafundi EFTA í Tampere í Finnlandi í júní 1988 var samþykkt með vísan til þessara ályktana og markmiða 27. gr. stofnsamningsins að setja á stofn ráðuneytisstjóranefnd til að kanna tillögur um viðskiptafrelsi á þessu sviði og tímaáætlun um framkvæmd þeirra og skila lokaskýrslu til ráðherrafundar í júní 1989.

Í störfum nefndarinnar kom fram mikill vilji aðildarríkja til að ganga sem lengst í átt til fríverslunar að þessu sinni. Jafnframt var gerð víðtæk könnun á ríkisstyrkjum til sjávarútvegs og áhrifum þeirra á samkeppnisstöðu. Það flækti þó málið nokkuð að Finnland vildi ótímabundna undanþágu frá fríverslun með tvær fisktegundir sem eru uppistaðan í fiskveiðum þeirra, þ.e. Eystrasaltssíld og lax, en Svíar voru ekki reiðubúnir til að samþykkja hana.

Á leiðtogafundi EFTA-ríkjanna í Ósló í mars 1989 náðist málamiðlun um aðlögunartíma fyrir þessar fisktegundir og gagnaðgerðir sem Svíþjóð gæti gripið til ef samkeppnisstaðan raskaðist á aðlögunartímanum. Einnig fékk Svíþjóð aðlögunartíma til ársloka 1993 fyrir ferska eða kælda síld og þorsk. Lýsti leiðtogafundurinn yfir því pólitíska markmiði að fríverslun með fisk skyldi taka gildi innan EFTA frá 1. júlí 1990.

Fyrir ráðherrafund EFTA í júní 1989 kom upp annað vandamál. Svisslendingar töldu það alltaf hafa verið skilning sinn að orðalag EFTA-samningsins „fiskur og aðrar sjávarafurðir“ næði ekki til ferskvatnsfisks og gætu þeir ekki fallist á fríverslun með hann. Á ráðherrafundinum var loks gerð bókun um samkomulag varðandi innflutning á vatnafiski til Sviss eftir 1. júlí 1990. Er sú bókun birt sem fylgiskjal I með þingsályktunartillögu þessari.

Jafnframt voru á ráðherrafundinum samþykktar breytingar á túlkun á 10., 13., 14. og 16. gr. EFTA-samningsins vegna fríverslunar með fisk. Er þar um að ræða ákvæði um landanir fiskiskipa, stuðningsaðgerðir við sjávarútveg, verðkerfi og stofnsetningu. Fylgir sú samþykkt tillögu þessari sem fylgiskjal II.

Þegar samkomulag hafði náðst um öll framangreind atriði ákvað EFTA-ráðið á fundi sínum 14. júní 1989 í samþykkt nr. 6/1989 að breyta 26. og 38. gr. EFTA-samningsins, að fella niður 27. og 28. gr. og breyta viðauka E við samninginn. Gildistaka þessara breytinga er miðuð við 1. júlí 1990, enda hafi öll aðildarríkin staðfest þær fyrir þann tíma. Takist það ekki taka breytingarnar gildi fyrsta dag annars mánaðar eftir staðfestingu síðasta aðildarríkisins.

Í viðauka E eru ákvæði um fyrrnefndan aðlögunartíma Finnlands og Svíþjóðar svo og um afnám ríkisstyrkja, sem hafa truflandi áhrif á viðskipti, í síðasta lagi fyrir árslok 1993.

Í framhaldi af breytingum sem urðu á tollflokkun vöru við að tekin var upp Samræmda tollskráin (Harmonized System) í stað eldri skrár Alþjóðatollasamvinnuráðsins samþykkti EFTA-ráðið nýlega þá túlkun upprunareglna í lista 2 við viðauka B við EFTA-samninginn, að til þess að vara í tollnúmerum 03.02 til 03.05 teldist upprunnin innan EFTA yrðu allir hlutar vörunnar, sem féllu undir 3. kafla, að vera upprunnir þar. Þessi túlkun kemur til framkvæmda 1. júlí 1990 og gildir fyrst um sinn í tvö ár til reynslu. Þó getur hvert aðildarríkjanna óskað eftir endurskoðun fyrr ef það telur ríka ástæðu til.

Fylgiskjal I.

BÓKUN UM SAMKOMULAG VARÐANDI INNFLUTNING Á VATNAFISKI TIL SVISS EFTIR 1. JÚLÍ 1990

1. Þrátt fyrir ákvæði 26. gr. samningsins eins og þeim hefur verið breytt með ráðssamþykkt 14. júní 1989 er það skilningur samningsaðila að Sviss megi halda núverandi innflutningstollum á vatnafiski úr eftirfarandi köflum í Samræmdu tollskránni.

Tollskrárnúmer	Vörulýsing
úr 03.01 til 03.05	Fiskur, þó ekki fryst flök úr 03.04, annar en sjávarfiskur (saltwater fish), álar og lax

2. Þessi bókun um samkomulag verður tekin til endurskoðunar fyrir 1. janúar 1993, meðal annars í ljósi yfirstandandi viðræðna við Evrópubandalagið.

Fylgiskjal II.

SAMÞYKKT TÚLKUN Á 10., 13., 14. OG 16. GREIN SAMNINGSINS

Ráðherrar, sem gera sér grein fyrir nauðsyn nýrrar túlkunar á sumum ákvæðum samningsins þegar þau eru víkkuð til að ná til fisks og annarra sjávarafurða, hafa *samþykkt* eftirtaldar túlkanir á 10., 13., 14. og 16. greinum samningsins eins og vinnuhópur um fríverslun með fisk hefur lagt til:

10. grein.

Það er skilningur aðila að aðildarríki skuli, frá 1. júlí 1992, veita fiski og öðrum sjávarafurðum, sem landað er úr fiskiskipum annarra aðildarríkja, meðferð sem er ekki

óhagstæðari en sú sem er veitt sams konar afurðum sem landað er úr fiskiskipum þess, varðandi allar reglur og skilmála sem hafa áhrif á sölu þeirra og dreifingu; og að aðildarríki megi neita löndun fisks úr sameiginlegum fiskstofnum sem ekki hefur verið gert samkomulag um skiptingu á eða ekki falla undir viðeigandi eftirlitskerfi einstakra aðildarríkja.

13. grein.

Styrkir til sjávarútvegs falla undir reglur 13. greinar samningsins og samþykktra túlkana á honum, nema annað sé hér tekið fram. (EFTA/C.SR 21/88 og EFTA/CTE 12/88.) Það er skilningur aðila að 21. málsgrein bókunar um túlkanir eigi ekki lengur við.

Minnt er á að markmiðið með reglum um ríkisstyrki er að tryggja að styrkir raski ekki samkeppnisskilyrðum. Bent er á að slík röskun á viðskiptum og samkeppni getur að öðrum kosti valdið óæskilegum skipulagsbreytingum í sjávarútvegi.

a. Eftirtaldar stuðningsaðgerðir í sjávarútvegi eru almennt taldar vera í ósamræmi við samninginn:

- Almennir styrkir sem varða sjávarútveginn í heild og er ekki að fullu beint að skipulagsaðgerðum í samræmi við ákvæðin í málsgrein (d) (ii) í hinni samþykktu túlkun.
- Skattaívilnanir aðrar en þær sem beint vega á móti kostnaðaróhagræði sem augljóslega er tengt sérstökum aðstæðum sem ríkja í sjávarútvegi.
- Félagslegar aðgerðir ef styrkjaþátturinn í slíkum aðgerðum fer fram úr því sem almennt gildir í öðrum greinum, að teknu tilliti til þeirra sérstöku aðstæðna sem ríkja í sjávarútvegi.

b. Eftirtaldir styrkir skulu almennt taldir vera í samræmi við ákvæði 13. greinar samningsins:

- Stuðningsaðgerðir í formi lægsta leyfilega söluverðs við fyrstu sölu fisks á heimamarkaði og kaup á umframmagni sem beitt er til að koma í veg fyrir alvarlega röskun á markaðinum.
- Svæðastyrkir að því leyti sem þeir eru nauðsynlegir til þess að viðhalda fiskveiðum og vinnslu á svæðum sem eru meira en í meðallagi háð slíkum rekstri og þar sem tekjur af sjávarútvegi eru augljóslega undir meðallagi hjá sjávarútvegi í landinu. Slíkir svæðastyrkir skulu ekki gera meira en að bæta upp kostnaðaróhagræði í samanburði við aðra staði þar sem sjávarútvegur er stundaður. Aðildarríki sem koma á eða viðhalda slíkri aðstoð skulu í samræmi við samþykkta túlkun á 13. grein leggja fram nægilegar upplýsingar um svæðaástandið sem leiðir til að slíkri aðstoð er komið á eða henni viðhaldið.

c. Eftirtalin aðstoð er ekki talin samræmanleg samningnum:

- Styrkir í samræmi við málsgrein (d) (vi) í samþykktum túlkunum varðandi sjávarútveg.
- Styrkir í samræmi við málsgrein (d) (viii) í samþykktum túlkunum varðandi fiskveiðar og vinnslu.

Lissabon-samkomulagið varðandi 14. grein.

Við Lissabon-samkomulagið (EFTA/C.SR 38/66) ætti frá 1. júlí 1992 að bæta eftirfarandi texta:

Kerfum sem heimila mismunandi söluverð má ekki beita þannig að viðskiptaaðilum frá öðrum aðildarríkjum sé mismunað.

Bergen-samkomulagið varðandi 16. grein.

Eftirfarandi texti skal koma í stað 30. málsgreinar Bergen-samkomulagsins (EFTA/C.SR 20/66):

Það var samþykkt að hugtakið „framleiðsluaðilar" sem vísað er til í 25. málsgrein (c) að framan skuli skilið þannig að það nái ekki til fiskiskipa og skipa sem búin eru tækjum til að framleiða fiskafurðir.

Ed. 857. Frumvarp til laga [492. mál]

um breytingu á lögum nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

Á eftir 44. gr. laganna komi nýr kafli, VI. kafli, með tólf nýjum greinum. Fyrirsögn kaflans verði **Auglýsingar**. Töluröð annarra kafla og greina breytist samkvæmt því.

a. (45. gr.)

Ákvæði laga þessara og reglugerð á grundvelli þeirra taka til hvers kyns auglýsinga hér á landi og ná m.a., eftir því sem við á, til auglýsinga í sjónvarpi, hljóðvarpi, kvikmyndahúsum, kapalkerfum, tölvum og á myndböndum, í blöðum, tímaritum, bókum og bréfum, á flugritum, miðum, umbúðum, spjöldum, skiltum og í útstillingum.

b. (46. gr.)

Auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi skulu vera á lýtalausri íslensku. Erlendur söngtexti má þó vera hluti auglýsingar.

Aðrar auglýsingar skulu og vera á lýtalausri íslensku. Þegar sérstaklega stendur á má auglýsingatexti þó vera á erlendu máli, t.d. þegar auglýsingum er aðallega beint til útlendinga. Nánar má kveða á um þetta í reglugerð.

c. (47. gr.)

Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum, enda séu upplýsingar þessar til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum.

Auglýsingar mega ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.

d. (48. gr.)

Auglýsingar skulu þannig úr garði gerðar að ekki leiki vafi á að um auglýsingar sé að ræða. Skulu þær skýrt aðgreindar frá öðru efni fjölmiðla.

Auglýsingar í sjónvarpi og hljóðvarpi skulu fluttar í sérstökum auglýsingatímum.

e. (49. gr.)

Auglýsingar skulu miðast við að börn sjái þær og heyri og sérstakrar varúðar skal gætt þegar auglýsingar höfða til barna.

Komi börn fram í auglýsingum skal þess gætt að sýna hvorki né lýsa hættulegu atferli eða atvikum er leitt geti til þess að þau eða önnur börn komist í hættu eða geri það sem óheimilt er.

f. (50. gr.)

Óheimilt er að setja auglýsingar á húsveggi eða önnur mannvirki án leyfis eigenda eða annarra réttra aðila.

g. (51. gr.)

Ráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara varðandi auglýsingar í reglugerð er byggist m.a. á siðareglum Alþjóðaverslunarráðsins um auglýsingastarfsemi.

h. (52. gr.)
Ábyrgðin á því að ákvæðin í lögum þessum og reglugerð á grundvelli þeirra séu haldin hvílir á auglýsanda, semjanda auglýsingar eða auglýsingastofu og útgefanda, eiganda fjölmiðils eða öðrum birtingaraðila.

i. (53. gr.)
Ráðherra skal skipa til fjögurra ára í senn fimm menn og jafnmarga varamenn í auglýsinganefnd. Formann nefndarinnar, er vera skal lögfræðingur, skipar ráðherra án tilnefningar, svo og einn mann með sérþekkingu á sviði fjölmiðlunar, en að öðru leyti skulu nefndarmenn skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra auglýsingastofa, Verslunarráðs Íslands og Neytendasamtakanna. Sami háttur skal hafður á um skipun varamanna. Auglýsinganefnd skal tryggja að ákvæðum laga þessara sé framfylgt og hefur nefndin eftir atvikum nauðsynlegt frumkvæði í því skyni.
Nánari ákvæði um hlutverk auglýsinganefndar, starfshætti hennar, kærurétt, upplýsingaskyldu aðila og úrræði til að knýja á um lausn mála skulu sett í reglugerð.

j. (54. gr.)
Brot á ákvæðum laga þessara má kæra til auglýsinganefndar, en einnig getur nefndin tekið mál upp af sjálfsdáðum.
Verðlagsstofnun tekur við kærum til auglýsinganefndar og annast daglegan rekstur vegna starfs nefndarinnar.

k. (55. gr.)
Telji formaður auglýsinganefndar eða starfandi formaður hennar að auglýsing sé ekki í samræmi við ákvæði laga þessara getur hann bannað hana til bráðabirgða. Skal bannið gilda þar til auglýsinganefnd kann að hnekkja því en fellur þó niður eftir viku hafi nefndin ekki tekið afstöðu. Bannið skal vera skriflegt og rökstutt. Skal það tilkynnt auglýsanda, svo og auglýsingastofu og fjölmiðli allt eftir því sem við á. Birting auglýsingar í andstöðu við bann varðar ábyrgð.
Á sama hátt getur auglýsinganefnd lagt bann við auglýsingu er hún telur andstæða lögum þessum. Banni nefndarinnar má fylgja ákvörðun um févíti sem komi til framkvæmda ef bannið er brotið. Hámark févítis skal vera ein milljón króna og má breyta því í samræmi við breytingar á lánskjaravísitölu. Févíti má innheimta með lögtaki. Verk, sem felur í sér brot á banni að viðlögðu févíti, varðar ekki refsingu eftir lögum þessum.
Ákvörðun um bann má fella niður ef ástæða þykir til, t.d. vegna nýrra upplýsinga sem þykja skipta máli.
Eftir atvikum má krefjast þess að auglýsandi sendi út leiðréttingar eða viðbótarskýringar.
Nefndin getur lokið máli með sátt ef ástæða þykir til.

l. (56. gr.)
6 Children must not be used formally to present products or services which they could not be expected to buy themselves, nor must they make in relation to any product or service, significant comments on characteristics on which they cannot be expected to have direct knowledge.

Testimonials

7 Children must not be used to give formalised personal testimony. This will not, however, normally preclude children giving spontaneous comments on matters in which they would have an obvious natural interest.

Sþ. 858. Tillaga til þingsályktunar [493. mál]

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt nr. 122 um stefnu í atvinnumálum.

(Lögð fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 122 um stefnu í atvinnumálum sem gerð var á 48. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf 9. júlí 1964.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Á 75. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO), sem haldið var árið 1988, var þess minnst að 40 ár voru liðin frá afgreiðslu samþykktar nr. 87 um félagafrelsi og verndun þess. Við þetta tækifæri var einnig minnst 40 ára afmælis Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna. Við þessi tímamót gerði forstjóri ILO stöðu og þróun mannréttinda í heiminum að umtalsefni í ársskýrslu sinni til Alþjóðavinnumálaþingsins. Í skýrslunni er fjallað um helstu samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á sviði mannréttinda, hvernig framkvæmd þeirra hafi gengið og hvernig stuðla megi að því að fleiri aðildarríki fullgildi þær og gefi þeim þar með meira vægi. Þær samþykktir, sem hér um ræðir, eru eins og áður sagði samþykkt nr. 87 (1948), en auk þess samþykkt nr. 98 um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega (1949), nr. 100 um jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf (1951), nr. 111 um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs og nr. 122 um stefnu í atvinnumálum (1964). Í skýrslu forstjóra og á þinginu komu fram eindregin tilmæli til þeirra aðildarríkja sem ekki hafa fullgilt framangreindar samþykktir að gera það sem allra fyrst. Af þessum samþykktum hefur Ísland fullgilt allar nema samþykkt nr. 122 sem hér með er leitað eftir heimild til að fullgilda.

Þess skal getið að markmið samþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er að setja reglur um afmörkuð svið vinnumála, félagsmála eða mannréttinda. Með fullgildingu axlar aðildarríki tvíþætta skyldu. Annars vegar að vinna að framkvæmd ákvæða hlutaðeigandi samþykktar og hins vegar að samþykkja að haft sé alþjóðlegt eftirlit með framkvæmdinni. Samkvæmt 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skal aðildarríki senda alþjóðavinnumálaskrifstofunni reglulega skýrslu um aðgerðir sem það hefur gripið til í því skyni að hrinda í framkvæmd ákvæðum samþykktarinnar. Samkvæmt gildandi reglum skal taka þessar skýrslur saman annað hvert ár og senda alþjóðavinnumálaskrifstofunni. Sérfræðinganefnd á hennar vegum fer yfir skýrslur aðildarríkjanna og birtir niðurstöðu sína í árlegri skýrslu sem er til umfjöllunar í einni af fastanefndum Alþjóðavinnumálaþingsins. Frá því að Ísland gerðist aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar árið 1945 hefur félagsmálaráðuneytið borið ábyrgð á samningu skýrslna um framkvæmd samþykkta sem Ísland hefur fullgilt.

Aðdragandann að afgreiðslu 48. Alþjóðavinnumálaþingsins á samþykkt nr. 122 um stefnu í atvinnumálum má rekja til ársins 1961. Á 45. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar var samþykkt einróma ályktunartillaga sem m.a. fól í sér eindregin tilmæli til stjórnarnefndar ILO að leggja áherslu á að taka stefnu í atvinnumálum sem allra fyrst á dagskrá Alþjóðavinnumálaþingsins og ekki síðar en árið 1963. Markmiðið væri að afgreiða viðeigandi gerð sem stuðlaði að auknu framboði atvinnu eftir leiðum sem bent var á í tillögunni. Stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar samþykkti á 152. fundi sínum í júní 1962 að boða til

undirbúningsfundar um þetta málefni. Fundurinn var haldinn 30. september til 16. október 1963. Á fundi stjórnarnefndar í nóvember það ár var samþykkt að taka stefnu í atvinnumálum til umræðu á 48. þinginu 1964 með það að markmiði að afgreiða viðeigandi gerð um þetta málefni.

Áðurnefndur undirbúningsfundur, sem haldinn var haustið 1963, afgreiddi drög að alþjóðasamþykkt og tillögu sem lögð voru til grundvallar umræðum á Alþjóðavinnumálaþinginu sumarið 1964. Þingnefnd, sem fjallaði um drögin, varði þremur fundum í að ræða hvort stefnt skyldi að afgreiðslu alþjóðasamþykktar eða ekki. Að afloknum umræðum um þetta atriði var gengið til atkvæða. Atkvæði féllu þannig að samþykkt var með 36.678 vegnum atkvæðum[1]) að stefnt skyldi að afgreiðslu alþjóðasamþykktar, 31.530 voru á móti og 2.016 sátu hjá. Af þessu sést að nokkuð skorti á fulla samstöðu með þingfulltrúum um afstöðuna til þessa atriðis.

Flestir, sem tóku afstöðu gegn því að stefnt skyldi að afgreiðslu alþjóðasamþykktar, lýstu yfir þörf á mikilli framleiðni og frjálsu vali starfs. Af ýmsum ástæðum töldu þeir að þessari þörf yrði ekki fullnægt með afgreiðslu alþjóðasamþykktar um þetta málefni. Þessir fulltrúar bentu á að atvinnumál væru viðamikill málaflokkur þar sem stefnumörkun væri erfið vegna margra óvissuþátta. Í alþjóðasamþykkt um þetta efni gæti í besta falli falist viljayfirlýsing um markmið sem stefnt væri að á þessu sviði. Af þessari ástæðu yrði erfitt fyrir alþjóðavinnumálaskrifstofuna að hafa með því eftirlit hvort aðildarríki hugsanlegrar samþykktar stæðu við þær skuldbindingar sem þau gengjust undir með fullgildingu. Einnig var vakin á því athygli að atvinnuástandið í mörgum þróunarlöndum væri með þeim hætti að fullgilding af þeirra hálfu væri nánast marklaus og mundi vekja tálvonir meðal íbúa þessara landa.

Talsmenn þess að Alþjóðavinnumálaþingið afgreiddi alþjóðasamþykkt bentu á máli sínu til stuðnings að öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna, svo og ríki sem hefðu tekið undir Mannréttindayfirlýsingu samtakanna, viðurkenndu rétt manna til launavinnu þeim og fjölskyldum þeirra til framfærslu. Lögð væri áhersla á þennan rétt í Fíladelfíuyfirlýsingu Alþjóðavinnumálaþingsins árið 1944 um hlutverk og markmið Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Alþjóðasamþykkt um stefnu í atvinnumálum gæti orðið grundvöllur þróunaráratugar Sameinuðu þjóðanna. Með slíkri samþykkt yrði lögð áhersla á mikilvægi þess að nýta þá auðlind sem felst í vinnuframlagi fólks. Af hálfu þessara aðila var viðurkennt að samþykkt um þetta efni mundi einungis fela í sér viljayfirlýsingu en ekki nákvæmlega skilgreindar skuldbindingar. Ekki væri hætta á að þetta mundi grafa undan áliti á alþjóðasamþykktum ILO. Hitt yrði þvert á móti tilefni til gagnrýni ef Alþjóðavinnumálastofnunin léti hjá líða að afgreiða alþjóðasamþykkt þar sem lýst væri yfir lágmarksmarkmiðum í atvinnumálum.

Niðurstaða 48. Alþjóðavinnumálaþingsins varð sú að afgreiða stutta alþjóðasamþykkt sem felur í sér að aðildarríki lýsi m.a. yfir því sem meginmarkmiði að framfylgja stefnu er miði að því að veita öllum næga arðbæra atvinnu eftir frjálsu vali, sbr. fylgiskjal I. Auk samþykktarinnar afgreiddi vinnumálaþingið ítarlega tillögu nr. 122, um stefnu í atvinnumálum. Í henni er bent á ýmsar leiðir til að ná markmiðum samþykktarinnar. Hún er birt sem fylgiskjal II með þessari þingsályktunartillögu.

1. Setu- og atkvæðisrétt á Alþjóðavinnumálaþinginu eiga fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. Í því skyni að jafna áhrif þessara þriggja hópa eru greidd atkvæði margfölduð með ákveðnum stuðli sem tekur mið af fjölda fulltrúa hvers hóps um sig á þinginu eða í hlutaðeigandi þingnefnd. Af þessari ástæðu virðast atkvæðatölur vera í litlu samræmi við fjölda fulltrúa.

Þess skal getið að 70. Alþjóðavinnumálaþingið, sem haldið var 1984, afgreiddi tillögu um stefnu í atvinnumálum. Á þessa tillögu, nr. 169, ber að líta sem endurskoðun og viðauka við tillögu nr. 122 frá 1964. Í nýju tillögunni eru áherslur nokkuð aðrar en í þeirri eldri. Benda má á ákvæði um aukna áherslu á starfsmenntun starfsfólks vegna nýrrar tækni. Þótt tillagan sé birt í skýrslu félagsmálaráðuneytisins um 70. Alþjóðavinnumálaþingið sem kom út árið 1985 er hún birt til hægðarauka sem fylgiskjal III.

Eins og kemur fram hér að framan felur fullgilding samþykktarinnar í sér þá skuldbindingu að stjórnvöld lýsi m.a. yfir því að þau fylgi stefnu sem miði að því að veita öllum næga, arðbæra atvinnu eftir frjálsu vali. Af þessu leiðir að ekki er nauðsynlegt að fylgja fullgildingu eftir með sérstakri lagasetningu. Yfirlýsing stjórnvalda í samræmi við markmið samþykktarinnar nægir til að standa við þær skuldbindingar sem leiðir af fullgildingu. Í þessu sambandi má minna á að það hefur verið grundvallarmarkmið í stefnu allra ríkisstjórna lýðveldisins Íslands í atvinnu- og efnahagsmálum að viðhalda fullri atvinnu. Þetta hefur komið fram í samstarfssamningum eða stjórnarsáttmálum þeirra stjórnmálaflokka sem hafa staðið að ríkisstjórnum á Íslandi.

Leitað hefur verið álits þriggja aðila á því hvort fullgilda eigi alþjóðasamþykkt nr. 122. Þeir eru: Alþýðusamband Íslands, Vinnumálasamband samvinnufélaganna og Vinnuveitendasamband Íslands. ASÍ mælir eindregið með því að ríkisstjórninni verði heimiluð fullgilding. Vinnumálasambandið og VSÍ leggjast ekki gegn fullgildingu.

Alþjóðasamþykkt nr. 122 um stefnu í atvinnumálum er meðal þeirra sem flest aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hafa fullgilt. Hinn 1. janúar 1989 höfðu eftirtalin 72 ríki fullgilt samþykktina: Alsír, Austurríki, Ástralía, Barbados, Belgía, Bólivía, Brasilía, Danmörk, Djíbútí, Ekvador, Filippseyjar, Finnland, Frakkland, Gínea, Grikkland, Gvatemala, Holland, Hondúras, Hvíta-Rússland, Írak, Íran, Írland, Ísrael, Ítalía, Jamaíka, Japan, Jórdan, Júgóslavía, Kamerún, Kampútsea, Kanada, Kípur, Kómoreyjar, Kostaríka, Kúba, Líbanon, Líbía, Madagaskar, Marokkó, Máritanía, Mongólía, Nýja-Sjáland, Noregur, Panama, Papúa Nýja-Gínea, Paragvæ, Perú, Pólland, Portúgal, Rúmenía, Sambía, Senegal, Síle, Sovétríkin, Spánn, Stóra-Bretland, Súdan, Súrínam, Svíþjóð, Tékkóslóvakía, Túnis, Tyrkland, Tæland, Ungverjaland, Úganda, Úkraína, Úrúgvæ, Venesúela, Víetnam, Þýska alþýðulýðveldið og Þýska sambandslýðveldið.

Fylgiskjal I.

Samþykkt nr. 122, um stefnu í atvinnumálum.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, saman komið til 48. þingsetu sinnar í Genf hinn 17. dag júnímánaðar 1964, samkvæmt kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, vísar til þess að Fíladelfíuyfirlýsingin viðurkennir þá hátíðlegu skyldu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að efla starfsemi þá og viðleitni meðal

Convention no. 122. Concerning Employment Policy

The General Conference of the International Labour Organisation,

Having been convened at Geneva by the Governing Body of the International Labour Office, and having met in its Forty-eighth Session on 17 June 1964, and

Considering that the Declaration of Philadelphia recognises the solemn obligation of

þjóða heimsins sem miðar að því að tryggja öllum næga atvinnu og bæta lífskjör fólks. Þá vísar þingið til þess að inngangur að stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar felur í sér ákvæði sem ganga í þá átt að komið verði í veg fyrir atvinnuleysi og að tryggð verði laun til hæfilegrar lífsafkomu.

Þá vísar þingið til þess að samkvæmt ákvæðum Fíladelfíuyfirlýsingarinnar er það eitt af verkefnum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að rannsaka og íhuga hver áhrif stefnan í efnahags- og fjármálum hefur á stefnuna í atvinnumálum, í ljósi þess grundvallarmarkmiðs að „allir menn, án tillits til kynþáttar, trúar eða kyns, eiga rétt til þess að efla efnahagslega velmegun sína og andlegan þroska við aðstæður frelsis og virðingar, efnahagslegs öryggis og jafnra tækifæra til handa öllum".

Þingið vísar enn fremur til þess að alþjóðlega mannréttindayfirlýsingin kveður svo á að „allir menn skuli eiga rétt á að stunda vinnu, til að ráða því hvaða starf þeir taka sér fyrir hendur, að þeir skuli eiga rétt á að starfa við réttlátar og hagstæðar aðstæður og að þeir eigi rétt á vernd gegn atvinnuleysi".

Þingið bendir á að ákvæði gildandi samþykkta og tillagna Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hafa bein áhrif á stefnu í atvinnumálum, sérstaklega ákvæði Samþykktar og Tillögu um vinnumiðlun frá 1948, Tillögu um starfsfræðslu frá 1949, Tillögu um iðnfræðslu frá 1962 og Samþykktar og Tillögu frá 1958 varðandi mismunun í atvinnu og starfi.

Lítur þingið svo á að þessar samþykktir og tillögur eigi að nýta sem lið í umfangsmeiri alþjóðlegri áætlun um aukinn hagvöxt á grundvelli nægrar og arðbærrar atvinnu, eftir frjálsu vali.

Því hefur þingið samþykkt ákveðnar tillögur varðandi stefnu í atvinnumálum, en tillögur þessar voru 8. mál á dagskrá þingsins, og þar eð þingið hefur jafnframt ákveðið að

the International Labour Organisation to further among the nations of the world programmes which will achieve full employment and the raising of standards of living, and that the Preamble to the Constitution of the International Labour Organisation provides for the prevention of unemployment and the provision of an adequate living wage, and

Considering further that under the terms of the Declaration of Philadelphia it is the responsibility of the International Labour Organisation to examine and consider the bearing of economic and financial policies upon employment policy in the light of the fundamental objective that "all human beings, irrespective of race, creed or sex, have the right to pursue both their material well-being and the spiritual development in conditions of freedom and dignity, of economic security and equal opportunity", and

Considering that the Universal Declaration of Human Rights provides that "everyone has the right to work, to free choice of employment, to just and favourable conditions of work and to protection against unemployment", and

Noting the terms of existing international labour Conventions and Recommendations of direct relevance to employment policy, and in particular of the Employment Service Convention and Recommendation, 1948, the Vocational Guidance Recommendation, 1949, the Vocational Training Recommendation, 1962, and the Discrimination (Employment and Occupation) Convention and Recommendation, 1958, and

Considering that these instruments should be placed in the wider framework of an international programme for economic expansion on the basis of full, productive and freely chosen employment, and

Having decided upon the adoption of certain proposals with regard to employment policy, which are included in the eighth item on the agenda of the session, and

tillögur þessar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar gerir þingið í dag, hinn 9. júlí 1964, eftirfarandi samþykkt sem nefnist Samþykkt um stefnu í atvinnumálum, 1964:

1. gr.

1. Í þeim tilgangi að efla hagvöxt og efnahagsþróun, bæta lífskjör, uppfylla þörfina fyrir vinnuafl og vinna bug á þeim vandamálum, sem stafa af atvinnuleysi og of lítilli atvinnu, skal sérhvert aðildarríki lýsa því yfir sem meginmarkmiði að framfylgja virkri stefnu er miði að því að veita öllum næga arðbæra atvinnu eftir frjálsu vali.

2. Fyrrgreind stefna skal miða að því að tryggja –

a. atvinnu handa öllum þeim, sem eftir vinnu leita,
b. að slík atvinna sé eins arðbær og mögulegt er,
c. frelsi í vinnuvali og jafnframt að sérhver starfsmaður hafi sem víðtækust tækifæri til þess að afla sér þjálfunar og sérmenntunar og til þess að nota hæfni sína og gáfur við þau störf sem honum henta vel, án tillits til kynþáttar, litarháttar, kyns, trúar, stjórnmálaskoðunar og þjóðernislegs eða félagslegs uppruna.

3. Fyrrgreind stefna skal miðast við það stig efnahagsþróunar sem fyrir hendi er og það gagnkvæma samband er ríkir milli stefnunnar í atvinnumálum, annars vegar, og stefnunnar í efnahags- og félagsmálum, hins vegar. Einnig skal framkvæmd hennar hagað á þann veg að slíkt samræmist aðstæðum og venjum í hverju einstöku landi.

2. gr.

Sérhvert aðildarríki skal, á þann hátt og að því marki sem samræmist aðstæðum þeim er fyrir hendi eru –

a. ákveða, innan takmarka samræmdrar stefnu á sviði efnahags- og félagsmála, hvaða ráðstafanir skuli gera til að ná því markmiði sem tilgreint er í 1. gr., og skulu þær ráðstafanir endurskoðaðar öðru hverju;

Having determined that these proposals shall take the form of an international Convention,

adopts this ninth day of July of the year one thousand nine hundred and sixty-four the following Convention, which may be cited as the Employment Policy Convention, 1964.

Article 1

1. With a view to stimulating economic growth and development, raising levels of living, meeting manpower requirements and overcoming unemployment and underemployment, each Member shall declare and pursue, as a major goal, an active policy designed to promote full, productive and freely chosen employment.

2. The said policy shall aim at ensuring that –

(a) there is work for all who are available for and seeking work;
(b) such work is as productive as possible;
(c) there is freedom of choice of employment and the fullest possible opportunity for each worker to qualify for, and to use his skills and endowments in, a job for which he is well suited, irrespective of race, colour, sex, religion, political opinion, national extraction or social origin.

3. The said policy shall take due account of the stage and level of economic development and the mutual relationships between employment objectives and other economic and social objectives, and shall be pursued by methods that are appropriate to national conditions and practices.

Article 2

Each Member shall, by such methods and to such extent as may be appropriate under national conditions–

(a) decide on and keep under review, within the framework of a co-ordinated economic and social policy, the measures to be adopted for attaining the objectives specified in Article 1;

b. grípa til þeirra úrræða, sem þörf er á, til að hrinda slíkum ráðstöfunum í framkvæmd, þar með talin gerð áætlana, þegar slíkt þykir við eiga.

3. gr.

Við framkvæmd ákvæða þessarar samþykktar skal haft samráð við fulltrúa þeirra sem þau varða og einkum skal haft samráð við fulltrúa atvinnurekenda og launafólks varðandi stefnuna í atvinnumálum í því skyni að taka fullt tillit til reynslu þeirra og skoðana og til þess að tryggja fullkomna samvinnu þeirra í mótun slíkrar stefnu og þeirri viðleitni að vinna henni fylgi.

4. gr.

Formlegar fullgildingar á þessari samþykkt skulu sendar forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

5. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem hafa látið forstjórann skrá fullgildingar sínar.

2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.

3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

6. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Sérhvert aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar sem

(b) take such steps as may be needed, including when appropriate the establishment of programmes, for the application of these measures.

Article 3

In the application of this Convention, representatives of the persons affected by the measures to be taken, and in particular representatives of employers and workers, shall be consulted concerning employment policies, with a view to taking fully into account their experience and views and securing their full co-operation in formulating and enlisting support for such policies.

Article 4

The formal ratifications of this Convention shall be communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration.

Article 5

1. This Convention shall be binding only upon those Members of the International Labour Organisation whose ratifications have been registered with the Director-General.

2. It shall come into force twelve months after the date on which the ratifications of two Members have been registered with the Director-General.

3. Thereafter, this Convention shall come into force for any Member twelve months after the date on which its ratification has been registered.

Article 6

1. A. Member which has ratified this Convention may denounce it after the expiration of ten years from the date on which the Convention first comes into force, by an act communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration. Such denunciation shall not take effect until one year after the date on which it is registered.

2. Each Member which has ratified this Convention and which does not, within the year following the expiration of the period of ten years mentioned in the preceding para-

kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, en síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

graph, exercise the right of denunciation provided for in this Article, will be bound for another period of ten years and, thereafter, may denounce this Convention at the expiration of each period of ten years under the terms provided for in this Article.

7. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

Article 7

1. The Director-General of the International Labour Office shall notify all Members of the International Labour Organisation of the registration of all ratifications and denunciations communicated to him by the Members of the Organisation.

2. When notifying the Members of the Organisation of the registration of the second ratification communicated to him, the Director-General shall draw the attention of the Members of the Organisation to the date upon which the Convention will come into force.

8. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar, samkvæmt 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

Article 8

The Director-General of the International Labour Office shall communicate to the Secretary-General of the United Nations for registration in accordance with article 102 of the Charter of the United Nations full particulars of all ratifications and acts of denunciation registered by him in accordance with the provisions of the preceding Articles.

9. gr.

Þegar stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

Article 9

At such times as it may consider necessary the Governing Body of the International Labour Office shall present to the General Conference a report on the working of this Convention and shall examine the desirability of placing on the agenda of the Conference the question of its revision in whole or in part.

10. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt sem breytir þessari samþykkt að öllu eða nokkru leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir um á annan veg skal:

a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt *ipso jure* hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, þrátt

Article 10

1. Should the Conference adopt a new Convention revising this Convention in whole or in part, then, unless the new Convention otherwise provides-

(a) the ratification by a Member of the new revising Convention shall *ipso jure* involve the immediate denunciation of this

fyrir ákvæði 6. gr. hér að framan, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma þegar það gerist;

b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt hefur öðlast gildi.

2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu hvað snertir form og efni í þeim aðildarríkjum sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

10. gr.

Enskur og franskur texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Convention, notwithstanding the provisions of Article 6 above, if and when the new revising Convention shall have come into force:

(b) as from the date when the new revising Convention comes into force this Convention shall cease to be open to ratification by the Members.

2. This Convention shall in any case remain in force in its actual form and contents for those Members which have ratified it but have not ratified the revising Convention.

Article 11

The English and French versions of the text of this Convention are equally authoritative.

Fylgiskjal II.

Tillaga nr. 122, um stefnu í atvinnumálum.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, saman komið til 48. þingsetu sinnar í Genf hinn 17. dag júnímánaðar 1964, samkvæmt kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, vísar til þess að Fíladelfíuyfirlýsingin viðurkennir þá ótvíræðu skyldu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að efla starfsemi þá og viðleitni meðal þjóða heimsins sem miðar að því að tryggja öllum mönnum næga atvinnu og bæta lífskjör fólks. Þá vísar þingið og til þess að inngangur að stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar felur í sér ákvæði sem ganga í þá átt að komið verði í veg fyrir atvinnuleysi og að tryggð verði laun til hæfilegrar lífsafkomu.

Þá vísar þingið til þess að samkvæmt ákvæðum Fíladelfíuyfirlýsingarinnar er það eitt af verkefnum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að rannsaka og íhuga hver áhrif stefna í efnahags- og fjármálum hefur á stefnu í atvinnumálum í ljósi þess grundvallarmarkmiðs að „allir menn, án tillits til kynþáttar, trúar eða kyns, eiga rétt til þess að efla

RECOMMENDATION No 122
Concerning Employment Policy

The General Conference of the International Labour Organisation,

Having been convened at Geneva by the Governing Body of the International Labour Office, and having met in its Forty-eighth Session on 17 June 1964, and

Considering that the Declaration of Philadelphia recognises the solemn obligation of the International Labour Organisation to further among the nations of the world programmes which will achieve full employment and the raising of standards of living, and the Preamble to the Constitution of the International Labour Organisation provides for the prevention of unemployment and the provision of an adequate living wage, and

Considering further that under the terms of the Declaration of Philadelphia it is the responsibility of the International Labour Organisation to examine and consider the bearing of economic and financial policies upon employment policy in the light of the fundamental objective that "all human beings, irrespective of race, creed or sex,

efnahagslega velmegun sína og andlegan þroska við aðstæður frelsis og virðingar, efnahagslegs öryggis og jafnra tækifæri til handa öllum".

Enn fremur vísar þingið til þess að alþjóðlega mannréttindayfirlýsingin kveður svo á að „allir menn skuli eiga rétt á að stunda vinnu, til að ráða því hvaða starf þeir taka sér fyrir hendur, að þeir skuli eiga rétt á að starfa við réttlátar og hagstæðar aðstæður og að þeir eigi rétt á vernd gegn atvinnuleysi."

Þingið bendir á að ákvæði gildandi samþykkta og tillagna Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hafa bein áhrif á stefnu í atvinnumálum, sérstaklega ákvæði Samþykktar og Tillögu um vinnumiðlun frá 1948, Tillögu um starfsfræðslu frá 1949, Tillögu um iðnfræðslu frá 1962 og Samþykktar og Tillögu frá 1958 varðandi mismunun í atvinnu og starfi.

Lítur þingið svo á að þessar samþykktir og tillögur ætti að nýta sem lið í umfangsmeiri alþjóðlegri áætlun um aukinn hagvöxt á grundvelli nægrar og arðbærrar atvinnu, eftir frjálsu vali.

Því hefur þingið ákveðið að fallast á tilteknar ábendingar varðandi stefnu í atvinnumálum, sem er 8. mál á dagskrá þingsins, og þar eð þingið hefur jafnframt ákveðið að þessar ábendingar skuli færðar í form tillögu samþykkir þingið í dag, hinn 9. júlí 1964, eftirfarandi tillögu sem nefnist Tillaga um stefnu í atvinnumálum, 1964:

I. Markmið stefnunnar í atvinnumálum.

1.(1) Í þeim tilgangi að efla hagvöxt og efnahagsþróun, bæta lífskjör, uppfylla þörfina fyrir vinnuafl og vinna bug á þeim vandamálum, sem stafa af atvinnuleysi og of lítilli atvinnu, ætti sérhvert aðildarríki að lýsa því yfir sem meginmarkmiði að framfylgja virkri stefnu er miði að því að veita öllum næga arðbæra atvinnu eftir frjálsu vali.

have the right to pursue both their material well-being and their spiritual development in conditions of freedom and dignity, of economic security and equal opportunity", and

Considering that the Universal Declaration of Human Rights provides that "everyone has the right to work, to free choice of employment, to just and favourable conditions of work and to protection against unemployment", and

Noting the terms of existing international labour Conventions and Recommendations of direct relevance to employment policy, and in particular of the Employment Service Convention and Recommendation, 1948, the Vocational Guidance Recommendation, 1949, the Vocational Training Recommendation, 1962, and the Discrimination (Employment and Occupation) Convention and Recommendation, 1958, and

Considering that these instruments should be placed in the wider framework of an international programme for economic expansion on the basis of full, productive and freely chosen employment, and

Having decided upon the adoption of certain proposals with regard to employment policy, which are included in the eighth item on the agenda of the session, and

Having determined that these proposals shall take the form of a Recommendation,

adopts this ninth day of July of the year one thousand nine hundred and sixty-four the following Recommendation, which may be cited as the Employment Policy Recommendation, 1964:

I. OBJECTIVE OF EMPLOYMENT POLICY

1. (1) With a view to stimulating economic growth and development, raising levels of living, meeting manpower requirements and overcoming unemployment and underemployment, each Member should declare and pursue, as a major goal, an active policy designed to promote full, productive and freely chosen employment.

(2) Fyrrgreind stefna ætti að miða að því að tryggja

a. atvinnu handa öllum þeim, sem eftir henni leita,
b. að slík atvinna sé eins arðbær og mögulegt er,
c. frelsi í vinnuvali og jafnframt að sérhver starfsmaður hafi sem víðtækust tækifæri til þess að afla sér þjálfunar og sérmenntunar og til þess að nota hæfni sína og gáfur við þau störf sem honum henta vel, án tillits til kynþáttar, litarháttar, kyns, trúar, stjórnmálaskoðunar og þjóðernislegs eða félagslegs uppruna.

(3) Fyrrgreind stefna ætti að miðast við það stig efnahagsþróunar sem fyrir hendi er og það gagnkvæma samband er ríkir milli stefnunnar í atvinnumálum, annars vegar, og stefnunnar í efnahags- og félagsmálum, hins vegar. Einnig ætti að haga framkvæmd hennar á þann veg sem samræmist aðstæðum og venjum í hverju einstöku landi.

II. Almennar meginreglur stefnunnar í atvinnumálum.

2. Markmið stefnunnar í atvinnumálum ætti að skilgreina á skýran og augljósan hátt, og þá skilgreiningu ætti að birta öllum almenningi. Hvenær sem unnt er ætti slíkt að gera á þann hátt að getið sé um það magn og þær stærðir sem miðað er að að ná í hagvexti og atvinnuháttum.

3. Þegar tekin er ákvörðun um þá stefnu, sem fylgt skal um þróun og nýtingu vinnuafls, ætti að hafa samráð við fulltrúa atvinnurekenda og launafólks og samtök þeirra, og leita ætti eftir samvinnu við þá um framkvæmd slíkrar stefnu, í samræmi við anda Tillögu um samráð og samvinnu innan atvinnuveganna frá 1960.

4.(1) Stefnan í atvinnumálum ætti að byggjast á nákvæmum athugunum á stærð og dreifingu vinnuaflsins, svo og á umfangi og dreifingu atvinnunnar, atvinnuleysis og of lítillar atvinnu, bæði nú og í framtíðinni.

(2) Veita ætti nægileg úrráð til söfnunar tölfræðilegra heimilda, undirbúnings rannsókna og dreifingar á niðurstöðum þeirra.

(2) The said policy should aim at ensuring that –

(a) there is work for all who are available for and seeking work;
(b) such work is as productive as possible;

(c) there is freedom of choice of employment and the fullest possible opportunity for each worker to qualify for, and to use his skills and endowments in, a job for which he is well suited, irrespective of race, colour, sex, religion, political opinion, national extraction or social origin.

(3) The said policy should take due account of the stage and level of economic development and the mutual relationships between employment objectives and other economic and social objectives, and should be pursued by methods that are appropriate to national conditions and practice.

II. GENERAL PRINCIPLES OF EMPLOYMENT POLICY

2. The aims of employment policy should be clearly and publicly defined, wherever possible in the form of quantitative targets for economic growth and employment.

3. Representatives of employers and workers and their organisations should be consulted in formulating policies for the development and use of human capacities, and their co-operation should be sought in the implementation of such policies, in the spirit of the Consultation (Industrial and National Levels) Recommendation, 1960.

4. (1) Employment policy should be based on analytical studies of the present and future size and distribution of the labour force, employment, unemployment and underemployment.

(2) Adequate resources should be devoted to the collection of statistical data, to the preparation of analytical studies and to the distribution of the results.

5.(1) Sérhvert aðildarríki ætti að viðurkenna mikilvægi þess að efla framleiðsluþættina og fullnýta vinnuaflið, til dæmis fyrir tilstilli aukinnar menntunar, starfsfræðslu og starfsþjálfunar, heilbrigðisþjónustu og byggingar íbúða, og ætti það jafnframt að leitast við að koma á og viðhalda hæfilegu jafnvægi í fjárveitingum til slíkra framkvæmda.

(2) Sérhvert aðildarríki ætti að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að aðstoða launafólk, þar með talið ungt fólk og aðrir sem nýlega hafa hafið störf, til þess að finna sér hæfilegt og arðbært starf og að laga sig að breytilegum þörfum efnahagslífsins.

(3) Við framkvæmd ákvæða þessarar greinar ætti að taka sérstakt tillit til ákvæða Tillögu um starfsfræðslu frá 1949, Tillögu um iðnfræðslu frá 1962 og Samþykktar og Tillögu um vinnumiðlun frá 1948.

6.(1) Stefnuna í atvinnumálum ætti að framkvæma í samræmi við og innan þeirra takmarka sem allsherjarstefna í efnahags- og félagsmálum segir til um, þar með talin áætlanagerð á sviði efnahagsmála, í þeim löndum þar sem hún tíðkast.

(2) Sérhvert aðildarríki ætti, í samráði við og með því að taka fullt tillit til sjálfsforræðis og ábyrgðar atvinnurekenda og launafólks og samtaka þeirra á sumum þeim landsvæðum sem hlut eiga að máli, að rannsaka sambandið milli ráðstafana á sviði stefnunnar í atvinnumálum og annarra meiri háttar ákvarðana á sviði stefnunnar í efnahags- og félagsmálum í því augnamiði að þar geti verið um gagnkvæman stuðning að ræða.

7.(1) Nú vill svo til að einstaklingar bjóða sig fram og leita eftir vinnu sem ekki er búist við að unnt verði að sjá þeim fyrir innan hæfilegs tíma, og ætti þá ríkisstjórnin að rannsaka og gera grein fyrir því með opinberri yfirlýsingu hvernig hún hyggst fullnægja þörfum þeirra fyrir vinnu.

(2) Sérhvert aðildarríki ætti, að svo miklu leyti sem aðgengilegar auðlindir þess og efnahagsþróun leyfa og með tilliti til alþjóðlegra staðla á sviði félagslegs öryggis og þeirra ákvæða sem felast í 5. gr. þessarar tillögu, að grípa til ráðstafana til þess að veita þeim

5. (1) Each Member should recognise the importance of building up the means of production and developing human capacities fully, for example through education, vocational guidance and training, health services and housing, and should seek and maintain an appropriate balance in expenditure for these different purposes.

(2) Each Member should take the necessary measures to assist workers, including young people and other new entrants to the labour force, in finding suitable and productive employment and in adapting themselves to the changing needs of the economy.

(3) In the application of this Paragraph particular account should be taken of the Vocational Guidance Recommendation, 1949, the Vocational Training Recommendation 1962, and the Employment Service Convention and Recommendation, 1948.

6. (1) Employment policy should be coordinated with, and carried out within the framework of, overall economic and social policy, including economic planning or programming in countries where these are used as instruments of policy.

(2) Each Member should, in consultation with and having regard to the autonomy and responsibility in certain of the areas concerned of employers and workers and their organisations, examine the relationship between measures of employment policy and other major decisions in the sphere of economic and social policy, with a view to making them mutually reinforcing.

7 (1) Where there are persons available for and seeking work for whom work is not expected to be available in a reasonably short time, the government should examine and explain in a public statement how their needs will be met.

(2) Each Member should, to the fullest extent permitted by its available resources and level of economic development, adopt measures taking account of international standards in the field of social security and of Paragraph 5 of this Recommendation to help unemployed and underemployed persons

einstaklingum, sem búa við atvinnuleysi eða of litla atvinnu á öllum tímum atvinnuleysis, aðstoð við að sjá sér og þeim sem eru á þeirra framfæri fyrir grundvallarþörfum og jafnframt aðstoða þá við að laga sig að öðrum nytsömum störfum sem fyrir hendi kunna að vera.

during all periods of unemployment to meet their basic needs and those of their dependants and to adapt themselves to opportunities for further useful employment.

III. Almennar og sérstakar ráðstafanir varðandi stefnu í atvinnumálum.

Almenn atriði.

8. Vandkvæði á sviði atvinnumála, sem eiga rætur sínar að rekja til sveiflna í efnahagslífinu, grundvallarbreytinga og sérstaklega til ónógrar efnahagslegrar þróunar, ætti að reyna að leysa á eftirfarandi hátt:

a. með almennum ráðstöfunum er lúta að stefnunni í efnahagsmálum, og
b. með sérstökum ráðstöfunum sem hafa beina þýðingu fyrir einstaka starfsmenn eða flokka starfsmanna.

9. Ákvörðun um framkvæmd hæfilegra ráðstafana, og hvenær til þeirra er gripið, ætti að byggjast á nákvæmri athugun á orsökum atvinnuleysis, þannig að unnt sé að greina í hverju það er fólgið og hvers eðlis það er.

Almennar ráðstafanir: Til frambúðar.

10. Almennar efnahagsráðstafanir ættu að miða að því að efla stöðugt vaxandi efnahagslíf, sem býr við stöðugleika, að því marki sem sanngjarnt getur talist, þannig að skapast geti sem best skilyrði fyrir því að sérstakar ráðstafanir á sviði atvinnumála verði sem árangursríkastar.

Almennar ráðstafanir: Til bráðabirgða.

11.(1) Gera ætti áætlun um og grípa til ráðstafana til bráðabirgða, þannig að unnt sé að koma í veg fyrir að atvinnuleysi skapist eða að of lítið verði um atvinnu sökum ónógrar efnahagsþróunar og sömuleiðis til þess að vega upp á móti þeirri verðbólgu sem skapast af þeim sökum að ekki ríkir nægilega mikið jafnvægi á vinnumarkaðnum. Þegar slíkar aðstæður eru fyrir hendi, eða hætta er á að þær skapist, ætti að gera ráðstafanir til þess að auka eða, ef slíkt þykir hæfa, draga úr

III. General and Selective Measures of Employment Policy

General Considerations

8. Employment problems attributable to fluctuations in economic activity, to structural changes and especially to an inadequate level of activity should be dealt with by means of –

(a) general measures of economic policy; and
(b) selective measures directly connected with the employment of individual workers or categories of workers.

9. The choice of appropriate measures and their timing should be based on careful study of the causes of unemployment with a view to distinguishing the different types.

General Measures: Long Term

10. General economic measures should be designed to promote a continuously expanding economy possessing a reasonable degree of stability, which provides the best environment for the success of selective measures of employment policy.

General Measures: Short Term

11. (1) Measures of a short-term character should be planned and taken to prevent the emergence of general unemployment or underemployment associated with an inadequate level of economic activity, as well as to counterbalance inflationary pressure associated with a lack of balance in the employment market. At times when these conditions are present or threaten to appear, action should be taken to increase or, where appropriate, to reduce private consumption,

einkaneyslu, einkafjárfestingu og opinberum útgjöldum, hvort sem er vegna rekstrar- eða stofnkostnaðar.

(2) Með tilliti til þess hve mikilvægt það er að gripið sé til gagnráðstafana á réttum tíma, hvort sem þeim er beint gegn efnahagslegri afturför, verðbólgu eða öðru jafnvægisleysi, ættu ríkisstjórnir, í samræmi við stjórnarskrárákvæði, að hafa vald til þess að heimila slíkar ráðstafanir, eða breytingar á þeim, með stuttum fyrirvara.

Sérstakar ráðstafanir.

12. Undirbúa ætti og grípa til ráðstafana til þess að draga úr árstíðabundnum sveiflum í atvinnumálum. Einkum og sér í lagi ætti að gera hæfilegar ráðstafanir til að dreifa og jafna niður á allt árið eftirspurninni eftir framleiðslu og þjónustu þeirra, sem stunda árstíðabundin störf, eða ella sjá slíkum starfsmönnum fyrir aukastörfum sem bæta þeim þetta upp.

13.(1) Undirbúa ætti og gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að komið geti til atvinnuleysis eða of lítils framboðs á vinnu, sökum grundvallarbreytinga, og ættu þessar ráðstafanir að auðvelda og efla aðlögun framleiðslu og atvinnuhátta að slíkum breytingum.

(2) Hvað viðkemur tilgangi þessarar tillögu merkir hugtakið „grundvallarbreyting" verulega breytingu til langframa sem felur í sér breytta eftirspurn, tilkomu nýs framboðs, hvort sem það er innlent eða útlent (þar með talið framboð á vörum frá löndum, þar sem er lægri framleiðslukostnaður), eða tilkomu nýrrar framleiðslutækni eða breytinga á vinnuaflinu.

(3) Ráðstafanir til aðlögunar af völdum grundvallarbreytinga ættu að hafa tvennan tilgang:

a. að hafa sem mestan hag af framförum á sviði tækni og efnahagsmála;
b. að vernda einstaklinga og hópa sem hafa orðið fyrir áhrifum með atvinnu sína af völdum grundvallarbreytinga, fyrir fjárhagslegum skaða, eða öðrum skaða.

14.(1) Í þessu skyni, og til þess að forðast framleiðslutap sökum tafa við að ráða fólk til tiltekinna starfa, ættu aðildarríki að koma á

private investment and/or government current or investment expenditure.

(2) In view of the importance of the timing of counter-measures, whether against recession, inflation or other imbalances, governments should, in accordance with national constitutional law, be vested with powers permitting such measures to be introduced or varied at short notice.

Selective Measures

12. Measures should be planned and taken to even seasonal fluctuation in employment. In particular, appropriate action should be taken to spread the demand for the products and services of workers in seasonal occupations more evenly throughout the year or to create complementary jobs for such workers.

13. (1) Measures should be planned and taken to prevent the emergence and growth of unemployment or underemployment resulting from structural changes, and to promote and facilitate the adaptation of production and employment to such changes.

(2) For the purpose of this Recommendation the term "structural change" means long-term and substantial change taking the form of shifts in demand, of the emergence of new sources of supply, national or foreign (including supplies of goods from countries with lower costs of production) or of new techniques of production, or of changes in the size of the labour force.

(3) The dual objective of measures of adaptation to structural changes should be–

(a) to obtain the greatest benefit from economic and technical progress;
(b) to protect from financial or other hardship groups and individuals whose employment is affected by structural changes.

14. (1) To this end, and to avoid the loss of production entailed by delays in filling vacancies, Members should establish and ade-

fót hjá sér starfsemi, sem beinist að því að veita starfsfólki aðstoð við að finna ný störf og laga sig að þeim. Ættu aðildarríki einnig að sjá slíkri starfsemi fyrir nægilegum fjárveitingum.

(2) Slík starfsemi ætti að taka til –

a. reksturs virkrar vinnumiðlunar, og í því sambandi ætti að hafa í huga ákvæði Samþykktar og Tillögu um vinnumiðlun frá 1948;
b. stofnunar eða eflingar aðstöðu til þjálfunar eða endurþjálfunar sem miðar að því að gera starfsfólki kleift að afla sér þeirrar hæfni sem þarf til þess að geta tekist á hendur varanleg störf í vaxandi atvinnugreinum, og skulu þá höfð í huga ákvæði Tillögu um iðnfræðslu frá 1962;
c. samhæfingar stefnunnar í húsnæðismálum og atvinnumálum með því að leggja til nægilegt húsnæði og sjá fyrir öðrum félagslegum þörfum á þeim stöðum þar sem vinnuafls er þörf, auk þess sem vinnuveitendur eða opinberir aðilar ættu að veita vinnuþegum styrk til þess að flytja sig og fjölskyldur sínar á milli staða.

15. Sérstaka áherslu ætti að leggja á ráðstafanir sem miða að því að vinna bug á því alvarlega vandamáli er skapast af atvinnuleysi meðal ungs fólks, en það fer vaxandi í sumum löndum. Við framkvæmd þeirra ráðstafana, sem gert er ráð fyrir samkvæmt ákvæðum Samþykktar og Tillögu um vinnumiðlun frá 1948, Tillögu um starfsfræðslu frá 1949 og Tillögu um iðnfræðslu frá 1962, ætti að taka fullt tillit til grundvallarbreytinga og í hvaða átt þær beinast, þannig að unnt sé að tryggja það að þróun og nýting á starfshæfni ungs fólks fari eftir breytilegum þörfum atvinnulífsins.

16. Leitast ætti við að uppfylla sérstakar þarfir þeirra sem mætt hafa sérstökum erfiðleikum sökum grundvallarbreytinga eða af öðrum ástæðum, svo sem aldraðra starfsmanna, óvinnufærra starfsmanna og annarra sem kunna að eiga sérstaklega erfitt með að breyta um búsetu eða starf.

quately finance programmes to help workers to find and fit themselves for new jobs.

(2) Such programmes should include–

(a) the operation of an effective employment service, taking account of the provisions of the Employment Service Convention and Recommendation, 1984;
(b) the provision or encouragement of training and retraining facilities designed to enable workers to acquire the qualifications needed for lasting employment in expanding occupations, taking account of the provisions of the Vocational Training Recommendation, 1962;
(c) the co-ordination of housing policy with employment policy, by the provision of adequate housing and community facilities in places where there are job vacancies, and the provision of removal grants for workers and their dependants by the employer or out of public funds.

15. Special priority should be given to measures designed to remedy the serious, and in some countries growing, problem of unemployment among young people. In the arrangements for young persons envisaged in the Employment Service Convention and Recommendation, 1948, the Vocational Guidance Recommendation, 1949, and the Vocational Training Recommendation, 1962, full account should be taken of the trends of structural change, so as to ensure the development and the use of the capacities of young persons in relation to the changing needs of the economy.

16. Efforts should be made to meet the particular needs of categories of persons who encounter special difficulties as a result of structural change or for other reasons, such as older workers, disabled persons and other workers who may find it particularly difficult to change their places of residence or their occupations.

17. Gefa ætti sérstakan gaum að þörfum þeirra héraða, sem dregist hafa aftur úr, fyrir vinnuafl og tekjuöflun, svo og þeirra landsvæða þar sem grundvallarbreytingar hafa áhrif á stóran fjölda vinnandi fólks, með það fyrir augum að skapa aukið jafnvægi í efnahagsmálum landsins í heild, og tryggja þannig arðbæra nýtingu allra auðlinda þess.

18.(1) Þegar sérstaklega víðtækar grundvallarbreytingar eiga sér stað getur reynst nauðsynlegt að fylgja þeim ráðstöfunum, sem ráð er fyrir gert samkvæmt 13. til 17. gr. þessarar Tillögu, eftir með öðrum ráðstöfunum sem beinast að því að komið verði í veg fyrir skyndilegar og víðfeðmar truflanir og að þær dreifist yfir hæfilega langt tímabil.

(2) Þegar svo ber til ættu ríkisstjórnirnar, í samráði við alla þá sem hlut eiga að máli, að taka ákvörðun um það í tæka tíð hvaða sérstök bráðabirgðaúrræði séu best fallin til þess að auðvelda þeim atvinnugreinum, sem orðið hafa fyrir áhrifum grundvallarbreytinga, að laga sig að nýjum aðstæðum, og ættu ríkisstjórninar að haga ráðstöfunum sínum í samræmi við það.

19. Koma ætti á fót hæfilegri þjónustustarfsemi sem miði að því að auðvelda framleiðslu- og atvinnugreinum að laga sig að grundvallarbreytingum, og ætti hlutverk og starfssvið slíkrar þjónustu að vera skýrt afmarkað að því er tekur til þeirra atriða sem kveðið er á um í 13. og 18. gr. þessarar tillögu.

20.(1) Við mótun stefnunnar í atvinnumálum, ætti að taka tillit til þeirrar almennu reynslu að tæknilegar framfarir og aukin framleiðni hafa skapað aukna möguleika til tómstundaiðju og menntunar.

(2) Leggja ætti stund á að nýta slíka möguleika með þeim ráðum sem hæfa venjum og aðstæðum í landinu og í hverri atvinnugrein. Gætu þau verið fólgin í því, sem hér greinir:

a. fækkun vinnustunda, án tilsvarandi lækkunar á launum, innan þeirra takmarka sem ákvæði Tillögu um fækkun vinnustunda frá 1962 segir til um;

17. Special attention should be given to the employment and income needs of lagging regions and of areas where structural changes affect large numbers of workers, in order to bring about a better balance of economic activity throughout the country and thus to ensure a productive utilisation of all resources.

18. (1) When structural changes of exceptional magnitude occur, measures of the kinds provided for in Paragraphs 13 to 17 of this Recommendation may need to be accompained by measures to avoid large-scale, sudden dislocation and to spread the impact of the change or changes over a reasonable period of time.

(2) In such cases governments, in consultation with all concerned, should give early consideration to the determination of the best means, of a temporary and exceptional nature, to facilitate the adaptation to the structural changes of the industries affected, and should take action accordingly.

19. Appropriate machinery to promote and facilitate the adaptation of production and employment to structural changes, with clearly defined responsibilities in regard to the matters dealt with in Paragraphs 13 to 18 of this Recommendation, should be established.

20. (1) Employment policy should take account of the common experience that, as a consequence of technological progress and improved productivity, possibilities arise for more leisure and intensified educational activities.

(2) Efforts should be made to take advantage of these possibilities by methods appropriate to national conditions and practice and to conditions in each industry; these methods may include–

(a) reduction of hours of work without a decrease in wages, within the framework of the Reduction of Hours of Work Recommendation, 1962;

b. fjölgun frídaga með fullum launum;
c. að starfsmenn hefji almennt vinnu síðar á ævinni, samfara aukinni menntun og starfsþjálfun.

IV. Vandamál á sviði atvinnumála sökum ónógrar efnahagslegrar þróunar.

Stefna í fjárfestingar- og launamálum.

21. Í þróunarlöndum ætti stefnan í atvinnumálum að vera óhjákvæmilegur þáttur í stefnu sem beinist að því að auka þjóðartekjur og sanngjarna hlutdeild í þeim.

22. Í þeim tilgangi að auka framleiðslu, fjárfestingu og atvinnu sem skjótast ættu aðildarríkin að leita eftir áliti og virkri þátttöku atvinnurekenda og launþega og samtaka þeirra, við undirbúning og framkvæmd almennrar stefnu í efnahagsþróunarmálum og hinna ýmsu þátta stefnunnar í félagsmálum, í samræmi við ákvæði Tillögu um samvinnu innan atvinnugreina í landinu sem heild frá 1960.

23.(1) Í þeim löndum, þar sem skortur á atvinnumöguleikum stendur í beinu sambandi við fjármagnsskort, ætti að grípa til allra viðeigandi ráða til þess að auka sparifjármyndun og hvetja til aðstreymis fjármagns frá öðrum löndum og frá alþjóðastofnunum í því skyni að auka arðbæra fjárfestingu, án þess að skerða fullveldi eða efnahagslegt sjálfstæði þess lands sem við slíku tekur.

(2) Í því skyni að nýta á sem hagkvæmastan hátt þær auðlindir sem þessum löndum eru tiltækar og efla atvinnumöguleika innan þeirra, svo sem tök eru á, væri æskilegt að þau samræmdu fjárfestingu sína og aðrar efnahagsaðgerðir við svipaðar aðgerðir annarra landa, einkum þeirra, sem eru á sömu landsvæðum.

Aukning atvinnu á sviði iðnaðar.

24.(1) Aðildarríkin ættu sérstaklega að hafa hugfast að mestu máli skiptir að koma á fót iðnaði, hvort sem hann er rekinn af einkafyrirtækjum eða opinberum aðilum, sem byggist á tiltæku hráefni og orku, sam-

(b) longer paid holidays;
(c) later entry into the labour force, combined with more advanced education and training.

IV. Employment Problems Associated with Economic Underdevelopment

Investment and Income Policy

21. In developing countries employment policy should be an essential element of a policy for promoting growth and fair sharing of national incomes.

22. With a view to achieving a rapid expansion of production, investment and employment, Members should seek the views and active participation of employers and workers, and their organisations, in the elaboration and application of national economic development policy, and of the various aspects of social policy, in accordance with the Consultation (Industrial and National Levels) Recommendation, 1960.

23. (1) In countries where a lack of employment opportunities is associated with a shortage of capital, all appropriate measures should be taken to expand domestic savings and to encourage the inflow of financial resources from other countries and from international agencies, with a view to increasing productive investment without prejudicing the national sovereignty or the economic independence of the recipient countries.

(2) In order to utilise the resources available to these countries rationally and to increase employment therein as far as possible, it would be desirable for them to coordinate their investments and other development efforts with those of other countries, especially in the same region.

Promotion of Industrial Employment

24. (1) Members should have regard to the paramount need for the establishment of industries, public or private, which are based on available raw materials and power, which correspond to the changing pattern of de-

svarar breytilegri eftirspurn markaðsins, bæði innan lands og utan, og færir sér í nyt nýtísku tækni og rannsóknir, með það fyrir augum að skapa aukna atvinnumöguleika til langframa.

(2) Aðildarríkin ættu að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að ná því stigi iðnþróunar, innan takmarka þess þjóðarbúskapar sem jafnvægis nýtur, að það tryggi sem mesta framleiðslu fullunninnar vöru með því að nota það vinnuafl sem fyrir hendi er í landinu.

(3) Gefa ætti sérstakan gaum að ráðstöfunum sem stuðla að hagkvæmri og ódýrri framleiðslu, fjölbreytni í atvinnuháttum og jafnvægi í efnahagslegri þróun innan tiltekinna landsvæða.

25. Auk þess að efla nýtísku iðnþróun ættu aðildarríkin, þó með hliðsjón af tæknilegum þörfum, að athuga möguleikana á því að auka atvinnu með því –

a. að auka framleiðslu á vörum, svo og að auka þjónustu sem krefst mikils vinnuafls;
b. að nýta í auknum mæli þá tækni sem veitir meiri atvinnu þegar aðstæður eru þannig að slíkt leiðir til betri hagnýtingar á þeim auðlindum sem fyrir hendi eru.

26. Gera ætti ráðstafanir –

a. til þess að auka hagnýtingu á framleiðslugetu þess iðnaðar sem fyrir hendi er, að því marki sem samræmist þörfum markaðarins, bæði innan lands og til útflutnings, til dæmis með því að láta vinna meira í vöktum en áður, og skal þá tekið fullt tillit til ákvæða varðandi aukin fríðindi til handa þeim starfsmönnum sem á vöktum vinna og nauðsynjarinnar á því að þjálfa nægilegan fjölda starfsmanna sem gegna áríðandi störfum, þannig að unnt sé að tryggja öruggan rekstur þótt unnið sé í vöktum;
b. til þess að skapa handiðn og smáiðju og veita slíkum rekstri aðstoð við að laga sig að tæknilegum framförum og breytingum á markaðsaðstæðum, þannig að hann geti veitt aukna atvinnu án þess að verða háður sérstökum verndarráðstöfunum eða þarfnast sérréttinda sem mundu

mand in domestic and foreign markets and which use modern techniques and appropriate research, in order to create additional employment opportunities on a long-term basis.

(2) Members should make every effort to reach a stage of industrial development which ensures, within the framework of a balanced economy, the maximum economic production of finished products, utilising local manpower.

(3) Particular attention should be given to measures promoting efficient and low-cost production, diversification of the economy and balanced regional economic development.

25. Besides promoting modern industrial development, Members should, subject to technical requirements, explore the possibility of expanding employment by–

(a) producing, or promoting the production of, more goods and services requiring much labour;
(b) promoting more labour-intensive techniques, in circumstances where these will make for more efficient utilisation of available resources.

26. Measures should be taken–

(a) to promote fuller utilisation of existing industrial capacity to the extent compatible with the requirements of domestic and export markets, for instance by more extensive introduction of multiple shifts, with due regard to the provision of amenities for workers on night shift and to the need for training a sufficient number of key personnel to permit efficient operation of multiple shifts;

(b) to create handicrafts and small-scale industries and to assist them to adapt themselves to technological advances and changes in market conditions so that they will be able to provide increasing employment without becoming dependent on such protective measures or special privileges as would impede

draga úr almennum hagvexti. Með slíkt markmið í huga ætti að hvetja til stofnunar samvinnufélaga, og sömuleiðis ætti að leitast við að koma á slíku sambandi milli smáiðju og stóriðju að þær geti veitt hvor annarri gagnkvæman stuðning, jafnframt því sem leitast skal við að finna nýja markaði fyrir iðnaðarvörur.

economic growth; to this end the development of co-operatives should be encouraged and efforts should be made to establish a complementary relationship between small-scale and large-scale industry and to develop new outlets for the products of industry.

Efling atvinnu til sveita.

27.(1) Þau ríki, sem eiga við að stríða mikið atvinnuleysi til sveita, ættu að leggja sérstaka áherslu á framkvæmd víðtækrar áætlunar um aukningu atvinnumöguleika í sveitum með því að grípa til sérstakra ráðstafana á sviði tækni og skipulags. Slíka áætlun ætti að framkvæma innan ramma þeirrar heildarstefnu sem mörkuð hefur verið í efnahagsmálum fyrir landið í heild, auk þess sem framkvæmd slíkrar áætlunar ætti, að svo miklu leyti sem unnt er, að byggjast á viðleitni þeirra er hlut eiga að máli. Enn fremur ætti slík áætlun að grundvallast á nákvæmum athugunum á eðli slíks atvinnuleysis til sveita, hversu víðtækt það er og hvernig það dreifist á milli héraða.

Promotion of Rural Employment

27. (1) Within the framework of an integrated national policy, countries in which there is much rural underemployment should place special emphasis on a broadly based programme to promote productive employment in the rural sector by a combination of measures, institutional and technical, relying as fully as possible on the efforts of the persons concerned. Such a programme should be founded on adequate study of the nature, prevalence and regional distribution of rural underemployment.

(2) Slík áætlun ætti sérsaklega að hafa það að markmiði að skapa félagslegar aðstæður sem stuðla að bættri nýtingu vinnuaflsins á hverjum stað og auknum áhuga á efnahagslegri þróun til sveita, jafnframt því sem leitast verði við að auka framleiðni og bæta gæði framleiðslunnar. Með nægilegum rannsóknum og tilraunaframkvæmdum ætti, eftir því sem unnt er, að finna leiðir til úrbóta sem hæfa aðstæðum á hverjum stað.

(2) Major objectives should be to create incentives and social conditions favourable to fuller utilisation of local manpower in rural development, and to improve productivity and quality of output. Means appropriate to local conditions should be determined, where possible, by adequate research and the instigation of multi-purpose pilot projects.

(3) Sérstaklega ætti að hafa í huga nauðsyn þess að auka atvinnumöguleika á sviði jarðyrkju og húsdýraræktar.

(3) Special attention should be devoted to the need for promoting opportunities for productive employment in agriculture and animal husbandry.

(4) Skipulagsbreytingar til eflingar arðbærum atvinnumöguleikum í sveitum ættu að taka til umbóta í búnaðarháttum eftir því sem þarfir í viðkomandi landi segja til um, þar með taldar jarðabætur og breyting á reglum um jarðnæði, umbætur á skattlagningu jarðeigna, aukning lánveitinga, þróun bættrar aðstöðu til sölu á framleiðslu og efling á starfsemi samvinnufélaga á sviði framleiðslu og sölu afurða.

(4) Institutional measures for the promotion of productive employment in the rural section should include agrarian reforms, adapted to the needs of the country, including land reform and improvement of land tenure; reform in methods of land taxation; extension of credit facilities; development of improved marketing facilities; and promotion of co-operative organisation in production and marketing.

Fólksfjölgun.

28. Lönd þau, þar sem fólksfjölgun er mjög ör, og einkum þar sem aukningin veldur efnahagslífinu þegar þungum byrðum, ættu að rannsaka hin efnahagslegu og félagslegu öfl, sem áhrif hafa á fólksfjölgunina, svo og dreifingu hennar, með það fyrir augum að marka stefnu í efnahags- og félagsmálum sem skapar betra jafnvægi milli atvinnumöguleika, annars vegar, og aukningar vinnuaflsins, hins vegar.

V. Aðgerðir af hálfu atvinnurekenda og launafólks og samtaka þeirra.

29.(1) Atvinnurekendur og launafólk, hvort heldur er innan einkaframtaksins eða af opinberri hálfu, svo og samtök þeirra, ættu að grípa til allra tiltækilegra ráða til þess að stuðla að og viðhalda nægilegri og arðbærri atvinnu handa öllum, eftir frjálsu vali.

(2) Einkum og sér í lagi ættu þeir –

a. að hafa samráð hvor við annan, svo og við hlutaðeigandi stjórnvöld, eftir því sem hæfa þykir, vinnumiðlunarþjónustu eða svipaðar stofnanir, með eins miklum fyrirvara og unnt er, til þess að undirbúa ráðstafanir sem hafa gagnkvæmt gildi fyrir báða aðila og nauðsynlegar eru sökum breytinga sem orðið hafa á vinnumarkaðnum;

b. að kynna sér með athugunum hvert stefnir í efnahags- og atvinnumálum, og sömuleiðis hvert stefnir á sviði tæknilegra framfara, og gera síðan í tæka tíð tillögur, eftir því sem hæfilegt má teljast, til aðgerða, bæði af hálfu opinberra fyrirtækja og einkafyrirtækja, sem stuðla að því að vernda atvinnuöryggi og atvinnumöguleika launafólks, eftir því sem almenningsheill leyfir;

c. að stuðla að auknum skilningi á þeim undirstöðuatriðum sem efnahagslífið byggist á, ástæðunum fyrir breytingum á atvinnumöguleikum innan tiltekinna starfsgreina, iðngreina eða landsvæða og á nauðsyn þess að vinnuaflið sé hreyfanlegt, bæði að því er tekur til einstakra starfsgreina og af landfræðilegum ástæðum;

Population Growth

28. Countries in which the population is increasing rapidly, and especially those in which it already presses heavily on the economy, should study the economic, social and demographic factors affecting population growth with a view to adopting economic and social policies that make for a better balance between the growth of employment opportunities and the growth of the labour force.

V. ACTION BY EMPLOYERS AND WORKERS AND THEIR ORGANISATIONS

29. (1) Employers and workers in the public and private sectors, and their organisations, should take all practicable measures to promote the achievement and maintenance of full, productive and freely chosen employment.

(2) In particular, they should–

(a) consult one another, and as appropriate the competent public authorities, employment services or similar institutions, as far in advance as possible, with a view to working out mutually satisfactory adjustments to changes in the employment situation;

(b) study trends in the economic and employment situation, and in technical progress, and propose as appropriate, and in good time, such action by governments and by public and private undertakings as may safeguard within the framework of the general interest the employment security and opportunities of the workers;

(c) promote wider understanding of the economic background, of the reasons for changes in emploment opportunities in specific occupations, industries or regions, and of the necessity of occupational and geographical mobility of manpower;

d. að leitast við að skapa andrúmsloft, sem geti orðið til þess að örva fjárfestingu, af hálfu innlendra jafnt sem erlendra aðila, er hafi jákvæð áhrif á hagvöxt landsins, án þess þó að hafa áhrif á sjálfsforræði þjóðarinnar, efnahagslegt sjálfstæði eða félagafrelsi;
e. að koma á eða leitast við að stofna til þjónustu til þjálfunar eða endurþjálfunar og svipuðum ráðstöfunum til bættra kjara fyrir þá sem hlut eiga að máli;
f. að skapa þá stefnu í launa- og kjaramálum, svo og í verðlagsmálum, sem samræmist því markmiði að jafnan sé næg atvinna handa öllum, að efla hagvöxt, bæta lífskjörin og viðhalda jafnvægi í peningamálum án þess að þeim lögmætu markmiðum, sem stefnt er að af hálfu atvinnurekenda og launafólks og samtaka þeirra, sé stefnt í hættu; og
g. að virða meginreglu þá sem lýtur að jöfnum tækifærum til að afla sér atvinnu og meðferðar við vinnu og störf, og sé þá jafnframt tekið tillit til ákvæða þeirra sem felast í Samþykkt og Tillögu um mismunun í atvinnu- og starfsgreinum frá 1958.

(3) Í samráði og samvinnu við samtök launafólks, eftir því sem við á, og/eða fulltrúa þess launafólks sem hlut á að máli og með því að taka tillit til efnahagslegra og félagslegra aðstæðna í landi því, sem hlut á að máli, ættu fyrirtæki að grípa til ráðstafana er gætu komið í veg fyrir atvinnuleysi, orðið starfsmönnum til hjálpar við að finna aðra vinnu, aukið fjölda þeirra starfa sem fyrir hendi eru og dregið úr afleiðingum atvinnuleysis. Slíkar ráðstafanir gætu verið fólgnar í eftirfarandi:

a. endurþjálfun starfsmanna, þannig að þeir geti tekið að sér önnur störf innan sama fyrirtækis:
b. tilflutningi starfsmanna innan fyrirtækisins;
c. vandlegri athugun á og ráðstöfun til þess að yfirstíga þá örðugleika sem kunna að vera á því að auka vaktavinnu;
d. sem allra lengstum uppsagnarfresti fyrir þá starfsmenn sem eiga að leggja niður störf og hæfilegum upplýsingum og til-

(d) strive to create a climate which, without prejudicing national sovereignty, economic independence or freedom of association, will encourage increased investment from both domestic and foreign sources, with positive effects on the economic growth of the country;
(e) provide or seek the provision of facilities such as training and retraining facilities, and related financial benefits;

(f) promote wage, benefit and price policies that are in harmony with the objectives of full employment, economic growth, improved standards of living and monetary stability, without endangering the legitimate objectives pursued be employers and workers and their organisations; and

(g) respect the principle of equality of opportunity and treatment in employment and occupation, taking account of the provisions of the Discrimination (Employment and Occupation) Convention and Recommendation 1958.

(3) In consultation and co-operation as appropriate with workers' organisations and or representatives of workers at the level of the undertaking, and having regard to national economic and social conditions, measures should be taken by undertakings to counteract unemployment, to help workers find new jobs, to increase the number of jobs available and to minimise the consequences of unemployment; such measures may include–

(a) retraining for other jobs within the undertaking;

(b) transfers within the undertaking;

(c) careful examination of, and action to overcome, obstacles to increasing shift work;
(d) the earliest possible notice to workers whose employment is to be terminated, appropriate notification to public au-

kynningu til opinberra aðila, svo og tekjuvernd í einhverri mynd til handa þeim starfsmönnum sem sagt hefur verið upp í starfi, og skal þá tekið tillit til ákvæða þeirra sem felast í Tillögu um uppsögn atvinnu frá 1963.

thorities, and some form of income protection for workers whose employment has been terminated, taking account of the provisions of the Termination of Employment Recommendation, 1963.

VI. Alþjóðlegar ráðstafanir til eflingar atvinnumálum.

30. Aðildarríkin ættu, ef til vill með aðstoð samtaka einstakra ríkisstjórna, eða alþjóðasamtaka, eftir því sem við á, að hafa samvinnu sín í milli um alþjóðlegar ráðstafanir til eflingar atvinnumálum, og sömuleiðis ættu þau við myndun sinnar eigin stefnu í efnahagsmálum að forðast ráðstafanir sem hafa skaðleg áhrif á þróun atvinnumála og hið almenna efnahagslega jafnvægi í öðrum löndum, þar á meðal þróunarlöndum.

31. Aðildarríkin ættu að styðja hvers konar viðleitni, sem beinist í þá átt að efla alþjóðleg viðskipti sem úrræði til þess að auka hagvöxt og atvinnumöguleika. Sérstaklega ættu þau að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að draga úr óhagstæðum afleiðingum í atvinnumálum af völdum sveiflna í alþjóðlegum viðskiptakjörum, greiðslujöfnuði og greiðslugetu.

32.(1) Iðnaðarlönd ættu við myndun stefnu sinnar í efnahagsmálum, þar með talin stefna sú sem miðar að efnahagssamvinnu og aukinni eftirspurn, að taka tillit til þarfa annarra landa fyrir aukna möguleika í atvinnumálum, sérstaklega þróunarlandanna.

(2) Þau ættu, svo skjótt sem aðstæður leyfa, að gera ráðstafanir til þess að auka innflutning á vörum, jafnt fullframleiddum sem unnum og hálfunnum, svo og á hráefnum sem unnt er að vinna á arðbæran hátt í þróunarlöndunum og þannig stuðla að eflingu gagnkvæmra viðskipta og eflingu framleiðslu á útflutningsvörum.

33. Greiða ætti fyrir tilflutningi launafólks í leit að atvinnu sem samræmist efnahagslegum þörfum þeirra landa sem það kemur frá og flyst til, þar með talinn flutningur launafólks frá þróunarlöndunum til iðnaðarland-

VI. INTERNATIONAL ACTION TO PROMOTE EMPLOYMENT OBJECTIVES

30. Members, with the assistance as appropriate of intergovernmental and other international organisations, should co-operate in international action to promote employment objectives, and should, in their internal economic policy, seek to avoid measures which have a detrimental effect on the employment situation and the general economic stability in other countries, including the developing countries.

31. Members should countribute to all efforts to expand international trade as a means of promoting economic growth and expansion of employment opportunities. In particular, they should take all possible measures to diminish unfavourable repercussions on the level of employment of fluctuations in the international terms of trade and of balance-of-payments and liquidity problems.

32. (1) Industrialised countries should, in their economic policies, including policies for economic co-operation and for expanding demand, take into account the need for increased employment in other countries, in particular in the developing countries.

(2) They should, as rapidly as their circumstances permit, take measures to accommodate increased imports of products, manufactured, processed and semi-processed as well as primary, that can be economically produced in developing countries, thus promoting mutual trade and increased employment in the production of exports.

33. International migration of workers for employment which is consistent with the economic needs of the countries of emigration and immigration, including migration from developing countries to industrialised

anna. Í því sambandi ætti að taka tillit til ákvæða Samþykktar og Tillögu um flutning verkafólks í atvinnuleit (endurskoðaðra) frá 1949, og Samþykktar um jafnrétti á sviði félagsmála frá 1962.

34.(1) Á sviði tæknisamvinnu, bæði milli tveggja landa eða fleiri, ætti að gefa sérstakan gaum að nauðsyn þess að þróa virka stefnu í atvinnumálum.

(2) Slík samvinna ætti því að taka til þess sem hér segir:

a. Ráðgefandi þjónustu að því er varðar stefnu í atvinnumálum og skipulagningu vinnumarkaðar, sem nauðsynlegra þátta í almennri áætlanagerð á sviði efnahagsþróunar; og
b. samvinnu við þjálfun á hæfum starfsmönnum á hverjum stað, þar með taldir tækniþjálfaðir starfsmenn og stjórnendur.

(3) Áætlanir um tæknisamvinnu á sviði starfsþjálfunar ættu að beinast að því að veita þróunarlöndunum hæfilega aðstöðu til þess að annast þjálfun starfsmanna í viðkomandi landi eða landsvæði. Einnig ættu þær að fela í sér nægileg ákvæði um útvegun tækja og búnaðar til slíkrar þjálfunar. Slíkar áætlanir ættu einnig að fela í sér aukaráðstafanir sem gera ráð fyrir þjálfun starfsfólks frá þróunarlöndunum í iðnþróuðum löndum.

(4) Aðildarríki ættu að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að auðvelda sérfræðingum í öllum greinum atvinnumála, hvort sem þeir eru starfandi í þjónustu ríkisstjórna eða ekki, að fá leyfi frá störfum til þess að gegna störfum í þróunarlöndum. Slík leyfi ætti að veita með þeim skilmálum að viðkomandi sérfræðingar sækist eftir því að takast á hendur slík þjálfunarstörf í þróunarlöndum.

(5) Við undirbúning áætlana um tæknisamvinnu og framkvæmd þeirra ætti að leita eftir virkri þátttöku samtaka atvinnurekenda og launafólks í löndum þeim sem hlut eiga að máli.

35. Aðildarríkin ættu að örva starfsemi sem lýtur að því að skipst sé á upplýsingum um tæknileg atriði og framleiðsluaðferðir í

countries, should be facilitated, taking account of the provisions of the Migration for Employment Convention and Recommendation (Revised), 1949, and the Equality of Treatment (Social Security) Convention, 1962.

34 (1) In international technical co-operation through multilateral and bilateral channels special attention should be paid to the need to develop active employment policies.

(2) To this end, such co-operation should include–

(a) advice in regard to employment policy and employment market organisation as essential elements in the field of general development planning and programming; and
(b) co-operation in the training of qualified local personnel, including technical personnel and management staff.

(3) Technical co-operation programmes relating to training should aim at providing the developing countries with suitable facilities for training within the country or region. They should also include adequate provision for the supply of equipment. As a complementary measure, facilities should also be provided for the training of nationals of developing countries in industrialised countries.

(4) Members should make all efforts to facilitate the release for suitable periods, both from governmental and non-governmental employment, of highly qualified experts in the various fields of employment policy for work in developing countries. Such efforts should include arrangements to make such release attractive to the experts concerned.

(5) In the preparation and implementation of technical co-operation programmes, the active participation of employers' and workers' organisations in the countries concerned should be sought.

35. Members should encourage the international exchange of technological processes with a view to increasing productivity and

þeim tilgangi að auka framleiðni og atvinnumöguleika, t.d. með því að veita framleiðsluleyfi og með annars konar samvinnu á sviði iðnaðarframleiðslu.

36. Fyrirtæki í eigu útlendra aðila ættu að uppfylla þörf sína fyrir starfslið með því að ráða til sín fólk á staðnum og veita því þjálfun, þar með taldir stjórnendur og verkstjórar.

37. Gera ætti ráðstafanir, eftir því sem hæfilegt getur talist, til þess að skiptast á upplýsingum og ráðleggingum varðandi stefnu í atvinnumálum, einkum að því er varðar stefnu í atvinnumálum þróunarlandanna, og eftir því sem hæfilegt þykir ætti slík starfsemi að fara fram með aðstoð alþjóðavinnumálaskrifstofunnar.

VII. Tillögur varðandi leiðir til að framkvæma ákvæði þessarar tillögu.

38. Við framkvæmd á ákvæðum þessarar tillögu ætti sérhvert aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, ásamt samtökum atvinnurekenda og launafólks sem hlut eiga að máli, að fara eftir tillögum þeim sem felast í fylgiskjalinu um leiðir til að hrinda ákvæðum þessarar tillögu í framkvæmd, að svo miklu leyti sem slíkt telst mögulegt og æskilegt.

employment, by means such as licensing and other forms of industrial co-operation.

36. Foreign-owned undertakings should meet their staffing needs by employing and training local staff, including management and supervisory personnel.

37. Arrangements should be made, where appropriate on a regional basis, for periodical discussions and exchange of experience of employment policies, particularly employment policies in developing countries, with the assistance as appropriate of the International Labour Office.

VII. SUGGESTIONS CONCERNING METHODS OF APPLICATION

38. In applying the provisions of this Recommendation, each Member of the International Labour Organisation and the employers' and workers' organisations concerned should be guided, to the extent possible and desirable, by the suggestions concerning methods of application set forth in the Annex.

Fylgiskjal III.

Tillaga nr. 169, um atvinnustefnu.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar stefndi saman í Genf til síns sjötugasta fundar hinn 6. júní 1984,

gerir sér grein fyrir hinum gildandi alþjóðlegu viðmiðunarkröfum sem felast í samþykkt og tillögu frá 1964 og öðrum alþjóðavinnumálaskjölum sem eiga við ákveðna flokka launafólks, sérstaklega, og tillögu varðandi launafólk með fjölskylduábyrgð frá 1981, tillögu um roskið launafólk frá 1980, samþykkt og tillögu um mannflutninga milli landa í atvinnuskyni frá 1949 (endurskoðaðar), samþykkt um farandverkamenn (þ.e. verkamenn á erlendri grund) frá 1975 (viðbótarákvæði) og tillögu um farandverkamenn frá 1975,

ber í minni ábyrgð Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, fram komna vegna Fíladelfíuyfirlýsingarinnar, að prófa og meta hvernig viðskipta- og fjárhagsstefnur verka á atvinnustefnu í ljósi þess grundvallarmarkmiðs að „allir menn, án tillits til kynþáttar, trúar eða kyns, hafi rétt til að leggja rækt við bæði líkamlega velferð og andlegan þroska við skilyrði sem einkennast af frelsi og reisn, efnahagslegu öryggi og jafnrétti“,

minnist þess að alþjóðasáttmáli um efnahagslegan, félagslegan og menningarlegan rétt, sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti 1966, felur m.a. í sér „rétt til að vinna, sem þýðir að sérhver hafi rétt á tækifæri til að vinna fyrir sér með starfi sem hann velur eða samþykkir af fúsum og frjálsum vilja“, en einnig að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til þess að þessi réttur náist smátt og smátt að fullu og sé varðveittur,

minnist einnig ákvæða samnings um afnám alls misréttis gagnvart konum, en þau ákvæði voru samþykkt á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1979,

viðurkennir, í ljósi nánari samskipta þjóðanna á sviði efnahagsmála og lítils hagvaxtar á síðari árum, þörfina á að samræma efnahags-, gjaldeyris- og félagsmálastefnu í heimalöndum og á alþjóðavettvangi, að leitast við að minnka bilið milli iðnríkja og þróunarlanda og að koma á fót nýju alþjóðlegu viðskiptakerfi til að eiga sem best úrræði til þróunar og atvinnusköpunar og takast þannig á við atvinnuleysi og atvinnuskort,

gerir sér grein fyrir að atvinnumöguleikar eru að versna í flestum iðnaðar- og þróunarlöndum og lætur í ljós þá sannfæringu að fátækt, atvinnuleysi og misskipt tækifæri séu óviðunandi með tilliti til mannúðar og félagslegs réttlætis, geti valdið spennu innan þjóðfélags og þannig skapað aðstæður sem geta ógnað friði og spillt því að réttur til starfs sé í heiðri hafður en hann felur í sér frjálst starfsval, réttlát og hagstæð vinnuskilyrði og vernd gegn atvinnuleysi,

álítur að samþykktina og tillöguna um atvinnustefnu frá 1964 eigi að setja í víðara samhengi „yfirlýsingarinnar um reglur og áætlun um aðgerðir“ sem samþykkt var 1976 af hinni „þríhliða þjóðaráðstefnu um atvinnu, tekjuskiptingu og félagslegar framfarir og alþjóðlega skiptingu vinnumarkaðarins“, og áformanna sem Alþjóðavinnumálaþingið samþykkti 1979 um að fylgja henni eftir á alheimsráðstefnu um vinnumál,

hefur ákveðið að samþykkja vissar tillögur er snerta atvinnustefnu sem er fjórði liður á dagskrá þingsins,

hefur ákveðið að þessar ályktanir skuli vera í formi tillögu sem viðauki við samþykkt og tillögu um stefnu í atvinnumálum frá 1964,

gerir hinn 26. júní 1984 eftirfarandi tillögu sem kalla má tillögu um atvinnustefnu (viðbótarákvæði) frá 1984.

I. KAFLI

Almenn lögmál atvinnustefnu.

1. Leiðin til að ná í reynd réttinum til vinnu er fólgin í að efla næga og arðbæra atvinnu sem hver og einn velur af frjálsum og fúsum vilja eins og gert er ráð fyrir í samþykkt og tillögu um atvinnustefnu frá 1964.

2. Um leið og aðildarríki viðurkenna til fulls réttinn til vinnu eiga þau að fylgja efnahags- og félagsmálastefnu sem beinist að því að efla næga og arðbæra atvinnu sem valin er af fúsum og frjálsum vilja.

3. Það að efla næga og arðbæra atvinnu, valda af fúsum og frjálsum vilja, ætti að hafa forgang í og vera óaðskiljanlegur þáttur af efnahags- og félagsmálastefnu aðildarríkja og, þar sem það á við, áætlunum þeirra um að fullnægja brýnustu þörfum íbúanna.

4. Aðildarríki eiga að veita sérstaka athygli áhrifaríkustu leiðum til að auka atvinnu og framleiðslu og taka upp stefnu og, ef við á, gera áætlanir sem miðist að því að auðvelda aukna framleiðslu og réttláta skiptingu nauðsynja og þjónustu og réttláta skiptingu tekna alls staðar í landinu með það fyrir augum að fullnægja brýnustu þörfum íbúanna í samræmi við yfirlýsingu um reglur og áætlanir um aðgerðir á heimsþinginu um atvinnumál.

5. Í samræmi við venjur í hverju landi á að setja fram og hrinda í framkvæmd stefnum, áformum og áætlunum, sem vísað er til í 3. og 4. gr. þessarar tillögu, í samráði og samstarfi við samtök atvinnurekenda og launafólks og önnur slík samtök sem eru fulltrúar fyrir þá sem hlut

eiga að máli, sérstaklega þá sem eru í dreifbýli og heyra undir samþykkt og tillögu um samtök dreifbýlisverkamanna frá 1975.

6. Efnahags- og fjármálastefna, á landsvísu og á alþjóðavettvangi, á að endurspegla forgang þeirra markmiða sem vísað er til í 3. og 4. gr. þessarar tillögu.

7. Stefnur, áform og áætlanir sem vísað er til í 3. og 4. gr. þessarar tillögu ættu að miða að því að eyða sérhverri mismunun og tryggja öllu launafólki jafna möguleika og meðhöndlun varðandi atvinnu, atvinnuskilyrði, kaup og kjör, leiðsögn og æfingu í verknámi og aukinn frama í starfi.

8. Aðildarríki eiga að gera ráðstafanir til að ná árangri í baráttunni gegn ólöglegri atvinnu, þ.e. atvinnu sem ekki er í samræmi við landslög, reglugerðir og venjur.

9. Aðildarríki eiga að gera ráðstafanir til að gera smátt og smátt kleifan flutning verkamanna frá hinum óskipulagða hluta atvinnulífsins, þar sem hann fyrirfinnst, í hinn skipulagða hluta.

10. Aðildarríki eiga að taka upp stefnu og gera ráðstafanir sem með tilliti til laga og venja ættu að

a. auðvelda launafólki að laga sig að skipulagsbreytingum, hvort heldur eru víðtækar, á ákveðnum sviðum eða í einstökum fyrirtækjum, og að endurráða sig hafi það misst starf sitt vegna skipulags- eða tæknibreytinga, og
b. tryggja atvinnu eða auðvelda endurráðningu launafólks sem fyrir því verður að stofnun sem það tengist, fyrirtæki eða búnaður eru seld, framseld, lögð niður eða flutt.

11. Í samræmi við landslög og venjur gætu aðferðir við að gera atvinnustefnu virka, falist í að ná heildarsamkomulagi um þætti sem varða atvinnu, svo sem

a. að efla og tryggja atvinnu,
b. það hvaða efnahags- og félagslegar afleiðingar það geti haft að breyta skipulagi og koma á hagræðingu í efnahagslegri starfsemi fyrirtækja,
c. að endurskipuleggja og stytta vinnutímann,
d. að vernda ákveðna hópa,
e. að veita fræðslu um efnahags- og fjárhags-, félags- og atvinnumál.

12. Aðildarríki eiga, eftir að þau hafa ráðfært sig við samtök atvinnurekenda og launafólks, að grípa til ráðstafana í því skyni að stuðla að fjölþjóðaframtaki til að taka upp og efla sérstaklega atvinnustefnu þá sem sett var fram í hinni þríhliða yfirlýsingu um reglur er snerta fjölþjóðafyrirtæki og félagslega stefnu frá 1977 og til að tryggja að komið verði í veg fyrir neikvæð áhrif fjárfestinga fjölþjóðafyrirtækja en jákvæð áhrif aukin.

13. Með tilliti til aukins samspils í efnahagslífi í heiminum eiga aðildarríki, auk þess sem þau gera ráðstafanir á landsvísu, að styrkja alþjóðlegt samstarf til að tryggja að árangur náist í baráttunni við atvinnuleysi.

II. KAFLI

Stefna varðandi íbúafjölda.

14.(1) Um leið og tryggt er hæfilegt framboð atvinnu getur þróunar- og atvinnustefna, þar sem við á og í samræmi við landslög og venjur, falið í sér mannfjöldastefnu og áætlanir sem miðast við að tryggja velferð fjölskyldu og veita stuðning varðandi áform hennar með áætlunum um upplýsingar og frjálsa fræðslu um atriði er snerta mannfjölda.

(2) Aðildarlönd, sérstaklega þróunarlönd, geta í samvinnu við stofnanir sem ekki eru ríkisreknar, hvort sem er í heimalandi eða á alþjóðavettvangi,

a. gefið því sérstakan gaum í stefnu sinni og áætlunum varðandi íbúafjölda að fræða foreldra og verðandi foreldra um kosti fjölskylduáætlana,
b. í dreifbýli: aukið heilbrigðisbúnað og fjölgað félagsmiðstöðvum og starfsfólki sem veitir þjónustu varðandi fjölskylduáætlanir,
c. í þéttbýli: gefið sérstakan gaum þeirri brýnu þörf að treysta allt skipulag og bæta lífsskilyrði, sérstaklega í fátækrahverfum.

III. KAFLI
Atvinna æskufólks og þeirra sem minna mega sín.

15. Ráðstafanir sem eru þáttur í almennri atvinnustefnu aðildarríkis eiga að taka til þeirra hópa fólks sem eiga erfitt með að fá fasta atvinnu. Má þar nefna hluta kvenna og ungra verkamanna, fatlað fólk, roskið launafólk, fólk sem lengi hefur verið atvinnulaust og farandverkamenn. Ráðstafanir þessar skulu vera í samræmi við reglur alþjóðlegra vinnumálasamþykkta og tillagna sem varða atvinnu þessara hópa og við vinnuskilyrði sem landslög og venjur hafa mótað.

16. Með tilliti til skilyrða á landsvísu og í samræmi við landslög og venjur geta ráðstafanir þær sem vísað er til í 15. gr. þessarar tillögu m.a. falið í sér

a. almenna menntun öllum til handa og áætlun um verknám og þjálfun til að hjálpa þessu fólki að finna starf og auka atvinnumöguleika þess og tekjur,
b. að koma á þjálfunarkerfi sem tengist bæði menntakerfinu og atvinnulífinu,
c. ráðgjafarþjónustu og vinnumiðlun til að aðstoða einstaklinga við að komast inn á vinnumarkaðinn og hjálpa þeim að finna starf við hæfi,
d. áætlanir sem skapa arðbæra atvinnu í tilteknum landshlutum, á tilteknum svæðum eða sviðum,
e. áætlanir um aðlögun vegna skipulagsbreytinga,
f. ráðstafanir varðandi þjálfun og endurþjálfun,
g. ráðstafanir vegna endurhæfingar til starfs,
h. aðstoð við flutninga af frjálsum vilja,
i. áætlanir um að efla sjálfstæða vinnu og samvinnufélög launafólks.

17.(1) Aðrar sérráðstafanir skulu taka til ungs fólks. Sérstaklega má nefna:

a. Opinberar stofnanir og einkafyrirtæki skulu hvött til að ráða og þjálfa ungt fólk á þann hátt sem hæfir aðstæðum og venjum í landinu.
b. Þótt áhersla skuli lögð á að koma ungu fólki í venjuleg störf má gera sérstakar áætlanir í því augnamiði að ráða ungt fólk sem kýs að vinna að samfélagslegum verkefnum, sérstaklega svæðisbundnum verkefnum af félagslegum toga og hafa þá í huga ákvæði tillögu um sérstök áform vegna æskunnar frá 1970.
c. Gera skal sérstakar áætlanir sem fela í sér að þjálfun og vinna skiptist á og aðstoða þannig ungt fólk við að komast inn á vinnumarkað.
d. Þjálfunina á að laga að tækni- og efnahagsþróun, og leitast við að bæta þjálfunaraðferðir.
e. Ráðstafanir skulu gerðar til að auðveldara verði að fara úr skóla í vinnu, og til að efla möguleika á að starf fáist að lokinni þjálfun.
f. Efla skal rannsóknir á atvinnuhorfum og nota þær við stefnumótun verknáms.
g. Öryggi og heilsu ungs verkafólks ber að vernda.

(2) Með ráðstöfunum þeim sem vísað er til í grein (1) hér á undan skal fylgjast náið til að tryggja að þær hafi heillavænleg áhrif varðandi atvinnu ungs fólks.

(3) Ráðstafanirnar eiga að vera í samræmi við ákvæði alþjóðlegra samþykkta og tillagna sem snerta atvinnu ungs fólks, og við vinnuskilyrði sem mótast hafa í samræmi við landslög og venjur.

18. Með hvatningu sem hæfir þjóðaraðstæðum og venjum má auðvelda að ráðstafanir þær sem vísað er til í 15. og 17. gr. nái fram að ganga.

19. Í samræmi við landslög og venjur skulu lögmæt stjórnvöld ráðfæra sig vandlega og með góðum fyrirvara við félagasamtök atvinnurekenda og launafólks og önnur samtök sem hlut eiga að máli um hvernig ráðstafanir þær og áætlanir sem vísað er til í 15. og 18. gr. þessarar tillögu skuli settar fram, þeim beitt og eftir þeim litið.

IV. KAFLI
Tæknistefna.

20. Einn aðalþáttur í þróunarstefnu þjóðar á að vera að auðvelda tækniþróun sem lið í að auka framleiðslugetu og ná því meginmarki að skapa tækifæri til atvinnu og fullnægja brýnustu þörfum. Tæknistefna á, með tilliti til stöðu efnahagsþróunar, að stuðla að því að bæta vinnuskilyrði og stytta vinnutímann, og einnig á hún að fela í sér ráðstafanir til að koma í veg fyrir atvinnumissi.

21. Aðildarríki eiga

a. að stuðla að rannsóknum á því hvernig velja skuli, innleiða og þróa nýja tækni og hvaða áhrif hún hafi á atvinnuumfang, fyrirkomulag og skilyrði, þjálfun, starfssvið og hæfniskröfur,
b. að stuðla að rannsóknum á þeirri tækni sem best eigi við séraðstæður landa með því að tryggja aðild óháðra rannsóknarstofnana.

22. Aðildarríki skulu kappkosta að tryggja með viðeigandi ráðstöfunum

a. að menntunar- og þjálfunarkerfi, þar með talin endurþjálfun, veiti launafólki nægileg tækifæri til að aðlagast breyttum kröfum vegna tæknibreytinga,
b. að sérstaklega sé hugað að því að nýta sem best þá sérþekkingu sem fyrir hendi er og kann að verða.
c. að neikvæð áhrif tæknibreytinga á atvinnu, vinnu- og lífsskilyrði, atvinnuöryggi og heilsu verði útilokuð svo sem kostur er, sérstaklega með því að gefa gaum að vinnuvistfræði og öryggis- og heilsufarsþáttum þegar farið er að móta nýja tækni.

23. Í samræmi við þjóðaraðstæður og venjur eiga aðildarríki á allan hátt að stuðla að því að viðeigandi ný tækni sé notuð og tryggja eða bæta samstarf og samráð milli aðila og samtaka sem þessi mál varða og heildarsamtaka atvinnurekenda og launafólks.

24. Hvetja skal samtök atvinnurekenda og launafólks, sem eiga hlut að máli, og fyrirtæki til að aðstoða við að útbreiða almennar upplýsingar um tæknilega valkosti, við að stuðla að tæknilegum tengslum milli stórra og smárra fyrirtækja og við að setja fram viðeigandi áætlanir um vinnuþjálfun.

25. Í samræmi við landsvenjur skulu aðildarþjóðir hvetja samtök atvinnurekenda og launafólks til að gera heildarsamkomulag, á landsvísu, á ákveðnum sviðum eða innan fyrirtækja, vegna félagslegra afleiðinga þess að innleiða nýja tækni.

26. Aðildarþjóðir skulu, svo sem auðið er og í samræmi við landslög og venjur, hvetja fyrirtæki, er innleiða í starfsemi sína tæknibreytingar sem líklegar eru til að hafa veruleg áhrif á verkafólk í fyrirtækinu,

a. til að gera launafólki og/eða fulltrúum þess grein fyrir hvernig áætlað sé að innleiða og nýta nýja tækni, það er upplýsa það um möguleikana sem slík tækni býður og áhrifin sem hún hefur, og ráðfæra sig við það fyrirfram með það fyrir augum að ná samkomulagi,
b. til að stuðla að því að skipuleggja vinnutíma og deilingu vinnunnar betur,
c. til að koma í veg fyrir og milda svo sem auðið er öll neikvæð áhrif tæknibreytinga á launafólk,
d. til að stuðla að fjárfestingu í tækni sem hvetja mundi beint eða óbeint til atvinnusköpunar og verða til þess smátt og smátt að auka framleiðni og fullnægja brýnustu þörfum íbúanna.

V. KAFLI
Hinn óskipulagði hluti atvinnulífsins.

27.(1) Atvinnustefnan á landvísu á að viðurkenna mikilvægi hins óskipulagða hluta atvinnulífsins sem atvinnuveitanda, þ.e. hinnar efnahagslegu starfsemi sem fram fer utan hinnar skipulögðu efnahagsstarfsemi.

(2) Móta skal og útfæra atvinnuáætlanir er ýti undir fjölskylduvinnu og sjálfstæða atvinnu á einkaverkstæðum, bæði í dreifbýli og þéttbýli.

28. Aðildarríki skulu gera ráðstafanir til að stuðla að gagnkvæmum og bættum tengslum milli hins skipulagða og óskipulagða hluta til þess að fyrirtækjum í hinum óskipulagða hluta hlotnist greiðari aðgangur að auðlindum, mörkuðum, lánsviðskiptum, innra skipulagi, kennslubúnaði, sérfræðilegri tækniþekkingu og bættri tækni.

29.(1) Um leið og aðildarþjóðir gera ráðstafanir til að auka atvinnumöguleika og bæta vinnuaðstöðu í hinum óskipulagða hluta atvinnulífsins skulu þær leitast við að auðvelda hægfara aðlögun hans að efnahagslífi þjóðarinnar.

(2) Aðildarþjóðir skulu taka tillit til þess að aðlögun óskipulagða hlutans að hinum skipulagða kann að minnka getu hins síðarnefnda til að taka til sín vinnuafl og skapa tekjur. Engu að síður eiga þær að leitast við að láta skipulagsráðstafanir sínar markvisst ná til óskipulagða hluta atvinnulífsins.

VI. KAFLI
Smáfyrirtæki.

30. Atvinnustefna þjóðar á að taka tillit til mikilvægis smáfyrirtækja við að skapa atvinnu og viðurkenna skerf staðbundins framtaks til atvinnusköpunar í baráttunni við atvinnuleysi og í þágu hagvaxtar. Þessi fyrirtæki, sem geta verið með ýmsu móti, svo sem lítil hefðbundin fyrirtæki, samvinnufyrirtæki og samtök, veita atvinnumöguleika, einkum launafólki sem á við sérstaka erfiðleika að etja.

31. Eftir að hafa ráðfært sig við félagasamtök atvinnurekenda og launafólks og í samvinnu við þau skulu aðildarríki gera nauðsynlegar ráðstafanir til að stuðla að gagnkvæmu og bættu sambandi fyrirtækjanna sem getið er um í 30. gr. þessarar tillögu og annarra fyrirtækja til að bæta vinnuskilyrði í fyrrnefndu fyrirtækjunum og til að gera aðgang þeirra greiðari að mörkuðum, lánsviðskiptum, sérfræðilegri tækniþekkingu og þróaðri tækni.

VII. KAFLI
Staðbundin þróunarstefna.

32. Aðildarþjóðir skulu, í samræmi við landslög og venjur, viðurkenna mikilvægi þess að jafnvægi ríki í þróun tiltekinna landsvæða til að milda félagslegan og atvinnulegan vanda sem skapast af ójafnri dreifingu náttúruauðlinda og ófullnægjandi möguleikum til að flytja framleiðslutækin og til að hamla gegn misskiptingu framleiðslu og atvinnu milli staða og landsvæða.

33. Ráðstafanir skulu gerðar, í samráði og samvinnu við fulltrúa hlutaðeigandi íbúa og sérstaklega við atvinnurekendasamtök og samtök launafólks í því skyni að stuðla að atvinnu á svæðum þar sem iðnaðar- og landbúnaðarframleiðsla dregst saman, jaðarsvæðum og almennt í þeim hlutum landsins sem ekki hafa notið góðs af þróuninni í landinu.

34. Með tilliti til skilyrða í landinu og áforma og áætlana hverrar aðildarþjóðar geta ráðstafanir sem vísað er til í 33. gr. þessarar tillögu m.a. falið í sér

a. að mynda og þróa framleiðslusvæði og framleiðslumiðstöðvar sem horfa til atvinnuaukningar,
b. að þróa og efla staðbundin tækifæri með tilliti til getu mannaflans og náttúruauðlinda á hverjum stað og þarfarinnar á samfelldri og stöðugri þróun slíkra svæða,
c. að stækka bæi þorp og fjölga þeim til þess að vega upp á móti vexti stórra borga,
d. bæta tiltæka nauðsynlega þjónustu, dreifa henni betur og gera hana aðgengilegri og fullnægja þannig frumþörfum,
e. hvetja til þess með viðeigandi félagslegum ráðstöfunum að launafólk færi sig um set af fúsum og frjálsum vilja innan hvers svæðis og milli staða í landinu, en leggja sig samtímis fram um að skapa þeim sómasamleg lífskjör og vinnuskilyrði í átthögum,

f. að fjárfesta í bættu innra skipulagi, þjónustu og stjórnkerfi staðanna, m.a. með því að útvega nægt starfslið og gera þjálfun og endurþjálfun mögulega; og
g. stuðla að þátttöku sveitarfélaga í að skilgreina og útfæra hinar staðbundnu þróunaraðgerðir.

VIII. KAFLI
Opinber fjárfesting og sérstakar opinberar atvinnuáætlanir.

35. Aðildarríkin gætu lagt út í efnahags- og félagslega lífvænlega fjárfestingu og útfært sérstakar opinberar vinnuáætlanir, einkum með tilliti til þess að skapa og viðhalda atvinnu og auka tekjur, draga úr fátækt og koma betur til móts við brýnustu þarfir á svæðum þar sem mikið atvinnuleysi og atvinnuskortur ríkir. Slíkar áætlanir eiga, þar sem mögulegt er og viðeigandi,

a. að taka sérstakt tillit til þess að skapa atvinnu fyrir hópa sem minna mega sín,
b. að taka til verkefna er snerta innra skipulag í dreifbýli og þéttbýli og fela auk þess í sér að koma upp aðstöðu til að fullnægja brýnustu þörfum í dreifbýli, borgum og úthverfum og auka arðvænlegar fjárfestingar til þátta er snerta t.d. orku og fjarskipti,
c. að stuðla að því að bæta félagslega þjónustu, svo sem í menntamálum og heilsugæslu,
d. að vera skipulagðar og útfærðar innan ramma þróunaráætlunar þar sem hún er fyrir hendi og í samráði við þau samtök atvinnurekenda og launafólks sem í hlut eiga,
e. að tilgreina það fólk sem áætlanirnar eiga að ná til, ákvarða það vinnuafl sem tiltækt er og skilgreina forsendur fyrir verkefnisvali,
f. að tryggja að launafólk sé ráðið af fúsum og frjálsum vilja,
g. að tryggja að vinnuafl sé ekki tekið frá annarri framleiðslustarfsemi,
h. að sjá til þess að vinnuskilyrði séu í samræmi við landslög og venjur og sérstaklega við lagaákvæði um aðgang að vinnu, vinnutíma, launakjör, launuð frí, öryggi og heilbrigði á vinnustað og bætur fyrir vinnuslys,
i. að auðvelda starfsþjálfun þeirra sem áætlanirnar taka til en einnig endurþjálfun þeirra sem verða að skipta um starf vegna skipulagsbreytinga í framleiðslu og atvinnu.

IX. KAFLI
Atvinna og alþjóðlegt efnahagssamstarf.

36. Aðildarríki eiga að stuðla að auknum alþjóðaviðskiptum og hjálpa þannig hvert öðru til að auka atvinnuna. Í þessu augnamiði eiga þau að vinna saman í alþjóðlegum hópum sem starfa að því að auka alþjóðaviðskipti varanlega og gera þau hagkvæm á báða bóga og auðvelda tækniaðstoð og fjárfestingu.

37. Minnug ábyrgðar sinnar í samskiptum við aðra lögmæta alþjóðlega aðila eiga aðildarríki að setja sér eftirtalin markmið í því augnamiði að tryggja virka atvinnustefnu:

a. að stuðla að því að auka framleiðslu og alþjóðaviðskipti sem forsendur efnahagslegs stöðugleika og vaxandi atvinnu, innan ramma alþjóðlegs þróunarsamstarfs og á grundvelli jafnréttis og gagnkvæms ávinnings,
b. að viðurkenna að samspil ríkja, sem stafar af aukinni samþættingu í efnahag heimsins, ætti að ýta undir að slíkt andrúmsloft myndist að ríki geti, þegar við á, sett fram sameiginlega stefnu sem miðist að því að bæði félagslegur kostnaður og ávinningar af aðlögun að formgerðarbreytingu dreifist réttlátar og alþjóðatekjur og auður sömuleiðis, til þess að auðvelda þróunarlöndunum að taka við vaxandi vinnukrafti sínum og iðnríkjum að auka atvinnu og lækka aðlögunarkostnað vegna verkamanna er þarna koma við sögu,
c. að samhæfa þjóðarstefnur varðandi viðskipti og formgerðarbreytingar og aðlögun að þeim til þess að gera þróunarlöndunum kleift að taka meiri þátt í iðnframleiðslu heimsins

í opnu og réttlátu viðskiptakerfi, að gera vöruverð stöðugt og arðvænlegt að því marki að bæði framleiðendur og neytendur sætti sig við og að örva fjárfestingu í framleiðslu og meðhöndlun vara í þróunarlöndunum,

d. að hvetja til friðsamlegra lausna deilumála milli þjóða og samþykkta um viðræður um minnkandi vígbúnað sem leiða muni til öryggis fyrir allar þjóðir og einnig þess að í stað vígbúnaðarkostnaðar og hervæðingar aukist þjónusta og framleiðsla á lífsnauðsynjum, sérstaklega í þágu brýnustu þarfa íbúanna og þróunarlandanna,

e. að leita samkomulags um sameiginlegt átak á alþjóðavettvangi til að bæta hið alþjóðlega efnahagskerfi, sérstaklega á fjármálasviðinu, til þess að stuðla að atvinnu bæði í iðnaðar- og þróunarlöndunum,

f. að auka gagnkvæmt efnahags- og tæknisamstarf, sérstaklega milli landa sem ólíkt eru á vegi stödd í efnahagsþróun og búa við ólíkt félagslegt og efnahagslegt kerfi, með því að miðla reynslu á báða bóga og rækta hæfileikana til samstarfs, sérstaklega á sviði atvinnumála og hugvits og þegar um það er að ræða að velja, þróa og yfirfæra tækni í samræmi við lög og venjur varðandi eignarrétt sem báðir aðilar samþykkja,

g. að skapa skilyrði til varanlegs, verðbólgulauss hagvaxtar í heiminum og til að koma á fót bættu alþjóðlegu gjaldeyriskerfi sem leiða mundi til þess að sett yrði fram nýtt alþjóðlegt efnahagsskipulag,

h. að tryggja meiri stöðugleika í gjaldeyrismálum, minnkandi skuldabyrði þróunarlandanna, skilyrði til langtímafjárhagsaðstoðar við þróunarlöndin með góðum kjörum og samþykkt um aðlögunarstefnu sem stuðlar að atvinnu og því að fullnægja brýnustu þörfum.

38. Aðildarríki eiga

a. að stuðla að því að tækni sé flutt með það fyrir augum að gera þróunarlöndunum kleift að tileinka sér, með sanngjörnum og réttmætum kjörum, þá tækni sem best á við til að stuðla að atvinnu og því að fullnægja brýnustu þörfum,

b. gera viðeigandi ráðstafanir til að skapa og halda við atvinnu og til að veita möguleika til þjálfunar og endurþjálfunar. Slíkar ráðstafanir geta falið í sér að stofna aðlögunarsjóði — á landsvísu, staðbundna eða alþjóðlega — í þeim tilgangi að veita aðstoð við jákvæða aðlögun iðnaðar- og verkafólks sem skapast hefur vegna efnahagsbreytinga í heiminum.

X. KAFLI

Atvinna og mannflutningar landa í milli.

39. Þar sem mannflutningar milli landa eiga sér stað eiga aðildarríki með tilliti til alþjóðlegra samninga og ályktana um farandverkamenn að marka stefnu sem miðar að því

a. að skapa fleiri atvinnumöguleika og betri vinnuskilyrði í löndum þeim sem flutt er frá til þess að minnka þörfina á að menn flytji úr landi í atvinnuskyni,

b. að tryggja að mannflutningar landa í milli eigi sér stað á þeim forsendum að stuðla að fullri og arðbærri atvinnu, valinni af frjálsum vilja.

40. Aðildarríki sem samkvæmt hefð taka marga erlenda verkamenn í vinnu eiga — þegar þeir koma frá þróunarlöndum — að leggja sig fram um að taka þátt í uppbyggingu í heimalandi þeirra með því að auka hreyfingu fjármagns á viðeigandi hátt, auka viðskiptin, flytja tækniþekkingu og aðstoða við starfsþjálfun heimafólks til þess að kostur verði á öðru en flutningi úr landi í atvinnuskyni og til að aðstoða löndin sem í hlut eiga við að bæta atvinnustöðu sína.

41. Aðildarríki, sem hafa margendurtekna reynslu af verulegum útflutningi borgara sinna í atvinnuskyni, eiga að gera ráðstafanir með lagasetningu, samkomulagi við félagasamtök vinnuveitenda og verkalýðs, eða á einhvern annan hátt í samræmi við skilyrði og venjur í landinu — og svo framarlega sem slíkar ráðstafanir eru ekki í ósamræmi við rétt hvers og eins

til að yfirgefa sérhvert land, m.a. sitt eigið — til að koma í veg fyrir misferli við ráðningu eða brottför sem gæti leitt til ólöglegrar komu, dvalar eða atvinnu í öðru landi.

42. Til að gera þeim sem búa yfir fágætum hæfileikum auðvelt að snúa aftur heim eiga þróunarlönd sem búa við útflutning fólks

a. að hvetja launafólk til heimkomu svo sem kostur er,
b. efna til samvinnu landa sem ráða þegna þeirra og einnig alþjóðavinnumálaskrifstofunnar og annarra hlutaðeigandi alþjóðlegra eða staðbundinna aðila.

43. Aðildarríki, bæði lönd sem veita vinnu (fósturlönd) og heimalönd, eiga að gera viðeigandi ráðstafanir til að

a. koma í veg fyrir misferli við ráðningu vinnuafls vegna atvinnu erlendis,
b. koma í veg fyrir misnotkun á farandverkamönnum,
c. tryggja að rétturinn til félagsfrelsis og til að bindast samtökum og semja sem heild sé í fullu gildi.

44. Aðildarríki, bæði fósturlönd og heimalönd, eiga, þegar nauðsyn krefur og með tilliti til gildandi alþjóðavinnusamninga og ályktana um farandverkamenn, að gera bæði tvíhliða og marghliða samkomulag sem tekur til atriða eins og réttar til komu og dvalar, réttarverndar í kjölfar atvinnu, aukinna möguleika til menntunar og þjálfunar til handa farandverkafólki, félagslegs öryggis, og stuðnings við verkamenn og fjölskyldur þeirra óski þeir að hverfa aftur til heimalands síns.

Nd. 859. Frumvarp til laga [494. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Friðrik Sophusson, Ingi Björn Albertsson.

1. gr.

5. málsl. 1. mgr. 64. gr. laganna orðast svo: Á sama hátt er eftirlifandi maka heimilt að telja fram allar tekjur sínar og hins látna maka á andlátsári hans í samræmi við ákvæði 63. gr. og skal eftirlifandi maka að auki heimill persónuafsláttur að sömu fjárhæð og ef maka hefði notið við til lækkunar á tekjuskatti í fulla níu mánuði frá og með þeim mánuði er maki féll frá.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1991 vegna tekna á árinu 1990 og eigna í lok þessa árs.

Greinargerð.

Með þessu frumvarpi er lagt til að gerð verði breyting á 64. gr. tekjuskattslaga. Í þeirri grein er kveðið á um færslu persónuafsláttar á milli hjóna og milli sambúðarfólks. Samkvæmt núgildandi lögum getur eftirlifandi maki nýtt sér persónuafslátt hins látna á því almanaksári sem andlát makans bar að. Eftirlifandi karl eða kona getur því nýtt sér samkvæmt þessari heimild persónuafslátt látins maka síns í einn til tólf mánuði eftir því hvenær árs maki lést. Rétt er að vekja á því athygli að þetta fyrirkomulag er ekki nýtt. Á árinu 1978 voru gerðar breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt þannig að eftirlifandi maki gæti nýtt persónuafslátt fráfallins maka á andlátsári hans. Persónuafsláttur hækkaði hins vegar mjög mikið við upptöku staðgreiðslu á árinu 1988 og þar með hefur orðið meira áberandi sú mismunun sem felst í þessum reglum. Þó að þessar reglur virðist mjög ósanngjarnar ber að hafa í huga að skv. 66. gr. laganna getur skattstjóri lækkað tekjuskattsstofn ef mannslát hefur

haft í för með sér röskun á stöðu og högum eftirlifandi maka og er þá tekið tillit til allra þátta, þar á meðal hvernig persónuafsláttur fráfallins maka nýtist þeim eftirlifandi.

Í þessu frumvarpi er lagt til að þessum reglum verði breytt þannig að allir njóti sama réttar, óháð því hvenær maki fellur frá. Hér er lagt til að eftirlifandi maka skuli heimill persónuafsláttur að sömu fjárhæð og ef maka hefði notið við til lækkunar á tekjuskatti í fulla níu mánuði frá og með þeim mánuði er maki féll frá. Erfitt er að áætla tekjumissi ríkissjóðs verði frumvarpið samþykkt vegna heimilda skattstjóra í 1. tölul. 66. gr. Hámarkstekjutap ríkissjóðs gæti orðið 50 millj. kr. á ári á verðlagi ársins 1990.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt þessari grein er lögð til sú breyting að allir, sem missa maka sinn, njóti sama réttar til að nýta persónuafslátt þess maka er féll frá. Hér er lagt til að þessi réttur vari í fulla níu mánuði frá og með þeim mánuði er maki féll frá. Nú er það háð því hvenær andlát ber að innan ársins hve mikinn persónuafslátt eftirlifandi maki getur nýtt sér.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Ed. 860. Frumvarp til laga [177. mál]

um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 3. apríl.)

1. gr.

Við 19. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo:
5.16. Slysavarnir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

Ed. 861. Nefndarálit [42. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, sbr. lög nr. 59/1988.

Frá meiri hl. samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Bárust umsagnir frá borgarstjóranum í Reykjavík, Félagi leiðsögumanna, Ferðaþjónustu bænda, Náttúruverndarráði, Félagi íslenskra ferðaskrifstofa, Ferðamálaráði Íslands og Sambandi veitinga- og gistihúsa. Með tilliti til þessara umsagna leggur meiri hl. nefndarinnar til nokkrar breytingar á frumvarpinu sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali og mælir með samþykkt þess svo breytts.

Halldór Blöndal var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. apríl 1990.

Karvel Pálmason, form.	Skúli Alexandersson, fundaskr.	Egill Jónsson, frsm.
Jón Helgason.		Stefán Guðmundsson.

Ed. 862. Breytingartillögur [42. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, sbr. lög nr. 59/1988.

Frá meiri hl. samgöngunefndar (KP, JHelg, SkA, EgJ, StG).

1. Á undan 1. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Við 7. gr. laganna bætist nýr töluliður er verði 13. tölul. og orðist svo:
   13. Samráð og samstarf við ferðamálasamtök landshluta og ferðamálanefndir sveitarfélaga um skipulagningu ferðamála á viðkomandi svæði og önnur þau verkefni er tengjast ferðamálum.
2. Við 1. gr.
   a. 1. efnismgr. a-liðar orðist svo:
      Heimilt er sveitarstjórn eða sveitarstjórnum sameiginlega að skipa ferðamálanefnd. Í nefndinni skulu eiga sæti fimm menn þegar hún er skipuð af einu sveitarfélagi en sjö menn ef fleiri sveitarfélög eiga aðild að nefndinni. Nefndin kýs sér formann. Nefndinni er heimilt að kalla til sín áheyrnarfulltrúa sem tengjast ferðamálum þegar ástæða þykir til.
   b. Á eftir fyrri málslið 2. efnismgr. a-liðar bætist: Skal nefndin vinna að slíku í samráði og samstarfi við Ferðamálaráð.
   c. 3. efnismgr. a-liðar falli brott.
   d. Síðari málsliður 4. efnismgr. a-liðar falli brott.
3. Á eftir 1. gr. komi ný grein er orðist svo:
   23. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 59/1988, breytist þannig:
   a. Í stað orðanna „einkaaðilum og opinberum aðilum“ í 1. og 2.. tölul. komi: einkaaðilum, opinberum aðilum, sveitarfélögum og ferðamálanefndum.
   b. Í stað orðanna „einkaaðila og opinberra aðila“ í 4. tölul. komi: einkaaðila, opinberra aðila, sveitarfélaga og ferðamálanefnda.

Ed. 863. Nefndarálit [445. mál]

um frv. til l. um breyt. á sjómannalögum, nr. 35/1985.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Halldór Blöndal og Egill Jónsson voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. apríl 1990.

Karvel Pálmason, form.	Skúli Alexandersson, fundaskr., frsm.	Jón Helgason.
Þorv. Garðar Kristjánsson.		Stefán Guðmundsson.

Ed. 864. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um lögheimili.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Hallgrím Snorrason hagstofustjóra og Ævar Ísberg vararíkisskattstjóra.

Nokkurn tíma hefur tekið að fjalla um frumvarpið í nefndinni því að ekki hefur legið ljóst fyrir hvaða afleiðingar frumvarpið hefði á skattlagningu námsmanna sem eru við nám á Norðurlöndum. Nefndinni hefur nú borist bréf frá fjármálaráðherra þar sem því er lýst yfir að ráðuneytið sé nú að athuga þetta atriði og ef við athugunina komi í ljós að frumvarpið skerði rétt námsmanna erlendis þá muni hann leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á tekjuskatts- og eignarskattslögum er tryggi að ný lögheimilislög hafi ekki áhrif á skattlega meðferð námsmanna sem eru við nám erlendis. Yfirlýsing fjármálaráðherra er birt sem fylgiskjal með áliti þessu.

Með hliðsjón af bréfi fjármálaráðherra og því að brýnt er að fá frumvarpið lögfest mælir nefndin með samþykkt þess, með þeirri breytingu að gilditökuákvæði þess færist frá 1. júlí 1990 til 1. janúar 1991. Þessi breyting er gerð til að veita Hagstofu Íslands meiri tíma til að undirbúa framkvæmd laganna en gildistökuákvæði frumvarpsins hafði miðast við að það yrði afgreitt fyrr á þessu þingi.

Alþingi, 28. mars 1990.

Margrét Frímannsdóttir, form., frsm.	Guðmundur H. Garðarsson, fundaskr.	Danfríður Skarphéðinsdóttir, með fyrirvara.
Karl Steinar Guðnason.	Jóhann Einvarðsson.	Salome Þorkelsdóttir.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Fylgiskjal.

Bréf fjármálaráðherra til félagsmálanefndar efri deildar.
(20. mars 1990.)

Ráðuneytinu hefur verið kynnt frumvarp til laga um lögheimili sem háttvirtur félagsmálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi. Sérstaklega hefur verið óskað eftir upplýsingum um hvaða afleiðingar breyting 9. gr. frumvarpsins hefur í för með sér varðandi skattlagningu námsmanna, en samkvæmt henni geta þeir námsmenn, sem skráðir eru með fasta búsetu erlendis, ekki átt samtímis lögheimili hér á landi eins og verið hefur. Þetta snertir eingöngu námsmenn á Norðurlöndum.

Nú er verið að skoða í ráðuneytinu hvaða afleiðingar umrætt frumvarp hefur á skattlagningu námsmanna sem eru við nám erlendis. Ef í ljós kemur að umrædd breyting muni skerða rétt námsmanna samkvæmt skattalögum mun undirritaður leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sem tryggir að umrætt frumvarp til laga um lögheimili mun ekki hafa áhrif á skattalega meðferð námsmanna sem eru við nám erlendis.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Ed. 865. Breytingartillaga [131. mál]

við frv. til l. um lögheimili.

Frá félagsmálanefnd.

Við 12. gr. Í stað orðanna „1. júlí 1990“ komi: 1. janúar 1991.

Sþ. 866. Skýrsla [144. mál]

forsætisráðherra um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi, samkvæmt beiðni.

1. AFSTAÐA STJÓRNVALDA

Alþingi samþykkti hinn 9. maí 1985 þingsályktun þar sem skorað er á ríkisstjórnina að láta fara fram endurskoðun á gildandi lagaákvæðum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

Þingsályktunin var send forsætisráðherra og viðskiptaráðherra til meðferðar. Ákveðið var að taka saman skýrslu er hefði að geyma skilgreiningu hugtaksins og greinargerð um hvern þeirra þriggja meginþátta sem efnislega skipta mestu máli við mörkun heildarstefnu varðandi erlenda fjárfestingu í atvinnurekstri á Íslandi. Í skýrslunni var því í fyrsta lagi fjallað um yfirlit um gildandi lagaákvæði er lúta að erlendri fjárfestingu. Í öðru lagi um stöðu þessara mála erlendis og athyglinni beint að aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD) en á vegum þeirrar stofnunar hefur á undanförnum árum verið unnið mikið starf til að auka frelsi í alþjóðlegum fjármagnsflutningum. Í þriðja lagi um gildi erlendrar fjárfestingar einkum í samanburði við erlendar lántökur. Skýrslan var lögð fram á 109. löggjafarþingi 1986–1987, en í framhaldi af þeirri skýrslu skipaði þáverandi forsætisráðherra starfshóp hinn 19. febrúar 1986 „til þess að samræma lög og reglur, sem hér á landi gilda um fjárfestingu erlendra aðila“. Eftir ríkisstjórnarskipti var starfshópurinn leystur frá störfum og hinn 4. september 1987 skipaði þáverandi forsætisráðherra nefnd til þess að gera tillögur um samræmingu á lögum og reglum um fjárfestingu erlendra aðila í íslensku atvinnulífi. Nefndin samdi frumvarp til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi, sem lagt var fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–1988.

Nefndin hafði tvennt að leiðarljósi við samningu frumvarpsins. Í fyrsta lagi nauðsyn á að samræma lagareglur um heimildir erlendra aðila til að fjárfesta í íslenskum atvinnurekstri en gildandi ákvæði þar að lútandi eru bæði sundurleit og ósamstæð. Í öðru lagi lagði nefndin til grundvallar í starfi sínu þá pólitísku stefnumörkun sem fram kom í starfsáætlun þáverandi ríkisstjórnar um markmið endurskoðunar og samræmingar á reglum um erlent fjármagn í íslensku atvinnulífi.

Tóku tillögur nefndarinnar mið af því að tryggja full yfirráð Íslendinga yfir náttúruauðlindum til lands og sjávar, en auk þess komu fram í frumvarpinu nokkrar aðrar takmarkanir á erlendum fjárfestingum hér á landi, einkum vegna öryggishagsmuna og af menningarlegum ástæðum. Helstu takmarkanir voru á sviði fiskveiða og fiskvinnslu. Þá voru skorður reistar við aðild erlendra aðila að viðskiptabönkum, blaðaútgáfu og rekstri útvarpsstöðva hér á landi, auk þess sem erlend fjárfesting var í vissum tilvikum háð leyfi. Með frumvarpinu var samt sem áður lögð til veruleg rýmkun á rétti erlendra aðila til fjárfestingar í atvinnurekstri hér á landi. Jafnframt var lögð áhersla á eftirlit með erlendri fjárfestingu og að þeir erlendir aðilar sem hér fjárfesta lúti í einu og öllu íslenskum lögum, þar á meðal skattalögum og lögsögu íslenskra dómstóla. Fyrir frumvarpinu var aldrei mælt á Alþingi. Lítil umræða hefur því farið fram um efni þess.

Í málefnasamningi núverandi ríkisstjórnar segir m.a. að athafnafrelsi einstaklinga og félaga verði meginregla í atvinnumálum og frjálsræði í milliríkjaviðskiptum. Jafnramt segir:

„Unnið verður að því að endurskoða lög og reglur til þess að búa íslenskum fyrirtækjum starfsskilyrði sem eru sambærileg við það sem samkeppnisaðilar þeirra erlendis njóta."

Hinn 7. desember 1989 skipaði forsætisráðherra starfshóp til þess að yfirfara og endurskoða áðurnefnt frumvarp til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi, sem lagt hafði verið fram á 110. löggjafarþingi 1987–1988. Í starfshópinn voru skipaðir Jón Sveinsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, formaður, Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri, Friðrik Sigurðsson framkvæmdastjóri, Heimir Hannesson lögmaður og Ragnar Arnalds alþingismaður. Að lokinni endurskoðun hópsins og endursamningu er að því stefnt að leggja frumvarp fram af hálfu núverandi ríkisstjórnar á næsta haustþingi. Er nauðsynlegt að hafa heildstæð grundvallarlög á þessu sviði.

Í skýrslu þessari er að ýmsu leyti byggt á upplýsingum sem fram koma í áður tilvitnuðu frumvarpi og skýrslu viðskiptaráðherra um erlenda fjárfestingu og íslenskt atvinnulíf.

2. GILDANDI REGLUR

Gildandi lagaákvæði um heimildir erlendra aðila til fjárfestingar í atvinnurekstri hér á landi eru mjög ósamstæð að efni til. Auk þess eru þessi ákvæði á víð og dreif í lögum. Mjög erfitt er því að fylgjast með og hafa yfirsýn yfir fjárfestingar erlendra aðila hér á landi. Af þessum sökum hefur nokkur óvissa og skoðanamunur ríkt varðandi það hverjar séu heimildir erlendra aðila til fjárfestinga í atvinnugreinum, sem sérstök lög hafa ekki verið sett um. Heppilegast virðist því að setja ein lög í stað margra og margvíslegra lagaákvæða sem nú gilda um heimildir erlendra aðila til að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi. Er að því stefnt.

Íslensk lagaákvæði fjalla með mismunandi hætti um möguleika erlendra aðila til að fjárfesta í atvinnurekstri hérlendis. Til einföldunar má greina á milli fjögurra meginatriða. Í fyrsta lagi er um að ræða reglur um stofnun eða kaup erlendra aðila í fyrirtækjum á Íslandi, svo og reglur um setu erlendra ríkisborgara í stjórn fyrirtækja sem eru skráð og starfrækt hér. Ákvæði þessa efnis er fyrst og fremst að finna í hlutafélagslögum og lögum um einstakar atvinnugreinar. Í öðru lagi eru reglur um kaup eða leigu slíkra fyrirtækja á fasteignum. Í þriðja lagi hafa reglur um fjármagnsgreiðslur til og frá landinu sérstaka þýðingu fyrir þessi fyrirtæki. Í fjórða lagi geta ákvæði skattalaga breytt starfskjörum þessara fyrirtækja.

3. HLUTAFÉLAGALÖG

Í lögum nr. 32/1978, um hlutafélög, er að finna tvenns konar ákvæði sem varða erlenda fjárfestingu í hlutafélögum. Fyrra atriðið lýtur að stofnendum hlutafélags og mæla lögin svo fyrir að meiri hluti þeirra hafi heimilisfesti á Íslandi í tvö ár hið minnsta. Síðara atriðið lýtur að starfsemi erlendra hlutafélaga á Íslandi. Segir þar að vilji erlent hlutafélag taka til starfa hér á landi án þess að opna sjálfstætt fyrirtæki, hugsanlega í samvinnu við innlenda eða aðra erlenda aðila, geti það fengið starfsleyfi viðskiptaráðherra. Leyfisveitingin er hins vegar háð ákveðnum skilyrðum. Félagið verður að opna sérstakt útibú á Íslandi og ráða því útibússtjóra með íslenskt ríkisfang og heimilisfesti. Viðskiptaráðherra getur þó veitt undanþágu frá ríkisfangsskilyrðinu. Það verður að vera löglegt í heimalandi sínu og fullnægja meginskilyrðum hlutafélagalaga fyrir því að teljast hlutfélag. Síðast en ekki síst kveða lögin á um að starfsemi útibúsins verði að fullnægja ákvæðum hlutaðeigandi atvinnulaga.

Í hlutafélagalögum er enn fremur að finna almennt ákvæði um setu erlendra ríkisborgara í stjórn hlutafélags sem er starfrækt og skráð á Íslandi. Þar er sú krafa gerð að meiri hluti stjórnarmanna og framkvæmdastjóri hafi heimilisfesti á Íslandi. Þó er viðskiptaráðherra heimilt að veita undanþágu frá því. Þetta ákvæði víkur hins vegar fyrir ákvæðum einstakra atvinnulaga sem kveða á um ríkisfang og heimilisfesti stjórnarmanna og framkvæmdastjóra.

4. LÖG UM EIGNARRÉTT OG AFNOTARÉTT FASTEIGNA

Fjárfestingar erlendra aðila í einstökum atvinnugreinum geta átt sér stað þótt fátítt sé að lög heimili berum orðum meirihlutaeign útlendinga á fyrirtækjum. Lög nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt af fasteignum, kunna samt að koma í veg fyrir að erlendir aðilar geti nýtt sér þær heimildir sem felast í lögum um einstakar atvinnugreinar og túlkun á löggjöfinni í heild sinni. Samkvæmt lögunum frá 1966 er það meginreglan að einstaklingur, sem vill öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteign á Íslandi, skuli vera íslenskur ríkisborgari. Sé um að ræða félag með ótakmarkaðri ábyrgð skulu allir félagsmenn vera íslenskir ríkisborgarar. Í hlutafélagi skulu ⅘ hlutar hlutafjár vera eign íslenskra ríkisborgara og íslenskir ríkisborgarar fara með meiri hluta hlutafjár á hluthafafundum. Slík félög skulu og eiga hér heimili og varnarþing og stjórnendur allir vera íslenskir ríkisborgarar. Þessi skilyrði eiga hins vegar ekki við ef leiga eða eignarhald á fasteign varir skemur en þrjú ár eða ef uppsögn leigusamnings vegna fasteignar er áskilin með eigi lengri en árs fyrirvara. Að auki getur dómsmálaráðherra veitt erlendum aðilum undanþágu frá skilyrðum um íslenskt ríkisfang „ef ástæða þykir til“, eins og segir í lögunum.

5. SÉRLÖG UM ATVINNUGREINAR

Lög um einstakar atvinnugreinar hafa mörg hver þann megintilgang að binda rekstur fyrirtækja í þeirri atvinnugrein sem þau taka til við aðila er fullnægja tilteknum hæfisskilyrðum, svo sem um menntun eða starfsreynslu innan viðkomandi greinar. Mörg þessara laga reisa einnig skorður við eignaraðild útlendinga að atvinnurekstri þótt þær takmarkanir séu með mismunandi hætti eftir greinum. Til að gæta þess að skilyrði laganna séu virt kveða lögin oftast nær svo á að rekstur fyrirtækis á því sviði sem þau taka til sé háður sérstöku leyfi stjórnvalda. Útgáfa leyfis getur þá verið í höndum hlutaðeigandi ráðherra en einnig hjá sýslumanni, bæjarfógeta eða lögreglustjóra í því umdæmi sem fyrirtækið hyggst hafa aðsetur í.

Til að varpa skýrara ljósi á stöðu þessara mála er nauðsynlegt að fjalla um hverja atvinnugrein fyrir sig og þau sérlög sem um greinina gilda.

5.1. Fiskveiðar og fiskvinnsla.

Fiskveiðar.

Í lögum nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, sbr. og lög nr. 81/1976, segir að einungis íslenskum ríkisborgurum sé heimilt að stunda „fiskveiðar í landhelgi við Ísland“. Virðist þessi regla ekki einungis ná til einstaklingsfyrirtækja heldur og til sameignarfélaga og annarra félaga sem rekin eru með ótakmarkaðri ábyrgð félagsmanna. Um hlutafélög gegnir nokkuð öðru máli og kveða lögin svo á að meira en helmingur hlutafjár í hlutafélögum, sem reka útgerð, skuli vera í eigu íslenskra ríkisborgara, félagið skuli eiga lögheimili á Íslandi og stjórn þess skipuð íslenskum ríkisborgurum og sé a.m.k. helmingur þeirra búsettur hér á landi. Í lögum nr. 115/1985, um skráningu skipa, eru enn fremur strangar reglur um íslenskt eignarhald á skipum, þar á meðal þeim skipum sem notuð eru til fiskveiða.

Fiskvinnsla.

Ákvæði laga nr. 33/1922 um fiskvinnslu eru ekki eins skýr að þessu leyti og ákvæðin sem gilda um útgerð. Samkvæmt athugasemdum er fylgdu frumvarpi að lögum þessum var megintilgangur þeirra sá að koma í veg fyrir að útlendingar gætu stundað fiskveiðar innan landhelgi og verkað aflann þar eða í landi. Ef útlendingur fjárfestir í fyrirtæki, sem einvörðungu stundar fiskvinnslu en ekki útgerð eru ekki skýr lagaákvæði.

Af hálfu yfirvalda hefur verið litið svo á að því aðeins fáist leyfi til fiskvinnslu að um fulla eignaraðild íslenskra aðila sé ræða. Sökum óskýrra lagaákvæða um þetta efni hefur oftar en einu sinni risið ágreiningur um lagatúlkun á þessu sviði.

Uppboðsmarkaður.

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 123/1989, um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla, er einungis heimilt að veita þeim leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar, sem hafa íslenskan ríkisborgararétt og átt hafa búsetu á Íslandi sl. tvö ár. Enn fremur má veita hlutafélögum leyfi til reksturs, enda sé hlutafélagið í eigu íslenskra ríkisborgara.

Hvalveiðar.

Samkvæmt lögum nr. 26/1949, um hvalveiðar, er einungis heimilt að veita íslenskum ríkisborgurum leyfi til slíkra veiða og verkunar aflans. Sé um félag að ræða skal meira en helmingur stofnfjár vera í eigu íslenskra ríkisborgara og stjórn félagsins skipuð íslenskum ríkisborgurum er eiga heimili og varnarþing á Íslandi.

5.2. Landbúnaður.

Jarðalög.

Á sviði landbúnaðar gilda margvíslegar lagareglur sem fela í sér að þeir einir geti haft slíkan rekstur með höndum er hafa til þess leyfi stjórnvalda. Lagaákvæðin takmarka hvorki né banna berum orðum erlenda fjárfestingu. Engu að síður er það fyrirkomulag, sem kveðið er á um í lögum varðandi þessa atvinnugrein og tengda starfsemi, með þeim hætti að telja verður ólíklegt að erlend fjárfesting geti átt sér stað nema í litlum mæli. Má í þessu sambandi benda á ákvæði jarðalaga, nr. 65/1976. Þar er gert ráð fyrir að jarðanefnd sitji í hverri sýslu landsins, skipuð heimamönnum sem áskilið er að veiti samþykki sitt til ráðstöfunar jarða og eignarréttinda á jörðum sem falla undir lögin. Í upphafsgrein laganna segir að tilgangur þeirra sé m.a. að tryggja „að eignarráð á landi og búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og þeirra sem landbúnað stunda“. Einnig kveða lögin svo á að land sem við gildistöku laganna sé nýtt til landbúnaðar megi ekki taka til annarra nota nema heimild sé til slíks í lögum. Þá er erlent eignarhald eða afnotaréttur af jörðum einnig háð þeim takmörkunum sem sett eru með lögum nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt af fasteignum.

Framleiðsla og verðlagning.

Í lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvöru, er einnig að finna ákvæði sem veita hlutaðeigandi stjórnvöldum og Framleiðsluráði landbúnaðarins vald til að ákveða hvort og að hve miklu leyti erlendum aðilum skuli heimilað að fjárfesta í greinum tengdum landbúnaði. Svipuð ákvæði er og að finna í öðrum lögum, svo sem lögum nr. 30 1966, um meðferð skoðun og mat á sláturafurðum.

Loðdýrarækt.

Samkvæmt lögum nr. 53/1981, um loðdýrarækt, er slíkur atvinnurekstur óheimill nema á loðdýrabúum sem öðlast hafa leyfi landbúnaðarráðuneytisins til rekstrarins. Lögin krefjast þess ekki að rekstraraðili hafi íslenskt ríkisfang eða heimilisfesti og ræðst leyfisveiting af frjálsu mati landbúnaðarráðuneytisins. Ráðuneytinu er því heimilt lögum samkvæmt að ákveða að hve miklu leyti erlendum aðilum skuli heimilt að stofna til þessa rekstrar á Íslandi.

Áburðarverksmiðja ríkisins.

Samkvæmt lögum nr. 43/1971 hefur Áburðarverksmiðja ríkisins, sem er ríkisstofnun, einkarétt til sölu á tilbúnum áburði og er engum öðrum en henni heimilt að framleiða eða flytja hingað til landsins tilbúinn áburð.

5.3. Virkjanir og rekstur orkuvera og vatnsvera.

Orkuver.

Samkvæmt orkulögum, nr. 58/1967, þarf leyfi Alþingis til að reisa og reka raforkuver stærri en 2000 kw. Slíka heimild er m.a. að finna í lögum nr. 60/1981, um raforkuver. Til að reisa og reka raforkuver 200–2000 kw. þarf leyfi iðnaðarráðherra. Í orkulögum er ekki fjallað um það sérstaklega hvernig með skuli fara ef erlendir aðilar hafa hug á að starfrækja fyrirtæki á sviði raforkuframleiðslu heldur er gert ráð fyrir að Alþingi, og eftir atvikum iðnaðarráðherra, taki um það sérstaka ákvörðun. Í orkulögum er einnig fjallað um dreifingu raforku. Sveitarstjórnir og Rafmagnsveitur ríkisins hafa samkvæmt lögunum forgangsrétt til að sinna þessu verkefni og getur iðnaðarráðherra veitt þeim einkarétt. Að auki gera lög nr. 42/1983, um Landsvirkjun, ráð fyrir því að hún geti flutt og selt í heildsölu raforku til almenningsrafveitna og iðjufyrirtækja samkvæmt sérstökum samningum. Nýti sveitarstjórnir og Rafmagnsveitur ríkisins sér ekki þann forgangsrétt, sem þær hafa samkvæmt lögunum, getur ráðherra veitt einstaklingum og lögaðilum einkarétt til raforkudreifingar á viðkomandi orkuveitusvæði. Lögin hafa ekki að geyma skilyrði um íslenskt ríkisfang eða heimilisfesti þessara aðila.

Hitaveitur.

Um hitaveitur segir í orkulögum að iðnaðarráðherra sé heimilt að veita sveitarfélögum eða samtökum þeirra einkaleyfi til þess að starfrækja hitaveitur sem annist sölu eða dreifingu heits vatns eða gufu til almenningsþarfa á tilteknu veitusvæði frá jarðhitastöðvum eða hitunarstöðvum með öðrum orkugjafa. Virðist ráðherra óheimilt að veita öðrum aðilum, innlendum jafnt sem erlendum, heimild til þess rekstrar.

Vatnsveitur.

Í III. kafla vatnalaga, nr. 15/1923, er fjallað um vatnsnotkun til heimilis- og búþarfa, iðnaðar og iðju án orkunýtingar. Þar segir að bæjarstjórn sé heimilt að koma upp vatnsveitu til að fullnægja þörf almennings í kaupstöðum fyrir vatn. Þegar slík vatnsveita hefur verið sett á stofn hefur hún einkasölu á vatni til hverra þarfa sem er í kaupstaðnum. Hliðstæðar reglur gilda í hreppum. Ekki verður séð að ákvæði laganna komi í veg fyrir að sveitarfélag stofni sjálfstætt félag með einkaaðilum um rekstur vatnsveitunnar. Sé slíkt talið heimilt er ekkert í lögunum sem mælir gegn þátttöku erlendra aðila í slíku félagi.

5.4. Iðnaður.

Iðnrekstur.

Samkvæmt iðnaðarlögum, nr. 42/1978, má enginn reka iðnað hér á landi nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Sé um einstakling að ræða skal hann vera íslenskur ríkisborgari og búsettur hér á landi. Sama á við um félag með ótakmarkaðri ábyrgð. Allir félagsmenn skulu þar vera íslenskir ríkisborgarar og búsettir hér á landi. Í hlutafélagi er þess krafist að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar uppfylli skilyrði um íslenskt ríkisfang og búsetu. Iðnaðarráðherra getur veitt undanþágu frá þeim skilyrðum sem hér hafa verið talin, en þó skal meiri hluti hlutafjár alltaf vera eign manna búsettra hér á landi.

Stóriðja.

Sett hafa verið lög um hvert þeirra þriggja stóriðjuvera sem byggja á erlendri eignaraðild. Lögin veita lagagildi samningum íslenskra stjórnvalda við hina erlendu eignaraðila og víkja þessir samningar til hliðar almennum lögum sem að öðrum kosti mundu gilda um starfsemina, svo sem hvað varðar fjármagnsflutninga, skattagreiðslur og eignarrétt að fasteignum.

5.5. Leit og vinnsla jarðefna.

Í námulögum, nr. 24/1973, er fjallað um rétt einstaklinga og lögaðila til leitar og vinnslu hvers konar jarðefna hér á landi. Áskilið er að hlutaðeigandi hafi öðlast leyfi iðnaðarráðherra áður en leit og vinnsla jarðefna er hafin. Er ráðherra einungis heimilt að veita íslenskum aðilum slíkt leyfi. Nákvæm grein er gerð fyrir því í 10. gr. laganna hvaða aðilar skuli teljast íslenskir í skilningi laganna. Hér er um að ræða stofnanir sem hlíta stjórn íslenska ríkisins, íslensk sveitarfélög og íslenska ríkisborgara. Jafnframt teljast til íslenskra aðila félög þar sem íslenskir ríkisborgarar, íslenska ríkið eða íslensk sveitarfélög ráða yfir a.m.k. ⅗ hlutum stofnfjár (hlutafjár). Einnig er áskilið að í stjórn þessara félaga eigi einungis sæti íslenskir ríkisborgarar með heimilisfesti hér á landi. Að auki getur iðnaðarráðherra samkvæmt lögunum veitt erlendum aðila sérleyfi til leitar og vinnslu jarðefna að fengnu samþykki Alþingis. Þá segir í lögunum að iðnaðarráðherra sé rétt að setja það skilyrði að leyfishafi undirgangist að hlíta varnarþingi á Íslandi og setja tryggingu sem ráðherra meti gilda fyrir fjárskuldbindingum sínum við íslenska aðila.

5.6. Verslun.

Verslunarleyfi.

Sá sem vill öðlast leyfi til verslunar hér á landi, sbr. lög nr. 41/1868, um verslunaratvinnu, verður að fulnægja skilyrðum um íslenskt ríkisfang og búsetu. Einstaklingur verður þannig að hafa íslenskt ríkisfang og vera heimilisfastur á Íslandi. Í félagi með ótakmarkaðri ábyrgð verða allir stjórnarmenn og prókúruhafi að fullnægja þessum skilyrðum. Í hlutafélagi er áskilið að einn stjórnarmanna, endurskoðendur og framkvæmdastjórar hafi íslenskt ríkisfang og heimilisfesti hér á landi. Viðskiptaráðherra getur veitt undanþágu frá öllum þessum skilyrðum „standi sérstaklega á“ eins og það er orðað í lögunum. Auk hefðbundinnar verslunar ná lögin einnig til rekstrar myndbandaleigu.

Fasteigna- og skipasala.

Engum er heimilt að annast kaup, sölu eða skipti á fasteignum eða skráningarskyldum skipum fyrir aðra nema hann hafi fengið til þess löggildingu dómsmálaráðneytisins samkvæmt ákvæðum laga um fasteigna- og skipasölu, nr. 34/1986, eða leyfi samkvæmt lögum er áður giltu um fasteignasölu, þ.e. lögum nr. 47/1938. Þó þurfa hæstaréttar- eða héraðsdómslögmenn ekki leyfi til slíkrar starfsemi ef hún tengist lögmannsstörfum þeirra. Í 2. gr. laganna er m.a. gert að skilyrði fyrir löggildingu að maður hafi íslenskan ríkisborgararétt og hafi heimilisfesti hér á landi. Samkvæmt 6. gr. laganna er fasteigna- og skipasala bundin við nafn og í 7. gr. kemur fram að þeir sem hafa löggildingu til slíkra starfa hafi réttindi og beri skyldur sem opinberir sýslunarmenn.

Áfengis- og tóbaksverslun.

Samkvæmt áfengislögum, nr. 82/1969, svo og lögum um verslun ríkisins með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, hefur Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins einkarétt á að flytja til landsins áfenga drykki eða áfengisvökva, hverju nafni sem nefnast. Þetta einkaleyfi nær einnig til framleiðslu og sölu áfengis, svo og til innflutnings og framleiðslu tóbaks.

5.7. Fjármálaþjónusta.

Viðskiptabankar.

Samkvæmt lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka, er einungis íslenska ríkinu og hlutafélögum heimilt að starfrækja viðskiptabanka á Íslandi. Til slíkrar starfsemi þarf ríkið sérstaka lagaheimild, en hlutafélag þarf leyfi viðskiptaráðherra. Eitt skilyrða sem hlutafélag verður að fullnægja til að öðlast leyfi til viðskiptabankastarfsemi er að allt hlutaféð sé „í

íslenskri eigu". Ekki er alveg ljóst hvernig beri að skýra hin tilvitnuðu orð laganna en nærtækt er að líta svo á að átt sé við íslenska ríkisborgara þegar einstaklingar eru hluthafar og fyrirtæki sem eru að meiri hluta til í eigu Íslendinga þegar lögaðilar eru hluthafar. Þá kveða viðskiptabankalögin svo á að erlendum hlutfélagsbönkum sé heimilt að starfrækja á Íslandi „umboðsskrifstofur" sem hafi það meginhlutverk að annast milligöngu um viðskipti erlenda bankans við íslenska aðila. Starfræksla slíkra skrifstofa er þó háð leyfi viðskiptaráðherra og er þeim óheimilt að hafa með höndum innláns- eða útlánsviðskipti við almenning, svo og gjaldeyrisverslun og verðbréfaviðskipti.

Með lögum nr. 7/1987, um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands, var, þrátt fyrir ákvæði laga 86/1985 um viðskiptabanka, bönkum, sem eiga lögheimili og varnarþing erlendis, heimilað að eiga á hverjum tíma samtals allt að 25% hlutafjár.

Sparisjóðir.

Lög nr. 87/1985, um sparisjóði, geyma að mörgu leyti svipuð ákvæði og lög um viðskiptabanka. Þannig er t.d. starfræksla sparisjóðs háð leyfi viðskiptaráðherra. Aftur á móti er þátttaka erlendra aðila í sparisjóði algerlega bönnuð samkvæmt lögunum og er þar kveðið svo á að stofnendur sparisjóðs og sparisjóðsaðilar verði að vera íslenskir ríkisborgarar, búsettir á Íslandi, sýslufélög, sveitarfélög eða starfandi sparisjóðir.

Verðbréfamiðlun.

Í lögunum nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, er rekstur verðbréfafyrirtækis háður löggildingu og leyfi viðskiptaráðherra. Leyfi til verðbréfamiðlunar er einungis veitt einstaklingum sem eru búsettir hér á landi og hafa íslenskan ríkisborgararétt eða ríkisborgararétt í öðru Norðurlandaríki. Stjórnarmenn í verðbréfafyrirtæki sem rekið er í hlutafélagsformi verða að uppfylla sömu skilyrði. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá skilyrði um búsetu og ríkisfang í einstökum tilvikum.

Eignarleigustarfsemi.

Lög nr. 19/1989, um eignarleigustarfsemi, gera ráð fyrir að eignarleigufyrirtæki séu rekin sem hlutafélög.

Meiri hluti stjórnar félagsins skal vera búsettur hérlendis. Þá skal framkvæmdastjóri félagsins vera búsettur hér á landi og vera ríkisborgari Norðurlandaríkis.

Vátryggingarstarfsemi.

Í lögum nr. 50/1978, um vátryggingarstarfsemi, segir að einungis félög og stofnanir megi reka vátryggingarstarfsemi á Íslandi. Er heimildin bundin við þrenns konar félög. Í fyrsta lagi „innlend félög og stofnanir sem starfa samkvæmt sérlögum". Í öðru lagi „innlend hlutafélög og gagnkvæm vátryggingarfélög" og í þriðja lagi „erlend vátryggingarfélög". Þegar um er að ræða félag eða stofnun sem ekki starfar á grundvelli sérlaga er nauðsynlegt að félagið eða stofnunin öðlist leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til starfans. Erlend fjárfesting í þessari atvinnugrein er ekki takmörkuð í lögunum að öðru leyti en því að ráðherra virðist geta metið sjálfstætt út frá ýmsum sjónarhornum hvort rétt sé að veita fyrirtæki leyfi til þessarar starfsemi.

5.8. Samgöngur.

Loftferðir.

Samkvæmt lögum nr. 34/1964, um loftferðir, þarf leyfi samgönguráðherra til rekstrar reglubundinna loftferða í fjáraflaskyni yfir íslensku yfirráðasvæði. Einnig þarf leyfi ráðherra til rekstrar annarra loftferða til fjáröflunar yfir íslensku yfirráðasvæði „enda mæli ráðherra

eigi öðruvísi", eins og segir í lögunum. Jafnframt getur ráðherra sett reglur um flugferðir „innlendra" flugfélaga og, ef nauðsyn krefur, veitt einu eða fleiri félögum sérleyfi til fastra áætlunarferða á ákveðnum leiðum innan lands og utan. Sé um að tefla loftferðir milli staða á íslensku yfirráðasvæði getur ráðherra einungis veitt þeim leyfi, sem teljast íslenskir aðilar í skilningi laganna. Til þeirra teljast íslenska ríkið og ríkisstofnanir, íslensk sveitarfélög, íslenskir ríkisborgarar, mannúðarstofnanir sem hlíta fyrirsvari íslenskra ríkisborgara með búsetu á Íslandi og samtök sem fullnægja þessu síðasttalda skilyrði enda séu a.m.k. ⅔ félaga í þeim íslenskir ríkisborgarar. Í hlutafélagi skulu allir stjórnarmenn vera íslenskir ríkisborgarar, heimilisfastir á Íslandi, og a.m.k. ⅔ hlutar í eigu íslenskra aðila sem og ⅔ hlutar atkvæðaréttar í félaginu. Félag með ótakmarkaðri ábyrgð telst íslenskur aðili ef félagsmenn eru allir íslenskir ríkisborgarar eða tilheyra þeim hópi sem að framan greinir.

Þrátt fyrir ofangreind skilyrði, er samgönguráðherra rétt, „þegar mjög mikilvægar ástæður eru til", að leyfa að loftfar, sem heimastöð hefur á Íslandi og er í stöðugri notkun, megi skrásetja hér á landi þótt eigandi þess teljist ekki íslenskur aðili.

Flugvellir.

Til að gera og starfrækja flugvöll þarf sérleyfi og sérstaka viðurkenningu samgönguráðherra. Lögin takmarka ekki berum orðum aðild útlendinga að slíkri atvinnustarfsemi, heldur er hún háð mati ráðherra.

Kaupskipaútgerð.

Um útgerð kaupskipa er að finna ákvæði í lögum nr. 115/1985, um skráningu skipa. Til þess að skip fáist skráð hér á landi og öðlist rétt til að sigla undir íslenskum fána þarf eigandi að fullnægja ströngum skilyrðum um íslenskt ríkisfang og heimilisfesti. Sé um einstakling að ræða skal hann vera íslenskur ríkisborgari og eiga hér heimilisfesti. Sé félag með ótakmarkaðri ábyrgð eigandi skips verða allir félagsmenn að fullnægja þessum skilyrðum. Í hlutafélagi skulu a.m.k. ⅗ hlutafjár vera í eigu íslenskra ríkisborgara og allir stjórnendur hafa íslenskt ríkisfang og heimilisfesti. Enn fremur getur íslenska ríkið ríkisstofnanir og sveitarfélög verið eigendur skips sem er skráð hér á landi. Frá þessum skilyrðum getur samgönguráðherra veitt takmarkaða undanþágu þegar sérstakar aðstæður mæla með því.

Fólksflutningar.

Í lögum nr. 53/1987, um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, segir að leyfi samgönguráðuneytisins þurfi til að hafa með höndum í atvinnuskyni fólksflutninga með bifreiðum sem taka 9 farþega eða fleiri. Einnig þarf leyfi til að hafa með höndum reglubundna fólksflutninga með bifreiðum sem rúma 3–8 farþega. Bæjarstjórn í kaupstöðum getur fengið einkaleyfi til rekstrar strætisvagna. Að fráskildum þeim forgangsrétti sem felst í útgáfu sérleyfa eru í lögunum engin ákvæði sem beinlínis takmarka erlenda fjárfestingu í fyrirtækjum á þessu sviði. Slík fjárfesting er því háð mati samgönguráðuneytisins.

Samkvæmt lögum nr. 77/1989, um leigubifreiðar, sem tekur til fólksbifreiða, vörubifreiða og sendibifreiða getur bæjarstjórn ákveðið, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags bifreiðastjóra, að allar leigubifreiðar til fólksflutninga í viðkomandi kaupstað skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöðvum sem fengið hafa viðurkenningu bæjarstjórnar. Hafi slík viðurkenning verið veitt er öðrum óheimilt að stunda leiguakstur á bifreiðum utan stöðvar eða frá stöð sem ekki hefur hlotið viðurkenningu. Samgönguráðherra gefur út sérstök atvinnuleyfi, á félagssvæðum þar sem veitt hefur verið heimild til takmörkunar. Lögin geyma hvorki ákvæði er binda leyfisveitingar við innlenda aðila né takmörkun á erlendri aðild að fyrirtækjum innan þessarar greinar.

5.9. Fjarskipti og póstþjónusta.

Fjarskipti.

Íslenska ríkið hefur samkvæmt ákvæðum laga um fjarskipti, nr. 73/1984, einkarétt á að stofna til og reka á Íslandi og í íslenskri landhelgi og lofthelgi hvers konar fjarskipti svo og að gefa út nafnaskrá um fjarskiptastöðvar og notendur fjarskiptavirkja. Fjarskipti, sem fara ekki um hið opinbera fjarskiptakerfi, t.d. boðmiðlun eða upplýsingar innan heimilis, fyrirtækis eða stofnunar, svo sem í sjúkrahúsum, gistihúsum, skólum eða verksmiðjum, falla sem slík ekki undir ákvæði laganna. Þá hefur íslenska ríkið einkarétt á að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa á annan hátt, gera við, breyta eða setja upp hvers konar fjarskiptavirki eða hluta þeirra. Þessi einkaréttur nær þó ekki til notendabúnaðar. Í 7. gr. laganna segir að Póst- og símamálastofnun annist framkvæmd á einkarétti ríkisins samkvæmt lögunum, nema önnur lög kveði á um annað á tilteknum sviðum fjarskipta.

Póstþjónusta.

Samkvæmt póstlögum, nr. 33/1986, hefur Póst- og símamálastofnun einkarétt á að safna saman, flytja og bera út allar lokaðar póstsendingar sem uppfylla skilyrði þess að vera veitt viðtaka í póst, „að svo miklu leyti, sem innihald þeirra er ritaðar orðsendingar eða prentaðar tilkynningar, útfylltar með skrift, að undanskildum vörureikningum, fylgiseðlum, farmskrám og svipuðum fylgiskjölum með sendingum sem heimilt er að flytja án atbeina póstþjónustunnar“, eins og segir í 4. gr. laganna.

5.10. Fjölmiðlun.

Útvarp.

Samkvæmt útvarpslögum, nr. 68/1985, er útvarpsréttarnefnd hvorki heimilt að veita erlendum aðila leyfi til útvarpsrekstrar né félagi eða stofnun þar sem eignarhlutdeild erlendra aðila er meiri en 10%. Þetta bann nær hvort heldur er til rekstrar hljóðvarps- eða sjónvarpsstöðva samkvæmt orðskýringu 1. gr. laganna.

Blaðaútgáfa.

Samkvæmt lögum nr. 57/1956, um prentrétt, skal útgefandi blaðs eða tímarits vera íslenskur ríkisborgari, lögráða og heimilisfastur hér á landi, eða „íslenskur ópersónulegur aðili“, eins og segir í lögunum. Jafnframt skal ritstjóri blaðs eða tímarits vera íslenskur ríkisborgari, heimilisfastur hér á landi og lögráða. Ekki er ótvírætt hvað við er átt með orðalaginu „íslenskur ópersónulegur lögaðili“, en ætla má að átt sé við fyrirtæki sem eru að meiri hluta til í eigu íslenskra ríkisborgara heimilisfastra hér á landi eða annarra fyrirtækja sem fullnægja þessu skilyrði.

5.11. Þjónusta við ferðamenn.

Veitinga- og gististaðir.

Samkvæmt lögum nr. 67/1985, um veitinga- og gististaði, er slíkur rekstur háður leyfi sem lögreglustjóri veitir að fenginni umsögn sveitarstjórnar, eldvarnaeftirlits, heilbrigðisnefndar og vinnueftirlits. Til þess að öðlast leyfi þarf umsækjandi, einstaklingur eða ábyrgðarmaður félags að uppfylla tiltekin skilyrði, m.a. að hafa verið heimilisfastur á Íslandi „síðustu ár“. Leyfið er veitt til fjögurra ára í senn og er bundið við stað og nafn og er ekki framseljanlegt. Orðalagið „ábyrgðarmaður félags“ er ekki skýrt en ætla má að átt sé við formann stjórnar eða framkvæmdastjóra. Ekkert virðist því til fyrirstöðu að erlendir aðilar eigi hlut í slíku félagi.

Ferðaskrifstofur.

Einungis er heimilt að starfrækja ferðaskrifstofu að fengnu leyfi samgönguráðuneytisins samkvæmt lögum nr. 79/1985, um skipulag ferðamála. Til að einstaklingur geti öðlast slíkt

leyfi þarf hann að hafa búsetu á Islandi. Eigi félag hlut að máli er þess á hinn bóginn krafist að stjórn þess sé „innlend", eins og það er orðað í lögunum, og félagið hafi „aðsetur" á Íslandi. Jafnframt er áskilið að forstöðumaður slíkrar ferðaskrifstofu hafi búsetu á Íslandi. Erlend fjárfesting á þessu sviði er því möguleg. Nokkur vafi leikur á því hvað átt er við með orðalaginu um „innlenda" stjórn og virðist eðlilegast að skýra það með hliðsjón af ákvæðum hlutafélagalaga um ríkisfang og heimilisfesti stjórnarmanna.

5.12. Önnur sérlög.

Tekið skal skýrt fram að yfirlit um sérlög um einstakar atvinnugreinar hér að framan er alls ekki tæmandi. Í því er ekki gerð grein fyrir löggjöf á sviði mennta- og skólamála, heilbrigðis- og almannatryggingamála og tengdrar starfsemi, svo sem lyfsölu og lyfjagerðar. Þá er heldur ekki gerð grein fyrir lögum um atvinnustarfsemi sem er bundin íslensku ríkisfangi og svo tengd persónulegum hæfisskilyrðum að tæplega má ætla að erlendur aðili fjárfesti í fyrirtæki í viðkomandi atvinnugrein. Sem dæmi í þessu sambandi má nefna lög nr. 61/1942 um málflytjendur, lög nr. 74/1938 um löggildingu niðurjöfnunarmanna sjótjóna, lög nr. 75/1977 um starfsleyfi iðjuþjálfa, lög nr. 35/1978 um starfsleyfi lyfjafræðinga, lög nr. 48/1933 um löggildingu leiðsögumanna skipa og lög nr. 17/1984 um starfsleyfi sjóntækjafræðinga.

5.13. Atvinnugreinar án sérlaga.

Stjórnarskrárákvæði.

Um nokkrar atvinnugreinar á Íslandi hafa ekki verið sett sérstök lög. Þessi „eyða" í atvinnulöggjöfinni vekur spurningar um hvaða reglur gildi um stofnun eða kaup fyrirtækja af hálfu eða með þátttöku erlendra aðila á þessum sviðum atvinnulífsins. Við úrlausn þess álitaefnis virðist eðlilegast að leggja til grundvallar atvinnufrelsisákvæði 69. gr. stjórnarskrárinnar sem felur í sér meginreglu íslenskra laga um atvinnuréttindi einstaklinga. Þar segir að engin bönd megi leggja á atvinnufrelsi manna nema almenningsheill krefji, enda þurfi lagaboð til. Þetta orðalag virðist útiloka að beitt sé rýmkandi lögskýringu eða lögjöfnun frá ákvæðum einstakra laga um atvinnugreinar til að fá þá niðurstöðu, að til sé almenn regla í íslenskum rétti er hindri í öllum tilvikum meirihlutaaðild erlendra aðila að fyrirtækjum nema að fengnu leyfi stjórnvalda.

Atvinnuréttindi útlendinga.

Gegn framangreindri skýringu á atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar hefur því verið haldið fram að almenna reglu í þessu efni sé að finna í lögum nr. 26/1982, um atvinnuréttindi útlendinga. Þar er áskilið að útlendingur, einstaklingur eða félag, sem hyggst starfrækja atvinnufyrirtæki hér á landi, þurfi leyfi félagsmálaráðherra til starfseminnar (atvinnuréttarleyfi) ef starfsemin er ekki háð leyfi annarra stjórnvalda lögum samkvæmt. Þessi regla er tvímælalaust í fullu gildi þegar erlendir einstaklingar eiga í hlut. Öðru máli gegnir um lögaðila. Tilgangur laganna, eins og sést vel á einstökum ákvæðum þeirra, er að vernda vinnumarkaðinn gegn ásókn erlendra einstaklinga en ekki að takmarka með almennum hætti erlenda fjárfestingu í atvinnulífinu. Er tekið fram í 1. gr. laganna að samkvæmt þeim teljist hver maður útlendingur sem ekki hefur íslenskt ríkisfang.

Lögskýringasjónarmið.

Í riti sínu *Stjórnskipun Íslands* segir Ólafur Jóhannesson um þetta atriði að sú stefnuyfirlýsing stjórnarskrárgjafans, sem felist í atvinnufrelsisákvæðinu, leiði „til þeirrar túlkunarreglu að í vafaatriðum beri að telja líkur fyrir atvinnufrelsinu". Samkvæmt þessari túlkun stjórnarskrárákvæðisins má því aðeins skerða atvinnufrelsið að skerðingin eigi sér ótvíræða stoð í ákvæðum laga. Slík sérákvæði geta ekki orðið að almennri reglu nema með breytingu á

stjórnarskrárákvæðinu, enda þarf venja að vera orðin afar ótvíræð og skýr eigi hún að víkja stjórnarskrárákvæði. Ekki verður talið að nein venja hafi myndast í þessu efni er sé andstæð framangreindri meginreglu, enda hefur löggjafinn ávallt talið sér skylt í framkvæmd að setja um það sérstök lagaákvæði þegar atvinnufrelsi hefur verið skert.

Af þessu má ætla að innan þeirra atvinnugreina, sem ekki lúta sérstökum atvinnulögum, sé erlendum aðilum öðrum en erlendum einstaklingum frjálst að hefja rekstur fyrirtækja að fullnægðum skilyrðum annarra laga. Dæmi þessa er erlend þátttaka í fiskeldisfyrirtækjum hérlendis. Þó gildir sú takmörkun samkvæmt hlutafélagalögum að ætli erlent hlutafélag að hefja rekstur á Íslandi með opnun útibús þarf viðkomandi félag leyfi viðskiptaráðherra.

6. REGLUR UM FJÁRMAGNSFLUTNINGA

Fjármagnsgreiðslur til landsins eru háðar ákvæðum laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Stóriðjuver eru undanþegin ákvæðum laganna um þetta efni. Orðið fjármagnsgreiðslur er ekki skilgreint í lögunum en í lagaframkvæmd hafa viðskiptaráðuneyti og Seðlabanki litið svo á að átt sé við tvenns konar greiðslur. Annars vegar greiðslur sem fela í sér flutning á fé til landsins frá erlendum aðilum og er ætlað að vera eiginfjárframlag þeirra í atvinnurekstur og hins vegar erlent lánsfé.

Mismunandi reglur gilda lögum samkvæmt um þessar greiðslur. Um þær fyrrnefndu gildir sú regla að erlendum aðilum er heimilt án leyfis gjaldeyrisyfirvalda að flytja fé til landsins til að fjárfesta í atvinnurekstri. Þeim er hins vegar skylt að tilkynna gjaldeyrisyfirvöldum fyrir fram um slíkan flutning og hlíta sérlögum. Erlend lántaka er ætíð háð leyfi lögum samkvæmt. Þegar lántakandinn er íslenska ríkið, einstakar ríkisstofnanir eða fyrirtæki í eigu ríkisins, styðst lántakan að jafnaði við heimild í lánsfjárlögum. Hyggi aðrir aðilar á lántöku erlendis er samþykki viðskiptaráðherra nauðsynlegt en sú verklagsregla er viðhöfð að lántökuheimildir eru lagðar fyrir ráðgefandi nefnd til umsagnar, samstarfsnefnd um gjaldeyrismál.

Um fjármagnsgreiðslur úr landi gildir sú meginregla að stjórnvöld verða að heimila slíka greiðslu. Samkvæmt reglugerð nr. 50/1988 um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi er fjallað um málið í samstarfsnefnd um gjaldeyrismál og eru aðeins ferns konar minni háttar greiðslutegundir ekki háðar samþykki nefndarinnar. Að auki gilda, eins og áður segir, sérreglur um stóriðjufyrirtækin. Greiðsla arðs til erlendra eignaraðila er háð eftirliti Seðlabanka Íslands. Endurgreiðsla á eiginfjárframlagi, svo sem vegna sölu á eignarhlut eða slita á félagi er hins vegar háð samþykki samstarfsnefndar. Um meðferð umsókna um yfirfærslur af þessum sökum hafa ekki verið birtar reglur.

7. SKATTALÖG

Ákvæði íslenskra laga um skattlagningu fyrirtækja er ekki ætlað að búa fyrirtækjum, sem eru að nokkru eða öllu leyti í eigu erlendra aðila, verri starfskjör en öðrum fyrirtækjum sem eru starfrækt á Íslandi. Engu að síður geta ákvæðin valdið tvísköttun og skattyfirvöldum erfiðleikum við framkvæmd skattalaga. Til að komast hjá þessu og jafna starfsskilyrði fyrirtækja hafa íslensk stjórnvöld gert tvísköttunarsamninga við sjö erlend ríki, þ.e. öll önnur ríki á Norðurlöndum, Bandaríkin, V-Þýskaland og Sviss. Einnig eru undirritaðir samningar við Bretland og Frakkland en þeir eru enn óstaðfestir.

8. UPPLÝSINGASÖFNUN HÉRLENDIS

Í beiðni alþingismanna um skýrslu þessa er m.a. óskað eftir upplýsingum um hversu hár eignarhluti erlendra aðila er í atvinnurekstri hérlendis, svo og flokkun viðkomandi fyrirtækja eftir eðli atvinnurekstrar, aðsetri eftir kjördæmum, stærð og aldri fyrirtækjanna. Sérstaklega er beðið um yfirlit um hlutdeild erlendra aðila í fiskveiðum, fiskvinnslu, fiskeldi, samgöngum

og fjölmiðlun. Jafnframt er óskað upplýsinga um veltu og eignastöðu fyrirtækjanna, hvort þau hafi greitt út arð svo og um reglur að því er varðar flutning á arði úr landi.

Afar erfitt er að safna svo yfirgripsmiklum upplýsingum, þar sem enginn einn aðili sinnir gagnasöfnun varðandi fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi. Engin lög eða reglur skylda opinbera aðila til þess að hafa heildaryfirlit yfir slíkar fjárfestingar. Útilokað er t.d. að fá glöggar upplýsingar um hvort fyrirtæki hérlendis í eigu erlendra aðila að einhverju leyti hafi greitt út arð. Hlutafélagaskrá hefur til þessa ekki sinnt gagnaöflunarhlutverki af þessu tagi sérstaklega. Seðlabanki Íslands hefur nú nýlega hafið söfnun upplýsinga um erlenda aðila sem eiga hlut í íslenskum fyrirtækjum. Þessi skýrslugerð bankans er nú í mótun. Dómsmálaráðuneytið heldur aðeins yfirlit yfir eignaraðild erlendra aðila að fasteignum í samræmi við lög nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Þjóðhagsstofnun hefur ekki talið hlutverk sitt að sinna skýrslusöfnun um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi. Eina undantekningin er sú að á liðnu sumri kom fyrirspurn frá OECD um þátttöku erlendra fyrirtækja í íslenskum iðnaði. Þar var iðnfyrirtækjum skipt í 9 flokka og öllum öðrum atvinnurekstri skipt í 4 flokka. Til þess var ætlast að hverjum þessara flokka væri skipt í þrennt eftir eignaraðild, þ.e. eignaraðild meiri en 50%, minni en 50% og alls engri eignaraðild útlendinga. Fyrir hvern þessara hópa um sig var spurt um fjölda fyrirtækja vinnuaflsnotkun, framleiðsluvirði, fjármunamyndun og fleira. *Í töflu 1* sem fylgir með skýrslunni kemur fram samanburður á eignaraðild erlendra aðila í iðnfyrirtækjum á Norðurlöndum. Þessi samanburður nær eingöngu til fyrirtækja með meira en 50% eignaraðild útlendinga. Eins og taflan sýnir er einungis eitt iðnfyrirtæki hér á landi sem þetta á við um, álverið í Straumsvík en 165 í Finnlandi, 191 í Noregi, 269 í Danmörku og 572 í Svíþjóð.

Í framhaldi af fyrirspurn frá OECD kannaði Þjóðhagsstofnun hvaða upplýsingar lægju fyrir um eignaraðild útlendinga í íslensku atvinnulífi. Niðurstaða þeirra athugana kemur fram í meðfylgjandi *töflu 2* „Hlutafélög á Íslandi að hluta eða öllu leyti í eigu erlendra aðila". Þær tölur sem þar koma fram eru byggðar á upplýsingum sem bankaeftirlit Seðlabankans hefur tekið saman úr *Hlutafélagaskrá 1987*. Þjóðhagsstofnun leitaðist hins vegar við að meta umsvif þessara fyrirtækja í hverri grein og í þjóðarbúskapnum í heild. Það var gert með því að kanna hverjar voru launagreiðslur þeirra fyrirtækja sem að hluta eða öllu leyti voru í erlendri eigu. Þær fjárhæðir voru síðan settar í hlutföll við heildarlaunagreiðslur í hverri grein fyrir sig og fyrir þjóðarbúskapinn í heild. Af töflunum má ráða að fyrirtæki með einhverja eignaraðild útlendinga greiddu um 1,4% af öllum launum í landinu 1987. Sé eingöngu litið á þann hluta sem væri að fullu í eigu útlendinga má ætla að sambærileg tala sé rétt um 1%.

Eignaraðild erlendra aðila er mjög misjöfn eftir greinum. Langmest er eignaraðild í ál- og kísiljárnframleiðslu. Útlendingar eiga álverið einir, eins og kunnugt er, og 45% í járnblendiverksmiðjunni í Hvalfirði. Séu heildargreiðslur í þessum greinum settar í hlutföll við eignaraðild útlendinga verður niðurstaðan um 88%. Hlutur útlendinga á þennan mælikvarða er miklu minni í öðrum greinum. Næst á eftir kemur fiskeldið með tæplega 14%, þá efnaiðnaður með 2½%, og veitinga- og hótelrekstur með rúmlega 2%. Eignaraðild útlendinga er minni en 1% í öðrum greinum sem þessi athugun nær til. Rétt er að ítreka að þessar tölur eru frá árinu 1987, en frá þeim tíma hafa útlendingar fjárfest töluvert hérlendis m.a. í olíuviðskiptum og tölvufyrirtækjum.

Hér er vissulega ekki um háar tölur að ræða en aftur á móti er rík ástæða til að ætla að visst vanmat eigi sér stað. Ástæðan er sú að hjá hlutafélagaskrá hefur áherslan verið lögð á nýskráningu félaga en breytingar og eignaraðild ekki verið skráðar sérstaklega. Þannig geta erlendir aðilar keypt hluti í starfandi fyrirtækjum eða aukið þann hlut sem fyrir er án þess að slíkt sé skráð í hlutafélagaskrá. Einnig má benda á að notkun launamiðaskýrslna til þess að meta umsvif erlendra aðila er því marki brennd að umsvif viðkomandi fyrirtækja eru vanmetin

meðan á uppbyggingu stendur. Í þeim tilvikum fengist réttari mynd með því að líta á fjárfestingartölur.

Af því sem hér hefur verið rakið má sjá að umsvif erlendra aðila í íslensku atvinnulífi eru ekki umtalsverð enn sem komið er og það jafnvel þó reiknað sé með verulegu vanmati í ofangreindum tölum. Hins vegar má fullvíst telja að þessi umsvif muni fara vaxandi.

Afar brýnt er að koma upplýsingaöflun í fast form þannig að unnt verði að fá góða heildarmynd af umsvifum erlendra aðila í íslensku atvinnulífi hverju sinni og þróun þeirra mála. Í þessu skyni virðist eðlilegt að fyrirtækjum verði gert skylt að tilkynna til einhvers opinbers aðila allar breytingar á eignaraðild útlendinga í viðkomandi fyrirtæki, hvort heldur um er að ræða hlutafélag eða annað rekstrarform. Nærtækast virðist að fela Seðlabanka Íslands þessa skýrslugerð með hliðsjón af því að þetta verk er hafið þar eða Hagstofu Íslands. Jafnframt virðist eðlilegt að skylt verði að tilkynna allar breytingar á eignaraðild útlendinga til hlutafélagaskrár. Ákvæði sem þessi þyrftu helst að vera í almennum lögum sem fjalla um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

9. HELSTU UPPLÝSINGAR

Af hálfu Seðlabanka Íslands hefur í mars 1990 verið tekið saman í meðfylgjandi *töflu 3.* yfirlit yfir erlenda aðila sem eiga hlut í íslenskum fyrirtækjum. Í *töflu 4* er yfirlit yfir flokkun fyrirtækja eftir atvinnugreinum. Í *töflu 5* er að finna flokkun fyrirtækja eftir stærð eignaraðildar. Í *töflu 6* er yfirlit um íslenska og erlenda eignaraðild eftir atvinnugreinum í milljónum króna. Í *töflu 7* hefur af hálfu dómsmálaráðuneytis verið tekið saman yfirlit um eignaraðild erlendra aðila að fasteignum, þ.e. yfirlit yfir útgefin leyfi dómsmálaráðuneytisins til fyrirtækja í atvinnurekstri frá 1970 til 1990. Leyfi miðast við erlenda aðild að tilteknu marki. Ráðuneytið hefur hins vegar ekki upplýsingar um það hver sé eignaraðild hinna erlendu aðila nú, né heldur upplýsingar um umfang rekstrar eða eigna. Loks er í *töflu 8* að finna yfirlit yfir arðgreiðslur erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

Tafla 1.

Eignaraðild erlendra aðila í iðnfyrirtækjum á Norðurlöndum 1986.[1])

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
Iðnaður					
Fjöldi fyrirtækja	269	–	1	191	572
Fjöldi starfsmanna	45289	–	634	25906	90893
Velta m.kr. mynt hvers lands	36588	–	4288	24316	79465
Fjöldi rekstrareininga	–	165	1	233	–
Fjöldi starfsmanna	–	14943	634	23850	–
% af iðnaði alls	–	2,9	2,3	7,4	–
Virðisauki m.kr. mynt hvers lands	–	2568	858	6621	–
% af iðnaði alls	–	3,0	3,3	9,3	–

[1]) Hér eru eingöngu talin fyrirtæki með meira en 50% eignaraðild útlendinga.

Heimild: Tölfræðihandbók Norðurlandanna, 1988.

Tafla 2.

Hlutafélög á Íslandi, að hluta eða öllu leyti í eigu erlendra aðila.

	Umsvif fyrirtækja með einhverja eignaraðild útlendinga	Þar af áætlaður hluti útlendinga
	% af launafjárhæð í atv.gr.	% af launafjárhæð í atv.gr.
Landbúnaður	–	–
Fiskveiðar	1.14	0.43
þar af fiskeldi	30.6	13.7
Fiskiðnaður	–	–
Annar matvælaiðnaður	0.89	0.16
Vefjariðn., skó- og fatagerð, sútun og verkun skinna	–	–
Trjávöruiðnaður	–	–
Pappírsiðnaður	–	–
Efnaiðnaður	6.46	2.52
Steinefnaiðnaður	0.56	0.27
Ál- og kísiljárnframleiðsla	100.00	88.31
Ýmis iðnaður	2.21	0.47
Byggingarstarfsemi	0.10	0.01
Heildverslun	0.34	0.08
Smásöluverslun	0.05	0.01
Veitinga- og hótelrekstur	7.09	2.15
Samgöngur	0.15	0.02
Peningastofnanir	0.60	0.34
Fasteignarekst. og þjón v/atv.gr.	1.20	0.22
Persónuleg þjónusta	0.38	0.08
Samtals allar atvinnugreinar	1.40	0.97

Skýringar:

Ofangreindar tölur eru byggðar á upplýsingum sem bankaeftirlit Seðlabanka tók saman úr Hlutafélagaskrá haustið 1987. Þjóðhagsstofnun hefur leitast við að meta umsvif þessara fyrirtækja í þjóðarbúskapnum og er þá byggt á launagreiðslum á árinu 1987. Tölur þessar ber að taka með nokkurri varúð m.a. vegna þess að nokkur misbrestur kann að vera á að tilkynningar berist til Hlutafélagaskrár um breytt eignarhlutfall frá fyrstu skráningu.

Tafla 3.

Erlendir aðilar sem eiga hlut í íslenskum fyrirtækjum.

Fyrirtæki	Heildarhlutafé (í þús. kr.)	Erlend eignaraðild	Hlutafé (í þús. kr.)	Í %	Annað eigið fé	Eigið fé samtals	Heildareign (í þús. kr.)
Alpan h/f. Framl. á steikarapönnum	25,296	Amlen Ltd. Ermasundseyjar Frakkl.	2,108	8.33			2,108
Baader þjónustan Innfl/þjónusta á vélum	24,300	Nordisch Machinenbau V-Þýskaland	11,846	48.75			11,846
Bröste umboðið h/f	20	P. Bröste a/s	9.5	47.50			10
Bröste umboðið h/f. Heildverslun	20	Scandibutor a/s Lyngby, Danmörk	0.5	2.50			1
David Pitt & Co. h/f. Heildverslun	20	Peter F. Pitt London, England	1.2	6.00	3,000	3,001	180
DHL hraðflutn. hf.	20	Mike G. Moulder	4.5	22.50			5
DHL hraðflutn. hf. Hraðsendingarþjónusta	20	Peter Heereman	4.5	22.50			5
Doppelmayr-skíðalyftur Heildverslun	20	Doppelmayr & sons Austurríki	9.8	49.00			10
Eldberg hf. Útfl/vinnsla á Hekluvirki	7,232	UBG Iffezheim GmbH & c Iffezheim, V-Þýskal.	3,538	48.92			3,538
Ewos hf. Framl. á fiskafóðri	118,605	Ewos AB, Sweden Södertalje, Svíþjóð	58,116	49,00	14,519	133,124	65,231
Flutningsmiðlunin Flutningaþjónusta	19,150	Frans M. Beheer Holland	9,575	50,00			9,575
Gluggahús h.f. Innfl/þjónusta á gluggum	1,000	Erstad Trevarefabrik Noregi	490	49.00			490
Göltur h.f. Útflutn. á sjávarafurðum	1,300	Gíslason & Marr Hull, England	200	15.38			200
AVS-Hagtæki h.f. Heildverslun	5,040	AVS, Danmark Danmörk	3,640	72.22			3,640
Heimilistæki hf. Heildsala/Smásala	27,167	Helga Johnson Hersey Long Island, New York	1,779	6.55			1,779
Héðinn Schindler h.f. Innfl. & þjónusta á lyftum	25,000	Schindler Hissar AB Stokkhólmi, Svíþjóð	12,500	50.00			12,500
Hlaðbær-Colas, malb.stöð Framl. og lagning malbiks	70,000	Colas Vejmateriale Danmörk	34,300	49.00			34,300
Hús fyrir Epal h.f. Fasteignarekstur	38,857	Magnus Olesen A/S Durup, Danmörk	15,543	40.00			15,543

Fyrirtæki	Heildarhlutafé erlend eignaraðild (í þús. kr.)		Hlutafé (í þús. kr.)	Í %	Annað eigið fé	Eigið fé samtals	Heildareign (í þús. kr.)
I.B.M. á Íslandi		I.B.M. Corp.		100.00		464.000	464.000
Kornax h.f. Framleiðsla á korni	40,00	Valsemöll en A/S Danmörk	20,000	50.00			20.000
Ísl. Járnbl.fél. h.f.	2,000,000	Elkem a/s, Noregi	600,000	30.00	1,234,600	3,234,600	970,380
Ísl. Járnbl.fél. h.f.	2,000,000	Sumitomo corp., Japan	300,000	15.00	1,234,600	3,234,600	485,190
Íslenskt Bergvatn h.f. Framl. og átöppun á vatni	230,000	Great Icel. Water Hold Kanada	104,650	45.50			104,650
Íslenskur Gæðafiskur hf.	5,000	N.V. Visbedrijf P.J.	2,350	47.00			2,350
Íslenskur Gæðafiskur hf.	5,000	N.V. Pandalus	50	1.00			50
Íslenskur Gæðafiskur hf. Framl. og útflutn. á fiski	5,000	V. Pieters Breskens Holland, Belgía	50	1.00			50
Ísnó h.f. Fiskeldi	53,228	A/S Mowi, Noregi	22,888	43.00	−23,289	29,939	12,874
Ístess h.f. Fóðurframleiðsla	80,000	T. Skretting a.s. Stavanger, Noregi	38,400	48.00	−13,651	66,349	31,848
ÍSAL Álframleiðsla	100,000	Swiss Aluminum Ltd.	100,000	100.00	3,929,000	4,029,000	4,029,000
Ísmar h.f. Rafeindaþjón.	14,000	Scanmar AS, Noregi	840	6.00			840
Ístak h.f. Verktaki	1,200	E.Pihl & sön A/S Lyngby, Danmörk	1,110	92.50			1,110
Kaffibrennsla Ó.J.& K. hf. Framl. á kaffi	12,190	Helga Johnson Hersey Long Island, New York	777	6.37			777
Kísiliðjan h.f. Framl. á kísilgúr	122,651	Manville Corp. Denver, Colorado	59,564	48.56	509,062	631,713	306,784
Kværner Eurika Ísland Heildverslun		Kværner Kulde A/S Noregur		100.00	−2,181		
Lind h.f. Fjármögnunarleiga	10,000	Baníue Indosuez Norge Osló, Noregi	4,000	40.00	85,000	95,000	38,000
Luna h.f. Útflutn. á sjávarafurðum	250	Niclas Rasmussen Færeyjum	13	5.00			13
Manville h.f. Sala á kísilgúr	10	Manville Int'l. Corp. Denver, Colorado	10	100.00			10
Ó. Johnson & Kaaber hf. Umboðs- og heildverslun	38,071	Helga Johnson Hersey Long Island, New York	2,326	6.11			2,326
Olíufélagið Skeljungur	241,920	Shell Asiatic Petrol.	9,936	4.11	1,563,259	1,805,179	74,141
Olíufélagið Skeljungur	241,920	Shell Petrol, Company	48,384	20.00	1,563,259	1,805,179	361,036
Olíuverslun Íslands	510,300	Texaco A/S Danmörk	153,090	30.00	489,700	1,000,000	300,000

Fyrirtæki	Heildarhlutafé erlend eignaraðild (í þús. kr.)		Hlutafé (í þús. kr.)	Í %	Annað eigið fé	Eigið fé samtals	Heildareign (í þús. kr.)
Reki h.f. Innfl/þjón. á bátum	1,800	Selfa Bat as, Noregi	300	16.67			300
Silfurberg h.f. Laxeldi	48,260	Peter Wallenberg, Swe.	28,200	58.43	−12,157	36,103	21,096
Silfurberg h.f. Laxeldi	48,260	Thorbjörn Ek, Sweden	7,300	15.13	−12,157	36,103	5,461
Silfurberg h.f. Laxeldi	48,260	Curt Nicolin, Sweden	1,100	2,28	−12,157	36,103	823
Silfurgen h.f. Laxeldi	1,000	Curt Nicolin, Sweden	10	1.00			10
Silfurgen h.f. Laxeldi	1,000	Aquateng AB, Sweden	10	1.00			10
Silfurlax h.f. Laxeldi	110,000	Curt Nicolin, Sweden	32,500	29.55	−25,018	84,982	25,108
Silfurlax h.f. Laxeldi	110,000	Aquateng AB, Sweden	19,200	17.45	−25,018	84,982	14,833
Sjóvík h.f.	100	Tony D. Stevens	25	25.00			25
Skjóvík h.f.	100	Tom S. Omley	20	20.00			20
Útflutn. á sjávarafurðum		Bretlandi					
Sproti h.f. Framl. og út-	175	Ian Lockwood, England	50	28.57			50
Sproti h.f. flutn. á vodka	175	Export Ltd. London	75	42.86			75
Steinullarverksmiðjan	213,952	Oy Partek A/B	58,752	27.46	139		58,752
Framleiðsla á steinull		Finnlandi					
Sævörur h.f. Heildverslun	1,000	Seaproduct Int'l., UK	490	49.00			490
Veitingahúsið v/Tjörnina	1,500	Jane Neufeld	450	30.00			450
Veitingahúsið v/Tjörnina	1,500	Ray Neufeld	60	4.00			60
Veitingarekstur		Evanston, Il. USA					
Vogalax h.f.	65,888	Weyerhauser Co., USA	12,591	19.11			12,591
Laxeldi		Tacoma, Washington					
Samtals	6,726,777		1,783,236	26,51			7,506,541

Þ.a. ÍSAL	4,029,000
Heildareign án ÍSAL	3,477,541
Alls	7,506,541

Athugasemdir:

- ÍSAL og Ísl. járnblendið eru með 73% af heildareignum erlendra aðila, eða um 5.5 milljarða kr.
- Af þessum 27% sem eftir standa, eru 7 aðilar með 1735 m.kr. eða um 23%.
- 9 fyrirtæki eru með 96% af allri erlendri eignaraðild að íslenskum fyrirtækjum.
- Afgangurinn, ca 4% eru um 50 fyrirtæki/einstaklingar með skráða erlenda eignaraðild.
- Um 20 fyrirtæki eru með yfir 10 m.kr. erlenda eignaraðild.
- Fjöldi smærri fyrirtækja með skráða erlenda eignaraðild eru ekki starfandi eða eru aðeins nafnið eitt, gjaldþrota eða hjá skiptaráðanda. Þau fyrirtæki eru ekki á þessum lista.
- Í flestum tilfellum er staða fyrirtækjanna eins og hún var í árslok 1988, en í nokkrum tilfellum er staða í árslok '89, og í sumum tilvikum áætluð.
- Heildareign erlends aðila er fundin með því að margfalda heildar eigið fé með % hlut hins erlenda aðila af heildarhlutafé hins íslenska fyrirtækis.

Tafla 4.

Flokkun fyrirtækja eftir atvinnugrein.

Iðnaðarframleiðsla.

Fyrirtæki	Heildarhlutafé	Erlend eignaraðild	Hlutafé	Í %	Annað eigið fé	Eigið fé samtals	Heildareign
ÍSAL Álframleiðsla	100,000	Swiss Aluminum Ltd.	100,000	100.00	3,929,000	4,029,000	4,029,000
Ísl. járnbl. fél. h.f.	2,000,000	Elkem a/s, Noregi	600,000	30.00	1,234,600	3,234,600	970,380
Ísl. járnbl. fél. h.f.	2,000,000	Sumitomo corp., Japan	300,000	15.00	1,234,600	3,234,600	485,190
Kísiliðjan h.f.	122,651	Manville Corp.	59,564	48.56	509,062	631,713	306,784
Íslenskt Bergvatn h.f.	230,000	Great Icel. Water Hold	104,650	45.50			104,650
Ewos hf.	118,605	Ewos AB, Sweden	58,116	49.00	14,519	133,124	65,231
Steinullarverksmiðjan	213,952	Oy Partek A/B	58,752	27.46	139		58,752
Hlaðbær–Colas, malb.stöð	70,000	Colas Wejmateriale	34,300	49.00			34,300
Ístess h.f.	80,000	T. Skretting a.s.	38,400	48.00	-13,651	66,349	31,848
Kornax h.f.	40,000	Valsemöllen A/S	20,000	50.00			20,000
Eldberg hf.	7,232	UBG Iffezheim Gmb H& C	3,538	48.92			3,538
Alpan h/f.	25,296	Amlen Ltd.	2,108	8.33			2,108
Kaffibrennsla Ó.J.& K. hf.	12,190	Helga Johnson Hersey	777	6.37			777
Sproti h.f. framl. og út.	175	Exort Ltd. London	75	42.86			75
Sproti h.f. flutn. á vodka	175	Ian Lockwood, England	50	28.57			50
			Samtals				6,112,682
			þ.a. stóriðja (Ísal, Ísl. járnbl.)				5,484,570
			Samtals án stóriðju				628,112

Verslun og þjónusta.

I.B.M. Íslandi		I.B.M. Corp.		100.00		464,000	464,000
Olíufélagið Skeljungur	241,920	Shell Petrol. Company	48,384	20.00	1,563,259	1,805,179	361,036
Olíuverslun Íslands	510,300	Texaco A/S Danmörk	153,090	30.00	489,700	1,000,000	300,000
Olíufélagið Skeljungur	241,920	Shell Asiatic Petrol.	9,936	4.11	1,563,259	1,805,179	74,141
Lind h.f.	10,000	Banque Indosuez Norge	4,000	40.00	85,000	95,000	38,000
Hús fyrir Epal h.f.	38,857	Magnús Olesen A/S	15,543	40.00			15,543
Héðinn Schindler h.f.	25,000	Schindler Hissar AB	12,500	50.00			12,500
Baader þjónustan	24,300	Nordisch Machinenbau	11,846	48.75			11,846
Flutningamiðlunin	19,150	Frans M. Beheer	9,575	50.00			9,575
AVS–Hagtæki h.f.	5,040	AVS, Danmark	3,640	72.22			3,640
Ó. Johnson & Kaaber hf.	38,071	Helga Johnson Hersey	2,326	6.11			2,326
Heimilistæki h.f.	27,167	Helga Johnson Hersey	1,779	6.55			1,779
Ístak h.f.	1,200	E. Pihl & sön A/S	1,110	92.50			1,110
Ísmar h.f. Rafeindaþjónusta	14,000	Scanmar AS, Noregi	840	6.00			840
Glugghús h.f.	1,000	Erstad Trevarefabrik	490	49.00			490
Sævörur h.f. Heildverslun	1,000	Seaproduct Int'l., UK	490	49.00			490
Veitingahúsið v/Tjörnina	1,500	Jane Neufeld	450	30.00			450
Reki h.f. Innfl/þjón. á bátum	1,800	Self Bat as, Noregi	300	16.67			300
David Pitt & Co. h/f.	20	Peter F. Pitt	1.2	6.00	3,000	3,001	180
Veitingahúsið v/Tjörnina	1,500	Ray Neufeld	60	4.00			60
Doppelmayr-skíðalyftur	20	Doppelmayr & sons	9.8	49.00			10
Bröste umboðið h/f.	20	P. Bröste a/s	9.5	47.50			10
Manville h.f.	10	Manville Int'l. Corp.	10	100.00			10
DHL hraðflutn. hf.	20	Peter Heereman	4.5	22.50			5
DHL hraðflutn. hf.	20	Mike G. Moulder	4.5	22.50			5
Bröste umboðið h/f.	20	Scandibutor a/s	0.5	2.50			1
			Samtals				1,298,345

Sjávarútvegur og fiskeldi.

Silfurlax h.f. Laxeldi	110,000	Curt Nicolin, Sweden	32,500	29.55	-25,018	84,982	25,108
Silfurberg h.f. Laxeldi	48,260	Peter Wallenberg, Swe.	28,200	58.43	-12,157	36,103	21,096
Silfurlax h.f. Laxeldi	110,000	Aquateng AB, Sweden	19,200	17.45	-25,018	84,982	14,833
Ísnó h.f. Fiskeldi	53,228	A/S MOWI, NOREGI	22,888	43.00	-23,289	29,939	12,874
Vogalax h.f.	65,888	Weyerhauser Co., USA	12,591	19.11			12,591
Silfurberg h.f. Laxeldi	48,260	Thorbjörn Ek, Sweden	7,300	15.13	-12,157	36,103	5,461
Íslenskur gæðafiskur hf.	5,000	N.V. Visbedrijf P.J.	2,350	47.00			2,350
Silfurberg h.f. Laxeldi	48,260	Curt Nicolin, Sweden	1,100	2.28	-12,157	36,103	823
Göltur h.f.	1,300	Gíslason & Marr	200	15.38			200
Íslenskur gæðafiskur hf.	5,000	N.V. Pandalus	50	1.00			50
Íslenskur gæðafiskur hf.	5,000	V. Pieters Breskens	50	1.00			50
Sjóvík h.f.	100	Tony D. Stevens	25	25.00			25
Sjóvík hf.	100	Tom S. Omley	20	20.00			20
Luna h.f.	250	Niclas Rasmussen	13	5.00			13
Silfurgen h.f. Laxeldi	1,000	Aquateng AB, Sweden	10	1.00			10
Silfurgen h.f. Laxeldi	1,000	Curt Nicolin, Sweden	10	1.00			10
			Samtals				95,514
			þ.a. fiskeldi				92,807
Samtals	5,502,637		1,467,176	26.66			7,506,541
							7,506,541

Athugasemd:

- Staða fiskeldis eins og hún var í árslok 1988. Engar tölur hafa borist varðandi afkomu árið 1989, en ljóst er að það ár var mörgum fiskeldisfyrirtækjum erfitt.

Tafla 5.

Flokkun fyrirtækja eftir stærð eignaraðildar.

Fyrirtæki	Heildarhlutafé	Erlend eignaraðild	Hlutafé	Í %	Annað eigið fé	Eigið fé samtals	Heildareign
Íslenskur gæðafiskur hf.	5,000	V. Pieters Breskens	50	1.00			50
Íslenskur gæðafiskur hf.	5,000	N.V. Pandalus, Belgía	50	1.00			50
Silfurgen h.f.	1,000	Aquateng AB, Sweden	10	1.00			10
Silfurgen h.f.	1,000	Curt Nicolin, Sweden	10	1.00			10
Silfurberg h.f.	48,260	Curt Nicolin, Sweden	1,100	2.28	-12,157	36,103	823
Bröste umboðið h/f.	20	Scandibutor a/s	0.5	2.50			1
Veitingahúsið v/Tjörnina	1,500	Ray Neufeld, Il. USA	60	4.00			60
Olíufélagið Skeljungur	241,920	Shell Asiatic Petrol.	9,936	4.11	1,563,259	1,805,179	74,141
Luna h.f.	250	Niclas Rasmussen, Fær	13	5.00			13
Ísmar h.f.	14,000	Scanmar AS, Noregi	840	6.00			840
David Pitt & Co. h/f.	20	Peter F. Pitt	1.2	6.00	3,000	3,001	180
Ó. Johnson & Kaaber hf.	38,071	Helga Johnson Hersey	2,326	6.11			2,326
Kaffibrennsla Ó.J. & K. hf.	12,190	Helga Johnson Hersey	777	6.37			777
Heimilistæki hf.	27,167	Helga Johnson Hersey	1,779	6.55			1,779
Alpan h/f.	25,296	Amlen Ltd.	2,108	8.33			2,108
Ísl. járnbl. fél. h.f.	2,000,000	Sumitomo corp., Japan	300,000	15.00	1,234,600	3,234,600	485,190
Silfurberg h.f.	48,260	Thorbjörn Ek. Sweden	7,300	15.13	-12,157	36,103	5,461
Göltur h.f.	1,300	Gíslason & Marr, Hull	200	15,38			200
Reki h.f.	1,800	Selfa Bet as, Noregi	300	16.67			300
Silfurlax h.f.	110,000	Aquateng AB, Sweden	19,200	17.45	-25,018	84,982	14,833

Fyrirtæki	Heildarhlutafé	Erlend eignaraðild	Hlutafé	Í %	Annað eigið fé	Eigið fé samtals	Heildareign
Vogalax h.f.	65,888	Weyerhauser Co., USA	12,591	19.11			12,591
Olíufélagið Skeljungur	241,920	Shell Petrol. Company	48,384	20.00	1,563,259	1,805,179	361,036
Sjóvík h.f.	100	Tom S. Omley	20	20.00			20
DHL hraðflutn. hf.	20	Peter Heereman	4.5	22.50			5
DHL hraðflutn. hf.	20	Mike G. Moulder	4.5	22.50			5
				Samtals eignaraðild fyrirtækja með 0 – 24.99			962,807
Sjóvík h.f.	100	Tony D. Stevens	25	25.00			25
Steinullarverksmiðjan	213,952	Oy Partek A/B, Finl.	58,752	27.46	139		58,752
Sproti h.f.	175	Ian Lockwood, England	50	28.57			50
Silfurlax h.f.	110,000	Curt Nicolin, Sweden	32,500	29,55	-25,018	84,982	25,108
Ísl. járnbl.fél. h.f.	2,000,000	Elkem a/s, Noregi	600,000	30.00	1,234,600	3,234,600	970,380
Olíuverslun Íslands	510,300	Texaco A/S Danmörk	153,090	30.00	489,700	1,000,000	300,000
Veitingahúsið v/Tjörnina	1,500	Jane Neufeld, Il. USA	450	30.00			450
Lind h.f.	10,000	Banque Indosuez Norege	4,000	40.00	85,000	95,000	38,000
Hús fyrir Epal h.f.	38,857	Magnus Olesen A/S	15,543	40.00			15,543
Sproti h.f.	175	Exort Ltd.	75	42,86			75
Ísnó h.f.	53,228	A/S MOWI, NOREGI	22,888	43.00	-23,289	29,939	12,874
Íslenskt Bergvatn h.f.	230,000	Great Icel. Water Hold	104,650	45.50			104,650
Íslenskur gæðafiskur hf.	5,000	N.V. Visbedrijf P.J.	2,350	47.00			2,350
Bröste umboðið h/f.	20	P. Bröste a/s	9.5	47.50			10
Ístess h.f.	80,000	T. Skretting a.s.	38,400	48.00	-13,651	66,349	31,848
Kísiliðjan h.f.	122,651	Manville Corp.	59,564	48,56	509,062	631,713	306,784
Baader þjónustan	24,300	Nordisch Machinenbau	11,846	48.75			11,846
Eldberg hf.	7,232	UBG Iffezheim GmbH & C	3,538	48.92			3,538
Sævörur h.f.	1,000	Seaproduct Int'l., UK	490	49.00			490
Hlaðbær-Colas, malb.stöð	70,000	Colas Vejmateriale	34,300	49.00			34,300
Ewos hf.	118,605	Ewos AB, Sweden	58,116	49.00	14,519	133,124	65,231
Gluggahús h.f.	1,000	Erstad Trevarefabrik	490	49.00			490
Doppelmayr-skíðalyftur	20	Doppelmayr & son, Austr	9.8	49.00			10
				Samtals eignaraðild fyrirtæka með 25.0 – 49			1,982,803
Flutningsmiðlunin	19,150	Frans M. Beheer, Ned	9,575	50.00			9,575
Kornax h.f.	40,000	Valsemöllen A/S, Danm.	20,000	50.00			20,000
Héðinn Schindler h.f.	25,000	Schindler Hissar ab	12,500	50.00			12,500
Silfurberg h.f.	48,260	Peter Wallenberg, Swe.	28,200	58.43	-12,157	36,103	21,096
AVS-Hagtæki h.f.	5,040	AVS, Danmark	3,640	72.22			3,640
Ístak h.f.	1,200	E. Pihl & sön A/S	1,110	92.50			1,110
				Samtals eignaraðild fyrirtækja með 50.0 – 99			67,921
Kværner Eurika Ísland	Ekkert hlutafé	Kværner Kulde A/S		100.00	-2,181		
ÍSAL	100,000	Swiss Aluminum Ltd.	100,000	100.00	3,929,000	4,029,000	4,029,000
I.B.M. Íslandi		I.B.M. Corp.		100.00		464,000	464,000
Manville h.f.	10	Manville Int'l. Corp.	10	100.00			10
				Samtals eignaraðild fyrirtækja með 100.0 %			4,493,010
					Heildareign alls		7,506,541

Tafla 6.

Yfirlit um íslenska og erlenda eignaraðild skv. atvinnugreinum.
(Í m.kr.)

	1) Ísl. aðild	Í %	2) Erl. aðild	Í %	Mismunur
Iðnaður	84.5	4.0	6,112.7	81.4	−6,028.2
Þjónusta	284.6	13.5	1,298.3	17.3	−1,013.7
Fiskvinnsla og sjávarútvegur	1,741.6	82.5	95.5	1.3	1,646.1
Samtals	2,110.7		7,506.5		−5,395.8

1) Staða í árslok 1988.
2) Í flestum tilvikum er staða í lok árs 1988, en í nokkrum tilvikum er staða í árslok 1989 og er þá um áætlun eða bráðabirgðauppgjör að ræða.

Tafla 7.

Eignaraðild erlendra fyrirtækja að fasteignum.
Leyfi til fyrirtækja í atvinnurekstri skv. lögum nr. 19/1966.
Tímabilið 1970–1990.

Dags. leyfis	Leyfishafi	Staðsetning fasteigna	Atv. grein	Erl. eign í hlutafél.
6. júlí 1978 11. mars 1981	Ansvar International, Svíþjóð Tungulax hf./Norís hf.	Reykjavík Árnessýsla V.-Skaft. N.-Þing.	skrifst. húsnæði fiskeldi	meiri hluti 45%
13. okt. 1982	Ábyrgð hf.	Reykjavík	skrifst. húsnæði	meiri hluti
28. apríl 1983	Ábyrgð hf.	Reykjavík	geymsluhúsnæði	meiri hluti
20. maí 1983	IBM á Íslandi, útibú	Reykjavík	skrifst. húsnæði	erl. útibú
30. ágúst 1983	Blárefur hf.	Hafnarfjörður	fiskeldi	49%
6. maí 1985	Sjávargull hf.	Grindavík	fiskeldi	45%
3. okt. 1985	Vogalax hf.	Gullbringusýsla	fiskeldi	49%
26. nóv. 1985	Silfurlax hf.	Árnessýsla	fiskeldi	49%
25. febr. 1986	Innkaup hf.	Reykjavík	vöruskemma skrifst. húsnæði	40%
11. júlí 1986	Hveitimyllan hf.	Reykajvík	iðjurekstur	50%
22. júlí 1986	Silfurgen hf.	Gullbringusýsla	fiskeldi	49%
23. júlí 1986	Íslandslax hf.	Grindavík	fiskeldi	49%
29. júlí 1986	Ewos hf.	Reykjavík	fóðurblöndun o.fl.	49%
10. sept. 1986	Epal hf.	Reykjavík	versl. húsnæði	40%
12. des. 1986	Fjallalax hf.	Árnessýsla	fiskeldi	49%
21. maí 1987	Silfurlax hf.	Snæf.sýsla	fiskeldi	49%
19. nóv. 1987	Lindalax hf.	Gullbringusýsla	fiskeldi	49%
11. apríl 1988	Würth á Íslandi, útibú	Reykjavík	versl. húsnæði (leiga)	erl. útibú

Dags. leyfis	Leyfishafi	Staðsetning fasteigna	Atv. grein	Erl. eign í hlutafél.
22. júlí 1988	Bakhús hf. Ísrokk hf.	Reykjavík	versl. húsnæði	49%
28. des. 1988 (Í stað leyfis 10. sept. 1986)	Hús fyrir Epal hf.	Reykjavík	versl. húsnæði	98%
31. júlí 1989 (Tímabundið, sjá leyfi 19. nóv. 1987)	Lindalax hf.	Gullbringusýsla	fiskeldi	meiri hluti
1. sept. 1989	Olíuverslun Íslands hf.	Reykjavík	nauðsynl. fasteignir	30%
4. des. 1989	Steinullarverksm. hf.	Sauðárkrókur	verksm. húsnæði	28%

Tafla 8.

Yfirlit yfir arðgreiðslur erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

	Gjaldeyrissala
1985	4.376
1986	2.346
1987	8.312
1988	19.971
1989	80.676
Samtals	115.681

Nd. 867. Frumvarp til laga [495. mál]

um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Flm.: Árni Johnsen, Ólafur G. Einarsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Einar Kr. Guðfinnsson, Ragnhildur Helgadóttir, Kristinn Pétursson, Friðrik Sophusson, Pálmi Jónsson, Eggert Haukdal, Sólveig Pétursdóttir, Friðjón Þórðarson, Matthías Á. Mathiesen.

1. gr.

Við 1. mgr. 12. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 119/1989, bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

12. Sala á flotvinnubúningum sem fullnægja kröfum sem Siglingamálastofnun ríkisins setur um slíka búninga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum missirum hefur það ítrekað bjargað lífi sjómanna, sem hafa fallið fyrir borð á hafi úti, að vera klæddir flotvinnubúningum. Flotvinnubúninga er ekki skylt að hafa í fiskiskipum, en Siglingamálastofnun hefur viðurkennt flotgallana sem öryggistæki með

reglugerð frá 28. júlí 1989. Siglingamálastofnun er eini umsagnaraðilinn á landinu um öryggisbúnað sjómanna.

Fjölmennur fundur eiginkvenna sjómanna í Vestmannaeyjum vakti fyrst athygli á því hve óeðlilegt væri að leggja virðisaukaskatt á það öryggistæki sem flotvinnubúningurinn er og getur skipt sköpum um lífsmöguleika sjómanna. Nemendur Stýrimannaskólans í Reykjavík fylgdu í kjölfarið og segja m.a. í skjali sem þeir hafa afhent fjármálaráðherra, forseta sameinaðs Alþingis og alþingismönnum: „Við getum ekki sætt okkur við að greiða virðisaukaskatt af möguleika okkar til að lifa."

Konur sjómanna um allt land hafa vakið athygli á mikilvægi málsins og hvatt til þess að efla öryggi sjómanna. Þá heldur dr. Jóhann Axelsson, prófessor í lífeðlisfræði, því fram út frá rannsóknum á ofkælingu að flotgallar geti ráðið úrslitum um lífslíkur sjómanna sem lenda í hrakningum.

Siglingamálastofnun hefur nú þegar viðurkennt þrjár tegundir flotvinnubúninga sem uppfylla kröfur um einangrun og flothæfni. Öll rök mæla með því að flotvinnubúningar séu undanþegnir virðisaukaskatti. Þeir eru viðurkennt öryggistæki, það er rík ástæða til þess að hvetja til notkunar þeirra og því eðlilegt að lækka svo sem mögulegt er kostnað sjómanna við öflun slíkra öryggistækja. Björgunarbúningar, sem eru um borð í skipaflota landsmanna, henta ekki sem vinnugallar, en það gera flotvinnubúningarnir sem reynslan hefur sýnt á undanförnum mánuðum að ráðið hafa úrslitum um björgun mannslífa. Óviðunandi er að skattleggja öryggi sjómanna sem búa við mesta slysatíðni allra starfsstétta í landinu. Slík lagabreyting, sem hér er lögð til, er knýjandi til þess að efla og auðvelda öryggi sjómannastéttarinnar í landinu.

Nd. 868. Frumvarp til laga [496. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Norðurlanda um aðstoð í skattamálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Norðurlanda um aðstoð í skattamálum sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 7. desember 1989 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Þegar samningur sá, er um ræðir í 1. gr., hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 111/1972, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum, sbr. lög nr. 8/1977 og 87/1981.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 7. desember 1989 var samningur milli Danmerkur, Finnlands, Færeyja, Grænlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum undirritaður í Kaupmannahöfn. Samningurinn fylgir frumvarpi þessu sem fylgiskjal. Gildandi Norðurlandasamningur um

aðstoð í skattamálum var undirritaður 9. nóvember 1972, sbr. lög nr. 111/1972, en sá samningur hefur sætt nokkrum breytingum síðan. Á árinu 1988 óskuðu Færeyjar og Grænland eftir því að gerast aðilar að aðstoðarsamningnum.

Aðalbreytingin frá gildandi samningi er sú að nýi aðstoðarsamningurinn nær einnig til Grænlands og Færeyja. Auk þess hafa verið gerðar nokkrar breytingar sem í aðalatriðum eru tæknilegs eðlis.

Vegna framkvæmdar samningsins hér á landi er nauðsynlegt að ákvæði hans fái lagagildi, sbr. 2. gr. frumvarpsins.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu ákvæðum samningsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin fjallar um það í hvaða formi skylt er að veita aðstoð milli landa. Um er að ræða stjórnsýsluaðstoð, t.d. birtingu skjala, rannsóknir og upplýsingar í skattamálum, innheimtu og yfirfærslu skatta og ráðstafanir til tryggingar skattkröfum.

Um 2. gr.

Greinin fjallar um þá skatta sem samningurinn nær til. Auk almennra skatta nær samningurinn til ýmissa sérgjalda og sérskatta, sbr. h-lið 1. tölul. greinarinnar.

Um 3. gr.

Í greininni er að finna skilgreiningar á ýmsum hugtökum sem notuð eru í samningnum.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið nánar á um skyldur ríkjanna samkvæmt samningnum. Því er m.a. slegið föstu að aðstoðarskyldan nái einnig til aðgerða gagnvart aðilum sem samkvæmt löggjöf einstakra ríkja eru skyldugir til þess að gefa skattyfirvöldum upplýsingar, t.d. banka, lánastofnana og launagreiðenda.

Um 5.–8. gr.

Greinarnar fjalla nánar um form aðstoðarbeiðna og afgreiðslureglur og þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um birtingu skjala, en hún skal fara fram samkvæmt reglum og framkvæmdavenjum sem gilda í því ríki sem beðið er um birtingu. Þá er í greininni fjallað um sönnun fyrir birtingu skjala.

Um 10.–13. gr.

Í þessum greinum er fjallað nánar um öflun upplýsinga og framkvæmd þeirra milli landanna. Í 10. gr. er fjallað um öflun upplýsinga samkvæmt beiðni, en í 11. gr. er fjallað um upplýsingar án sérstakrar beiðni. 12. og 13. gr. fjalla um skattrannsóknir. Í 12. gr. er að finna nýmæli um skattrannsókn tveggja eða fleiri ríkja samtímis þar sem aðildarríkin hafa sameiginlegra eða samtengdra hagsmuna að gæta. Í 13. gr. er fjallað um heimildir ríkis til þess að fá að hafa fulltrúa sína viðstadda rannsókn í öðru ríki og er hún sama efnis og ákvæði 11. gr. A í gildandi aðstoðarsamningi.

Um 14.–18. gr.

Í þessum greinum er fjallað um aðstoð við innheimtu skatta milli aðildarríkjanna. Innheimtuákvæðin eru að mestu samhljóða innheimtuákvæðum gildandi aðstoðarsamninga að undanskildum ákvæðum 14. gr. Í 14. gr. er að finna reglur um það hvaða reglur í hverju landi skuli gilda í hinum ýmsu tilvikum. Þegar um er að ræða aðfararhæf skjöl nægir það að skjalið sé viðurkennt sem aðfararhæft, þ.e. innheimtuhæft án sérstaks dóms í öðru aðildarríkjanna. Að því er fyrningu varðar er það löggjöfin í því landi sem sendir beiðni um aðstoð sem ræður. Auk þess er sett sú regla að innheimtuaðgerðir, sem rjúfa eða fresta fyrningarfresti í því landi þar sem beðið er um aðstoð, skuli einnig hafa þau áhrif samkvæmt löggjöf þess lands sem biður um aðstoð. Það land, sem beðið er um aðstoð, er skyldugt til að tilkynna um slíkar aðgerðir. Þá eru ákvæði um staðfestingu þess lands sem ber fram beiðni um innheimtu um að úrskurðurinn sé aðfararhæfur, um fyrningarfresti o.fl.

Um 19. gr.

19. gr. er samhljóða 17. gr. A í gildandi samningi og kveður á um að ráðstafanir til tryggingar á skattkröfum samkvæmt samningnum skuli gerðar í samræmi við löggjöf eða stjórnsýslulöggjöf í því ríki þar sem tryggingarráðstafana er óskað.

Um 20. gr.

Í 20. gr. er að finna heimild fyrir bær stjórnvöld í aðildarríkjunum til að gera samkomulag um framkvæmd ákvæða samningsins, sbr. samsvarandi heimild 20. gr. núgildandi samnings. Einnig eru þar ákvæði um lausn ýmissa vandamála sem upp kunna að koma við túlkun samningsins eða framkvæmd hans. Þá er þar einnig tekin inn regla sem kveður á um að í því tilviki, að ekki er komið í veg fyrir tvísköttun í tvísköttunarsamningum milli landanna, geti löndin reynt að komast hjá tvísköttun með gagnkvæmu samkomulagi í einstökum tilvikum. Þessi regla er nauðsynleg þar eð Grænland er ekki aðili að tvísköttunarsamningi Norðurlanda.

Um 21.–25. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli Norðurlanda um aðstoð í skattamálum.

Ríkisstjórn Danmerkur ásamt landsstjórn Færeyja og landsstjórn Grænlands og ríkisstjórnir Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem æskja þess að gera samning um aðstoð í skattamálum, sem gera sér ljóst að því er Færeyjar og Grænland varðar að framkvæmd þeirra mála sem samningur þessi tekur til heyrir undir sjálfsstjórnarvaldsvið Færeyja og Grænlands, jafnvel í samskiptum við útlönd, hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

Almenn ákvæði.

1. gr.

Aðildarríkin skuldbinda sig til að veita hvert öðru aðstoð í skattamálum samkvæmt samningi þessum varðandi:

a) birtingu skjala,
b) rannsóknir í skattamálum, svo sem öflun framtala eða annarra upplýsinga, og skipti á upplýsingum bæði án sérstakrar beiðni og samkvæmt beiðni hverju sinni,
c) afhendingu framtalseyðublaða og annarra skatteyðublaða,
d) aðgerðir til að koma í veg fyrir að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir í fleiri en einu aðildarríki,
e) skattgreiðslur,
f) yfirfærslu á sköttum, svo og
g) innheimtu skatta og ráðstafana til tryggingar á skattkröfum.

2. gr.

1. Gildandi skattar, sem samningur þessi tekur til, eru:

a) Í Danmörku:
   1. tekjuskattur til ríkisins;
   2. tekjuútsvar til sveitarfélaga;
   3. tekjuútsvar til amta;
   4. sérstakur tekjuskattur;
   5. kirkjuskattur;
   6. ágóðahlutaskattur;
   7. vaxtaskattur;
   8. skattur af þóknunum;
   9. skattar samkvæmt ákvæðum kolvetnisskattalaganna (kulbrinteskatteloven);
   10. eignarskattur til ríkisins og
   11. sjómannaskattur.
b) Í Færeyjum:
   1. skattur í landssjóð;
   2. útsvar til sveitarfélaga;
   3. kirkjuskattur;
   4. ágóðahlutaskattur og
   5. skattur af þóknunum.
c) Á Grænlandi:
   1. landsskattur;
   2. sérstakur landsskattur;
   3. útsvar til sveitarfélaga;
   4. ágóðahlutaskattur;
   5. skattur til sveitarfélagasamtaka og
   6. skattar samkvæmt ákvæðum kolvetnisskattalaganna (kulbrinteskatteloven).
d) Í Finnlandi:
   1. tekju- og eignarskattur til ríkisins;
   2. útsvar til sveitarfélaga;
   3. kirkjuskattur og
   4. afdráttarskattur.

e) Á Íslandi:
   1. tekjuskattur til ríkisins;
   2. útsvar til sveitarfélaga og
   3. eignarskattur til ríkisins.

f) Í Noregi:
   1. tekju- og eignarskattur til ríkisins;
   2. tekju- og eignarútsvar til sveitarfélaga;
   3. tekjuskattur til fylkjanna;
   4. tekjuskattur til skattajöfnunarsjóðs;
   5. skattar samkvæmt ákvæðum kolvetnisskattalaganna (petroleumskatteloven);
   6. gjald til ríkisins af þóknun til erlendra listamanna og
   7. sjómannaskattur.

g) I Svíþjóð:
   1. tekjuskattur til ríkisins, þar með talinn sjómannaskattur og afdráttarskattur af arðmiðum;
   2. gjald lagt á þá sem koma fram í atvinnuskyni til að skemmta almenningi (bevillingsavgiften för vissa offentliga föreställningar);
   3. skattur á óúthlutaðan ágóða félaga (ersättningsskatten);
   4. skattur á úthlutaða eignarhlutdeild í félögum (utskiftningsskatten);
   5. skattur til að fjármagna launþegasjóði (vinstdelningsskatten);
   6. tekjuútsvar til sveitarfélaga og
   7. eignarskattur til ríkisins.

h) Í öllum aðildarríkjunum:
   1. erfða- og gjafaskattur;
   2. skattur af vélknúnum ökutækjum, að því leyti sem greinir í samkomulagi samkvæmt 20. gr.;
   3. virðisaukaskattur og annar almennur söluskattur að því leyti sem greinir í samkomulagi samkvæmt 20. gr.;
   4. „punktskattar“ að því leyti sem greinir í samkomulagi samkvæmt 20. gr. og
   5. almannatryggingagjöld og önnur opinber gjöld, að því leyti sem greinir í samkomulagi samkvæmt 20. gr.

2. Með skatti er jafnframt átt við fyrirframgreiðslu þeirra skatta og gjalda sem stafliðir a)–g) í 1. tl. taka til.

3. Samningurinn tekur einnig til allra skatta sömu eða svipaðrar tegundar sem lagðir eru á eftir undirritun samningsins og koma sem viðbót við eða í staðinn fyrir gildandi skatta.

3. gr.

Í samningi þessum merkja neðangreind hugtök eftirfarandi nema annað leiði af samhenginu:

a) hugtakið „aðildarríki“ merkir Danmörku, Finnland, Ísland, Noreg og Svíþjóð; við beitingu samnings þessa tekur hugtakið einnig til hinna sjálfstjórnandi þjóðfélaga Færeyja og Grænlands innan danska ríkisins;

b) „bær stjórnvöld“ merkir:

1. í Danmörku:	Skattaráðuneytið,
2. í Færeyjum:	Niðurjöfnunarráð Færeyja,
3. á Grænlandi:	Skattastofnunin,
4. í Finnlandi:	Fjármálaráðuneytið,
5. á Íslandi:	Fjármálaráðuneytið,
6. í Noregi:	Fjármála- og tollaráðuneytið,
7. í Svíþjóð:	Fjármálaráðuneytið,

eða þau stjórnvöld í þessum aðildarríkjum sem falið hefur verið að annast um málefni varðandi samning þennan í stað framangreindra stjórnvalda;

c) „norrænn tvísköttunarsamningur“ merkir samninginn frá 12. september 1989 milli Norðurlanda til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir og samninginn frá 12. september 1989 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á arf og gjafir og samsvarandi samninga milli Norðurlanda sem eru gerðir eftir undirritun núverandi samninga við hlið eða í staðinn fyrir þessa samninga.

4. gr.

1. Aðildarríki er skylt að veita aðstoð samkvæmt 1. gr. í öllum þeim skattamálum og við allar þær skattkröfur sem fram hafa komið í öðru aðildarríki í samræmi við löggjöf þess og varða þá skatta og gjöld sem 2. gr. tekur til.

2. Aðstoðin getur ekki aðeins tekið til aðgerða gegn skattgreiðandanum, heldur einnig gegn öðrum sem samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis sem beiðni er beint til eru skyldir til að veita skattyfirvöldum aðstoð.

3. Beiðni um aðstoð má því aðeins setja fram að eigi sé unnt að grípa til hinna umbeðnu aðgerða í eigin ríki án verulegra erfiðleika og að það aðildarríki, sem beiðnina ber fram, geti samkvæmt löggjöf sinni veitt sambærilega aðstoð ef það aðildarríki er aðstoðar er beðið fer fram á slíkt.

4. Bær stjórnvöld ríkjanna annast beiðnir um aðstoð og bréfaskipti milli aðildarríkjanna samkvæmt samningi þessum.

5. gr.

1. Beiðnir og önnur skjöl í málum varðandi aðstoð skulu vera samin á dönsku, norsku eða sænsku, en ella skal fylgja þeim þýðing á eitthvert þessara tungumála. Í málum, sem varða birtingu, á þetta þó aðeins við um sjálfa birtingarbeiðnina.

2. Í beiðni um aðstoð skal tilgreina það stjórnvald sem upphaflega hefur beðið um aðstoðina, enn fremur nafn, stöðu eða titil, heimilisfang, fæðingardag og -ár og heimilissveit, svo og, ef unnt er, vinnustað og dvalarstað þess aðila sem málið varðar. Í beiðninni skal enn fremur geta annarra atriða sem orðið geta til leiðbeiningar við að sérgreina þennan aðila.

6. gr.

1. Heimilt er að synja beiðni um aðstoð ef það aðildarríki sem aðstoðar er beiðst hjá telur hana munu stríða gegn almannahagsmunum sínum.

2. Þegar álitaefni um beitingu ákvæðis í norrænum tvísköttunarsamningi hefur verið lagt fyrir bært stjórnvald í því aðildarríki sem beðið hefur verið um aðstoð, getur það aðildarríki, eftir samráð við það aðildarríki sem beðið hefur um aðstoðina, frestað afgreiðslu beiðnarinnar um aðstoð við innheimtu skatta.

7. gr.

1. Ef ekki er orðið við beiðni um aðstoð skal tafarlaust tilkynna því aðildarríki sem bað um hana um þá ákvörðun og rökstuðning fyrir henni.

2. Ef aðstoð er veitt skal það aðildarríki sem aðstoðar var beiðst í skýra hinu aðildarríkinu frá árangri af aðstoðinni jafnskjótt og auðið er.

3. Í tilkynningu samkvæmt þessari grein skal einnig skýra frá öðrum þeim atriðum sem haft geta þýðingu við áframhaldandi aðgerðir í skattamálinu.

8. gr.

Skjal sem er gefið út eða staðfest af dómstóli eða framkvæmdarvaldshafa í einu aðildarríki þarf ekki að löggilda til þess að nota megi það í skattamáli á yfirráðasvæði annars aðildarríkis. Hið sama gildir um skjal sem undirritað hefur verið af starfsmanni dómstólsins eða stjórnvaldsins ef slík undirskrift er nægileg samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis sem dómstóllinn eða stjórnvaldið er í.

Birting skjala.

9. gr.

1. Birting samkvæmt samningi þessum skal fara fram á þann hátt sem tíðkast um svipaða birtingu samkvæmt löggjöf eða framkvæmdavenju í því aðildarríki þar sem birtingar er óskað. Í beiðni um birtingu skjals skal stuttlega greina frá efni skjalsins.

2. Birting getur farið fram á ákveðinn hátt að ósk þess aðildarríkis sem biður um birtingu ef sá háttur samrýmist löggjöf þess aðildarríkis þar sem birting á að fara fram.

3. Sem sönnun um birtingu skal gilda annaðhvort dagsett og vottfest viðurkenning þess, sem birt var fyrir, eða vottorð frá viðkomandi stjórnvaldi í því aðildarríki, þar sem birtingar var óskað, er greinir frá hætti birtingar og hvenær hún fór fram.

Öflun upplýsinga o.fl.

10. gr.

1. Öflun upplýsinga skal fara fram í samræmi við löggjöf þess aðildarríkis sem beiðni er beint til.

2. Hafna má beiðni um öflun upplýsinga ef viðskipta-, framleiðslu- eða atvinnuleyndarmáli yrði ljóstrað upp ef orðið væri við beiðninni.

11. gr.

1. Bært stjórnvald í aðildarríki skal, að svo miklu leyti sem unnt er á grundvelli aðgengilegra upplýsinga er varða eftirlit eða hliðstæðra upplýsinga, jafnskjótt og verða má eftir hver áramót og án sérstakrar beiðni afhenda bæru stjórnvaldi í hverju hinna aðildarríkjanna upplýsingar um þá menn, sem eru búsettir þar, eða lögpersónur, sem eiga þar heimili, varðandi:

a) arðgreiðslur frá hlutafélögum eða hliðstæðum lögpersónum,
b) vexti af skuldabréfum og öðrum slíkum verðbréfum,
c) innstæður í bönkum, sparisjóðum og hliðstæðum stofnunum, svo og vexti af slíkum innstæðum,
d) eignarhald á fasteign,
e) hvers konar þóknanir og tímabilsgreiðslur fyrir notkun á höfundarétti, einkaleyfi, mynstri, vörumerki eða öðrum slíkum réttindum eða eignum,
f) vinnulaun, þóknanir, elli- og eftirlaun og lífeyri,
g) skaðabætur, tryggingabætur og aðrar slíkar bætur sem fengist hafa í tengslum við atvinnurekstur, svo og
h) aðrar tekjur eða eignir, að svo miklu leyti sem samkomulag verður um samkvæmt 20. gr.

2. Bæru stjórnvaldi í aðildarríki ber að stuðla að því að upplýsingar, er fram koma við rannsóknir í því aðildarríki varðandi sköttunarmálefni, og sem ætla má að annað aðildarríki hafi hagsmuni af að fá vitneskju um, verði án tafar veittar bærum stjórnvöldum í síðastnefnda aðildarríkinu.

3. Ef fram kemur í því aðildarríki, sem fengið hefur upplýsingar, að þær eru ekki í samræmi við raunveruleg málsatvik, skal bært stjórnvald í þessu aðildarríki skýra bæru stjórnvaldi í því aðildarríki, sem veitti upplýsingarnar, frá aðstæðum á viðeigandi hátt.

Nd. 869. Frumvarp til laga [128. mál]

um breytingu á lögum nr. 47 16. apríl 1971, um náttúruvernd, lögum nr. 20 30. apríl 1986, um Siglingamálastofnun ríkisins, og ýmsum lögum er varða yfirstjórn umhverfismála.

(Eftir 2. umr. í Nd., 4. apríl.)

1. gr.

Við 7. gr. laga nr. 47 16. apríl 1971, um náttúruvernd, sbr. lög nr. 29 10. maí 1989, bætast þrjár nýjar málsgreinar er orðist svo:

Ráðið skal ásamt Landgræðslu ríkisins vinna að gróðurvernd og hafa eftirlit með ástandi gróðurs. Getur ráðið falið gróðurverndunarnefndum slíkt eftirlit.

Ráðið skal ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar.

Umhverfisráðherra getur, að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs og í samráði við landbúnaðarráðherra, ákveðið friðunar- og uppgræðsluaðgerðir á sviði gróður- og skógverndar skv. 5. og 6. mgr.

2. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í 2., 6., 9. gr., 1. og 2. mgr. 17. gr., 3. mgr. 21. gr., 32., 33., 35. gr. og 4. mgr. 37. gr. laga um náttúruvernd, nr. 47 16. apríl 1971, komi: umhverfisráðuneyti, og í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 6. gr. sömu laga komi: umhverfisráðherra.

3. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í 1. og 2. mgr. 4. gr. og 5. gr. laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 36 2. maí 1974, komi: umhverfisráðuneyti.

4. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 2. mgr. 9. gr. og í 3. mgr. 17. gr. laga um dýravernd, nr. 21 13. apríl 1957, komi: umhverfisráðherra.

Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í 2. og 3. mgr. 4. gr., 2. og 3. mgr. 12. gr., 1. og 2. mgr. 17. gr. og í 1. mgr. 21. gr. sömu laga komi: umhverfisráðuneyti.

5. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í 1. og 2. mgr. 7. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33 26. apríl 1966, komi: umhverfisráðuneyti.

6. gr.

Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 1. og 7. gr. laga um eyðingu svartbaks, nr. 50 18. maí 1965, komi: umhverfisráðuneytis.

7. gr.

1. gr. laga um eyðingu refa og minka, nr. 52 5. júní 1957, orðist svo:

Umhverfisráðuneytið fer með yfirstjórn mála er varða eyðingu refa og minka. Skipar umhverfisráðherra veiðistjóra er hafa skal sérmenntun á sviði náttúrufræði sem nýtist honum í starfi. Kostnaður við embætti veiðistjóra greiðist úr ríkissjóði.

Heimilt er ráðherra að fela veiðistjóra önnur störf er miða að stjórn á stærð villtra dýrastofna.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 9. gr. sömu laga komi: umhverfisráðherra.

Í stað orðanna „stjórnar Búnaðarfélags Íslands“ í 11. gr. sömu laga komi: umhverfisráðuneytis.

Brott falli síðari málsgrein 13. gr. sömu laga.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytið“ í 1. mgr. 14. gr. sömu laga komi: umhverfisráðuneytið.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneyti“ í síðari málsgrein 15. gr. sömu laga: umhverfisráðuneyti.

8. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti“ í 1. mgr. 4. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81 3. ágúst 1988, komi: umhverfisráðuneyti.

Í stað orðsins „heilbrigðismálaráðherra“ í 3. mgr. 5. gr. sömu laga komi: umhverfisráðherra.

9. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 3. og 4. mgr. 4. gr., 4. mgr. 6. gr., 4. mgr. 7. gr., 2. mgr. 8. gr., 9. gr., 1., 4. og 5. mgr. 10. gr., 12. gr., 19. gr., 22. gr., 1., 3. og 4. mgr. 23. gr., 2. mgr. 24. gr., 1. mgr. 26. gr., 5. og 6. mgr. 29. gr. og 32. gr. laga um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32 5. maí 1986, komi: umhverfisráðherra.

10. gr.

Í stað orðanna „ráðherra siglingamála“ í 4. gr. laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu, nr. 14 4. apríl 1979, komi: ráðherra umhverfismála.

11. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 2. gr. laga um bann við losun hættulegra efna í sjó, nr. 20 21. apríl 1972, komi: umhverfisráðherra.

12. gr.

Við 1. gr. laga um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20 30. apríl 1986, bætist: Umhverfisráðherra fer þó með yfirstjórn mála er falla undir 7. tölul. 2. gr. laga þessara.

13. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 23. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52 18. maí 1988, komi: umhverfisráðherra.

14. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisráðherra“ í 4. og 22. gr. laga um geislavarnir, nr. 117 24. júlí 1985, komi: umhverfisráðherra.

15. gr.

Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. og 2. mgr. 4. gr. laga um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52 29. maí 1989, komi: umhverfisráðherra.

16. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytið“ í 1. mgr. 1. gr. skipulagslaga, nr. 19 21. maí 1964, komi: umhverfisráðuneytið.

17. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðuneyti“ í 3. mgr. 1. gr., 3. gr., 4. gr., 5. gr. og í 2. mgr. 6. gr. byggingarlaga, nr. 54 16. maí 1978, komi: umhverfisráðuneyti.

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 7. og 8. mgr. 8. gr., 2. mgr. 12. gr. og í 1. mgr. 32. gr. sömu laga komi: umhverfisráðherra.

18. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laga um Veðurstofu Íslands, nr. 30 7. júní 1985, komi: umhverfisráðherra.

19. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðuneyti“ í 1. gr. og 3. mgr. 9. gr. laga um Landmælingar Íslands, nr. 31 7. júní 1985, komi: umhverfisráðuneyti.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 3. mgr. 9. gr. sömu laga komi: umhverfisráðherra.

20. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. gr. laga um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands, nr. 48 18. maí 1965, komi: umhverfisráðherra.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir 1. nóvember 1990 skal umhverfisráðherra í samráði við landbúnaðarráðuneyti beita sér fyrir endurskoðun á lögum um Landgræðslu ríkisins, nr. 17/1965, og Skógrækt ríkisins, nr. 3/1955, með síðari breytingum.

Ed. 870. Frumvarp til laga [131. mál]

um lögheimili.

(Eftir 2. umr. í Ed., 4. apríl.)

Samhljóða þskj. 135 með þessari breytingu:

12. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1991. Jafnframt falla úr gildi lög um lögheimili, nr. 35 30. maí 1960, með síðari breytingum.

Ed. 871. Frumvarp til laga [497. mál]

um flutning Lyfjatæknaskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands til menntamálaráðuneytisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

15. gr. laga nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, með síðari breytingu, orðist svo:

Menntamálaráðuneytið starfrækir við framhaldsskóla nám í lyfjatækni í samvinnu við samtök lyfsala. Menntamálaráðherra setur með reglugerð ákvæði um námið og tilhögun þess.

Lyfjabúðum er skylt samkvæmt nánari ákvörðun heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í reglugerð að vista lyfjatækninema til verklegs náms.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra getur með reglugerð sett ákvæði um starfsréttindi lyfjatækna, svo og annars afgreiðslu- og aðstoðarfólks í lyfjabúðum og öðrum stofnunum, sem afgreiða, framleiða eða selja lyf í heildsölu.

2. gr.

2. gr. 1. mgr. laga um sjúkraliða, nr. 58/1984, með síðari breytingum, orðist svo:

Leyfi skv. 1. gr. má veita þeim sem lokið hafa námi frá skóla hér á landi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið viðurkennir.

4. mgr. 5. gr. laga um sjúkraliða, nr. 58/1984, eins og greininni var breytt með lögum nr. 73/1989, fellur niður.

3. gr.

Í 2. gr. laga nr. 40/1985, um Þroskaþjálfaskóla Íslands, komi: menntamálaráðherra í stað „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“.

4. gr.

Við 6. gr. laga nr. 35/1964, um Ljósmæðraskóla Íslands, bætist nýr málsliður svohljóðandi:

Lög þessi falla úr gildi 31. desember 1992.

5. gr.

1. mgr. 2. gr. ljósmæðralaga, nr. 67/1984, orðist svo:

Leyfi skv. 1. gr. má veita þeim sem lokið hafa námi frá skóla hér á landi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið viðurkennir.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1990. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella þau inn í meginmál þeirra laga sem þau breyta og gefa þau lög út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fjórir skólar heilbrigðisstétta eru nú reknir af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu: Ljósmæðraskóli Íslands, Lyfjatæknaskóli Íslands, Sjúkraliðaskóli Íslands og Þroskaþjálfaskóli Íslands. Ráðuneytið hefur verið þeirrar skoðunar að rekstur skóla væri á verksviði menntamálaráðuneytisins.

Á síðustu árum hefur verið boðið upp á sjúkraliðanám í fjölbrautaskólum. Heilbrigðisráðuneytið telur því að ekki sé lengur þörf á Sjúkraliðaskóla Íslands og hefur nú þegar verið hafinn undirbúningur þess að skólinn verði lagður niður. Gert er ráð fyrir að Sjúkraliðaskóli Íslands verði lagður niður frá og með 1. nóvember 1990.

Samkomulag hefur náðst milli heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og menntamálaráðherra um að menntamálaráðuneytið taki við yfirstjórn og rekstri náms lyfjatækna, sjúkraliða og þroskaþjálfa. Hefur verið miðað við að þessi breyting verði 1. júlí 1990. Gert er ráð fyrir að framlög á fjárlögum ársins 1990 flytjist milli ráðuneytanna sem þessu nemur, svo og eigur skólanna, samningar um húsaleigu, ráðningarsamningar o.fl.

Jafnframt hafa heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og menntamálaráðherra samið um að að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið leggi niður Ljósmæðraskóla Íslands á árinu 1992. Ákveðið hefur verið að sá hópur, sem hefja mun nám haustið 1990, verði síðasti hópurinn sem lýkur námi frá skólanum. Þessi hópur mun ljúka námi vorið 1992. Mun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið leggja starfsemi skólans niður í framhaldi af því. Á vegum menntamálaráðuneytisins er hafin athugun á framtíðarskipan ljósmæðranáms og hugsanlegum tengslum þess við námsbraut í hjúkrunarfræði í Háskóla Íslands.

Af hálfu menntamálaráðuneytsins er fyrirhugað að kennsla sjúkraliða og lyfjatækna verði tengd framhaldsskólum sem fyrir eru, en að Þroskaþjálfaskóli Íslands starfi áfram sem sérstök stofnun.

Til að framangreindar breytingar á yfirstjórn og tilhögun náms ljósmæðra, lyfjatækna, sjúkraliða og þroskaþjálfa geti komist í kring þarf að breyta fimm lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þessi breyting snertir Lyfjatæknaskóla Íslands. Gert er ráð fyrir að Lyfjatæknaskóli Íslands flytjist yfir til menntamálaráðuneytisins og mun hann verða sérstök námsbraut innan framhaldsskólakerfisins.

Um 2. gr.

Þessi grein fjallar um nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 58/1984, um sjúkraliða, vegna þess að Sjúkraliðaskóli Íslands verður lagður niður.

Um 3. gr.

Hér er gerð sú breyting á 2. gr. laga nr. 40/1985, um Þroskaþjálfaskóla Íslands, að í stað heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra komi menntamálaráðherra.

Um 4. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur ákveðið að Ljósmæðraskóli Íslands verði lagður niður. Því er hér gert ráð fyrir að lög um Ljósmæðraskóla Íslands, nr. 35/1964, falli úr gildi 31. desember 1992.

Um 5. gr.

Þessi grein fjallar um nauðsynlegar breytingar á ljósmæðralögum, nr. 67/1984, vegna þess að Ljósmæðraskóli Íslands verður lagður niður.

Um 6. gr.

Rétt þykir að gera það skilyrði að þegar lögin hafa hlotið staðfestingu verði breytingar þær, sem þau fela í sér, felldar inn í meginmál þeirra laga, sem þau breyta, og þau lög gefin út þannig breytt.

Ed. 872. Frumvarp til laga [498. mál]

um Lánasýslu ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

Lánasýsla ríkisins skal fyrir hönd fjármálaráðherra fara með lántökur ríkissjóðs og ríkisstofnana innan lands og utan, útgáfu og sölu ríkisskuldabréfa á innlendum markaði og aðra skuldaumsýslu fyrir ríkissjóð, svo og endurlán lánsfjár og ríkisábyrgðir.

Lánasýsla ríkisins heyrir undir fjármálaráðherra. Heimili hennar og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Í störfum sínum skal Lánasýsla ríkisins stefna að eftirfarandi meginmarkmiðum:

1. Halda erlendum og innlendum vaxta- og fjármagnskostnaði ríkisins í lágmarki.
2. Dreifa gengis-, vaxta- og verðlagsáhættu vegna skulda ríkisins á sem hagkvæmastan hátt.
3. Draga úr áhættu ríkissjóðs vegna ábyrgða og endurlána.
4. Efla markað fyrir ríkisverðbréf á innlendum fjármagnsmarkaði með kynningu og þjónustu.
5. Efla lánstraust íslenska ríkisins á erlendum lánsfjármörkuðum og bæta þannig lánskjör þjóðarinnar erlendis.

3. gr.

Starfsemi Lánasýslu ríkisins skiptist í þrjú meginsvið:

1. Ábyrgða- og endurlánamál, en starfrækja skal Ríkisábyrgðasjóð sem deild við Lánasýslu ríkisins.
2. Sölu og innlausn innlendra markaðsverðbréfa ríkissjóðs og ríkisvíxla. Í þessu skyni er Lánasýslu ríkisins heimilt að starfrækja þjónustumiðstöð fyrir kaupendur innlendra markaðsverðbréfa ríkissjóðs og ríkisvíxla.
3. Erlend lánamál.

4. gr.

Heimilt er að lántökur Lánasýslu ríkisins í nafni ríkissjóðs og endurlán færist á reikninga hennar.

Lánasýsla ríkisins tekur við öllum eignum og skuldum, kröfum og skuldbindingum Ríkisábyrgðasjóðs samkvæmt lögum nr. 49/1962 eins og þær standa þegar lög þessi öðlast gildi.

Lánasýsla ríkisins skal fyrir hönd ríkissjóðs greiða kröfur sem á hann falla vegna ríkisábyrgða og lána sem ríkissjóður hefur tekið og endurlánað og eignast hún þær framkröfur sem myndast með þeim hætti.

5. gr.

Lánasýsla ríkisins semur fyrir hönd ríkissjóðs um lán, endurlánar fé og veitir ábyrgðir samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra innan heimilda sem Alþingi veitir hverju sinni.

Lánasýslu ríkisins er heimilt í nafni ríkissjóðs að taka lán og endurlána fé í stað sjálfskuldarábyrgðar ríkissjóðs skv. 1. mgr., að hluta eða öllu leyti, enda sé það fyrirkomulag tryggara fyrir ríkissjóð.

6. gr.

Lánasýslu ríkisins fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að endurfjármagna innlendar og erlendar skuldir fyrir gjalddaga þegar hagstæðari kjör bjóðast. Einnig er Lánasýslu ríkisins heimilt að taka fyrir hönd ríkissjóðs erlend skammtímalán til endurgreiðslu áður tekinna erlendra skammtímalána eða breyta sömu skammtímaskuldum í föst lán.

Lánasýslu ríkisins er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að selja ríkisvíxla á innlendum markaði til endurgreiðslu áður útgefinna ríkisvíxla og til að bæta stöðu ríkissjóðs á aðalviðskiptareikningi hans í Seðlabankanum.

Enn fremur er Lánasýslu ríkisins fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að breyta gjaldmiðlum og/eða vaxtakjörum á erlendum lánum með sérstökum samningum, enda felist ekki nýjar lántökur í slíkum breytingum.

Fjármálaráðherra skal árlega upplýsa Alþingi um notkun þessara heimilda.

Heimilt er að kveða nánar á um ákvæði þessarar greinar í reglugerð.

7. gr.

Lánasýsla ríkisins skal hafa eftirlit með lántökum aðila sem ríkisábyrgðar njóta á skuldbindingum sínum og vera ráðgefandi um skuldstýringu þeirra.

Skylt er þeim aðilum, er hyggjast taka lán erlendis og ríkisábyrgðar njóta á erlendum skuldbindingum, að kynna þau áform sín fyrir Lánasýslu ríkisins og leita eftir fyrir fram samþykki á þeim kjörum og skilmálum sem þeir hyggjast semja um.

8. gr.

Forseti Íslands skipar forstjóra Lánasýslu ríkisins samkvæmt tillögu fjármálaráðherra. Forstjóri stjórnar rekstri Lánasýslu ríkisins og ræður henni starfsfólk.

9. gr.

Heimilt er að semja við Seðlabanka Íslands um að hann annist framkvæmd erlendra lánamála, ríkisábyrgða- og endurlánamála, svo og önnur verkefni sem Lánasýslu ríkisins eru falin eftir því sem hagkvæmt þykir.

10. gr.

Kostnað af starfsemi Lánasýslu ríkisins skal greiða með eftirfarandi tekjum:

1. Lántökugjöldum og vaxtamun endurlána.
2. Áhættugjaldi skv. 4. gr. laga nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, með síðari breytingum.
3. Umboðslaunum af seldum ríkisverðbréfum.
4. Framlögum sem ákveðin verða í fjárlögum hverju sinni eftir því sem Lánasýsla ríkisins þarf á að halda vegna greiðslna sem á hana kunna að falla umfram tekjur og endurgreiddar framkröfur.
5. Ýmsum tekjum sem tengjast starfsemi Lánasýslu ríkisins.

Verði hagnaður af starfsemi Lánasýslu ríkisins skal hann renna í ríkissjóð.

11. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara og starfsemi Lánasýslu ríkisins má setja með reglugerð.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 49/1962, um Ríkisábyrgðasjóð, og 2. gr. laga nr. 103/1974, um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fjármálaráðherra skipaði 31. janúar sl. nefnd til að semja frumvarp til laga um Lánasýslu ríkisins. Nefndinni var falið að skila lagafrumvarpi eigi síðar en 28. febrúar sl. Í nefndina voru skipaðir: Björn Tryggvason, aðstoðarbankastjóri Seðlabanka Íslands, Ingimundur Friðriksson, forstöðumaður alþjóðadeildar Seðlabanka Íslands, Már Guðmundsson, efnahagsráðgjafi fjármálaráðherra, og Sigurgeir Jónsson ráðuneytisstjóri sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Nefndinni til aðstoðar var Sveinbjörn Hafliðason, forstöðumaður lögfræðideildar Seðlabanka Íslands. Nefndin skilaði frumvarpi til fjármálaráðherra 27. febrúar sl.

Frumvarp þetta er í öllum meginatriðum byggt á tillögum nefndarinnar. Samkvæmt því er lagt til að breytt verði fyrirkomulagi á framkvæmd lána- og ábyrgðamála ríkisins jafnframt því sem núgildandi lagaákvæði um þessi mál eru samræmd. Með þessu móti er stefnt að því að styrkja stöðu ríkissjóðs í ljósi vaxandi samkeppni á lánamörkuðum.

Miklar breytingar hafa orðið á undanförnum árum á innlendum fjármagnsmarkaði og fyrirkomulag á innlendri fjáröflun ríkissjóðs var tekið til endurskoðunar á síðastliðnu ári. Tilkoma nýrra verðbréfa, bankabréfa og verðbréfasjóða hefur m.a. leitt til harðari samkeppni um sparifé landsmanna og kallar á viðbrögð af ríkisins hálfu. Með sérstöku samkomulagi fjármálaráðuneytis og Seðlabanka var ákveðið að koma á fót Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa sem er að formi til deild í Ríkisábyrgðasjóði, enda hefur kostnaður af þessu verkefni verið færður um Ríkisábyrgðasjóð hingað til. Þjónustumiðstöðin tekur við markaðssetningu innlendra ríkisverðbréfa af Seðlabankanum, enda getur hún beitt sér með ákveðnari hætti á markaðnum en Seðlabankinn getur vegna hins almenna hlutverks síns. Hefur Þjónustumiðstöðin nú nýlega tekið til starfa.

Vaxandi nauðsyn er því á að skuldstýring ríkissjóðs verði samræmd og efld, en á því sviði hafa orðið miklar framfarir erlendis á síðustu árum. Sömuleiðis þarf eftirlit með notkun ríkisábyrgða að tengjast skuldstýringu ríkissjóðs ef þjóðin á að geta náð bestu lánskjörum erlendis. Jafnframt hefur reynslan sýnt að yfirleitt er hægt að ná betri lánskjörum með því að safna lántökum ríkisins og annarra opinberra aðila saman í hæfilega stórar lántökur.

Ríkið stendur nú frammi fyrir mun harðari samkeppni á innlendum lánamarkaði en áður og jafnframt má búast við að mörkin milli innlendrar og erlendrar lántöku verði ógleggri í framtíðinni en nú er ef dregið verður frekar úr hömlum á fjármagnshreyfingum milli Íslands og umheimsins. Svipaðar aðferðir munu því eiga við varðandi lánsfjáröflun á innlendum og erlendum lánsfjármörkuðum í framtíðinni.

Af ofangreindum ástæðum er hér m.a. lagt til að fela sérhæfðri ríkisstofnun utan fjármálaráðuneytis að annast öll lána- og ábyrgðamál ríkisins undir yfirstjórn fjármálaráðherra. Með því er tryggð nauðsynleg heildaryfirsýn yfir innlend og erlend lánamál, svo og ábyrgðir ríkissjóðs og endurlán sem eru lánamálunum nátengd.

Umfang lána- og ábyrgðarstarfsemi ríkisins er orðið mjög mikið. Í árslok 1989 námu spariskírteini, innlend lán, ríkisvíxlar, erlend lán, ábyrgðir og endurlán ríkissjóðs eftirfarandi

fjárhæðum (í millj. kr.), en þetta eru þær skuldbindingar sem liggja á meginverksviði Lánasýslu ríkisins:

Spariskírteini ríkissjóðs	26,447
Ýmis innlend lán	1,851
Ríkisvíxlar	5,892
Samtals	34,190
Erlend lán	58,840
Lán alls	93,030
Sjálfskuldarábyrgðir ríkissjóðs	31,630
Lán og ábyrgðir alls	124,660
Þar af endurlán	28,923

Vaxtakostnaður ríkisins hefur á undanförnum árum farið vaxandi samfara auknu umfangi lána- og ábyrgðastarfsemi ríkisins. Samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs nema fjármagnsgjöld A-hluta ríkissjóðs röskum 9 milljörðum króna eða sem svarar nær einum tíunda hluta heildarútgjalda. Á móti nema fjármagnstekjur rúmum 4 milljörðum króna. Auk þessa verður ríkissjóður fyrir kostnaði vegna ábyrgða sem á hann falla. Það eru því miklir hagsmunir í húfi að það takist að halda fjármagnskostnaði ríkissjóðs í lágmarki.

Umfang þeirrar starfsemi, sem heyra mun undir Lánasýslu ríkisins, sést m.a. ef litið er á þróunina í þessum efnum á síðasta ári hjá A-hluta ríkissjóðs. Á árinu voru spariskírteini seld fyrir 5,1 milljarð króna en innleyst fyrir 3,4 milljarða króna. Ríkisvíxlar voru seldir umfram innlausn fyrir 5,2 milljarða króna og nam ríkisvíxlastofninn í árslok 5,9 milljörðum króna. Erlendar lántökur A-hluta ríkissjóðs námu 6,6 milljörðum króna, en þar af stöfuðu 5 milljarðar króna af endurgreiðslu yfirdráttarskuldar í Seðlanbankanum í árslok 1988, en afgangurinn skýrist að mestu af milligöngu um útvegun lánsfjár, t.d. fyrir Atvinnutryggingarsjóð, Lánasjóð íslenskra námsmanna o.fl. Auk þessa skuldbreytti ríkissjóður erlendum lánum fyrir rúma 4 milljarða króna og stofnaði til vaxtaskipta á láni sem nam 1,2 milljörðum króna. Veittar voru sjálfskuldarábyrgðir ríkissjóðs fyrir 1,9 milljarða króna á árinu. Samtals var því umfang þessarar starfsemi 24 milljarðar króna sem er samtala seldra spariskírteina og ríkisvíxla, erlendrar lántöku, skuldbreytinga, vaxtaskipta og veittra sjálfskuldarábyrgða.

Dagleg framkvæmd lána- og ábyrgðamála ríkissjóðs var að mestu leyti falin Seðlabankanum fljótlega eftir stofnun hans árið 1961 undir yfirumsjón fjármálaráðuneytisins. Þannig var samið við bankann seint á árinu 1962 um að hann tæki að sér vörslu og daglegan rekstur Ríkisábyrgðasjóðs samkvæmt heimild í lögum um sjóðinn nr. 49/1962 og hefur það fyrirkomulag verið óbreytt síðan þannig að Ríkisábyrgðasjóður starfar sem sérstök deild í bankanum. Um erlendar lántökur ríkisins hefur bankinn séð að mestu leyti frá upphafi, en framan af samkvæmt samkomulagi hverju sinni. Á árinu 1972 var bankanum falið verkefnið með sérstakri samþykkt ríkisstjórnarinnar. Alþjóðadeild Seðlabankans hefur séð um þessar lántökur ásamt öðrum verkefnum frá því henni var komið á fót árið 1977, en Ríkisábyrgðasjóður hefur séð um bókhald og greiðslur.

Loks hefur Seðlabankinn séð um útgáfu og innlausn spariskírteina ríkisjóðs allt frá upphafi þeirrar útgáfu árið 1964. Ýmsar deildir bankans hafa séð um framkvæmdina, en fjárhagslegt eftirlit og bókhald er í Ríkisábyrgðasjóði. Jafnframt hefur bankinn á allra síðustu árum séð um útgáfu ríkisvíxla sem er nýmæli í innlendri fjáröflun ríkissjóðs.

Ekki er með þessu frumvarpi verið að breyta þessu fyrirkomulagi, enda hefur það gefist vel. Eftir sem áður er það ávallt á valdi ráðherra að gera breytingu á þessari skipan. Ríkisábyrgðasjóður, sem yrði uppistaðan í einni af þremur megindeildum Lánasýslu ríkisins, yrði vistaður í Seðlabankanum. Jafnframt mundi Seðlabankinn annast erlend lánamál ríkissjóðs fyrir hönd Lánasýslu ríkisins eftir að frumvarp þetta verður að lögum. Hins vegar yrði Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa deild innan Lánasýslu ríkisins. Hér er því um óverulega viðbót við þá starfsemi að ræða sem þegar fer fram á vegum fjármálaráðuneytisins og Seðlabankans. Nauðsyn er á nánu samráði fjármálaráðuneytisins og Seðlabankans um lána- og ábyrgðamál þar sem lántökur snerta mjög hið lögskipaða verksvið bankans.

Til þess að unnt sé að stýra skuldum ríkisins á hagkvæman hátt þarf sérstakar lagaheimildir til viðbótar við lántökuheimildir hvers árs. Til þessa hafa slíkar skuldstýringarheimildir verið veittar í lánsfjárlögum hvers árs og endurteknar þar ár frá ári. Eðlilegt er að eftir að Lánasýsla ríkisins kemst á fót verði henni veittar þessar almennu heimildir til skuldstýringar og skuldbreytinga. Gert er ráð fyrir að kveðið verði nánar á um notkun heimilda þessara í reglugerð. Fjármálaráðherra mun eins og hingað til veita heimildir til aðgerða á þessu sviði. Nauðsynlegt er að upplýst sé a.m.k. árlega um notkun heimilda þessara og er því eðlilegt að Lánasýsla ríkisins gefi út árlega skýrslu um starfsemi sína. Jafnframt mun Alþingi a.m.k. árlega vera gerð grein fyrir notkun þessara heimilda.

Sú starfsemi, sem fara mun fram á vegum Lánasýslu ríkisins, felur ekki í sér marktæka viðbót við þá starfsemi á þessu sviði sem nú fer fram á vegum fjármálaráðuneytisins og Seðlabankans eða í samstarfi þessara aðila. Kostnaðarauki verður því ekki teljandi. Hins vegar er kostnaður við þessa starfsemi umtalsverður nú, enda eru umsvifin mikil eins og gerð hefur verið grein fyrir hér að framan.

Nafnið, „Lánasýsla ríkisins“, hefur verið valið með tilliti til eðlis þeirrar starfsemi sem hér um ræðir og með hliðsjón af notkun orðsins *sýsla* í orðunum *kaupsýsla*, *stjórnsýsla*, *hagsýsla* o.s.frv., sbr. t.d. *Fjárlaga- og hagsýslustofnun* sem í daglegu tali er oft kölluð *Hagsýslan* eða ámóta. Þessi notkun sprettur af hinni fornu merkingu orðsins „sýsla“: starf, verk: *ganga um sýslur manna*, *andlegt verk*, *jarðleg sýsla*: umboð til stjórnunarstarfa, skattheimtu, löggæslu: *hirðstjórn* og *sýsla*, *hafa sýslu*, *halda sýslu*.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er megintilgangi og aðalverkefnum Lánasýslu ríkisins lýst með því að Lánasýsla ríkisins annist fyrir hönd fjármálaráðherra, innan lands og utan, lántökur ríkissjóðs, útgáfu og sölu ríkisskuldabréfa á innlendum markaði og aðra skuldaumsýslu fyrir ríkissjóð, svo og endurlán lánsfjár og ríkisábyrgðir. Þetta þýðir að Lánasýsla ríkisins tekur engin lán, hvorki innan lands né utan, í eigin nafni. Lántökur á vegum ríkissjóðs verða eftir sem áður í hans nafni þótt þessi nýi aðili taki við hlutverki fjármálaráðuneytisins í lántökumálum ríkissjóðs. Vísast í þessu efni m.a. til almennra athugasemda hér að framan. Nánar yrði kveðið á um þessi efni í reglugerð, sbr. ákvæði 12. gr. frumvarps þessa.

Í 2. gr. laga nr. 103/1974, um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja, er kveðið á um að fjármálaráðuneytið annist allar lántökur ríkissjóðs og stofnana er greinir í A-hluta ríkisreiknings. Verði frumvarp þetta að lögum annast Lánasýsla ríkisins hlutverk fjármálaráðuneytisins samkvæmt ákvæðum greindra laga.

Skv. 2. mgr. heyrir Lánasýsla ríkisins stjórnskipulega undir fjármálaráðherra. Hér er ekki um breytingu að ræða frá fyrri framkvæmd. Fjármálaráðherra tekur sem fyrr endanlegar ákvarðanir um lántökur, ábyrgðir og endurlán ríkissjóðs sem heimiluð eru lögum samkvæmt hverju sinni.

Um 2. gr.

Greinin fjallar um meginmarkmið sem Lánasýslu ríkisins ber að stefna að í starfi sínu. Þau eru:

1. Að halda erlendum og innlendum vaxta- og fjármagnskostnaði ríkisins í lágmarki. Að þessu markmiði hefur verið unnið innan lands og utan mörg undanfarin ár eftir því sem aðstæður og möguleikar hafa leyft og því starfi verður haldið áfram.
2. Að dreifa gengis-, vaxta- og verðlagsáhættu á skuldum ríkisins á sem hagkvæmastan hátt. Hér eru settir fram helstu þættir áhættudreifingar.
3. Að draga úr áhættu ríkissjóðs vegna ábyrgða og endurlána. Í því efni er m.a. nauðsynlegt að fylgst sé með að tryggingar á móti ábyrgð séu viðunandi.
4. Að efla markað fyrir ríkisverðbréf á innlendum fjármagnsmarkaði með kynningu og þjónustu. Ríkissjóður hefur í 25 ár gefið út spariskírteini sem frá upphafi voru verðtryggð. Spariskírteinin hafa náð góðri fótfestu á verðbréfamarkaði og var útistandandi skuld ríkissjóðs í spariskírteinum í árslok 1989 um 26,4 milljarðar króna. Markaður fyrir ríkisvíxla hefur eflst sérstaklega á undanförnum missirum. Útistandandi ríkisvíxlar námu þannig tæpum 6 milljörðum króna í árslok 1989. Um þessar mundir er að hefja starfsemi sína Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa og verður hún hluti Lánasýslu ríkisins sem frumvarp þetta fjallar um. Verkefni Þjónustumiðstöðvarinnar verða aðallega á sviði markaðssetningar innlendra markaðsverðbréfa ríkissjóðs og ríkisvíxla. Fjármálaráðherra og Seðlabankinn gerðu 1. nóvember 1989 með sér samkomulag um verkaskiptingu milli bankans og Þjónusmiðstöðvarinnar í þessu efni eins og getið er í almennum athugasemdum hér að framan.
5. Að efla lánstraust íslenska ríkisins á erlendum lánsfjármörkuðum og bæta þannig lánskjör þjóðarinnar erlendis. Að þessu hafa Seðlabankinn og fjármálaráðuneytið unnið. Þetta hefur m.a. falist í upplýsingamiðlun, bæði kynningu erlendis og í dreifingu ritaðs efnis. Þá hafa ákveðnir lántökukostir verið valdir með það í huga að þeir verði nokkurs konar viðmiðun varðandi vaxtakjör fyrir íslenska lántakendur á erlendum lánamörkuðum. Á árinu 1989 fékk ríkissjóður fyrst lánshæfniseinkunnir frá viðurkenndum erlendum matsfyrirtækjum og treysta þær stöðu hans á erlendum lánamörkuðum.

Um 3. gr.

Í þessari grein er lýst starfsemi Lánasýslu ríkisins. Eitt af meginverkefnum Lánasýslu ríkisins er að starfrækja Ríkisábyrgðasjóð, en hann verður deild við Lánasýslu ríkisins og starfar með sama hætti og nú að ábyrgða- og endurlánamálum. Annað verkefni Lánasýslu ríkisins er að yfirtaka Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa sem í dag sinnir innlendri verðbréfaútgáfu ríkissjóðs í samvinnu við Seðlabanka Íslands á grundvelli samkomulags fjármálaráðherra og Seðlabankans frá 1. nóvember 1989. Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að Lánasýsla ríkisins starfræki umrædda Þjónustumiðstöð í samvinnu við Seðlabankann fyrst um sinn í samræmi við ákvæði ofangreinds samkomulags.

Varðandi frekari skýringar við grein þessa vísast til almennra athugasemda.

Um 4. gr.

Veitt er heimild til að færa lántökur og endurlán Lánasýslu ríkisins í nafni ríkissjóðs í reikninga hennar, en það gæti reynst heppilegt vegna skuldstýringar og endurlánastarfsemi. Á næstunni verður þetta mál kannað, m.a. af ríkisreikninganefnd. Jafnframt verður kannað hvort heppilegt sé að gera breytingar á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreikninga og fjárlaga með síðari breytingum, í framhaldi af því að frumvarp þetta verður að lögum.

Lánasýsla ríkisins tekur við öllum kröfum og skuldbindingum Ríkisábyrgðasjóðs. Ríkisábyrgðasjóður verður ekki lengur sjálfstæð B-hluta stofnun heldur hluti af Lánasýslu ríkisins. Bókhaldsuppgjör hans mun þannig falla inn í uppgjör fyrir Lánasýslu ríkisins ef frumvarp þetta verður að lögum.

Um 5. gr.

Þessi grein endurspeglar í raun heimildir lánsfjárlaga eins og þær hafa verið undanfarin ár. Í 2. mgr. felst heimild til þess að taka lán og endurlána fé í stað sjálfskuldarábyrgðar ríkissjóðs að hluta eða öllu leyti. Það kann oft að reynast heppilegra fyrir ríkissjóð að standa þannig að málum, enda nást yfirleitt betri kjör á stærri lánum en smærri á erlendum lánamörkuðum. Jafnframt hefur reynst auðveldara með þessum hætti að hafa lánstíma í samræmi við greiðslugetu skuldara.

Um 6. gr.

Í lánsfjárlögum undanfarinna ára hafa verið ákvæði sem heimila ríkissjóði m.a. að endurfjármagna útistandandi lán fyrir gjalddaga þegar hagstæðari kjör bjóðast, breyta vaxta- og gjaldmiðlasamsetningu erlendra lána, nýta möguleika á skammtímalánamarkaði, t.d. veltilán og skammtímaskuldabréf o.fl. Í ákvæðum þessum felast ekki heimildir til að taka ný lán en þau gera ríkissjóði kleift að hagræða lánunum þannig að dregið verði úr áhættu og kostnaði. Nauðsynlegt er að slíkar heimildir séu ætíð til staðar. Í greininni eru þessar heimildir almennar orðaðar en í lánsfjárlögum, en gert ráð fyrir að nánar verði kveðið á um þær í reglugerð, enda kunna breytingar á lánamörkuðum að kalla á breytt form heimilda. Skýrt er tekið fram í greininni að heimildir til skuldstýringar feli ekki í sér heimildir til að taka ný lán.

Samkvæmt greininni er m.a. heimilt að stofna til gjaldmiðla- og vaxtaskipta, taka lán til þess að greiða upp eldri lán fyrir gjalddaga þegar hagstæðari kjör bjóðast og til þess að draga á veltilán og önnur skammtímalán og endurgreiða með nýjum lánum. Efnislega eru þetta sömu heimildir og felast í 38. og 39. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1990 og yrðu þær þar með óþarfar í lánsfjárlögum hér eftir.

Þá yrði sömuleiðis heimilt að gefa út ríkisvíxla til endurgreiðslu áður útgefinna ríkisvíxla og til þess að bæta stöðu ríkissjóðs á aðalviðskiptareikningi í Seðlabankanum. Í fjárlögum er jafnan almennt ákvæði þess efnis að ríkissjóði sé heimilt að stofna til yfirdráttar í Seðlabankanum til þess að mæta fjárþörf innan ársins, sbr. 10. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands. Að undanförnu hefur ríkisvíxlamarkaðurinn styrkst mikið. Frá sjónarmiði peningamálastjórnar er nauðsynlegt að ríkissjóður leiti minna í Seðlabankann en áður til þess að mæta fjárþörf innan ársins. Því er mikilvægt að fyrir hendi sé almenn heimild til sölu ríkisvíxla til þess að draga úr yfirdrætti í Seðlabankanum.

Gert er ráð fyrir að kveðið verði nánar á um notkun heimilda þessara í reglugerð. Fjármálaráðherra mun eins og hingað til veita heimildir til aðgerða á þessu sviði. Nauðsynlegt er að upplýst sé a.m.k. árlega um notkun heimilda þessara og er því eðlilegt að Lánasýsla ríkisins gefi út árlega skýrslu um starfsemi sína. Jafnframt mun Alþingi a.m.k. árlega vera gerð grein fyrir notkun þessara heimilda.

Um 7. gr.

Með lánsfjárlögum fyrir árið 1990 var tekið upp það nýmæli að gera stofnunum, sem njóta ríkisábyrgðar og taka erlend lán, skylt að kynna áform sín og leita fyrir fram samþykkis Seðlabankans í umboði fjármálaráðuneytis á þeim kjörum og skilmálum sem þær hyggjast semja um. Nauðsynlegt er fyrir ríkissjóð að fylgjast með kjörum og skilmálum í lánssamningum sem njóta ábyrgðar hans hvort sem um sjálfskuldarábyrgð eða einfalda ábyrgð er að ræða.

Í 1. mgr. er kveðið á um eftirlitshlutverk Lánasýslu ríkisins og henni jafnframt gert að vera ráðgefandi um skuldstýringu stofnana með ríkisábyrgð. Í því hlutverki skal hún gæta þess að áhætta ríkissjóðs sem ábyrgðaraðila verði sem minnst.

Ákvæði 2. mgr. eru nánast samhljóða ákvæðum lánsfjárlaga fyrir árið 1990 að öðru leyti en því að stofnunum með ríkisábyrgð er gert skylt að kynna áform sín fyrir Verðbréfaskrifstofu ríkisins. Verði frumvarp þetta að lögum er gert ráð fyrir að samið verði við Seðlabankann um að hann annist þetta verkefni. Seðlabankanum var falið þetta verkefni í lánsfjárlögum fyrir árið 1990.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Eins og fram kemur í athugasemdum við lagafrumvarp þetta hefur Seðlabanki Íslands séð um vörslu og daglegan rekstur Ríkisábyrgðasjóðs frá árinu 1962. Þá hefur Seðlabankinn séð um erlend lánamál ríkissjóðs að mestu frá stofnun hans.

Ekki er með þessu frumvarpi verið að breyta þessu fyrirkomulagi, enda hefur það gefist vel. Eftir sem áður er það ávallt á valdi ráðherra að gera breytingu á þessari skipan. Því er gert ráð fyrir að ábyrgðadeild verði vistuð í Seðlabankanum og að bankinn muni annast erlend lánamál ríkissjóðs og verkefni þeim tengd fyrir hönd Lánasýslu ríkisins verði frumvarp þetta lögum. Einnig er veitt heimild til þess að semja við Seðlabankann um að hann sjái um önnur verkefni eftir því sem hagkvæmt þykir, t.d. reikningshald og starfsmannahald Lánasýslu ríkisins.

Um 10. gr.

Hér er um tekjur að ræða sem nú renna til Ríkisábyrgðasjóðs og innheimtar eru vegna endurlána ríkissjóðs, aðrar en 3. liðurinn, umboðslaun af seldum ríkisverðbréfum. Þar er um að ræða umboðslaun sem Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa fær af ríkisverðbréfum sem hún selur beint með sama hætti og aðrir söluaðilar ríkisverðbréfa.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Öll virk ákvæði laga um Ríkisábyrgðasjóð eru felld inn í frumvarp þetta og því er lagt til að þau falli niður. Ríkisábyrgðasjóður verður starfræktur sem deild við Lánasýslu ríkisins, sbr. 1. lið 3. gr. Önnur ákvæði greinarinnar þarfnast ekki skýringa.

Nd. 873. Nefndarálit [140. mál]

um frv. til l. um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um það Árna Þ. Árnason, skrifstofustjóra í iðnaðarráðuneytinu, Jón B. Jónasson, skrifstofustjóra í sjávarútvegsráðuneytinu, Halldór Þ. Kristjánsson, skrifstofustjóra í iðnaðarráðuneytinu, Guðmund Eiríksson, þjóðréttarfræðing í utanríkisráðuneytinu, Guðmund Pálmason frá Orkustofnun og Jón Arnalds borgardómara.

Eftir ítarlega umfjöllun um málið og viðræður við fyrrgreinda menn mælir nefndin með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Flestar breytingarnar miða að því að gera ákvæði frumvarpsins skýrari en meginefnisbreytingin er sú að hugtakið „auðlind“ í merkingu frumvarpsins er bundið við allar lífrænar og ólífrænar auðlindir hafsbotnsins aðrar en lifandi verur. Nefndin vill þó leggja áherslu á að hún telur nauðsynlegt að hugað verði að sérstöku frumvarpi er fjalli um réttindi til rannsókna og hagnýtingar á sjávargróðri og verum sem lifandi eru á, í og undir hafsbotninum eða í tengslum við hann.

Alþingi, 4. apríl 1990.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Kristín Einarsdóttir, fundaskr.	Guðmundur G. Þórarinsson.
Friðrik Sophusson, með fyrirvara.	Birgir Ísl. Gunnarsson, með fyrirvara.	Páll Pétursson.

Rannveig Guðmundsdóttir.

Nd. 874. Breytingartillögur [140. mál]

við frv. til l. um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „á og í hafsbotninum“ í fyrri málsgrein komi: á, í eða undir hafsbotninum.
   b. Seinni málsgrein orðist svo:
      Hugtakið auðlind samkvæmt lögum þessum tekur til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda hafsbotnsins annarra en lifandi vera.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „í eða á“ komi: á, í eða undir.
3. Við 4. gr. Í stað orðanna „auðlinda á eða í“ komi: efna á, í eða undir.
4. Við 5. gr. Í stað orðanna „efni leyfa þeirra“ komi: þau leyfi.

Sþ. 875. Fyrirspurn [499. mál]

til viðskiptaráðherra um niðurstöðu umboðsmanns Alþingis um störf bankaeftirlitsins að málefnum verðbréfasjóðs Ávöxtunar sf.

Frá Guðmundi Ágústssyni.

1. Er viðskiptaráðherra samþykkur áliti bankaráðs Seðlabankans að vísa eigi á bug niðurstöðu umboðsmanns Alþingis um störf bankaeftirlitsins að málefnum Ávöxtunar sf.?
2. Má búast við því að ráðherra láti fara fram sjálfstæða athugun á störfum bankaeftirlitsins í áðurgreindu máli? Mun viðskiptaráðherra á einhvern hátt beita sér fyrir því að Seðlabankinn reyni að semja við það fólk sem sannanlega hefur orðið fyrir stórfelldu tjóni sem a.m.k. að einhverju leyti má rekja til vanrækslu bankaeftirlitsins að dómi umboðsmanns?
3. Telur ráðherra að núverandi lög um verðbréfaviðskipti leggi fébótaábyrgð á Seðlabankann ef vítaverð vanræksla á sér stað af hálfu bankans við eftirlit með verðbréfasjóði sem verður gjaldþrota?

Sþ. 876. Fyrirspurn [500. mál]

til landbúnaðarráðherra um Tilraunastöðina á Reykhólum.

Frá Jóhanni A. Jónssyni.

Hvaða lagaheimildir eru fyrir því að leggja niður starfsemi Tilraunastöðvarinnar á Reykhólum, flytja fullvirðisrétt hennar og stöðu tilraunastjóra suður að Hesti í Borgarfirði og farga því fé sem þar hefur verið ræktað í áratugi?

Nd. 877. Frumvarp til laga [501. mál]

um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 59 1. júní 1983, með síðari breytingum.

Flm.: Anna Ólafsdóttir Björnsson, Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

1. gr.

Á eftir 29. gr. laganna komi ný grein svohljóðandi:

Við sjúkrahús, sbr. 1.–3. tölul. 1. mgr. 24. gr., skal starfa trúnaðarmaður sjúklinga og aðstandenda þeirra, ýmist í hlutastarfi eða fullu starfi, og greiðast laun hans úr ríkissjóði.

Trúnaðarmaður skal vera talsmaður sjúklinga og aðstandenda þeirra gagnvart sjúkrahúsum og heilbrigðisyfirvöldum, afla upplýsinga fyrir þá og greiða úr spurningum. Trúnaðarmaður skal efla samvinnu milli starfsfólks heilbrigðisstétta, sjúklinga og aðstandenda þeirra.

Við sjúkrahús, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 24. gr., skal trúnaðarmaður vera til taks allan sólarhringinn sem og á öllum barna-, krabbameins- og gjörgæsludeildum.

Trúnaðarmaður skal vera hjúkrunarfræðingur að mennt eða hafa aðra þá faglegu reynslu og menntun sem starfið krefst að mati sjúkrahússtjórnar. Sjúkrahússtjórn annast ráðningu trúnaðarmanns, að höfðu samráði við félög sjúklinga og aðstandendur þeirra verði því við komið. Trúnaðarmaður getur jafnframt gegnt öðrum störfum á sjúkrahúsinu.

Starfsmönnum heilbrigðisstétta og heilbrigðisyfirvöldum er skylt að veita trúnaðarmanni allar þær upplýsingar sem sjúklingur eða aðstandendur þeirra eiga rétt á samkvæmt lögum. Komi upp ágreiningur um hvort upplýsingar skuli veittar má skjóta honum til úrskurðar landlæknis. Óheimilt er að segja trúnaðarmanni upp vinnu vegna starfa hans sem trúnaðarmanns eða láta hann á nokkurn annan hátt gjalda þess að honum hafi verið falið að gegna þessum störfum.

Um þagnarskyldu trúnaðarmanns fer eftir ákvæðum læknalaga, en um viðurlög við brotum á starfsskyldum eftir ákvæðum hjúkrunarlaga, eftir því sem við á.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um störf trúnaðarmanns.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Málefni sjúklinga, aðstandenda þeirra og starfsfólks sjúkrahúsa eru nú víða til umfjöllunar og endurskoðunar. Stofnuð hafa verið fjölmörg félög sjúklinga er hafa látið málefni þeirra varða sig á margvíslegan hátt. Meðal annars hafa þau beint sjónum að andlegri líðan við erfiðar aðstæður. Starfsfólk sjúkrahúsa hefur einnig víða tekið höndum saman og átt frumkvæði að því að fjalla um mál er varða andlega velferð starfsfólks og sjúklinga. Í því

sambandi má benda á umfjöllun um sorg og sorgarviðbrögð sem heilbrigðisstéttir, sjúklingar og aðstandendur þeirra hafa látið til sín taka.

Eins og skipulagi sjúkrahúsa er nú háttað þykir mörgum, bæði starfsfólki stofnana, sjúklingum og aðstandendum þeirra, að heppilegt væri að koma á einhvers konar kerfi trúnaðarmanna fyrir sjúklinga og aðstandendur þeirra, líkt og trúnaðarmannakerfi á vinnustöðum. Starfssvið þessara aðila yrði án efa mjög vítt og mundi þurfa að mótast í samvinnu sjúklinga, aðstandenda þeirra og starfsfólks sjúkrahúsa. Hlutaðeigandi yrði ætlað annað hlutverk en nú þegar er í höndum félagsráðgjafa og presta sjúkrahúsa, m.a. að leita svara við spurningum sjúklinga og aðstandenda þeirra um læknisfræðilega meðferð, liðsinna sjúklingum og aðstandendum þegar þeim þykir skorta skýringar eða upplýsingar um læknismeðferð eða aðrar ákvarðanir sem teknar eru um málefni þeirra. Einnig væri það hlutverk trúnaðarmanns að vera talsmaður sjúklinga og aðstandenda þeirra í öllum þeim margvíslegu málum sem upp kunn að koma í mannlegum samskiptum á sjúkrahúsum. Þar koma oft upp viðkvæm mál þegar taka þarf erfiðar ákvarðanir. Slíkt reynir mjög á fólk, bæði líkamlega og andlega.

Íslenskt heilbrigðiskerfi er að mörgu leyti mjög gott, menntun starfsfólks heilbrigðisstétta er mikil og tækjakostur sjúkrastofnana víða fullkominn. Það er því fyllilega tímabært að hyggja nánar að andlegri velferð allra er leita þurfa til sjúkrahúsa vegna veikinda sinna eða náinna aðstandenda. Frumvarpi þessu er ætlað að vera skref til að taka á þessu mikilvæga máli — mannlegum samskiptum á sjúkrahúsum — og virða rétt sjúklinga og aðstandenda þeirra til að fá fullkomnar upplýsingar og úrlausn mála hjá einum óháðum aðila sem bundinn er trúnaði og hefur þá skyldu fyrst og fremst að liðsinna sjúklingum og aðstandendum þeirra og efla samstarf sjúklinga, aðstandenda þeirra og heilbrigðisstétta.

Sþ. 878. Fyrirspurn [502. mál]

til félagsmálaráðherra um einangrun útveggja húsa.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Hvað líður könnun þeirri á einangrun útveggja húsa sem Húsnæðisstofnun ríkisins og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins var falið að gera með þingsályktun 21. maí 1981?

Ed. 879. Nefndarálit [337. mál]

um frv. til l. um viðauka við lög um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., nr. 74 27. apríl 1972.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk til viðræðna um efni þess Þorstein A. Jónsson, deildarstjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Frumvarp þetta er lagt fyrir Alþingi samkvæmt boði 28. gr. stjórnarskrárinnar til að staðfesta bráðabirgðalög er gefin voru út 13. janúar 1990, níu dögum áður en þing kom saman. Samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar skal ekki gefa út bráðabirgðalög nema brýna nauðsyn beri til. Í umræðum innan nefndarinnar kom fram að óvíst hafi verið hvort dráttur á

lögfestingu þessara ákvæða, uns Alþingi kom aftur til funda, hefði valdið miklum vanda. Vill nefndin leggja áherslu á að gætilega sé farið með þessa heimild stjórnarskrárinnar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. apríl 1990.

Jón Helgason, form.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr., frsm.	Ey. Kon. Jónsson, með fyrirvara.
Salome Þorkelsdóttir, með fyrirvara.	Danfríður Skarphéðinsdóttir, með fyrirvara.	Jóhann Einvarðsson.
	Skúli Alexandersson.	

Sþ. 880. Þingsályktun [153. mál]

um könnun á fjölþættum möguleikum Bláa lónsins við Svartsengi.

(Afgreidd frá Sþ. 5. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera könnun á möguleikum á uppbyggingu við Bláa lónið við Svartsengi með það að markmiði að nýta þá möguleika sem staðurinn hefur upp á að bjóða. Einkum skal beint sjónum að hvernig megi nýta lækningarmátt lónsins fyrir Íslendinga og útlendinga, svo og að fyrirhuguð starfsemi tengist ferðamannaþjónustu almennt.

Við þetta starf verði haft náið samstarf við Hitaveitu Suðurnesja, Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, Grindavíkurbæ, Ferðamálasamtök Suðurnesja, landlæknisembættið, Samtök psoriasis- og exemsjúklinga og aðra þá sem málinu kunna tengjast.

Sþ. 881. Svar [442. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Inga Björns Albertssonar um störf Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margar kærur bárust Rannsóknarlögreglunni árin 1985–1989, sundurliðað eftir eðli brota?*
2. *Hve mörg þessara mála upplýstust?*
3. *Hversu mörg mál voru rannsökuð og hve mörg ekki?*

Dómsmálaráðuneytið óskaði eftir því við Rannsóknarlögreglu ríkisins að hún tæki saman svör við spurningum þessum. Fylgir svar Rannsóknarlögreglu ríkisins, dags. 28. mars sl., hér með.

Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 14. ágúst 1981, var lagt fyrir sýslumenn og bæjarfógeta að taka upp samræmda innfærslu brota í kæruskrá frá 1. janúar 1982 og var í því sambandi tekinn upp þriggja stafa kódi, sbr. fylgiskjal I. Rannsóknarlögregla ríkisins hefur hagað brotaskráningu í samræmi við þessi fyrirmæli allt til ársins 1989 er dómsmálaráðuneytið samþykkti 1. febrúar 1989 að upp yrði tekin ný skráning á brotaflokkum í samræmi við tillögur rannsóknarlögreglustjóra. Þess var jafnframt óskað að kerfið yrði þannig að hægt yrði að nota það á öllu landinu og að samdar yrðu leiðbeiningar um notkun á því. Þá var hafist handa við að breyta skráningu ársins 1988 í samræmi við núgildandi skráningarkerfi, en 1988 hafði skráningu verið breytt þannig að þriggja stafa kódanum var

breytt í fjögurra stafa kóda þó að „kerfinu“ væri haldið óbreyttu. Þegar nokkur reynsla var fengin af hinni nýju brotaflokkaskráningu, sem nú gildir, var ákveðið að yfirfæra hana á mál ársins 1988 og er það verk nú u.þ.b. hálfnað. Við útprentun úr málaskrá árið 1988 sér þess glögg merki við hvað er átt. Er nú unnið að því að ljúka því verki en enn er eftir að umskrá liðlega 1.300 mál.

Til þess að öðlast sem gleggsta mynd af þeirri starfsemi, sem Rannsóknarlögregla ríkisins hefur með höndum og umfangi hennar, var brugðið á það ráð við hönnun hins nýja skráningarkerfis að telja brot, en ekki einungis fjölda mála eins og víðast hefur tíðkast. Af þessu tilefni voru settar þær meginreglur að fjöldi brota ákvarðast yfirleitt af:

1. Fjölda tilvika.
2. Fjölda brotaþola.
3. Fjölda fremjenda/brotamanna.
4. Fjölda brotastaða/vettvanga.

Reglur þessar eru svo skýrðar nánar í skriflegum texta sem hafður er til hliðsjónar er skráning fer fram.

Er þá rétt að víkja að spurningum sem beint hefur verið til Rannsóknarlögreglu ríkisins.

1. Samkvæmt gögnum RLR var málafjöldi á árunum 1985–1989 sem hér segir:
   Árið 1985: 4.350 mál
   Árið 1986: 4.274 mál
   Árið 1987: 4.385 mál
   Árið 1988: 4.915 mál
   Árið 1989: 5.201 mál

   Til frekari skýringar vísast til fylgiskjala II–VI.

2. Þegar málaskrá áranna 1985, 1986 og 1987 er skoðuð sést að tæplega 50% mála eru skráð upplýst. Þetta segir þó ekki alla söguna þar sem þetta hlutfall er í raun nokkru hærra og stafar það af því að samantektir slíkra upplýsinga eru gerðar skömmu eftir áramót hverju sinni. Þá eru enn í rannsókn nokkur hundruð málanúmer frá fyrra ári. Samantektir frá þessum árum voru unnar að meira og minna leyti í höndum, ef svo má segja, og því var ekki talið unnt að halda slíkri vinnu út allt árið að óbreyttum aðbúnaði. Að því er varðar árin 1988 og 1989 er það að segja að hið nýja tölvukerfi RLR skráir jafnharðan afgreiðslur mála eins og þær eru á hverjum tíma, þ.e. við lok máls. Þannig eru mál ekki skráð upplýst fyrr en við lok rannsóknar, en þá eru brot talin, brotaflokkar skráðir, brotamenn og/eða þolendur taldir o.s.frv. Eins og fyrr eru um hver áramót nokkur hundruð mál í rannsókn og því vantar nokkuð upp á að skráin gefi nákvæmlega rétta mynd af ástandinu á hverjum tíma. Þetta verður hins vegar að hafa í huga við lestur þessara upplýsinga. Til að skýra nákvæmlega hvað við er átt þegar mál ársins 1989 eru skoðuð kemur strax í ljós að málafjöldi ársins er 5.201 mál. Við skráningu hvers málanúmers ber að skrá a.m.k. einn brotaflokk, en þeir geta þó verið fleiri (concursus idealis eða c. realis), þó ekki fleiri en þrjú talsins. Af þessari ástæðu er samtala í FjBrFl (fjöldi brotaflokka) 5.573 fyrir árið 1989. Með sama hætti ber að skoða samtölu FjBr (fjöldi brota, fjöldi tilvika) 9.755 sem raunverulegan brotafjölda í heildarmálafjöldanum sem er 5.201 mál eins og áður sagði. Sú tala er safntala sem stöðugt hleður utan á sig eftir því sem á líður í rannsókn mála. Þannig hefur t.d. maður, sem brýst inn í skrifstofuhúsnæði og stelur tékkhefti með 25 eyðublöðum í og tekst að selja þau öll með falsaðri nafnritun á mismunandi stöðum, framið 26 brot, þ.e. eitt innbrot (244. gr.) og 25 skjalafalsbrot (155. gr.).

Eins og staðan er nú samkvæmt málaskráningu eru upplýst mál árið 1989 samtals 2.124, en 266 mál eru enn í vinnslu. Óupplýst eru enn 2.811 mál, en allmörg þeirra munu upplýsast með tímanum eins og venjulegast gerist. Að lokum skal þess getið að 2.600 menn og 493 konur eiga hlut að þeim brotum sem upplýst eru, þ.e. sami maður eða sama konan eru talin í hvert sinn er þau koma við sögu. Hins vegar teljast þau aðeins einu sinni ef ætlunin er að skoða aldursdreifingu brotamanna.

3. Ekki verður gefið algilt svar við þessari spurningu. Öll mál, sem berast Rannsóknarlögreglu ríkisins, sæta einhverri skoðun. Það ber að hafa í huga að skráning máls hjá rannsóknarlögreglu er í sjálfu sér rannsókn þar sem upplýsingar, sem málið ber með sér, eru varðveittar með kerfisbundnum hætti og það eitt sér er fyrsta skrefið í átt að uppljóstran þess. Því miður er það svo að allur almenningur er hirðulaus um að halda til haga tegundarheitum muna, skráningarnúmerum þeirra og hvers konar öðrum upplýsingum sem að gagni mega koma. Þetta girðir þó ekki fyrir að reynt er eftir því sem kostur er að þoka málum áleiðis. Ekki má heldur alveg gleyma því að mörg þeirra mála sem berast rannsóknarlögreglu eru mjög lítilvæg. Líkt og annars staðar gerist verður að raða verkefnum í forgangsröð og eru þá þau mál lögð til hliðar sem litlar sem engar upplýsingar er að hafa um eða hagsmunir óverulegir.

Fylgiskjal I.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til allra sýslumanna og bæjarfógeta.

Fyrirhuguð er tölvuúrvinnsla á lögreglukærum, fjölda þeirra og hvers eðlis þær eru. Til að slíkt geti orðið þarf að gera nokkrar breytingar á innfærslum í kæruskrá.

1. Frá og með 1. janúar 1982 á að tilgreina það brot sem kært er nákvæmlega. Við þessa tilgreiningu á að nota sérstakan númeralykil (sjá meðfylgjandi blað). Sé t.d. kærð líkamsárás, sem á undir 217. gr. hgl., á að skrá töluna 122 í dálk merktan „Hegningarlagabrot" í kæruskrá. Þegar hinn kærði er grunaður um ölvun við akstur er skráð talan 200 í dálk merktan „Áfengis- og/eða umferðarlagabrot".
2. Brot á sérrefsilögum, öðrum en áfengis- eða umferðarlögum, á að skrá í dálk merktan „Annað".
3. Í dálk merktan „Annað" á einnig að skrá eftir sem áður þær lögregluskýrslur sem ekki eru beinlínis kærur um afbrot, t.d. skýrslur um líkfund, um dansleiki o.s.frv.
4. Sé um það að ræða að líkamsárás, sem hefur verið skráð að eigi undir 218. gr., árás (nr. 123), en síðar kemur í ljós að um 217. gr. hefur verið að ræða, á að breyta færslunni í kæruskránni.
5. Sérstök athygli skal vakin á því að þegar um brot á 244. gr. alm. hgl. er að ræða er gerður greinarmunur á innbrotsþjófnaði (nr. 130) og öðrum þjófnaði.

F.h.r.
e.u.
HZ (sign.).

Brot gegn alm. hgl. nr. 19/1940.

101 Brot gegn X. og XI. kafla.
102 Brot gegn 106. og 107. gr. hgl.
103 Brot gegn 112. gr. hgl.
104 Brot gegn 118. gr. hgl.
105 Önnur brot gegn XII. og XIII. kafla.
106 Brot í opinberu starfi.
107 Rangur framburður, 142.–144. gr. hgl.
108 Önnur brot gegn XV. kafla.
109 Brot gegn XVI. kafla.
110 Skjalafals, 155. og 156. gr. hgl.
111 Önnur brot gegn XVII. kafla.
112 Brenna, 164. gr. hgl.

113 Brot gegn 173. gr. a.
114 Önnur brot gegn XVIII. kafla
115 Brot gegn 193. gr. hgl.
116 Nauðgun, 194. gr. hgl.
117 Brot gegn 209. gr. hgl.
Slíkar þóknanir eru greiddar af fé viðkomandi bús. Kröfuhöfum er gerð grein fyrir þessum kostnaði og hefur hver þeirra möguleika á því að láta á það reyna fyrir skiptarétti sem skiptin heyra undir ef hann telur þóknunina of háa. Úrskurði um þóknunina getur hann síðan skotið til Hæstaréttar ef hann ekki vill una honum.

5. *Hversu margar beiðnir um gjaldþrotaskipti hafa borist á síðustu tveimur árum? Svar óskast sundurliðað eftir umdæmum landsins og skipt milli*
   a. einstaklinga,
   b. fyrirtækja.
6. *a. Hversu háar fjárhæðir hafa verið greiddar bústjórum og skiptastjórum vegna gjaldþrotaskipta síðustu tvö árin?*
   b. Hvernig skiptast þær greiðslur á umdæmi landsins?

Reykjavík:
Beiðnir voru samtals 1.328 á árinu 1988 og 2.305 á árinu 1989; þar af 997 einstaklingar 1988 og 1.687 á árinu 1989, en 331 lögaðili 1988 og 618 á árinu 1989.
Greiðslur til bú- og skiptastjóra voru 12.453.087 kr. 1988 og 23.964.041 kr. 1989.
Akranes:
Beiðnir vegna einstaklinga 1988 og 1989 voru 21 og vegna fyrirtækja 11.
Greiðslur til bú- og skiptastjóra 1988 og 1989 voru 93.000 kr.
Mýra- og Borgarfjarðarsýsla:
Beiðnir vegna einstaklinga 1988 og 1989 voru 1 og vegna fyrirtækja 4.
Greiðslur til bú- og skiptastjóra 1988 og 1989 voru 326.767 kr.
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla:
Beiðnir vegna einstaklinga 1988 og 1989 voru 20 og vegna fyrirtækja 6.
Engar greiðslur voru til bú- og skiptastjóra.
Dalasýsla:
Beiðnir vegna einstaklinga 1988 og 1989 voru 1 og vegna fyrirtækja 6.
Greiðslur til bú- og skiptastjóra 1988 og 1989 voru 2.040.890 kr.
Barðastrandarsýsla:
Beiðnir vegna einstaklinga 1988 og 1989 voru 4 og vegna fyrirtækja 7.
Engar geiðslur voru til bú- og skiptastjóra.
Bolungarvík:
Beiðnir vegna einstaklinga 1988 og 1989 voru 2 og vegna fyrirtækja 0.
Engar greiðslur voru til bú- og skiptastjóra.

Ísafjörður og Ísafjarðarsýsla:
Beiðnir vegna einstaklinga 1988 og 1989 voru 46 og vegna fyrirtækja 10.
Greiðslur til bú- og skiptastjóra 1988 og 1989 voru 914.337 kr.
Strandasýsla:
Engar beiðnir bárust árin 1988 og 1989.
Engar greiðslur voru til bústjóra og skiptastjóra.
Húnavatnssýsla:
Beiðnir vegna einstaklinga 1988 og 1989 voru 20 og vegna fyrirtækja 8.
Greiðslur til bú- og skiptastjóra 1988 og 1989 voru 1.152.316 kr.
Sauðárkrókur og Skagafjarðarsýsla:
Beiðnir vegna einstaklinga 1988 og 1989 voru 8 og vegna fyrirtækja 2.
Engar greiðslur voru til bú- og skiptastjóra.
Siglufjörður:
Beiðnir vegna einstaklinga 1988 og 1989 voru 4 og vegna fyrirtækja 10.
Greiðslur til bú- og skiptastjóra 1988 og 1989 voru 1.133.400 kr.
Ólafsfjörður:
Beiðnir vegna einstaklinga 1988 og 1989 voru 3 og vegna fyrirtækja 2.
Greiðslur til bú- og skiptastjóra 1988 og 1989 voru 875.800 kr.
Akureyri, Dalvík og Eyjafjarðarsýsla:
Beiðnir vegna einstaklinga 1988 og 1989 voru 96 og vegna fyrirtækja 35.
Greiðslur til bú- og skiptastjóra 1988 og 1989 voru 896.741 kr.
Húsavík og Þingeyjarsýsla:
Beiðnir vegna einstaklinga 1988 og 1989 voru 23 og vegna fyrirtækja 12.
Greiðslur til bú- og skiptastjóra 1988 og 1989 voru 3.375.000 kr.
Seyðisfjörður og Norður-Múlasýsla:
Beiðnir vegna einstaklinga 1988 og 1989 voru 9 og vegna fyrirtækja 4.
Greiðslur til bú- og skiptastjóra 1988 og 1989 voru 913.203 kr.
Neskaupstaður:
Engar beiðnir voru 1988.
Beiðnir vegna einstaklinga 1989 voru 2 og vegna fyrirtækja 2.
Engar greiðslur voru til bú- og skiptastjóra.
Eskifjörður og Suður-Múlasýsla:
Beiðnir vegna einstaklinga 1988 og 1989 voru 29 og vegna fyrirtækja 13.
Greiðslur til bú- og skiptastjóra 1988 og 1989 voru 1.377.666 kr.
Austur-Skaftafellssýsla:
Beiðnir vegna einstaklinga 1988 og 1989 voru 12 og vegna fyrirtækja 0.
Engar greiðslur voru til bú- og skiptastjóra.
Vestur-Skaftafellssýsla:
Beiðnir vegna einstaklinga 1988 og 1989 voru 2 og vegna fyrirtækja 2.
Greiðslur til bú- og skiptastjóra 1988 og 1989 voru 224.000 kr.
Rangárvallasýsla:
Beiðnir vegna einstaklinga 1988 og 1989 voru 5 og vegna fyrirtækja 2.
Greiðslur til bústjóra og skiptastjóra 1988 og 1989 voru 350.000 kr.
Vestmannaeyjar:
Beiðnir vegna einstaklinga 1988 og 1989 voru 35 og vegna fyrirtækja 5.
Greiðslur til bú- og skiptastjóra 1988 og 1989 voru 56.604 kr.

Selfoss og Árnessýsla:
Beiðnir vegna einstaklinga 1988 og 1989 voru 116 og vegna fyrirtækja 28.
Greiðslur til bú- og skiptastjóra 1988 og 1989 voru 2.785.940 kr.
Keflavík, Grindavík, Njarðvík og Gullbringusýsla:
Beiðnir vegna einstaklinga 1988 og 1989 voru 270 og vegna fyrirtækja 27.
Greiðslur til bú- og skiptastjóra 1988 og 1989 voru 6.749.912 kr.
Hafnarfjörður, Garðakaupstaður, Seltjarnarnes og Kjósarsýsla:
Beiðnir vegna einstaklinga 1988 og 1989 voru 308 og vegna fyrirtækja 82.
Greiðslur til bú- og skiptastjóra 1988 og 1989 voru 6.647.933 kr.
Kópavogur:
Beiðnir vegna einstaklinga 1988 og 1989 voru 339 og vegna fyrirtækja 55.
Greiðslur til bú- og skiptastjóra 1988 og 1989 voru 4.820.689 kr.
Heildargreiðslur til bú- og skiptastjóra 1988 og 1989 voru 71.151.326 kr.

7. *Hefur dómsmálaráðherra í hyggju að breyta reglum um störf og kjör bú- og skiptastjóra?*

Þetta mun væntanlega koma til skoðunar í sambandi við endurskoðun á gjaldþrotalögum sem leiðir af lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Sþ. 885. Fyrirspurn [505. mál]

til fjármálaráðherra um tóbakssölu.

Frá Inga Birni Albertssyni.

1. Hver var nettóhagnaður af tóbakssölu árin 1987, 1988 og 1989, sundurliðað á eftirfarandi hátt:
   a. af vindlingum,
   b. af vindlum,
   c. af reyktóbaki,
   d. af neftóbaki?
2. Hver var brúttóhagnaður af tóbakssölu árin 1987, 1988 og 1989, sundurliðað á eftirfarandi hátt:
   a. af vindlingum,
   b. af vindlum,
   c. af reyktóbaki,
   d. af neftóbaki?
3. Hver var brúttósala af tóbaki fyrir sama tímabil, sundurliðað á sama hátt?
4. Hver var sundurliðaður rekstrarkostnaður tóbaksdeildar ÁTVR árin 1987, 1988 og 1989? Fram komi m.a. fjármagnskostnaður, dreifingarkostnaður, sölukostnaður, launakostnaður og húsnæðiskostnaður.
5. Hver voru tóbaksvörukaup ÁTVR og frá hvaða framleiðanda og íslenskum umboðsaðila árin 1987, 1988 og 1989?

Skriflegt svar óskast.

Ed. 886. Nefndarálit [356. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 94/1980, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæma aðstoð í tollamálum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.
Halldór Blöndal var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. apríl 1990.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Guðrún Agnarsdóttir.	Ey. Kon. Jónsson.	Eiður Guðnason.

Sþ. 887. Nefndarálit [120. mál]

um till. til þál. um viðskipti og menningarsamskipti við byggðir Vestur-Íslendinga í Kanada.

Frá félagsmálanefnd.

Tillagan gerir ráð fyrir að utanríkisráðherra skipi nefnd er fái það hlutverk að kanna möguleika á að efla viðskipti og menningarsamskipti við byggðir Vestur-Íslendinga í Kanada.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna á nokkrum fundum. Umsagnir bárust frá samskiptanefnd utanríkisráðuneytisins, Þjóðræknisfélagi Íslendinga, Ferðamálaráði Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Útflutningsráði Íslands.

Samband íslenskra sveitarfélaga mælir með tillögunni.

Stjórn Ferðamálaráðs óskar eftir að verði ákveðið að stofna nefnd um þetta verkefni verði fulltrúum frá Ferðamálaráði, Flugleiðum, Útflutningsráði, SÍS og SH í Bandaríkjunum falið að mynda starfshóp sem geri tillögur um aukin samskipti við Vestur-Íslendinga í Kanada.

Útflutningsráð og Þjóðræknisfélagið telja ekki ástæðu til nefndarskipunar eins og tillagan gerir ráð fyrir. Stjórn Þjóðræknisfélagsins tekur fram að þess skuli freistað með öllum tiltækum ráðum að virkja Íslendinga erlendis og Íslandsvini til frekari samskipta við Ísland hvort heldur er á sviði menningar eða viðskipta. Segir stjórnin félagið vinna að því að skrá Íslendinga sem búsettir eru erlendis og félagið hafi á prjónunum áform um fjölmiðlun sem komið gæti að gagni við menningartengsl og viðskipti milli landa.

Samskiptanefnd utanríkisráðuneytisins hefur starfað frá árinu 1976, skipuð af utanríkisráðherra til fjögurra ára í senn. Var nefndin upphaflega skipuð í framhaldi af því að Alþingi, löggjafarþingið 1974–75, samþykkti þingsályktun „í tilefni af aldarafmæli landnáms Íslendinga í Vesturheimi“ um að ríkisstjórnin skipi „þriggja manna nefnd til að gera um það tillögur til hennar á hvern hátt minnst verði aldarafmælis landnámsins af Íslendinga hálfu, svo og um aukin tengsl hins íslenska þjóðarbrots vestanhafs við heimalandið“. Ekki verður séð af þingsályktuninni að nefndin hafi átt að vera varanleg.

Í umsögn samskiptanefndarinnar kemur m.a. fram: „Fjölmörg mál hafa verið til umfjöllunar sem fram koma í fundargerðum nefndarinnar þessi ár og hafa með ýmsum hætti stuðlað að hinum margvíslegustu gagnkvæmum samskiptum Íslendinga og landa þeirra í Vesturheimi. Fjárframlög til nefndarinnar hafa alla tíð verið mjög rýr og hefur það dregið úr

ýmsu því sem ella hefði getað komist á dagskrá og til framkvæmda. Meðal annars hafa ekki verið tök á því að sinna viðskiptamálum sem annars hefði verið kostur. Þó er ætlunin að ræða þau mál ásamt öðrum málum á fyrirhuguðum aðalfundi Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi í Winnipeg í maí nk." Þess má geta að í greinargerð með þingsályktunartillögunni frá 1974 er sérstaklega vikið að því „að ýmislegt bendir til þess að hægt verði að koma á auknum viðskiptum milli landanna og að Kanada sé að ýmsu leyti lítt kannaður akur fyrir íslenskar útflutningsvörur".

Þá kemur fram í umsögn samskiptanefndar að fjárframlag til „hinna ýmsu starfa nefndarinnar á þessu ári nemur 310.000 kr." og að nefndin sé ólaunuð. Bent er einnig á í umsögn samskiptanefndar að samgöngur á milli Íslands og Kanada séu afar takmarkaðar, t.d. eru nú engar beinar siglingar milli landanna og beinar flugsamgöngur engar enn sem komið er.

Niðurstaða samskiptanefndar utanríkisráðuneytisins er „að vart sé ástæða til þess að stjórnvöld skipi aðra nefnd með sama hlutverk og sú er þegar starfar. Miklu nær væri að starfandi nefnd væri skapaður bættur starfsvettvangur með rýmri fjárveitingu."

Í samskiptanefnd eru nú eftirtaldir menn: Heimir Hannesson lögfræðingur, Bragi Friðriksson prófastur, Finnbogi Guðmundsson landsbókavörður, Haraldur Bessason rektor og Jón Ásgeirsson fréttastjóri.

Félagsmálanefnd bendir á að Alþingi lýsti fyrir um 15 árum vilja sínum í þessu efni og síðan hefur starfað stjórnskipuð nefnd, svokölluð samskiptanefnd, sem átt hefur að sinna tengslum við Íslendinga vestanhafs. Nefndin leggur ekki dóm á hversu til hefur tekist, en þó virðist hafa verið hljótt um störf samskiptanefndar. Eðlilegt verður að teljast að skipan slíkrar nefndar sé endurmetin að svo löngum tíma liðnum, ekki síst með nýjar áherslur, svo sem samskipti á sviði viðskipta og ferðaþjónustu, í huga. Félagsmálanefnd telur rétt vegna málsins að stjórnvöld fari yfir þessi málefni í heild með það að markmiði „að efla viðskipti og menningarsamskipti við byggðir Vestur-Íslendinga í Kanada", eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni. Með vísan til þessa leggur nefndin til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 3. apríl 1990.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir, fundaskr.	Guðni Ágústsson.
Kristinn Pétursson.	Birgir Ísl. Gunnarsson.	Alexander Stefánsson.
	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	

Sþ. 888. Nefndarálit [26. mál]

um till. til þál. um könnun á aðstöðu einstaklinga með glúten-óþol.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna á nokkrum fundum. Umsagnir bárust frá Samtökum fólks með glúten-óþol, Tryggingastofnun ríkisins og landlækni. Einnig komu á fund nefndarinnar til viðræðu um málið Ólafur Ólafsson landlæknir, Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri í heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu, og Gestur Pálsson barnalæknir.

Umsagnaraðilar mæla með að tillagan hljóti afgreiðslu. Fulltrúi Samtaka fólks með glúten-óþol segir m.a. í umsögn sinni:

„Samkvæmt upplýsingum frá Svíþjóð munu sjúklingar með glúten-óþol fá aðstoð með skattaívilnunum og væri það vafalaust æskilegasta lausnin hérlendis, nema ef farið væri að

greiða út bætur ... Við hvetjum því eindregið til þess að yfirvöld sjái ástæðu til að kanna hvernig að málum er staðið á öðrum Norðurlöndum svo koma megi málefnum einstaklinga hérlendis, sem haldnir eru sjúkdómnum, í betra horf."

Í viðtölum við ofangreinda um málið kom fram að líkt væri ástatt um ýmsa fleiri hópa sem þjást af ofnæmi eða skyldum sjúkdómum og væru svipað settir og fólk með glúten-óþol. Þá var dregið í efa að fjöldi sjúklinga með glúten-óþol hérlendis væri jafnmikill og talið hefur verið og látið er liggja að í greinargerð með tillögunni. Rannsóknir hafa farið fram um nokkurt skeið á glúten-óþoli hjá börnum hérlendis og aðeins örfá ný tilfelli greinst með sjúkdóminn. Sjúkdómurinn er mun sjaldgæfari á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum, t.d. Svíþjóð og í Bandaríkjunum. Þannig virðist þessi sjúkdómur almennt séð frekar í rénun en vexti að sögn Gests Pálssonar læknis. Það breytir samt ekki eðli vandans hjá þeim sem haldnir eru glúten-óþoli.

Félagsmálanefnd vefengir ekki að verulegur aukakostnaður geti fallið á einstaklinga sem haldnir eru glúten-óþoli. Það gildir hins vegar um ýmsa fleiri hópa sem haldnir eru ofnæmi gagnvart fæðutegundum. Því virðist ekki sjálfgefið að taka glúten-óþol sérstaklega út úr í þessu efni.

Nefndin hvetur yfirvöld heilbrigðis- og tryggingamála til að kanna hversu mikil brögð eru að því að fólk haldið ofnæmissjúkdómum, þar á meðal glúten-óþoli, standi verr að vígi hér á landi gagnvart tryggingum og greiðslu opinberra gjalda en samsvarandi hópar í nágrannalöndum og geri tillögur um leiðréttingar eftir því sem réttmætt er talið. Í trausti þess að það verði gert leggur nefndin til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 3. apríl 1990.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir, fundaskr.	Guðni Ágústsson.
Kristinn Pétursson.	Birgir Ísl. Gunnarsson.	Alexander Stefánsson.
	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	

Ed. 889. Frumvarp til laga [506. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Guðrún Agnarsdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir.

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 5. mgr. 16. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 59/1987, bætist nýr málsliður svohljóðandi: Þó skal kona, sem gengur með fleiri en eitt barn, eiga rétt á fæðingarstyrk í einn mánuð að auki fyrir fæðingu barnanna.

2. gr.

Við e-lið 26. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 59/1987, bætist nýr málsliður svohljóðandi: Kona, sem gengur með fleiri en eitt barn, skal eiga rétt á einum mánuði að auki fyrir fæðingu barnanna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Konum, sem ganga með fleirbura, er hættara við fyrirburafæðingu en þeim konum sem ganga með eitt barn. Reynslan sýnir að hættast er við fyrirburafæðingu á tímabilinu frá 30. viku og fram til 35. viku meðgöngunnar.

Þeim sið hefur verið fylgt á kvennadeild Landspítalans í mörg ár að hvetja konur til að hætta vinnu þetta tímabil til þess að minnka þessa áhættu. Í mörgum tilvikum hafa konur verið lagðar inn á meðgöngudeild ef þær hafa fengið fyrirvaraverki á þessu hættuskeiði.

Íslendingar hafa getað státað sig af því að hér á landi er ein lægsta tíðni burðarmálsdauða sem um getur í heiminum. Bætt heilsufar, góður aðbúnaður og árvekni í eftirliti og meðferð barnshafandi kvenna eru án efa veigamiklir þættir í þeirri lækkun sem orðið hefur á tíðni burðarmálsdauða hér á landi á sl. tveimur áratugum. Á árunum 1985 til 1989, að báðum árunum meðtöldum, urðu 20.917 fæðingar hér á landi en 177 börn fæddust andvana eða dóu á fyrstu viku eftir fæðingu. Burðarmálsdauði á þessum árum varð því hjá 6,9 af hverjum 1.000 börnum.

Í lögum um fæðingarorlof, nr. 59/1987, er reyndar kveðið á um rétt barnshafandi konu til fæðingarstyrks ef hún þarf að leggja niður störf fyrir áætlaðan fæðingartíma af heilsufars- og öryggisástæðum. Í 7. mgr. 2. gr. þeirra laga segir: „Sé barnshafandi konu nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að leggja niður störf meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingartíma barns skal hún eiga rétt til fæðingarstyrks þann tíma, þó aldrei lengur en í 60 daga, enda verði ekki við komið breytingum á starfsháttum hennar eða tilfærslu í starfi. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort þörf er fyrir hendi samkvæmt ákvæði þessu.“ Svipað ákvæði gildir um rétt til greiðslu fæðingardagpeninga.

Í 3. tölul. 2. gr. reglugerðar um fæðingarorlof, nr. 20/1989, er nánar kveðið á um þær heilsufars- og öryggisástæður sem geti leitt til framlengingar fæðingarorlofs: „Fyrirbyggjandi meðferð til að koma í veg fyrir fyrirburafæðingu eða til að vernda heilsu fósturs, enda valdi meðferðin óvinnufærni, skv. vottorði læknis.“

Reynslan sýnir að um 40 tvíburafæðingar verða hérlendis á hverju ári að meðaltali. Þríburar fæðast hér annað eða þriðja hvert ár og fjórburar hafa fæðst tvisvar hér á landi svo að vitað sé. Hér er því ekki um mjög stóran hóp að ræða en nauðsynlegt er að tryggja öryggi þessara barna eins og best verður á kosið og í samræmi við þær kröfur sem fæðingarlæknar telja við hæfi.

Bæði ákvæði laganna og reglugerðarinnar gætu gilt um konur sem ganga með fleirbura. Þau eru hins vegar túlkunum háð og til þess að taka af allan vafa þykir rétt að setja sérstök ákvæði inn í lögin sem einungis varða þær konur sem ganga með fleirbura.

Nd. 890. Frumvarp til laga [507. mál]

um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Guðni Ágústsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Aftan við 2. mgr. 5. gr. laganna bætist: Stjórn stofnunarinnar er þó heimilt að fella niður barnsmeðlög að hálfu eða öllu leyti ef um sérstaka félagslega erfiðleika er að ræða hjá skuldara. Nánari ákvæði um þetta atriði skulu sett í reglugerð.

Greinargerð.

Í íslensku samfélagi er það samdóma álit þegnanna að einstaklingur, sem á í vandræðum, eigi skilið hjálp og stuðning þar sem það á við. Og í umræðu allri í þjóðfélaginu undanfarin ár, er snertir samfélagslega aðstoð til handa þeim er lenda í klóm ávana- og fíkniefna og í kjölfarið upplifa andlega, líkamlega og félagslega ógæfu sem endar oftar en ekki með hjónaskilnaði eða sambúðarslitum, hefur viðhorf samfélagsins þróast í þá átt sem betur fer að sá ógæfumaður eigi skilið stuðning og hjálp meðan hann er að ná sér á strik og verða aftur ábyrgur þegn í samfélaginu. Þessi aðstoð er t.d. oft í formi niðurfellingar á opinberum gjöldum, samið er um

skuldbreytingar hjá lánastofnunum og samið um greiðslu meðlaga hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Sá liður, sem reynist mönnum oft erfiður við að glíma og semja um, eru barnsmeðlög. Oft er um að ræða menn sem í gegnum óreglu og fjármálaerfiðleika eða af því að langvinn veikindi hafa steðjað að eru með uppsöfnuð meðlög fyrir marga mánuði og jafnvel ár.

Árið 1987 var gerð sú breyting á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga að heimilt er að fella niður dráttarvexti af meðlagsskuld ef viðkomandi á við erfiðar félagslegar aðstæður að búa. Samt sem áður eru menn með það mikla skuld í höfuðstól að niðurfelling dráttarvaxta hrekkur ekki til.

Og hvað gera þessir einstaklingar ef þeir sjá ekki fram á að geta greitt sín meðlög? Þeir vinna yfirleitt vinnu þar sem ekki eru dregin af þeim gjöld, þar tapast ekki bara meðlagsgreiðslur heldur einnig önnur opinber gjöld. Þeir fara úr landi og missa þar með tengsl við börn sín og eru flóttamenn í þeim skilningi að þeir ráða ekki við að stofna heimili eða starfa með eðlilegum hætti og yfirgefa oft land sitt þess vegna. Það sem er þó alvarlegast er að þeir missa móðinn og við tekur endurtekin óregla og innlagnir á meðferðarstofnanir og síðar leita þeir á náðir félagsmálastofnunar bæjarfélags síns.

Ed. 891. Frumvarp til laga [508. mál]

um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela hlutafélagi, sem stofnað yrði í því skyni, að annast að nokkru eða öllu leyti undirbúning, fjármögnun og framkvæmdir við vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð, svo og rekstur um tiltekinn tíma.

2. gr.

Til að bera kostnað af framkvæmdum og rekstri samkvæmt lögum þessum skal hlutafélagi skv. 1. gr. heimilt að taka umferðargjald af vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð enda liggi fyrir samningar við samgönguráðherra um verkefnið og rétt til gjaldtökunnar.

3. gr.

Vegagerð ríkisins skal hafa eftirlit með að gerð og rekstur mannvirkja samkvæmt lögum þessum sé á viðunandi hátt. Sé um vanrækslu að ræða að dómi Vegagerðar ríkisins skal hún gefa veghaldara fyrirmæli um að framkvæma nauðsynlegar útbætur innan hæfilegs frests.

4. gr.

Þegar vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð er lokið skal vegurinn teljast til þjóðvega samkvæmt ákvæðum vegalaga með þeim undantekningum sem lög þessi ákveða. Ef samkomulag næst ekki um kaup á landi og efni sem þörf verður á vegna framkvæmda samkvæmt lögum þessum heimilast Vegagerð ríkisins eignarnám skv. X. kafla vegalaga.

5. gr.

Nánari ákvæði um gerð, rekstur, tilhögun mannvirkja, gjaldtökutíma og önnur atriði, sem þurfa þykir, skulu vera í samningi sem samgönguráðherra gerir við framkvæmdaaðila. Slíkur samningur öðlast ekki gildi fyrr en hann hefur hlotið staðfestingu Alþingis.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi dags. 8. ágúst sl. skipaði samgönguráðherra starfshóp til að fjalla um hugmyndir um samgöngur undir/yfir utanverðan Hvalfjörð.

Það varð niðurstaða starfshópsins að tengin um utanverðan Hvalfjörð á svæðinu frá Hnausaskeri inn undir Hvalfjarðareyri væri fýsileg framkvæmd. Kostnaður við mannvirkjagerð þessa er talinn vera 3.000–3.500 m.kr. og rekstrarkostnaður 70–90 m.kr. á ári. Þessar tölur miðast við verðlag í desember 1989.

Stytting akstursleiða er mikil, 45–60 km, og framkvæmdin þjóðhagslega hagkvæm og líkleg til að hafa jákvæð áhrif á þróun byggðar á Vesturlandi, auk þess sem hún kemur umferð til annarra landshluta og höfuðborgarsvæðisins til góða.

Tenging um utanverðan Hvalfjörð hefur ekki verið tekin með í áætlanir þær sem gerðar hafa verið um almenna vegagerð í landinu, þ.e. langtímaáætlun og vegáætlun. Hún er heldur ekki inni í röðun framkvæmda í jarðgangaáætlun.

Eins og áður kom fram er framkvæmd þessi dýr og mundi því óhjákvæmilega raska verulega framkvæmdum samkvæmt vegáætlun ef hún væri fjármögnuð með hefðbundnum hætti.

Starfshópurinn komst að þeirri niðurstöðu að vænlegast væri að stofna félag sem annaðist mannvirkjagerðina og fjármögnun hennar eða fjármögnunina eina gegn rétti til töku veggjalds af umferðinni.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er í samræmi við þetta álit starfshópsins, en skýrsla hans fylgir frumvarpinu sem fylgiskjal.

Rétt er að taka það skýrt fram að í lagafrumvarpi þessu felast engar fjárhagslegar skuldbindingar af hálfu ríkissjóðs, svo sem öflun lánsfjár til framkvæmda eða veiting ríkisábyrgða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.–2. gr.

Eins og nánar kemur fram í meðfylgjandi greinargerð starfshópsins sem fjallaði um þetta mál hefur allvíða erlendis verið farin sú leið við kostnaðarsamar vegaframkvæmdir að stofna um þær félag sem útvegar fjármagn til undirbúnings og byggingar mannvirkjanna. Félagið fær síðan heimild til töku gjalds af vegfarendum sem stendur undir vöxtum og afborgunum af fjármagni auk kostnaðar félagsins við innheimtu o.fl., en gjaldtöku er hætt þegar endurgreiðslum er lokið.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um eftirlit Vegagerðar ríkisins og henni gert skylt að grípa inn í telji hún að um vanrækslu veghaldara sé að ræða.

Um 4. gr.

Nauðsynlegt þótti að setja hér inn eignarnámsheimild til Vegagerðar ríkisins.

Um 5. gr.

Vegna sérstöðu þessa máls og þeirrar nýbreytni, sem það felur í sér, þykir rétt að Alþingi fái tækifæri til að fjalla um þann samning sem gert er ráð fyrir að gerður verði við framkvæmdaraðila og staðfesti hann fyrir sitt leyti.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Skýrsla starfshóps.

Vegtenging um utanverðan Hvalfjörð.
(Janúar 1990.)

1. INNGANGUR

1.1. Skipun starfshóps.

Með bréfi dags. 8. ágúst sl. skipaði samgönguráðherra starfshóp til að fjalla um hugmyndir um samgöngur undir/yfir utanverðan Hvalfjörð.

Í starfshópinn voru skipaðir eftirtaldir menn: Gísli Gíslason, bæjarstjóri, Akranesi, Jón Sigurðsson, framkvæmdastjóri Íslenska járnblendifélagsins, Jón Sveinsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, Páll Ólafsson, forstöðumaður byggingadeildar Landsvirkjunar, Helgi Hallgrímsson, aðstoðarvegamálastjóri, en hann var formaður hópsins, Jón Rögnvaldsson, tækniforstjóri hjá Vegagerð ríkisins, starfaði með hópnum og var ritari hans.

Hópurinn skyldi fara yfir málið í heild og stefna að því að skila áliti eigi síðar en 10. október sl.

1.2. Verkefnið og vinna starfshóps.

Verkefnið er viðamikið en tími naumt skammtaður. Hópurinn hóf því störf sín á því að afmarka verkefnið nánar, og greina þá þætti, sem leggja bæri áherslu á. Niðurstaða þess var sú, að hópurinn tæki einkum fyrir þá þætti, sem varða skipulag fjármögnunar og framkvæmda, ásamt lagaatriðum, sem því tengjast. Enn fremur yrði reynt að meta áhrif tengingar á byggðaþróun. Með tengingu er hér átt við vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð með jarðgöngum, botngöngum eða brú. Að því er varðar mannvirkin sjálf, tilhögun þeirra og staðsetningu ákvað starfshópurinn að styðjast við þær upplýsingar, sem liggja fyrir. Þessar upplýsingar byggja eingöngu á frumathugunum og úrvinnslu þeirra þó ekki lokið. Ber að líta á upplýsingarnar í því ljósi.

Þrátt fyrir þessa afmörkun verkefnis, varð fljótt ljóst, að starfshópurinn lyki ekki störfum innan tilskilins frests. Var samgönguráðherra gert aðvart um það með stuttri greinargerð í byrjun október. Hópurinn setti sér ný tímamörk, um áramót.

Starfshópurinn hélt níu fundi. Auk hópsins hafa ýmsir starfsmenn Vegagerðar ríkisins unnið að verkefninu. Þá hefur verið leitað til Byggðastofnunar um mat á þeim áhrifum, sem tengingin hefði á byggðaþróun. Einnig var leitað álits samvinnunefndar um svæðisskipulag sunnan Skarðsheiðar á sama efni.

1.3. Skýrsla starfshóps.

Að loknum inngangi eru helstu niðurstöður starfshópsins dregnar saman í kafla tvö. Í þriðja kafla er drepið á forsögu málsins, raktar helstu hugmyndir, sem komið hafa fram um lausnir, og gerð stutt grein fyrir þeim athugunum sem fram hafa farið. Í fjórða kafla er reynt að meta áhrif tengingar á byggðaþróun og þróun umferðar.

Kafli fimm fjallar um skipulag fjármögnunar og framkvæmda og er þar gerð grein fyrir leiðum í þeim efnum, sem ekki hafa verið reyndar áður hérlendis. Í sjötta kafla eru raktar þær lagabreytingar, sem tengjast nýjum leiðum í fjármögnun og framkvæmdatilhögun. Loks er í sjöunda kafla gerð grein fyrir næstu skrefum við verkefnið.

2. NIÐURSTÖÐUR STARFSHÓPS

Það er niðurstaða starfshópsins að tenging um utanverðan Hvalfjörð, á svæðinu frá Hnausaskeri inn undir Hvalfjarðareyri (sbr. fskj. I) sé fýsileg framkvæmd.

Kostnaður við mannvirkjagerðina er talinn vera um 3–3,5 ma. kr. og rekstrarkostnaður 70–90 m.kr. á ári, þar með talið viðhald mannvirkja, rekstur þeirra og kostnaður við innheimtu veggjalds. Tölur þessar miðast við verðlag í desember 1989. Stytting akstursleiða er mikil, 45–60 km, háð staðsetningu tengingar á athugunarsvæðinu og því hvaðan komið er eða hvert farið er norðan Hvalfjarðar.

Framkvæmdin er þjóðhagslega arðsöm, og mun mjög líklega hafa jákvæð áhrif á þróun byggðar á Vesturlandi, auk þess sem hún kæmi umferð milli annarra landshluta og höfuðborgarsvæðisins til góða. Af þeim sökum er æskilegt að ákvörðun um undirbúning og framkvæmdir verði tekin sem allra fyrst. Hópurinn tekur ekki afstöðu til mismunandi kosta um tilhögun mannvirkja eða nánari staðsetningar þeirra, enda ekki tímabært að mati hans.

Tenging um utanverðan Hvalfjörð hefur ekki verið tekin með í áætlanir þær, sem gerðar hafa verið um almenna vegagerð í landinu, þ.e. langtímaáætlun og vegáætlun. Hún komst heldur ekki inn í röðun framkvæmda í jarðgangaáætlun. Starfshópurinn telur því að beita verði öðrum aðferðum, ef tengja á þessa leið á næstu árum.

Hópurinn telur vænlegast að stofna félag, sem annist mannvirkjagerðina og fjármögnun hennar, eða þá fjármögnunina eina, gegn rétti til töku veggjalds af umferðinni. Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar og umferðarspár, á veggjald að geta greitt stofnkostnaðinn á u.þ.b. tveimur áratugum auk þess, sem það stendur undir rekstrarkostnaði. Veggjaldi er þó stillt í hóf í þeim útreikningum, þannig að vegfarendum er ætlað að njóta þegar nokkurs hagnaðar af tengingunni auk tímasparnaðar vegna styttingar.

Starfshópurinn tekur ekki afstöðu til þess hvort félagi skuli falið allt verkefnið eða einungis sá hluti þess, sem snýr að fjármögnun og töku veggjalds. Báðir kostirnir koma til greina að mati hópsins.

Í kafla 5 er gerð grein fyrir helstu atriðum, sem koma til álita við ákvörðun um skipulag fjármögnunar og framkvæmda og gerð nauðsynlegra samninga milli aðila, ef þessi leið er farin. Stjórnvöld og félag verða að meta þessi atriði og ná samkomulagi um þau. Stjórnvöld verða einnig að velja þann lagaramma, sem þau vilja hafa um þetta verkefni og ákveða málsmeðferð. Í kafla 6 eru settir fram kostir um það efni.

Þær niðurstöður starfshópsins, sem hér er lýst, eru byggðar á þeim upplýsingum um aðstæður, umferð, kostnað, o.fl., sem nú liggja fyrir. Hingað til hafa einungis frumathuganir farið fram, og úrvinnslu þeirra er ekki að fullu lokið. Þessar frumathuganir nægja til að ákveða megi rannsóknir og annan undirbúning vegna hönnunar. Sú ákvörðun þarf að fela í sér að stjórnvöld móti þegar þann farveg sem undirbúningi og framkvæmdum er ætlað að falla í. Framhaldsrannsóknir þessar geta breytt forsendum þeim, sem hér er miðað við. Raunar væri úrlausn málsins auðveldari ef rannsóknirnar væru fjármagnaðar á hefðbundinn hátt. Endanleg ákvörðun um mannvirkjagerð verður ekki tekin fyrr en að loknum þessum rannsóknum.

3. HUGMYNDIR UM TENGINGU

3.1. Forsaga.

Árið 1934 var opnaður akfær ruddur bílvegur fyrir Hvalfjörð en á árunum 1930–34 hafði verið haldið uppi ófullkomnum ferjusamgöngum yfir fjörðinn á milli Kalastaðakots og Miðbúða innan við Eyri.

Á stríðsárunum voru gerðar töluverðar lagfæringar á veginum fyrir fjörðinn en jafnframt var áhugi á að koma á ferjusamgöngum yfir hann. Stuttu eftir stríðið ákvað bæjarstjórn

Akraness að beita sér fyrir því, að komið yrði á bílferjum á Hvalfjörð. Festi hún í því skyni kaup á tveimur innrásarprömmum og var talið að í hvorum þeirra væri rými fyrir fjórar áætlunarbifreiðir og fjóra fólksbíla. Áætlað var að byggðar yrðu ferjuhafnir hjá Eyri í Kjós og hjá Katanesi. Árið 1946 var lagður vegur frá Akranesvegi að Katanesi og árið eftir var byggð þar ferjuhöfn. Meira varð ekki úr framkvæmdum. Möguleikar á ferjurekstri voru aftur kannaðir á miðjum sjöunda áratugnum og var þá gert ráð fyrir ferju milli Hjarðarness og Ytri-Galtarvíkur (áætlun vitamálastjóra).

Árið 1967 skipaði samgönguráðuneytið nefnd til þess „að annast alhliða rannsókn á því, hvernig hagkvæmast muni að leysa samgönguþörfina milli þéttbýlisins í og við Reykjavík annars vegar og Akraness, Borgarfjarðar og til Vestur- og Norðurlands hins vegar".

Nefnd þessi skilaði ítarlegu nefndaráliti 1972. Í því var fjallað um ferjusamgöngur yfir fjörðinn, brú yfir fjörðinn, göng undir fjörðinn (bæði botngöng og jarðgöng) og veg fyrir fjörðinn. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að hagkvæmast væri „að leggja fullkominn veg fyrir Hvalfjörð með þeim styttingum á núverandi vegi sem hagkvæmar eru". Nefndin taldi jafnframt æskilegt að „einhvers konar farkostur til fólksflutninga" væri í förum á milli Reykjavíkur og Akraness.

3.2. Athuganir á síðustu árum.

Þegar kom fram á miðjan níunda áratuginn vaknaði aftur áhugi á breyttum samgöngum um Hvalfjörð. Má telja þennan aukna áhuga í hæsta máta eðlilegan, þar eð hægt hefur gengið að leggja „fullkominn" veg fyrir fjörðinn og vantar enn mikið á að því sé lokið. Einnig hefur mikil aukning orðið á umferð og stórfelldar breytingar á atvinnuháttum.

Á síðustu árum hafa verið fluttar allmargar þingsályktunartillögur um málið á Alþingi en einnig hafa ýmsir áhugaaðilar fjallað um það.

Árið 1985 kannaði dr. Kjartan Jóhannsson rekstrargrundvöll ferju yfir Hvalfjörð fyrir Íslenska járnblendifélagið. Í skýrslu hans kemur fram að góðar horfur séu á að ferjuþjónusta geti staðið undir sér.

Nefnd sem samgönguráðherra skipaði 1986 til að gera langtímaáætlun um jarðgöng skilaði áætlun 1987. Þar er lítillega fjallað um jarðgöng undir Hvalfjörð og kemur fram að miklar líkur séu á að slík jarðgöng séu þjóðhagslega hagkvæm.

Íslenska járnblendifélagið, Sementsverksmiðja ríkisins og verktakafyrirtækið Krafttak gerðu 1988 frumathugun á gerð jarðganga undir Hvalfjörð (sjá fskj. II). Sú athugun byggði á fyrstu mælingum á botnlögum Hvalfjarðar, sem Vegagerðin lét gera þá um sumarið, en umferðarspár voru miðaðar við þær upplýsingar, sem voru fyrir hendi. Helstu niðurstöður voru sem hér segir:

Lengd ganga	um 5,1 km
Breidd ganga	2 akreinar
Lægsti punktur	um 130 m undir sjávarmáli
Stofnkostnaður	um 3,1 ma. kr.
Rekstrarkostnaður	um 70 m.kr. á ári

Í fjármögnunardæmi var miðað við veggjald 470 kr/ferð fyrir fólksbíla og 2700 kr./ferð fyrir stóra bíla. Reiknuð umferð greiddi, með þessu veggjaldi, kostnað við mannvirkjagerð á u.þ.b. 20 árum. Framangreindar kostnaðartölur hafa verið færðar til verðlags í desember 1989.

Í framhaldi af þessari athugun lögðu verksmiðjurnar fram hugmyndir við samgönguráðherra um að stofna félag til að sinna þessu verkefni. Félagið skyldi fjármagna og annast framkvæmdir, en fá í staðinn heimild til að taka gjald af umferðinni.

Verktakafyrirtækið Ístak kannaði á árinu 1989 kostnað við gerð vegfyllingar og botnganga í firðinum (sjá fskj. III). Við áætlanir sínar nutu þeir aðstoðar danska verktakafyrir-

tækisins E. Phil. & Son AS. Botngögngin yrðu um 2 km á lengd, tvær akreinar. Lægsti punktur yrði 30 m undir sjávarmáli. Niðurstöður kostnaðaráætlunarinnar eru svipaðar niðurstöðum verksmiðjanna og Krafttaks um göng í bergi. Áður hafði Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen sett fram hugmyndir um botngöng og brú.

3.3. Aðrar undirbúningsrannsóknir.

Eins og áður var getið hafa á undanförnum árum verið fluttar allmargar þingsályktunartillögur á Alþingi um könnun samgangna um Hvalfjörð. Í framhaldi af þessu var veitt lítils háttar fé á vegáætlun 1988 og 1989 til rannsókna í Hvalfirði og er gert ráð fyrir framhaldi fjárveitinga 1990. Vegagerð ríkisins hefur staðið fyrir rannsóknum þessum en fengið til þeirra aðstoð frá Hafrannsóknastofnun, Orkustofnun og fleiri aðilum. Könnuð hefur verið jarðfræði svæðisins og jarðlög í firðinum. Þá var gerð umfangsmikil könnun á umferð um fjörðinn á árinu 1989 og stendur úrvinnsla þeirrar athugunar nú yfir. Gert er ráð fyrir að bornar verði saman áætlanir um ýmsa möguleika tenginga (berggöng, botngöng, brú) og reynt að finna þann hagkvæmasta ásamt hagkvæmustu legu tengingar. Stefnt er að því að athugunum þessum ljúki nú í vetur.

Hér er um frumrannsóknir að ræða, sem einkum er ætlað að marka áframhaldandi rannsóknum farveg og er nauðsynlegt að halda öðrum undirbúningi áfram óháð þeim eins og lagt er til í skýrslu þessari.

4. GILDI TENGINGAR

4.1. Umferð.

Umferð hefur verið talin með síritandi umferðarteljurum við Esjuberg á Kjalarnesi, Fossá í Hvalfirði og við Akranesvegamót í mörg undanfarin ár. Árið 1988 reyndist meðalumferð á dag (ÁDU) vera sem hér segir:

Vesturlandsvegur við Esjuberg	1990	bílar/dag
Vesturlandsvegur við Fossá	1290	—
Vesturlandsvegur sunnan Akranesvegar	1240	—
Vesturlandsvegur norðan Akranesvegar	1320	—
Akranesvegur við Vesturlandsveg	940	—

Á 10 árum (frá 1979) hefur umferðin um það bil tvöfaldast á öllum þessum stöðum nema á Akranesvegi, þar hefur hún aukist um rúmlega 70%.

Árið 1987 voru fluttir að meðaltali 215 bílar/dag með Akraborg og hafði sú tala verið svipuð í nokkur ár (var 201 bíll/dag árið 1982). Af þessum bílaflutningum voru ríflega 10% „þungir bílar", (2,0 t eigin þyngd og þyngri).

Athuganir benda til að 10–15% umferðar um ofannefnda talningarstaði séu „þungir" bílar.

4.2. Þróun umferðar.

Vegagerðin hefur gert frumspá um þróun umferðar um Hvalfjörð ef tenging verður gerð yfir utanverðan fjörðinn. Þar er því spáð að árið 2010 verði umferð um Hvalfjörð um 2000 bílar/dag ef aðeins er reiknað með eðlilegri aukningu umferðar, en um 3000 bílar/dag ef reiknað er með þeim áhrifum, sem tenging yfir utanverðan fjörðinn hefur væntanlega.

Samsvarandi tölur fyrir árið 2020 eru um 2400 bílar/dag og um 3700 bílar/dag.

Spá sú sem hér er vitnað til er frumspá, sem byggir á veikum forsendum. Til þess að afla upplýsinga fyrir nákvæmari spá var gerð umfangsmikil umferðarkönnun við Akranesvegamót á þessu ári. Könnunin fólst í því að bifreiðar sem um vegamótin fóru voru stöðvaðar og ökumenn spurðir um upphafs- og endastað ferðar ásamt erindi ferðar. Þetta var gert tvo daga í maí, tvo í júlí og tvo daga í október.

Til samanburðar var sams konar könnun gerð á Suðurlandsvegi ofan Sandskeiðs sömu daga.

Úrvinnsla upplýsinga úr könnunum þessum stendur nú yfir og verður umferðarspáin endurskoðuð með hliðsjón af þeim.

4.3. Arðsemi.

Arðsemisathuganir sem gerðar hafa verið og byggja á fyrstu frumtölum um kostnað við mannvirkjagerð og fyrstu spá um umferð benda eindregið til þess að framkvæmdir þessar séu þjóðhagslega arðbærar. Þá er tekið tillit til sparnaðar við rekstur ökutækja (afskriftir, eldsneyti, olía, hjólbarðar, tryggingar) án skatta. Að auki er reiknað með tímakostnaði ökumanna að vissu marki, reksturskostnaði mannvirkja og stofnkostnaði þeirra. Gagnvart vegfarendum mælist arðsemin í beinum sparnaði þeirra, þ.e. í mismun á útlögðum kostnaði við ferðina auk tímasparnaðar. Fyrir félag mælist arðsemin hins vegar í ávöxtun þess fjármagns sem varið er til framkvæmdanna. Ef greiða á kostnað við mannvirkjagerðina með veggjaldi þurfa, auk þjóðhagslegrar arðsemi, báðar síðari arðsemiskröfurnar að vera uppfylltar. Allt bendir til að því skilyrði sé fullnægt fyrir þau mannvirki sem hér eru til umfjöllunar.

Ástæðan er hin mikla stytting vegalengda, sem næst með tengingu yfir utanverðan Hvalfjörð. Þetta sést í eftirfarandi töflu (vegalengdir háðar leið yfir fjörðinn):

	Núv. lengd km	Ný lengd km	Mismunur km
Reykjavík – Akranes	100,6	51,5–36,4	49,1–64,2
Reykjavík – Akranesvegamót	86,7	41,5–56,1	45,2–30,6
Reykjavík – Borgarnes	109,4	64,1–78,8	45,3–30,6

Eins og sést er stytting vegalengda í öllum tilfellum mjög mikil en mismunandi eftir staðsetningu tengingar.

4.4. Byggðaþróun.

Leitað var til Byggðastofnunar um mat á áhrifum, sem tengingin hefði á byggðaþróun. Einnig var leitað álits samvinnunefndar um svæðisskipulag sunnan Skarðsheiðar um áhrifin á það svæði sérstaklega. Ekki var svigrúm fyrir neins konar úttekt á byggðaþróun á áhrifasvæði ganganna, en báðir aðilar gerðu grein fyrir áliti sínu. Hér á eftir er gerð stutt grein fyrir skoðunum starfshópsins á efninu, en þær styðjast í öllum aðalatriðum við það, sem fram kom í áliti aðila.

Meginniðurstaða starfshópsins er sú, að áhrif tengingar á byggðaþróun norðan Hvalfjarðar séu jákvæð. Hin mikla stytting leiða til höfuðborgarsvæðisins mun almennt bæta skilyrði atvinnurekstrar, sem þegar er fyrir hendi, og ný fyrirtæki, stór og smá, á mörgum sviðum munu eiga auðveldara með að hefja starfsemi á svæðinu. Einstök fyrirtæki í verslun og þjónustu geta þó vænst harðari samkeppni en áður. Í heild má segja, að atvinnurekstri opnist nýir möguleikar. Frumkvæði og framkvæmdavilji heimamanna ræður mestu um, hvernig þeir nýtast til framfara og þróunar.

Styttingin leiðir til þess að íbúar svæðisins geta sótt vinnu til höfuðborgarsvæðisins. Það á einnig við um skóla, svo sem sérskóla ýmiss konar og háskóla. Enn fremur má nefna sókn í tómstundaiðju, menningarviðburði o.fl. þess háttar.

Það sem hér er sagt um áhrif á byggðaþróun norðan Hvalfjarðar á einkum við um svæðið næst tengingunni. Þegar fjær dregur minnka möguleikar til atvinnu- og skólasóknar, en áhrif á atvinnurekstur og þjónustusókn íbúanna til höfuðborgarsvæðisins ná miklu lengra. Líta verður svo á, að Vesturland allt njóti þessa og hluti af Húnaflóasvæðinu.

Loks má nefna að tengingin mun hafa áhrif á höfuðborgarsvæðið, einkum norðurhluta þess. Þar geta íbúar sótt vinnu norður fyrir Hvalfjörð og selt þangað þjónustu með hagkvæmari hætti en nú er mögulegt. Einnig má búast við aukinni sókn á útivistarsvæði á Vesturlandi og tómstundaiðju í tengslum við þau.

5. SKIPULAG FJÁRMÖGNUNAR OG FRAMKVÆMDA

5.1. Hefðbundið skipulag.

Allar framkvæmdir í vegagerð eru ákveðnar í vegáætlun með tiltekinni fjárveitingu. Vegagerð ríkisins undirbýr síðan framkvæmdir, býður þær út og semur við verktaka um verkið.

Tenging um utanverðan Hvalfjörð hefur ekki komist að í vegáætlun né heldur í langtímaáætlun, sem gerð var fyrir nokkrum árum og tiltók allar stærri vegaframkvæmdir til ársins 1994. Hún komst heldur ekki inn í röðun verkefna í jarðgangaáætlun árið 1987, sem líta má á sem viðbót við langtímaáætlunina. Í ljósi þessa verður að telja að þetta verkefni eigi litla sem enga möguleika á fjármagni eftir hefðbundnum leiðum. Verður því að leita annarra leiða til að leysa verkefnið.

5.2. Fjármögnun með veggjaldi.

5.2.1. Almennt.

Starfshópurinn hefur fjallað um leiðir til að fjármagna þessar framkvæmdir utan vegáætlunar. Einkum hefur hugmyndin um stofnun félags, sem sæi um mannvirkjagerðina og fjármögnun hennar eða fjármögnunina eina verið til skoðunar. Í staðinn fengi félagið rétt til töku veggjalds af umferðinni, sem þannig greiðir allan kostnað að lokum.

Samkvæmt fyrstu athugunum, virðist tenging undir Hvalfjörð vera þjóðhagslega arðsöm. Jafnframt á heildarsparnaður umferðarinnar að vera svo mikill, að hann geti staðið undir kostnaði við framkvæmdir. Fjármögnun með töku veggjalds er því raunhæfur kostur. Miðað við þessar forsendur, telur starfshópurinn flest mæla með því, að þessi aðferð verði reynd hér á landi.

5.2.2. Reynsla erlendis.

Þessi aðferð við gerð samgöngumannvirkja hefur verið notuð allvíða á undanförnum árum, og þá einkum við dýr mannvirki sem stytta leiðir mikið eða koma á föstu vegasambandi, þar sem ekkert var fyrir. Skipulag þessara félaga og aðild þeirra að mannvirkjagerð er þó mjög breytileg eftir löndum.

Norðmenn hafa mesta reynslu Norðurlandaþjóða í þessum efnum. Þeirra aðferð er í stuttu máli sú, að stofnað er félag, sem hefur frumkvæði að mannvirkjagerð og útvegar fjármagn til undirbúnings og byggingar mannvirkja. Félagið fær síðan heimild til töku gjalds af vegfarendum. Gjaldtakan stendur undir vöxtum og afborgunum af fjármagni auk kostnaðar félags við innheimtu o.fl., en gjaldtöku er hætt þegar endurgreiðslum er lokið. Félagið á að öðru leyti ekki aðild að mannvirkjagerðinni, heldur er undirbúningur og framkvæmdir í höndum norsku vegagerðarinnar. Enn fremur sér hún um rekstur mannvirkja og viðhald þeirra um leið og umferð er hleypt á, enda verða mannvirkin þá þegar hluti af þjóðvegakerfi þeirra.

Burðarásar í slíkum félögum í Noregi eru oftast sveitarfélög, en einnig koma þar stundum fylki við sögu svo og aðrir hagsmunaaðilar. Er þannig virkjaður áhugi og frumkvæði á því svæði, sem einkum mun njóta viðkomandi mannvirkja. Almenn heimild er til töku veggjalds í norsku vegalögunum, en hvert veggjaldsverkefni er afgreitt sérstaklega í Stórþinginu.

Í öðrum löndum fara menn gjarnan aðrar leiðir. Algengt er að félag taki að sér allt verkefnið. Í slíkum tilvikum annast félagið ekki einungis fjármögnun, heldur framkvæmdina

alla, og stundum einnig viðhald og rekstur mannvirkja meðan á töku veggjalds stendur. Í staðinn fær félagið gjarnan heimild til töku veggjalds í ákveðinn árafjölda. Félagið tekur þá áhættuna af því að tekjur af umferðinni reynist minni en áætlað var, en á móti kemur, að félagið á hagnaðarvon ef tekjuspár standast eða tekjur fara fram úr áætlun.

Eignarhald þessara félaga er með ýmsu móti. Mörg félög eru alfarið í eigu einkaaðila, en ekki er þó óalgengt, að viðkomandi ríki eigi þar hlut að máli. Einnig er það til að ríkið sé eini eigandi félags.

Hér hafa verið dregin upp í örstuttu máli tvö mynstur af tilhögun mála við veggjaldsframkvæmdir. Segja má, að þessi mynstur marki ytri mörk, og flest tilbrigði, sem reynd hafa verið liggi þarna á milli. Þegar vitnað verður til þessara mynstra hér á eftir, verða þau auðkennd með þeim hætti, að norska mynstrið kallast mynstur F (fjármögnun) en hitt mynstur H (heildarumsjón framkvæmda). Í báðum mynstrum eru dæmi um að félög hafi lent í fjárhagsvandræðum af ýmsum orsökum, en í heild er reynslan það góð, að stöðugt bætast við ný verkefni, sem greidd eru með veggjaldi.

5.2.3. Hlutverkaskipan við veggjaldsverkefni.

Tveir aðilar koma einkum til sögunnar við þessa tilhögun framkvæmda, þ.e. annars vegar stjórnvöld (Alþingi, ríkisstjórn, samgönguráðuneytið, Vegagerðin) og hins vegar félag eða fyrirtæki, sem tekur að sér verkefnið eða hluta þess. Hagsmunir og sjónarmið þessara aðila fara saman í sumum greinum, en stangast á í öðrum. Stjórnvöld eiga að gæta hagsmuna vegfarenda, með það í huga að þeir njóti sem fyrst fulls ávinnings af mannvirkjagerðinni. Frá því sjónarmiði er æskilegast að veggjald sé einungis tekið að því marki, sem þarf til að greiða allan kostnað við mannvirkjagerðina, en sé þá fellt niður (mynstur F). Hér kemur einnig til það jafnréttissjónarmið, að vegfarendur um tiltekinn veg séu ekki látnir greiða veggjald umfram kostnað, meðan allir aðrir vegfarendur í landinu aka án sérstaks gjalds um þjóðvegina. Á það er þó að líta að vegfarendur munu áfram eiga kost á því að aka fyrir fjörðinn. Frá sjónarmiði félags getur hins vegar von um hagnað skipt miklu máli og jafnvel skipt sköpum (mynstur H). Þetta er þó háð því hverjir eigendur félags eru, og hvort þeir hafa mikinn hagnað af viðkomandi mannvirkjum sem notendur þeirra.

Það hlýtur einnig að vera markmið stjórnvalda, að halda kostnaði við mannvirkjagerðina og rekstur félags í lágmarki. Oftast eru þetta einnig hagsmunir félags. Er það háð samningum félags við stjórnvöld um réttindi þess og skyldur og þá ekki síst heimildum þess til töku veggjalds.

Sameiginlegt hagsmunamál beggja aðila er að draga úr tæknilegri og fjárhagslegri áhættu við verkframkvæmdina eins og unnt er. Að þessu verður best unnið með vönduðum undirbúningi og skynsamlegum samningum milli aðila.

Þá hlýtur það einnig að vera sjónarmið stjórnvalda, að íslenskt forræði sé yfir málinu á öllum stigum, þó að erlent fjármagn geti þar komið til svo og erlendir ráðgjafar og verktakar. Æskilegt er að innflutningur þekkingar og reynslu sé með þeim hætti að sem mest af henni verði eftir í landinu, sem og að nýta þá þekkingu og reynslu sem fyrir hendi er. Ekki er víst að hagsmunir félags fari í öllu saman við þessi sjónarmið, enda getur þurft að kosta einhverju til ef haga á málum með þessum hætti.

5.2.4. Félag, tilhögun og verkefni.

Það er skoðun starfshópsins að bæði mynstrin F og H geti komið til greina, en þá gjarnan með aðlögun að aðstæðum hér. Verða hér á eftir rædd nokkur helstu atriði, sem varða félag.

Til hæginda verður ferli félags skipt í þrjá áfanga eða tímaskeið. Áfangi I tekur til undirbúnings, tæknilegs og fjárhagslegs, sem nauðsynlegur er, áður en endanleg ákvörðun um

framkvæmdir er tekin. Framkvæmd verksins er í áfanga II. Áfangi III nær síðan yfir veggjaldsskeiðið, frá því að mannvirki eru tekin í notkun og þangað til að töku veggjalds er hætt.

Áfangi I.

Miðað er við, að félagið sé hlutafélag með hefðbundnu sniði. Hluthafar geta verið allir, sem þess óska. Þó telur starfshópurinn ekki æskilegt, að verktakar, á sviði mannvirkjagerðar séu umtalsverðir hluthafar. Á hinn bóginn er æskilegt að sveitarfélög séu meðal hluthafa, og ríkið getur einnig verið hluthafi. Hlutafé þarf í byrjun að vera sem svarar kostnaði við áfanga I (áætlað 50–80 m.kr.). Ekki verður hjá því komist að líta á þetta sem áhættufé. Þó að framkvæmdin sé talin arðsöm nú, getur það breyst við frekari rannsóknir, sem fara þurfa fram áður en endanleg ákvörðun er tekin.

Í áfanga I er fjármálalegur og tæknilegur undirbúningur meginverkefnið. Í mynstri H mundi félagið bera ábyrgð á hvoru tveggja, en það getur þó samið við aðila, sem að jafnaði fást við þess háttar mál, að annast verkefnin í umboði þess. Þannig mætti fela einhverjum hluthafa félagsins að sjá um fjármálalegan undirbúning og Vegagerð ríkisins hinn tæknilega þátt. Í mynstri F mundi félagið eingöngu annast fjármálahlið málsins en Vegagerðin hina tæknilegu.

Í hvoru mynstrinu sem er, verður það hlutverk félags að semja við stjórnvöld um tilhögun mála. Endanleg ákvörðun um mannvirkjagerðina verður ekki tekin fyrr en í lok áfanga I, og hlýtur það að hafa áhrif á samningagerðina þegar í upphafi.

Í samningi þarf að skilgreina samskipti aðila í áfanga I. Eðlilegt er að félag fái tiltekinn tíma til að ljúka undirbúningi (2–3 ár). Að undirbúningi loknum fengi félagið rétt á framkvæmd verksins um tiltekinn árafjölda (5–10 ár). Fyrstu árin (2–3) væri þessi réttur óskertur með öllu, en hefjist framkvæmdir ekki innan þess frests gætu stjórnvöld leyst réttinn til sín gegn greiðslu kostnaðar.

Í samningi þarf einnig að draga upp helstu línur um réttindi og skyldur félags í áföngum II og III og verður nánar vikið að þeim í kafla 5.2.5.

Benda má á að það mundi einfalda samningagerð mikið, ef tæknilegur undirbúningur og rannsóknir vegna hönnunar væru fjármögnuð og framkvæmd á hefðbundinn hátt og samningar gerðir að þeim loknum.

Áfangar II og III.

Við upphaf áfanga II þarf félag að auka hlutafé sitt. Niðurstöður undirbúningsrannsókna ásamt aðstæðum á fjármagnsmörkuðum ráða mestu um hve mikil sú aukning þarf að vera. Hér verður miðað við að hlutafé þurfi að vera 5–15% af stofnkostnaði, en hann er metinn á 3–3,5 ma. kr. á núgildandi verðlagi. Opna mætti félagið fyrir nýjum hluthöfum. Erlendir aðilar gætu verið þar á meðal enda væri tryggt, að Íslendingar ættu meiri hluta hlutafjár og hefðu allt forræði mála.

Í mynstri F mundi félagið eingöngu sjá um fjármögnun framkvæmda í áfanga II og síðan töku veggjalds í áfanga III, þar með talinn rekstur gjaldstöðvar. Framkvæmdin sjálf yrði á hendi Vegagerðar ríkisins, sem og viðhald og rekstur mannvirkja frá opnunardegi. Í mynstri H mundi félagið bera ábyrgð á öllum þáttum málsins. Félagið gæti þó eins og áður samið við ýmsa aðila að annast tiltekna þætti þess.

5.2.5. Samningar félags og stjórnvalda.

Í báðum mynstrum verða meginatriði samninga hin sömu. Má þar einkum nefna hvernig áhættu og ábyrgð er skipt á aðila, lengd þess tíma, sem félagið má taka gjald af vegfarendum, ákvörðun um taxta og breytingar á þeim, svo og heimildir félags til töku lána erlendis. Loks

má nefna atriði, sem snerta aðrar samgöngur á svæðinu, Akraborg og veg fyrir fjörðinn, og ákvarðanir stjórnvalda um þau mál.

Frá sjónarmiði félags hlýtur það að vera lágmarkskrafa að ná hlutafé sínu til baka ásamt vöxtum. Kröfur um hagnað umfram þetta eru m.a. háðar þeirri áhættu sem félagið leggur í, og hljóta að vera því meiri sem áhættan er meiri. Einnig getur verið vandkvæðum háð að ná saman hlutafé nema hagnaðarvon sé veruleg, þar eð endurgreiðsla fjármagns og arður koma seint.

Áhætta í verkefni sem þessu er af ýmsum toga. Fyrst má nefna áhættu tengda framkvæmdunum. Ekki er gerlegt að rannsaka aðstæður og náttúrufar að því marki að allri óvissu sé eytt. Áhættan sem við það skapast getur þá leitt til aukins kostnaðar. Verður að reikna með slíku í fjármögnunaráætlunum, og í Noregi er t.d. almennt reiknað með, að kostnaður geti aukist um 20% umfram áætlun.

Aðrir áhættuþættir tengjast tekjumöguleikum af veggjaldi. Þróun umferðar á gjaldtökutíma vegur þar þyngst, en einnig kemur þar til mat á því hve hátt gjald megi vera án þess að það sé fráhrindandi fyrir vegfarendur og þeir aki fyrir fjörðinn. Líklegt er að gjald mætti vera eitthvað hærra að vetrinum án þess að vegfarendur hverfi frá. Hafa ber einnig í huga að hluti vegfarenda eru ferðamenn, sem áfram munu kjósa að aka fyrir Hvalfjörð og njóta hinnar fjölbreyttu náttúru, sem hann hefur upp á að bjóða.

Áhættuþættir, sem hér eru nefndir, snúa að félagi. Með ýmsu móti má þó draga úr áhrifum þeirra og færa þá að lokum að mestu eða öllu leyti yfir á vegfarendur. Þetta má m.a. gera með ákvæðum um leyfistíma félags til gjaldtöku.

Leyfistími getur verið fastur, þ.e. tiltekinn fjöldi ára. Sé svo þarf hann að vera langur frá sjónarmiði félags til að draga úr áhættu þess. Leyfistími getur einnig verið tiltekinn árafjöldi, en með heimild um framlengingu, ef tekjur skila sér illa. Hefur þá verið dregið úr áhættu félags. Frá sjónarmiði stjórnvalda hefur þetta sama galla og fastur leyfistími. Ef umferð vex örar en áætlað var, getur hún þurft að greiða veggjald um lengri tíma eftir að kostnaður við mannvirkin er greiddur upp.

Loks getur leyfistími verið sveigjanlegur í báðar áttir. Þar getur verið um ýmis tilbrigði að ræða. Leyfistími getur verið sá tími, sem það tekur að ná inn öllum kostnaði ásamt vöxtum. Þessi tilhögun eyðir áhættu félags, og virðist leggja minnstan kostnað á vegfarendur. Gallinn við hana er sá að í henni er lítill hvati til að halda kostnaði niðri. Til að laga þann galla að nokkru mætti bæta við leyfistímann, þannig að félag fengi hagnað að lokum. Viðbótin gæti annaðhvort verið sá tími, sem þarf til að ná inn tilteknum hagnaði (t.d. í hlutfalli við hlutafé), eða ákveðinn tími (t.d. 1 ár). Virðist síðarnefnda aðferðin raunar einfaldari.

Í tengslum við áhættu og ábyrgð ber að nefna ríkisábyrgð. Hún gæti verið hér með tvennum hætti. Annars vegar væri fengin ríkisábyrgð á lánum, í því skyni að lækka vexti af þeim og þar með heildarkostnað við mannvirkjagerðina. Slík lækkun getur komið vegfarendum til góða ef leyfistími er sveigjanlegur. Hins vegar getur ríkið tekið ábyrgð á kostnaði umfram eðlileg frávik (t.d. 20%). Þá er fyrst og fremst verið að draga úr áhættu félags, ef það hefur ekki verið gert með öðru móti.

Ákvarðanir um taxta og breytingar á þeim gætu verið í höndum félags, enda aðstæður í Hvalfirði með þeim hætti, að sjálfvirkt þak verður á töxtum.

Miðað er við að félagið sé háð almennum reglum um lántöku, en þess utan hafi það frelsi til að afla lána með þeim hætti sem það telur hagstæðast.

Eðlilegt er að félag fái yfirlýsingu frá stjórnvöldum um að ekki verði ráðist í meiri háttar breytingar á veginum fyrir Hvalfjörð á leyfistímanum. Með því er t.d. átt við styttingar, sem hafa verið á dagskrá svo sem veg yfir utanverðan Botnsvog. Þetta tæki ekki til endurbyggingar einstakra brúa eða vegarkafla eða minni háttar styttinga. Þá er einnig gert ráð fyrir að ríkisstyrkur til Akraborgar verði felldur niður, þegar hið nýja samband kemst á.

6. LAGAATRIÐI

6.1. Almennt.

Um vegi, lagningu þeirra, viðhald og rekstur gilda vegalög. Sérstök lög eru síðan um fjáröflun til vegagerðar. Sé skipulag fjármögnunar og framkvæmda við tengingu um utanverðan Hvalfjörð með einhverjum þeim hætti, sem gerð hefur verið grein fyrir hér á undan, er ljóst að það fellur að nokkru leyti utan við ramma gildandi laga. Fyrir því þarf að gera með lagabreytingum.

Tvær leiðir virðast einkum koma til greina við lausn á því máli. Önnur er sú að breyta gildandi lögum á þann veg, að hið nýja skipulag á tengingunni rúmist innan þeirra. Hin leiðin er sú að setja sérstök lög um tenginguna án þess að breyta gildandi lögum. Í hinum sérstöku lögum væru þá undanþágur frá gildandi lögum að því marki, sem nauðsynlegt væri.

6.2. Breyting á núverandi lögum.

Vegagerð ríkisins er veghaldari allra opinberra vega samkvæmt vegalögum. Þó er henni heimilt að fela sveitarstjórnum og héraðsnefndum veghald tiltekinna vega.

Margt mælir með því að tengingin sé talin til opinberra vega. Tengingin er ætluð almenningi til umferðar og kemst í umsjá og eigu ríkisins fyrr eða síðar. Samskipti við landeigendur og hagsmunaaðila falla beint undir ákvæði vegalaga ef um opinberan veg er að ræða. Má þar nefna bætur fyrir land eða skaða, eignarnám lands ef til þess kemur o.fl.

Sé um opinberan veg að ræða þarf þá að breyta ákvæðum vegalaga ef mynstur H (sbr. fyrri kafla) er viðhaft, þannig að félagið geti annast veghaldið. Tillaga að slíkum breytingum er á fskj. IV. Sé mynstur F (sbr. fyrri kafla) notað þarf hins vegar engu að breyta í vegalögum, enda væri þá Vegagerðin veghaldarinn.

Í lögum um fjáröflun til vegagerðar er einkum fjallað um almennt bensíngjald og þungaskatt af bifreiðum. Í þeim er einnig að finna heimild til ráðherra til að ákvarða umferðargjald á einstökum vegum eða brúm með reglugerð.

Rýmka þarf þessar heimildir á þann veg, að félagi sé gert fært að taka veggjald. Tillaga um það er á fskj. IV. Sú tillaga á við bæði mynstrin F og H.

Auk lagabreytinga mætti fela samgönguráðherra að semja við félag um alla þætti málsins (undirbúning, fjármögnun, framkvæmdir og rekstur). Fyrirvari gæti verið um að leggja málið fyrir að nýju á einhverju stigi, t.d. að loknum undirbúningi.

6.3. Sérstök lög.

Í stað þess að breyta gildandi lögum, yrðu sett sérstök lög um tengingu um Hvalfjörð. Í þeim yrðu tekin fyrir þau atriði, sem stangast á við gildandi lög og nefnd voru hér á undan. Ákvæði gætu verið efnislega hin sömu og sett eru fram á fskj. IV.

Æskilegt er að slík sérlög fælu í sér heimildir til ráðherra til að semja um alla þætti málsins.

Einnig mætti hugsa sér að ráðherra gengist fyrir gerð samnings (með fyrirvara um samþykki Alþingis), sem síðan yrði lagður fram með lagafrumvarpi um verkið.

6.4. Samanburður leiða.

Báðar framangreindar leiðir eru vel færar að mati starfshópsins. Kostur við að breyta almennum lögum er að það opnar möguleika á því að fleiri verkefni, en það sem hér er fjallað um, verði leyst með hliðstæðum hætti. Sérstök lög eru á hinn bóginn einfaldari leið í sniðum.

Við val á leiðum, ber að hafa nokkur atriði í huga.

1. Verkefnið er stórt og dýrt (3–3,5 ma. kr.).
2. Verkefnið felur í sér tæknileg nýmæli hér á landi, svo og nýmæli í fjármögnun og skipulagningu.
3. Undirbúningsrannsóknir eru á frumstigi, og mikilvægar forsendur geta breyst við frekari rannsóknir og hönnunarundirbúning.
4. Um er að ræða samninga milli tveggja óskyldra aðila. Hagsmunir þeirra og sjónarmið munu vart fara saman í öllum atriðum, eins og drepið hefur verið á. Verður að taka nokkurt tillit til beggja, ef samningar eiga að nást.

7. FRAMHALD VINNU

Áfangi I í framkvæmdinni tekur til hönnunarrannsókna og annars undirbúnings, tæknilegs og fjárhagslegs, og er hann talinn taka 1–2 ár fyrir göng í bergi og kosta 50–80 m.kr. Þessi tími er enn lengri fyrir aðrar lausnir. Fyrir göng í bergi er frekari könnun jarðlaga með mælingum og borunum dýrasti hluti rannsóknanna, og verða þær einungis gerðar að sumarlagi. Botngöng og aðrar lausnir kalla eftir rannsóknum á ýmsum umhverfisþáttum, auk tæknilegra rannsókna. Hluti þessara rannsókna verður einnig að fara fram að sumarlagi. Vinna við áfanga I getur ekki hafist fyrr en samningur milli stjórnvalda og félags er kominn á. Fyrstu skref, sem stíga þarf, eru þá þau að undirbúa og gera slíkan samning.

Að mati hópsins tekur undirbúningur samninga m.a. til eftirfarandi atriða:

1. Stjórnvöld þurfa að meta málið og ákveða, hvort þau eru reiðubúin til að reyna þá nýju leið við skipulag fjármögnunar og framkvæmda, sem hér er miðað við.
2. Ef stjórnvöld vilja reyna þessa nýjung, þurfa þau að marka lagalegri meðferð málsins farveg.
3. Stofna þarf félag, sem gengi til samninga við stjórnvöld um verkefnið. Stofnun félags getur verið að frumkvæði áhugaaðila eða stjórnvalda.
4. Gera þarf samning milli aðila, sem taki á öllum helstu atriðum málsins og m.a. þeim sem rakin eru í kafla 5.

Ef nýta á sumarið 1990 til hönnunarrannsókna, má engan tíma missa í umfjöllun stjórnvalda og Alþingis og þarf samningagerð að ljúka eigi síðar en í maí nk.

Fylgiskjal I.



SVÆÐI TIL ATHUGUNAR
Á VEGATENGINGU UM
UTANVERÐAN HVALFJÖRÐ

1:100000


ÞVERSNIÐ
4,6
7,0 m
9,0


LANGSNIÐ
SUÐUR
NORÐUR
0
1
2
3
4
5 Km
7,0 %
20 m
4,1 %
30 m
1,7 %
8,5 %
LAUFAGRUNN
GÖNG Í BERGI
HUGMYND
0 m
50
100
150
Þingskjal 891
Fylgiskjal II.
3820

Fylgiskjal III.



Fylgiskjal IV.

BREYTINGAR Á VEGALÖGUM (mynstur H).

Við 8. gr. bætist:

Samgönguráðherra er þó heimilt að fela einstaklingi, fyrirtæki, sveitarstjórn, stofnun eða samtökum þessara aðila, veghald einstakra vegarkafla um tiltekinn tíma að nokkru eða öllu leyti.

(Ef æskilegt þykir má bæta við eftirfarandi setningu:
Leita skal samþykkis Alþingis í hvert skipti).

2. mgr. 9. gr. orðist svo:

Nú er heimild 8. gr. eða 1. mgr. 9. gr. notuð, og skal þá Vegagerð ríkisins hafa eftirlit með, að lagning og viðhald vega þeirra eða gatna, sem um er að ræða, sé framkvæmt á viðunandi hátt. Sé um vanrækslu að ræða að dómi Vegagerðar ríkisins, skal hún gefa veghaldara fyrirmæli um að framkvæma nauðsynlegar umbætur innan hæfilegs frests.

BREYTING Á LÖGUM UM FJÁRÖFLUN TIL VEGAGERÐAR (mynstur F og H).

Við 10 gr. bætist:

Einstaklingum, fyrirtækjum, sveitarstjórn, stofnun eða samtökum þessara aðila, sem fengið hafa heimild til að annast veghald og/eða fjármögnun einstakra vegarkafla, er einnig heimilt að taka umferðargjald af viðkomandi vegarkafla, enda liggi fyrir samningur við samgönguráðherra um verkefnið og rétt til gjaldtökunnar.

Sþ. 892. Tillaga til þingsályktunar [509. mál]

um að flýta framkvæmdum við jarðgöng á Vestfjörðum.

(Lögð fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

Alþingi ályktar að flýta skuli framkvæmdum við fyrirhugaða jarðgangagerð á Vestfjörðum umfram það sem fyrirhugað er samkvæmt fyrirliggjandi vegáætlun. Skal öllum undirbúningi verksins hraðað þannig að framkvæmdir geti hafist á árinu 1991. Þá skal heimilt að auka framkvæmdahraða við verkið svo að því ljúki á fjórum til fimm árum í stað a.m.k. sjö árum, eins og áformað var.

Ríkissjóði skal heimilað að taka lán í þessu skyni, allt að 1.300 millj. kr., á árunum 1990–1994, samkvæmt nánari ákvæðum sem sett eru í lánsfjárlög hverju sinni og skulu lánin ásamt verðbótum endurgreiðast af því fjármagni sem er til stórverkefna samkvæmt vegáætlun.

Vextir og lántökukostnaður skulu greiðast árlega úr ríkissjóði sem sérstakt byggðarframlag.

Ríkisstjórnin skal láta fara fram könnun á möguleikum þess að afla sérstaklega lánsfjár og/eða tekna til að standa straum af kostnaði vegna ákvörðunar um að flýta framkvæmdum og skila áliti til næsta Alþingis.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Jarðgöng á Vestfjörðum voru sett í vegáætlun 1989–1992 og er í áætluninni gert ráð fyrir að framkvæmdir við verkið hefjist árið 1992. Miðað er við að verktími sé sjö ár.

Að undanförnu hafa umræður í þjóðfélaginu um byggðamál og byggðastefnu aukist, ekki síst í kjölfar erfiðleika í atvinnulífi á landsbyggðinni. Þá hefur þróunin í fólksflutningum heldur ekki verið heillavænleg. Vestfirðir eru vafalítið hvað verst í sveit settir í þessu tilliti og það er því brýnt að snúa við þeirri þróun sem nú á sér stað og afstýra því tjóni sem yfirvofandi byggðarröskun hefur í för með sér.

Fáum dylst sú mikla þýðing sem jarðgöng á Vestfjörðum geta haft fyrir þróun atvinnulífs og í menningar- og félagslegu tilliti. Með tengingu byggðarlaga er allur grundvöllur atvinnu- og félagslífs treystur því með stærri einingum næst oftast meiri hagkvæmni. Því má heldur ekki gleyma að framkvæmdir á einu sviði geta haft í för með sér sparnað á öðru. Glöggt dæmi um þetta er samspil samgöngumannvirkja. Bætt vegakerfi getur gert flugvöll óþarfan og þegar litið er á Vestfirði sérstaklega (eða norðurhluta þeirra) má benda á að í öllum byggðarlögunum fjórum, sem ætlunin er að tengja með jarðgöngum samkvæmt frumvarpi þessu, eru áætlunarflugvellir, en með góðum og öruggum vegasamgöngum getur einn flugvöllur hæglega þjónað þessu svæði, með möguleika á einum varaflugvelli. Svipaða sögu er að segja um hafnirnar, a.m.k. hvað snertir vöruflutninga um þær. Fleiri mannvirki má nýta betur, svo sem eins og skóla, heilsugæslustöðvar, menningarmiðstöðvar, opinberar stjórnsýslubyggingar og margt fleira.

Núverandi rannsóknaáætlun hefur miðast við að jarðgangagerð á Vestfjörðum verði boðin út veturinn 1991–1992 og framkvæmdir hefjist sumarið 1992. Miðað hefur verið við að framkvæmdir taki allt að sjö árum og þá gengið út frá að fjármagn dygði aðeins til vinnu á einum stað í göngunum í einu, þ.e. fyrir eitt „úthald", en tæknilega er vel framkvæmanlegt að vinna á fleiri stöðum í einu. Ef unnið væri á tveimur stöðum í einu mestan hluta verktímans er líklegt að hann styttist úr sjö árum í fjögur til fimm ár. Miðað við upphaf framkvæmda sumarið 1991, eða einu ári fyrr en reiknað er með í vegáætlun, yrði væntanlega reynt að taka göngin í notkun seint á árinu 1995.

Til að unnt sé að vinna þetta verk á fjórum til fimm árum í stað sjö þarf annaðhvort að hækka verulega framlag úr Vegasjóði meðan á framkvæmdum stendur eða afla fjár með öðrum hætti. Á þessu ári þarf þó aðeins að leysa lánsfjárþörf að upphæð 47 m.kr. Miðað er við að fjárhæðin verði tekin inn á fjáraukalög fyrir árið 1990 nú á komandi hausti.

Ætla má að aukakostnaður vegna meiri framkvæmdahraða við jarðgöng á Vestfjörðum nemi um 430 m.kr. miðað við byggingarvísitölu 164.9 stig. Eftir að göngin hafa verið opnuð fyrir umferð er áætlað að það sparist um 25 m.kr. á ári í viðhaldskostnaði, einkum snjómokstri. Á fjármögnunarskeiði framkvæmdarinnar munu því sparast um 75 m.kr. í viðhaldskostnaði.

Hér verður ekki farið út í að fjölyrða um ýmsan annan sparnað, beinan og óbeinan, sem skjótar úrbætur í samgöngumálum af því tagi sem hér um ræðir á norðanverðum Vestfjörðum og jákvæða byggðaþróun, sem vonandi fylgir í kjölfarið, hafa í för með sér. Óhætt er þó að fullyrða að slíkur sparnaður getur orðið verulegur fyrir einstaklinga, atvinnulíf og opinbera aðila.

Einn sá þáttur í þessu sambandi, sem vert er að hugleiða, er að þegar verktökum býðst að vinna verkið hraðar eru verulegar líkur á hagstæðari tilboðum en ella. Má benda á að fengjust 10% hagstæðari tilboð af þessum sökum lætur nærri að sá sparnaður, að viðbættum sparnaði í viðhaldi (snjómokstri), vegi upp lántökukostnað vegna fyrirhugaðs framkvæmdahraða.

Þá hlýtur að verða að telja að hvert ár með svo mikilum framkvæmdum og tilheyrandi fjárfestingu nýtist ekki og verði dýrt vegna lengri framkvæmdatíma, þó vissulega sé umdeilanlegt hvaða ávöxtunarkröfur eigi að miða við í því tilviki.

Ýmsir möguleikar hafa verið ræddir til öflunar fjár vegna flýtingarinnar.

Samgönguráðuneytið hefur m.a. unnið tillögur um staðbundna gjaldheimtu í formi sérstaks eldsneytisgjalds og fyrir liggur mikill stuðningur forráðamanna sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum ef það má verða til að flýta framkvæmdum. Einnig hefur verið rætt um útgáfu skuldabréfa, en eins og kunnugt er var fjár á sínum tíma m.a. aflað til Djúpvegar og hringvegar með sölu happdrættisskuldabréfa. Þá er sá möguleiki einnig fyrir hendi að heimamenn greiði að einhverju leyti af lánum, sem tekin verða vegna meiri framkvæmdahraða, með vegatekjum kjördæmisins á næstu árum eftir gangaframkvæmdirnar.

Nd. 893. Frumvarp til laga [140. mál]

um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins.

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. apríl.)

1. gr.

Íslenska ríkið er eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki.

Hugtakið auðlind samkvæmt lögum þessum tekur til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda hafsbotnsins annarra en lifandi vera.

2. gr.

Enginn má leita að efnum til hagnýtingar á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga, sbr. 1. gr., nema að fengnu skriflegu leyfi iðnaðarráðherra.

3. gr.

Óheimilt er að taka eða nýta efni af hafsbotni eða úr honum, sbr. 1. gr., nema að fengnu skriflegu leyfi iðnaðarráðherra.

4. gr.

Leyfi til hagnýtingar efna á, í eða undir hafsbotni skal bundið við ákveðið svæði og gilda til ákveðins tíma sem ekki má vera lengri en 30 ár. Í leyfisbréfi skal m.a. ætíð greina hverjar ráðstafanir leyfishafi skuli gera til að forðast mengun og spillingu á lífríki láðs og lagar.

5. gr.

Með reglugerð skal iðnaðarráðherra setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal nánari ákvæði um þau leyfi sem um ræðir í 3. og 4. gr.

6. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum eða varðhaldi, enda liggi ekki við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem við gildistöku laganna taka efni af eða úr hafsbotni skulu innan sex mánaða sækja um leyfi skv. 4. gr.

Sþ. 894. Tillaga til þingsályktunar [510. mál]

um afnám einkasölu ríkisins á tóbaksvörum.

Flm.: Ingi Björn Albertsson, Friðrik Sophusson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um afnám einkasölu ríkisins á tóbaksvörum og aðrar nauðsynlegar lagabreytingar í því sambandi. Frumvarpið heimili frjálsan innflutning og dreifingu á tóbaksvörum án þess að dregið sé úr þeim tekjum sem ríkissjóður hefur nú af sölu tóbaksvara.

Greinargerð.

Með tillögu þessari er lagt til að innflutningur og heildsala á tóbaki verði gefin frjáls og jafnframt verði gjaldtaka ríkisins af tóbaksvörum einfölduð þannig að tekið verði upp eitt gjald, tóbaksgjald, er lagt sé á tóbaksvörur í stað þeirra gjalda og skatta sem leggjast núna á þessa vöru.

Eðlilegra er fyrir ríkið og mun einfaldara miðað við núverandi aðstæður að afla þeirra tekna af tóbakssölu, sem taldar eru æskilegar á hverjum tíma, með beinni skattlagningu á innflutning tóbaks og framleiðslu í stað þess að ná þessum tekjum inn með einkasölu. Einkasalan hefur í raun aðeins falist í að annast innflutning, birgðahald og dreifingu fyrir umboðsmenn tóbaksframleiðenda. Þá er og óviðeigandi í ljósi þess hve skaðsemi tóbaksneyslu er talin ótvíræð að ríkið skuli stunda verslun með tóbak.

Ed. 895. Lög [356. mál]

um breytingu á lögum nr. 94/1980, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæma aðstoð í tollamálum.

(Afgreidd frá Ed. 6. apríl.)

Samhljóða þskj. 613.

Ed. 896. Frumvarp til laga [511. mál]

um meðferð opinberra mála.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

I. KAFLI

Gildissvið laganna.

1. gr.

1. Þau mál öll, sem handhafar ríkisvaldsins höfða til refsingar lögum samkvæmt, skulu fara eftir ákvæðum laga þessara, nema þau sæti meðferð sérdómstóla sem lög þessi taka ekki til.

2. Sama á við um mál til upptöku eigna eða sviptingar réttinda, svo og til ómerkingar ummæla ef ákæruvaldið á sókn sakar, þótt krafa sé ekki gerð um refsingu í málinu.

2. gr.

Einnig skulu mál sæta meðferð samkvæmt lögum þessum sé það ákveðið í öðrum lögum. Þar að auki eftir því sem við á:

a. mál sem höfðað er af hálfu ríkisvaldsins til félagsslita samkvæmt ákvæðum stjórnskipunarlaga um félög.
b. mál til staðfestingar lögbanni við útbreiðslu rita, mynda eða annars slíks sem ríkisvaldið hefur látið banna.
c. mál til brottnáms ólögmæts ástands eða til að koma fram viðurlögum fyrir það, öðrum en refsingu, enda eigi fyrirsvarsmaður almenningshagsmuna aðild.
d. mál til úrlausnar atriðum sem um ræðir í 1. mgr. 55. gr., 59., 62., 66., 67. og 68. A gr. almennra hegningarlaga.
e. mál til úrlausnar kröfu um framsal sakamanns og fullnustu erlends refsidóms.

3. gr.

Einkaréttarkröfur má hafa uppi og dæma í opinberu máli samkvæmt ákvæðum XX. kafla laga þessara.

II. KAFLI

Dómendur í héraði.

4. gr.

Í héraði sæta mál samkvæmt lögum þessum meðferð fyrir hinum reglulegu héraðsdómstólum samkvæmt löggjöf um skipan dómsvalds í héraði.

5. gr.

1. Einn dómari skipar dóm í hverju máli.
2. Dómari getur kvatt tvo meðdómsmenn til dómstarfa með sér samkvæmt því sem segir í 37. A gr. laga um meðferð einkamála í héraði.
3. Meðdómendur taka þátt í málsmeðferð og dómsuppsögu í fjölskipuðum dómi. Dómsformaður stýrir dómi, kveður einn upp úrskurði, skipar verjanda, gefur út fyrirkall og tilkynningar, sér um afgreiðslu dómsgerða og kemur fram út á við fyrir hönd dómsins.

6. gr.

Dómari víkur sæti í máli samkvæmt lögum þessum ef svo stendur á sem segir í 36. gr. laga um meðferð einkamála í héraði. Enn fremur skal dómari víkja sæti í máli eftir útgáfu ákæru ef hann hefur úrskurðað mann, sem ákærður er í málinu, í gæsluvarðhald skv. 2. mgr. 103. gr.

III. KAFLI

Þinghöld, birtingar o. fl.

7. gr.

1. Dómþing skulu haldin á reglulegum þingstöðum og í dómsölum ef kostur er. Rétt er þó að heyja dómþing á öðrum stöðum ef þörf er á, svo sem í fangahúsi þar sem sakborningi er haldið eða á heimili eða sjúkrahúsi ef skýrslu þarf að taka af sjúkum manni.
2. Rétt er héraðsdómara að heyja dómþing utan dómumdæmis síns ef það horfir til hagræðis eða flýtis í máli.

8. gr.

1. Þinghöld skulu háð í heyranda hljóði. Dómara er þó rétt að ákveða að dómþing skuli haldið fyrir luktum dyrum:
   a. til hlífðar sakborningi eða nánum vandamönnum hans þegar sérstaklega stendur á.
   b. til hlífðar vitnum, brotaþolum eða öðrum sem málið varðar.
   c. ef sakborningur er undir 18 ára aldri.
   d. af velsæmisástæðum.
   e. vegna öryggis ríkisins.
   f. ef óhjákvæmilegt þykir til að halda uppi þingfriði.

2. Ákvörðun um lokað þinghald skal dómari bóka í þingbók og vísa til þess ákvæðis í grein þessari sem við á.

3. Þótt þinghald fari fram fyrir opnum dyrum er dómara rétt að takmarka fjölda áheyrenda við það sem rúmast í dómsal með góðu móti. Einnig getur dómari synjað um aðgang:
   a. börnum og unglingum yngri en 15 ára.
   b. mönnum sem eru ölvaðir eða annars svo á sig komnir að návist þeirra samræmist ekki góðri reglu í dómsal.
   c. mönnum sem ætla má að valdi hættu á því með nærveru sinni að sakborningur eða vitni segi ekki sannleikann.

4. Sé dómþing háð utan reglulegra þingstaða má banna óviðkomandi mönnum aðgang að því.

9. gr.

Dómari stýrir þinghaldi og sér um að halda þar uppi reglu. Hverjum þeim sem truflar þinghald eða kemur ósæmilega eða hneykslanlega fram getur dómari vísað úr dómsal, ef hann lætur ekki skipast við aðvörun, og látið færa hann brott með valdi ef hann sinnir ekki skipun um brottvísun.

10. gr.

1. Óheimilt er að hljóðrita eða taka myndir í þinghaldi. Dómari getur veitt undanþágu frá banni þessu ef sérstaklega stendur á.

2. Óheimilt er að skýra opinberlega frá því sem fram fer í lokuðu þinghaldi, nema dómari leyfi. Þá getur dómari bannað opinbera frásögn af atriðum í öðrum þinghöldum ef ætla má að frásögn geti valdið nánum vandamönnum sakbornings eða mönnum sem ekki eru fyrir sökum hafðir verulegum þjáningum eða óþægindum. Ákvörðun um slíkt bann skal dómari skrá í þingbók og kynna viðstöddum.

11. gr.

1. Sá, sem viðhefur ósæmileg ummæli, skrifleg eða munnleg, fyrir dómi um dómara eða aðra eða kemur að öðru leyti hneykslanlega eða ósæmilega fram fyrir dómi, skal sæta sektum.

2. Sá skal sæta sektum sem brýtur bann dómara skv. 2. mgr. 10. gr. eða gefur opinberlega í ræðu eða riti vísvitandi eða gálauslega ranga eða villandi skýrslu í verulegum atriðum eða óþarflega særandi um opinbert mál eða rannsókn þess, meðan því máli er ekki að fullu lokið, eða tálmar eða reynir að tálma á ólögmætan hátt rannsókn slíks máls eða hafa að öðru leyti ólöglega áhrif á hana eða málsúrslit.

3. Ef sækjandi eða verjandi brjóta ákvæði 1. eða 2. mgr. þessarar greinar getur dómari af sjálfsdáðum ákveðið þeim sekt í dómi eða úrskurði. Dómari getur einnig að eigin frumkvæði úrskurðað öðrum sekt á hendur fyrir brot gegn 1. mgr. Að öðru leyti skulu sakir samkvæmt þessari grein sóttar eftir almennum reglum laga þessara.

12. gr.

Þar sem einn maður situr í dómi skal jafnan vera einn þingvottur sem fullnægir almennum vitnaskilyrðum. Dómari ákveður þóknun þingvotts ef hann er ekki starfsmaður dómstólsins.

13. gr.

1. Ef sakborningur, vitni eða annar, sem gefur skýrslu fyrir dómi, er ekki nægilega fær í íslensku skal kalla löggiltan dómtúlk til aðstoðar. Ef skjal á erlendu máli er lagt fram í dómi skal fylgja því þýðing löggilts skjalaþýðanda.

2. Nú er ekki kostur löggilts túlks eða þýðanda og skal þá kveðja til einhvern þann sem fær er til þýðingarstarfs. Skal þýðandi skjals þá staðfesta þýðingu sína fyrir dómi ef hún er vefengd, en túlkur undirrita heit fyrir dómi um að hann skuli rækja starfann eftir bestu getu.

3. Ef dómari treystir sér til að þýða sjálfur skjal af erlendu máli eða hann getur spurt vitni eða aðra á erlendu máli kemur ekki að sök þótt skjalaþýðanda eða túlk vanti.

14. gr.

1. Þegar dómþing er háð skal haldin þingbók yfir það sem þar fer fram. Í þingbók skal skrá hvar og hvenær þinghald fer fram, nafn dómara sem fer með það mál sem fyrir er tekið, gögn sem lögð eru fram í málinu, hverjir taki þátt í þinghaldi og hverjir komi fyrir dóm.

2. Skrá skal í þingbók aðalatriðin í framburði sakbornings og annarra sem skýrslu gefa, nema skýrsla sé hljóðrituð skv. 15. gr. Það sem skráð er eftir vitnum, sakborningi og málflytjendum skal lesið upp að bókun lokinni, hlutaðeigandi spurður hvort rétt sé bókað og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum. Dómari segir fyrir um hvað skuli skráð í þingbók, en heimilt er þó sækjanda og verjanda að krefjast að bókaðar verði stuttar athugasemdir þeirra.

15. gr.

1. Hljóðrita má framburð eða taka upp á myndband í stað þess að skrá hann í þingbók ef hentugra þykir. Í þingbók skal þá einungis bóka nafn skýrslugjafa og deili á honum og að skýrsla sé hljóðrituð.

2. Skrifa skal upp það sem hljóðritað hefur verið ef máli er skotið til æðra dóms, svo og ef dómari telur sérstakar ástæður til.

3. Hljóðritun skal varðveitt í þrjú ár hið skemmsta frá lokum dómsmáls.

4. Dómara er heimilt að hljóðrita stuttan útdrátt sinn af framburði í stað þess að skrá hann í þingbók og gilda um hann reglur 2. mgr. 14. gr.

16. gr.

Heimilt er í þinghaldi að rita það sem í 2. mgr. 14. gr. segir á ritvél eða í tölvu. Sé það gert skulu bókanir úr þinghöldum staðfestar af dómara og heftar saman sem þingbók.

17. gr.

Við hvern dómstól skal haldin dómabók sem geymi dóma í opinberum málum, undirritaða af dómara eða dómsformanni.

18. gr.

1. Við hvern dómstól ber að halda skrá yfir þau mál sem koma til úrlausnar samkvæmt lögum þessum.

2. Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um málaskrár, þingbækur og dómabækur, tölvubúnað og búnað til hljóðritunar og myndbandsupptöku til notkunar í þinghöldum, skjalavörslu dómstóla og afhendingu endurrita úr þingbókum og dómabókum og ákveður gjöld fyrir þau.

19. gr.

1. Ríkissaksóknari skal halda sakaskrá fyrir allt landið þar sem skráð eru úrslit opinberra mála.

2. Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gerð og varðveislu sakaskrár, aðgang að henni og sakavottorð. Þar er heimilt að ákveða hvað skuli skráð í sakaskrá, þar á meðal niðurstöður mála sem lögreglustjóri lýkur með sátt.

3. Dómsmálaráðherra setur fyrirmæli í reglugerð um aðra kerfisbundna skráningu og varðveislu lögreglu á upplýsingum um brotaferil einstakra manna eða atriði sem varða einkahagi þeirra.

20. gr.

1. Ákærur, fyrirköll, kvaðningar, dómar, úrskurðir og aðrar tilkynningar í opinberum málum skulu birtar af einum lögreglumanni eða stefnuvotti, nema þær séu birtar á dómþingi eða á annan hátt af dómara. Birting skal fara fram fyrir þeim manni sjálfum sem í hlut á, ef þess er kostur, en ella á heimili hans eða dvalarstað. Sá sem birtingu annast vottar hana með áritun á skjal. Þeim sem tekur við birtingu skal afhent endurrit af því skjali eða þeim dómi í heild sinni sem birt er.

2. Ef óvíst er um dvalarstað ákærða, en mál sætir þó lögsögu íslenskra dómstóla, má birta ákæru og fyrirkall í Lögbirtingablaði með ákvörðun um stað og stund til þinghalds og með hæfilegum fyrirvara. Dóm má einnig birta með sama hætti þegar annars er ekki kostur.

IV. KAFLI

Varnarþing o.fl.

21. gr.

1. Með mál samkvæmt lögum þessum skal fara í þinghá þar sem brot var framið. Nú er mál höfðað í einu lagi fyrir fleiri brot en eitt og þau eru ekki öll framin í sömu þinghá og má þá fara með það í hvorri eða hverri þinghánni sem er, eftir því sem hagfelldast þykir.

2. Heimilt er einnig, ef hentugra þykir, að fara með mál gegn manni á heimilis- eða dvalarvarnarþingi hans eða, ef fleiri eru saksóttir í einu lagi, á heimilis- eða dvalarvarnarþingi einhvers þeirra.

3. Ríkissaksóknari ákveður, eftir því sem hagfelldast þykir, hvar mál skuli höfða:

a. ef brot er framið hér á landi þar sem vafi leikur á um mörk dómumdæma, eða á íslensku skipi eða í loftfari utan íslenskra hafna.

b. ef brot er framið erlendis og sækja má sök út af því hér á landi.

4. Nú kemur ákærði fyrir dóm og prófar dómari þá ekki hvort mál sé höfðað á réttu varnarþingi.

22. gr.

1. Krafa um aðgerðir sem atbeina dómara þarf til við rannsókn máls skal að öðru jöfnu borin upp fyrir héraðsdómara í dómumdæmi þar sem sá hefst við sem yfirheyra skal, eða staður sá er eða munir sem aðgerð lýtur að.

2. Dómara er rétt að láta sækja sakborning í annað dómumdæmi, ef þörf er á, og þarf þá ekki að leita atbeina hlutaðeigandi héraðsdómara.

23. gr.

1. Ef saksækja skal mann fyrir fleiri en eitt brot skal það gert í einu máli, eftir því sem við verður komið.

2. Ef fleiri menn en einn eru sóttir til saka fyrir þátttöku í sama verknaði skal það gert í einu máli, nema annað þyki hagkvæmara.

3. Nú hafa fleiri mál verið höfðuð gegn sama manni fyrir sama héraðsdómstól og getur dómari þá ákveðið, ef hann telur það hagkvæmt, að sameina mál þessi og reka þau og dæma sem eitt mál.

24. gr.

Nú hefur mál verið höfðað í einu lagi gegn fleiri en einum manni og getur dómari þá eftir ósk aðila eða af sjálfsdáðum ákveðið að skilja málið í sundur og dæma sérstaklega mál eins eða fleiri ákærðu ef það þykir hentugra og horfa til flýtis og sparnaðar.

V. KAFLI

Ákæruvaldið.

25. gr.

1. Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákæruvalds. Hann skal skipaður af forseta Íslands og fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti við Hæstarétt. Hann skal njóta sömu lögkjara og hæstaréttardómarar eftir því sem við verður komið.

2. Ríkissaksóknari hefur embættisskrifstofu í Reykjavík. Honum til aðstoðar eru vararíkissaksóknari og saksóknarar sem forseti skipar. Skal vararíkissaksóknari fullnægja sömu lagaskilyrðum og ríkissaksóknari en aðrir saksóknarar skilyrðum til skipunar í embætti héraðsdómara. Annað starfslið við embætti ríkissaksóknara, þar á meðal löglærða fulltrúa, ræður dómsmálaráðherra eftir tillögu ríkissaksóknara.

26. gr.

1. Dómsmálaráðherra hefur eftirlit með framkvæmd ákæruvalds og getur krafið ríkissaksóknara skýrslna um einstök mál. Haldast skulu sérákvæði í lögum þar sem svo er mælt að mál skuli því aðeins höfða að dómsmálaráðherra mæli svo fyrir. Þegar svo stendur á gefur dómsmálaráðherra ríkissaksóknara fyrirmæli um rannsókn og aðrar aðgerðir og leggur samþykki sitt á ákæru og áfrýjun.

2. Nú telur dómsmálaráðherra að niðurfelling máls af hálfu ríkissaksóknara sé lögum andstæð eða fjarstæð að öðru leyti og getur hann þá lagt til við forseta Íslands að ákvörðun ríkissaksóknara skuli felld úr gildi. Í því tilviki setur dómsmálaráðherra sérstakan saksóknara til að fara með málið og gefur honum fyrirmæli um framkvæmdir í því efni.

27. gr.

1. Ríkissaksóknari skal, eftir því sem unnt er, fylgjast með því að þeir sem afbrot fremja verði beittir lögmæltum viðurlögum. Hann skiptir verkum með öðrum ákærendum og getur sett þeim almennar reglur og gefið fyrirmæli um einstök mál sem þeim er skylt að hlíta. Hann getur kveðið á um rannsókn máls og mælt fyrir um framkvæmd hennar eða tekið rannsókn eða ákvörðun um málshöfðun í sínar hendur ef svo ber undir.

2. Ríkissaksóknari höfðar opinber mál önnur en þau sem hann felur öðrum saksóknurum eða falin eru lögreglustjórum skv. 28. gr.

3. Ríkissaksóknari tekur ákvörðun um áfrýjun máls.

28. gr.

1. Lögreglustjórar höfða opinber mál ef einungis er um að ræða brot:

a. gegn umferðarlögum.
b. gegn áfengislögum.
c. gegn öðrum lögum en almennum hegningarlögum, áður ótöldum, enda liggi ekki þyngri viðurlög en sektir, upptaka eigna eða varðhald við broti.

2. Lögreglustjóri vísar máli til ákvörðunar ríkissaksóknara ef hann telur mál eiga að höfða í öðru umdæmi, ef hann telur sig vanhæfan, sbr. 30. gr., eða ef hann er í vafa um hvort mál eigi að höfða eða hvernig.

29. gr.

1. Í héraði flytur ríkissaksóknari, vararíkissaksóknari, saksóknarar eða fulltrúar ríkissaksóknara þau mál sem hann höfðar. Einnig má ríkissaksóknari fela héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni flutning máls í héraði. Þá getur ríkissaksóknari falið lögreglustjórum, þar á meðal rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, flutning máls fyrir héraðsdómi. Lögreglustjórar geta falið löglærðum starfsmönnum sínum að flytja slíkt mál. Enn fremur er lögreglustjórum heimilt að fela öðrum lögreglustjórum að sækja þing í máli ef sérstaklega stendur á.

2. Lögreglustjórar annast flutning þeirra mála, sem þeir höfða, fyrir héraðsdómi. Lögreglustjórar geta falið starfsmönnum sínum flutning þessara mála. Lögreglustjórum er heimilt að fela öðrum lögreglustjórum að sækja þing í máli.

3. Ríkissaksóknari sækir mál fyrir Hæstarétti, en hann getur falið vararíkissaksóknara, saksóknara eða hæstaréttarlögmanni flutning máls.

30. gr.

1. Þegar ríkissaksóknari er svo við málsefni eða aðila riðinn að hætta sé á að hann fái ekki við útgáfu ákæru eða önnur störf samkvæmt lögum þessum litið óhlutdrægt á málavöxtu skal hann víkja sæti. Setur dómsmálaráðherra þá annan löghæfan mann til meðferðar þess máls.

2. Ef annar handhafi ákæruvalds er vanhæfur til meðferðar einstaks máls skal ríkissaksóknari fara sjálfur með ákæruvaldið í því eða fela það öðrum ákæranda.

3. Nú hefur ákæra verið gefin út og skal dómari þá, annaðhvort að eigin frumkvæði eða samkvæmt kröfu aðila, vísa máli frá dómi ef hann telur að hlutaðeigandi ákærandi sé vanhæfur til að fara með það.

31. gr.

Þeir sem fara með ákæruvald (ákærendur) og annast rannsókn skulu vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar.

VI. KAFLI

Sakborningur og verjandi.

32. gr.

1. Skylt er að gefa sakborningi upplýsingar um kæruefni áður en hann er yfirheyrður út af því eða við handtöku ef til hennar kemur. Maður, sem handtekinn hefur verið í þágu rannsóknar opinbers máls, á rétt á að hafa samband við lögmann eða annan talsmann sinn, sbr. 37. gr., þegar eftir handtöku. Sömuleiðis nánustu vandamenn sína, nema sérstök ástæða sé til að ætla að það muni torvelda rannsókn málsins.

2. Sá sem yfirheyrður er við rannsókn máls á rétt á því að fá vitneskju um það, þegar mál er orðið svo skýrt að þess sé kostur, hvort hann er spurður vegnar gruns á hendur honum um refsivert brot eða hvort hann er kvaddur til vitnisburðar.

3. Sakborningi er óskylt á öllum stigum opinbers máls að svara spurningum sem varða refsiverða hegðun sem honum er gefin að sök. Ber yfirheyranda að benda sakborningi ótvírætt á þennan rétt þegar efni standa til.

4. Sakborningi er skylt að sinna kvaðningu til yfirheyrslu.

33. gr.

1. Sakborningur skal við yfirheyrslu fyrst spurður um nafn, kennitölu, stöðu og heimili. Ef sakborningur kýs að gefa skýrslu um sakarefnið skal brýnt fyrir honum að segja satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kann að skipta.

2. Spurningar skulu vera skýrar og ótvíræðar. Ekki má rugla sakborning með ósannindum eða á annan hátt eða beita hann neins konar ólögmætri þvingun í orði eða verki. Sakborningi má ekki gefa fyrirheit um ívilnanir eða fríðindi ef hann meðgangi, enda séu slík fyrirheit ólögleg eða ekki á valdi yfirheyranda að veita þau.

3. Sakborningi er heimilt að ráðgast við verjanda sinn um réttarstöðu sína meðan á yfirheyrslu stendur, enda trufli það ekki skýrslutöku að mati yfirheyranda.

34. gr.

1. Skylt er dómara að verða við ósk sakbornings um skipun verjanda í eftirgreindum tilvikum:

a. ef þess hefur verið krafist að hann verði settur í gæsluvarðhald.

b. ef opinbert mál hefur verið höfðað gegn honum.

2. Enn fremur er skylt að skipa ákærða verjanda ef í málinu fer fram aðalmeðferð samkvæmt ákvæðum XV. kafla laga þessara, nema ákærði hafi sjálfur valið sér talsmann skv. 37. gr. eða óski eftir að flytja mál sitt sjálfur, enda sé hann hæfur til þess að mati dómara.

35. gr.

1. Heimilt er dómara endranær eftir ósk sakbornings að skipa honum verjanda við rannsókn máls áður en til málshöfðunar kemur.

2. Dómari getur skipað sakborningi verjanda þótt hann hafi ekki óskað þess, svo sem ef hann er sérstaklega sljór eða skilningslítill, haldinn annmörkum sem torvelda skynjun hans eða ef vafi leikur á um sakhæfi hans.

36. gr.

1. Skylt er rannsóknara að verða við ósk sakbornings um að tilnefna honum réttargæslumann ef hann hefur verið handtekinn í þágu opinbers máls.

2. Ákvæði 2. og 3. mgr. 38. gr. og 39. gr. eiga við réttargæslumann. Hann hefur sömu réttindi og skyldur og verjandi eftir því sem við á.

37. gr.

1. Sakborningi er á öllum stigum opinbers máls heimilt að ráða á sinn kostnað lögmann til að gæta réttar síns og halda uppi vörnum. Dómari getur einnig leyft að sakborningur velji sér talsmann sem hefur ekki lögmannsréttindi, enda telji dómari hag hans borgið á þann hátt.

2. Ákvæði 3. mgr. 39. gr. eiga við talsmann. Hann hefur sömu réttindi og skyldur og verjandi eftir því sem við á. Meðan á rannsókn máls stendur getur dómari eða rannsóknari þó takmarkað rétt hans til að ræða við sakborning, vera viðstaddur yfirheyrslur, kynna sér gögn eða fylgjast með framvindu rannsóknar ef hætta er á að hún torveldist við það.

38. gr.

1. Dómari eða rannsóknari skal, þegar lögskylt er eða heimilt að skipa sakborningi verjanda eða tilnefna honum réttargæslumann, vekja athygli hans á þeim rétti.

2. Áður en dómari skipar verjanda skal hann gefa sakborningi eða lögráðamanni hans, ef sakborningur er ekki sjálfráða, kost á að benda á löghæfan mann til að fara með starf verjanda. Við skipun verjanda skal að jafnaði fara eftir ósk sakbornings eða lögráðamanns. Dómari getur þó neitað að skipa þann verjanda sem óskað er eftir ef uggvænt þykir að hann muni hindra rannsókn málsins með ólögmætum hætti.

3. Nú eru fleiri en einn maður hafðir fyrir sökum í sama máli og er þá heimilt að skipa sama mann verjanda beggja eða allra ef telja má að hagsmunir þeirra rekist ekki á.

39. gr.

1. Í umdæmum þar sem kostur er lögmanna skal verjandi skipaður úr þeirra hópi.

2. Þar sem ekki er kostur á lögmanni getur dómari eftir ósk sakbornings skipað honum einhvern annan löghæfan mann, ef hann telur hag sakbornings borgið í höndum slíks manns og engar sérstakar ástæður mæla því annars í gegn. Það er borgaraleg skylda manns að taka að sér starf verjanda samkvæmt þessari málsgrein innan lögsagnarumdæmis þar sem hann er búsettur.

3. Ekki má skipa þann mann verjanda sem er vitni eða mats- eða skoðunarmaður í málinu, eða er að öðru leyti svo viðriðinn mál eða aðila máls að hætta sé á að hann geti ekki gætt hagsmuna sakbornings í málinu sem skyldi. Þann má ekki heldur skipa verjanda er skipun hans gerir dómara vanhæfan til að fara með málið.

40. gr.

1. Nú óskar sakborningur eftir því að skipun verjanda verði afturkölluð og nýr verjandi skipaður og skal þá ekki verða við slíkri ósk, ef hætta er á að málið tefjist af þeim sökum eða að aukinn kostnað leiði af breytingunni.

2. Ef dómari telur verjanda rækja starfa sinn á óviðunandi hátt getur hann afturkallað skipunina og skipað nýjan verjanda í hans stað. Verjandinn getur krafist úrskurðar dómara um afturköllunina.

41. gr.

1. Hlutverk verjanda er að draga fram í málinu allt sem verða má sakborningi til sýknu eða hagsbóta og gæta réttar hans í hvívetna.

2. Skipaður verjandi skal sjálfur annast flutning máls, en honum er heimilt að láta fulltrúa sinn eða annan lögmann sækja dómþing fyrir sína hönd þegar um einstakar dómsathafnir er að ræða meðan á rannsókn máls eða meðferð stendur.

3. Þagnarskylda hvílir á verjanda um það sem sakborningur kann að hafa trúað honum fyrir um afstöðu sína til brots þess sem um er að tefla og um önnur þau atriði sem hann hefur komist að í starfa sínum og ekki eru almenningi þegar kunn.

42. gr.

1. Verjanda er heimilt að tala einslega við sakborning um hvað eina sem málið varðar.

2. Meðan á rannsókn stendur er verjanda ætíð heimilt að vera viðstaddur þegar sakborningur er yfirheyrður. Verjanda er og heimilt að vera viðstaddur yfirheyrslur annarra í máli sakbornings ef það þykir hættulaust vegna rannsóknar málsins. Sé verjandi viðstaddur yfirheyrslu getur hann beint því til yfirheyranda að spyrja þann sem yfirheyrður er um tiltekin atriði. Telji verjandi ástæðu til getur hann krafist þess að fá bókaða stuttorða athugasemd um framkvæmd yfirheyrslu í lok hennar.

3. Verjandi á rétt á því að vera viðstaddur öll þinghöld í máli og ber að tilkynna honum fyrir fram hvenær þau hefjist.

43. gr.

1. Verjandi skal jafnskjótt og unnt er fá til afnota endurrit af öllum skjölum sem málið varða, svo og aðstöðu til að kynna sér önnur gögn sem ekki verða endurrituð. Ekki má kynna sakborningi endurrit nema dómari eða rannsóknari samþykki.

2. Rannsóknari skal gefa verjanda færi á að fylgjast með framvindu rannsóknar að svo miklu leyti sem kostur er. Skal rannsóknari taka til greina ábendingar verjanda um tilteknar rannsóknaraðgerðir, nema hann telji þær óheimilar eða þýðingarlausar.

44. gr.

Þóknun skipaðs verjanda skal ákveðin í dómi ef máli lýkur með þeim hætti, nema verjandi hafi afsalað sér þóknun. Ef máli lýkur ekki með dómi ákveður dómari þóknun með bókun í þingbók eða skriflega með öðrum hætti. Dómari ákveður þóknun verjanda og réttargæslumanns í einu lagi ef sá sem tilnefndur hefur verið réttargæslumaður sakbornings er síðar skipaður verjandi hans. Að öðrum kosti skal lögreglustjóri eða löglærður starfsmaður hans ákveða þóknun réttargæslumanns. Þóknun greiðist úr ríkissjóði, en telst til sakarkostnaðar skv. 164. gr.

VII. KAFLI

Almennar reglur um sönnun.

45. gr.

Sönnunarbyrði um sekt sakbornings og atvik sem telja má honum í óhag hvílir á ákæruvaldinu.

46. gr.

Dómari metur hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi, vitnisburðir, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn.

47. gr.

Dómari metur það eftir atvikum hvert sönnunargildi þær staðreyndir hafi sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal, en ályktanir má leiða af um það.

48. gr.

1. Dómur skal reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi.

2. Dómara er heimilt að taka til greina sem sönnunargögn skýrslur sem ákærði eða vitni hafa gefið fyrir dómi áður en mál var höfðað. Þó skulu skýrslugjafar koma á ný fyrir dóm við málsmeðferð, ef kostur er, og ákærði eða verjandi hans krefjast eða dómari telur annars ástæðu til.

3. Nú hefur vitni ekki komið fyrir dóm og þess er ekki kostur við meðferð málsins, en skýrsla hefur verið gefin fyrir lögreglu eða öðrum rannsóknaraðila, og metur dómari þá hvort slík skýrsla hafi sönnunargildi og þá hvert gildi hennar sé.

VIII. KAFLI

Vitni, mat og skoðun.

49. gr.

1. Öllum er skylt að koma fyrir dóm í opinberu máli á varnarþingi sínu og bera þar vitni. Enn fremur er vitni skylt að koma fyrir dóm utan varnarþings síns hvar sem er á landinu ef nauðsynlegt þykir, enda sé því sem minnstur bagi gerður og því greiddur kostnaður við að rækja vitnaskylduna.

2. Vitni sem kemst ekki fyrir dóm á þingstað vegna sjúkleika eða svipaðra ástæðna má gefa skýrslu annars staðar þar sem þess er kostur.

3. Dómari getur lagt fyrir vitni að hafa með sér sakargögn til sýningar eða framlagningar í dómi eða að athuga bækur sínar, skjöl og aðra muni og gera útdrátt úr tilteknum atriðum í þeim til skýringar málsatvikum.

50. gr.

1. Undan vitnaskyldu geta skorast:

a. maki sakbornings meðan hjúskap þeirra er ekki slitið að lögum.

b. skyldmenni sakbornings að feðgatali og niðja, systkin hans, svo og þeir sem þannig tengjast honum vegna ættleiðingar.

c. stjúpforeldri sakbornings og stjúpbarn.

d. tengdaforeldri sakbornings og tengdabarn.

2. Dómari getur leyst aðra sem nákomnir eru sakborningi undan vitnaskyldu ef honum virðist samband þeirra mjög náið, svo sem ef um er að ræða fósturforeldri eða fósturbarn, sambúðarfólk, unnusta eða unnustu.

51. gr.

Ekki er manni skylt að svara spurningu að viðlagðri vitnaábyrgð, ef ætla má að svar við henni feli í sér játningu eða bendingu um það að hann eða venslamaður hans og aðrir skv. 50. gr. hafi framið refsiverðan verknað eða það gæti orðið þeim til mannorðsspjalla.

52. gr.

Embættis- og sýslunarmönnum er óskylt að koma fyrir dóm til þess að vitna um atvik sem gerst hafa í embætti þeirra eða sýslan og leiða má í ljós með vottorði úr embættisbók eða öðru opinberu skjali.

53. gr.

1. Þeim, sem ber ábyrgð að lögum á efni prentaðs rits eða öðru efni sem birt er opinberlega, er óskylt að skýra frá því fyrir dómi hver sé höfundur að riti, grein, frásögn eða tilkynningu, sem hefur birst án þess að höfundur væri nafngreindur. Þetta á þó ekki við ef vitnisburðar er krafist vegna afbrots, sem ætla má að muni varða þyngri refsingu en fésektum eða varðhaldi, eða vegna brots gegn þagnarskyldu í opinberu starfi, enda sé vitnisburður nauðsynlegur fyrir rannsókn málsins og ríkir hagsmunir í húfi.

2. Heimilt er dómara að undanþiggja vitni að svara spurningum sem varða leyndarmál um kaupsýslu, uppgötvanir eða önnur slík verk hvort sem vitnið á sjálft í hlut eða það hefur komist að vitneskju sinni í þjónustu einstaklings, fyrirtækis eða stofnunar, enda telji dómari hagsmuni þeirra til leyndar ríkari en hagsmuni málsaðila af skýrslutöku.

54. gr.

1. Án leyfis hlutaðeigandi ráðherra skal vitni ekki krafið skýrslu um leynilega samninga ríkisins, ráðagerðir eða ályktanir handhafa ríkisvalds um málefni sem að öðru leyti varða öryggi ríkisins, réttindi eða heill eða skipta mjög miklu máli fyrir viðskipti og fjárhag þjóðarinnar.

2. Embættis- og sýslunarmenn verða ekki krafðir vitnisburðar um það sem þeir hafa fengið vitneskju um í starfa sínum og leynt á að fara, nema hlutaðeigandi ráðherra leyfi eða forseti sameinaðs Alþingis, ef taka skal skýrslu af alþingismanni eða öðrum starfsmanni Alþingis. Dómari getur ákveðið að embættis- eða sýslunarmaður beri vitni þótt synjað hafi verið leyfis samkvæmt framansögðu, ef hann telur hagsmuni aðila máls af vitnisburði að mun ríkari en hina opinberu leyndarhagsmuni.

55. gr.

1. Vitnum þeim, sem hér segir, er óheimilt að svara spurningum án leyfis þess sem í hlut á:

a. verjanda um það sem sakborningur hefur trúað honum fyrir um málsatvik eftir að hann hefur tekið að sér vörn hans eða réttargæslu.

b. prestum, læknum, lyfsölum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, lögfræðingum og endurskoðendum, svo og aðstoðarfólki þeirra, um atriði sem varða einkahagi manna og þeim hefur verið trúað fyrir í starfa sínum, nema um afbrot sé að ræða sem varðar minnst tveggja ára fangelsi. Sama gildir um aðra þá sem fjalla um einkahagi manna og hafa viðlíka trúnaðarskyldu.

2. Nú má telja vitnisburð nauðsynlegan sakborningi til varnar og getur dómari þá ákveðið vitnaleiðslu með úrskurði.

56. gr.

Dómari og aðrir þeir sem yfirheyra vitni skulu leiðbeina þeim sem kvaddir eru til vitnisburðar um þau atriði sem í 49. – 55. gr. getur.

57. gr.

Dómari metur það hverju sinni hvort barn hafi náð þeim þroska að það beri slíkt skynbragð á málsatvik að vitnisburður þess um þau skipti máli. Sama hátt hefur dómari á um geðveika menn og þroskahefta.

58. gr.

1. Dómari gefur út kvaðningu til vitnis eftir því sem aðilar krefjast. Ákærandi annast að kvaðning verði birt skv. 1. mgr. 20. gr. fyrir vitni með þeim fyrirvara sem dómari ákveður, nema aðilar telji að vitni muni koma fyrir dóm án birtingar.

2. Ef vitni sinnir ekki að forfallalausu kvaðningu fyrir dóm til að gefa skýrslu getur dómari ákveðið að það megi færa það fyrir dóm með valdi. Einnig getur dómari af sjálfsdáðum úrskurðað vitni til greiðslu fésektar í ríkissjóð ef vitnið hefur verið kvatt fyrir dóm, að viðlagðri refsingu, og ekki sinnt kvaðningu án gildra forfalla.

3. Nú kemur vitni fyrir dóm en neitar að svara spurningu, án þess að um undanþágu eða heimildarbrest sé að ræða og gerir dómari því þá sekt með sama hætti.

59. gr.

2. Eftir að aðalmeðferð máls skv. 129. gr. er byrjuð og að því leyti sem ekki er kveðið á annan veg í lögum þessum verða úrskurðir og ákvarðanir dómara ekki kærðar til Hæstaréttar nema:

a. um frávísun máls, niðurfellingu eða frestun.
b. um þvingunarráðstafanir skv. X., XI. og XIII. kafla.
c. um hvort vitni verði leitt, spurning verði lögð fyrir það eða því gert að svara henni.
d. um atriði sem varða annars hagsmuni manns sem ekki á aðild að málinu.

3. Úrskurður dómara verður ekki kærður til Hæstaréttar ef athöfn, sem kveðið er á um í úrskurðinum, hefur þegar farið fram eða ástand, sem leitt hefur af ákvæðum úrskurðarins, er þegar um garð gengið. Sama gildir um ákvarðanir sem dómari tekur.

4. Nú hefur úrskurður eða ákvörðun dómara verið kærð til Hæstaréttar og svo fer sem í 3. mgr. segir eftir þann tíma, en áður en dómur er felldur í kærumálinu og skal þá málinu vísað frá Hæstarétti.

143. gr.

1. Kæra úrskurðar um þvingunaraðgerð skv. X.–XIII. kafla frestar ekki framkvæmdum í máli.

2. Þegar öðru vísi stendur á frestar kæra framkvæmdum við rannsókn eða málsmeðferð, nema dómari telji sérstaka ástæðu til að ætla að framkvæmdin geti ekki beðið niðurstöðu Hæstaréttar.

144. gr.

1. Dómari leiðbeinir þeim sem hlut eiga að máli um rétt þeirra til að kæra dómsúrlausn og um kærufrest. Hann skal eftir því sem unnt er ganga þegar úr skugga um hvort kært verði.

2. Kærandi skal lýsa kæru sinni innan þriggja sólarhringa frá því hann fékk vitneskju um þá úrlausn sem hann vill kæra.

3. Kæru skal lýst bréflega til dómara eða með bókun í þingbók og skal koma fram í henni í hvaða skyni kært er og hvaða kröfur séu gerðar, svo og aðrar athugasemdir og skýringar sem kæranda þykir ástæða til.

145. gr.

1. Dómari sendir Hæstarétti kæruna ásamt eftirriti þinghalda og öðrum gögnum málsins, nema hann telji rétt að fella sjálfur hina kærðu úrlausn úr gildi. Gögnin sendir dómari í fjórriti ásamt athugasemdum sínum ef hann vill.

2. Ef kæra er borin fram af rannsóknara eða ákæranda skal hann tilkynna sakborningi kæruna eða öðrum þeim sem hún varðar. Ef kæra er borin fram af öðrum skal dómari tilkynna ákæranda eða rannsóknara, eftir því hvort við á, um kæruna.

3. Aðilar kærumáls geta í þrjá sólarhringa eftir að kæra hefur borist Hæstarétti sent réttinum skriflegar athugasemdir sínar um kærumálið.

146. gr.

1. Að liðnum fresti skv. 3. mgr. 145. gr., eða þegar greinargerðir hafa borist Hæstarétti, leggur hann dóm á málið. Ef kæra frestar framkvæmd úrlausnar skal Hæstiréttur hafa lagt dóm á málið innan tíu daga frá móttöku skjalanna nema það sé sérstaklega margbrotið eða rétturinn telji óhjákvæmilegt að nýrra gagna sé aflað. Dómsuppsaga má aldrei dragast lengur en þrjár vikur eftir að öll skjöl, þar með talin ný gögn, hafa borist réttinum.

2. Fyrir tilefnislausa kæru má gera kæranda sekt sem renni í ríkissjóð.

3. Héraðsdómara skal sent endurrit hæstaréttardóms og tilkynnir hann aðilum niðurstöðu kærumáls þegar í stað.

XVIII. KAFLI

Áfrýjun.

147. gr.

Opinberu máli verður áfrýjað til Hæstaréttar í heild sinni. Heimilt er einnig að áfrýja máli einvörðungu um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga.

148. gr.

1. Ríkissaksóknari getur áfrýjað máli til Hæstaréttar ef hann telur mann ranglega sýknaðan eða refsingu eða önnur viðurlög að mun of væg, sbr. þó 150. gr.

2. Ríkissaksóknara er einnig rétt að áfrýja máli til hagsbóta fyrir ákærða ef hann telur hann hafa verið ranglega sakfelldan eða refsingu eða önnur viðurlög á hendur honum að mun of þung.

149. gr.

1. Ákærði, sem sakfelldur hefur verið í opinberu máli, getur áfrýjað því til Hæstaréttar, sbr. þó 150. gr.

2. Lögráðamaður kemur í stað ákærða um ákvarðanir um áfrýjun ef ákærði er yngri en 18 ára eða sviptur sjálfræði.

150. gr.

1. Nú hefur ákærði ekki sótt þing í héraði og málið verið dæmt að honum fjarstöddum skv. 1. mgr. 126. gr. og verður málinu þá ekki áfrýjað til Hæstaréttar, sbr. þó 2. mgr.

2. Hæstiréttur getur, ef sérstakar ástæður mæla með því, veitt leyfi til þess að máli skv. 1. mgr. verði áfrýjað til réttararins til endurskoðunar varðandi lagaatriði eða viðurlög. Ósk um leyfi til áfrýjunar skal hafa borist Hæstarétti innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms eða, ef ákærði æskir leyfisins, þá frá birtingu dóms að telja.

151. gr.

Nú er ákærði látinn og getur ríkissaksóknari þá áfrýjað máli honum til hagsbóta. Jafnframt getur maki ákærða, foreldri, systkin, barn eða sá sem tengist honum þannig vegna ættleiðingar áfrýjað máli fyrir hans hönd. Sömu reglur gilda um áfrýjun af hálfu vandamanns eins og um áfrýjun af hálfu ákærða sjálfs.

152. gr.

Nú áfrýjar ákærði máli og verða þá refsing og önnur viðurlög á hendur honum ekki þyngd, nema ríkissaksóknari áfrýi málinu í þessu skyni af sinni hálfu.

153. gr.

1. Ákærði skal lýsa yfir ákvörðun sinni um áfrýjun fyrir þeim sem birtir dóm og um leið láta uppi í hverju skyni áfrýjað er eða að öðrum kosti tilkynna héraðsdómara ákvörðun sína bréflega innan fjögurra vikna frá birtingu dóms. Annars skal líta svo á að hann vilji hlíta dóminum.

2. Dómari eða sá sem birtir dóm skal kynna ákærða skilmerkilega réttindi hans skv. 149. gr. og frest hans skv. 1. mgr. Skal þess getið í bókun í þingbók eða í birtingarvottorði.

154. gr.

Ef ríkissaksóknari hyggst áfrýja máli að eigin frumkvæði skal það gert innan fjögurra vikna frá því honum barst endurrit dóms í málinu. Nú hefur ákærði áfrýjað máli og getur þá ríkissaksóknari áfrýjað því til þyngingar þótt sá frestur sé liðinn.

155. gr.

1. Nú er áfrýjun ráðin og gefur ríkissaksóknari þá út áfrýjunarstefnu þar sem fram komi að ákærða sé stefnt til Hæstaréttar og að málið verði tekið þar fyrir svo fljótt sem verða má án frekara fyrirkalls. Í áfrýjunarstefnu skal koma fram hvort máli sé áfrýjað í heild sinni eða einvörðungu um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga, svo og hvort því sé áfrýjað til þyngingar viðurlaga samkvæmt héraðsdómi. Hafi krafa skv. XX. kafla laga þessara verið dæmd að efni til í héraðsdómi skal þess og getið í áfrýjunarstefnu ef máli er áfrýjað hvað hana varðar.

2. Ríkissaksóknari lætur birta áfrýjunarstefnu fyrir ákærða og gefur honum kost á að bera fram ósk um verjanda. Að því búnu sendir ríkissaksóknari Hæstarétti áfrýjunarstefnuna ásamt endurriti héraðsdóms og skipar forseti réttarins verjanda, nema ákærði óski eftir að flytja mál sitt sjálfur, enda sé hann hæfur til þess að mati réttarins. Síðan skal ríkissaksóknara endursend áfrýjunarstefnan.

156. gr.

1. Ríkissaksóknari skal jafnan vera sóknaraðili fyrir Hæstarétti hvort sem máli hefur verið áfrýjað af honum sjálfum eða af hálfu ákærða. Undirbýr ríkissaksóknari ágrip dómsgerða sem skal geyma hinn áfrýjaða dóm og þau gögn sem máli skipta við flutning málsins í Hæstarétti. Þegar hann hefur veitt verjanda kost á að athuga drög að ágripi lætur

hann fjölfalda ágrip og sendir Hæstarétti í svo mörgum eintökum sem rétturinn telur þörf á, ásamt dómsgerðum málsins.

2. Hæstiréttur setur nánari reglur um gerð ágripa.

157. gr.

1. Ríkissaksóknari og ákærði geta aflað frekari gagna í málinu. Lætur ríkissaksóknari gera viðbótarágrip af slíkum gögnum, ef því er að skipta, og sendir Hæstarétti.

2. Ákærði getur óskað eftir að ríkissaksóknari láti fara fram viðbótarrannsókn í máli.

3. Viðbótargögn skulu lögð fyrir Hæstarétt og kynnt gagnaðila ekki síðar en einni viku fyrir flutning málsins. Frá þessu getur Hæstiréttur vikið ef sérstaklega stendur á, enda séu aðilar á það sáttir að ný gögn verði lögð fram með skemmri fyrirvara. Þó er ríkissaksóknara heimilt að leggja fram nýtt sakavottorð ákærða við upphaf málflutnings.

4. Ríkissaksóknari getur lagt fram stutta og gagnorða greinargerð af sinni hálfu fyrir Hæstarétt ekki síðar en einni viku fyrir málflutning til að skýra málið nánar og gera grein fyrir nýjum gögnum ef um þau er að ræða. Á sama hátt gefst ákærða kostur á að leggja fram stutta og gagnorða greinargerð af sinni hálfu ekki síðar en fjórum dögum fyrir málflutning.

158. gr.

Hæstiréttur getur áður en málflutningur hefst, svo og hvenær sem er á síðari stigi málsins, kveðið upp dóm um frávísun máls frá Hæstarétti vegna galla á málatilbúnaði, svo sem ef áfrýjunarstefna hefur ekki verið birt aðilum. Á sama hátt getur Hæstiréttur ómerkt héraðsdóm ef verulegir gallar þykja hafa verið á málsmeðferð í héraði og vísað máli frá héraðsdómi ef undirbúningi undir málshöfðun hefur verið áfátt í meginatriðum.

159. gr.

1. Nú er málatilbúnaði áfátt, án þess að nauðsynlegt þyki að vísa máli frá eða ómerkja héraðsdóm, og getur Hæstiréttur þá með úrskurði lagt fyrir sækjanda og verjanda að afla gagna eða upplýsinga um atriði sem þar eru tiltekin.

2. Hæstiréttur getur ákveðið yfirheyrslu ákærða eða vitna þar fyrir rétti og kveður hann þá fyrir sig sækjanda og verjanda og þá er skýrslu skal taka af. Um skyldu manna til að koma fyrir Hæstarétt og tjá sig fer eftir reglum laga þessara um málsmeðferð í héraði. Ekki er skylt að skrá framburð í þingbók.

160. gr.

1. Í dómi í opinberu máli getur Hæstiréttur dæmt héraðsdómara í sekt, sem renni í ríkissjóð, fyrir drátt á máli og önnur glöp í meðferð þess, enda þótt dómara hafi ekki verið stefnt í því skyni, ef sök hans er ljós.

2. Ákærða er rétt að krefjast þess að dómara verði stefnt til ábyrgðar fyrir meðferð opinbers máls og ber þá ríkissaksóknara að setja í áfrýjunarstefnu kröfu hans í því efni. Svo getur ríkissaksóknari af sjálfsdáðum gert slíka kröfu í áfrýjunarstefnu. Gefa skal dómara kost á að tjá sig um kröfuna.

3. Nú er dómara stefnt til ábyrgðar fyrir Hæstarétt og er sýkn dæmdur, og getur rétturinn þá dæmt ákærða, ef hann hefur gert kröfuna, eða ríkissjóð, ef ríkissaksóknari hefur gert hana, til að greiða dómaranum málskostnað.

161. gr.

Nú þykir sækjandi eða verjandi hafa gerst sekur um vanrækslu eða önnur glöp í undirbúningi eða flutningi opinbers máls fyrir Hæstarétti og getur rétturinn þá gert honum sekt sem renni í ríkissjóð.

162. gr.

Nú telur Hæstaréttur galla að vísu vera á verki héraðsdómara, sækjanda, verjanda eða annarra, en ekki slíka sem sektum eigi að varða, og getur rétturinn þá vítt viðkomendur fyrir þá eftir því sem honum þykir ástæða til.

163. gr.

Að öðru leyti fer um meðferð opinberra mála fyrir Hæstarétti eftir fyrirmælum laga um Hæstarétt Íslands eftir því sem við getur átt.

XIX. KAFLI

Sakarkostnaður.

164. gr.

1. Til sakarkostnaðar teljast óhjákvæmileg útgjöld vegna rannsóknar og málsmeðferðar, þar á meðal:

a. saksóknarkostnað í ríkissjóð, þóknun skipaðs verjanda, svo og annar kostnaður vegna sóknar og varnar málsins.
b. þóknun fyrir sérfræðilegar álitsgerðir og mat og skoðun, afnot muna annarra manna og vitnaþóknun.
c. þingvotta- og birtingargjöld.
d. kostnaður af kyrrsetningu skv. 85. gr. og fullnustu dóms með aðför.

2. Réttargjöld, gjald fyrir eftirrit í þágu málsins eða staðfestingu dómsgerða skal ekki greiða.

165. gr.

1. Ákærði, sem sakfelldur er fyrir það brot eða þau brot sem honum eru gefin að sök, skal dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar. Ef ákærði er sakfelldur fyrir sum brotin en sýknaður af öðrum getur dómari dæmt ákærða til að greiða ákveðið hlutfall sakarkostnaðar, en ákveðið að kostnaður greiðist að öðru leyti úr ríkissjóði.

2. Nú eru tveir menn eða fleiri sóttir til refsingar í máli saman og sekir dæmdir og skal þá hvorum (hverjum) þeirra gert að greiða einum sér þóknun verjanda síns, ef hann hefur fengið skipaðan annan verjanda en hinn eða hinir. Þá sem saman eru um verjanda skal dæma in solidum til að greiða þóknun hans.

3. Nú hafa ákærðu allir eða báðir tekið þátt í broti með vitund og vilja hvors (hvers) annars og eru sakfelldir í sama máli og skal þá venjulega dæma þá til að greiða sakarkostnað in solidum. Ef samband einhverra þeirra eða allra um brot hefur ekki verið slíkt skiptir dómari sakarkostnaði milli þeirra í þeim hlutföllum sem honum þykja sanngjörn.

166. gr.

1. Nú er ákærði dæmdur sýkn af refsikröfu af hvaða ástæðu sem er eða refsimál gegn honum fellur niður og verður hann þá ekki dæmdur til að greiða sakarkostnað, nema hann hafi orðið valdur að kostnaði með vísvitandi og stórkostlegu ólögmætu framferði í rannsókn eða meðferð máls.

2. Nú eru tveir menn hafðir fyrir sökum og sumir sýknaðir en sumir sakfelldir og skal þá draga frá þann hluta kostnaðar sem telja má að aðeins komi hinum sýknaða við, nema telja megi hinn dómfellda eða hina dómfelldu beinlínis hafa valdið honum. Ef slíkur frádráttur verður ekki gerður nákvæmlega metur dómari í hvaða hlutföllum hinn sakfelldi skuli bera sakarkostnað á móti ríkissjóði.

167. gr.

Kostnað sem ákærandi, verjandi eða rannsóknari valda vegna vanrækslu eða skeytingarleysis í starfi sínu skal ekki dæma ákærða til að greiða.

168. gr.

1. Í dómi eða úrskurði, ef máli lýkur án dóms, skal almennt kveða á um skyldu ákærða til að greiða sakarkostnað án ákvörðunar fjárhæðar. Saksóknarkostnað í ríkissjóð og þóknun skipaðs verjanda skal þó ákveða með tiltekinni fjárhæð. Þegar mál er sótt í héraði eða fyrir Hæstarétti af ríkissaksóknara, vararíkissaksóknara, saksóknara, fulltrúa ríkissaksóknara, lögreglustjóra eða fulltrúa lögreglustjóra, skal það gert án sérstaks endurgjalds. Verði ákærða í slíku máli dæmt að greiða sakarkostnað, skal honum þá gert að greiða tiltekna fjárhæð málsóknarlauna sem renni í ríkissjóð.

2. Þeir sem fara með rannsókn máls taka saman yfirlit yfir þau útgjöld sem þeir hafa haft af málinu og telst til sakarkostnaðar. Yfirlitið skal fylgja málinu. Dómari lætur svo gera heildarreikning sakarkostnaðar eftir yfirliti þessu og að viðbættum þeim kostnaði sem fallið hefur á við málsmeðferð. Reikningurinn fylgir dómsgerðum málsins til ríkissaksóknara sem framsendir hann fangelsismálastofnun, en hún sér um að þeir fái endurgreiðslu sem hafa lagt út kostnað.

3. Dómur ásamt heildarreikningi, úrskurðuðum af fangelsismálastofnun, er lögleg heimild til aðfarar á hendur ákærða eða ákærðu.

169. gr.

1. Ef ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli en ákærði ekki og viðurlög eru ekki þyngd í æðra dómi svo neinu nemi skal ákærði ekki dæmdur til greiðslu kostnaðar af meðferð máls fyrir Hæstarétti.

2. Að öðru leyti fer um málskostnað fyrir Hæstarétti eftir reglum þessa kafla eftir því sem við á.

XX. KAFLI

Kröfur borgararéttarlegs eðlis.

170. gr.

1. Nú kemur í ljós við rannsókn máls að maður hafi beðið tjón af þeirri háttsemi sem sakborningur er borinn og skal þá sá sem fer með rannsókn gefa þeim manni kost á að gera bótakröfu sem dæma má í væntanlegu máli. Leiðbeina skal tjónþola við gerð kröfunnar.

2. Kröfu sem höfð er uppi skal bera undir sakborning og afla gagna um hana eftir þörfum, enda valdi það ekki verulegum töfum á rannsókninni.

171. gr.

Bótakröfu skal tilgreina ótvírætt í ákæru, sbr. 2. mgr. 116. gr. Dómari getur þó leyft að bótakrafa verði gerð þótt hennar hafi ekki verið getið í ákæru, enda telji hann að leysa megi úr kröfu án tafa eða óhagræðis í málinu og ákærði samþykki að krafan verði tekin til meðferðar.

172. gr.

1. Ef bótakrafa hefur komið fram í máli athugar dómari fyrst hvort hún verði tekin til meðferðar, en rétt er honum að synja að gera það ef hann telur það mundu valda verulegri töf eða óhagræði í málinu. Ákvörðun um slíka synjun tekur dómari með bókun í þingbók eða í dómi.

2. Ef ákærða er dæmt áfall í máli dæmir dómari um bótakröfu og ákveður bætur eftir almennum reglum.

3. Ef ákærði er sýknaður af háttsemi vegna þess að hann hafi ekki framið hana verður bótakröfu vísað frá dómi. Ef hann er sýknaður af öðrum ástæðum, svo sem vegna sakhæfisskorts, má dæma kröfu ef skilyrðum bótaskyldu er talið fullnægt.

4. Auk bóta fyrir beint tjón og miska, sem leitt hefur af verknaði, skulu tjónþola, ef krafa er gerð um það, dæmdar bætur vegna kostnaðar sem hann hefur haft af því að halda fram kröfu sinni í málinu, svo sem vegna gagnaöflunar um kröfuna og lögmannsaðstoðar.

5. Sá sem krefst bóta samkvæmt ákvæðum þessa kafla fer sjálfur með forræði kröfu sinnar að því leyti að henni verður ekki breytt án samþykkis hans. Dómari skal gefa tjónþola eða umboðsmanni hans kost á að tjá sig um kröfuna og skýra hana ef slíkt getur orðið án verulegra tafa eða óhagræðis í máli. Telji dómari slíks málflutnings þörf um kröfuna, en ekki unnt að láta hann fara fram, skal hann vísa henni frá dómi.

173. gr.

1. Í Hæstarétti skal taka bótakröfu, sem hefur verið dæmd að efni til í héraði, til meðferðar með venjulegum hætti ef máli er einnig áfrýjað í því skyni.

2. Ákærða og þeim sem krefst bóta samkvæmt ákvæðum þessa kafla er hvorum um sig heimilt að áfrýja sérstaklega til Hæstaréttar ákvæði héraðsdóms, þar sem bótakrafa hefur verið dæmd að efni til, ef dóminum er ekki áfrýjað að öðru leyti, enda fer um það málskot sem um áfrýjun einkamála.

174. gr.

Aðrar kröfur borgararéttarlegs eðlis, sem rót eiga að rekja til refsiverðrar háttsemi, má og leggja fyrir dómara í opinberu máli og skal þar dæma um þær að efni til, að fullnægðum framangreindum skilyrðum, eftir því sem við á.

XXI. KAFLI

Bætur handa sakborningi o. fl.

175. gr.

1. Kröfu um bætur samkvæmt þessum kafla má, nema öðruvísi sé sérstaklega mælt, því aðeins taka til greina að:

a. sakborningur hafi ekki með vísvitandi eða stórvægilegu, gáleysislegu, ólögmætu framferði valdið þeim aðgerðum, sem hann reisir kröfu sína á, svo sem með stroki, ósannindum, tilraunum til að torvelda rannsókn o.s.frv., og

b. rannsókn hafi verið hætt eða ákæra ekki gefin út vegna þess að sú háttsemi, sem sakborningur var borinn, hafi talist ósaknæm eða sönnun hafi ekki fengist um hana, eða sakborningur hafi verið dæmdur sýkn með óáfrýjuðum eða óáfrýjanlegum dómi af sömu ástæðu, enda megi fremur telja hann líklegan til að vera saklausan af háttseminni en sekan.

2. Bæta skal fjártjón og miska, ef því er að skipta.

176. gr.

Dæma má bætur vegna handtöku, leitar á manni eða í húsi, halds á munum, rannsóknar á heilsu manns, gæsluvarðhalds og annarra aðgerða, sem hafa frelsisskerðingu í för með sér, aðrar en refsivist, sbr. 177. gr.:

a. ef lögmæt skilyrði hefur brostið til slíkra aðgerða, eða

b. ef ekki hefur verið eins og á stóð nægilegt tilefni til slíkra aðgerða eða þær hafa verið framkvæmdar á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt.

177. gr.

Nú verður ljóst að maður hafi saklaus hlotið refsidóm, þolað refsingu eða upptöku eigna og ber þá að dæma honum bætur fyrir miska og fjártjón, þar á meðal fyrir stöðu- og atvinnumissi, enda þótt skilyrðum a-liðar 1. mgr. 175. gr. sé ekki fullnægt, en lækka má þó bætur eftir sök hans á því að hann hafi verið ranglega dæmdur.

178. gr.

Sækja skal bótakröfu í einkamáli í héraði með venjulegum hætti, en veita skal aðila gjafsókn fyrir báðum dómum. Þó má dæma hann til greiðslu málskostnaðar eftir almennum reglum ef hann tapar máli.

179. gr.

1. Ríkissjóður ábyrgist greiðslu bóta, en kröfu á hann á hendur dómara eða öðrum ef telja má þá hafa með ásetningi eða stórkostlegu gáleysi valdið þeim aðgerðum sem krafa var reist á eða framkvæmt þær með sama hætti.

2. Nú er rannsókn á hendur manni, sem hlotið hefur bætur skv. 176. gr., tekin upp á ný og það kemur í ljós að sá grundvöllur, sem reisa mátti bótakröfu á, hafi ekki verið fyrir hendi, og ber þá að dæma hann til endurgreiðslu bótanna.

180. gr.

Um aðilaskipti að bótakröfu samkvæmt þessum kafla fer skv. 3. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.

181. gr.

Bótakrafa fyrnist á sex mánuðum frá vitneskju aðila um ákvörðun um niðurfall rannsóknar eða ákæru eða uppkvaðningu dóms eða frá því að hann var látinn laus úr refsivist. Hafi máli verið áfrýjað til Hæstaréttar telst fyrningarfrestur frá uppkvaðningu dóms þar eða niðurfellingu máls.

182. gr.

Sakborningur, sem hefur orðið fyrir þeim aðgerðum sem taldar eru í 175.–177. gr., getur í stað bóta krafist vottorðs þess opinbera starfsmanns, sem hefur ráðið máli hans til lykta, um það að komið hafi í ljós að sakborningur hafi ekki verðskuldað aðgerðina. Ef viðkomandi opinber starfsmaður telur að sakborningur eigi rétt á slíku vottorði ber honum að láta það í té.

XXII. KAFLI

Endurupptaka dæmdra mála.

183. gr.

Nú hefur óáfrýjaður héraðsdómur eða hæstaréttardómur gengið í opinberu máli og verður það þá ekki tekið upp á ný, nema til þess séu þau skilyrði sem í þessum kafla segir.

184. gr.

1. Eftir kröfu dómfellds manns, sem telur sig sýknan sakfelldan eða sakfelldan fyrir mun meira brot en það sem hann hefur framið, skal taka mál upp á ný:

a. ef fram eru komin ný gögn sem ætla má að hefðu skipt verulegu máli fyrir niðurstöðu málsins ef þau hefðu komið fyrir dómara áður en dómur gekk.

b. ef ætla má að dómari, ákærandi, rannsóknari eða aðrir hafi haft í frammi refsiverða hegðun í því skyni að fá fram þau málalok sem orðin eru, svo sem ef falsvitna hafi verið aflað, fölsuð skjöl látin koma fram, vitni eða aðrir hafa gefið vísvitandi rangar skýrslur, og þetta hafi valdið rangri dómsúrlausn.

2. Ef einhver sá, sem að lögum á að vinna að rannsókn eða meðferð opinberra mála, fær vitneskju eða rökstuddan grun um atriði sem í 1. mgr. segir, ber honum að veita dómfellda vitneskju um það.

185. gr.

1. Eftir kröfu ríkissaksóknara skal taka mál, þar sem ákærði hefur verið sýknaður eða dæmdur fyrir mun minna brot en hann var borinn, upp á ný:

a. ef ákærði hefur síðan dómur gekk játað að hafa framið það brot, sem hann var borinn, eða önnur gögn hafa komið fram sem benda ótvírætt til sektar hans.
b. ef ætla má að falsgögn eða athæfi það sem lýst er í b-lið 1. mgr. 184. gr. hafi valdið dómsniðurstöðu að nokkru leyti eða öllu.

2. Ríkissaksóknara er rétt að óska eftir endurupptöku máls til hagsbóta fyrir dómfellda ef hann telur að svo standi á sem í 2. mgr. 184. gr. segir.

186. gr.

1. Hæstiréttur tekur ákvörðun um endurupptöku máls og skal beiðni um hana send réttinum. Dómfelldur maður, sem vill beiðast endurupptöku, stílar beiðnina til Hæstaréttar, en sendir hana ríkissaksóknara.

2. Nú er beiðandi sviptur frelsi og skal yfirmaður fangelsis þá taka við og bóka beiðni eftir ósk hans og koma henni á framfæri. Skylt er þá eftir ósk beiðanda að fá honum skipaðan réttargæslumann.

3. Greina skal í beiðni þau atriði sem vefengd eru í dómi og þær ástæður sem til vefengingar eru taldar liggja. Skjöl sem kunna að vera til styrktar beiðni skulu fylgja henni eftir því sem unnt er.

187. gr.

1. Ríkissaksóknari sendir beiðnina til Hæstaréttar ásamt skjölum málsins og tillögum sínum, svo og umsögn dómara ef um héraðsdóm er að tefla.

2. Hæstiréttur getur mælt fyrir um öflun nauðsynlegra gagna varðandi endurupptökubeiðni samkvæmt reglum 1. mgr. 159. gr.

3. Nú leiðir rannsókn í ljós að beiðni um endurupptöku hafi gengið of skammt og skal þá veita beiðanda kost á að lagfæra hana í samræmi við það.

188. gr.

Hæstiréttur tekur ákvörðun um hvort orðið skuli við beiðni um endurupptöku eða ekki. Ef orðið er við beiðni um endurupptöku máls, sem dæmt var lokadómi í héraði, gerir ríkissaksóknari ráðstafanir til áfrýjunar málsins. Um meðferð máls og flutning fyrir Hæstarétti fer eftir ákvæðum XVIII. kafla laga þessara.

189. gr.

Nú telur Hæstiréttur rök ekki hníga til breytingar á dómi og vísar hann þá endurupptökubeiðni frá sér, en kveður annars kostar upp efnisdóm í málinu.

190. gr.

Nú er mál endurupptekið samkvæmt beiðni dómfellds manns og má þá hlutur hans aldrei verða lakari en hann var eftir hinum upphaflega dómi.

191. gr.

1. Nú er mál endurupptekið samkvæmt kröfu ríkissaksóknara og fer þá um málskostnað eftir 165. og 166. gr.

2. Kostnaður af endurupptöku máls samkvæmt beiðni dómfellda greiðist úr ríkissjóði, nema dómfelldi hafi komið endurupptöku til leiðar með gögnum sem hann vissi vera ósönn. Skal hann þá dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

192. gr.

1. Beiðni eða ákvörðun um endurupptöku máls frestar ekki framkvæmd dóms, nema Hæstiréttur mæli svo.

2. Heimilt er að endurupptaka mál þótt dómfelldi hafi að fullu þolað refsingu samkvæmt dómi í því máli.

XXIII. KAFLI

Gildistaka, brottfall laga o.fl.

193. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

194. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirfarandi lög og ákvæði einstakra laga:

1. Lög um meðferð opinberra mála, nr. 74 21. ágúst 1974, með áorðnum breytingum.
2. Opið bréf (frá kansellíinu) um birtingu á stefnum fyrir stroknum föngum 15. desember 1820.
3. 19. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi 20. júní 1849.
4. 13. gr. tilskipunar fyrir Ísland um síldar- og ufsaveiði með nót 12. febrúar 1872.
5. 3. gr. laga um að selja kornvörur og kol eftir vigt, nr. 29 14. desember 1877.
6. 10. gr. laga um hagfræðiskýrslur, nr. 29 8. nóvember 1895.
7. 2. mgr. 12. gr. laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala, nr. 3 4. febrúar 1898.
8. Í 3. gr. laga um dag- og næturbendingar á íslenskum skipum í sjávarháska og um ráðstafanir, er skip rekast á, nr. 13 9. september 1899, orðin „Mál um hegning fyrir brot á lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál.“
9. 4. gr. laga um manntal í Reykjavík, nr. 18 13. september 1901.
10. 2. mgr. 3. gr. laga fyrir Ísland um tilhögun á löggæslu við fiskveiðar í Norðursjónum, nr. 20 13. september 1901.
11. Í 2. gr. laga um síldarnætur, nr. 28 25. september 1902, orðin „Með mál, er af því rísa, fer sem um almenn lögreglumál.“
12. 3. gr. laga um að selja salt eftir vigt, nr. 37 6. nóvember 1902.
13. 24. gr. laga um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42 13. nóvember 1903.
14. Í 4. gr. laga um eftirlit með mannflutningum til útlanda, nr. 49 27. nóvember 1903, orðin „og skal farið með mál út af þeim, sem með almenn lögreglumál“.
15. 3. gr. laga um sölu á eggjum eftir þyngd, nr. 21 22. október 1912.
16. 2. mgr. 2. gr. laga um friðun héra, nr. 23 2. nóvember 1914.
17. 7. gr. laga um beitutekju, nr. 39 2. nóvember 1914.
18. 5. gr. laga um verkfall opinberra starfsmanna, nr. 33 3. nóvember 1915.
19. 2. mgr. 3. gr. laga um þyngd bakarabrauða, nr. 11 16. mars 1917.
20. 2. mgr. 6. gr. laga um áveitu á Flóann, nr. 68 14. nóvember 1917.
21. 2. mgr. 7. gr. laga um landamerki o.fl., nr. 41 28. nóvember 1919.
22. 5. gr. laga um löggiltar reglugerðir sýslunefnda um eyðing refa o.fl., nr. 48 28. nóvember 1919.
23. Í 1. mgr. 9. gr. laga um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks, nr. 25 27. júní 1921, orðin „Fara skulu málin að hætti almennra lögreglumála.“

24. Í 5. gr. laga um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum, nr. 53 27. júní 1921, orðin „Mál út af slíkum brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.“
25. 6. gr. laga um verslunarskýrslur, nr. 12 19. júní 1922.
26. 1. mgr. 154. gr. vatnalaga, nr. 15 20. júní 1923.
27. Í 3. gr. laga um viðauka við lög nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, nr. 4 4. maí 1925, orðin „og fer um meðferð mála út af þeim sem um almenn lögreglumál“.
28. 1. mgr. 4. gr. laga um einkenning fiskiskipa, nr. 31 27. júní 1925.
29. 4. mgr. 6. gr. laga um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, nr. 11 23. apríl 1928.
30. 31. gr. hjúalaga, nr. 22 7. maí 1928, svo og í sömu lögum annars vegar í 32. gr. orðin „Með mál út af þeim brotum skal farið sem almenn lögreglumál.“ og hins vegar í 33. gr. orðin „Mál út af þessu eru almenn lögreglumál.“
31. 9. gr. laga um sjóveitu í Vestmannaeyjum, nr. 28 8. september 1931.
32. Í 3. mgr. 9. gr. laga um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts, nr. 27 23. júní 1932, orðin „Með mál út af brotum gegn samþykktinni skal fara sem almenn lögreglumál.“
33. Í 4. gr. laga um heimild handa ríkisstjórninni til ýmissa ráðstafana vegna viðskiptasamnings við bresku stjórnina, nr. 88 19. júní 1933, orðin „og skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála“.
34. Í 5. gr. laga um mat á fiskúrgangi, nr. 9 9. janúar 1935, orðin „Um mál út af brotum þessum fer sem um almenn lögreglumál.“
35. 9. gr. laga um bráðabirgðaútflutningsskýrslur, nr. 53 28. janúar 1935.
36. Í 2. gr. laga um útflutning á síldarmjöli, nr. 56 28. janúar 1935, orðin „Mál út af nefndum brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.“
37. 1. mgr. 11. gr. og 12. gr. laga um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, nr. 24 1. febrúar 1936.
38. 6. gr. laga um ráðstafanir til varnar því að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar, nr. 83 23. júní 1936.
39. Í 44. gr. laga um samvinnufélög, nr. 46 13. júní 1937, orðin „Mál út af brotum þeim, sem um er rætt í undanfarandi grein, skulu rekin sem almenn lögreglumál.“
40. 2. mgr. 8. gr. laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fyrirskipa blöndun á þurrmjólk í brauð í brauðgerðarhúsum, og til þess að ákveða hámarksverð á brauði og þurrmjólk, nr. 22 13. janúar 1938.
41. 2. mgr. 5. gr. laga um ostrurækt, nr. 21 12. júní 1939.
42. Í almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940, 30. gr., svo og í 3. mgr. 52. gr. orðin „og ber þá mat á högum sökunauts undir dómsvaldið“.
43. I 5. gr. laga um síldartunnur, nr. 60 7. maí 1940, orðin „skal fara með sem almenn lögreglumál, og“.
44. 6. gr. laga um veiði, sölu og útflutning á kola, nr. 19 28. maí 1941.
45. 6. gr. laga um afla- og útgerðarskýrslur, nr. 55 27. júní 1941.
46. 16. gr. laga um búfjártryggingar, nr. 20 26. febrúar 1943.
47. Í 2. mgr. 44. gr. og 1. og 2. mgr. 47. gr. framfærslulaga, nr. 80 5. júní 1947, orðin „(í Reykjavík sakadómara)“.
48. 2. mgr. 10. gr. laga um bæjarnöfn, nr. 35 18. febrúar 1953.
49. Í 1. mgr. 8. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38 14. apríl 1954, orðin „fyrir dómi“.
    Í 2. mgr. 11. gr. sömu laga orðin „enda fari rannsókn slíks máls að hætti opinberra mála“.
50. 26. gr. laga um Brunabótafélag Íslands, nr. 9 23. mars 1955.
51. Í 1. mgr. 22. gr. laga um dýravernd, nr. 21 13. apríl 1957, orðin „nr. 27 5. mars 1951“.

52. Í 1. mgr. 23. gr. laga um landsdóm, nr. 3 19. febrúar 1963, orðin „samanber VI., VII., VIII. og IX. kafla laga nr. 82 frá 21. ágúst 1961“. Í 24. gr. sömu laga orðin „115. gr.“ og „nr. 82 frá 21. ágúst 1961“. Í 31. gr. sömu laga orðin „samanber XII. kafla laga nr. 82 frá 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála“.
53. Í 146. gr. laga um loftferðir, nr. 34 21. maí 1964, orðin „nr. 82/1961“.
54. Í 1. mgr. 15. gr. laga um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965, orðin „IX. kafla“ og „nr. 82 21. ágúst 1961“.
55. Í 15. gr. laga um fyrirtækjaskrá, nr. 62 28. maí 1969, orðin „Ákvæði 2. mgr. 112. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 82/1961, sbr. lög nr. 29/1966, skulu gilda um mál þessi.“
56. 2. mgr. 19. gr. áfengislaga, nr. 82 2. júlí 1969.
57. 2. mgr. 102. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76 25. júní 1970.
58. Í 2. mgr. 1. gr. laga um norræna vitnaskyldu, nr. 82 31. maí 1976, orðin „X. kafla“, „nr. 85 23. júní 1936“, „XII. kafla“ og „nr. 74 21. ágúst 1974“.
    Í 2. mgr. 4. gr. sömu laga orðin „sbr. 98. gr. 3. mgr. laga nr. 74 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála“.
    Í 1. mgr. 5. gr. sömu laga orðin „125. gr. – 128. gr.“, „nr. 85 23. júní 1936“, „89. gr. – 101. gr.“ og „nr. 74 21. ágúst 1974“.
59. Í 1. mgr. 5. gr. laga um rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 108 28. desember 1976, orðin „sem tekin eru samkvæmt heimild í 57. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74 1974“.
60. 3. mgr. 15. gr. iðnaðarlaga, nr. 42 18. maí 1978.
61. 3. mgr. 33. gr. byggingarlaga, nr. 54 16. maí 1978.
62. 3. mgr. 53. gr. laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, nr. 56 16. maí 1978.
63. 1. mgr. 46. gr. barnalaga, nr. 9 15. apríl 1981.
64. Í 2. mgr. 226. gr. siglingalaga, nr. 34 19. júní 1985, orðin „nr. 74/1974“.
65. Í 2. mgr. 30. gr. laga um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32 5. maí 1986, orðin „að mati dómara“.
66. Í 3. mgr. 7. gr. laga um umboðsmann Alþingis, nr. 13 20. mars 1987, annars vegar í 2. málsl. orðin „nr. 74/1974“ og hins vegar í 4. málsl. orðin „samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 80. gr. laga nr. 74/1974“.
67. Í 3. tölul. 1. mgr. 30. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 51 30. mars 1987, orðin „Þegar máli er þannig vísað til siglingadóms getur hann farið með rannsókn í því hvort heldur af sjálfsdáðum eða að beiðni saksóknara.“
    Í 2. mgr. 30. gr. sömu laga orðin „þó þannig að mál skal jafnan sæta sókn og vörn“.
68. Í 2. mgr. 46. gr. tollalaga, nr. 55 30. mars 1987, orðin „nr. 74/1974“.
69. 28. gr. laga um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988.

195. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirfarandi ákvæði laga sem hér segir:

1. 4. tölul. 2. mgr. 3. gr. laga um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt, nr. 16 13. janúar 1938, verður svohljóðandi: Frá lögreglustjóra ef hann telur óeðlilegar kynhvatir viðkomanda munu geta leitt til glæpaverka.
2. 1. mgr. 55. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, verður svohljóðandi:
   Sektir og aðrar skyldugreiðslur, sem afplána á að lögum og ákveðnar eru á annan hátt en í 54. gr. getur, afplánast eftir reglum um varðhald eða fangelsi. Stjórnvald það, er sekt eða afplánun ákveður, tiltekur einnig um leið um refsivistina, en bera má þá ákvörðun undir dómara.

2. mgr. 55. gr. sömu laga verður svohljóðandi:

Dagsektir skal afplána í varðhaldi og ákveður sýslumaður varðhaldstímann. Um heimild til að bera þá ákvörðun undir dómstóla fer eftir reglum aðfararlaga um heimildir til að bera ákvarðanir þær, sem sýslumaður tekur við framkvæmd aðfarar, undir héraðsdóm.

Í 5. mgr. 56. gr. sömu laga fellur niður orðið „rannsóknardómari" en í þess stað kemur: rannsóknari.

3. Í 2. mgr. 46. gr. laga um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, nr. 23 10. mars 1956, fellur niður orðið „réttarrannsókn" en í stað þess kemur: opinber rannsókn.
4. 14. gr. laga um lögheimili, nr. 35 30. maí 1960, verður svohljóðandi:

Ef vafi leikur á um lögheimili manns er þjóðskránni, hlutaðeigandi manni eða sveitarfélagi, sem málið varðar, rétt að höfða mál til viðurkenningar á hvar lögheimili hans skuli talið. Þess skal gætt að þjóðskráin og sá maður sem í hlut á eigi aðild að slíku máli, en að öðru leyti fer um málið eftir almennum reglum um meðferð einkamála í héraði.

5. Í 2. mgr. 5. gr. laga um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7 14. mars 1962, falla niður orðin „1. mgr. 119. gr., sbr. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 82/1961" en í stað þeirra kemur: lögum um meðferð opinberra mála.

Í 1. og 3. málsl. 1. mgr. 11. gr. sömu laga fellur niður orðið „sakadóms" en í þess stað kemur: héraðsdóms.

Í 1. mgr. 15. gr. sömu laga falla niður orðin: „71. og 72. gr. laga nr. 82/1961" en í þeirra stað kemur: lögum um meðferð opinberra mála.

6. Í 2. mgr. 18. gr. laga um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965, fellur niður orðið „dómsrannsókn" en í stað þess kemur: rannsókn.
7. 1. mgr. 68. gr. laga um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60 29. maí 1972, verður svohljóðandi:

Nú er opinbert mál höfðað til refsingar vegna atvika sem leitt geta til ógildingar hjúskapar og má þá hafa uppi kröfu í málinu um ógildingu hjúskaparins.

3. mgr. 68. gr. sömu laga verður svohljóðandi:

Hjúskaparmál, sem einstaklingur eða dómsmálaráðuneytið sækir, fer að hætti einkamála ef eigi er öðruvísi um mælt í lögum þessum.

1. mgr. 80. gr. sömu laga verður svohljóðandi:

Nú er svo ákveðið í lögum þessum að mál skuli höfða innan lögmælts tíma og fer þá um það samkvæmt almennum reglum réttarfarslaga hvenær mál telst höfðað.

8. Í 4. gr. laga um upptöku ólöglegs sjávarafla, nr. 32 19. maí 1976, falla niður orðin „Málinu má vísa til meðferðar sakadóms", en í stað þeirra kemur: Höfða má mál til ógildingar úrskurði.
9. Í 4. mgr. 17. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 81 31. maí 1976, falla niður orðin „Lagt skal löghald á" en í þeirra stað kemur: Kyrrsetja skal.
10. Í 4. mgr. 2. gr. laga um framkvæmd samnings um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi, nr. 48 30. maí 1979, falla niður orðin „Lagt skal löghald á" en í þeirra stað kemur: Kyrrsetja skal.
11. Í 4. mgr. 3. gr. laga um aðild Íslands að samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi nr. 68, 29. maí 1981, falla niður orðin „Lagt skal löghald á" en í þeirra stað kemur: Kyrrsetja skal.
12. Í 4. mgr. 94. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75 14. september 1981, fellur niður orðið „sakadóms" en í stað þess kemur: héraðsdóms.

3. mgr. 108. gr. sömu laga verður svohljóðandi:

Mál út af brotum gegn skattalöggjöf skulu sæta meðferð opinberra mála. Skattkröfu má hafa uppi og dæma í slíkum málum.

13. Í 23. gr. laga um brunavarnir og brunamál nr. 74 12. maí 1982, fellur niður orðið „Réttarrannsókn“ en þess í stað kemur: Opinber rannsókn.
14. Í 2. mgr. 8. gr. laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum nr. 13, 17. apríl 1984, falla niður orðin „1. mgr. 119. gr. laga nr. 74/1974“ en í stað þeirra kemur: lögum.
    Í 1. mgr. 10. gr. sömu laga falla niður orðin „71. gr. laga nr. 74/1974“ en í þeirra stað kemur: lögum.
    Í 1. mgr. 14. gr. sömu laga fellur niður orðið „sakadóms“ en í stað þess kemur: héraðsdóms.
    Í 1. mgr. 18. gr. sömu laga falla niður orðin „71. og 72. gr. laga nr. 74/1974“ en í stað þeirra kemur: lögum.
    Í 5. mgr. 20. gr. sömu laga fellur niður orðið „sakadómi“ en í stað þess kemur: héraðsdómi.
    Í 1. mgr. 22. gr. sömu laga falla niður orðin „þeim, sem um getur í VI. og VII. kafla laga nr. 74/1974“ en í stað þeirra kemur: laga.
    Í 5. mgr. 23. gr. sömu laga fellur niður orðið „sakadómur“ en í þess stað kemur: héraðsdómur.
15. Í 3. mgr. 36. gr. útvarpslaga nr. 68 27. júní 1985, fellur niður orðið „réttarrannsókn“ en í stað þess kemur: rannsókn.
16. Í 1. mgr. 18. gr. laga um skráningu skipa, nr. 115 31. desember 1985, falla niður orðin „héraðsdómari rannsaki málið“ en í stað þeirra kemur: málið verði rannsakað.
17. Í 3. mgr. 7. gr. laga um ríkisendurskoðun, nr. 12 29. apríl 1986, sbr. lög nr. 35 18. maí 1988, fellur niður orðið „sakadóms“ en í stað þess kemur: héraðsdóms.
18. Í 1. mgr. 30. gr. laga um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32 5. maí 1986, falla niður orðin „lagt löghald á skipið“ en í þess stað kemur: skipið kyrrsett.
19. 20. gr. vaxtalaga, nr. 25 27. mars 1987, verður svohljóðandi:
    Mál út af refsiverðum brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála. Endurgreiðslukröfur og aðrar einkaréttarkröfur má hafa uppi og dæma í slíkum málum.
20. 3. mgr. 31. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45 30. mars 1987, verður svohljóðandi:
    Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála. Greiðslukröfu má hafa uppi og dæma í slíkum málum.
21. 2. mgr. 124. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, verður svohljóðandi:
    Sýslumenn skulu geyma þessi bréf og böggla óopnaða í tvö ár og hafi kjörseðlanna þá ekki verið krafist vegna opinberrar rannsóknar út af grun um atkvæðafölsun skal brenna þá í óhreyfðum umbúðum.
22. 3. mgr. 41. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50 24. maí 1988, verður svohljóðandi:
    Mál vegna brota á lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála. Skattkröfu má hafa uppi og dæma í slíkum málum.
23. Í 2. mgr. 4. gr. laga um aðför, nr. 90 1. júní 1989, falla niður orðin „sem aðfararhæf er skv. 9. tölul. 1. mgr. 1. gr.“ en í þeirra stað kemur: samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.

196. gr.

Þar sem mælt er fyrir í öðrum lögum um dómsátt í opinberu máli skal litið svo á, að átt sé við ákvörðun dómara um viðurlög skv. 1. mgr. 124. gr.

XXIV. KAFLI

Ákvæði til bráðabirgða.

197. gr.

Opinber mál, sem hafa verið þingfest fyrir sakadómi fyrir gildistöku laga þessara en hefur ekki verið lokið í héraði, skulu rekin upp frá því fyrir héraðsdómstól í því umdæmi sem hlutaðeigandi sakadómur starfaði áður í. Mál, sem hafa verið þingfest fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum, en hefur ekki verið lokið þar, skulu rekin upp frá því fyrir héraðsdómi Reykjavíkur. Ekki haggast af þeim sökum gildi þeirrar meðferðar sem mál hefur þegar sætt fyrir sakadómi.

198. gr.

Opinber mál, sem þingfest hafa verið fyrir gildistöku laga þessara en hefur ekki verið lokið fyrir héraðsdómi fyrir þann tíma, skulu eftir því sem við getur átt sæta meðferð upp frá því eftir reglum þessara laga að öðru leyti en hér segir:

a. ríkissaksóknari fer eftir sem áður með ákæruvald í máli þótt lögreglustjóri hefði höfðað það eftir gildistöku laga þessara skv. 28. gr.
b. ekki má ljúka máli án þess að ákærði sæki þing eftir ákvæðum 1. mgr. 126. gr.
c. hafi munnlegar skýrslur þegar verið gefnar að einhverju marki í máli skal dómari gefa aðilum kost á að ljúka öflun sýnilegra sönnunargagna og ákveða síðan aðalflutning skv. 129. gr. til að ljúka munnlegri sönnunarfærslu og flutningi máls.
d. hafi krafa um frávísun máls verið tekin til dóms eða úrskurðar, en ekki hefur verið leyst úr henni fyrir gildistöku laga þessara, gilda fyrirmæli eldri laga um form úrlausnarinnar.

199. gr.

1. Ákvæði eldri laga um kæruheimildir til Hæstaréttar, kærufrest, aðild að kærumáli, meðferð héraðsdómara á kæru og meðferð kærumáls fyrir Hæstarétti gilda um úrskurði og ákvarðanir héraðsdómara sem kveðnir hafa verið upp eða teknar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara.

2. Ákvæði XVIII. kafla laga þessara um áfrýjun taka til mála, þótt þau hafi verið dæmd í héraði fyrir gildistöku laga þessara, að öðru leyti en hér segir:

a. ákvæði 150. gr. gilda ekki um mál sem dæmd hafa verið í héraði fyrir gildistöku laga þessara.
b. fyrirmæli eldri laga um áfrýjunarfrest gilda um mál sem dæmd hafa verið í héraði fyrir gildistöku laga þessara.

200. gr.

Fyrirmæli laga þessara gilda um endurupptöku mála þótt þau hafi verið dæmd fyrir gildistöku þeirra.

201. gr.

1. Ákvæði 2. mgr. 26. gr. taka ekki til ákvarðana sem ríkissaksóknari hefur tekið um niðurfellingu mála fyrir gildistöku laga þessara.

2. Heimilt er ríkissaksóknara að fela þeim sem í 1. og 3. mgr. 29. gr. getur að sækja þing í máli og flytja það þótt það hafi verið höfðað fyrir gildistöku laga þessara. Feli ríkissaksóknari samkvæmt þessu lögreglustjóra flutning máls, sem 1. mgr. 28. gr. getur átt við, gilda fyrirmæli 2. mgr. 29. gr. um heimild lögreglustjóra til að fela starfsmanni sínum málið.

3. Fyrirmæli 113. og 114. gr. taka til mála þótt brot hafi verið framið fyrir gildistöku laga þessara.

4. Lögreglustjóra er heimilt að ljúka máli með þeim hætti sem í 2. mgr. 115. gr. segir þótt brot hafi verið framið fyrir gildistöku laga þessara.

5. Heimilt er að ljúka máli með þeim hætti sem í 1. mgr. 124. gr. segir þótt mál hafi verið höfðað fyrir gildistöku laga þessara.

202. gr.

1. Eftir gildistöku laga þessara má leggja hald á muni, framkvæma leit og handtaka mann á grundvelli úrskurðar, þótt hann hafi verið kveðinn upp fyrir þann tíma, ef skilyrði eru til aðgerðar eftir fyrirmælum þessara laga.

2. Úrskurður um að maður sæti gæsluvarðhaldi haggast ekki af gildistöku laga þessara. Fyrirmæli 108. gr. taka til gæslufanga frá gildistöku laga þessara þótt úrskurður hafi gengið um gæsluvarðhaldið fyrir þann tíma.

3. Atriði varðandi rannsókn opinbers máls verða því aðeins borin undir dómara skv. 75. gr. að þau hafi komið upp eftir gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur verið samið á vegum réttarfarsnefndar að tilhlutan dómsmálaráðuneytis. Er það liður í þeirri heildarendurskoðun á dómstólakerfi landsins og réttarfarsreglum, sem grundvöllur hefur verið lagður að með lögum nr. 92 1. júní 1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, sem mæla fyrir um gerbreytingu á dómstólaskipun í héraði og koma til framkvæmda 1. júlí 1992.

Frumvarpinu er ætlað að koma í stað laga um meðferð opinberra mála, nr. 74 21. ágúst 1974, en þau lög eru að stofni til lög nr. 27 5. mars 1951, sem sætt hafa síðan nokkrum breytingum og þrívegis verið gefin út sem ný lög, síðast 1974.

Fyrir gildistöku laga nr. 27/1951 voru meginatriði um meðferð refsimála þessi: Eigi var greint skýrt á milli ákæruvalds og dómsvalds. Dómarar, sem jafnframt höfðu stjórn lögreglu á hendi, hófu rannsókn brotamála að eigin frumkvæði og stýrðu henni. Dómsmálaráðherra var æðsti handhafi ákæruvalds, en dómarar fóru einnig með ákæruvald, bæði að því leyti að þeir ákváðu höfðun máls og önnuðust öflun gagna í máli. Enginn sækjandi var skipaður til að flytja opinber mál í héraði. Skil rannsóknar og málsmeðferðar voru óljós þar sem sönnunarfærsla fór oftast fram fyrir dómi á rannsóknarstigi. Rannsókn og málsmeðferð fóru fram fyrir luktum dyrum. Þvinga mátti sakborning til þess að svara spurningum með ógnun um fangelsi við vatn og brauð. Verjandi var skipaður ef ákærði óskaði þess, en þó eigi fyrr en málshöfðun var ákveðin. Dómarar önnuðust fullnustu refsidóma undir yfirstjórn dómsmálaráðherra. Um sannanir giltu reglurnar um sönnunarbyrði ákæruvalds og um frjálst mat sönnunargagna.

Þessi skipan, sem bar öll megineinkenni rannsóknarréttarfars (inquisitorisks réttarfars), var löngu úrelt og í ósamræmi við réttarfar í öðrum menningarlöndum.

Með lögum nr. 27/1951 voru gerðar allveigamiklar breytingar á réttarfari í opinberum málum, og skal hér getið hinna helstu: Dregið var úr ákæruvaldi dómara og ákvörðun um saksókn færð að mestu leyti til dómsmálaráðherra. Hann skyldi ákveða málshöfðun með útgáfu ákæruskjals er tilgreina skyldi sakarefni, ásamt viðeigandi refsiheimildum, og mátti dómari ekki fara út fyrir ákæruna er hann lagði dóm á mál. Angi af málshöfðunarvaldi dómara hélst þó í einföldum málum (117. gr. laga nr. 27/1951) en dómarar munu lítt eða ekki hafa notað þá heimild nema e.t.v. fyrstu árin eftir gildistöku laganna. Í vissum stórfelldum málum skyldi skipaður sækjandi til þess að fara með málið af hálfu ákæruvalds, og í þeim málum bar að skipa ákærða verjanda. Sýnist hafa verið stefnt að því að sönnunarfærsla í slíkum málum færi fram við málsmeðferðina sjálfa, þ.e. eftir útgáfu ákæru. Eftir ósk sakbornings skyldi stundum skipa honum verjanda meðan á rannsókn stóð, svo sem meðan hann sætti gæsluvarðhaldi.

Þá voru í lögunum margs konar þörf nýmæli önnur, eigi hvað síst um rannsókn mála, þar á meðal um þvingunarúrræði sem beita mætti, en lagaboð um þau efni voru áður mjög ófullkomin.

Dómstólaskipun sú sem í gildi var, og er raunar óbreytt enn, stóð hinsvegar í vegi fyrir því að réttarfar í opinberum málum yrði fært til nútímahorfs með þessum lögum. Eftir sem áður

höfðu dómarar stjórn lögreglu með höndum og hófu eða létu hefja rannsókn af sjálfsdáðum. Í flestum málum var enginn til þess að flytja málið af hálfu ákæruvalds, heldur ákváðu dómarar sjálfir hvaða gögn yrðu færð fram í máli og önnuðust öflun þeirra. Þeir ákváðu af sjálfsdáðum hvenær gripið yrði til þvingunarúrræða. Þannig höfðu dómarar á hendi ákæruvald að nokkru leyti.

Með lögum nr. 57/1961 var gerð sú breyting að ákæruvaldið var fært til sérstaks opinbers ákæranda, saksóknara ríkisins. Tók hann þá við ákæruvaldi því sem dómsmálaráðherra hafði með höndum samkvæmt lögum nr. 27/1951. Hlutverk ákærandans breyttist að öðru leyti ekki, þannig að dómarar fóru áfram með þá þætti ákæruvalds sem áður var lýst. Önnur breyting sem gerð var með lögum nr. 57/1961 var sú að í Reykjavík skyldu sakadómarar vera þrír til fimm eftir ákvörðun dómsmálaráðherra.

Breytingarnar voru síðan felldar inn í lög nr. 27/1951 og lögin gefin út í heild sem lög nr. 82/1961.

Eftir þetta var lögunum síðan breytt nokkrum sinnum (lög nr. 29/1966, nr. 75/1972, nr. 23/1973, nr. 61/1974, nr. 23/1976 og nr. 107/1976) og lögin tvívegis gefin út sem ný heildarlög, fyrst sem lög nr. 73 21. júní 1973 og síðan lög nr. 74 21. ágúst 1974. Lög nr. 107/1976 ásamt lögum nr. 108/1976 og nr. 109/1976, sem tóku gildi jafnframt þeim, fólu í sér verulegar réttarfarsumbætur. Stjórn rannsóknarlögreglu í Reykjavík var tekin úr höndum yfirsakadómara og stofnuð Rannsóknarlögregla ríkisins. Í Reykjavík eiga dómarar ekki lengur neitt frumkvæði að því að rannsókn verði hafin og hefjast aldrei handa á rannsóknarstigi máls, nema að gefnu tilefni frá rannsóknara eða ákæranda. Utan Reykjavíkur hefur breytingin orðið minni, þar sem dómarar hafa þar enn stjórn lögreglu með höndum. Má segja að síðan lög nr. 107/1976 tóku gildi (1. júlí 1977) hafi meðferð opinberra mála nálgast svokallað ákæruréttarfar í Reykjavík en síður utan hennar.

Síðan 1977 hafa nokkrar breytingar verið gerðar á lögunum (lög nr. 53/1979, nr. 32/1980, nr. 27/1985, nr. 31/1988, nr. 32/1988 og nr. 41/1988, sbr. einnig 22. gr. laga nr. 92/1989) en ekki þykir þörf á að gera grein fyrir þeim hér.

Frumvarp þetta gerir, ásamt þeim breytingum sem lögfestar hafa verið með lögum nr. 92 1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, ráð fyrir þessum meginbreytingum á meðferð opinberra mála:

a. Skilið verður til fulls milli ákæruvalds og lögreglu annars vegar og dómsvalds hins vegar. Rannsókn mála verður að öllu leyti í höndum ákæruvalds og lögreglu og dómari á aldrei frumkvæði að né stýrir rannsókn. Dómsrannsóknir verða lagðar niður, sbr. athugasemdir við IX. kafla hér á eftir, og hlutverk dómara á rannsóknarstigi máls takmarkast einkum við úrlausn á ýmsum ágreiningsefnum sem aðilar bera undir hann.
b. Ákærandi skal að jafnaði vera viðstaddur málsmeðferð. Hann mælir fyrir um það hvaða gögn verði fram færð í máli af hálfu ákæruvalds en ekki dómari. Þó skal athuga að dómara ber að gæta þess að fram verði færð næg gögn til þess að rétt niðurstaða fáist í máli, sbr. 3. mgr. 128. gr., 131. gr. og 159. gr. frumvarpsins og er honum þannig heimilt að afla gagna af sjálfsdáðum. Slíkt mundi þó aðeins gerast í undantekningartilvikum.
c. Vegna hins aukna hlutverks sem ákærendum er ætlað verður að breyta mjög skipun ákæruvaldsins, sbr. V. kafla frumvarpsins, sem gerir m.a. ráð fyrir ákæruvaldi lögreglustjóra, sbr. nánar athugasemdir um þann kafla.
d. Meðferð opinberra mála er færð nær meðferð einkamála en nú er, t.d. með því að taka upp aðalflutning að fyrirmynd laga um meðferð einkamála í héraði.
e. Réttarstaða sakbornings er gerð skýrari og jafnframt er réttarstaða málsvara hans bætt, sbr. einkum VI. kafla frumvarpsins.

Af öðrum breytingum sem frumvarpið miðar að má nefna skýrari reglur um þvingunarúrræði undir rannsókn máls. Þá er gert ráð fyrir að stjórnvaldssektum megi beita í miklu fleiri

málum en nú og létta þannig álagi á dómstólana. Reglum um málskot til Hæstaréttar er breytt, bæði um kæru og áfrýjun.

Af grundvallarreglum réttarfars, sem frumvarpið gerir ráð fyrir og ekki fela í sér verulegar breytingar á núgildandi reglum, skulu nefndar reglurnar um að málsmeðferð á yfirleitt að fara fram munnlega og í heyranda hljóði, sakborningi er óskylt að svara spurningum um sakarefni, hann hefur víðtækan rétt til málsvara, og ákæranda er skylt að kanna jafnt þau atriði er horfa til sektar sakbornings og sýknu. Reglurnar um sönnunarbyrði ákæruvalds og frjálst mat dómara á sönnunargögnum eru óbreyttar.

Frumvarpið gerir þannig ráð fyrir að komið verði á skipun sem kalla verður ákæruréttarfar (akkusatoriskt réttarfar) í öllum aðalatriðum. Um hreinræktað ákæruréttarfar verður þó varla að ræða þar sem talið hefur verið meðal einkenna þess að ákæranda beri engin skylda til þess fremur en verjanda að sýna hlutlægni í störfum sínum. Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir slíkri skyldu eins og áður segir og er það í samræmi við réttarfarsreglur þeirra landa sem helst hefur verið leitað fyrirmynda til.

Þær breytingar á meðferð opinberra mála sem frumvarpið gerir ráð fyrir hafa valdið því að rétt hefur þótt að skipa efni að ýmsu leyti á annan veg en í lögum nr. 74/1974. Mjög víða er þó stuðst við ákvæði þeirra laga og fjölmargar lagagreinar teknar upp lítt eða ekki breyttar.

Um orðanotkun í frumvarpi þessu skal þetta tekið fram: Sá sem fyrir sök er hafður er nefndur *sakborningur*. Eftir að mál hefur verið höfðað gegn sakborningi er hann nefndur *ákærði*. Málsvari sakbornings sem dómari skipar kallast *verjandi*, en sá sem sakborningur ræður sér á eigin kostnað *talsmaður*. *Réttargæslumaður* er málsvari handtekins manns, tilkvaddur af rannsóknara að ósk sakbornings. Orðið *ákærandi* er víða notað um viðeigandi handhafa ákæruvalds, en þeir geta verið, auk ríkissaksóknara og vararíkissaksóknara, aðrir saksóknarar eða lögreglustjórar, svo og fulltrúar þeirra. *Rannsóknari* kallast sá starfsmaður lögreglu eða ákæruvalds sem rannsókn stýrir hverju sinni. Orðið *rannsókn* á einungis við aðgerðir lögreglu og ákæruvalds til þess að upplýsa mál og búa það undir saksókn. Rekstur máls eftir að ákærða hefur verið gefin út kallast *málsmeðferð*, og sönnunarfærsla og málflutningur, sem fara á fram í einni lotu, kallast *aðalmeðferð* máls.

Hér á eftir fara síðan athugasemdir um einstaka kafla frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í kafla þessum er greint frá því til hvaða mála lögin taka. Er hér í fyrsta lagi um eiginleg opinber mál að ræða, þ.e. mál sem höfðuð eru til þess að koma fram refsingu á hendur manni fyrir afbrot, sbr. 1. mgr. 1. gr., svo og mál til þess að koma fram refsikenndum viðurlögum þótt eigi sé krafist refsingar, sbr. 2. mgr. 1. gr.

Í 2. gr. eru taldir upp nokkrir málaflokkar, sem rétt þykir að fari eftir reglum laganna, eftir því sem við á, þótt eigi sé um eiginleg opinber mál að ræða:

A-liður tekur til mála sem risið geta til fullnustu ákvæðum 73. gr. stjórnarskrár.

B-liður tekur til mála sem um ræðir í 26. gr. laga nr. 57/1956, um prentrétt.

C-liður á við ýmis brot gegn lögreglusamþykktum, byggingar- og skipulagslöggjöf, o.fl.

D-liður tekur til ýmissa úrlausna sem um ræðir í almennum hegningarlögum: 1. mgr. 55. gr. (úrlausn um ákvörðun stjórnvalds um refsivist er komi í stað dagsekta, sbr. breytingu á 1. mgr. 55. gr. sem ráð er fyrir gert í 2. tölul. 195. gr. þessa frumvarps), 59. gr. (úrskurður um skilorðsrof) 62. gr. (úrskurður varðandi öryggisráðstafanir), 66. gr. (úrskurður um ráðstafanir vegna heitinga), 67. gr. (úrskurður um öryggisráðstafanir að refsivist lokinni), og 68. gr. A. (úrlausn um synjun stjórnvalds um opinbert starf eða leyfi til að stunda starf).

E-liður á við um dómsúrlausnir vegna kröfu um framsal sakamanna og fullnustu erlends refsidóms, sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 7/1962, 14. gr. laga nr. 13/1984, og 22. gr. laga nr. 69/1963.

Ákvæði 12. tölul. 2. gr. núgildandi laga er ekki tekið hér upp, en í IX. kafla frumvarpsins um rannsókn er í 3. mgr. 66. gr. ákvæði sem koma á í stað þess.

Um II. kafla.

Í lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði er mælt fyrir um skipun dómsvalds í héraði. Fara héraðsdómarar með opinber mál eins og önnur dómsmál á fyrsta dómstigi, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Um fjölskipaðan dóm þegar sérstaklega stendur á er ætlast til að sömu reglur gildi og í einkamálum, bæði að því er varðar sérfróða meðdómendur og dóm sem fleiri en einn héraðsdómari skipar. Er í 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins því skírskotað til 37. gr. A. laga um meðferð einkamála í héraði.

Um vanhæfi dómara er í 6. gr. frumvarpsins vísað til 36. gr. einkamálalaga, en því er við bætt að dómari, sem úrskurðað hefur sakborning í gæsluvarðhald skv. 2. mgr. 103. gr. frumvarpsins, skuli eigi hafa málsmeðferð með höndum. Þykir eigi rétt að dómari sem tekið hefur afstöðu til þeirra atriða er í þessari málsgrein segir fari með málsmeðferð eftir útgáfu ákæru.

Ákvæði 7. gr. núgildandi laga um kirkjudóm er eigi tekið upp hér. Þykir ekki ástæða til þess að sérdómstóll fjalli um þau mál sem kirkjudómi eru falin. Raunar er eigi fyllilega ljóst hvaða mál hér er um að ræða, en aldrei hefur á það reynt, þar sem ekki er kunnugt um að neitt mál hafi komið til kasta kirkjudóms síðan lög nr. 27/1951 voru sett.

Um III. kafla.

Hér eru settar ýmsar almennar reglur um þinghöld og starfsemi héraðsdómstóla að öðru leyti.

7. gr. mælir svo fyrir að þinghöld skuli yfirleitt fara fram á hinum reglulegu þingstöðum, en gert er ráð fyrir nokkrum sveigjanleika í þessum efnum eftir því sem aðstæður krefjast. Ákvæði 2. mgr. svarar til 3. mgr. 3. gr. laga nr. 92/1989.

8. gr. segir að þinghöld skuli almennt fara fram í heyranda hljóði, en frá því má víkja ef sérstaklega stendur á. Eru hér talin upp þau tilvik þar sem heimilt er að loka þinghaldi. Greinin kemur í stað 16. gr. núgildandi laga, og felur ekki í sér verulegar efnisbreytingar. Ákvörðun um lokun þinghalds bókar dómari í þingbók og verður ákvörðuninni ekki skotið til æðra dóms, sbr. b-lið 1. mgr. 142. gr. frumvarpsins.

3. mgr. 8., 9. og 10. gr. fjalla um stjórn dómara á þinghaldi. Þykja þær eigi þarfnast skýringa. Í 11. gr. er refsiákvæði, er svarar til 160. og 161. gr. núgildandi laga.

12. gr. gerir ráð fyrir að nægilegt sé að hafa einn þingvott.

Reglur 13. gr. svara til 40. gr. einkamálalaga.

Um gerð þingbóka er mælt fyrir í 14.–16. gr., en gert ráð fyrir að nánari fyrirmæli skuli sett með reglugerð. Er þannig miðað við að hagnýta megi tæknilegar nýjungar sem fram hafa komið eða munu koma. Í sömu átt fara ákvæði um dómabækur, málaskráningu og sakaskrá, sbr. 17.–19. gr.

Í 20. gr. eru fyrirmæli um birtingar á tilkynningum, dómum o.fl. en skort hefur á heildarreglur um þau efni. Sjá 76., 99., 116. og 117. gr. núgildandi laga.

Um IV. kafla.

Í kafla þessum eru reglur um varnarþing er koma í stað IV. kafla núgildandi laga.

Í 21. gr. eru reglur um hvar opinber mál skuli rekin. Er aðallega miðað við brotavarnarþing (forum delicti) en til vara við heimilis- eða dvalarvarnarþing (forum domicilii). Samkvæmt reglum 116. gr. frumvarpsins skal taka fram í ákæru fyrir hvaða héraðsdómstóli

mál skuli höfðað, en dómara ber síðan að fara með málið í viðeigandi þinghá. Komi mörg umdæmi til greina (mál sótt í einu lagi út af brotum frömdum í ýmsum umdæmum eða mál sótt á hendur mörgum mönnum sem eiga ekki sama varnarþing) má höfða mál í hverju því umdæmi og fara með málið í hverri þeirri þinghá sem til greina getur komið. Sérreglur eru í 3. mgr. um mál sem framin eru utan allra dómumdæma eða erlendis.

Mál verður að höfða í einhverju þeirra umdæma sem um ræðir í 21. gr., og gæti varðað frávísun máls ef mál væri höfðað andstætt ákvæðum greinarinnar. Er það breyting frá 29. gr. núgildandi laga, sem gerir ráð fyrir að ákvörðun ríkissaksóknara um varnarþing verði aldrei haggað í dómi. Þess er þó að gæta að eigi á að vísa máli frá ef ákærði kemur fyrir dóm, sbr. 4. mgr. 21. gr.

Um aðgerðir dómara á rannsóknarstigi máls eru fyrirmæli í 1. mgr. 22. gr.

Í 23. og 24. gr. eru nýmæli sem þó eru að mestu leyti í samræmi við það sem tíðkast hefur. Segir í 1. mgr. 23. gr. að mál á hendur manni fyrir fleiri en eitt brot skuli eftir því sem við verður komið sótt í einu lagi og í 2. mgr. að fleiri menn skuli sækja til sakar í einu máli fyrir þátttöku í sama verknaði. Frá reglum þessum verður þó að mega víkja ef slíkt þykir hagkvæmara. Í 3. mgr. er heimild til handa dómara til sameiningar mála, enda er mjög algengt að mál séu sameinuð með þeim hætti.

Eftir 24. gr. mundi dómari einnig mega skilja í sundur mál sem höfðað hefur verið á hendur fleiri aðilum en einum. Sem dæmi má nefna að mál hefur verið höfðað á hendur A, B og C með einni ákæru og í ljós kemur að A er horfinn úr landi og ekkert vitað um dvalarstað hans né hvort eða hvenær hann muni koma aftur til landsins. Er þá nauðsynlegt að dæma megi þátt B og C en láta þátt A bíða úrlausnar síðar.

Ákvörðunum dómara skv. 23. og 24. gr. verður eigi skotið til æðra dóms, sjá h-lið 1. mgr. 142. gr. frumvarpsins.

Um V. kafla.

Í þessum kafla, sem fjallar um ákæruvaldið, er gert ráð fyrir verulegum breytingum á skipun þess, sbr. III. kafla núgildandi laga.

Samkvæmt lögum nr. 27/1951 var ákæruvaldið í höndum dómsmálaráðherra, en héraðsdómurum var einnig falið ákæruvald í ýmsum málum. Með lögum nr. 57/1961 var sett á stofn embætti saksóknara ríkisins og var honum fengið ákæruvaldið í hendur. Síðan hefur dómsmálaráðherra ekki talist meðal handhafa ákæruvalds, nema í þeim fáu tilvikum þar sem lög tilgreina sérstaklega að mál skuli því aðeins höfðað að ráðherra mæli svo fyrir. Það sérkenni hefur verið á skipun ákæruvalds hér á landi að saksóknarar hafa eigi haft afskipti af rekstri opinberra mála í héraði nema í tiltölulega fáum tilvikum, sbr. 130. gr. núgildandi laga. Hefur héraðsdómari (sakadómari) átt að gæta hagsmuna ákæruvaldsins, m.a. með því að taka ákvörðun um hvaða gögn skuli færð fram o.s.frv. Þessi skipun hefur og tengst því að saksóknarar hafa aðeins setið í Reykjavík og þykir ekki við komið nema í hinum stærstu málum að þing sé sótt af hálfu ákæruvalds. Í þeim réttarfarsbreytingum sem í lögum nr. 92 1989 felast er m.a. stefnt að því að dómarar fari alls ekki með ákæruvald og að ákærandi fylgi ákæru sinni eftir við meðferð málsins. Er svo sem síðar verður rakið, sjá 123. gr. frumvarpsins, miðað við að dómari geti því einungis lagt dóm á mál að ákærandi hafi sótt þing.

Sú breyting er lögð til að lögreglustjórum sé falið ákæruvald, hverjum í sínu umdæmi. Málshöfðunarvald þeirra er takmarkað við mál út af brotum gegn umferðarlögum og áfengislögum, svo og brotum gegn öðrum lögum, nema almennum hegningarlögum, þar sem eigi er lögð þyngri refsing við broti en sektir eða varðhald, sbr. 1. mgr. 28. gr. frumvarpsins. Af þeim málum sem hér koma til greina skipta umferðarlagabrot mestu máli, þar á meðal ölvunarakstur, en slík mál eru mjög verulegur hluti þeirra opinberu mála sem koma til kasta dómstóla. Þó er þess að geta að mörgum slíkra mála mætti skv. 2. mgr. 115. gr. frumvarpsins

ljúka með stjórnvaldssekt. Mál þau sem lögreglustjórar höfða eiga þeir sjálfir að flytja í héraði, sbr. 2. mgr. 29. gr. frumvarpsins. En skv. 1. mgr. getur ríkissaksóknari einnig falið þeim flutning annarra mála í héraði. Heimildar þessarar mundi sjálfsagt einkum verða neytt í umdæmum sem liggja fjarri Reykjavík. Um framkvæmd ákæruvalds getur ríkissaksóknari sett almennar reglur, en einnig gefið fyrirmæli um einstök mál eða tekið mál sjálfur í sínar hendur, sbr. 1. mgr. 27. gr. frv.

Í 2. mgr. 28. gr. kemur fram að lögreglustjóri skal einungis höfða mál fyrir þeim héraðsdómi sem á lögsögu í umdæmi lögreglustjórans. Telji lögreglustjóri að málið eigi fremur að höfða í öðru umdæmi ætti hann að vísa því til ákvörðunar ríkissaksóknara.

Ríkissaksóknari er eftir sem áður æðsti handhafi ákæruvalds, en honum til aðstoðar eru vararíkissaksóknari, saksóknarar og fulltrúar, á sama hátt og nú tíðkast. Dómsmálaráðherra er ekki handhafi ákæruvalds, nema að því leyti sem lög mæla sérstaklega fyrir í einstökum tilvikum eins og áður segir. Hann getur því ekki gefið ríkissaksóknara fyrirmæli um einstök mál. Það nýmæli er þó sett í 2. mgr. 26. gr. að þyki ákvörðun ríkissaksóknara um niðurfellingu máls fjarstæð eða löglaus getur ráðherra lagt til við forseta Íslands að ákvörðunin verði felld úr gildi og mál höfðað. Þessi heimild nær hins vegar ekki til þess að fella úr gildi ákvörðun ríkissaksóknara um að mál skuli höfðað. Þá hefur dómsmálaráðherra á sama hátt og nú eftirlit með framkvæmd ákæruvalds, sbr. 1. mgr. 26. gr.

Ákvæði kaflans um lagaskilyrði til skipunar í embætti saksóknara þykja ekki þarfnast skýringa, en þó skal tekið fram að gert er ráð fyrir að nægilegt sé að skipaður saksóknari fullnægi skilyrðum til skipunar í starf héraðsdómara, sbr. 2. mgr. 25. gr. frumvarpsins, en í 6. mgr. 20. gr. núgildandi laga segir að saksóknarar skuli fullnægja sömu lagaskilyrðum og ríkissaksóknari, þ.e. skilyrðum til skipunar í embætti dómara við Hæstarétt.

Í síðari köflum frumvarpsins er orðið ákærandi notað víða um viðeigandi handhafa ákæruvalds í hverju tilfelli. Um vanhæfi ákæranda eru reglur í 30. gr. frumvarpsins er koma í stað 22. gr. núgildandi laga. Er í 3. mgr. 30. gr. gert ráð fyrir því að dómari meti það hvort ákærandi sé vanhæfur og geti vanhæfi ákæranda varðað frávísun máls frá dómi.

Í 31. gr. er ákvæði um skyldur ákærenda og rannsóknaraðila til þess að leysa starfa sinn af hendi með hlutlægni og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sektar og sýknu sakbornings.

Reglur um framkvæmd ákæruvalds, þar á meðal um heimildir til þess að falla frá saksókn, eru í XIV. kafla frumvarpsins um saksókn og undirbúning málsmeðferðar.

Um VI. kafla.

Í kafla þessum er leitast við að safna á einn stað almennum reglum um sakborning og réttarstöðu hans, þar á meðal rétt hans til málsvara.

Í 32. gr. segir að yfirheyrður maður eigi rétt á því að fá vitneskju um það, þegar kostur er, hvort hann sé yfirheyrður sem sakborningur eða vitni, sbr. 2. mgr., og sá sem yfirheyrður er sem sakaður skal fá upplýsingar um kæruefni, áður en hann er yfirheyrður, sbr. 1. mgr. Sakborningi er óskylt að svara spurningum um sakarefnið, sbr. 3. mgr. Reglur þessar eiga jafnt við um yfirheyrslu hjá lögreglu og fyrir dómi, sbr. hins vegar 1. mgr. 40. gr. (lögregluyfirheyrsla) og 1. mgr. 77. gr. (yfirheyrsla fyrir dómi) í núgildandi lögum. Sama er að segja um reglur 33. gr. frumvarpsins um það hvernig yfirheyrsla skal fram fara, sbr. 2. mgr. 40. gr. og 77. gr. núgildandi laga. Réttargæslumaður hefur, öfugt við talsmann, sömu réttindi og skyldur og verjandi. Þótt einvörðungu sé talað um verjanda í ýmsum ákvæðum frumvarpsins eiga þau því jafnt við um réttargæslumann eftir því sem við á.

Um málsvara sakbornings eru reglur í 34.–44. gr. Er hér greint á milli *verjanda*, sem dómari skipar, sbr. 34. og 35. gr., *réttargæslumanns* handtekins manns sem rannsóknari tilnefnir, sbr. 36. gr., og *talsmanns* sem sakborningur ræður á eigin kostnað, sbr. 37. gr.

Verjanda ber ævinlega að skipa er fram fer aðalmeðferð máls samkvæmt reglum XV. kafla, nema ákærði hafi ráðið sér talsmann eða honum sé leyft að flytja mál sitt sjálfur, sbr. 2. mgr. 34. gr. Í öðrum málum sem höfðuð hafa verið með ákæru skal einnig skipa ákærða verjanda ef hann óskar þess, b-liður 1. mgr. 34. gr. Er þetta nokkru víðtækari skylda en gert er ráð fyrir í 80. gr. núgildandi laga, en þess má þó geta að lítt mun hafa reynt á það að synjað hafi verið um skipun verjanda samkvæmt heimildum þeirrar greinar.

Við rannsókn máls ber dómara eftir ósk sakbornings að skipa sakborningi verjanda ef fram kemur krafa um gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 34. gr. Heimilt er dómara einnig að skipa verjanda á rannsóknarstigi máls ef svo stendur á sem í 35. gr. segir, sbr. 2. tölul. 3. mgr. og 5. mgr. 80. gr. núgildandi laga.

Í 4. mgr. 61. gr. núgildandi laga segir að handtekinn maður eigi rétt á skipuðum réttargæslumanni þegar eftir handtöku. Eigi segir þar hver skipa eigi réttargæslumann, en litið hefur verið svo á að dómari einn geti gert það. Hefur þetta valdið ýmsum erfiðleikum við beitingu ákvæðis þessa. Í stað þessa ákvæðis er í 36. gr. frumvarpsins sett sú regla að þegar sakborningur óski eftir réttargæslumanni við eða eftir handtöku skuli rannsóknari tilnefna hann, yfirleitt eftir ábendingu sakbornings, sjá 2. mgr. 36. gr., sbr. 39. gr. Slík tilnefning mundi falla úr gildi er handtöku lýkur.

Í 3. mgr. 81. gr. núgildandi laga er heimild til handa sakborningi til þess að ráða sér á eigin kostnað talsmann til þess að halda uppi vörnum fyrir sig. Þótt lítt hafi reynt á ákvæði þetta þykir þó rétt að halda heimild þessari, sjá 37. gr. frumvarpsins.

Í 38. gr. er gert ráð fyrir að yfirleitt skuli farið eftir ábendingu sakbornings við skipun verjanda og sama á við um réttargæslumann skv. 36. gr., sjá 2. mgr., sbr. 81. gr. núg. l.

39. gr. mælir fyrir um það hverja skipa megi verjanda, sbr. 82. og 85. gr. núgildandi laga.

Um afturköllun á skipun verjanda eru reglur í 40. gr. Eigi skal verða við ósk sakbornings um afturköllun ef það leiðir til tafar eða aukins kostnaðar. 2. mgr. svarar til lokaákvæðis 2. mgr. 84. gr. núgildandi laga.

Í 41. gr. frumvarpsins segir svo um hlutverk verjanda að það sé að færa fram í máli hvað það sem verða megi sakborningi til sýknu eða hagsbóta og gæta réttar hans í hvívetna. Í 2. mgr. er mælt svo fyrir að verjandi sjálfur skuli annast flutning máls, en fulltrúi hans eða annar lögmaður getur sótt þing fyrir hans hönd þegar um einstakar dómsathafnir er að ræða. Þetta mundi vafalaust geta átt einnig við réttargæslumann skv. 36. gr., sbr. annars 86. gr. núgildandi laga.

Um réttarstöðu verjanda eru reglur í 42. og 43. gr. frumvarpsins og fela þær m.a. í sér skýlausan rétt hans til þess að tala við sakborning í einrúmi, til þess að vera viðstaddur yfirheyrslur yfir sakborningi á rannsóknarstigi og til þess að fá gögn í hendur jafnskjótt og unnt er, sbr. hins vegar 86. og 87. gr. núgildandi laga. Þetta er nauðsynlegt til þess að verjandi geti rækt hlutverk sitt sem skyldi. Misnoti lögmaður rétt sinn sem verjandi með því að torvelda rannsókn með ólögmætum hætti getur dómari afturkallað skipun hans, sbr. 2. mgr. 40. gr., og neitað að skipa þann hinn sama verjanda í öðru máli, sjá niðurlag 2. mgr. 38. gr.

Rétt er að taka fram að 2. mgr. 42. gr. tekur einvörðungu til þess meðan mál er á rannsóknarstigi, en önnur ákvæði frumvarpsins eiga við málsmeðferð fyrir dómi, sbr. t.d. 3. mgr. 42. gr. og 2. mgr. 59. gr.

Um þóknun verjanda eru ákvæði í 44. gr. frumvarpsins, sbr. 2. og 3. mgr. 87. gr. núgildandi laga. Gangi ekki dómur ákveður dómari þóknun með bókun í þingbók eða skriflega með öðrum hætti. Formlegur úrskurður er óþarfur, en ákvörðun mætti skjóta til æðra dóms skv. 1. mgr. 142. gr. Þóknun réttargæslumanns er ákveðin af lögreglustjóra eða löglærðum fulltrúa hans, nema réttargæslumaður hafi verið skipaður verjandi í sama máli. Ágreining út af þessari ákvörðun mætti bera undir dómara skv. 75. gr. frumvarpsins.

Um VII. kafla.

Kafli þessi kemur í stað XIII. kafla núgildandi laga.

Ákvæði 45.–47. gr. eru í samræmi við 108. og 109. gr. núgildandi laga. Koma hér fram grundvallarreglurnar um að sönnunarbyrðin hvíli á ákæruvaldinu og um frjálst mat sönnunargagna.

Í 1. mgr. 48. gr. er sett sú meginregla að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem fram eru færð fyrir dómi við sjálfa málsmeðferðina. Ber þannig eigi að leggja til grundvallar utanréttarvottorð eða skýrslur vitna og annarra fyrir lögreglu o.s.frv., sbr. um þetta 3. mgr. 59. gr. Í 2. mgr. 48. gr. er þó veitt heimild til þess að meta sem sönnunargögn skýrslur sem gefnar hafa verið fyrir dómi utan málsmeðferðar og í 3. mgr. til þess að meta skýrslur vitna sem borið hafa fyrir lögreglu en eigi komið fyrir dóm. Mundi slíkt koma til greina, t.d. ef vitni er látið eða þess annars enginn kostur að ná til vitnis.

Um VIII. kafla.

Kafli þessi svarar til XII. kafla núgildandi laga og er í meginatriðum samhljóða. Hér verður gerð grein fyrir helstu breytingum frá núgildandi reglum.

Um undanþágur frá vitnisburði er mælt í 1. mgr. 50. gr., sbr. 89. gr. núgildandi laga. Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að dómari geti leyst aðra nákomna sakborningi frá vitnisburði, svo sem sambúðarfólk o.fl.

Í 1. mgr. 53. gr. er nýmæli um vitnaskyldu þeirra sem ábyrgð bera á efni prentaðs rits eða annars efnis sem birt er opinberlega. Þeir eru undanþegnir vitnaskyldu nema um meiri háttar brot sé að ræða. Ákvæði þetta er sniðið eftir 172. gr. dönsku réttarfarslaganna.

Að öðru leyti eru reglur 50.–55. gr. frumvarps um undanþágur frá og bann við vitnisburði efnislega að mestu í samræmi við ákvæði 89.–95. gr. núgildandi laga.

Í 1. mgr. 58. gr. er gert ráð fyrir að dómari gefi út kvaðningu til vitnis eftir því sem aðilar krefjast, en ákærandi sjái um birtingu. Sjá ákvæði 128. gr. frumvarpsins þar sem segir að í þinghaldi til undirbúnings aðalmeðferð skuli gengið úr skugga um það m.a. hvaða vitni verði leidd. Í kvaðningu þarf að tilgreina hvar og hvenær þinghald fari fram og hvaða mál um sé að ræða, enn fremur þarf að skírskota til reglna 2. mgr. greinarinnar um að færa megi vitni fyrir dóm með valdi eða gera því sekt ef það sinnir ekki vitnakvaðningu. Reglur 2. mgr. 58. gr. um brot gegn vitnaskyldu koma í stað 99. gr. núgildandi laga, sbr. 131. gr. einkamálalaga.

59. gr. mælir fyrir um framkvæmd vitnaleiðslu, sbr. 100. og 102. gr. núgildandi laga. Sú breyting er lögð til að eið- og heitfestingar skuli ekki fara fram, nema í þeim undantekningartilvikum sem getið er í 60. gr. Í 2. mgr. 59. gr. er gert ráð fyrir að dómari geti gefið málflytjendum kost á að spyrja vitni beint og er það í samræmi við það sem nokkuð hefur tíðkast þótt 102. gr. núgildandi laga sýnist miða við að dómari einn spyrji, sjá þó 134. gr. núgildandi laga. Í 6. mgr. er mælt svo fyrir að dómari geti, ef sérstaklega stendur á, ákveðið að sakborningur skuli víkja úr dómi meðan skýrsla er tekin af vitni. Meðan á rannsókn stendur mundu skýrslur af vitni yfirleitt vera teknar án viðurvistar sakbornings, en við aðalmeðferð máls er hins vegar gert ráð fyrir að ákærði sé viðstaddur sönnunarfærslu og geymir 6. mgr. 59. gr. undantekningu frá þeirri reglu. Þótt ákærði sé látinn víkja úr dómi meðan vitni er leitt á verjandi hans skýlausan rétt á að vera viðstaddur.

61. gr. er í samræmi við 103. gr. núgildandi laga. Úrskurð um atriði er vitni varða má kæra til Hæstaréttar skv. 1. og 2. mgr. 142. gr. frumvarpsins og getur vitni sjálft verið aðili að kærumáli, sjá 141. gr. Ákvæði 63.–65. gr. um mat og skoðun þykja ekki þarfnast skýringa.

Um IX. kafla.

Í kafla þessum er að finna almennar reglur um rannsókn máls, en með rannsókn er hér átt við þær aðgerðir sem miða að því að gera ákæranda fært að ákveða hvort mál skuli höfðað og

að því að afla nauðsynlegra gagna til þess að undirbúa málsmeðferð fyrir dómi, sbr. 67. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að rannsókn verði að öllu leyti í höndum lögreglu og ákæruvalds, 1. mgr. 66. gr. frumvarpsins, en dómsrannsóknir þær, sem um ræðir í 74. gr. núgildandi laga, verði lagðar niður, enda hafa þær lítt eða ekki tíðkast eftir að lög nr. 107/1976 voru sett.

Í núgildandi lögum er reglur um lögreglurannsóknir að finna í V. kafla laga nr. 74/1974, en um rannsókn fyrir dómi í X. kafla. Margar af reglum V. kafla eiga fremur heima í lögum um lögreglumenn, sjá t.d. 33. og 34. gr. Ýmsar af öðrum reglum V. kafla eru leiðbeiningar til lögreglumanna um atriði er þeim beri að hafa í huga í starfi sínu, sbr. t.d. mörg atriði 40. gr.

Í þessu frumvarpi hefur verið farin sú leið að stytta og einfalda mjög reglur um rannsókn. Nánari reglur um framkvæmd rannsóknar þykja ekki nauðsynlegar né heppilegar í lagatexta. Er eðlilegra að slíkar reglur séu settar í fyrirmælum til lögreglumanna. Hefur verið höfð hliðsjón af þeirri breytingu sem gerð var á réttarfarslögum Dana þegar dómsrannsóknir (forunders gelse) voru lagðar niður árið 1978.

Reglur sem varða einungis skipulag ákæruvalds, verksvið hinna ýmsu ákærenda o.þ.h., verða settar af ríkissaksóknara skv. 1. mgr. 27. gr. frumvarpsins.

2. mgr. 66. gr. frumvarpsins svarar til 2. mgr. 32. gr. núgildandi laga. Skal rannsókn hafin vegna grunar eða vitneskju um refsivert athæfi, hvort sem kæra hefur borist eða ekki.

Ákvæði 3. mgr. 66. gr. svarar að nokkru til 12. tölul. 2. gr. núgildandi laga. Er hér gert ráð fyrir að rannsókn fari fram út af ýmiss konar slysum og óförum, svipað og nú tíðkast. Oft leikur grunur á því, þegar svo stendur á, að lagabrot hafi verið framið, t.d. að umferðarslys hafi leitt af ógætni í akstri. Rétt hefur samt þótt að taka fram að rannsókn skuli fara fram þótt enginn sérstakur grunur liggi fyrir um refsivert athæfi. Í sérlögum er stundum kveðið á um opinbera rannsókn og haldast slík ákvæði, sbr. þó ýmsar breytingar sem lagðar eru til í 195. gr., sbr. t.d. 23. gr. laga nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál.

Í 68. gr. eru tilgreind til leiðbeiningar ýmis atriði er rannsókn skal beinast að, en slík upptalning verður vitaskuld aldrei tæmandi, sbr. það sem áður var sagt. Í 69. gr. eru reglur um framkvæmd rannsóknar. Í 1. mgr. segir að rannsóknari taki skýrslur af sakborningum og vitnum. Þá eru reglur sem miða að því að treysta réttaröryggi sakbornings og svara þær til 3.–6. mgr. 40. gr. núgildandi laga.

1. mgr. 70. gr. er sama efnis og 6. tölul. 35. gr. núgildandi laga, en 2. mgr. kemur í stað 106. gr. núgildandi laga.

Í 71. gr. eru ákvæði um rannsókn er varðar persónu sakborninga, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 75. gr. núgildandi laga. Hér er leitast við að setja nokkru skýrari ákvæði um rannsókn á geðhögum sakbornings. Er gert ráð fyrir að gagnger geðheilbrigðisrannsókn verði því aðeins látin fara fram að sérstakur grunur leiki á því að sakborningur sé ósakhæfur, sbr. 15. gr. almennra hegningarlaga, eða að svo standi á sem í 16. gr. sömu laga segir. Geðheilbrigðisrannsóknir hafa hingað til verið tíðkaðar í miklu fleiri tilvikum og verður að telja æskilegt að dregið verði úr þeim. Gert er ráð fyrir að þegar ástæða er til fari fram einföld athugun læknis eða sálfræðings á sakborningi, og ætti þá í flestum tilfellum að vera hægt að gera sér ljóst hvort þörf er á eiginlegri geðrannsókn. Ákvæði 71. gr. eru að öðru leyti í samræmi við 75. gr. núgildandi laga.

Í 1. mgr. 72. gr. segir að rannsóknari skuli semja skýrslu um rannsóknina. Eiga þar að koma fram athuganir hans sjálfs, svo og skýrslur þær sem hann tekur af sakborningi og vitnum. Er þetta í samræmi við það sem tíðkast hefur. Skýrslu sakbornings eða vitnis má þó, ef sérstaklega stendur á, hljóðrita eða taka upp á myndband. Hér eru sérstaklega hafðar í huga yfirheyrslur yfir börnum, en einnig í öðrum tilvikum gæti verið hentugt að hljóðrita skýrslu,

t.d. skýrslu sem tekin er af sjúklingi í sjúkrahúsi. 73. gr. er efnislega samhljóða 41. gr. núgildandi laga.

Enda þótt stjórn rannsóknar verði ekki framvegis í höndum dómara er þó nauðsynlegt að atbeini dómara komi til í vissum tilvikum. Koma hér fyrst og fremst til greina fyrirmæli um að tilteknar aðgerðir megi ekki fara fram nema samkvæmt dómsúrskurði, t.d. leit og gæsluvarðhald. Í annan stað geta yfirheyrslur fyrir dómi á rannsóknarstigi verið nauðsynlegar eða heppilegar. Sem dæmi má nefna yfirheyrslu vitnis sem líkur eru til að ekki náist til við málsmeðferð, yfirheyrslu barns eða ef vitni neitar að gefa skýrslu hjá lögreglu. Einnig getur verið rétt að sakborningur verði leiddur fyrir dóm, t.d. ef hann hefur játað á sig alvarlegt brot.

74. gr. frumvarpsins fjallar um þær aðgerðir dómara sem nú var lýst. Svarar greinin að miklu leyti til 1. og 2. mgr. 73. gr. núgildandi laga. Það skal athuga að synjunarúrskurð dómara um aðgerðir samkvæmt þessari grein getur sá sem þeirra hefur beiðst kært til Hæstaréttar skv. 142. gr. frumvarpsins, sbr. 141. gr., en ekki ríkissaksóknari einn eins og nú er.

Þar sem stjórn rannsóknar er að öllu leyti tekin úr höndum dómara þykir nauðsynlegt að aðilar (rannsóknari, sakborningur eða verjandi hans) geti borið undir dómara ágreiningsefni er kunna að geta risið við rannsóknina. Um þetta fjallar 75. gr. sem sniðin er eftir 1. mgr. 746. gr. dönsku réttarfarslaganna. Undir dómara má því bera hvort tilteknar aðgerðir rannsóknara séu lögmætar. Hins vegar er ekki ætlast til þess að dómari leysi úr því hvort aðgerð sé nauðsynleg eða æskileg. Óski sakborningur eftir tilteknum aðgerðum, sem rannsóknari telur óþarfar, mætti bera undir dómara hvort þær séu nauðsynlegar. Þá má einnig skjóta til dómara ágreiningi sem varðar réttarstöðu sakbornings eða verjanda. Ef aðili óskar skal dómari leysa úr ágreiningi með úrskurði sem aðili gæti kært skv. 142. gr. frumvarpsins.

Um lok rannsóknar er fyrir mælt í 76. og 77. gr. Er 76. gr. í aðalatriðum sama efnis og 42. gr. núgildandi laga, en 77. gr. kemur í stað 8. mgr. 40. gr. núgildandi laga. Það nýmæli er í 1. mgr. 77. gr. að rannsóknari skuli í lok skýrslu sinnar draga saman hvað hann telur rannsókn hafa leitt í ljós af atriðum er leitt geti til saksóknar. Með því yrði þeim ákæranda sem taka á ákvörðun um saksókn auðveldað mjög að setja sig inn í rannsóknina og átta sig á hvað þar hafi komið fram. Orðin „að jafnaði“ í málsgreininni veita svigrúm til þess að slíkri samantekt verði sleppt þegar um einföld mál er að ræða þar sem augljóst er að hverju rannsóknin hefur beinst. Ekki hefur þótt rétt að setja í lög nánari reglur um form og gerð greinargerðar þessarar, heldur þykir rétt að þær mótist í framkvæmd. Vísað er hér til heimildar í 1. mgr. 27. gr. til handa ríkissaksóknara til þess að setja almennar reglur um framkvæmd rannsóknar.

Að öðru leyti þykja reglur 76. og 77. gr. frumvarpsins ekki þarfnast skýringa.

Um X. kafla.

Kafli þessi fjallar í fyrsta lagi um þau atriði sem VI. kafli núgildandi laga tekur til en einnig um önnur efni.

78. gr. frumvarpsins mælir fyrir um hald á munum og er 1. mgr. samhljóða 43. gr. núgildandi laga., en 2. mgr. kemur í stað 45. gr. núgildandi laga.

1. mgr. 80. gr. kemur í stað 44. gr. núgildandi laga um hald á bréfum, símskeytum og munum sem eru í vörslum Pósts og síma. Gert er ráð fyrir að ætlað brot verði að geta varðað þyngri refsingum en sektum. Í núgildandi lögum er miðað við að brot þurfi að geta varðað 100 þús. kr. sekt. Ákvæði er um skyldu til að tilkynna slíkt hald sendanda og viðtakanda sendingar. Dómsúrskurð þarf til rannsóknar á efni og innihaldi sendinga og er það ákvæði efnislega samhljóða lokaákvæði 44. gr. núgildandi laga.

Í 2. mgr. 80. gr. er nýtt ákvæði sem gerir ráð fyrir að undangenginn dómsúrskurð þurfi til þess að leggja hald á prentað mál til undirbúnings upptöku samkvæmt ákvæðum laga um

prentrétt. Er ákvæðið að nokkru sniðið eftir 2. mgr. 783. gr. dönsku réttarfarslaganna. Annars er almennt gert ráð fyrir að hald megi leggja á muni án dómsúrskurðar, en 79. gr. segir að sá sem hald beinist gegn geti borið ákvörðun um það undir dómara skv. 75. gr. frumvarpsins og að honum skuli bent á þennan rétt. Um þetta eru ekki skýr ákvæði í núgildandi lögum, en í framkvæmd hafa ágreiningsefni um hald verið borin undir dómara á þennan hátt og felur 79. gr. því ekki í sér neina breytingu frá því sem tíðkast hefur.

Í 81. og 82. gr. eru settar nánari reglur um framkvæmd halds og um hvernig því ljúki. Er hér um að ræða nýmæli sem þó eru í aðalatriðum í samræmi við þá framkvæmd sem tíðkast hefur.

83. gr. frumvarpsins er samhljóða 46. gr. núgildandi laga.

Ákvæði 84. gr. er 36. gr. núgildandi laga óbreytt. Þykir ákvæðið eiga heima í þessum kafla.

Ákvæði um kyrrsetningu á eignum sakbornings er að finna í 144. gr. núgildandi laga í kafla um sakarkostnað. Þykir fara betur að það sé tekið upp í þennan kafla og er það gert með 85. gr. frumvarpsins. Ákvæðið er á nokkuð annan veg en 144. gr., sem gerir ráð fyrir að dómari eigi frumkvæði að kyrrsetningu. Þar sem dómarar fara ekki með rannsókn máls samkvæmt lögunum er gert ráð fyrir í 85. gr. að ákærandi krefjist kyrrsetningar. Þá verður kyrrsetningu ekki einungis beitt til tryggingar sakarkostnaði, skaðabótum og upptöku, eins og nú er, heldur einnig sektum. Þá er og fellt niður ákvæðið um önnur afskipti dómara af kyrrsetningu. Að öðru leyti er ákvæðið í aðalatriðum í samræmi við 144. gr. núgildandi laga.

Loks eru í þessum kafla ákvæði um hlustun síma og aðrar skyldar ráðstafanir að verulegu leyti sniðin eftir 71. kafla dönsku réttarfarslaganna. Í 47. gr. núgildandi laga segir að úrskurða megi hlustun í síma sökunautar þegar öryggi ríkisins krefst eða þegar um mikilsverð sakamál sé að ræða. Nauðsynlegt þótti að setja mun skýrari ákvæði um beitingu þessa úrræðis og setja henni þröngar skorður. Er þetta gert í 86. gr. og 87. gr. frumvarpsins sem reyndar taka til fleiri atriða en eiginlegrar símahlustunar. Í c-lið 86. gr. ræðir um hljóðupptökur, aðrar en símahlustun, og d-liður um myndatöku án þess að þeir sem í hlut eiga viti af því. Til þessara ráðstafana þarf undanfarandi dómsúrskurð, nema sá sem í hlut á gefi samþykki sitt. Rétthafi símanúmers getur þannig samþykkt hlustun og upptöku á símtölum í og úr því númeri. Þessum úrræðum verður því aðeins beitt að um meiri háttar sakarefni sé að ræða og ástæða sé til að ætla að gögn sem máli skipta fáist með þessum hætti, sbr. 2. mgr. 87. gr. Í 88. gr. er mælt fyrir um eyðingu gagna sem aflað er á þennan hátt og skyldu til þess að kynna ráðstafanirnar þeim sem hlut eiga að máli þegar slíkt er óhætt vegna rannsóknar máls. Þetta síðastnefnda atriði ætti að tryggja að ekki verði gripið til þeirra ráðstafana sem hér um ræðir, nema í algerum undantekningartilvikum.

Um XI. kafla.

Kafli þessi um leit kemur í stað VII. kafla núgildandi laga, en ekki er um verulegar efnisbreytingar frá ákvæðum þess kafla að ræða.

89. gr. frumvarpsins fjallar um húsleit, sbr. 48. og 49. gr. núgildandi laga. Fellt er burt það skilyrði húsleitar að brot verði að varða hið minnsta 100 þús. kr. sekt eða sekt og upptöku til þess að leit megi heimila. Dómsúrskurð þarf til leitar, sbr. 1. mgr. 90. gr., nema sá sem í hlut á samþykki leit eða ef hætta þykir á sakarspjöllum ef beðið er úrskurðar, sbr. 2. mgr. Í 51. gr. núgildandi laga er samþykki ekki nefnt, en í reynd hefur verið talið að í slíkum tilfellum sé dómsúrskurður óþarfur.

91. gr. er efnislega samhljóða 50. gr. núgildandi laga.

92. gr. fjallar um líkamsleit og er nokkru fyllri en 54. gr. og 55. gr. núgildandi laga, sérstaklega um rannsókn á líkama, leit að efnum sem falin kunna að vera innvortis, töku blóð-

og þvagsýna og töku fingrafara og mynda, sbr. 57. gr. núgildandi laga. Dómsúrskurð þarf til líkamsleitar og líkamsrannsóknar, nema sá samþykki sem í hlut á eða ef hætta er á að bið eftir úrskurði valdi sakarspjöllum, sbr. 93 gr. frumvarpsins.

Í 94. og 95. gr. er mælt fyrir um það hvernig leit skuli fram fara. Eru þessi ákvæði verulega fyllri en ákvæði núgildandi laga, sbr. 52., 53., og 2. mgr. 56. gr.

Í 96. gr. frumvarpsins er loks ákvæði er svarar til 58. gr. núgildandi laga um að haldast skuli sérákvæði í lögum um húsleit, líkamsleit og líkamsrannsóknir. Sem dæmi um slík ákvæði má nefna 23. gr. laga um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, og 2. mgr. 42. gr. laga nr. 55/1987, um tollheimtu og tollaeftirlit, enn fremur 2. mgr. 101. gr. frumvarpsins.

Um XII. kafla.

Ákvæði þessa kafla um handtöku koma í stað ákvæða VIII. kafla núgildandi laga, og eru nokkuð frábrugðin þeim. Í VIII. kafla núgildandi laga er miðað við að rannsókn máls sé í höndum dómara. Hafa ákvæði kaflans því að ýmsu leyti ekki átt við eftir setningu laga nr. 107 1976, um breytingu á lögum nr. 74/1974.

97. gr. mælir fyrir um handtöku manns vegna rannsóknar opinbers máls. Er hér gert ráð fyrir að það séu almennt lögreglumenn (rannsóknarar) sem ákveði handtöku. Áherslu ber að leggja á þau skilyrði sem koma fram í 1. mgr., þ.e. grun um brot sem varðar opinberri saksókn og að handtaka sé nauðsynleg til þess að afstýra áframhaldandi brotum til þess að tryggja návist sakbornings og öryggi eða koma í veg fyrir að hann spilli sönnunargögnum. 2. mgr. greinarinnar kemur í stað 60. gr. núgildandi laga.

Í 3. mgr. 97. gr. eru nýmæli um rýmkaða handtökuheimild þegar um er að ræða uppþot sem veldur hættu á líkamsmeiðingum eða stórfelldum eignaspjöllum. Ákvæði þetta er sniðið eftir 2. mgr. 755. gr. dönsku réttarfarslaganna.

Ákvæði um rétt manns til réttargæslumanns, sbr. nú 4. mgr. 61. gr. núgildandi laga, er í frumvarpinu að finna í 36. gr. Á það við þegar um er að ræða handtöku skv. 97. gr. 98. gr. ræðir um rétt lögreglu til þess að handtaka mann af ýmsum öðrum ástæðum en 97. gr. tekur til. Þykja ákvæði þessi ekki þarfnast skýringa.

Í 99. gr. eru ákvæði um handtökuskipun dómara. Handtökuskipun skv. 1. mgr. gæti t.d. komið til greina ef leita þyrfti til erlendra yfirvalda um handtöku. 2. mgr. svarar til 2. mgr. 59. gr. núgildandi laga.

100. gr. kemur í stað 2. mgr. 59. gr. núgildandi laga. Þó skal bent á að hér er einungis miðað við handtöku skv. 97. gr., þ.e. handtöku vegna rannsóknar opinbers máls.

Í 101. gr. eru reglur um framkvæmd handtöku. Í 2. mgr. er sérákvæði um leit á föngum, sbr. 96. gr. Svarar 3. mgr. til ákvæðis í 64. gr. núgildandi laga.

Í 102. gr. er mælt fyrir um að handtekinn maður skuli leiddur fyrir dóm án undandráttar, sbr. 65. gr. stjórnarskrárinnar og 63. gr. núgildandi laga.

Um XIII. kafla.

Í þessum kafla eru reglur um gæsluvarðhald og eru þær að miklu leyti á sama veg og í VIII. kafla núgildandi laga.

Í 1. mgr. 103. gr. segir um skilyrði til þess að gæsluvarðhaldi verði beitt, að fyrir þurfi að liggja rökstuddur grunur um brot sem varðað geti fangelsi, sbr. 3. mgr. 65. gr. stjórnarskrár og 1. mgr. 69. gr. núgildndi lasga og auk þess eitthvert þeirra skilyrða sem talin eru í a–d-liðum málsgreinarinnar, þ.e. að hætta sé á að sakborningur muni torvelda rannsókn, sbr. 1. tölul. 67. gr. núgildandi laga, að hætta sé á að hann muni reyna að koma sér undan, sbr. nú 2. og 3. tölul. 67. gr., að hann muni halda áfram afbrotum meðan máli er ólokið, sbr. nú 5. tölul. 67. gr., eða að þörf þyki að verja aðra fyrir árásum sakbornings eða hann sjálfan fyrir árás eða áhrifum annarra, sbr. nú 6. tölul. 67. gr. Ákvæði 4. tölul. 67. gr. núgildandi laga er ekki tekið

hér upp, en í stað þess er í 2. mgr. 103 gr. frumvarpsins ákvæði um gæsluvarðhald í mjög stórfelldum málum þótt skilyrðum a–d-liða 1. mgr. sé ekki fullnægt, enda sé brot þess eðlis að ætla megi gæsluvarðhald nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna. Í sambandi við þetta ákvæði skal vísað til 6. gr. frumvarpsins um vanhæfi dómara og athugasemda við það ákvæði.

Ákvæði 104. gr. eru í samræmi við 1. mgr. 49. gr. stjórnarskrár, sbr. 2. tölul. 69. gr. núgildandi laga.

Um meðferð gæsluvarðhaldsmáls segir í 1. mgr. 105. gr. frumvarpsins. Verjanda ber að skipa ef sakborningur óskar (a-liður 1. mgr. 34. gr. frumvarpsins og einnig ætti að skipa verjanda án óskar ef svo stendur á sem í 2. mgr. 35. gr. frumvarpsins segir. Sakborningi eða verjanda skal gefinn kostur á að tjá sig um kröfuna, en ekki er gert ráð fyrir eiginlegum málflutningi, enda ber dómara að jafnaði að úrskurða um kröfuna í sama þinghaldi. Þó má hann fresta uppkvaðningu úrskurðar í allt að sólarhring, sbr. 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrár, en ætlast er til að það verði einungis gert í undantekningartilvikum.

Í 2. mgr. 105. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að sá sem beiðst hefur gæsluvarðhalds skuli láta mann lausan þegar eigi er lengur þörf á gæslu. Er þannig ekki lengur miðað við að það sé dómari sem fellir gæsluvarðhaldsúrskurð úr gildi eins og 66. gr. núgildandi laga gerir ráð fyrir, enda er fyrirkomulag rannsókna nú annað en þegar það ákvæði var sett. Í reynd hefur sá sem með rannsókn máls fer ákveðið að láta mann lausan úr gæslu ef hún er eigi talin lengur nauðsynleg og felur 2. mgr. því ekki í sér breytingar frá því sem tíðkast hefur.

Í 106. gr. frumvarpsins er ákvæði um gæsluvarðhald eftir að dómur gengur, þ.e. meðan áfrýjunarfrestur stendur og meðan mál er til meðferðar fyrir Hæstarétti ef því er að skipta. Gæsluvarðhaldi hefur verið beitt samkvæmt núgildandi ákvæðum þegar svo stóð á, en rétt þykir að sett verði um þetta skýrt ákvæði.

107. gr. frumvarpsins svarar til 68. gr. núgildandi laga.

Reglur 108. gr. frumvarpsins um framkvæmd gæsluvarðhalds koma í stað 70. gr. núgildandi laga og eru töluvert breyttar. Ekki er gert ráð fyrir að gæslufangar séu hafðir í einrúmi nema þegar rannsóknarnauðsynjar krefjast eða ef þeir kjósa sjálfir. Þá eru reglur um rétt fanga til þess að fá heimsóknir, til þess að taka við bréfum og skjölum og hafa aðgang að fjölmiðlum. Einungis má takmarka þessi réttindi ef nauðsyn er vegna rannsóknarinnar og er það sá sem rannsókn stýrir sem slíkar takmarkanir setur, en ekki dómari eins og gert er ráð fyrir í 70. gr. núgildandi laga, enda stýra dómarar ekki lengur rannsókn.

109. gr. kemur í stað 71. gr. núgildandi laga um tryggingu í stað gæsluvarðhalds. Þykir rétt að halda úrræði þessu þótt lítt hafi á það reynt, enda getur trygging naumast komið í stað gæsluvarðhalds af öðrum ástæðum en þeim að hætta sé á að sakborningur komi sér undan.

110. gr. mælir fyrir um ferðabann sem dómari getur lagt á sakborning, sbr. upphafsákvæði 72. gr. núgildandi laga, enn fremur um vistun sakbornings á sjúkrahúsi eða annarri viðeigandi stofnun ef heilsu eða högum sakbornings er svo háttað að gæsluvarðhaldi verður ekki við komið.

Um XIV. kafla.

Í þessum kafla ræðir um saksókn og undirbúning málsmeðferðar þegar mál er höfðað með ákæru, en einnig um það hvernig máli verði lokið án málshöfðunar.

Regla 111. gr. er efnislega óbreytt saksóknarregla 24. gr. almennra hegningarlaga, en greinin þykir eiga heima í réttarfarslögum.

112. gr. fjallar um það er mál er fellt niður af því að rannsókn hefur ekki leitt í ljós atriði sem nægileg þyki eða líkleg til sakfellis. Um tilkynningu til kæranda sjá 114. gr.

Þótt fram hafi komið gögn sem næg þyki til málshöfðunar koma þó einatt fyrir tilvik þar sem svo stendur á að rétt sé að falla frá saksókn. Í 2. mgr. 113. gr. er leitast við að setja reglur

er veiti ákæruvaldinu hæfilegt svigrúm í þessum efnum. Hefur verið höfð hliðsjón af ákvæðum í ýmsum erlendum réttarfarslögum að þessu leyti. Heimildum þessum verður vitaskuld að beita af varúð.

114. gr. mælir svo fyrir að þeim sem misgert var við skuli tilkynnt um það, eftir því sem ástæða þyki, ef mál er fellt niður skv. 112. gr. eða fallið er frá saksókn skv. 113. gr. Er hér einkum átt við að sá sem kært hefur brot eða óskað eftir rannsókn fái vitneskju um afdrif kæru, sbr. einnig 76. gr. frv.

Gert er ráð fyrir að meira kveði að því en nú er að máli megi ljúka með sektargjaldi, er stjórnvöld leggi á, ef sakborningur samþykkir slík málalok. Í 1. mgr. 115. gr. er ákvæði er svarar efnislega til 3. mgr. 112. gr. núgildandi laga. Sektarmörk á þó að ákveða í reglugerð. Hér eru einkum hafðar í huga sektargerðir lögreglumanna vegna ýmiss konar umferðarbrota, svo sem nú tíðkast.

2. mgr. 115. gr. frumvarpsins svarar til 2. mgr. 112. gr. núgildandi laga. Hér nær þó heimildin til allra þeirra brota sem lögreglustjóri hefur ákæruvald um, sbr. 28. gr. Er heimildin þannig rýmkuð frá því sem nú er. Þess er þó að geta að í reynd mun heimild þessi einkum koma til greina við brot gegn umferðarlögum. Rýmkunin mun þó geta skipt máli þannig að t.d. mætti ljúka málum út af ýmsum brotum gegn loftferðalögum og fleiri lögum samkvæmt ákvæðinu. Þá er hér tekin upp heimild til þess að sakborningur geti sæst á missi ökuleyfis allt að einu ári með þessum hætti. Í sambandi við það skal þess getið að vegna ítrekunaráhrifa, sem umferðarlög ákveða þegar um er að ræða ökuleyfismissi vegna ölvunar við akstur, er nauðsynlegt að setja í reglugerð skv. 19. gr. frumvarpsins að sektargerðir lögreglustjóra skuli, ef svo stendur á, skráðar í sakaskrá.

Í 3. mgr. 115. gr. frumvarpsins er það nýmæli að lögreglustjóri getur valið um það, ef sakborningur greiðir ekki sekt sem hann hefur undirgengist skriflega, að ákveða saksókn fyrir dómi (gefa út ákæru og leggja fyrir viðeigandi dómara), eða þá að krefjast fullnustu sektarinnar með aðför, sbr. í því sambandi breytingu þá á 2. mgr. 4. gr. aðfararlaga, nr. 90 1989, sem til er lögð í 23. tölul. 195. gr. þessa frumvarps.

116. gr. mælir fyrir um hina eiginlegu saksókn, þ.e. þegar ákæruvald leggur mál fyrir dóm til úrlausnar.

Þess er hér að geta að ákvæði 1. mgr. 112. gr. núgildandi laga eru hér ekki tekin upp. Mál eru þannig ekki send dómstóli með beiðni um að þeim verði lokið með „dómsátt", svo sem tíðkast hefur. Mál verða ævinlega lögð fyrir dóm með útgáfu ákæru. Hins vegar helst áfram heimild til þess að slíkum málum verði, þegar skilyrði eru til, lokið með því að sakborningur undirgangist sekt, sbr. 124. gr. frumvarpsins og athugasemdir við þá grein hér á eftir.

Mál er, svo sem nú tíðkast, höfðað með því að þar til bær ákærandi gefur út ákæru og leggur hana fyrir dóm. Um form ákæru er mælt í 116. gr. frumvarpsins. Þær reglur eru svipaðar tilsvarandi ákvæðum í 115. gr. núgildandi laga. Greina skal dómstól þann sem mál er höfðað fyrir, sakborning og deili á honum, atferli það sem honum er gefið að sök og refsiákvæði sem við eiga. Tekið skal fram að mál sé höfðað til refsingar. Er það í samræmi við 115. gr. núgildandi laga og þykir rétt að halda því þar sem fyrir kemur að opinbert mál sé höfðað einungis til þess að koma fram öðrum viðurlögum, sbr. 2. mgr. 1. gr. Í réttarfarslögum annarra landa er annars ekki gert ráð fyrir að sérstaklega sé gerð krafa um refsingu. Ekki er ætlast til að krafa sé gerð um tiltekna refsingu, enda er dómstóll óbundinn af kröfum og málflutningi ákæruvalds að því leyti, sjá 2. mgr. 117. gr. Þá á dómari ekki að dæma önnur refsilæg viðurlög, svo sem upptöku og réttindasviptingu, nema þess sé sérstaklega krafist í ákærunni. Sú breyting er hins vegar gerð að ekki þarf sérstaklega að gera kröfu um sakarkostnað og á dómari að ákveða hann eftir fyrirmælum XIX. kafla án sérstakrar kröfu um það.

Loks skal greina fébótakröfur skýrt, sbr. 2. mgr. Er ætlast til þess að þær liggi ótvírætt fyrir er mál er höfðað, sbr. 171. gr., en athuga ber þó undantekningu sem þar er að finna frá þessari reglu.

1. mgr. 117. gr. frumvarpsins er efnislega í samræmi við 3. mgr. 118. gr. núgildandi laga, en 2. mgr. samsvarar ákvæðum í 138. gr. núgildandi laga.

1. mgr. 118. gr. frumvarpsins svarar til 1. mgr. 118. gr. núgildandi laga. 2. mgr. segir ótvírætt að ákærandi geti afturkallað ákæru fram til þess að dómur gengur. Mun það í samræmi við það sem nú er talið þótt skýr ákvæði vanti.

1. mgr. 119. gr. svarar til 120. gr. núgildandi laga, en miðað er við útgáfu ákæru en ekki birtingu.

2. mgr. fjallar um sendingu ákæru til dóms ásamt nauðsynlegum gögnum. Sé ljóst að aðalmeðferð fari fram, sjá 128. og 129. gr., skal ákærandi senda skrá um gögn sem fram á að færa, sbr. 132. gr. núgildandi laga.

Í frumvarpi þessu er í 120. gr. það nýmæli að dómari ákveði fyrirtöku máls, sem fyrir hann hefur verið lagt, með útgáfu fyrirkalls. Fyrirkallið er yfirlýsing dómara um að málið verði tekið fyrir á tilteknum stað og tíma. Það kemur í stað áritunar þeirrar á ákæru sem gert er ráð fyrir í 4. mgr. 115. gr. núgildandi laga. Fyrirkallið mundi ritað á þar til gerð eyðublöð og vera eins konar fylgiskjal með ákæru. Þó gæti það verið skráð aftan við ákæruna sjálfa og er ekkert því til fyrirstöðu að ákærur séu stílaðar á eyðublöð þar sem einnig sé gert ráð fyrir áritun um fyrirkall. Ef dómari telur skilyrði til þess að mál verði dæmt að sakborningi fjarstöddum, sbr. 126. gr., þarf að taka það skýrt fram í fyrirkalli. Ef gallar eru á málatilbúnaði má dómari synja um útgáfu fyrirkalls, skv. 3. mgr. 119. gr. Getur ákærandi þá bætt úr þeim ágöllum sem dómari telur vera á undirbúningi máls eða krafist úrskurðar dómara um synjunina, en synjunar-úrskurð gæti hann kært til æðra dóms skv. 142. gr.

Nú gefur dómari út fyrirkall og sér lögreglustjóri þá um birtingu, sbr. 2. mgr. 120. gr. Er gert ráð fyrir að sakborningur beri þá fram ósk um verjanda ef því er að skipta. Dómari skipar verjanda, sbr. 121. gr.

Hér skal að lokum vísað til ákærureglna IV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, (24.–30. gr.) og reglna 56. gr. um frestun ákæru, sem einnig eru reglur varðandi saksókn. Hefði út af fyrir sig mátt leggja til að þau ákvæði hegningarlaga yrðu felld úr gildi og setja tilsvarandi ákvæði í frumvarp þetta. Sú leið er þó farin að hagga ekki við ákærureglum hegningarlaga, nema 30. gr., sjá 42. tölul. 194. gr. frumvarpsins, þar sem skírskotað er til laga nr. 82/1961.

Um XV. kafla.

Hér er að finna reglur um meðferð mála í héraði og er um veruleg nýmæli að ræða, sbr. XV. kafla núgildandi laga.

Í 122. gr. frumvarpinu segir um upphaf málsmeðferðar. Í fyrsta þinghaldi er mál þingfest með framlagningu ákæru og annarra gagna. Mál má eigi taka fyrir nema fyrirkall hafi verið birt ákærða, en undantekning er þó gerð ef hann sækir þing. Sé ákærði í gæsluvarðhaldi eða að afplána refsivist mætti þannig þingfesta mál ef hann er sóttur til þinghalds.

Skylt er að þing sé sótt af hálfu ákæruvaldsins, sbr. 123. gr. Ef það er ekki gert mundi þingfesting að vísu fara fram, en máli yrði ekki lokið, heldur yrði að fresta því.

Í þessu fyrsta þinghaldi ber fyrst að athuga hvort fram kemur krafa um frávísun máls. Dómari getur einnig vísað máli frá af sjálfsdáðum. Ólíklegt mundi þó að til slíks kæmi, enda hefur dómari áður en hann gaf út fyrirkall athugað hvort þeir gallar séu á málatilbúnaði að mál verði ekki tekið til meðferðar. Ef til frávísunar kemur ber að ákveða hana með úrskurði, en ekki dómi eins og núgildandi lög gera ráð fyrir.

Þá verður við þingfestingu gengið úr skugga um það hvort máli megi ljúka þá þegar skv. 124.–126. gr.

Ef ákærði sækir þing og játar brot ótvírætt og brot varðar að mati dómara ekki þyngri refsingu en sekt má gefa sakborningi kost á að ljúka máli með því að hann skuldbindi sig skriflega til greiðslu sektar og ákveður dómari þá að ljúka máli með þeim hætti, sbr. 124. gr. frumvarpsins. Úr kröfu um sviptingu ökuleyfis og um upptöku má leysa með sama hætti. Ákærandi getur þó synjað um slíka afgreiðslu og krafist þess að dómur gangi. Þessi ákvörðun dómara um viðurlög svarar til dómsátta samkvæmt núgildandi lögum, en orðið dómsátt þykir óheppilegt og er ekki notað í þessu frumvarpi, sbr. 196. gr. frumvarpsins.

Ef ákærði sækir þing og játar brot skýlaust og hvorki dómari né aðilar telja þörf á sönnunarfærslu má dómari þegar leggja dóm á málið, enda liggi ekki í lögum þyngri refsing við broti en átta ára fangelsi, sbr. 125. gr. frumvarpsins. Um form dóms samkvæmt þessu ákvæði er mælt í 2. mgr. 135. gr. frumvarpsins.

Í 126. gr. frumvarpsins segir um dóma sem kveða má upp að ákærða fjarstöddum, enda sé mál svo vaxið sem í a- eða b-lið 1. mgr. segir. Kemur ákvæði þetta í stað 129. gr. núgildandi laga sem aldrei hefur verið beitt svo kunnugt sé. Skilyrði þess að dæma megi ákærða fjarstaddan er að þess hafi verið getið í fyrirkalli, sbr. 1. mgr. 120. gr. frumvarpsins. Þá ætti eigi að dæma málið ef kunnugt væri um forföll ákærða. Um form dóms samkvæmt þessari grein vísast til 2. mgr. 135. gr. frumvarpsins. Í 2. og 3. mgr. 126. gr. ræðir um sérstaka heimild dómara til þess að endurupptaka mál, sem dæmt hefur verið að ákærða fjarstöddum, ef ákærði beiðist þess og sýnir fram á að hann hafi haft lögmæt forföll, eða ef í ljós kemur að um galla á birtingu fyrirkalls hefur verið að ræða. Þykir nauðsynlegt að hafa slíka heimild í lögum, enda er réttur til þess að áfrýja þessum málum mjög takmarkaður, sjá 150. gr. frumvarpsins.

Eins og áður greinir er gert ráð fyrir því að þing sé sótt af hálfu ákæruvalds. Í 2. mgr. 123. gr. frumvarpsins er þó takmörkuð heimild til þess að ljúka máli skv. 124. og 125. gr. frumvarpsins án viðurvistar ákæranda. Getur það borið við að ákærði sem ekki hefur sótt þing við þingfestingu gefi sig fram við dómara síðar og þykir þá, ef um einföld mál er að ræða, rétt að heimila að máli verði lokið þótt ekki séu tök á að ná til ákæranda.

Í málum þeim, sem lokið verður skv. 124.–126. gr. frumvarpsins, er yfirleitt eigi skipaður verjandi nema ákærði óski þess. Hafi ákærði ekki verjanda né sjálfvalinn talsmann fer enginn lokamálflutningur fram. Ella á að gefa ákæranda og verjanda kost á því að tjá sig stuttlega um lagaatriði og viðurlög áður en mál er tekið til dóms.

Ef refsihámark brots, sem ákært er fyrir, er hærra en átta ára fangelsi, svo og ef ákærði neitar sök að einhverju leyti eða öllu, fer fram aðalflutningur máls. Aðalflutning máls mundi dómari einnig endranær geta ákveðið, t.d. ef hann dregur í efa að játning ákærða sé sannleikanum samkvæm eða telur að sönnunarfærsla og málflutningur sé æskilegur. Um aðalmeðferð máls eru fyrirmæli í 128.–130. gr. frumvarpsins.

Áður en eiginlegur aðalflutningur hefst skal skv. 128. gr. athuga hvort frávísun máls komi til greina. Þá ber að ganga eftir föngum úr skugga um það hvaða gögn eigi að færa fram við aðalmeðferð. Sé við útgáfu ákæru ljóst að um aðalmeðferð máls verði að ræða ber ákæranda að láta ákæru fylgja skrá yfir gögn sem fram verði færð af hálfu ákæruvalds, sbr. 2. mgr. 119. gr. frumvarpsins. Ef nauðsyn á aðalmeðferð verður ljós síðar (í fyrsta þinghaldi) ætti ákærandi og ákærði (verjandi) báðir að gera grein fyrir því í þinghaldi skv. 128. gr. í hverju sönnunarfærsla verði fólgin, leggja fram skjöl og tilgreina vitni sem leiða á o.s.frv.

Við aðalmeðferð er ákærða skipaður verjandi hvort sem hann óskar þess eða ekki, nema hann hafi sjálfur valið sér talsmann eða honum verið leyft að flytja mál sitt sjálfur, sjá um þetta 2. mgr. 34. gr. og 37. gr. frumvarpsins.

Dómari ákveður hvenær aðalmeðferð fari fram, sbr. 1. mgr. 129. gr., og mundi væntanlega gera það í lok þinghalds skv. 128. gr. Ætlast er til þess að aðalmeðferð fari fram í einni lotu og er því áríðandi að vandað sé til undirbúnings hennar. Ef aðalmeðferð hefur verið

ákveðin og í ljós kemur að vitni, sem þar á að mæta, muni eigi geta það má taka skýrslu áður en að aðalmeðferðinni kemur, 2. mgr. 129. gr.

Reglur 3. mgr. 129. gr. frv. um aðalmeðferð eru svipaðar og reglur um sókn og vörn í 2. og 3. mgr. 134. gr. núgildandi laga. Reglur þessar eru líkar reglum einkamálalaganna um aðalmeðferð máls. Athygli er vakin á því ákvæði að játi ákærði brot skýlaust ákveði dómari í samráði við málflytjendur að hve miklu leyti þörf sé frekari sönnunarfærslu. Með þessu er bent á að þegar um játningu er að ræða megi komast af með mun einfaldari sönnunarfærslu en ella. Munnlegum málflutningi í lok aðalmeðferðar á að haga á sama hátt og nú, sbr. 2. mgr. 135. gr. núgildandi laga. Heimild til þess að flytja mál skriflega er sérstaklega stendur á er á sama veg og nú, sjá 5. mgr. 128. gr. og 130. gr. frumvarpsins, sbr. 1. og 3. mgr. 135. gr. núgildandi laga.

Miðað er við að ákærði sé viðstaddur aðalmeðferð máls og hlýði á sönnunarfærslu og málflutning. Í 4. mgr. 129. gr. er þó gert ráð fyrir að í undantekningartilvikum megi láta ákærða víkja úr dómi meðan meðákærður maður er yfirheyrður eða meðan vitni er leitt, sbr. um vitni, athugasemdir við 59. gr. frumvarpsins hér að framan. Undantekning þessi tekur vitaskuld ekki til verjanda.

Ef í ljós kemur eftir dómtöku að nauðsynlegt sé að færa fram fleiri gögn fer um viðbótarmeðferð og -flutning eftir 131. gr. frumvarpsins, sbr. 136. gr. núgildandi laga.

Ákvæði samsvarandi 137. gr. núg. l. eru eigi tekin upp í frumvarp þetta. Þótt stefnt sé að samfelldri aðalmeðferð getur vitaskuld borið við að út af því verði að bregða af óviðráðanlegum ástæðum, sbr. orðið „að jafnaði“ í 1. mgr. 129. gr. frumvarpsins.

Í 132. gr. eru ákvæði um það er mál fellur niður vegna andláts ákærða eða vegna þess að ákæra er felld niður eða refsikrafa er afturkölluð, ef málshöfðun er háð slíkri kröfu. Dómari kveður þá ekki upp dóm, heldur lýsir málið niður fallið, væntanlega með því að bóka þá ákvörðun í þingbók.

Í 1. mgr. 133. gr. frumvarpsins er tekið upp upphafsákvæði 138. gr. núgilldandi laga. Í 2. mgr. er ákvæði um frest til uppkvaðningar dóms, sjá 165. gr. núgildandi lagaa, sbr. 191. gr. einkamálalaga. 3. mgr. fjallar um birtingu dóms. Um dómsgerðir er ætlast til að dómsmálaráðherra setji reglugerð, sbr. 140. gr. frumvarpsins.

Um XVI. kafla.

Kafli þessi kemur í stað XX. kafla núgildandi laga.

Í 134. gr. er fjallað um ákvarðanir og úrskurði. Ákvarðanir dómara eru stundum skriflegar, t.d. um lokun þinghalds, sbr. 2. mgr. 8. gr. um verjandaþóknun, sbr. 44. gr. um bann gegn brottför úr ákveðnu marki, sbr. 110. gr. o.fl., en eru ekki studdar forsendum, sbr. þó 2. mgr. 8. gr., þótt sjálfsagt sé dómara heimilt að rökstyðja þær. Ákvarðanir má kæra til Hæstaréttar skv. 142. gr. Úrskurði skulu fylgja stuttar forsendur. Með úrskurði ber að leysa, t.d. úr kröfum um þvingunarráðstafanir við rannsókn máls, sbr. X.–XIII. kafla, úr ágreiningi varðandi vitni, sbr. 61. gr., og úr ýmsum atriðum varðandi gang máls (interlocatoria). Ýmsum málum er þó ráðið endanlega til lykta með úrskurði, t.d. atriðum varðandi VII. kafla almennra hegningarlaga.

Í 135. gr. frumvarpsins er rætt um dóma og er hún í aðalatriðum í samræmi við 166. gr. núgildandi laga. Rétt er að geta þess að þegar mál er dæmt skv. 125. gr. (skýlaus játning ákærða án sönnunarfærslu) eða 1. mgr. 126. gr. (að sakborningi fjarstöddum) er yfirleitt nægilegt að skírskota til þessara atriða og færa brot síðan til refsiákvæða og ákveða viðurlög án þess að lýsa málsatvikum að öðru leyti, sbr. 2. mgr. 135. gr.

Ákvæði 136. gr. frumvarpsins eru í samræmi við 165. gr. núgildandi laga, sbr. 192. gr. einkamálalaga.

137. gr. og 138. gr. frumvarpsins svara til 168. gr. núgildandi laga, sbr. 2. mgr. 195. gr. og 196. gr. einkamálalaga, og þarfnast ekki skýringa.

Í 1. mgr. 139. gr. frumvarpsins segir að dómi megi ekki fullnægja fyrr en ráðið er hvort máli verður áfrýjað eða ekki, sbr. 169. gr. núgildandi laga. Áfrýjun frestar almennt fullnustu, sbr. 178. gr. núgildandi laga. Í 2. mgr. 139. gr. er gerð undantekning um dómsákvæði um réttindasviptingu, sbr. einnig ákvæði í 178. gr. núgildandi laga. Nýmæli er í 3. mgr. um að ákveða megi að áfrýjun fresti ekki framkvæmd dómsákvæðis um öryggisráðstafanir skv. 62. gr. hegningarlaga. Dómari tekur skýrt fram í dómi ef áfrýjun á ekki að fresta framkvæmd þessara dómsákvæða.

Um XVII. kafla.

Kafli þessi um kæru til æðra dóms kemur í stað XII. kafla núgildandi laga.

Reglur um það hvaða dómsúrlausnir sæti kæru eru með nokkuð öðrum hætti en í 170.–172. gr. núgildandi laga. Er mælt svo fyrir í 1. mgr. 142. gr. að úrskurðir og ákvarðanir héraðsdóms séu kæranlegar, nema úrlausnir þær sem í a–j-liðum málsgreinarinnar segir. Um undantekningar þessar er þetta að segja:

a-liður er samhljóða 1. tölul. 170. gr. núgildandi laga.

b-liður tekur til sömu atriða og í 2. og 3. tölul. 170. gr. núgildandi laga segir: einnig til banns við að skýra opinberlega frá því sem fram fer í þinghaldi.

c-liður á við ákvörðun dómara um handtöku manns, sbr. 99. gr. frumvarpsins. Hér kemur það til að handtekinn maður skal leiddur fyrir dómara skv. 102. gr. og kemur þá til kasta dómara að leysa úr því hvort sakborningur verði látinn laus eða ekki. Sú úrlausn dómara er kæranleg.

d-liður er samhljóða 5. tölul. 170. gr. núgildandi laga.

e-liður er um synjun frests, sbr. ákvæði 6. tölul. 170. gr. núgildandi laga, en samkvæmt honum má eigi kæra ákvörðun um frest.

f-liður er samhljóða 7. tölul. 170. gr. núgildandi laga.

g-liður á við framhaldsmeðferð eftir dómtöku sem ákveðin er skv. 131. gr. frumvarpsins.

h-liður tekur til ákvarðana dómara skv. 23. og 24. gr. og er nýmæli.

i-liður er um ákvörðun um synjun frávísunar. Úrskurður um að máli verði vísað frá dómi er hins vegar kæranlegur.

j-liður á við um ákvörðun dómara um að endurupptaka mál sem dæmt hefur verið að ákærða fjarstöddum, sbr. 2. mgr. 126. gr. frumvarpsins. Synjun dómara um endurupptöku má hins vegar kæra.

Úrlausnir þær sem upp eru taldar í 171. og 172. gr. núgildandi laga eru þannig yfirleitt kæranlegar samkvæmt aðalreglunni.

Eftir að aðalmeðferð máls er hafin eru skorður settar við kærum til Hæstaréttar í 2. mgr. 142. gr. frumvarpsins. Til þess að aðalmeðferð geti haldið áfram í samfelldri lotu er nauðsynlegt að hún verði ekki tafin með málskotum, nema sérstaklega standi á eða svo sem greint er í a–d-liðum málsgreinarinnar.

Þá er í 3. mgr. 142. gr. frumvarpsins mælt svo fyrir að úrskurðir eða ákvarðanir verði eigi kærðar þegar athöfn sem kveðið hefur verið á um hefur farið fram eða ástand sem leitt hefur af úrlausninni er um garð gengið. Er hér um nýmæli að ræða. Sjá hér ákvæði 145. gr. 1. mgr. frumvarpsins um að felli dómari kærða úrlausn úr gildi falli kærumálið niður. Eftir 4. mgr. 142. gr. veldur það frávísun frá Hæstarétti ef svo fer sem í 3. mgr. segir áður en dómur er lagður á kærumál.

143. gr. frumvarpsins kemur í stað 173. gr. núgildandi laga.

144.–146. gr. frumvarpsins koma í stað 174. gr. núgildandi laga, en kærufrestur er lengdur úr einum sólarhring í þrjá. Gögn máls er nægilegt að senda Hæstarétti í fjórriti. Eins og áður er sagt þarf dómari eigi að afgreiða kærumál til Hæstaréttar ef hann fellir sjálfur hina kærðu úrlausn úr gildi.

Um XVIII. kafla.

Ákvæði þessa kafla um áfrýjun til Hæstaréttar koma í stað XXII. kafla núgildandi laga.

Í kafla þessum er um veruleg nýmæli að ræða. Í fyrsta lagi er í 147. gr. gert ráð fyrir að máli verði áfrýjað með tvennu móti. Má áfrýja máli í heild sinni: um a) sakarmat, þ.e. um úrlausn á því hvort ákærði hafi gerst sekur um það athæfi sem honum er gefið að sök, b) færslu brota til refsiákvæða og um önnur lagaatriði og c) ákvörðun viðurlaga. En einnig má áfrýja máli einungis um þau atriði sem í b) og c) greinir, þ.e. um lagaatriði og viðurlög. Þegar um þessa takmörkuðu áfrýjun eina er að ræða er að því stefnt að málsmeðferð fyrir Hæstarétti geti orðið mun umfangsminni og fljótvirkari en ef máli er áfrýjað í heild sinni.

Hvor aðila getur áfrýjað máli. Er hér raunar um orðalagsmun að ræða frá því sem nú er, en nú áfrýjar ákæruvaldið máli í öllum tilvikum, ýmist af sjálfsdáðum eða eftir kröfu ákærða. Eftir sem áður telst ákæruvaldið sóknaraðili máls fyrir Hæstarétti og gefur út áfrýjunarstefnu, sjá 155 og 156. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 1. mgr. 175. gr. núgildandi laga um skyldu ríkissaksóknara til þess að áfrýja máli eru felld burt. Um áfrýjun að frumkvæði ákæruvalds eru reglur í 148. gr. frumvarpsins.

Ákærði getur ævinlega skv. 149. gr. frumvarpsins áfrýjað máli ef honum hefur verið dæmt áfall. Sýknudómi má hann hins vegar ekki áfrýja. Takmarkanir þær, sem 2. mgr. 175. gr. núgildandi laga setur rétti ákærða til þess að krefjast áfrýjunar, eru niður felldar, en þess má geta að ósk ákærða, sem sakfelldur hefur verið, til þess að áfrýja, hefur aldrei verið synjað svo kunnugt sé.

Um mál sem dæmd hafa verið í héraði að ákærða fjarstöddum hefur þótt nauðsynlegt að setja sérreglur, sjá 150. gr. frumvarpsins. Verður almennt að vera óheimilt fyrir ákærða að áfrýja slíkum málum, nema sérstakt leyfi komi til og þá einungis um lagaatriði og viðurlög. Hér skal bent á ákvæði 2. og 3. mgr. 126. gr. frumvarpsins um endurupptöku þessara mála sem héraðsdómari ákveður ef skilyrði eru til.

151. gr. frumvarpsins kemur í stað 4. mgr. 175. gr. núgildandi laga.

152. gr. segir að áfrýi ákærði verði honum ekki dæmd þyngri viðurlög en í héraði (bann við reformatio in pejus), en þetta á því aðeins við ef ríkissaksóknari áfrýjar máli ekki sjálfstætt til þyngingar.

Í 153. gr. er áfrýjunarfrestur ákveðinn fjórar vikur í stað tveggja vikna nú. Sjá annars 177. gr. núgildandi laga. Áfrýjunarfrestur af hálfu ákæruvalds er hinn sami, sbr. 154. gr. frumvarpsins, sjá hins vegar 2. mgr. 179. gr. núgildandi laga, sem mælir fyrir um þriggja mánaða áfrýjunarfrest fyrir ríkissaksóknara.

155. gr. frumvarpsins um áfrýjunarstefnur kemur í stað 3. mgr. 179. gr. núgildandi laga. Í áfrýjunarstefnu á að koma fram hvort máli er áfrýjað í heild sinni eða einungis um lagaatriði og viðurlög, sbr. 147. gr. og athugasemdir hér að framan. Þarf því að hafa verið gengið úr skugga um það áður, ef ákærði áfrýjar máli, í hvaða skyni áfrýjað sé, sbr. 1. mgr. 153. gr. frumvarpsins. Þar á einnig að koma fram hvort máli er áfrýjað að því er varðar kröfur borgararéttarlegs eðlis sem dæmdar hafa verið í héraði skv. XX. kafla, sbr. 1. mgr. 173. gr. Ríkissaksóknari þarf að taka það fram í áfrýjunarstefnu ef hann áfrýjar máli til þyngingar, sbr. áður athugasemd um 152. gr. Ekki er nauðsynlegt að stefnan sé rituð á dómsgerðir eins og 179. gr. núgildandi laga segir að gert skuli. Birtingu stefnu á ríkissaksóknari að sjá um en ekki dómari eins og nú. Skv. 156. gr. frumvarpsins er ríkissaksóknari jafnan talinn sóknaraðili máls fyrir Hæstarétti, eins þótt ákærði hafi áfrýjað. Í greininni eru reglur um ágrip dómsgerða, sbr. 1. mgr. 180. gr. núgildandi laga. Í 2. mgr. 156. gr. er gert ráð fyrir að Hæstiréttur geti sett

reglur um gerð ágrips. Í sambandi við það má nefna að sé máli einungis áfrýjað að því er varðar lagaatriði og viðurlög má efalaust hafa ágrip mun viðaminni en ella.

Um öflun viðbótargagna við málsmeðferð í Hæstarétti er mælt í 157. gr. frumvarpsins. Nýmæli eru í 3. mgr. um að ný gögn skuli hafa borist Hæstarétti með fyrirvara og í 4. mgr. um greinargerðir af hálfu aðila.

Ákvæði 158. gr. frumvarpsins koma í stað 183. og 185. gr. núgildandi laga.

1. mgr. 159. gr. frumvarpsins er efnislega í samræmi við 184. gr. núgildandi laga, en 2. mgr. 159. gr. kemur í stað 182. gr. núgildandi laga.

160.–162. gr. frumvarpsins eru í aðalatriðum í samræmi við 186.–188. gr. núgildandi laga.

Í 163. gr. frumvarpsins er vísað til laga um Hæstarétt Íslands. Í þeim lögum eru t.d. ákvæði um hve margir dómarar skipi dóm í opinberu máli, eftir því hversu máli er háttað.

Um XIX. kafla.

Reglur um sakarkostnað eru í XVI. kafla núgildandi laga.

Í 164. gr. frumvarpsins greinir frá því hvaða útgjöld teljist til sakarkostnaðar, sbr. 139. gr. núgildandi laga. Felld eru niður ákvæði um að ferðakostnaður dómara, þóknun fyrir skjalaþýðingar og dómtúlkun og gæsluvarðhalds- og flutningskostnaður ákærða teljist til sakarkostnaðar.

165. gr. svarar til 141. og 142. gr. núgildandi laga og er í aðalatriðum í samræmi við þær.

166. gr. er efnislega í samræmi við 140. gr. núgildandi laga.

167. gr. geymir ákvæði samsvarandi 3. mgr. 141. gr. núgildandi laga.

168. gr. svarar til 143. gr. núgildandi laga. Í 2. mgr. kemur þó fram breyting sem leiðir af því að dómari fer nú ekki með rannsókn máls. Verður rannsóknari því að taka saman yfirlit yfir þau útgjöld af máli er telst til sakarkostnaðar og láta það fylgja málsgögnum. Dómari gerir svo að lokum heildaryfirlit yfir kostnaðinn. Það nýmæli kemur fram í 1. mgr. 169. gr. að hafi sakborningur ekki áfrýjað máli skuli hann eigi verða dæmdur til greiðslu málskostnaðar í æðra dómi, ef viðurlög eru ekki þyngd svo neinu nemi.

Um XX. kafla.

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að kröfur borgararéttarlegs efnis megi hafa uppi í opinberu máli, svo sem nú er.

Reglur XX. kafla fela það í sér að það kemur í hlut rannsóknara að kanna hvort bótakrafa verði gerð í væntanlegu refsimáli, enda er gert ráð fyrir því að krafa sé tilbúin þegar mál er höfðað og hennar getið í ákæru, sbr. 2. mgr. 116. og 171. gr. frumvarpsins. Er þetta breyting frá núgildandi reglum sem sýnast miðaðar við að dómari kanni það sjálfur hvort slík krafa verði uppi höfð. Er nauðsynlegt að krafa sé komin fram þegar mál er fyrst tekið fyrir, skv. 122. gr. til þess að mál geti þá þegar orðið dæmt ef önnur skilyrði til þess eru fyrir hendi. Þó er í 171. gr. gerð undantekning þess efnis að taka megi til meðferðar í máli bótakröfu sem ekki kemur fram í ákæru, enda samþykki ákærði það og ekki leiði af því tafir eða óþægindi fyrir refsimálið. Sé krafa ódómhæf við þingfestingu máls hafnar dómari því að taka hana til meðferðar, enda er yfirleitt ætlast til þess að bótakröfur verði ekki til að valda óþörfum töfum í refsimáli, sbr. 1. mgr. 172. gr. Ákvæði þessarar greinar eru að öðru leyti í samræmi við það sem nú gildir, sbr. 146. gr. núgildandi laga. Í 4. mgr. 172. gr. er þó það nýmæli að auk bóta fyrir beint tjón og miska megi dæma bætur vegna kostnaðar sem tjónþoli hafi haft af því að halda kröfu sinni fram.

173. gr. kemur í stað 147. gr. núgildansi laga. Bótakröfu þarf ekki að taka til meðferðar í Hæstarétti, nema máli hafi verið einnig áfrýjað í því skyni, sbr. 1. mgr. 155. gr. frumvarpsins.

174. gr. er samhljóða 148. gr. núgildandi laga.

Ákvæði 149. gr. núgildandi laga eru eigi tekin hér upp, en vísað er til þess að 176. gr. frumvarpsins (151. gr. núgildandi laga) er ekki einskorðuð við bætur til sakbornings.

Um XXI. kafla.

Kafli þessi fjallar um bætur til þeirra sem sætt hafa ýmiss konar þvingunaraðgerðum í sambandi við opinbert mál en síðan reynst saklausir, svo og til þeirra sem saklausir hafa þolað refsidóm. Um þetta eru ákvæði í XVIII. kafla núg. laga.

Um skilyrði til þess að bætur verði dæmdar eru hér ákvæði í 175.–177. gr. og eru þau samhljóða 150., 151. og 152. gr. núgildandi laga.

Í 178. gr. er gert ráð fyrir að bætur verði einungis sóttar í almennu einkamáli, þ.e. með þeim hætti sem segir í 3. tölul. 154. gr. núgildandi laga, þó svo að ríkissaksóknara er hér eigi falið að vera í fyrirsvari fyrir ríkissjóð í slíkum málum. Þessi leið hefur oftast verið farin þegar bótamál af þessu tagi hafa komið til kasta dómstóla. Þannig eru felld burt ákvæði 1. og 2. tölul. 154. gr. núgildandi laga um að bætur megi ákveða í úrskurði rannsóknardómara eða í dómi í opinberu máli.

Um XXII. kafla.

Kafli þessi um endurupptöku kemur í stað XXIV. kafla núgildandi laga og er efnislega á sama veg. Athygli er vakin á 2. mgr. 185. gr. um að ríkissaksóknari geti óskað endurupptöku til hagsbóta fyrir dómfellda. Þá er og bent á ákvæði 2. og 3. mgr. 126. gr. frumvarpsins, en þar er um sérstaka endurupptökuheimild héraðsdómara að ræða þegar mál hefur verið dæmt að sakborningi fjarstöddum.

Að öðru leyti þykir ekki þörf athugasemda við þennan kafla.

Um XXIII. kafla.

Kafli þessi fjallar um gildistöku laganna og brottfallin og breytt lög.

Lögunum er ætlað að taka gildi sama dag og lög nr. 92/1989, þ.e. 1. júlí 1992, sbr. 193. gr. frumvarpsins.

Um 194. gr.

Hér eru talin lög og lagaákvæði sem brott eiga að falla við gildistöku laganna. Er hér fyrst og fremst um að ræða lög nr. 74 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála, ásamt síðar áorðnum breytingum, þ.e. lög nr. 23/1976, lög nr. 107/1976, lög nr. 53/1979, lög nr. 32/1980, lög nr. 27/1985, lög nr. 31/1988, lög nr. 32/1988, lög nr. 41/1988 og lög nr. 92/1989, sbr. 22. gr.

Auk þess er lagt til að felldur verði niður fjöldi lagaákvæða (69) sem eigi hafa verið í samræmi við núgildandi lög eða verða það ekki ef frumvarp þetta verður að lögum. Langflest þessara ákvæða eru þess efnis að mál skuli fara að hætti „opinberra lögreglumála“, eða „almennra lögreglumála“ eða „sakamála.“ Aðgreining sú milli sakamála og lögreglumála, sem áður var mælt fyrir um í lögum, var úr gildi felld við gildistöku laga nr. 27/1951 og hafa ákvæði í þá átt síðan ekki átt við. Þótt undarlegt megi virðast hafa síðan stundum verið sett lagaákvæði sem mæla fyrir um að með mál skuli farið sem almenn lögreglumál. Er lagt til að öll þessi ákvæði verði felld niður. Það liggur í hlutarins eðli, sbr. 1. gr. þessa frumvarpsins, að öll refsimál skulu fara að hætti laga um meðferð opinberra mála og er óþarft að taka það fram.

Stundum er vísað gagngert til laga nr. 74/1974, eða til laganna í eldri gerð (lög nr. 82/1961) eða til tiltekinna ákvæða í lögunum. Eiga slíkar tilvísanir ekki lengur við.

Af öðrum liðum 194. gr. þykir rétt að benda á þessi atriði:

42. tölul. Um brottfall 30. gr. almennra hegningarlaga vísast til niðurlags athugasemda við XIV. kafla. Brottfelling á hluta af 3. mgr. 52. gr. leiðir af nýjum reglum um aðför, sjá aðfararlög, nr. 90/1989.

57. tölul. Rétt þykir að brott verði fellt ákvæði um að dómsmálaráðherra geti skipað sakadómara í Reykjavík til þess að fara með rannsókn og meðferð mála út af brotum gegn lögum um lax- og silungsveiði. Er eigi ástæða til að sérreglur gildi um þessi mál.

61. tölul. Í 3. mgr. 33. gr. byggingarlaga, nr. 54/1976, segir: „Með brot á ákvæðum þessum skal farið að hætti opinberra mála.“ Þar sem umrædd grein fjallar ekki um dómsathafnir, heldur heimildir byggingarnefnda, er ákvæði 3. mgr. óskiljanlegt og rétt að fella það burt.

62. tölul. Í þeirri málsgrein sem lagt er til að burt verði felld er lögð skylda á dómara að tilkynna verðlagsyfirvöldum málalok. Ekki er eðlilegt að nein slík skylda sé lögð á dómara og þá ekki fremur gagnvart nefndum yfirvöldum en öðrum.

63. tölul. Umrædd málsgrein fjallar um að sakadómarar í Reykjavík fari með barnsfaðernismál sem annars fara að hætti einkamála. Er ákvæðið óeðlilegt eftir að héraðsdómstólar í Reykjavík sameinast í einn dómstól.

67. tölul. Umræddur hluti 1. mgr. 30. gr. laga nr. 51/1987 er í ósamræmi við þá grundvallarreglu frumvarpsins að dómari eigi aldrei að hefjast handa af sjálfsdáðum, heldur einungis að gefnu tilefni frá þar til bærum ákæranda eða rannsóknara. 2. mgr. 30. gr. er ekki í samræmi við reglur XV. kafla frumvarpsins um málsmeðferð.

69. tölul. Ákvæði samsvarandi þessari grein er tekið upp í a-lið 98. gr. þessa frumvarps.

Um 195. gr.

Í þessari grein eru lagðar til breytingar á ákvæðum í 23 lögum. Margar þeirra eru orðalagsbreytingar sem rétt er að gera með hliðsjón af reglum sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu að settar verði, svo sem að í stað „réttarrannsóknar“ eða „dómsrannsóknar“ komi „opinber rannsókn“, eða „héraðsdómur“ í stað „sakadóms“, enn fremur að brott falli tilvitnanir í lög sem fallin eru eða falla munu úr gildi (lög nr. 82/1961 eða 74/1974). Einnig er lagt til að í stað „löghalds“ verði talað um „kyrrsetningu“. Um einstök atriði greinarinnar skal þetta annars tekið fram:

2. tölul. Hér er lögð til sú breyting á 1. mgr. 55. gr. almennra hegningarlaga að ákvörðun stjórnvalds um afplánun sekta og annarra skyldugreiðslna verði borin undir héraðsdómara, en eigi kærð beint til Hæstaréttar. Breyting á 2. mgr. er lögð til með hliðsjón af nýjum aðfararlögum.

4. tölul. Eigi þykir eðlilegt að mál út af ágreiningi um lögheimili verði rekin að hætti opinberra mála.

7. tölul. Hér er sú breyting gerð að krafa um ógildingu hjúskapar fari því aðeins að hætti opinberra mála að hún sé uppi höfð í tengslum við refsimál.

23. tölul. Breyting sú sem hér er lögð til á 2. mgr. 4. gr. aðfararlaga tengist heimild þeirri sem lögreglustjórum er veitt til þess að innheimta sekt með aðför, sjá 3. mgr. 115. gr. frumvarpsins.

Um XXIV. kafla.

Nauðsynlegt þykir að sett verði ákvæði sem leysi úr nokkrum álitaefnum sem upp kunna að koma um mál sem höfðuð hafa verið áður en lögin taka gildi og fleiri atriði er varða tengsl eldri laga og hinna nýju. Þykja þessi ákvæði, 197.–202. gr. frumvarpsins, ekki þarfnast skýringa.

Ed. 897. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til l. um endurgreiðslu á gjaldi af erlendum lánum vegna skipasmíða hér á landi.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Umsagnir bárust frá Landssambandi iðnaðarmanna, Félagi dráttarbrauta og skipasmiðja og Félagi málmiðnaðarmanna á Akureyri, auk þess sem upplýsingar um málið bárust frá Sambandi málm- og skipasmiðja.

Ríkisstjórnin hefur þessi mál nú til sérstakrar skoðunar. Af þeirri ástæðu leggur meiri hl. nefndarinnar til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Guðrún Agnarsdóttir var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. apríl 1990.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
	Eiður Guðnason.	

Nd. 898. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [512. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Páll Pétursson, Guðrún Helgadóttir, Árni Gunnarsson, Kristín Einarsdóttir, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Hjörleifur Guttormsson.

1. gr.

Í 1. og 2. málsl. 8. gr. falli brott orðin „sameinaðs".

2. gr.

Í 11. gr. falli brott í 3. mgr. orðin „í sameinuðu þingi".

3. gr.

24. gr. orðist svo:

Forseti lýðveldisins getur rofið Alþingi og skal þá stofnað til nýrra kosninga áður en 45 dagar eru liðnir frá því er það var rofið, enda komi þingið saman á ný eigi síðar en 4 mánuðum eftir þingrofið.

4. gr.

25. gr. falli brott.

5. gr.

28. gr. orðist svo:

Þegar brýna nauðsyn ber til getur forseti, að tillögu ráðherra, gefið út bráðabirgðalög milli þinga, en efni þeirra skal áður kynnt fyrir viðkomandi þingnefnd. Ekki mega þau þó brjóta í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi þegar er það er saman komið. Nú hefur Alþingi ekki samþykkt bráðabirgðalög einum mánuði eftir að þing er sett og falla þau þá úr gildi.

6. gr.

32. gr. orðist svo:

Alþingi starfar í einni málstofu.

7. gr.

Í stað IV. kafla stjórnarskrárinnar, 35.–58. gr., komi nýr IV. kafli með eftirfarandi greinum:

a. (35. gr.)

Reglulegt Alþingi skal koma saman ár hvert hinn 10. október eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, hafi forseti að tillögu forsætisráðherra ekki tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu. Breyta má þessu með lögum.

Sé ný ríkisstjórn mynduð meðan Alþingi situr ekki skal það kvatt saman innan þriggja vikna frá skipunardegi stjórnarinnar.

b. (36. gr.)
Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi.

c. (37. gr.)
Samkomustaður Alþingis er í Reykjavík. Þegar sérstaklega er ástatt getur forseti að tillögu forsætisráðherra ákveðið að Alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi.

d. (38. gr.)
Alþingi sker sjálft úr hvort þingmenn þess séu löglega kosnir, svo og úr því hvort þingmaður hafi misst kjörgengi.

e. (39. gr.)
Sérhver nýr þingmaður skal vinna drengskaparheit að stjórnarskránni þegar er kosning hans hefur verið tekin gild.

f. (40. gr.)
Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína.

g. (41. gr.)
Alþingi kýs forseta sinn og stýrir hann störfum þess.

h. (42. gr.)
Alþingi kýs fastanefndir til þess að athuga þingmál. Um starfsháttu þeirra skal nánar fjallað í lögum.
Alþingi kýs stjórnsýslunefnd til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Nefndin ákveður sjálf hvaða mál hún rannsakar, en jafnframt getur Alþingi falið henni að rannsaka mál er það tiltekur. Nefndin hefur rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og skriflegar, af opinberum stofnunum, starfsmönnum, einstökum samtökum eða fyrirtækjum og einstaklingum.

i. (43. gr.)
Rétt til að flytja frumvörp til laga og tillögur til þingsályktana hafa þingmenn, þingnefndir, þingflokkar, ráðherrar og ríkisstjórn.
Ekkert lagafrumvarp má samþykkja fyrr en það hefur verið rætt þrisvar sinnum á Alþingi. Meira en helmingur þingmanna þarf að vera á fundi til þess að fullnaðarsamþykkt verði lögð á mál við hverja umræðu; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um einstök málsatriði og lagafrumvarpið í heild.

j. (44. gr.)
Heimilt er þingmönnum, með leyfi Alþingis, að óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni með því að bera fram fyrirspurn um málið eða beiðast um það skýrslu.

k. (45. gr.)
Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár sem í hönd fer. Í frumvarpinu skal fólgin greinargerð um ráðgerðar tekjur og gjöld ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja næsta fjárhagsár.

l. (46. gr.)

Ekkert gjald má greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum. Alþingi getur þó sett almennar reglur um umframgreiðslur á fjárhagsárinu en jafnan skal leita samþykkis þess fyrir slíkum greiðslum í fjáraukalögum.

m. (47. gr)

Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum ríkisins, né afnotarétt þeirra, nema samkvæmt lagaheimild.

n. (48. gr.)

Endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja skal fara fram á vegum Alþingis og í umboði þess.

Þeir sem endurskoðun annast skulu eiga aðgang að öllum skjölum og öðrum gögnum sem þeim þykir þurfa til þess að geta leyst starfann af hendi.

Nánar skal fjallað um endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja í lögum.

o. (49. gr.)

Meðan Alþingi stendur yfir má ekki setja neinn alþingismann í varðhald eða höfða mál á hendur honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi.

p. (50. gr.)

Nú glatar alþingismaður kjörgengi og missir hann þá rétt þann er alþingiskosningin hafði veitt honum.

r. (51. gr.)

Þingmaður, sem skipaður er ráðherra, skal láta af þingmennsku meðan hann gegnir ráðherrastörfum en varamaður hans taka sæti á Alþingi þann tíma.

Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi, en eiga þar ekki atkvæðisrétt.

s. (52. gr.)

Fundir Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti, eða svo margir þingmenn sem til er tekið í þingsköpum, krafist þess að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum og sker þá þingfundur úr.

t. (53. gr.)

Þingsköp Alþingis skulu sett með þingskapalögum.

8. gr.

Í 2. málsl. 1. mgr. 79. gr. falli brott orðin „beggja deilda“. Í stað orðanna „báðar deildir“ í 3. málsl. 1. mgr. 79. gr. komi: Alþingi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta til laga um breytingar á stjórnarskrá Íslands var fyrst flutt á 111. löggjafarþingi og hefur tvenns konar megintilgang. Í fyrsta lagi er því ætlað að gera alla

málsmeðferð á Alþingi nútímalegri og einfaldari, m.a. með því að þingið starfi í einni málstofu. Í öðru lagi er frumvarpinu ætlað að efla sjálfstæði og eftirlit þingsins með framkvæmdarvaldinu, m.a. með stofnun sérstakrar stjórnsýslunefndar er hafi rétt til að rannsaka mál að eigin frumkvæði. Auk þessarar meginstefnu frumvarpsins hefur tækifærið verið notað til að endurskoða V. kafla stjórnarskrárinnar, um Alþingi, í heild og færa hann til nútímahorfs. Við þá endurskoðun hefur að verulegu leyti verið höfð hliðsjón af tillögum stjórnarskrárnefndar frá því í janúar 1983. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir helstu breytingum sem felast í frumvarpinu.

I. Lagt er til að deildaskipting Alþingis verði afnumin og það starfi í einni málstofu. Rökin fyrir slíkri breytingu eru margvísleg og verða hér aðeins tínd til þau helstu:

1. Alþingi hefur síðan 1934 (er hið eldra landskjör var aflagt) verið kosið sem ein heild, þ.e. allir þingmenn hafa verið kjörnir á sama hátt og á sama tíma. Eðlilegast verður að telja að þing, sem kosið er sem ein heild, starfi í einni málstofu. Sameinað Alþingi skipar nú þingmönnum til starfa í tveimur þingdeildum og er það einungis arfur frá þeim tíma er skipting þingsins helgaðist af því að valið var til deildanna á mismunandi hátt, fyrst með konungskjöri 1874–1915 og síðan landskjöri 1915–1934. Þar sem hinar sögulegu forsendur deildaskiptingarinnar eru nú horfnar og enginn munur hefur verið í langan tíma á kjöri til deildanna er að mörgu leyti eðlilegt að stigið verði það skref, er margir vildu taka 1934, og gera Alþingi að einni málstofu.

2. Ein málstofa mundi skapa meiri festu í störfum Alþingis. Núverandi deildaskipting hefur oftlega leitt til þess að ríkisstjórnir, sem notið hafa stuðnings meiri hluta þingmanna, hafa átt erfitt með að gegna hlutverki sínu vegna þess að þær hafa ekki haft tilskilinn meiri hluta í báðum deildum. Það má færa að því rök að deildaskiptingin sé í andstöðu við þá viðurkenndu grundvallarreglu í lýðræðislegum stjórnkerfum að meiri hlutinn ráði úrslitum mála.

Til þess að hafa meiri hluta í báðum deildum þarf ríkisstjórn nú að njóta stuðnings 33 þingmanna hið minnsta, eða 22 þingmanna af 42 í neðri deild og 11 af 21 í efri deild. Í einni málstofu nægði ríkisstjórn hins vegar einfaldur meiri hluti eða stuðningur 32 þingmanna. Vandinn getur þó verið meiri en þessar tölur sýna því að sú staða gæti hæglega skapast að ríkisstjórn njóti stuðnings fleiri en 33 þingmanna en hafi samt ekki meiri hluta í annarri hvorri þingdeildinni. Þeir erfiðleikar, sem deildaskiptingin getur skapað, eru þó ekki bara fræðilegir heldur hefur tvískiptingin oftlega orðið til að veikja ríkisstjórnir og gera þær óstarfhæfar eins og eftirfarandi dæmi sýna:

a. Eftir kosningarnar 1931 hafði Framsóknarflokkurinn 23 þingmenn af 42, eða hreinan meiri hluta. Vegna landskjörinna þingmanna (eftir eldra kerfi) í efri deild voru atkvæði þar þó jöfn. Ríkisstjórn Tryggva Þórhallssonar hafði því ekki starfhæfan meiri hluta á þingi og fór fljótlega frá völdum.

b. Þegar minnihlutastjórn Emils Jónssonar var mynduð 1958 gat hún með hlutleysisstuðningi Sjálfstæðisflokksins treyst á 27 þingmenn gegn 25 þingmönnum Framsóknarflokks og Alþýðubandalags. Samt hafði stjórnarandstaðan meiri hluta í efri deild. Komust tvö meginmál stjórnarinnar því aðeins í gegn að stjórnarandstæðingar fengust til að styðja þau til skiptis, en þingrof var fram undan.

c. Ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar naut eftir fráhvarf eins þingmanns Samtaka frjálslyndra og vinstri manna 1973 stuðnings meiri hluta þingmanna, eða 31 gegn 29. Ríkisstjórnin hafði þó ekki meiri hluta í neðri deild og gat ekki komið þýðingarmestu málum sínum í gegnum þingið. Þetta skapaði alvarlegt ástand fyrir ríkisstjórnina og leiddi til þingrofs og kosninga.

d. Ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens hafði ekki meiri hluta í neðri deild frá upphafi þings 1982 er einn þingmaður hætti stuðningi við stjórnina, en hún naut þó stuðnings meiri hluta þingmanna. Þetta ástand skapaði margvíslega erfiðleika fyrir ríkisstjórnina fram að þingrofi í mars 1983.

e. Sú staðreynd, að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar 1988-89 hafði ekki meiri hluta í neðri deild þrátt fyrir að hún hefði stuðning meiri hluta þingmanna, olli ýmsum erfiðleikum fyrir stjórnina og varð hún að reiða sig á stuðning einstakra þingmanna, er stóðu utan ríkisstjórnarinnar, til að koma málum í höfn.

3. Með einni málstofu er hægt að endurbæta starf nefnda Alþingis. Fastanefndum (kjörbréfanefnd ekki meðtalin) mætti þá fækka úr 23 í 12, auk stjórnsýslunefndarinnar. Slíkt þýddi jafnframt að hver þingmaður þyrfti ekki að vera í nema u. þ. b. tveimur nefndum og gæti þar af leiðandi rækt mun betur nefndaskyldur sínar en nú er mögulegt. Nú þurfa sumir þingmenn að sitja í allt að sex fastanefndum og því er mjög algengt á háannatíma þingsins fyrir jólahlé og þingslit að fundir í nefndum rekist á.

4. Mjög líklegt er að vinnubrögð í nefndum muni almennt batna með einni málstofu og öll málsmeðferð verða vandaðri. Ein málstofa gerir þá kröfu á hendur nefndarmönnum að þeir athugi mál gaumgæfilega og til fulls þar sem ekki er um það að ræða að hægt verði að koma við breytingum á frumvarpi í síðari nefnd eins og nú er. Eitthvað hefur borið á því, ekki síst þegar nefndarmenn eru undir þrýstingi að hraða afgreiðslu mála, að þeir afgreiði mál úr nefnd án þess að hafa athugað það eins vel og margir þeirra hefðu viljað og treysti þá á að síðari nefnd muni „lagfæra" þau atriði sem þeim í fyrri nefndinni kynni að hafa yfirsést. Hér er þó oft um mikla sjálfsblekkingu að ræða því að sjaldnast hefur síðari nefnd mikinn tíma til að athuga mál. Tvískiptingin hefur því að dómi margra þingmanna stundum skapað visst „kæruleysi" eða „agaleysi" í nefndastörfum.

5. Þá má telja fullvíst að ein málstofa muni einfalda alla málsmeðferð á Alþingi líkt og gerðist í Danmörku 1953 og Svíþjóð 1971 þegar deildaskipting var afnumin í þjóðþingum þessara ríkja. Afgreiðsla mála verður þó ekki bara einfaldari heldur mun hún ganga öllu hraðar en áður, en jafnframt ætti að vera tryggt að málsmeðferðin verði vandaðri, sbr. það sem áður er sagt um störf nefndanna.

6. Í einni málstofu mun tími ráðherra nýtast betur en áður þar sem þeir þurfa þá ekki lengur að taka þátt í umræðum um sín mál í tveim deildum.

7. Rök þeirra, er vilja viðhalda óbreyttri deildaskiptingu, hafa einkum verið þau að núverandi kerfi tryggi betri umfjöllun um löggjöf en væri möguleg í einni málstofu. Frumvarp þarf nú að fara í gegnum þrjár umræður og nefndaumfjöllun í tveim deildum og fyrirbyggi það frekar en einnardeildarkerfi vanhugsaðar ákvarðanir og auðveldi þingmönnum að íhuga breytingartillögur við frumvarp vandlega. Athuganir, sem gerðar hafa verið á störfum Alþingis, benda þó ekki til þess að þessi rök séu mjög sterk. Í reynd er það svo að umfjöllun um frumvarp fer fyrst og fremst fram í fyrri þingdeildinni. Þegar mál kemur til seinni deildarinnar er yfirleitt ekki um að ræða sambærilega athugun og þá er fór fram í fyrri deildinni. Þegar mál kemur til seinni deildarinnar reiða þingmenn sig þar yfirleitt á að frumvarpið hafi fengið nákvæma athugun í fyrri deild og því sé síður þörf á eins nákvæmri athugun í seinni deildinni. Það er líka staðreynd að oft er ekki mikill tími til að ræða mál í seinni deildinni því að alloft eru stjórnarfrumvörp lögð fram með það litlum fyrirvara að þegar fyrri deildin er búin að ræða málið þá er lítill tími eftir fyrir seinni deildina til að fjalla um það. Þar sem athugun á frumvörpum fer fyrst og fremst fram í fyrri þingdeildinni má með nokkrum sanni segja að þrátt fyrir deildaskiptinguna fari athugun á löggjafarmálum fram líkt og Alþingi starfi í einni löggjafardeild en ekki tveimur.

Það er að vísu hægt að benda á einstök dæmi þess að síðari deild hafi lagfært frumvarp þegar fyrri deild hefur yfirsést eitthvað sem betur mátti fara. Það verður þó að telja, eins og

áður hefur verið bent á, að ef þingið starfar í einni málstofu þá sé líklegt að menn muni athuga mál betur því að þá er ekki hægt að skýla sér á bak við það að síðari deild eigi eftir að athuga málið.

II. Önnur meginbreyting frumvarpsins felst í því að lagt er til komið verði á fót sérstakri stjórnsýslunefnd er hafi rétt til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Ætlunin er að þessi nefnd, ásamt fjárveitinganefnd og Ríkisendurskoðun, sem nú starfar á vegum Alþingis, sinni einkum eftirliti þingsins með störfum stjórnvalda. Í því skyni er nefndinni veitt vald til að rannsaka mál að eigin frumkvæði, en jafnframt getur Alþingi falið henni að rannsaka tiltekin mál. Nefndinni er í störfum sínum veitt sams konar vald og rannsóknarnefndir þingsins hafa samkvæmt gildandi stjórnarskrárákvæðum (og ákvæðið um rannsóknarnefndir fellur brott) og því er starfsemi hennar ekki bara bundin við eftirlit með opinberum aðilum heldur getur nefndin tekið fyrir öll þau mál er hún telur að varði hagsmuni almennings, þ.e. hún hefur rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og skriflegar, af opinberum stofnunum, starfsmönnum, einstökum samtökum eða fyrirtækjum og einstaklingum.

Í þingsköpum eru sett nánari ákvæði um störf stjórnsýslunefndar þar sem kveðið er á um að hún fjalli um tiltekin þingmál líkt og aðrar fastanefndir þingsins. Þannig er eðlilegt að til nefndarinnar sé vísað frumvörpum til stjórnarskipunarlaga, um kosningar til Alþingis og öðrum málum er varða stjórnarskipunar- og stjórnarfarsmálefni.

III. Þriðja meginbreyting frumvarpsins felur í sér að ríkisstjórn er veitt meira aðhald um útgáfu bráðabirgðalaga en nú er. Er í þessu frumvarpi að mestu leyti byggt á tillögu stjórnarskrárnefndar frá því í janúar 1983. Nýmæli er í fyrsta lagi að bráðabirgðalög skulu ætíð lögð fyrir næsta Alþingi þegar í upphafi þings. Ekki er nú um slíka skyldu að ræða heldur fer það eftir ákvörðun ríkisstjórnarinnar hvenær þingtímans bráðabirgðalögin eru lögð fram. Í öðru lagi felst veruleg takmörkun í því ákvæði að hafi Alþingi ekki samþykkt bráðabirgðalögin einum mánuði eftir þingsetningu falla þau úr gildi. Nú falla bráðabirgðalög ekki úr gildi fyrr en við þinglausnir hafi þau ekki áður verið felld. Vegna þessara þröngu tímamarka í frumvarpinu um staðfestingu bráðabirgðalaga er nauðsynlegt að setja í þingsköp ákvæði er tryggi að ríkisstjórn geti með skjótum hætti komið í gegnum þingið „brýnum málum“ sem ekki þola neina bið. Er gerð tillaga um slíkt ákvæði í 36. gr. þingskapa. Með því ákvæði er jafnframt vonast til að dragi úr tilhneigingu ríkisstjórna til þess að gera viðamiklar ráðstafanir með bráðabirgðalögum og án formlegs atbeina Alþingis. Þá er í þessari grein það nýmæli að ef grípa þarf til útgáfu bráðabirgðalaga skal kynna viðkomandi þingnefnd efni þeirra áður en þau eru sett. Stjórnarandstaðan fær þannig tækifæri til þess að taka afstöðu til laganna fyrir gildistöku þeirra og gera sjónarmið sín heyrinkunn.

IV. Fjórða meginbreytingin er að þingmaður, sem skipaður er ráðherra, skal láta af þingmennsku meðan hann gegnir ráðherrastörfum en varamaður hans taka sæti á Alþingi þann tíma sem hann er ráðherra. Sams konar skipan mála gildir m.a. í Noregi. Þó að ráðherra láti af þingmennsku mundi hann hafa ýmsar skyldur gagnvart Alþingi. Þannig mundi ráðherra t.d. taka þátt í starfi þingflokkanna eins og verið hefur, svara fyrirspurnum, mæla fyrir þingmálum ríkisstjórnar og taka þátt í umræðum um mál eftir því sem hann hefði hug á. Hann hefði því fullt málfrelsi þótt eigi ætti hann atkvæðisrétt á þinginu.

Æskilegt er að sú venja haldist að ráðherrar séu valdir úr hópi þingmanna.

Meginrökin fyrir þessari breytingu eru einkum þrenns konar. Í fyrsta lagi eru sköpuð gleggri skil en nú er milli þeirra sem fara með löggjafarvald og þeirra er fara með framkvæmdarvald. Í öðru lagi getur slíkt fyrirkomulag styrkt Alþingi gagnvart framkvæmdar-

valdinu. Nú eru að jafnaði 9–11 þingmenn bundnir við ráðherrastörf og hafa því ekki tækifæri nema að takmörkuðu leyti til að sinna eiginlegum þingstörfum. Með breytingunni verður „fullskipað lið“ til að sinna löggjafarstörfum og veita ríkisstjórn nauðsynlegt aðhald hverju sinni. Í þriðja lagi mun þessi breyting verða til mikils hagræðis fyrir sjálfa ráðherrana því að með nokkrum rétti má segja að þingsetan sé ráðherrum byrði. Ráðherrastarfið er krefjandi og tímafrekt starf er gerir þá kröfu á hendur þeim er starfinu gegnir að hann helgi sig því óskiptu. Það mundi því t.d. létta allnokkuð á vinnu ráðherra og gera þeim fært að nýta tíma sinn betur ef þeir þyrftu ekki að sitja alla þingfundi (er oft geta staðið langt fram á nætur) eða vera bundnir á þingfundum við atkvæðagreiðslur.

V. Fimmta meginbreytingin, sem felst í frumvarpinu, er sú að þegar ný ríkisstjórn er mynduð milli þinga (t.d. eftir þingkosningar eða vegna stjórnarslita á yfirstandandi kjörtímabili) skuli þingið kvatt saman innan þriggja vikna frá skipunardegi stjórnarinnar. Rökin fyrir þessari breytingu eru m.a. þau að það sé óeðlilegt að það líði t.d. nær fimm mánuðir frá kosningum í maí og þar til þingið kemur saman í október. Réttast sé, þegar ríkisstjórn hefur verið mynduð, að hún kynni þinginu stefnu sína og að þá sé jafnframt mögulegt að láta reyna á það hvort ríkisstjórnin og stefna hennar njóti trausts þingsins eða það sætti sig að minnsta kosti við hana um sinn. Þá gæti ríkisstjórn einnig lagt fyrir þingið þau mál sem brýnast væri að fá afgreidd.

VI. Sjötta meginbreytingin varðar svokallaðar aukafjárveitingar. Með tilvísun til ákvæða stjórnarskrárinnar um fjáraukalög hafa stjórnvöld verið talin hafa rétt til að heimila greiðslu úr ríkissjóði umfram heimildir fjárlaga. Ætlun stjórnarskrárgjafans hefur ugglaust verið sú upphaflega að heimildar til fjárveitingar væri aflað fyrir fram hverju sinni. Framkvæmdin hefur þó orðið önnur. Fjáraukalög eru jafnan samþykkt eftir á og eru þá teknar upp í þau fjárveitingar ríkisstjórnarinnar á liðnu fjárhagstímabili umfram fjárlagaheimildir. Þannig hefur sú venja myndast að það sé nægilegt fyrir stjórnvöld að leita heimilda eftir á fyrir fjárveitingum sem hafa verið umfram fjárlagaheimildir. Ýmsum hefur þótt sem ríkisstjórnir hafi farið fullfrjálslega með þetta vald sitt og því eru nú sett skýrari ákvæði um þessi efni. Það dregur enginn í efa að stjórnvöld þurfa að hafa heimild til aukafjárveitinga en hins vegar er nauðsynlegt að um slíkt gildi skýrar reglur. Í frumvarpinu er kveðið á um að Alþingi geti sett almennar reglur um umframgreiðslur á fjárhagsárinu en jafnan skuli leitað samþykkis þess fyrir slíkum greiðslum í fjáraukalögum. Í þingsköp er svo kveðið á um skyldu ríkisstjórnar til að bera undir fjárveitinganefnd (eða undirnefnd hennar yfir sumarmánuðina) fyrirhugaðar aukafjárveitingar, jafnt milli þinga sem á þingtíma.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Hér er um tvær breytingar að ræða. Í fyrsta lagi er sá tími styttur sem líða má frá þingrofi og þar til stofnað er til nýrra kosninga, úr tveimur mánuðum í 45 daga. Í öðru lagi er nú kveðið á um að þing skuli koma saman eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að það var rofið, í stað átta mánuða áður. Loks er orðalagi hnikað til lítils háttar.

Þessar breytingar eru í samræmi við tillögur stjórnarskrárnefndar frá 1983 en auk þess lagði nefndin til að ekki væri hægt að rjúfa Alþingi nema með samþykki þess sjálfs og að alþingismenn héldu þingmennskuumboði sínu til kjördags.

Um 4. gr.

Greinin er óþörf því að í nýrri 43. gr. felst að ríkisstjórn leggur fram stjórnarfrumvörp.

Um 5. gr.

Þessi breyting á ákvæðum stjórnarskrárinnar um bráðabirgðalög er í samræmi við tillögur stjórnarskrárnefndar nema að því leyti að gert er ráð fyrir að bráðabirgðalög falli úr gildi hafi þau ekki verið samþykkt mánuði eftir að þing er sett, en í tillögu stjórnarskrárnefndar var miðað við þrjá mánuði. Um frekari skýringar vísast til almennu greinargerðarinnar hér að framan.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar. Um frekari útfærslu vísast til breytinga á þingsköpum Alþingis í fylgiskjali með frumvarpi þessu.

Um a-lið 7. gr. (ný 35. gr.)

Fyrri málsgrein er samhljóða tillögum stjórnarskrárnefndar frá 1983. Ákvæðið um samkomudag Alþingis 15. febrúar er löngu orðið úrelt. Hér er tekinn upp sá samkomudagur þess sem lengi hefur tíðkast og ráð er nú fyrir gert í lögum, sbr. lög nr. 3/1967, um samkomudag Alþingis.

Síðari málsgrein er nýmæli og vísast um það efni til almennu greinargerðarinnar hér að framan.

Um b-lið 7. gr. (ný 36. gr.)

Greinin er samhljóða 36. gr. stjórnarskrárinnar.

Um c-lið 7. gr. (ný 37. gr.)

Greinin er efnislega samhljóða 37. gr. stjórnarskrárinnar. Við er bætt að forseti taki ákvörðun sína að tillögu forsætisráðherra.

Um d-lið 7. gr. (ný 38. gr.)

Greinin er samhljóða 46. gr. stjórnarskrárinnar.

Um e-lið 7. gr. (ný 39. gr.)

Greinin er samhljóða 47. gr. stjórnarskrárinnar nema hvað eiðvinning er felld brott.

Um f-lið 7. gr. (ný 40. gr.)

Greinin er samhljóða upphafi 48. gr. stjórnarskrárinnar. Óþarft þykir hins vegar að halda því ákvæði að þingmenn séu eigi bundnir við neinar reglur frá kjósendum sínum. Jafnframt er það ákvæði fellt niður að embættismenn, sem kosnir eru á þing, þurfi ekki leyfi stjórnarinnar til að þiggja kosninguna; liggur slíkt í hlutarins eðli.

Þessar breytingar eru samhljóða tillögum stjórnarskrárnefndar frá 1983.

Um g-lið 7. gr. (ný 41. gr.)

Grein þessi er að efni til hin sama og 52. gr. stjórnarskrárinnar með þeirri breytingu sem leiðir af afnámi deildaskiptingar.

Um h-lið 7. gr. (ný 42. gr.)

Í stjórnarskránni eru nú engin ákvæði um fastanefndir Alþingis þótt þær gegni mjög mikilvægu hlutverki í störfum þingsins. Þykir sjálfsagt að geta þeirra í stjórnarskrá, en nánar er fjallað um hlutverk þeirra og verksvið í þingskapalögum, svo sem að þær skuli starfa milli þinga.

Annað nýmæli er það í þessari grein að gert er ráð fyrir sérstakri stjórnsýslunefnd er hafi rétt til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Um þetta atriði vísast til almennu greinargerðarinnar hér að framan.

Um i-lið 7. gr. (ný 43. gr.)

Athyglisvert er hvað í vöxt hefur farið á undanförnum árum að konur fari í aðra eða þriðju fóstureyðinguna. Meðaltal áranna 1976–1981 var 10–12% en hefur stigið á undanförnum árum og var 16,7% árið 1985 og á bilinu 18–19% árið 1986 samkvæmt bráðabirgðaupplýsingum frá landlæknisembættinu. Læknisfræðilegar ástæður eru hlutfallslega oftar tilgreindar

hjá konum með fyrri fóstureyðingum en hinum samkvæmt könnuninni. Lengd meðgöngu hjá þeim konum, sem fengu fóstureyðingu árin 1976–1981, voru í 92% tilvika (97% af ótilgreindum er sleppt) innan 12 vikna og þar af helmingur innan 9 vikna. Hefur á undanförnum árum lítil breyting orðið þarna á.

Getnaðarvarnir.

Þær upplýsingar, sem koma fram í könnuninni um notkun getnaðarvarna, eru mjög athyglisverðar. Hjá tveim þriðju þeirra kvenna, sem fengu fóstureyðingu árin 1976–1981, voru getnaðarvarnir ekki viðhafðar er þær urðu þungaðar, en um 30 af hundraði tilgreindu notkun getnaðarvarna af ýmsum toga. Í könnuninni kemur fram að tiltölulega minnst eru getnaðarvarnir notaðar hjá yngstu og elstu konunum en mest hjá konum milli tvítugs og þrítugs.

Ungar stúlkur og einstæðar mæður.

Tveir hópar kvenna hafa í umræðu um fóstureyðingar oftast verið nefndir, en það eru ungar stúlkur og einstæðar mæður. Í könnuninni kemur fram að hlutur þeirra er ekki eins mikill og látið er í veðri vaka þó að vissulega sé hann mikill. Árið 1976–1981 var framkvæmd samtals 651 fóstureyðing hjá stúlkum undir 20 ára aldri en það samsvarar 22% allra fóstureyðinga umrætt tímabil. Þess ber hins vegar að geta að tíðni fóstureyðinga hjá eldri stúlkum í þessum hópi, 18–19 ára, er meiri en þeirra sem yngri eru, sbr. töflu.

Tafla 44. Fjöldi fóstureyðinga stúlkna 1976–1981.

	15 ára og yngri	16–17 ára	18–19 ára	19 ára og yngri
1976–1977	31	56	70	157
1978–1979	35	103	108	246
1980–1981	32	94	122	248
Alls 1976–1981	98	253	300	651

Einstæðar mæður eru vissulega stór hópur. Af 2955 fóstureyðingum, sem framkvæmdar voru árin 1975–1981, áttu einstæðar mæður hlut að máli í 628 tilvika eða 21,1%. Ef litið er á einstök ár tímabilsins má sjá að fjöldi einstæðra mæðra hefur verið á bilinu 86–130 á ári en hlutur þeirra af heildarfjölda fóstureyðinga hefur farið minnkandi, sbr. töflu.

Tafla 51. Fóstureyðingar mæðra 1976–1981.

	Fóstureyðingar einstæðra mæðra.			
	Heildarfjöldi fóstureyðinga	Fjöldi	% af heild	Fjöldi á 1000 Einstæðar mæður[1])
Árið 1976	368	86	23,4	17,0
Árið 1977	456	111	24,3	21,7
Árið 1978	455	87	19,1	17,1
Árið 1979	556	101	18,2	19,5
Árið 1980	523	130	24,9	24,0
Árið 1981	597	113	18,9	20,4

[1]) Miðað við „mæður með börn" samkvæmt þjóðskrá 1. des. ár hvert.

Það vekur hins vegar eftirtekt að hlutfall félagslegra ástæðna hjá einstæðum mæðrum er á milli 93–94% og heimildin til fóstureyðingar mjög oft byggð á d-lið 1. tölul. 9. gr. laga nr. 25/1975. Athyglisvert er einnig að mun algengara er að einstæðar mæður fari í annað skipti fram á fóstureyðingu. Af þeim 312 konum sem fengu fóstureyðingu í annað skipti á tímabilinu 1976-1981 var í 117 tilvikum um að ræða einstæðar mæður.

Af þessum upplýsingum verður sú mynd dregin að það eru helst ungar, ógiftar og barnlausar eða barnfáar konur sem skipa hóp þeirra kvenna sem gangast undir fóstureyðingu. (Heilbrigðisskýrslur bls. 132.) Við þetta má bæta að konurnar starfa aðallega við þjónustustörf eða eru nemar. Getnaðarvarnir hafa ekki verið notaðar og félagslegar aðstæður eru helsta ástæða fyrir fóstureyðingu.

Nýr valkostur.

Til skamms tíma hafa ungar stúlkur og einstæðar mæður ekki átt í mörg hús að venda til að ala börn sín. En nú eru breyttir tímar. Þess vegna er þetta frumvarp flutt aftur hér á Alþingi.

Félagasamtökin Lífsvon hafa löngum beitt sér fyrir að fækka fóstureyðingum á Íslandi. Lífsvon hefur nú haft samband við fjölda fólks sem er reiðubúið til að taka ungar stúlkur og verðandi mæður inn á heimili sín yfir meðgöngutímann. Einnig mun Lífsvon styðja allar ungar eða einstæðar verðandi mæður, sem þess þurfa með, eftir þörfum hverrar og einnar. Þannig hefur nú verið brotið blað í sögu fóstureyðinga á Íslandi og nú er loks boðið upp á raunhæfan kost á móti fóstureyðingunni.

Ráðgjöf og fræðsla.

Í lögum nr. 25/1975 er mikil áhersla lögð á ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir. Þar er í fyrsta kafla kveðið skýrt á um að veita skuli aðstoð eftir því sem við á og sem hér segir:

1. Fræðslu og ráðgjöf um notkun getnaðarvarna og útvegun þeirra.
2. Ráðgjöf fyrir fólk sem íhugar að fara fram á fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð.
3. Kynlífsfræðslu og ráðgjöf og fræðslu um ábyrgð foreldrahlutverks.
4. Ráðgjöf og fræðslu varðandi þá aðstoð sem konunni stendur til boða í sambandi við meðgöngu og fæðingu.

Þá er ákvæði um að ráðgjafarþjónustuna eigi að veita á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum og megi hún vera í starfstengslum við mæðravernd, kvensjúkdómadeildir, geðvernd, fjölskylduráðgjöf og félagsráðgjafarþjónustu. Þá er í lögunum kveðið á um að fræðsluyfirvöld skuli veita fræðslu um kynlíf og siðferði kynlífs á skyldunámsstigi í skólum landsins.

Framkvæmd.

Landlækni er falið samkvæmt lögunum að hafa yfirumsjón með framkvæmd og uppbyggingu ráðgjafarþjónustunnar.

Í greinargerð þessari verður ekki kveðinn upp dómur yfir núverandi framkvæmd né fullyrt hvort farið hafi verið eftir lögunum. Víða mun þó brotalöm vera á og má um það kenna ónógum fjárveitingum frá ríkisvaldinu. Sérstaklega á þetta við um forvarnarstarf og kynningu á getnaðarvörnum og öðrum fyrirbyggjandi ráðstöfunum.

IV. Forsendur þessa frumvarps.

Reynslan hefur leitt það í ljós að fóstureyðingum hefur fjölgað verulega á undanförnum árum eins og tölur landlæknisembættisins sýna. Sú fjölgun verður ekki skýrð á þann hátt að félagslegar aðstæður hafi versnað til muna á síðustu árum því að hagtölur sýna að lífskjör hafa batnað verulega frá því að lögin frá 1975 voru sett.

Að ráðstafa líkama sínum.

Skýringarinnar verður heldur ekki leitað í minni þekkingu fólks á kynlífi. Þó að þessir þættir hafi sín áhrif eru þeir ekki ástæðan fyrir fóstureyðingunum. Skýringarinnar verður að leita á öðrum stöðum og þá helst í breyttu viðhorfi fólks gagnvart fóstureyðingum og skorti á upplýsingum um fóstrið, þroskaskeið þess og að fóstur er mannlegt líf. Viðhorf fólks til fóstureyðinga endurspeglast í frelsisbaráttu kvenna og því að fóstrið sé eign konunnar og að henni sé frjálst að ráðstafa líkama sínum að vild. Hefur sá þáttur, ásamt auknu frjálsræði í kynferðismálum, haft meiri áhrif á skipan fóstureyðingarlöggjafarinnar en flest annað.

Að ráðstafa fæti sínum.

Flutningsmaður þessa frumvarps hefur leitað til nokkurra valinkunnra lækna og beðið þá að taka af honum vinstri fótinn neðan við hné. Vegna þess að flutningsmaður telji það henta betur áformum sínum í framtíðinni að hafa engan vinstri fót neðan við hnéð. Að öðru leyti er fóturinn sæmilega heilbrigður og nokkuð vel á sig kominn.

Læknarnir hafa án undantekninga neitað þessari ósk flutningsmanns. Niðurstaðan er því bæði hrein og klár. Flutningsmaður hefur ekki vald til að ráðstafa líkama sínum að vild.

Hvað þýðir orðið fóstur?

Það er góð spurning. Samkvæmt orðabók Halldórs Halldórssonar er orðið fóstur upphaflega skylt orðinu fæða. Þannig er elsta þekkt hugsun á bak við orðið fóstur að fæða einhvern eða ala önn fyrir honum. Þessi hugsun lifir áfram í orðum á borð við fósturbörn en það merkir að börn fái uppeldi og umönnun hjá öðrum en foreldrum.

Á sama hátt er almennur skilningur fólks í dag að fædd börn tilheyri foreldrum sínum sem eign þeirra fyrstu árin. Þannig er í málvitund fólksins greinilegur munur á orðunum eign og fóstri. Börn eru talin eign foreldra uns þau komast á legg og vinstri fótur neðan við hné er eign flutningsmanns þessa frumvarps. Börn, sem ekki eru alin upp hjá foreldrum og þar með kölluð eign þeirra, eru aftur á móti aðgreind með því að skeyta orðinu fóstur framan við. Þannig er orðið fóstur notað til að greina hugsunina eign frá öðrum.

Að ráðstafa fóstri sínu.

Fóstrið er því ekki eign konunnar eins og fóturinn. Enda er fóstrið ekki hluti af líkama hennar því það er hvergi fest við hana sjálfa heldur fest við fylgjuna. Fóstrið er gestkomandi í móðurkviði og móðir náttúra hefur falið konunni það dásamlega hlutverk að skila því út í lífið. Fóstrið er ekki eign konunnar.

Það er viðurkennt að á mörgum heimilum eru efnisleg gæði af skornum skammti. Gagnvart þeim fjölskyldum ber þjóðfélagið ríka ábyrgð því að það er smánarblettur á þjóðfélagi með einhverjar hæstu þjóðartekjur í heimi að þurfa að viðurkenna að fólk búi við örbirgð. Félagsleg vandamál ber þjóðfélaginu að leysa með félagslegum ráðstöfunum.

Lífið er eign barnsins.

Tilgangur þessa frumvarps er ekki að leysa úr félagslegum vandamálum sem eru í þjóðfélaginu heldur að sníða löggjöfina þannig að allt mannlegt líf sé friðheilagt, og að verja börn — á hvaða stigi lífsins sem þau eru — fyrir utanaðkomandi eyðingaröflum og veita þeim þau mannréttindi sem eru ofar öllum öðrum, réttinum til þess að fá að lifa og taka þátt í lífinu án tillits til efnahags og félagslegrar stöðu foreldra. Frumvarpið byggist á því að þjóðfélagið viðurkenni að líf hafi kviknað við getnað, enda segir orðabók Menningarsjóðs svo um orðið fósturskeið: „Fyrsta skeið í ævi lífveru.“ Það líf telur flutningsmaður að sé aðeins eign barnsins eða fóstursins. Litið er þannig á að barnið í móðurlífi sé frá getnaði lifandi einstaklingur, ólíkur öllum öðrum sem fyrr og síðar munu dveljast hér og líta dagsins ljós.

Litið er því þannig á að barnið í móðurlífi sé ekki hluti af öðrum líkama. Það er sjálfstæður einstaklingur en háður líkama móðurinnar meðan á fósturástandinu stendur. Þótt barnið sé tímabundið háð líkama móðurinnar á sú staðreynd ekki að þýða að móðurinni sé frjálst að ráðstafa þessu lífi. Þvert á móti er henni falið að varðveita það fyrir utanaðkomandi öflum á þroskastigi þess.

Alþingi veðji á lífið.

Kjarninn í frumvarpinu er sá að konunni er frjálst að haga sér eins og samviska hennar býður meðan sú háttsemi skaðar ekki mannréttindi annarra.

Samfélagið og sérstaklega Alþingi á að sjá til þess að allt mannnlegt líf sé viðurkennt og að sú ákvörðun að eyða því sé ekki mat konunnar einnar. Frumvarp þetta er einmitt af þessari rót runnið, þ.e. að konan þurfi ekki að standa andspænis þessu vali og að barninu megi veitast öruggt skjól í móðurlífi til að þroskast og dafna.

Fóstureyðing er ekki getnaðarvörn.

Það blandast engum hugur um það að flestar ótímabærar þunganir megi rekja til óvarkárni eða „slysa“, eins og margur vill kalla það þegar tekin er áhætta af samförum án þess að getnaðarvarnir séu notaðar. Slíkum „slysum“ má fækka með fræðslu og upplýsingum, en það verður þó ekki til þess að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir að óbreyttum lögum. Reynslan hefur sýnt að fræðslan ein dugir skammt.

Það er gamall sannleikur að eftir því sem afleiðingarnar eru smávægilegri er meiri áhætta tekin. Því miður má rekja margar ótímabærar þunganir til þess að tekin er áhætta af samförum í þeirri von að ekki verði barn úr, en fari samt svo er sú leið opin að fara í fóstureyðingu. Slíkur hugsunarháttur er óábyrgur og ætti ekki að líðast. Fólk verður að horfast í augu við þá staðreynd að það getur ekki leikið sér að fjöreggi annarra með þessum hætti. Það verður að gera sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna og alvöru fóstureyðingar, þ.e. að með henni sest það í dómarasæti og kveður upp þann úrskurð að þetta kviknaða líf skuli deytt. Fræðsla kemur að verulegu gagni þegar fóstureyðingar eru takmarkaðar og það er einmitt það áhersluatriði sem frumvarpið mælir fyrir um með því að skipuleggja virka kynfræðslu.

Undantekningar.

Auðvitað geta komið upp tilvik þar sem þjóðfélagið getur réttlætt að brugðið sé frá þeim meginmarkmiðum sem rakin hafa verið og frumvarpið byggist á. Hins vegar er það spurning hve langt eigi að ganga í þeim efnum og hvaða sjónarmið eigi að viðurkenna þegar skorið er úr um slíkt. Í frumvarpinu er lagt til að fóstureyðingar verði heimilaðar í fjórum tilvikum:

Líf og heilsa móður.

Í fyrsta lagi ef líf og heilsa móður er í hættu með áframhaldandi meðgöngu eða fæðingu. Í réttarvitund okkar, ef velja á milli barnsins og móðurinnar, er barn á fósturstigi álitið réttlægra. Sama gildir í þeim tilvikum þar sem heilsa móður kann að vera hætta búin af meðgöngu og fæðingu.

Vanskapnaður barns.

Í öðru lagi er veitt heimild til fóstureyðingar ef sterkar líkur eru á að barn fæðist vanskapað. Þessi heimild er umdeilanleg út frá sjónarmiðum um friðhelgi mannlegs lífs, þ.e. að setjast í dómarasæti og úrskurða eitt líf verðminna en annað. Þessi heimild er samt látin halda sér, en meiri kröfur eru gerðar en áður til sönnunar fyrir því sem heimildin er byggð á.

Aldur móður.

Í þriðja lagi er heimiluð fóstureyðing ef móðir er ung að árum. Þessa heimild má gagnrýna út frá sömu forsendu og aðrar heimildir laganna til fóstureyðinga, en það þykir rétt að hafa þessa heimild fyrir hendi að því tilskildu að foreldrar standi með stúlkunni að umsókn um fóstureyðingu og að fóstureyðingin verði stúlkunni ekki til skaða.

Refsiverður verknaður.

Í fjórða lagi er fóstureyðing heimil sé hún afleiðing af refsiverðum verknaði. Það þykir rétt út frá hagsmunum konunnar og þjóðfélagsins að viðhalda þessari heimild.

Athugasemdir við einstaka kafla frumvarpsins.

Um I. kafla.

Til að undirstrika tilganginn með lagasetningunni er valinn sá kostur að taka saman í I. kafla laganna þau grundvallaratriði sem ná á með lagasetningunni. Sett er á oddinn friðhelgi mannlegs lífs og að það líf, sem einu sinni hefur kviknað, megi ekki deyða nema fyrir liggi það veigamikil rök að þjóðfélagið sjái sig knúið til vegna annarra hagsmuna að binda enda á þetta líf. Rík áhersla er á það lögð að koma í veg fyrir ótímabæra þungun og að þjóðfélagið eigi ekki að viðurkenna fóstureyðingu sem getnaðarvörn.

Sú skipan er tekin upp í 2. gr. frumvarpsins að skilgreina hugtökin *fóstureyðing* og *ófrjósemisaðgerð* til að leggja áherslu á í upphafi laganna hvað felst í þeim hugtökum sem koma fyrir í lögunum. Sú breyting er gerð á hugtaksskilgreiningu fóstureyðingar að gengið er út frá því að líf hafi kviknað við getnað en ekki er miðað við ákveðið þroskastig eins og nú er gert í lögum. Er þessi skýring hugtaksins í samræmi við markmið laganna og hvernig hugtakið fóstureyðing var skilgreint samkvæmt lögum nr. 38/1935. Hugtakið ófrjósemisaðgerð er skilgreint á sama hátt og fram kemur í lögum nr. 25/1975 að því undanskildu að í stað orðsins „eggjavegur" er sett eggjaleiðari. Mun það vera í betra samræmi við orðanotkun nú.

Um II. kafla.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að kynfræðsla verði til muna aukin frá því sem verið hefur undanfarin ár, aðallega í skólakerfinu. Þá verði tekin upp sú skipan við landlæknisembættið að sérstök deild hafi yfirumsjón með kynfræðslumálum í landinu. Verði aðalverkefni þeirrar deildar útgáfa fræðslugagna og félagsleg aðstoð við foreldra. Eigi er gert ráð fyrir að sú skipan sem verið hefur á sjúkrahúsum og í heilsugæslustöðvum minnki, heldur taki þær stofnanir að sér aukið hlutverk í þessum málum og tengist meira skólakerfinu en hingað til.

Ein aðalbreytingin, sem komið er á með frumvarpi þessu, er að kynfræðsla verði skyldunámsgrein í grunnskólum landsins þar sem tekin verði upp kennsla í fósturfræðum og veittar ráðleggingar um kynlíf og þroska fósturs.

Um III. kafla.

Gengið er út frá þeirri skipan að fóstureyðingar séu óæskilegar og að til slíkra óyndisúrræða skuli ekki grípa ef fyrir hendi eru aðrir kostir til varnar fóstrinu. Í upphafsgrein þessa kafla laganna er sá skilningur áréttaður að fóstur er líf sem ekki má binda enda á. Ef vafi leikur á því hvort fóstureyðing má fara fram þá skuli frekar hafna henni en leyfa. Í 8. gr. frumvarpsins er tæmandi upptalning á þeim aðstæðum sem geta leitt til eyðingar fósturs. Þar er ekki gerður greinarmunur, eins og í núgildandi lögum, á því hvort ástæðan er félagsleg eða læknisfræðileg heldur byggt á því að þjóðfélagið viðurkenni aðeins þessar ástæður sem nógu brýnar til að heimila að binda megi enda á þetta kviknaða líf.

Í 9. gr. eru sett tímamörk um það hvenær fóstureyðing skuli fara fram. Í stað 12 vikna samkvæmt núgildandi lögum er nú mælt fyrir að fóstureyðing skuli hafa farið fram áður en 10 vikur eru liðnar af meðgöngu.

Í 10. gr. er gerð sú krafa að álit annaðhvort læknis og félagsráðgjafa eða tveggja lækna liggi fyrir um nauðsyn fóstureyðingarinnar. Hið fyrrgreinda á við ef telja má ástæður fyrir beiðninni um fóstureyðingu byggða á ungum aldri móðurinnar eða sem afleiðingu af refsiverðri háttsemi.

Í 11. gr. er á það lögð rík áhersla að konan sé frædd um aðgerðina, hættuna á ófrjósemi og einnig bent á þá félagslegu þjónustu sem henni stendur til boða ef hún ákveður að eignast barnið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

a. (1. gr.)

Í 1. gr. kemur fram stefnuyfirlýsing og það skilgreint í lagatextanum hvert sé markmið laganna. Þetta er talið nauðsynlegt svo að ekki fari á milli mála hvaða tilgangi lögin eigi svo breytt að þjóna og hverja þau eigi fyrst og fremst að vernda. Hið mannlega líf er samkvæmt lögum þessum frá getnaði til grafar. Þetta er og í samræmi við eiðstaf lækna þar sem segir m.a.: „Ég heiti því að virða mannslíf öllu framar, allt frá getnaði þess.“ Lögð er áhersla á það í 1. gr. að vandamál, sem kunni að skapast vegna þungunar, eigi að leysa með öðrum hætti en fóstureyðingu. Það líf eins og annað mannlegt líf á að vera friðheilagt. Litið er sérstaklega til fyrirbyggjandi starfs með ráðgjöf og fræðslu og þess að aukin verði félagsleg þjónusta við þá foreldra sem átt hafa barn.

b. (2. gr.)

Það þykir hentugra með tilliti til þeirrar skipunar laganna, að mæla fyrir um markmið þeirra í 1. gr., að skýra út í næstu grein hvað felist í þeim grunnhugtökum sem rætt er um í lögum þessum. Þá þykir það horfa til skýrleika þar sem skilgreining hugtakanna er breytt frá því sem var í fyrri löggjöf.

Fóstureyðing er samkvæmt lögum nr. 25/1975 „læknisaðgerð, sem kona gengst undir í því skyni að binda endi á þungun, áður en fóstrið hefur náð lífvænlegum þroska“ en samkvæmt frumvarpi þessu „læknisaðgerð sem kona gengst undir til að binda enda á kviknað líf í móðurkviði“. Í þessari breytingu felst viðurkenning á því að líf hafi kviknað við getnað og ekki tekið með í skýringu hugtaksins þroskastig fóstursins. Er þessi skilgreining hugtaksins í samræmi við aðrar greinar laga þessara og heiti þeirra, „Um friðhelgi mannlegs lífs“. Skilgreining hugtaksins ófrjósemisaðgerð er óbreytt frá lögum nr. 25/1975 fyrir utan það að í stað orðsins „eggjavegur“ kemur eggjaleiðari.

c. (3. gr.)

Þar sem dregið er verulega úr heimildum til fóstureyðinga ber brýna nauðsyn til að upplýsa fólk um kynlíf og veita því ráðgjöf um notkun getnaðarvarna og annarra fyrirbyggjandi ráðstafana til að koma í veg fyrir þungun. Þá er ekki síður mikilvægt að upplýsa fólk um lög þessi og á hvaða meginsjónarmiðum þau eru byggð.

Lagt er því til í 3. gr. að starfrækt verði á vegum landlæknisembættisins sérstök deild er hafi það eitt verkefni að sjá um kynfræðslumál í landinu. Hefði þessi deild yfirumsjón með

fræðslu og ráðgjöf á þessu sviði og starfaði í nánum tengslum við ráðgjafarþjónustu og fræðsluyfirvöld úti um allt land. Aðalstarfsemi deildarinnar er þó ætlað að vera að annast útgáfu á fræðslugögnum til notkunar í skólum og fyrir almenning og einnig að vera ráðgefandi fyrir mæður eða foreldra eftir barnsburð. Gert er ráð fyrir að þessi deild starfi í nánum tengslum við sveitarfélög og Tryggingastofnun og aðstoði fólk sjálft eða með stuðningi þessara aðila til að ala önn fyrir því og barninu. Meðal annars starfsfólks skal læknir, hjúkrunarfræðingur og félagsráðgjafi starfa við þessa deild. Að jafnaði skal læknir eða ljósmóðir vera forstöðumaður deildarinnar.

Um nánara skipulag og starfsemi skal setja ákvæði í reglugerð. Taki sú reglugerð einnig til starfsemi ráðgjafarþjónustustöðva og hvernig starfi skuli skipt þar á milli.

Um sams konar tilhögun er mælt fyrir í núgildandi lögum en því miður hefur starfsemi þeirrar deildar aldrei náð að vera eins virk og ætlast var til með lögunum.

d. (4. gr.)

Samkvæmt 2.–6. gr. laga nr. 25/1975 er mælt fyrir um að á hverju sjúkrahúsi og heilsugæslustöð skuli starfrækt ráðgjafarþjónusta er veiti fræðslu og ráðgjöf varðandi getnaðarvarnir, fóstureyðingar, ófrjósemisaðgerðir og fleira er tengist kynlífi og barneignum. Ekki er ætlunin að breyta þeirri skipan mála enda hefur hún reynst vel í flesta staði. Í 1. mgr. 4. gr. er mælt fyrir um starfrækslu slíkra ráðgjafarstöðva og hvaða þjónustu þær skuli hafa með höndum og er samsvarandi 2. gr. laga nr. 25/1975. Bætt er þó inn í 4. lið að konunni skuli veitt ráðgjöf og fræðsla varðandi þá aðstoð sem henni stendur til boða við meðgöngu og fæðingu.

2. mgr. greinarinnar er sama efnis og 3. gr. núgildandi laga.

3. mgr. greinarinnar er að stofni til sama efnis og 4. gr. núgildandi laga en í stað hjúkrunarfólks og kennara er mælt fyrir um að hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir starfi við ráðgjafarstöðvarnar. Ástæða þessa er að þær stéttir hafa í meira mæli en flestar aðrar hjúkrunarstéttir haft með höndum kynfræðslumál og ráðgjöf á sviði kynlífs.

e. (5. gr.)

Grein þessi er samhljóða 6. gr. laga nr. 25/1975.

f. (6. gr.)

Sú breyting er gerð frá núgildandi skipan kynfræðslumála að gert er ráð fyrir því að kynfræðsludeild, sem mælt er fyrir um í 3. gr. frumvarps þessa, sjái um skipulagningu náms og þau kennslugögn sem lögð verða til grundvallar í kennslu, í stað skólayfirlæknis eins og nú er háttað. Er þetta í samræmi við það hlutverk sem fræðsludeildinni er ætlað að þjóna með lögum þessum, að koma á samræmdri fræðslu og vera til ráðuneytis um kynfræðslumál. Þá er gert ráð fyrir því að kynfræðsla verði skyldunámsgrein í skólum á grunnstigi og kennslunni verði háttað þannig að hún nái til fleiri þátta en kynlífsins eingöngu.

Gert er ráð fyrir því að starfsfólk ráðgjafarstöðvanna og fræðslunefndar heimsæki skóla landsins og geri grein fyrir starfsemi sinni.

g. (7. gr.)

Með þessari grein er skilgreining hugtaksins fóstureyðing áréttuð, að kviknað líf í móðurkviði er friðheilagt og að þau tilgreindu ákvæði laganna, sem heimila eyðingu þess, séu undantekningar og skuli túlkuð þröngt.

h. (8. gr.)

Samkvæmt þessari grein eru tæmandi upp taldar þær ástæður sem heimilað geta fóstureyðingu.

Samkvæmt 1. tölul. má fóstureyðing fara fram ef lífi eða heilsu móður er hætta búin af áframhaldandi meðgöngu eða fæðingu. Er ekki ætlunin að breyta þessu heimildarákvæði frá því sem nú er og hefur verið frá árinu 1935.

Sú breyting er gerð á 2. tölul. frá því sem áður var í löggjöfinni að nú eru gerðar strangari kröfur en áður til þess að leitt sé í ljós að barn fæðist vanskapað eða haldið alvarlegum sjúkdómi. Það þykir ekki rétt að heimila fóstureyðingu á þessari forsendu frekar en öðrum. Hins vegar eru oft líkindi fyrir því að börn, sem annaðhvort hafa skaddast verulega eða eru haldin alvarlegum sjúkdómum, komi ekki til með að lifa. Þykir því rétt með tilliti til móður og barns að þessi heimild verði í lögum eins og áður.

Það hefur þótt réttlætismál að heimila fóstureyðingu ef hin þungaða er ung að árum og er því þeirri leið haldið opinni í lögum. Þau skilyrði eru þó sett að foreldrar eða lögráðamaður samþykki aðgerðina og að það liggi fyrir að heilsu stúlkunnar verði ekki hætta búin af aðgerðinni.

4. tölul. þarfnast ekki skýringa.

i. (9. gr.)

Sú breyting er gerð að í frumvarpinu er miðað við að fóstureyðing skuli helst fara fram fyrir 10. viku meðgöngu í stað 12 vikna eins og mælt er fyrir um í 10. gr. núgildandi laga.

Ástæða þess að tímatakmörkin eru þrengd frá því sem nú gildir má rekja til þess að 10 vikna gamalt fóstur hefur fengið fullkomið mannsútlit. Hjartað er farið að slá, æða- og öndunarkerfi þróað, skynfæri og útlimir mótaðir og beinkjarnar, tær og fingur hafa myndast.

Að öðru leyti er ákvæðið óbreytt frá því sem gilt hefur.

j. (10. gr.)

Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 11. gr. núgildandi laga fyrir utan að ekki er gerður sami munur á félagslegum og læknisfræðilegum ástæðum eins og er samkvæmt núgildandi lögum. Flokka má þó tvo fyrsttöldu töluliði 8. gr. undir læknisfræðilegar ástæður en hina síðartöldu undir félagslegar ástæður.

k. (11. gr.)

Ákvæðið skýrir sig sjálft.

Um 2.–3.gr.

Í þeim breytingum sem þar er mælt fyrir um er ekki um efnisbreytingar að ræða heldur breytingar til samræmis við fyrri greinar frumvarpsins.

Um 4. gr.

Heiti laganna er breytt og áhersla lögð á friðhelgi mannlegs lífs og ráðgjöf til að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir. Má í þessu sambandi benda á ályktun kirkjuþings 1987, en þar segir m.a.:

„Rétturinn til lífs er frumatriði allra mannréttinda. Þá kröfu verður að gera til ríkisvaldsins að það verndi mannlegt líf og efli meðal almennings vitundina um mannhelgi."

Vísað er til greinargerðar að öðru leyti til skýringar á þessari grundvallarbreytingu.

Fylgiskjal I.

Halldór Finnsson,
sr. Þorbergur Kristjánsson,
Margrét K. Jónsdóttir:

Tillaga varðandi lög um fóstureyðingar og almannatryggingar.
(18. kirkjuþing 1987.)

Kirkjuþing beinir því til Alþingis Íslendinga að taka til endurskoðunar lög nr. 25/1975, um fóstureyðingar, ófrjósemisaðgerðir o.fl., í þeim tilgangi að þrengja þessi lög — sérstaklega varðandi fóstureyðingar af félagslegum orsökum.

Enn fremur vill kirkjuþing beina því til Alþingis að allt verði gert sem hægt er, t.d. í gegnum almannatryggingar, til þess að létta undir með konum sem svo stendur á fyrir og þær finni í raun að þjóðfélagið býður nýtt líf velkomið í heiminn.

Kirkjan bjóði upp á ráðgjafarþjónustu, e.t.v. í samvinnu við Lífsvon, þar sem fyrir liggi allar upplýsingar um hvert það ráð sem má til hjálpar vera fyrir þá einstaklinga sem í hlut eiga.

Greinargerð.

Nú eru 12 ár síðan samþykkt voru lög nr. 25/1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf, barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir. Lög þessi þýddu stórkostlega rýmkun á fóstureyðingum af félagslegum ástæðum.

Fóstureyðingum hefur líka fjölgað úr 224 árið 1974 í 687 árið 1983 samkvæmt *Heilbrigðisskýrslu 1985*, fylgirit 1.

Þegar þessi skýrsla er skoðuð nánar kemur í ljós að árið 1981 eru 83% fóstureyðinga taldar af félagslegum ástæðum og af þeim eru 55% „nánast ótilgreindar félagslegar ástæður" eins og stendur í skýrslunni.

Annað í skýrslu þessari er mjög athyglisvert, þ.e. skrá yfir störf þau er þær konur sem fara í fóstureyðingu stunda og er skipt í þessa flokka: stjórnun, þjónusta, framleiðsla, nemar, húsmæður, annað.

Þarna kemur í ljós að nemum, sem fá fóstureyðingar, hefur fjölgað meira en öðrum stéttum. Þetta styður það að þjóðfélagið geti hjálpað móður og barni meira en gert er í dag.

Nú þegar Alþingi kemur saman í fyrsta sinn eftir kosningar er von okkar að nýir menn, sem þar koma til starfa, sýni þessu máli áhuga og alvöru, ásamt þeim sem fyrir eru á Alþingi og vitað er að styðja endurskoðun á þessum lögum nr. 25/1975.

Málinu var vísað til löggjafarnefndar (frsm. Halldóra Jónsdóttir).

Nefndin leggur til að tillagan og greinargerð hljóði svo:

Rétturinn til lífs er frumatriði allra mannréttinda. Þá kröfu verður að gera til ríkisvaldsins að það verndi mannlegt líf og efli meðal almennings vitundina um mannhelgi.

Löggjöf, sem í raun gerir hið ófædda líf réttlaust, brýtur gegn því grundvallarsjónarmiði kristindómsins að sérhver einstaklingur eigi rétt til lífs, allt frá upphafi og þangað til dauðinn ber að dyrum með eðlilegum eða óviðráðanlegum hætti.

Kirkjuþing skírskotar til frumvarpa um breytingu á lögum nr. 25 frá 22. maí 1975 og lögum nr. 67/1971, með áorðnum breytingum, sem flutt hafa verið, og frumvarps sem boðað er.

Vill kirkjuþing skora á Alþingi að breyta umræddum lögum í þá veru að friðhelgi mannlegs lífs sé viðurkennd.

Greinargerð.

Að breyttri tillögu leggur nefndin til að greinargerðin orðist svo:

Með ályktunartillögu þessari beinir kirkjuþing því til Alþingis að það taki til endurskoðunar lög nr. 25/1975, um fóstureyðingar, ófrjósemisaðgerðir o.fl., í þeim tilgangi að þrengja þessi lög varðandi fóstureyðingar.

Enn fremur vill kirkjuþing beina því til Alþingis að allt verði gert sem hægt er, t.d. með aukinni aðstoð almannatrygginga til þess að létta undir með verðandi mæðrum í vanda svo að þær finni í raun að þjóðfélagið bjóði nýtt líf velkomið í heiminn.

Þörf er á ráðgjafarþjónustu þar sem fyrir liggi allar upplýsingar um þau úrræði sem til hjálpar mega verða þeim einstaklingum sem hér um ræðir, enda eigi kirkjan hlut að henni.

Nú eru 12 ár liðin síðan samþykkt voru lög nr. 25/1975. Þau fólu í sér mikla rýmkun heimilda til fóstureyðinga af félagslegum ástæðum. Fóstureyðingum hefur líka fjölgað úr 224 árið 1974 í 683 árið 1986 samkvæmt upplýsingum landlæknisembættisins.

Þegar skýrsla þessi er skoðuð nánar kemur í ljós að árið 1981 eru 83% fóstureyðinga af félagslegum ástæðum og af þeim eru 55% nánast ótilgreindar félagslegar ástæður" eins og segir í skýrslunni.

Annað í skýrslu þessari er mjög athyglisvert, þ.e. skrá yfir störf þau er þær konur stunda sem fara í fóstureyðingu. Þarna kemur m.a. í ljós að nemunum, sem fengið hafa fóstureyðingu, hefur fjölgað meira en öðrum stéttum. Þetta styður það að þjóðfélagið getur hjálpað móður og barni betur en nú er gert.

Það fer auðvitað ekki á milli mála að kona, sem verður þunguð án þess að hafa ætlað sér það, getur staðið í erfiðum sporum. Þar getur margt komið til, t.d. afstaða fjölskyldunnar, röskun áforma eða erfiður fjárhagur.

En miklu skiptir hvernig vandanum er mætt, hvort menn yppta aðeins öxlum og bjóða upp á fóstureyðingu eða reyna að finna lausn sem e.t.v. krefst einhvers bæði af einstaklingum og heild. Það má ekki gleymast að val konunnar á oftast að verulegu leyti rætur í afstöðu umhverfisins.

Almennt líta menn svo á að íslensk lög séu nokkur mælikvarði á rétt og rangt. Og konunni, sem hér um ræðir, mæta lög sem gefa henni rétt til að hindra fæðingu barnsins sem hún ber undir belti. Óbeint er henni sagt að barnið hennar hafi ekkert gildi, eigi engan rétt fyrr en eftir 12. viku, nema hún kjósi sjálf að gefa því gildi og rétt. Ekki er óeðlilegt að þetta komi til með að móta afstöðu hennar.

Hér til viðbótar koma svo ótal röksemdir sem vandamenn gjarnan benda á og þegar leitað er til opinberra ráðgjafa í þessu efni mun ráðgjöfin ekki ætíð letjandi.

Allt þetta og ýmislegt fleira gerir það skiljanlegt að gripið sé til fóstureyðinga, en það dregur ekki úr alvöru málsins.

Kirkjuþing telur því brýna nauðsyn bera til að lög kveði á um friðhelgi mannlegs lífs, tryggi rétt þess jafnt fyrir sem eftir fæðingu. Legvatnsrannsóknir og kannanir á ástandi fósturs má ekki framkvæma í öðru augnamiði en því að verða að liði, lækna sé þess þörf og það mögulegt. Hitt má aldrei vaka fyrir að svipta barnið lífi, virðist eitthvað að.

Nú þegar Alþingi kemur saman í fyrsta sinn eftir kosningar er þess vænst að nýir menn, sem þar koma til starfa, sýni þessu máli áhuga og alvöru ásamt þeim sem fyrir eru á Alþingi og vitað er að styðja endurskoðun á lögum þeim sem ályktunartillagan víkur að.

Samþykkt samhljóða.

Fóstureyðingar 1972 - 1988

Ár	*1972	*1973	*1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988
Samtals	136	194	219	274	368	456	455	556	523	597	613	689	745	705	685	695	673
								Hlutfallsleg skipting									
Aldur																	
Undir 20	12,5	11,3	18,3	16	17,4	20,3	21,6	26,6	22,2	22,1	24,9	23,9	23,5	22,7	21	22,5	21,2
20 - 24	18,4	20,1	16,9	21,9	20,9	25,9	23,3	24,6	26	28,3	24,5	29,5	30,9	28,2	26,6	28,5	27,6
25 - 29	13,2	14,4	13,2	13,9	17,4	15,4	18	16	18,7	18,1	21	18,1	18,7	19,6	21	19	23
30 - 34	11,8	22,7	16,9	20,1	15,8	16,9	16,5	11,9	14,7	16,2	12,4	13,4	13,2	14	14,6	14,2	13,8
35 - 39	26,5	19,1	20,1	15,3	14,1	11,4	12,3	12,8	10,9	10,1	11,3	9,7	9	10,1	11,7	10,4	10,3
40 - 49	16,9	12,4	14,6	12,8	14,4	10,1	8,3	8,1	7,5	5,2	5,9	5,5	4,8	5,4	5,1	5,4	4
Ótilgreint	0,7	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Hjúskaparstaða																	
Gift	54,4	59,3	55,7	47,8	45,4	41,7	42,9	36	29,8	33,2	32,6	27,9	25	26,8	23,5	20,7	21,5
Ógift	31,6	28,9	33,8	37,2	38,6	47,2	44,8	54,7	54,9	54,9	54,3	58,9	65,8	64,5	64,4	66	66,9
Áður gift	13,3	10,8	19,9	15	13,9	9,6	11	8,6	11,7	9,2	9,2	7,5	9,1	8,5	12,1	13,2	11,4
Ótilgreint	0,7	1	0,5	-	2,1	1,5	1,3	0,7	3,6	2,7	3,9	5,7	0,1	0,1	-	-	0,1
Fyrri fæðingar																	
0	16,2	13,9	21,9	22,6	25,3	29,6	32,6	40,8	35,5	38,4	40,9	43,7	44	42,1	44,4	46,5	43,2
1	16,9	17,5	13,7	19	20,4	20,2	18,2	21,9	24,7	22,8	20,2	20,5	23,9	23,3	20	21,6	23,9
2	13,2	12,4	13,7	15,7	17,4	16	18,2	12,6	13,8	16,7	16,8	14,4	12,8	16	17,5	13,8	19,2
3	14,7	20,1	16,9	14,6	14,1	16,2	13,4	12,1	12,2	12,9	12,6	12,6	11,7	10,4	12	12,2	9,7
4 eða fl.	39	36,1	33,8	28,1	22,5	17,8	17,6	12,4	13	9,2	9,3	8,7	7,7	8,2	6,1	5,9	4
Ótilgreint	-	-	-	-	0,3	0,2	-	0,2	0,9	-	0,2	0,1	-	-	-	-	-
Fyrri fóstureyðingar																	
0	91,1	92,8	93,2	91,9	88,6	89,5	89,4	92,1	86,8	87,9	88,9	86,6	82,4	79,7	81	79,3	76,1
1	7,4	6,7	5,9	7,7	8,7	8,8	9,9	7,7	10,3	10,4	10	12,3	14,9	16,7	15,3	17,7	21
2 eða fl.	1,5	0,5	0,9	0,4	2,7	0,7	0,7	0,2	1,7	1,7	1,1	1	2,7	3,2	3,7	3	2,9
Ótilgreint	-	-	-	-	-	1	-	-	1,2	-	-	-	-	0,3	-	-	-
Lengd meðgöngu																	
Undir 9 vikum	75,7	79,9	72,6	37,2	50,3	46,7	58,9	52	45,3	45,6	48,9	50,8	56,5	56,6	58,4	50,4	47,4
9 - 12 vikur	19,1	16	23,3	55,1	44,6	49,1	35,4	39,9	43,6	44,1	44,7	44,1	39,2	38,6	39	46,6	49,2
13 - 16 vikur	0,7	0,5	0,9	5,1	3,2	1,8	1,3	3	3,1	2,2	1,8	3,2	1,7	2,3	1,5	1,2	2,1
17 vikur eða lengur	-	-	-	1,1	-	0,6	-	1,3	-	0,4	0,5	0,9	1,1	1,8	1	1,8	1,3
Ótilgreint	4,5	3,6	3,2	1,5	1,6	1,8	2,9	3,8	6,9	7,2	4,1	1	1,5	0,7	0,1	-	-
Ástæður fóstureyðinga																	
Félagslegar	-	-	-	32,5	63,1	77,9	71,9	75	85,1	87,9	88,6	89,8	92,8	87,7	89,2	85,3	90,8
Læknisfræðilegar	69,1	67,5	59,4	75,9	17,9	10,7	16,3	18,7	8	7,5	5,7	5,7	3,8	7	4,8	6,9	5,5
Bæði fél. og læknisfr.l.	30,9	32,5	40,6	-	18,5	10,3	11	5,8	5,9	4,4	5,1	3,9	3,5	5,1	5,5	7,5	3
Ótilgreint	-	-	-	-	0,5	1,1	0,8	0,5	1	0,2	0,6	0,6	0,5	0,3	0,4	0,3	0,7

* 1972-74 eingöngu fóstureyðingar skv. l. nr.38/1935. Ekki til sundurgreindar uppl. um fóstureyðingar skv. l. nr. 16/1938.

Sþ. 900. Fyrirspurn [514. mál]

til menntamálaráðherra um samskiptamiðstöð heyrnarlausra.

Frá Þórhildi Þorleifsdóttur.

1. Hvað líður undirbúningi að samskiptamiðstöð sem sinna á málefnum heyrnarlausra?
2. Hver verða helstu verkefni væntanlegrar samskiptamiðstöðvar?
3. Hvar stendur til að hún verði til húsa?

Sþ. 901. Fyrirspurn [515. mál]

til menntamálaráðherra um táknmál heyrnarlausra.

Frá Þórhildi Þorleifsdóttur.

1. Eru uppi áform um að viðurkenna íslenskt táknmál sem sérstakt og sjálfstætt mál og þá jafnframt að viðurkenna heyrnarlausa sem málminnihlutahóp, sbr. ályktun Evrópuþingsins 17. júní 1988, og táknmál sem móðurmál (fyrsta mál) hans?
2. Ef svo er, hvaða ráðstafanir verða gerðar í framhaldi af því til að styrkja stöðu táknmáls í uppeldi og menntun heyrnarlausra?
3. Ef svo er ekki, með hvaða hætti telur ráðuneytið unnt að skapa heyrnarlausum börnum þroskavænlegt umhverfi og kennslu við hæfi?

Sþ. 902. Fyrirspurn [516. mál]

til menntamálaráðherra um framhaldsmenntun heyrnarlausra.

Frá Þórhildi Þorleifsdóttur.

Hvaða ráðstafanir verða gerðar til að gera heyrnarlausum kleift að stunda framhaldsnám eftir að framhaldsdeild Heyrnleysingjaskólans hefur verið lögð niður?

Nd. 903. Frumvarp til laga [517. mál]

um breytingu á lögum um málefni aldraða, nr. 82/1989.

Flm.: Sólveig Pétursdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson,
Friðrik Sophusson, Hreggviður Jónsson, Ólafur G. Einarsson,
Þórhildur Þorleifsdóttir.

1. gr.

27. gr. laganna orðist svo:

Vistmenn, sem hafa tekjur umfram 30.000 kr. á mánuði, skulu taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar á stofnunum fyrir aldraða, sbr. 18. gr.

Með tekjum sínum, sem eru umfram 30.000 kr., skal vistmaður (langlegusjúklingur) greiða dvalarkostnað sinn að hluta eða öllu.

Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um þátttöku vistmanna í greiðslu dvalarkostnaðar, m.a. um hækkun viðmiðunartekna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1990.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lögð til sú breyting að þær 11.000 kr., sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 27. gr. laga nr. 82/1989, um málefni aldraðra, skuli hækka upp í 30.000 kr., en 27. gr., þar á meðal 3. mgr., er að öðru leyti efnislega óbreytt. Rétt er þó að vekja sérstaklega athygli á 3. mgr. þar sem gera má ráð fyrir því að ætlunin hafi verið að hækka þessar viðmiðunarfjárhæðir talsvert í reglugerð, en nú, þegar hún hefur litið dagsins ljós, er aðeins um óverulegar hækkanir að ræða og því er hér gerð tillaga um lagabreytingu.

Í eldri lögum um málefni aldraða þurftu aldraðir að vísu að greiða hlutdeild í dvalarheimiliskostnaði ef þeir höfðu lífeyrissjóðstekjur umfram frítekjumark en greiðslur féllu niður ef þeir fluttust á hjúkrunardeild. Í lögum nr. 82/1989 virðist hafa verið ætlunin að breyta þessu fyrirkomulagi að einhverju leyti í réttlætisátt og jafnvel að létta á greiðsluskyldunni hjá þeim sem greitt hafa í lífeyrissjóði en niðurstaðan hefur orðið önnur. Það sem vekur sérstaka athygli er að nú greiða einnig aldraðir sjúklingar fyrir vist sína. Lögin hafa þannig stækkað þann hóp aldraðra sem ætlað er að greiða dvalarkostnað sinn í stofnunum að hluta eða öllu. Þeir sem hafa yfir 11 þús. kr. á mánuði í eigin tekjur skulu þannig greiða með sér og bitna þessar greiðslur aðallega á fólki sem greitt hefur til lífeyrissjóða á starfsævi sinni, enda þótt eignatekjur séu einnig teknar inn í þennan kostnað. Þetta fólk fær þar að auki ekki neina vasapeninga frá Tryggingastofnun ríkisins líkt og þeir sem ekki hafa neinar aðrar tekjur en frá þeirri stofnun. Vasapeningaupphæðin er að vísu „smánarlega lág" eins og heilbrigðismálaráðherra, Guðmundur Bjarnason, komst að orði í umræðum um frumvarpið á sl. þingi, eða núna um það bil 6.000 kr. á mánuði. Það þyrfti svo sannarlega að hækka þessar bætur því að fjöldi vistmanna þarf nú að sækja um fjárhagsstyrki til fatakaupa frá sveitarfélaginu og þykir mörgum sárt. Raunar geta margir aldraðir ekki hugsað sér að sækja um slíka styrki.

Engu að síður hlýtur að teljast óeðlilegt að það fólk, sem hefur tekjur umfram bætur frá Tryggingastofnun vegna þess sparnaðar sem það hefur ástundað alla ævi, skuli missa þær til ríkisins þegar það sest í helgan stein. Vandséð er hvaða rök geta réttlætt slíka ráðstöfun löggjafans enda þótt vistun aldraðra feli í sér mikinn kostnað fyrir ríkissjóð. Það má einnig

leiða að því rök að eldri borgarar þessa lands séu nú þegar búnir að leggja sitt af mörkum til samfélagsins hvað þennan kostnað varðar og að þeir eigi sinn sparnað sjálfir.

Í núgildandi lögum um málefni aldraðra felast margvíslegar breytingar frá því sem áður var. T.d. falla nú færri stofnanir undir lögin en áður, þar á meðal svonefndar þjónustuíbúðir aldraðra. Í 18. gr. laganna er skilgreint hvað teljist stofnanaþjónusta fyrir aldraða samkvæmt lögum þessum. Hún er tvískipt, annars vegar þjónustuhúsnæði aldraðra skv. 1. tölul. og hins vegar hjúkrunarrými á öldrunarstofnunum eða hjúkrunarheimili skv. 2. tölul., sjá fylgiskjal I með skilgreiningu laganna á stofnanaþjónustu og fylgiskjal II, reglugerð nr. 47/1990 um stofnanaþjónustu fyrir aldraða, einkum fylgiskjal með henni þar sem er skrá um öldrunarstofnanir og hjúkrunarrými fyrir aldraða.

Um langan tíma hefur það verið eitt af höfuðeinkennum sjúkratrygginga á Íslandi að öllum sjúkratryggðum landsmönnum hefur verið tryggð ókeypis vist á sjúkrahúsum og sjúkradeildum fyrir aldraða, sbr. 40. og 41. gr. laga um almannatryggingar. Þannig segir í upphafi 41. gr.:

„Hverjum þeim, sem sjúkratryggður er skv. 40. gr., skal tryggð ókeypis vist að ráði læknis í sjúkrahúsum . . .“

Verður ekki annað séð en 27. gr. laga nr. 82/1989 gangi þvert á þetta ákvæði almannatrygginga og breytir þar varla nokkru um þótt aldraðir sjúklingar séu í reglugerð kallaðir „langlegusjúklingar“. Þessa nýtilkomnu greiðslubyrði mætti e.t.v. kalla „sjúklingaskatt“ og vísast þá til fyrri umræðna á Alþingi um hann, m.a. á þinginu 1983–84 er rætt var um umdeilda tillögu í þá átt að sjúklingar greiddu hluta af fæðiskostnaði sínum en þá var þessi nafngift notuð.

Þess má geta til upplýsingar að 1.596 lífeyrisþegar dveljast nú í hjúkrunarrými landsins. Af þeim greiða 285 eitthvað upp í vistgjaldið af tekjum sínum en 20 greiða það að fullu. Ekki liggja fyrir tölfræðilegar upplýsingar um fjölda aldraðra sem er í þjónustuhúsnæði og greiðir dvalarkostnað sinn að hluta eða öllu leyti. Samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar fá u.þ.b. 1.200 vistmenn greidda elliheimilisuppbót að fullu eða hluta vegna þess að þeir geta ekki greitt allan dvalarkostnað sinn. Það eru þó alltaf nokkrir vistmenn sem greiða dvalarkostnað sinn að fullu. Við meðferð málsins í nefnd væri æskilegt að fá nákvæmar tölfræðilegar upplýsingar um kostnaðargreiðslur vistmanna.

Lög nr. 82/1989 tóku gildi um síðustu áramót og reglugerð um stofnanaþjónustu fyrir aldraða, nr. 47/1990, frá 17. janúar 1990 tók gildi 1. febrúar sl. Í reglugerð þessari hafa viðmiðunarmörk 27. gr. laga nr. 20/1989 aðeins verið hækkuð til samræmis við hækkun bóta og eru nú þær upphæðir, sem vistmenn halda eftir á mánuði, 15.700 kr. í þjónustuhúsnæði og 13.200 kr. í hjúkrunarrými. Allar tekjur umfram þessar fjárhæðir renna til greiðslu dvalarkostnaðar upp að 61.290 kr. á mánuði eins og daggjaldanefnd hefur ákveðið. Þessar fjárhæðir eru allt of lágar og hlýtur það að reynast fólki þungbært að hafa ekki meira fé til ráðstöfunar hvort sem það dvelst í þjónustuhúsnæði eða hjúkrunarrými. Þykir því sanngjarnt að leggja til þessa hækkun til viðmiðunar, þ.e. 30.000 kr.

Til þess að gera skýrari grein fyrir þeim nýmælum sem frumvarp þetta felur í sér í samanburði við 27. gr. laga gildandi laga, nr. 82/1989, ásamt fyrrnefndri reglugerð, eru hér tvö dæmi, miðuð við 1. febrúar 1990. Tryggingastofnun ríkisins greiðir svokallaða elliheimilisuppbót skv. 19. gr. almannatryggingalaga, sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 351/1977. Grunnlífeyrir ellilífeyrisbóta er nú 11.016 kr. á mánuði:

Núgildandi kerfi:

Einhleypur í þjónustuhúsnæði. Viðmiðun 15.700 kr. á mánuði.

Tekjur 60.000 kr. á mánuði (eftirlaun).

Tekjutrygging á mánuði er engin.

Hann borgar sjálfur með tekjum sínum á mánuði, að frádregnum skerðingarmörkum: 60.000 – 15.700 = *44.300* (maður á langlegudeild borgar *46.800*).

Dvalarkostnaður = 61.290 – (11.016 + 60.000 – 15.700) = 5.974 kr. sem er svokölluð elliheimilisuppbót.

Tryggingastofnun borgar því 11.016 + 5.974 = *16.900*.

Samkvæmt frumvarpinu:

Einhleypur í þjónustuhúsnæði. Viðmiðun 30.000 kr. á mánuði.

Tekjur 60.000 kr. á mánuði (eftirlaun).

Tekjutrygging á mánuði er engin.

Hann borgar sjálfur 60.000 – 30.000 = *30.000*.

Dvalarkostnaður = 61.290 – (11.016 + 60.000 – 30.000) = 20.274 kr. sem er svokölluð elliheimilisuppbót.

Tryggingastofnun borgar því 11.016 + 20.274 = *31.290*.

Rétt þótti að gera einnig grein fyrir kostnaðarhlutdeild Tryggingastofnunar en hún er að sjálfsögðu fjármögnuð af skattgreiðendum. Þá má sömuleiðis geta þess að skattalögum hefur ekki verið breytt vegna vistmanna á stofnunum þannig að allar tekjur sem eru umfram 52.400 kr. á mánuði, eru skattskyldar.

Eftir að núgildandi lög um málefni aldraðra komu til framkvæmda hefur orðið vart mikillar óánægju meðal aldraðra og telja þeir ekki sanngjarnt að þurfa á síðustu árum ævinnar að greiða meiri hluta eftirlauna sinna til ríkisins. Reyndar kom frumvarpið að núgildandi lögum svo seint fram á síðasta þingi að lítill tími gafst til efnislegrar umfjöllunar um þennan viðamikla málaflokk og er ekki óeðlilegt að ætla það, m.a. af umræðum á Alþingi að dæma, að fulltrúar löggjafarvaldsins margir hverjir hafi búist við mun hærri viðmiðunarmarki en ákvæði reglugerðarinnar gera ráð fyrir. Í þessu sambandi er einnig rétt að minna á 2. mgr. 1. gr. laganna um málefni aldrara sem ákvæði 1. og 2. mgr. 27. gr. geta varla talist samrýmast, en þar segir svo:

„Tilgangur þessara laga er að aldraðir geti svo lengi sem verða má búið við eðlilegt heimilislíf en að jafnframt sé tryggð nauðsynleg stofnanaþjónusta þegar hennar gerist þörf. Eftir því sem kostur er skal sjálfsákvörðunarréttur aldraðra í því efni virtur og möguleikar þeirra til ráðstöfunar eigin eigna og lífeyris ef þess gerist þörf."

Með hliðsjón af þessu ákvæði, og til þess að milda áhrif þeirrar löggjafar sem hér um ræðir, er lagabreyting þessi lögð til. Það er skoðun flutningsmanna að enda þótt nú sé mikið rætt um þörf aðhalds og sparnaðar í ríkiskerfinu hljóti að verða að taka tillit til hagsmuna og sjálfsvirðingar þessa fólks sem lagt hefur grundvöllinn að íslensku nútímaþjóðfélagi.

Fylgiskjal I.

Skilgreining 18. gr. laganna um málefni aldraða á stofnanaþjónustu.

Stofnanaþjónusta fyrir aldraða samkvæmt lögum þessum er:

1. Þjónustuhúsnæði aldraðra sem getur verið tvenns konar: Íbúðir og dvalarheimili, hvort tveggja sérhannað fyrir þarfir aldraðra og ætlað þeim öldruðum sem ekki eru færir um að annast heimilishald þrátt fyrir heimaþjónustu. Þar skal vera varsla allan sólarhringinn, öryggiskerfi í hverri íbúð og völ á fjölbreyttri þjónustu, svo sem mat, þvotti, þrifum og félagsþjónustu. Aðstaða skal vera fyrir læknishjálp, hjúkrun og endurhæfingu. Þjónusta, sem hver einstaklingur nýtur, fer eftir einstaklingsbundnu mati á þörf, sbr. 19. gr., og skal byggjast á hjálp til sjálfshjálpar.
2. Hjúkrunarrými á öldrunarstofnunum eða hjúkrunarheimili eru ætluð öldruðum einstaklingum sem eru of lasburða til að dveljast í þjónustuhúsnæði aldraðra, sbr. 1. tölul. Á hjúkrunarrými á öldrunarstofnunum og hjúkrunarheimilum skal vera aðstaða til hjúkrunar- og læknisþjónustu. Við hönnun skal þess sérstaklega gætt að stofnunin sé heimilisleg og hlýleg. Aðstaða skal vera fyrir aldraða sjúklinga með heilabilunareinkenni. Eftir því sem kostur er skulu hjúkrunarrými á öldrunarstofnunum og hjúkrunarheimili vera í starfstengslum við öldrunarlækningadeild, lyflækningadeild eða sjúkrahús eftir aðstæðum í hverju tilviki. Þjónusta, sem hver einstaklingur nýtur, fer eftir einstaklingsbundnu mati á þörfum sjúklings og byggist á hjálp til sjálfshjálpar.

Fylgiskjal II.

REGLUGERÐ

um stofnanaþjónustu fyrir aldraða.

I. KAFLI
Skilgreiningar.

1. gr.

Með *þjónustuhúsnæði aldraðra* er átt við sérhannað húsnæði ætlað öldruðum sem ekki eru færir um að annast eigið heimilishald þrátt fyrir aðstoð heimaþjónustu. Þar er varsla allan sólarhringinn og öryggiskerfi í hverri íbúð. Þar er völ á fjölbreyttri þjónustu, s.s. mat, þvotti, þrifum og félagsþjónustu. Þar er aðstaða fyrir læknishjálp, hjúkrun og endurhæfingu.

Dvalarheimili aldraðra teljast þjónustuhúsnæði aldraðra svo og þær íbúðir fyrir aldraða sem fengið hafa rekstrarleyfi sem þjónustuhúsnæði aldraðra.

Einstaklingur sem dvelur í þjónustuhúsnæði aldraðra nefnist *vistmaður* í reglugerð þessari.

Stofnanir fyrir aldraða sem hafa rekstrarleyfi sem þjónustuhúsnæði aldraðra við gildistöku reglugerðar þessarar eru taldar upp í fylgiskjali. Auglýsingu um ný rekstrarleyfi og breytingar á rekstrarleyfum vegna þjónustuhúsnæðis aldraðra skal birta í Stjórnartíðindum.

2. gr.

Með *hjúkrunarrými aldraðra* er átt við hjúkrunarrými á öldrunarstofnunum, hjúkrunarheimili ætluð öldruðum svo og hjúkrunardeildir á almennum sjúkrastofnunum. Í hjúkrunarrými er aðstaða til hjúkrunar- og læknisþjónustu. Þess skal sérstaklega gætt að hjúkrunarrými sé heimilislegt og hlýlegt.

Einstaklingur sem dvelur í hjúkrunarrými aldraðra nefnist *langlegusjúklingur* í reglugerð þessari.

Stofnanir fyrir aldraða sem hafa rekstrarleyfi fyrir hjúkrunarrými aldraðra við gildistöku reglugerðar þessarar eru taldar upp í fylgiskjali. Auglýsingar um ný rekstrarleyfi og breytingar á rekstrarleyfum vegna hjúkrunarrýmis aldraðra skal birta í Stjórnartíðindum.

3. gr.

Með *dvalarkostnaði* á stofnun fyrir aldraða er átt við daggjald eins og það er ákveðið af daggjaldanefnd sjúkrahúsa, sbr. 46. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum.

II. KAFLI
Greiðsla dvalarkostnaðar í þjónustuhúsnæði.

4. gr.

Nú hefur vistmaður engar aðrar tekjur en bætur almannatrygginga og greiðir Tryggingastofnun ríkisins þá dvalarkostnað hans, sbr. 3. gr.

Bætur vistmannsins frá almannatryggingum skulu renna til greiðslu dvalarkostnaðar hans í þjónustuhúsnæðinu.

Vistmaður getur sótt um mánaðarlegt ráðstöfunarfé frá lífeyristryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins til viðbótar þeim bótum almannatrygginga sem 2. mgr. fjallar um, sbr. 19. gr. laga um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

5. gr.

Nú hefur vistmaður eigin tekjur (aðrar en bætur almannatrygginga) umfram 15.700 krónur á mánuði og skal hann með þeim tekjum sem umfram eru standa straum af dvalarkostnaði sínum að hluta eða fullu. Þó skal hann í hverjum mánuði aldrei greiða hærri fjárhæð en sem nemur dvalarkostnaði eins og hann er ákveðinn af daggjaldanefnd, sbr. 3. gr.

Tekjuviðmiðun skv. 1. mgr. skal breytast í samræmi við breytingar á tekjutryggingu almannatrygginga.

Nú á vistmaður maka og skulu þá eigin tekjur vistmanns skiptast að jöfnu milli vistmanns og maka. Séu tekjur vistmanns eftir skiptinguna umfram 15.700 krónur skal hann með þeim tekjum sem umfram eru standa straum af dvalarkostnaði sínum, sbr. 1. mgr.

6. gr.

Nú ná eigin tekjur vistmanns ekki 15.700 krónur á mánuði og greiðir Tryggingastofnun ríkisins þá dvalarkostnað hans, sbr. 3. gr.

Bætur vistmanns frá almannatryggingum skulu renna til greiðslu dvalarkostnaðar hans í þjónustuhúsnæðinu.

Nú hefur vistmaður eigin tekjur sem ekki ná mánaðarlegu ráðstöfunarfé skv. 19. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, og er þá lífeyristryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins heimilt að greiða honum mismuninn.

7. gr.

Er nýr vistmaður kemur til dvalar í þjónustuhúsnæði aldraðra skulu stjórnendur stofnunarinnar óska eftir því við Tryggingastofnun ríkisins að hún kanni hvort viðkomandi skuli taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar, sbr. 5. gr.

8. gr.

Hafi vistmaður engar tekjur aðrar en bætur almannatrygginga skal hann gefa stofnuninni umboð til að taka við fyrir sína hönd greiðslum Tryggingastofnunar ríkisins vegna dvalarinnar, sbr. 4. gr.

Hafi vistmaður eigin tekjur (aðrar en bætur almannatrygginga) skal hann gefa stofnun þeirri sem hann dvelur á umboð til að taka við bótum almannatrygginga upp í greiðslu dvalarkostnaðar. Stofnunin innheimtir hjá vistmanni sjálfum það sem á vantar upp í dvalarkostnað skv. ákvörðun daggjaldanefndar, sbr. 3. gr. reglugerðar þessarar. Þess skal ætíð gætt að hinn aldraði haldi eftir lágmarksupphæð skv. 5. gr.

III. KAFLI
Greiðsla dvalarkostnaðar í hjúkrunarrými.

9. gr.

Nú hefur langlegusjúklingur engar aðrar tekjur en bætur almannatrygginga og greiðir sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins þá dvalarkostnað hans, sbr. 3. gr.

Bætur langlegusjúklings frá lífeyristryggingum almannatrygginga falla niður ef dvölin verður lengri en fjórir mánuðir, sbr. lokamálsgrein 51. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum. Hafi langlegusjúklingur komið úr þjónustuhúsnæði skulu bætur almannatrygginga falla niður þegar samanlögð dvöl í þjónustuhúsnæði og hjúkrunarrými nær fjórum mánuðum.

Langlegusjúklingurinn getur sótt um mánaðarlegt ráðstöfunarfé frá lífeyristryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. lokamálsgrein 51. gr. laga um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

10. gr.

Nú hefur langlegusjúklingur eigin tekjur umfram 13.200 krónur á mánuði. Frá þeim tíma sem bætur almannatrygginga falla niður skal hann með þeim tekjum sem umfram eru taka þátt í dvalarkostnaði. Þó skal hann í hverjum mánuði aldrei greiða hærri fjárhæð en sem nemur dvalarkostnaði í þjónustuhúsnæði aldraðra eins og hann er ákveðinn af daggjaldanefnd, sbr. 3. gr.

Tekjuviðmiðun skv. 1. mgr. skal breytast í samræmi við breytingar á tekjutryggingu almannatrygginga.

Nú á langlegusjúklingur maka og skulu þá eigin tekjur langlegusjúklingsins skiptast að jöfnu milli hans og maka. Séu tekjur langlegusjúklings eftir skiptinguna hærri en 13.200 krónur skal hann með þeim tekjum sem umfram eru taka þátt í dvalarkostnaði sínum, sbr. 1. mgr.

11. gr.

Nú hefur langlegusjúklingur eigin tekjur sem ekki ná mánaðarlegu ráðstöfunarfé skv. lokamálsgrein 51. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum og er þá lífeyristryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins heimilt að greiða honum mismuninn.

12. gr.

Er nýr langlegusjúklingur leggst inn í hjúkrunarrými aldraðra skulu stjórnendur stofnunarinnar óska eftir því við Tryggingastofnun ríkisins að hún kanni hvort viðkomandi skuli taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar skv. 10. gr.

13. gr.

Í byrjun hvers mánaðar skal stofnun innheimta hjá langlegusjúklingi, sbr. 12. gr., hlut hans í dvalarkostnaði nýliðins mánaðar. Stofnunin skal gera Tryggingastofnun ríkisins skil á innheimtu vegna nýliðins mánuðar fyrir 15. næsta mánaðar.

Nú vanrækir stofnun þessa innheimtu og er Tryggingastofnun þá heimilt að halda eftir samsvarandi hluta af mánaðarlegum greiðslum til viðkomandi stofnunar.

IV. KAFLI

Greiðsla dvalarkostnaðar í hjúkrunarrými á stofnunum sem reknar eru með beinum fjárframlögum úr ríkissjóði skv. fjárlögum hverju sinni.

14. gr.

Langlegusjúklingur sem hefur eigin tekjur umfram 13.200 krónur og dvelur í hjúkrunarrými á stofnun sem rekin er með beinum fjárframlögum úr ríkissjóði skv. fjárlögum hverju sinni skal taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar eftir reglum 10. gr.

Sama máli gegnir um aldraðan einstakling sem dvalið hefur svo lengi á almennri sjúkrastofnun að greiðslur almannatryggingabóta skv. lokamálsgrein 51. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, eru fallnar niður.

15. gr.

Þegar langlegusjúklingur hefur verið svo lengi á sjúkrastofnun sem rekin er með beinum fjárframlögum úr ríkissjóði skv. fjárlögum hverju sinni, að reglur 14. gr. um greiðsluþátttöku eiga við, skulu stjórnendur stofnunarinnar óska eftir því við Tryggingastofnun ríkisins að hún kanni hvort viðkomandi skuli taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar skv. 10. gr.

16. gr.

Í byrjun hvers mánaðar skal stofnun innheimta hjá langlegusjúklingi, sbr. 14. og 15. gr., hlut hans í dvalarkostnaði nýliðins mánaðar. Tekjur þessar skulu færast í bókhald stofnunar sem sértekjur. Fjármálaráðuneyti er heimilt, skv. upplýsingum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, að halda eftir af beinum fjárframlögum skv. fjárlögum upphæð sem svarar til þessara sértekna.

17. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 30. sbr. 27. gr. laga um málefni aldraðra nr. 82 1989, öðlast gildi 1. febrúar 1990.

Reglugerð þessa skal endurskoða eigi síðar en tveimur árum frá gildistöku hennar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. janúar 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Fylgiskjal.

ÖLDRUNARSTOFNANIR OG HJÚKRUNARRÝMI FYRIR ALDRAÐA
(Skv. 18. gr. laga um málefni aldraðra nr. 82/1989 1. janúar 1990.)

	Þjónustu-húsnæði	Hjúkrunarrými á öldrunar-stofnun	Hjúkrunarrými á almennri sjúkrastofnun
Reykjavíkurhérað			
Seljahlíð	78		
Dvalarheimilið Fell	30		
Droplaugarstaðir	32	36	
Hrafnista DAS	153	189	
Elliheimilið Grund	125	160	
Skjól		102	
Borgarspítali B-álma (öldrunarþjónustudeild)			81
Hvítabandið			19
Heilsuverndarstöðin			24
Landakot, Hafnarbúðir			21
Landspítali, Hátún 10B (öldrunarþjónustudeild)			63
Reykjaneshérað			
Garðvangur, Garði	3	41	
Hlévangur, Keflavík	15		
Sjúkrahús Keflavíkurlæknishéraðs			15
Hrafnista DAS, Hafnarfirði	66	148	
Sólvangur, Hafnarfirði			106
Dvalarheimilið Skjólbraut, Kópavogi	14		
Sunnuhlíð, Kópavogi			54
Ellivistun á einkaheimili, Kópavogi	5		
Vesturlandshérað			
Höfði, Akranesi	48		
Sjúkrahús Akraness			30
Dvalarheimilið Borgarnesi	45	12	
Jaðar, Ólafsvík	3	4	
Fellaskjól, Grundarfirði	7	10	
Dvalarheimilið Stykkishólmi	25		
Fransiskusspítalinn			25
Fellsendi, Búðardal		15	
Barmahlíð, Reykhólum	3	4	
Vestfjarðahérað			
Sjúkrahúsið Patreksfirði			14
Öldrunarstofnun Önfirðinga			7
Sjúkrahúsið Þingeyri			8
Sjúkrahúsið Bolungarvík			21
Elliheimili Ísafjarðar	16		
Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði			25
Sjúkrahúsið Hólmavík			13
Norðurlandshérað vestra			
Sjúkrahús Hvammstanga			30
Sæborg, Skagaströnd	15		
Héraðshælið Blönduósi	12		30
Sjúkrahús Skagfirðinga	20		60
Sjúkrahúsið Siglufirði			32

	Hjúkrunarrými á		
	Þjónustu-húsnæði	öldrunar-stofnun	almennri sjúkrastofnun
Norðurlandshérað eystra			
Hornbrekka, Ólafsfirði	17	13	
Dalbær, Dalvík	24	20	
Þjónustumiðstöðin Hlíð, Akureyri	46		
Hjúkrunarheimilið Hlíð, Akureyri	18	64	
Skjaldarvík, Akureyri	70		
Kristnes, Hrafnagilshreppi			24
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri			15
Fjórðungssjúkrahúsið, Sel			23
Hvammur, Húsavík	50		
Sjúkrahúsið Húsavík			40
Austurlandshérað			
Sundabúð, Vopnafirði			12
Sjúkrahúsið Egilsstöðum			22
Sjúkrahúsið Seyðisfirði			23
Hulduhlíð, Eskifirði	17		
Fjórðungssjúkrahúsið á Neskaupstað	11		21
Uppsalir, Fáskrúðsfirði	13		
Skjólgarður, Höfn Hornafirði	21	25	
Suðurlandshérað			
Heiðarbær, Kirkjubæjarklaustri	5	7	
Hjallatún, Vík í Mýrdal	14		
Kirkjuhvoll, Hvolsvelli	30		
Lundur, Hellu	26		
Blesastaðir, Hrunamannahreppi	12		
Sjúkrahús Suðurlands Ljósheimar			26
Sjúkrahús Suðurlands			19
Kumbaravogur, Stokkseyri	34	40	
Sólvellir, Eyrarbakka	11		
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	130	64	
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	21	23	
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum			20

Nd. 904. Frumvarp til laga [518. mál]

um skaðsemisábyrgð.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

Lög þessi gilda um skaðabótaábyrgð framleiðenda og dreifingaraðila á tjóni sem hlýst af ágalla á vöru sem þeir hafa framleitt eða látið af hendi á annan hátt.

2. gr.

Samkvæmt lögum þessum skal greiða bætur vegna líkamstjóns og fyrir missi framfæranda.

Þá skal og greiða bætur fyrir tjón á munum sem eru slíkrar gerðar sem venjulega er ætluð til einkanota, enda hafi sá er fyrir tjóni varð aðallega haft hlutinn til einkanota. Lögin ná ekki til skemmda á vöru þeirri er tjón hlaust af.

3. gr.

Orðið vara í lögum þessum merkir sérhvern lausafjármun, þar á meðal náttúruafurðir. Einnig lausafjármun, sem orðinn er fastur hluti annars lausafjármunar eða fasteignar. Reglur laga þessara gilda einnig um rafmagn.

4. gr.

Framleiðandi telst vera sá er býr til fullunna vöru; einnig framleiðandi hráefnis eða hluta vöru og sá er vinnur eða aflar náttúruafurða. Enn fremur sérhver sem lætur líta svo út sem hann sé framleiðandi með því að setja á vöruna nafn sitt, vörumerki eða annað auðkenni.

Auk þess skal hver sá teljast framleiðandi er flytur vöru til landsins í þeim tilgangi að selja, leigja eða afhenda vöru á annan hátt en í atvinnustarfsemi.

Dreifingaraðili telst hver sá er afhendir vöru í atvinnuskyni án þess að teljast framleiðandi.

Geti tjónþoli ekki komist að því hver hefur framleitt vöru sem framleidd hefur verið hér á landi eða flutt vöru til landsins skal hver sá dreifingaraðili er látið hefur vöru af hendi teljast vera framleiðandi hennar.

Þetta gildir þó eigi ef dreifingaraðilinn upplýsir tjónþola án óþarfa dráttar um hver sá aðili er sem afhent hefur dreifingaraðila vöruna, enda beri sá bótaábyrgð samkvæmt lögum þessum og hafi varnarþing hér á landi.

5. gr.

Vara telst haldin ágalla þegar hún er ekki svo örugg sem með réttu mátti vænta eftir öllum aðstæðum, einkum því:

1. Hvernig vara er boðin og kynnt.
2. Notkun þeirri sem af sanngirni mátti reikna með.
3. Hvenær vara var seld eða látin af hendi á annan hátt.

Vara telst eigi gölluð þó síðar komi betri vara á markað.

6. gr.

Framleiðandi skal bæta tjón sem stafar af ágalla vöru er hann hefur framleitt eða látið af hendi.

Tjónþola ber að sýna fram á tjón sitt, ágalla vörunnar og orsakasamhengi milli ágalla og tjóns.

7. gr.

Framleiðandi ber eigi ábyrgð samkvæmt lögum þessum ef hann sannar:

1. Að hann hafi ekki látið vöruna af hendi.
2. Að framleiðsla eða dreifing vörunnar hafi ekki verið í atvinnuskyni.
3. Að vara er haldin ágalla vegna ófrávíkjanlegra fyrirmæla hins opinbera um gerð hennar.
4. Að ekki hafi verið mögulegt að uppgötva ágallann með þeirri vísindalegu þekkingu og tæknilegu getu sem völ var á þegar varan var sett á markað.

Þá ber framleiðandi ekki ábyrgð ef ætla má að ágalli sá, er tjóni olli, hafi eigi verið til staðar er hann lét vöru frá sér.

Framleiðendur einstakra hluta til annarrar framleiðslu eða seljendur hráefnis eru ekki ábyrgir ef ágallinn verður rakinn til gerðar hinnar fullunnu vöru eða fyrirmæla þess er býr hana til.

8. gr.

Þegar ákvarðaðar eru bætur vegna tjóns á munum skal draga frá bótunum 40.000 krónur.

Viðskiptaráðherra getur með reglugerð breytt fjárhæð skv. 1 mgr. og skal í því sambandi höfð hliðsjón af samsvarandi fjárhæðum í lögum Vestur-Evrópuríkja.

9. gr.

Heimilt er að lækka eða fella niður bætur ef tjónþoli er meðvaldur að tjóni af ásetningi eða gáleysi.

Þegar bætur vegna skemmda á munum eru lækkaðar af þessum sökum skal það gert eftir að frádráttur skv. 1. mgr. 8. gr. hefur verið gerður.

10. gr.

Dreifingaraðili ber ábyrgð gagnvart tjónþola og þeim dreifingaraðilum er á eftir honum hafa fengið vöru í hendur.

11. gr.

Nú eru tveir eða fleiri bótaskyldir eftir þessum lögum og bera þeir þá óskipta ábyrgð.

Séu tveir eða fleiri ábyrgir sem framleiðendur skv. 1. mgr. 4. gr. skal ábyrgð þeirra innbyrðis skiptast eftir því hver orsök ágallans var, hverja aðstöðu hver framleiðandi hafði til að hafa eftirlit með vörunni, ábyrgðartryggingum, sem aðilar höfðu og atvikum að öðru leyti, enda leiði einnig annað af samningi.

Hafi framleiðandi eða dreifingaraðili skv. 2. eða 4. mgr. 4. gr. greitt tjónþola eða öðrum dreifingaraðila bætur eignast hann kröfu þess á hendur framleiðendum og dreifingaraðilum er áður létu vöru af hendi. Kröfuna má lækka eða fella niður ef sá er endurgreiðslu krefst átti af ásetningi eða gáleysi þátt í að tjónið varð eða olli því að það varð meira en ella.

12. gr.

Eigi má áður en tjón verður víkja með samningi frá ákvæðum laga þessara til baga fyrir tjónþola eða þann er öðlast rétt sinn frá honum.

13. gr.

Ákvæði laga þessara takmarka eigi rétt tjónþola til bóta eftir almennum reglum um skaðabætur innan eða utan samninga eða samkvæmt reglum, sbr. þó 1. mgr. 14. gr.

14. gr.

Allar kröfur um bætur fyrir skaðsemistjón á hendur framleiðendum eða dreifingaraðilum fyrnast á þremur árum frá þeim degi er tjónþoli fékk eða mátti fá vitneskju um tjón sitt, ágalla vörunnar og hver framleiðandinn er.

Bótakrafa á hendur framleiðanda og dreifingaraðila vegna skaðsemistjóns fellur niður ef mál er eigi höfðað til heimtu hennar áður en tíu ár eru liðin frá því að varan var sett á markað.

15. gr.

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að innflytjandi vöru, sem skv. 2. mgr. 4. gr. telst framleiðandi hennar, teljist dreifingaraðili ef varan er innflutt frá ríkjum sem íslenska ríkið hefur gert samkomulag við sem felur í sér samræmdar reglur á sviði viðskipta. Þetta er þó bundið því skilyrði að innflytjandi geti vísað tjónþola á framleiðanda sem búsettur er í slíku ríki.

16. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júní 1991.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi gilda ekki um tjón sem hlýst af vöru sem afhent er neytanda fyrir gildistöku þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið að beiðni viðskiptaráðuneytisins af Jóni Finnbjörnssyni héraðsdómara, en einnig veitti Arnljótur Björnsson prófessor mikilvæga aðstoð við samningu þess. Greinargerð með frumvarpinu er samin í viðskiptaráðuneytinu.

Á Íslandi er ekki að finna almenna löggjöf um skaðabótaábyrgð, en íslenskur skaðabótaréttur byggir að meginstefnu til á ólögfestum meginreglum, dómvenju og kenningum fræðimanna.

Í íslenskum skaðabótarétti, sem og í öðrum norrænum rétti, er almenna skaðabótareglan eða saknæmisreglan („culpa-reglan") víðtækasta reglan sem fylgt er um skaðabótaábyrgð utan samninga. Efni saknæmisreglunnar er á þá lund að sá aðili, sem bakað hefur öðrum aðila fjárhagslegt tjón með ólögmætu og saknæmu atferli, skuli bæta það tjón sem telja má sennilega afleiðingu þessa atferlis. Samkvæmt því eru skilyrði bótaskyldu eftir saknæmisreglunni þessi: Ólögmætt atferli, sök hjá skaðvaldi, fjárhagslegt tjón og að tjónið hafi verið fyrirsjáanlegt eða sennileg afleiðing hins ólögmæta atferlis.

Með flóknari þjóðfélagsgerð og sífellt örari tækniþróun, þar sem einungis smávægileg mistök geta valdið gífurlegu tjóni, hefur skaðabótaábyrgð þróast og ábyrgð á tjóni færst á þann aðila sem best er í stakk búinn til að taka á sig áhættuna. Þetta er áberandi á sviði hættulegs atvinnurekstrar svo og við framleiðslu söluvöru, en þar gætir tilhneigingar til þess að gera bótareglur strangari og í vissum tilvikum byggja þær á hlutlægri ábyrgð. Rökin, sem liggja að baki slíkum reglum, eru að sú starfsemi, sem hér um ræðir, geti ekki talist æskileg frá sjónarmiði þjóðfélagsins, nema hún geti staðið undir kostnaði við tjón sem af henni stafar.

Vara telst gölluð þegar hún hefur ekki þá kosti sem áskildir eru eða ætla má að væru áskildir. Vara telst hins vegar haldin skaðlegum eiginleikum geti hún við eðlilega og venjulega notkun valdið tjóni á mönnum eða munum. Hér verður þó að gera ákveðna fyrirvara.

Ábyrgð á skaðlegum eiginleikum söluvöru fer í meginatriðum eftir almennum skaðabótareglum. Ekki er ljóst samkvæmt kenningum fræðimanna eða úrlausnum dómstóla hversu ströng ábyrgð þessi skuli vera. Þróunin á þessu sviði er til strangari ábyrgðar og jafnvel hlutlægrar ábyrgðar.

Þessi ábyrgð hefur verið nefnd „skaðsemisábyrgð" af fræðimönnum.

II. Ábyrgð framleiðanda.

Þegar söluvara veldur tjóni á mönnum eða lausafé við eðlilega og venjulega notkun geta komið upp álitaefni um hvaða skilyrði séu til þess og að hvað miklu leyti og hjá hverjum tjónþoli geti fengið skaða sinn bættan. Reglur um skaðsemisábyrgð hafa því í auknum mæli þýðingu fyrir hinn almenna neytanda þar sem sífellt eru settar á markað framleiðsluvörur sem kunna að hafa bæði leynda og ófyrirsjáanlega skaðlega eiginleika.

Með skaðsemisábyrgð er átt við þá ábyrgð sem á framleiðanda hvílir og felst í því að vara, sem hann framleiðir, sé ekki haldin slíkum skaðlegum eiginleikum eða galla að valdið geti mönnum eða munum tjóni við eðlilega og venjulega notkun hennar. Hinn skaðlegi galli vörunnar getur verið fólginn í því að varan hafi einhverja þá eiginleika sem kaupandi hennar með réttu mætti ætla að varan hefði ekki eða þá að varan hafi ekki þá eiginleika sem kaupandi hennar með réttu mætti ætla að hún hefði.

Gæta ber þess að leggja ekki of þröngan skilning í orðalagið „eðlileg og venjuleg notkun" þar sem einnig óvenjulegar, en þó fyrirsjáanlegar, aðferðir neytandans geta haft í för með sér skaðabótabyrgð vegna skaðlegra eiginleika. Sem dæmi má nefna að reiðhjól er venjulega ætlað fyrir einn hjólreiðamann, en ekki er óvanalegt að annar einstaklingur, t.d. barn, sé reiddur á reiðhjólinu. Brotni hjólið saman gæti framleiðandinn orðið ábyrgur vegna þess tjóns

sem af hlytist þar sem þessi notkun reiðhjólsins er alls ekki ófyrirsjáanleg. Börn geta notað leikföng á allt annan hátt en framleiðandi ætlaðist til og það verður framleiðandinn að taka með í reikninginn. Hafi tjónþoli hins vegar notað hlutinn á óvenjulegan og hættulegan máta þannig að tjón hlaust af er það ekki á ábyrgð framleiðanda. Flest lausafé getur valdið tjóni sé það notað á rangan og óforsvaranlegan hátt. Hnífur er t.d. hættuleg framleiðsluvara ef honum er rangt beitt, en skaðsemisábyrgð kemur ekki til nema tjón verði t. d. vegna galla í smíði hnífsins sem veldur því að skaftið losnar fyrirvaralaust af hnífnum við venjulega notkun með þeim afleiðingum að slys hlýst af.

Neytendur gera kröfu til þess að vörur, sem þeir kaupa, séu ekki haldnar ófyrirsjáanlegum skaðlegum eiginleikum. Framleiðandinn verður við hönnun og framleiðslu vöru sinnar að taka tillit til þeirrar þekkingar sem fyrir hendi er um viðkomandi framleiðslu, sem og að hafa fyllsta eftirlit með framleiðslunni. Hann verður að taka tillit til hugsanlegrar áhættu og aukaverkana sem framleiðsluvaran getur haft í för með sér.

Skaðsemisábyrgð framleiðsluvöru nær bæði til manna og muna. Það skiptir ekki heldur máli þótt tjón verði á utanaðkomandi hlutum eða á þriðja manni. Reglur um skaðsemisábyrgð framleiðsluvöru ná ekki til þess tjóns sem verður á vörunni sjálfri. Slíkt tjón fellur undir hinar hefðbundnu reglur kauparéttarins, þar með talið það tjón sem kaupandi verður fyrir vegna þess að hafa ekki fengið fullar efndir kaupsamnings.

Vara, sem veldur tjóni vegna skaðlegra eiginleika sinna, telst ótvírætt gölluð í skilningi kaupalaga nr. 39/1922. Ákvæði kaupalaga um úrræði vegna gallaðs söluhlutar ná þó ekki til þeirra tilvika þegar varan veldur tjóni á öðrum munum eða á mönnum vegna eiginleika sinna. Reglur kaupalaganna eiga aðeins við um samningsaðilana, þ.e. kaupanda og seljanda, og þau úræði sem þeim standa til boða vegna gallans sem telst vanefnd á kaupsamningi og bætur vegna þeirra vanefnda.

Reglur um ábyrgð framleiðenda ná því lengra en hin hefðbundnu úrræði kauparéttarins þar sem þeim er ætlað að ná yfir tjón á öðru lausafé en söluhlutnum, hér með talið tjón á þriðja manni. Auk þess væri óheppilegt ef ábyrgðarreglurnar væru mismunandi eftir því hver ætti í hlut, þ.e. þegar tjónþoli er þriðji maður eða þegar tjónþoli er kaupandinn sjálfur.

Reglurnar um framleiðsluábyrgð geta einnig komið til við önnur tilvik en kaup, t.d. leigu eða lán.

Augljóst er þó eins og áður segir að meginreglan er sú að varan er gölluð í skilningi kaupalaga þegar ekki er hægt að nota hana á venjulegan og eðlilegan hátt án þess að hún valdi tjóni. Kaupandinn getur þá — fyrir utan reglurnar um skaðsemisábyrgð — notfært sér vanefndaúrræði kaupalaga. Hér má nefna sem dæmi danskan dóm. Málavextir voru þeir að hnakkur á reiðhjóli lét lit. Kaupandinn rifti kaupunum og fékk jafnframt bætur vegna skemmda á fatnaði. Bótaábyrgðin byggir á reglunum um skaðsemisábyrgð, en riftunin á reglum kauparéttarins.

Það réttarsvið, sem hér um ræðir, stendur á mörkum skaðabótaréttar og kauparéttar því til álita getur komið hvort beita eigi reglum um skaðabætur utan samninga eða almennum reglum kröfu- og kauparéttar.

Eins og áður segir er þróunin í iðnvæddum ríkjum sú að skaðsemisábyrgðin verður stöðugt strangari. Í dönskum rétti, sem byggir á sömu sjónarmiðum og íslenskur réttur, er á sumum sviðum framleiðslu haldið fast í ábyrgð samkvæmt saknæmisreglunni („culpa-reglunni") meðan á öðrum sviðum gildir strangari hlutlæg ábyrgð.

Framleiðandi vöru er samkvæmt saknæmisreglunni ábyrgur fyrir tjóni sem orðið hefur vegna hættulegra eiginleika framleiðsluvöru hans ef hægt hefði verið að komast hjá tjóninu með aukinni aðgát framleiðandans, t.d. með auknu gæðaeftirliti, leiðbeiningum o.s.frv. Ekki er hægt að setja fram almennar leiðbeiningar um það hvenær framleiðandi á sök, þ.e. hann

hefur sýnt af sér gáleysi eða gert mistök. Í úrlausnum dómstóla virðist sem tillit sé tekið til aðstæðna hverju sinni þegar tjónið varð.

Orsök tjóns vegna skaðlegra eiginleika vöru má venjulega eftir gildandi rétti flokka niður, en á sumum sviðum er skaðabótaábyrgð strangari en á öðrum og jafnvel er um hlutlæga ábyrgð að ræða.

Þegar um hönnunargalla er að ræða eru yfirleitt mörg eintök sams konar hluta eða verulegt vörumagn gallað vegna mistaka við hönnun áður en varan komst á framleiðslustig. Tjónið má þá yfirleitt rekja til þess að ekki er fylgt eftir þeirri tækniþekkingu sem fyrir hendi var. Við mat á því hvort framleiðandi sé ábyrgur er litið til þess hvort framleiðandi hefði getað unnið betur eða með meiri varfærni að hönnun framleiðsluvörunnar. Í réttarframkvæmd eru gerðar strangar kröfur til framleiðenda sem hannar nýja vöru. Honum ber skylda til þess að notfæra sér við hönnunina þá tækni og vísindalegu þekkingu sem fyrir hendi er og almennt er þekkt innan viðkomandi sérsviðs. Eftir aðstæðum er sú skylda lögð á framleiðanda að hann rannsaki framleiðslu sína og prófi hana með tilliti til skaðsemi framleiðslunnar og þeirra nota sem neytandinn kemur til með að hafa af henni.

Tjón getur orðið vegna ónógra eða rangra upplýsinga. Hér er framleiðandi ábyrgur hafi hann gefið rangar, villandi eða ónógar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að varan sé notuð á réttan hátt miðað við almenna reynslu og þekkingu neytenda. Varan er í sjálfu sér ekki gölluð, en tjónið verður vegna þess að hún er ekki notuð á réttan hátt sem neytandinn gat ekki með réttu vitað um miðað við þær upplýsingar sem hann hafði. Því flóknari sem varan er þeim mun meiri kröfur eru gerðar til upplýsingagjafar framleiðanda.

Vara er sögð haldin framleiðslugalla þegar aðeins einstök eintök söluvöru eru haldin skaðlegum eiginleika. Sleppi slík „mánudagseintök“ út til neytenda er nær ótvírætt um sök hjá framleiðanda að ræða vegna ónógs eftirlits eða mistaka.

Þótt vara sé prófuð og rannsökuð á forsvaranlegan hátt getur hún síðar valdið tjóni sem ómögulegt var að sjá fyrir þegar hún var sett á markað. Þetta er svokallað þróunartjón. Tjón sem þessi verða helst innan lyfja og efnaiðnaðarins. Skaðlegir eiginleikar vörunnar verða fyrst ljósir þegar farið er að nota hana eða við nýjar og betri rannsóknir. Sem dæmi um málaferli vegna tjóns sem þessa eru svokölluð „thalidomide-mál“ sem upp komu vegna lyfsins thalidomide og mál sem spruttu af aukaverkunum ákveðinna gerða getnaðarvarnapilla. Við notkun þessara lyfja komu upp óvæntar hliðarverkanir sem ollu varanlegu heilsutjóni og fötlun.

Að lokum er flokkur tjóna sem nefndur hefur verið áhættutjón. Hér er um að ræða tjón af vörum sem vitað er að eru hættulegar og geta valdið miklu tjóni, en eru samt á markaði. Sem dæmi um slíkar vörur má nefna tóbak og áfengi. Undir þennan flokk heyra einnig vörur sem vitað er að geta haft skaðleg áhrif í einstaka tilvikum, en eru annars til mikilla nytja fyrir almenning. Sumir einstaklingar hafa t.d. ofnæmi fyrir lyfinu penisillín, en það hindrar þó ekki notkun þess sem er til góðs fyrir yfirgnæfandi fjölda fólks. Framleiðandi ber ekki ábyrgð sé áhættan almennt þekkt á þessum vörum.

Ábyrgð dreifingaraðila.

Samkvæmt gildandi rétti ber sérhver dreifingaraðili eða milliliður, sem selur, leigir eða á annan hátt dreifir söluvöru sem þætti í atvinnurekstri sínum, ábyrgð á grundvelli saknæmisreglunnar vegna skaðlegra eiginleika söluvöru á sama hátt og framleiðandinn. Milliliðurinn ber ábyrgð hafi hann með meðhöndlun sinni á vörunni gert hana hættulega eða hann hefur vegna gáleysis ekki uppgötvað skaðlega eiginleika vörunnar. Hins vegar er þekking milliliða á vörunni oft takmörkuð, svo og möguleiki þeirra til að rannsaka hana. Þar af leiðandi mun honum sjaldnast verða metið til gáleysis þótt hann hafi ekki uppgötvað hinn skaðlega eiginleika. Það er framleiðandans að ganga svo frá vörunni að hún sé ekki haldin skaðlegum

eiginleikum og lausleg könnun nægir af hálfu milliliðar, t.d. á því hvort varan hafi skemmst eða orðið fyrir hnjaski í flutningi.

Í framkvæmd hefur það þýðingu að athuga hvort milliliður hafi meðhöndlað vöruna rangt meðan hún var í hans umsjá. Sakarmatið er strangt, sérstaklega í þeim tilvikum þar sem varan þarfnast sérstakrar umhyggju og aðgæslu, t.d. eiturefni, flugeldar, lyf o.s.frv.

Sumir telja að milliliður eigi auk ábyrgðar á grundvelli saknæmisreglunnar að bera hlutlæga ábyrgð á skaðlegum eiginleikum söluvöru. Við fáar úrlausnir dómstóla á þessu sviði er að styðjast og erfitt er að slá föstu hvað víðtæk sú hlutlæga ábyrgð er. Hér kemur til greina hugsanleg sök annarra aðila, þar með talið sök framleiðanda, og einnig kemur til álita hvort um áhættutjón sé að ræða.

Lagasetning um skaðsemisábyrgð.

Skaðsemisábyrgð hefur verið mjög til umræðu í iðnvæddum ríkjum á síðustu árum. Hinn 27. janúar 1977 samþykkti Evrópuráðið sáttmála um skaðsemisábyrgð á tjóni lífs og lima (European Convention on Products Liability in regard to Personal Injury and Death). Skal sáttmálinn taka gildi sex mánuðum eftir að þrjú ríki hafa staðfest hann.

Sáttmálinn hefur að markmiði að bæta neytendavernd og um leið að skerpa reglur um ábyrgð þeirra sem valda öðrum tjóni með framleiðslu vara sem hafa skaðlega eiginleika.

Samkvæmt sáttmálanum eru framleiðandi og innflytjandi vöru ábyrgir fyrir tjóni sem hún veldur.

Ákvæði sáttmálans skulu hér ekki rakin nánar, enda hefur ekkert ríki enn staðfest hann og hann því ekki tekið gildi.

Hinn 25. júlí 1985 samþykkti ráð Evrópubandalagsins tilskipun um skaðsemisábyrgð. Samkvæmt henni ber framleiðandi söluvöru ábyrgð á tjóni sem framleiðsluvara hans veldur á mönnum og munum án þess að fyrir liggi saknæmt athæfi af hans hálfu.

Þegar vara er framleidd í sama landi og hún er notuð eða hennar er neytt vakna sjaldnast spurningar um það hver sé ábyrgur fyrir göllum á henni eða tjóni sem hún kann að valda. Málið horfir hins vegar öðru vísi við þegar varan er framleidd í einu landi, en notuð eða hennar neytt í öðru landi. Fram til þessa hefur sú almenna regla verið notuð að draga megi innflytjanda vörunnar til ábyrgðar. Markmið tilskipunarinnar er að auðvelda viðskipti á sameiginlegum innri markaði Evrópubandalagsins með samræmdri löggjöf sem geri framleiðanda vöru ábyrgan fyrir skaðlegum eiginleikum hennar hvar sem varan kann að vera endanlega notuð eða hennar neytt innan bandalagssvæðisins. Löggjöf þessa efnis hefur nú verið sett í Grikklandi, Ítalíu, Bretlandi, Danmörku og í Luxemborg. Í öðrum EB-ríkjum er hún í undirbúningi.

Tilskipunin fjallar um ábyrgð framleiðanda. Með framleiðanda er átt við fyrirtæki sem tekið hafa þátt í framleiðslunni. Framleiðandi hráefnis eða framleiðandi einhvers hlutar í endanlegri vöru eru ábyrgir fyrir tjóni sem leiðir af þeirra þætti í vörunni.

Sá sem flytur inn vöru til einhvers Evrópubandalagsríkis frá ríki utan þess er talinn framleiðandi í skilningi tilskipunarinnar. Það gildir hins vegar ekki um innflytjanda í EB-ríki sem flytur inn vörur frá öðru EB-ríki.

Reglur Evrópubandalagsins tryggja að unnt verður að reka mál, sem af þessu kunna að rísa, í einu bandalagsríki og fá dómnum fullnægt í öðru bandalagsríki. Fyrir þegna ríkja utan bandalagsins horfir málið hins vegar öðru vísi við. Innflytjandi í bandalagsríki kann framvegis að eiga val á að kaupa vöru frá öðru EB-ríki eða frá EFTA-ríki, en munurinn er sá að kaupi hann vöruna frá öðru EB-ríki hvílir skaðsemisábyrgð á framleiðanda, en kaupi hann hana frá EFTA-ríki er hann sjálfur ábyrgur gagnvart kaupanda og/eða neytanda. Frá sjónarhóli EFTA-ríkja er hér um verulega viðskiptahindrun að ræða. Því hafa sérfræðingafundir á vegum EFTA-ríkjanna lagt áherslu á að öll EFTA-ríki setji lög um skaðsemisábyrgð,

jafnframt því sem þau staðfesti svokallaðan Lugano-sáttmála sem gerir mögulegt að fullnægja dómum sem kveðnir eru upp í einu aðildarríki í öðrum aðildarríkjum sáttmálans. Þau ríki, sem undirritað hafa sáttmálann, eru Belgía, Danmörk, Finnland, Grikkland, Holland, Ísland, Ítalía, Lúxemborg, Noregur, Sviss og Svíþjóð.

Þá má nefna sáttmála kenndan við Haag frá 2. október 1973. Í honum er fjallað um það hvar mál mál vegna skaðsemisábyrgðar skuli höfða í viðskiptum yfir landmæri. Frakkland, Júgóslavía, Lúxemborg, Holland, Noregur og Spánn hafa fullgilt þennan sáttmála, en hann hefur einnig verið undirritaður af fulltrúum Belgíu, Ítalíu og Spánar.

Í Austurríki voru samþykkt lög um skaðsemisábyrgð 21. janúar 1988. Í Sviss hafa hins vegar ekki verið sett lög um þetta efni, en almennar reglur um skaðsemisábyrgð hafa hins vegar þróast innan hins almenna skaðabótaréttar. Stjórnvöld hafa hins vegar til athugunar að setja sérstök lög hér að lútandi. Danir hafa þegar sett lög um skaðsemisábyrgð og í Noregi tóku lög um þetta efni gildi 1. janúar 1989. Í Svíþjóð og í Finnlandi hafa frumvörp um skaðsemisábyrgð verið lögð fram, en umfjöllun um þau er ekki lokið.

Í Bandaríkjunum setur hvert fylki sér löggjöf af þessu tagi og síðan þróast hún með fordæmisgildi dóma sem upp eru kveðnir. Í meginatriðum er löggjöf fylkjanna um skaðsemisábyrgð svipuð. Framleiðandi vöru er ávallt ábyrgður fyrir tjóni sem varan hefur orsakað og er þar um hlutlæga ábyrgð að ræða. Seljandi vöru er einnig ábyrgur fyrir tjóni sem orsakast af skaðlegum eiginleikum hennar.

Með löggjafarþróun í Bandaríkjunum og dómum, sem kveðnir hafa verið upp í málum sem fjalla um skaðsemisábyrgð, hefur verið lögð mjög rík ábyrgð á framleiðendur vöru og hafa dæmdar skaðabætur numið háum fjárhæðum.

Framleiðendur í Bandaríkjunum kaupa sér yfirleitt vátryggingar fyrir hugsanlegum útgjöldum vegna skaðsemisábyrgðar, en á síðustu árum hafa iðgjöld á slíkum vátryggingum hækkað verulega, eru iðgjöld slíkra trygginga jafnvel ofviða smáum fyrirtækjum. Í ágúst árið 1986 var lagt fram á Bandaríkjaþingi frumvarp til alríkislaga um skaðsemisábyrgð, en það hefur enn ekki verið staðfest. Samkvæmt frumvarpinu ber seljandi því aðeins skaðsemisábyrgð að hann hafi sýnt gáleysi. Frumvarpið hafði einnig að geyma ákvæði til samræmingar á fyrningarfresti kröfu og fleiri atriðum.

Ráðstilskipun EB um skaðsemisábyrgð.

Framangreind lagasetning Evrópuríkja um skaðsemisábyrgð er í megindráttum í samræmi við ráðstilskipun EB, en nokkur frávik eru í löggjöf einstakra landa í samræmi við þá kosti sem ráðstilskipun EB gefur í einstökum atriðum. Tilskipun bandalagsins er í 22 greinum og eru helstu atriði hennar sem hér segir:

Samkvæmt 1. gr. ber framleiðandi ábyrgð á tjóni sem hlýst af skaðlegum eiginleikum framleiðsluvöru hans.

Í 2. gr. er skilgreint hvað átt sé við með orðinu framleiðsluvara. Hér er átt við sérhvert lausafé, svo og það sem skeytt er við annað lausafé eða fasteign. Landbúnaðarafurðir og veiðifang er undanþegið tilskipuninni. Með orðinu landbúnaðarafurðir er átt við jarðargróður, afurðir húsdýra og fiskifang. Þær afurðir, sem unnar hafa verið á fyrsta vinnslustigi, falla hér ekki undir. Orðið „framleiðsluvara" nær jafnframt yfir raforku. Samkvæmt 15. gr. tilskipunarinnar er heimilt að sleppa undanþágunni um náttúruafurðir.

Í 3. gr. er skilgreint hver teljist framleiðandi samkvæmt tilskipuninni. Átt er við framleiðanda fullunninnar söluvöru, framleiðanda efnis í vöru og framleiðanda hluta í fullunna vöru, svo og hvern þann sem setur nafn sitt, merki eða annað kennimerki/tákn á framleiðsluvöruna og gefur þannig til kynna að hann sé framleiðandi vörunnar.

Sá sem flytur vöru inn í Evrópubandalagið, selur, leigir út, selur á eignarleigu eða á annan hátt dreifir framleiðsluvöru sem þætti í atvinnurekstri sínum ber ábyrgð á sama hátt og framleiðandi.

Samkvæmt greininni skal einnig líta á sérhvern millilið eða dreifingaraðila vörunnar sem framleiðanda nema hann upplýsi tjónþola innan sanngjarns frests hver framleiðandi sé eða sá aðili sem afhenti honum framleiðsluvöruna. Sama gildir þótt nafn framleiðanda sé uppgefið á innfluttum vörum en ekki nafn dreifingaraðila.

Í 4. gr. er að finna reglu um sönnunarbyrði. Samkvæmt greininni ber tjónþoli sönnunarbyrði fyrir tjóni, hinum skaðlega eiginleika og orsakatengslum milli tjónsins og skaðlega eiginleikans.

Beri fleiri en einn aðili ábyrgð á sama tjóni bera þeir ábyrgð in solidum skv. 5. gr. tilskipunarinnar, en síðan gera þeir upp tjónið sín á milli eftir lögum hvers lands.

Samkvæmt 6. gr. telst framleiðsluvara gölluð þegar hún fullnægir ekki þeim öryggiskröfum sem með sanngirni má ætla að gera megi til vörunnar með tilliti til aðstæðna allra, sér í lagi með tilliti til:

a. kynningar vörunnar,
b. þeirra nota af vörunni sem með sanngirni má ætla að hafa megi af henni,
c. tímans þegar varan er sett á markað.

Framleiðsluvara telst ekki gölluð þótt síðar sé sett á markað betri vara.

Samkvæmt 7. gr. fellur skaðsemisábyrgð framleiðanda niður sýni hann fram á:

a. að hann hafi ekki sett vöruna á markað,
b. að hinn skaðlegi eiginleiki vörunnar, sem tjóni olli, hafi ekki verið til staðar þegar varan var sett á markað þegar litið sé til allra aðstæðna eða að hinn skaðlegi eiginleiki hafi myndast síðar,
c. að varan hafi hvorki verið framleidd í þeim tilgangi að selja hana né dreifa á annan hátt í atvinnuskyni, hún framleidd eða henni dreift sem lið í atvinnurekstri framleiðandans,
d. að varan hafi verið í fullu samræmi við ófrávíkjanlegar reglur stjórnvalda og hinn skaðlega eiginleika megi rekja til þeirra,
e. að á grundvelli þeirrar vísinda- og tækniþekkingar, sem fyrir hendi var á þeim tíma sem varan var sett á markað, hafi ekki verið hægt að uppgötva skaðlega eiginleika vörunnar,
f. að þegar um hluta í framleiðsluvöru er að ræða sé gallinn að kenna hönnun þeirrar framleiðsluvöru sem hlutinn er notaður til eða um að kenna upplýsingum framleiðanda hinnar fullunnu vöru.

8. gr. tilskipunarinnar segir að leiði ekki annað af innlendum réttarreglum um endurkröfu lækki bótaábyrgð framleiðanda ekki þótt tjón megi rekja til skaðlegra eiginleika vörunnar ásamt framferði þriðja manns. Þá segir síðari hluti greinarinnar að heimilt sé að lækka bótaábyrgð framleiðanda ef hina skaðlegu eiginleika söluvörunnar megi rekja til gálausrar notkunar tjónþola eða þess sem tjónþoli ber ábyrgð á.

Í 9. gr. tilskipunarinnar er skilgreint hvað átt sé við með orðinu tjón, en það er:

a. tjón á lífi og limum,
b. tjón eða eyðilegging muna annarra en hinnar gölluðu söluvöru, en þó að frádreginni sjálfsáhættu að jafnvirði 500 ECU, svo framarlega sem söluvaran er:
   i. af því tagi, sem venjulega er ætluð til einkanota eða einkaneyslu,
   ii. aðallega notuð af tjónþola til einkanota eða einkaneyslu.

Greininni er ekki ætlað að breyta ákvæðum innlends réttar um bætur fyrir tjón sem ekki er af fjárhagslegum toga.

Samkvæmt 10. gr. tilskipunarinnar skulu aðildarríkin setja í löggjöf sína þá samræmdu reglu að fyrningarfrestur skaðabótakröfu, samkvæmt þeirri löggjöf sem hér er til umfjöllunar, sé þrjú ár frá þeim degi sem sækjandi máls fékk eða mátti hafa fengið vitneskju um tjónið, hinn skaðlega eiginleika og hver framleiðandi er. Þetta ákvæði skal þó í engu breyta reglum innlends réttar um frestun eða rof fyrningarfrests.

11. gr. tilskipunarinnar leggur til að aðildarríkin ákveði í löggjöf sinni að réttur tjónþola samkvæmt lögum um skaðsemisábyrgð falli niður tíu árum eftir þann dag sem framleiðandi setti vöru þá á markað sem tjóninu olli nema því aðeins að tjónþoli hafi höfðað mál fyrir þann tíma.

Ekki er hægt að takmarka eða undanþiggja sig skaðsemisábyrgð gagnvart tjónþola með samningum þar að lútandi skv. 12. gr. tilskipunarinnar.

Samkvæmt 13. gr. hróflar tilskipunin ekki við rétti tjónþola til að bera fyrir sig skaðabótareglur utan samninga eða vísa til sérreglna um bótaábyrgð sem áður giltu.

Samkvæmt 14. gr. undanskilur tilskipunin tjón vegna kjarnorkuslysa sem fjallað er um í alþjóðlegum sáttmálum sem aðildarríkin hafa fullgilt.

Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. getur aðildarríki ákveðið í löggjöf sinni um skaðsemisábyrgð:

a. að gera þá undantekningu frá 2. gr. að hugtakið „söluvara“ nái jafnframt yfir landbúnaðarafurðir og veiðifang,
b. að gera þá undantekningu frá e-lið 7. gr. að framleiðandi skuli bera ábyrgð þrátt fyrir að samkvæmt vísinda- og tækniþekkingu á þeim tíma, sem varan var sett á markað, hafi ekki verið mögulegt að uppgötva hinn skaðlega eiginleika hennar.

2. mgr. 15. gr. til 22. gr. tilskipunarinnar fjallar nánar um útfærslu tilskipunarinnar í löggjöf aðildarríkjanna og um eftirlit framkvæmdastjórnar EB með framkvæmd hennar. Í 1. mgr. 16. gr. er þó heimild fyrir aðildarríkin til þess að setja hámark á skaðsemisábyrgð framleiðanda sem orsakast af samkynja framleiðsluvöru með sama galla (raðtjón). Skal hámarkið nema minnst jafnvirði 70 milljóna ECU eða um 5 milljörðum króna. Þetta ákvæði skal endurskoða síðar og getur þá ráð bandalagsins fellt 1. mgr. úr gildi.

Í Danmörku, Ítalíu og í Bretlandi fylgir löggjöf um skaðsemisábyrgð grunntexta tilskipunarinnar án þess að ríkin notfæri sér undantekningu 1. mgr. 15. gr.

Grísku lögin fylgja einnig grunntexta tilskipunarinnar, en þó eru sett ákvæði um hámarksfjárhæð bóta í ákveðnum tilvikum (vegna raðtjóna).

Í þýska frumvarpinu, sem nú er til umfjöllunar, er einnig gert ráð fyrir að hægt sé að ákveða hámarksfjárhæð bóta vegna raðtjóna. Samkvæmt írska frumvarpinu nær skaðsemisábyrgð ekki til þróunargalla, en í Belgíu og Frakklandi eru frumvörp til meðferðar sem byggð eru á grunntexta tilskipunarinnar og ná einnig til óunninna náttúrafurða, sbr. 15. gr. 1. mgr. Ákvæði hollenska frumvarpsins ná ekki til óunninna náttúruafurða og ekki til þróunarskaða. Á Spáni og í Portúgal er nú fjallað um frumvörp sem ná til óunninna náttúruafurða, en hins vegar ekki til þróunargalla. Á Spáni er einnig gert ráð fyrir hámarki bótaábyrgðar í ákveðnum tilvikum.

Gert er ráð fyrir að lög um skaðsemisábyrgð verði síðar að fullu samræmd í aðilarríkjum EB, en meðan munur er á lögum geta komið upp dómsmál þar sem vafi leikur á því hvaða lögum skuli beita og hvar mál skuli höfða. Í því tilviki munu þau ríki, sem fullgilt hafa Haagsáttmálann, leysa vandann í samræmi við ákvæði sáttmálans.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, byggir á þeim meginreglum sem settar eru fram í framangreindri ráðstilskipun EB. Lögin ná einnig til óunninna náttúruafurða. Orðalag er byggt á orðalagi dönsku laganna, en frumvarpið er frábrugðið þeim hvað snertir náttúruafurðir og eins er engin undanþága í lögunum hvað snertir tjón af völdum kjarnorku, en um það efni eru sérstök lög í Danmörku.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Til þess að bótagrundvöllur sé fyrir hendi samkvæmt lögum þessum þarf að uppfylla fjögur skilyrði:

a. Tjón þarf að vera á lífi, limum og munum, sbr. lýsingu 2. gr.

b. Skaðinn þarf að hafa orðið vegna vöru, sbr. lýsingu 3. gr.
c. Varan þarf að hafa skaðlega eiginleika, sbr. lýsingu 5. gr.
d. Krafan þarf að beinast að framleiðanda og þeim aðilum öðrum sem falla undir skilgreiningu 4. gr.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessari grein skal bætt fyrir líkamstjón og fyrir missi framfæranda. Einnig skal bætt fyrir tjón á munum sem eru þeirrar gerðar sem venjulega er ætluð til einkanota, enda hafi sá er fyrir tjóni varð aðallega notað muninn á þann hátt. Lögin ná ekki til þess tjóns sem verður á þeirri vöru er tjóninu olli.

Um 3. gr.

Með orðinu vara í frumvarpinu er átt við sérhvern lausafjármun, þar á meðal óunnar náttúrafurðir. Einnig ná ákvæði laganna til hluta sem orðnir eru fastur hluti annars lausafjármunar eða fasteignar. Þá er sérstaklega tekið fram að rafmagn sé vara í merkingu laganna.

Um 4. gr.

Hér er skilgreint hver teljist framleiðandi vöru í skilningi laganna. Athygli er vakin á því að innflytjandi vöru til landsins telst framleiðandi vöru, enda er þá oft langt til þess sem vöruna framleiddi og erfitt fyrir þann sem fyrir tjóni hefur orðið að ná fram rétti sínum. Skaðabótakröfu yrði þá beint til hans og e.t.v. dreifingaraðila. Samkvæmt 15. gr. frumvarpsins er ráðherra hins vegar veitt heimild til þess að ákveða að innflytjandi vöru frá ríkjum, sem Íslendingar hafa gert sérstakt samkomulag við er felur í sér samræmingu á reglum á sviði viðskipta, teljist dreifingaraðili. Hér er höfð hliðsjón af reglum Evrópubandalagsins og þeirri samræmingu á þessu sviði sem nú á sér stað í EFTA-ríkjunum. Ef þessi heimild er notuð yrði væntanlega farið eftir reglum Haag-sáttmálans, sem Íslendingar eru enn ekki aðilar að, um það hvar mál væri höfðað og fullnusta dóms yrði samkvæmt reglum Lugano-sáttmálans sem Ísland hefur undirritað en ekki fullgilt. Innflytjandinn verður þó að geta vísað tjónþola á framleiðanda í einhverju þeirra ríkja sem sérstakt samkomulag er við.

Ef vara er hins vegar flutt frá ríkjum sem ekki eru bundin af slíku samkomulagi né af reglum framangreindra sáttmála telst innflytjandi framleiðandi í skilningi laganna.

Ef dreifingaraðili getur ekki vísað tjónþola á framleiðanda vöru telst hann framleiðandi og dreifingaraðili getur einnig borið ábyrgð samkvæmt almennum skaðabótareglum, sbr. það sem fram hefur komið í hinum almennu athugasemdum við frumvarpið.

Ábyrgð framleiðanda hvílir fyrst og fremst á þeim sem býr til vöru fyrir eigin reikning. Starfsmaður hans telst ekki framleiðandi í skilningi laganna.

Framleiðandi getur verið fleiri en einn aðili. Sá sem setur saman rafeindabúnað og kaupir til þess hluta víða að er t.d. framleiðandi vöru ásamt þeim sem búa til hluta í hana eða flytja þá inn. Ef framleitt er undir vörumerki markaðsfyrirtækis verður það einnig framleiðandi vörunnar.

Sá sem framleitt hefur aðeins hluta þeirrar vöru, sem tjón stafar af, getur losnað undan ábyrgð ef hann sýnir fram á að tjónið verður ekki rakið til þess hluta sem hann gerði.

Um 5. gr.

Ákvæði þessarar greinar skýra nánar hugtakið „ágalla“, en það felur í sér hinn skaðlega eiginleika vörunnar þegar hún hefur verið notuð á venjulegan hátt eða eins og við mátti búast. Ágalli vörunnar er fólginn í því að hún hefur ekki þá eiginleika sem með réttu mátti búast við að hún hefði eða hún hefur eiginleika sem ekki var með réttu hægt að búast við að hún hefði.

Í 1. tölul. 1. mgr. er átt við tillit til þess hvernig vara var kynnt, hvort henni fylgdu leiðbeiningar um notkun o.s.frv.

Í 2. tölul. 1. mgr. er skaðabótaábyrgð bundin þeirri notkun sem af sanngirni mátti reikna með. Reiðhjól er t.d. notað af hjólreiðamanni til þess að ferðast á milli staða, en auk þess er alvanalegt að hann flytji jafnframt á því pakka og jafnvel reiði farþega. Hnífur er notaður við ýmis störf og skaðsemisábyrgð getur sprottið af göllum í hníf sem veldur skaða við venjulega notkun. En hnífur getur einnig verið hættulegt vopn sem ólöglegt er að beita. Sé hnífurinn notaður á þann hátt fellur það utan skaðsemisábyrgðar framleiðanda.

Í 3. tölul. 1. mgr. er vísað til vöruþróunar sem stöðugt á sér stað. Vara, sem framleidd er nú, kann að vera öruggari í notkun en vara sem framleidd var fyrir fimm árum og þótti þá fullkomnlega boðleg. Mælt er fyrir um að tekið skuli tillit til þessa við mat á skaðsemisábyrgð.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að vara teljist eigi gölluð í skilningi laganna þótt síðar komi fram vara sem er fullkomnari og öruggari í notkun.

Um 6. gr.

Í þessari grein er kveðið á um hina hlutlægu (objektívu) ábyrgð framleiðanda á tjóni sem stafar af ágalla vöru sem hann hefur framleitt eða látið af hendi.

Þetta er þó háð því að tjónþola takist að sýna fram á tjón sitt, ágalla vörunnar og orsakasamhengi ágallans og þess tjóns sem orðið hefur.

Um 7. gr.

Framleiðandi ber sönnunarbyrði fyrir því að hann beri ekki ábyrgð á skaðlegum eiginleikum vörunnar. Þetta er í samræmi við almennar reglur um sönnunarbyrði þegar um hlutlæga ábyrgð er að ræða.

Í greininni eru talin upp þau atvik sem losað geta framleiðanda undan skaðabótaábyrgð.

Í tilvikum, sem vísað er til í 1. tölul., kann að vera að framleiðandi hafi alls ekki ætlað að setja vöru á markað vegna ágalla, en það hafi gerst án vitundar hans eða starfsmanna hans, t.d. að þjófur hafi stolið vörunni úr verksmiðju hans og síðan selt hana eða gefið. Í því tilviki ber framleiðandi ekki skaðabótaábyrgð samkvæmt lögum þessum, en hins vegar kynni hann að teljast ábyrgur samkvæmt hinni almennu saknæmisreglu („culpa-reglu“) þar eð vörslu á hinum gallaða hlut hafi verið ábótavant.

Innflytjandi og dreifingaraðili geta einnig borið fyrir sig slíkar mótbárur. Ef framleiðandi hefur t.d. sett vöru með skaðlegum eiginleikum á markað og henni er síðan stolið af vörulager innflutningsaðila getur sá síðarnefndi borið fyrir sig regluna í 1. tölul. en það losar hins vegar ekki framleiðandann undan ábyrgð.

Í tilvikum, sem vísað er til í 2. tölul., er átt við að um sé að ræða t. d. heimilisframleiðslu sem ekki sé ætluð til sölu eða dreifingar í atvinnuskyni. Húsmóðir ber t.d. ekki skaðsemisábyrgð á heimabakaðri tertu sem hún býður gestum sínum. Jafnvel þótt einstaka sinnum sé slík heimilisframleiðsla seld, svo sem á góðgerðabasar, verður ekki talið að þar sé um að ræða sölu eða dreifingu í atvinnuskyni.

3. tölul. þarfnast ekki skýringa, en verið getur að ófrávíkjanlegar reglur í reglugerðum eða öðrum opinberum forskriftum bindi hendur framleiðanda varðandi gerð vörunnar.

4. tölul. fjallar um svokallaða þróunarskaða, en þar er um að ræða tjón sem alls ekki var hægt að sjá fyrir þegar varan var sett á markað. Það er eftir aðstæðum hvað ríkar kröfur eru gerðar til framleiðanda um að leita og fylgjast með nýjustu vísindalegum uppgötvunum og um að nota nýjustu og nákvæmustu mælitæki sem völ er á. Til dæmis eru gerðar mjög ríkar kröfur til framleiðenda lyfja, en vægari kröfur til framleiðenda einfaldrar framleiðslu sem lítill skaði getur hlotist af.

Eins og áður segir er ráð fyrir því gert í frumvörpum um skaðsemisábyrgð sem til umfjöllunar eru í nokkrum ríkjum Evrópubandalagsins að 4. tölul. verði felldur niður, en tilskipun EB heimilar slík frávik. Færa má rök bæði með og móti því að láta lögin ná til þróunarskaða, en benda má á að nokkrar greinar iðnaðar, t.d. lyfjaiðnaður, þyrftu að bera mun hærri iðgjöld af skaðsemisábyrgðartryggingum ef þróunarskaðar væru ekki undanþegnir skaðsemisábyrgð en keppinautar þeirra í ríkjum þar sem slík undanþága er lögbundin.

Skv. 2. mgr. ber framleiðandi ekki ábyrgð ef ætla má að ágalli sá, er tjóni olli, hafi ekki verið til staðar er hann lét vöru frá sér. Hann ber t.d. ekki ábyrgð á sliti eða breytingum er gerðar hafa verið á vörunni og tjón verður rakið til.

Í 3. mgr. er fjallað um framleiðendur hluta í vöru og ábyrgð þeirra, en ábyrgð verður ekki felld á þá ef tjón verður ekki rakið til þeirra þátta í framleiðslunni.

Um 8. gr.

Hér er mælt fyrir um ákveðna sjálfsábyrgð við tjón á munum og nemur hún 40 þúsund krónum. Er sú fjárhæð í samræmi við reglur í nágrannalöndunum, t.d. er fjárhæðin 4.000 danskar krónur og 500 ECU í ráðstilskipun EB.

Í 2. mgr. er viðskiptaráðherra veitt heimild til þess að breyta þessari fjárhæð til samræmis við þær fjárhæðir sem á hverjum tíma eru ákveðnar í þeim nágrannaríkjum sem búa við samstofna löggjöf.

Um 9. gr.

Hér er fjallað um eigin sök tjónþola, en heimilt er að lækka eða fella niður bætur ef tjónþoli er meðvaldur að tjóni af ásetningi eða gáleysi. Hér er bæði átt við tjón á fólki og munum.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að í þeim tilvikum, sem bætur vegna tjóns á munum eru lækkaðar vegna sakarskiptingar, skuli það gert með þeim hætti að fyrst skuli draga frá sjálfsábyrgð skv. 8. gr.

Um 10. gr.

Samkvæmt þessari grein ber dreifingaraðili ábyrgð gagnvart tjónþola og þeim dreifingaraðilum er á eftir honum hafa fengið vöru í hendur. Tjónþoli getur því valið um hvaða aðilum í dreifingar- og framleiðslukeðjunni hann beinir kröfum sínum að, hvort hann beinir kröfum sínum að þeim öllum eða þeim sem næstir honum eru. Dreifingaraðili kann að bera sjálfstæða ábyrgð, en í flestum tilvikum á hann endurkröfu skv. 11. gr.

Um 11. gr.

Í þessari grein er fjallað um innbyrðis skiptingu bótaskyldu milli framleiðenda og dreifingaraðila í skilningi laganna. Gagnvart tjónþola bera þeir óskipta ábyrgð, en ábyrgð þeirra innbyrðis skiptist eftir því hver orsök tjónsins var, hverja aðstöðu hver framleiðandi hafði til að hafa eftirlit með vörunni og atvikum að öðru leyti, enda hafi þeir eigi á annan veg samið.

Hér koma til greina framleiðandi hráefnis, framleiðandi hluta í vöruna og sá sem setur hana saman, sá sem setur vörumerki sitt á hana, svo og dreifingaraðilar.

Um 12. gr.

Hér er sett bann við að víkja frá ákvæðum laganna til baga fyrir tjónþola eða þann er leiðir rétt sinn frá honum. Þetta byggir á þeim tilgangi laganna að samræma viðskiptalöggjöf á þessu sviði og heimild til frávika frá henni yrði til þess að samræming næðist ekki. Frávik mundu einnig leiða til óvissu í viðskiptalífinu og í sumum tilvikum skapa framleiðendum með eftirsótta vöru aðstöðu til þess að knýja fram samninga um undanþágu frá skaðsemisábyrgð.

Um 13. gr.

Þetta ákvæði tekur af allan vafa um að skaðabætur tjónþola samkvæmt lögum um skaðsemisábyrgð takmarka ekki rétt hans til bóta samkvæmt öðrum réttarreglum eða samningi að teknu tilliti til fyrningarákvæða í 14. gr.

Ákvæðið þýðir að reglurnar um skaðsemisábyrgð gilda jafnframt öðrum reglum íslensks skaðabótaréttar, en takmarka þær síðarnefndu ekki, sbr. þó athugasemdir við 14. gr.

Um 14. gr.

Í þessari grein er að finna reglur um fyrningarfrest krafna um bætur fyrir skaðsemistjón. Þær eru annars vegar þriggja ára frestur frá þeim degi sem tjónþoli fékk eða mátti fá vitneskju um tjón sitt, ágalla vörunnar og hver framleiðandinn er og hins vegar tíu ára frestur frá því að vara var sett á markað. Er þar átt við þá tilteknu vöru sem tjón er rakið til, t.d. gallað eintak af lausafjármun, en ekki frá því að sams konar vara var fyrst sett á markað. Í tilvikum, þar sem tjón hefur orðið vegna langvarandi notkunar vöru, t.d. læknislyfs, hefur verið talið að nægilegt sé að síðasti lyfjaskammturinn hafi verið settur á markað innan 10 ára frestsins. Málssókn rýfur fyrningarfrest.

Tilvísun í lok 13. gr. til 1. mgr. 14. gr. merkir að allar skaðabótakröfur vegna skaðsemistjóns, hvort sem þær eru byggðar á ákvæði þessara laga eða á almennum reglum skaðabótaréttarins, fyrnast eftir sömu reglum, þ.e. reglum 14. gr.

Um 15. gr.

Vísað er til athugasemda við 4. gr.

Um 16. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi 1. júní 1991, en þá munu flest viðskiptaríki okkar í Vestur-Evrópu hafa lögfest samræmdar reglur. Nokkurn fyrirvara þarf fyrir gildistöku laganna bæði til fræðslu- og upplýsingastarfsemi meðal almennings og fyrirtækja og til að undirbúa framleiðendur, dreifingaraðila og vátryggingafélög þeirra undir þær breytingar sem lögin hafa í för með sér.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ekki er hægt að leggja skaðsemisábyrgð á framleiðendur og dreifingaraðila vegna vöru sem afhent er neytanda fyrir gildistöku laganna, en neytandinn kann hins vegar að eiga skaðabótakröfu samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins.

Nd. 905. Frumvarp til laga [519. mál]

um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins. Hlutverk sjóðsins er að draga úr áhrifum verðsveiflna á sjávarafurðum á þjóðarbúskapinn.

2. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar sjóðnum fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn. Sjávarútvegsráðherra skipar jafnframt formann sjóðstjórnar úr hópi þessara fimm stjórnarmanna. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

3. gr.

Verðjöfnunarsjóði skal skipt í deildir eftir tegundum afurða. Sjávarútvegsráðherra tekur ákvörðun um deildaskiptingu sjóðsins samkvæmt tillögum sjóðstjórnar. Stofna skal sérstakan reikning í viðkomandi deild fyrir hvern þann aðila sem framleiðir sjávarafurðir til útflutnings.

4. gr.

Greitt skal í Verðjöfnunarsjóð þegar markaðsverð afurða í hverri deild er að meðaltali 3–5% hærra en staðvirt meðalverð (grundvallarverð) síðustu fimm árin og skal innborgunin vera 50% af því sem umfram er. Sjóðstjórn ákveður fyrir hverja deild hvar 3–5% verðbilið er hverju sinni. Verðjöfnun skal miðast við útflutning og greiðslur innheimtar við gjaldeyrisskil, þó ekki síðar en fjórum mánuðum eftir að útflutningur átti sér stað. Sjóðstjórninni er þó heimilt að veita lengri greiðslufrest standi sérstaklega á. Greiðslur skulu renna inn á verðjöfnunarreikning á nafni viðkomandi framleiðanda.

5. gr.

Greiða skal af verðjöfnunarreikningum sjóðsins þegar markaðsverð er að meðaltali 3-5% lægra en staðvirt meðalverð (grundvallarverð) síðustu fimm ára og skal útgreiðsla vera 50% af því sem á vantar. Sjóðstjórn ákveður fyrir hverja deild hvar 3–5% verðbilið er hverju sinni. Greiðslur skulu þó aldrei vera umfram það fé sem er inni á viðkomandi verðjöfnunarreikningi. Verðjöfnun skal miðast við útflutning. Greiðslur eru gjaldkræfar við gjaldeyrisskil.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður mánaðarlega fyrir fram það hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við. Breytist það hlutfall ekki innan mánaðarins enda þótt breyting verði á því markaðsverði sem lá til grundvallar ákvörðuninni, sbr. 4. og 5. gr. Lánastofnanir skulu innheimta greiðslur til sjóðsins skv. 4. gr.

7. gr.

Innstæður á verðjöfnunarreikningum sjóðsins teljast eign hans en eru bundnar við verðjöfnun á afurðum þess framleiðanda sem inneign myndaði. Sé félagi, sem á reikning í sjóðnum, slitið og það sameinað öðru félagi með þeim hætti að ákvæðum 56. og 57. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sé fullnægt skal það félag, er við tekur, taka við rétti til verðjöfnunar af sérreikningi þess félags sem slitið var. Sé rekstur einstaklings, sem greitt hefur í sjóðinn, seldur er heimilt að kveða svo á að innstæða á verðjöfnunarreikningi fylgi með í sölunni. Með sama hætti getur innstæða á nafni einstaklings flust yfir á félag sem myndað kann að vera um rekstur hans. Látist einstaklingur sem greitt hefur í sjóðinn taka erfingjar hans við öllum réttindum sem hinn látni hafði áunnið sér gagnvart sjóðnum uppfylli þeir ákvæði laga þessara nema um skuldafrágöngubú sé að ræða.

Verði framleiðandi gjaldþrota eða sé félagi slitið án þess að ákvæði 1. mgr. eigi við skal innstæða á verðjöfnunarreikningi þess renna inn á óskiptan reikning Verðjöfnunarsjóðs. Sama á við ef framleiðandi hefur ekki í sex ár framleitt sjávarafurðir til útflutnings.

8. gr.

Greiðslur framleiðenda inn á verðjöfnunarreikninga hjá Verðjöfnunarsjóði skulu koma til lækkunar á tekjum þeirra á því ári sem framleiðsla á sér stað. Útgreiðslur af verðjöfnunarreikningum til framleiðenda skulu færðar til tekna á því ári sem framleiðsla á sér stað.

9. gr.

Skylt er framleiðendum og útflytjendum sjávarafurða ásamt flutningafyrirtækjum og lánastofnunum að veita Verðjöfnunarsjóði allar þær upplýsingar sem hann kann að leita eftir um söluverð, söluskilmála, tegundir, pakkningar, vinnslustig afurða og annað það sem máli skiptir.

10. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fella niður inngreiðslur í Verðjöfnunarsjóð verði verulegur aflabrestur.

Fari samanlagðar innstæður einstakra deilda umfram 30% af verðmæti útfluttra afurða viðkomandi tegundar síðasta almanaksár er stjórninni heimilt að lækka inngreiðslur eða fella þær niður um tiltekinn tíma.

Stjórn sjóðsins er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 4. og 5. gr., að ákveða að verðjöfnun fyrir óunnar botnfiskafurðir taki mið af verðjöfnun botnfiskafurða er undir aðrar deildir falla.

11. gr.

Stjórn Verðjöfnunarsjóðs hefur yfirumsjón með starfsemi sjóðsins. Hún ræður starfsfólk til að annast daglegan rekstur hans eða semur um það við fjármálastofnanir eftir því sem hagkvæmt þykir.

Kostnaður af rekstri Verðjöfnunarsjóðs skal greiddur af óskiptum reikningi sjóðsins. Sé rekstrarkostnaður meiri en nemur innstæðu á óskiptum reikningi sjóðsins skal honum skipt hlutfallslega niður á verðjöfnunarreikninga sjóðsins.

Innstæður á verðjöfnunarreikningum sjóðsins skulu ávaxtaðar á tryggan og hagkvæman hátt í erlendum gjaldeyri.

12. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur með reglugerð, að fengnum tillögum sjóðstjórnar, nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

13. gr.

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum hverju nafni sem nefnast.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1990. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 72 21. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, með síðari breytingum, og lög nr. 13 16. mars 1988, um aðgerðir í sjávarútvegi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkissjóður skal taka við skuldbindingum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Innstæður deilda í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins skulu færðar á sérstaka reikninga í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins. Þegar útborgunartilefni skapast samkvæmt ákvæðum 5. gr. þessara laga skal greiða verðbætur á útflutning af þessum reikningum óháð innstæðum hvers fyrirtækis í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins. Þessar greiðslur skulu þó bundnar við afurðir þeirrar deildar í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins sem átti innstæðuna. Þegar innstæðan á einhverjum þessara reikninga er orðin minni en svarar til 0,2% af útflutningsverðmæti viðkomandi tegundar síðasta almanaksár skal afgangurinn renna í óskiptan reikning Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins og frekari útgreiðslur fara eftir ákvæðum 5. gr. laganna.

Innstæða á stofnfjárreikningi Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins skal renna í óskiptan reikning Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sjávarútvegsráðherra skipaði nefnd 20. nóvember síðastliðinn til að endurskoða lög um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Í nefndina voru skipaðir: Þórður Friðjónsson, formaður, Árni Benediktsson, Benedikt Valsson, Friðrik Pálsson, Geir Gunnarsson, Hreggviður Jónsson, Ísólfur Sigurðsson, Jón Kristjánsson, Karl Steinar Guðnason, Kristján Ragnarsson, Lárus Jónsson, Matthías Bjarnason, Ólafur Ísleifsson, Óskar Vigfússon, Sigurður Haraldsson og Þórunn Friðriksdóttir. Með nefndinni vann dr. Ásgeir Daníelsson, hagfræðingur á Þjóðhagsstofnun. Skilabréf nefndarinnar til sjávarútvegsráðherra fylgir þessu frumvarpi sem fylgiskjal.

1. Sveiflur í íslenskum þjóðarbúskap.

Íslenskur þjóðarbúskapur er tiltölulega sveiflukenndur. Helstu orsakir þess eru sveiflur í afla, verðlagi á sjávarafurðum og viðskiptakjörum. Vegna þess hversu mikilvægur inn- og útflutningur eru fyrir íslenskt hagkerfi hafa sveiflur í útflutningstekjum mikil áhrif á þjóðarbúskapinn.

Það er eðlilegt markmið, bæði fyrir fyrirtæki og stjórnvöld, að reyna að draga úr sveiflum í þjóðarbúskapnum og minnka þannig óvissu og ójafnvægi í efnahagslífinu. Þótt það sé ekki á valdi íslenskra stjórnvalda að draga úr sveiflum í þeim ytri aðstæðum sem þjóðarbúið býr við er hægt að draga úr áhrifum þeirra á aðrar stærðir í hagkerfinu. Með því móti væri hægt að auðvelda þróun í átt að jafnvægi í þjóðarbúskapnum, verðbólga ætti að verða minni, áætlanagerð fyrirtækja betri og átök um tekjuskiptinguna innan lands yrðu minni.

Í grófum dráttum má lýsa gangi hagsveiflunnar á Íslandi þannig að uppsveiflan hefjist með uppgangi í sjávarútvegi vegna meiri afla eða hagstæðara verðs á erlendum mörkuðum. Sú tekjuaukning, sem þannig á sér stað í sjávarútvegi, leiðir til aukinnar eftirspurnar, betra atvinnuástands og vaxandi kaupkrafna. Reynslan hér á landi að undanförnu hefur verið sú að þessi uppgangur hefur verið of hraður og mikill, tekju- og eftirspurnaraukningin hefur verið of mikil. Þetta hefur leitt til þess að aðrar greinar, sem keppa við erlend fyrirtæki, hafa átt við erfiðleika að stríða á sama tíma og uppgangur er í efnahagslífinu. Er hér átt við minni greinar innan sjávarútvegsins, greinar sem framleiða fyrir innlendan markað, en eru í beinni samkeppni við erlenda aðila, og þjónustu við erlenda aðila, einkum ferðamannaþjónustu. Vegna þenslu og kostnaðarhækkana innan lands fá fyrirtæki í sjávarútvegi aðeins lítinn hluta þeirrar miklu tekjuaukningar, sem orðið hefur á uppgangstímunum, í sinn hlut. Þegar svo samdráttartímarnir hefjast með aflasamdrætti eða verðlækkunum á erlendum mörkuðum verður sú aðlögun, sem verður að eiga sér stað, meiri en ella vegna þessarar ofþenslu á uppgangstímunum. Gengislækkunin, tekjulækkunin og aðrar aðgerðir, sem nauðsynlegt er að beita til að rétta við afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og minnka halla á viðskiptajöfnuði við útlönd, verða meiri en vera þyrfti ef þróunin væri jafnari.

2. Aðgerðir til sveiflujöfnunar.

Allar efnahagsaðgerðir til þess að minnka þessar sveiflur felast í því að draga úr þenslunni á þenslutímunum með því að binda einhvern hluta af þeim peningum sem streyma inn. Þetta má gera með fjármálatækjum hins opinbera (skattlagningu sem ekki leiðir til útgjalda), peningamálatækjum (hærri vöxtum sem leiða til meiri sparnaðar, hærra lausafjárhlutfalli sem leiðir til þess að meira af peningum er geymt í bankakerfinu), gengishækkunum eða öðrum tækjum eins og t.d. verðjöfnunarsjóði. Með því að draga úr þenslu á uppgangstímum skapast aukið svigrúm á samdráttartímum. Þörfin á miklum gengislækkunum og tekjulækkunum verður minni, auk þess sem peningar eru í sjóði til að mæta þeim áföllum sem verða.

Á síðustu árum hafa með auknu jafnvægi á peningamarkaði skapast vaxandi möguleikar til að beita peningamálatækjum til hagstjórnar. Það er aftur á móti ástæða til að efast um að

þau fjármálatæki og þau peningamálatæki, sem til eru í landinu, og sú reynsla, sem fyrir liggur við að beita þeim, auk gengisákvarðana, nægi til að ná fram þeirri sveiflujöfnun sem æskilegt er hér á landi vegna þess hversu stórar sveiflurnar eru. Það er einnig ástæða til að efast um að beiting t.d. gengisbreytinga til hagstjórnar sé að öllu leyti æskileg. Nú horfir til stórfelldra breytinga á efnahagskerfi Evrópulanda. Þótt ekki sé ljóst hvernig Ísland tengist þessari þróun bendir allt til þess að hún leiði til aukins frelsis í völuflutningi og fjármagnsflæði milli Íslands og annarra landa. Slík þróun mun takmarka mjög möguleika stjórnvalda til að nota gengis- og vaxtaákvarðanir til að jafna sveiflur innan lands, jafnframt því sem slík þróun mun gera auknar kröfur um að stöðugleiki í íslenskum þjóðarbúskap sé svipaður og í helstu viðskiptalöndum. Þessar röksemdir sýna nauðsyn þess að leitað sé fleiri leiða sem minnki álagið á hefðbundin tæki til hagstjórnar og auki árangurinn. Sá Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, sem hér er lagt til að verði stofnaður, er einmitt slíkt viðbótarstjórntæki.

Að auki má svo benda á þær röksemdir að óæskilegt sé að bregðast við þenslu sem eigi sér upphaf í sjávarútvegi með aðgerðum sem bitna jafnt á sjávarútvegi sem almennum iðnaði og ferðmannaþjónustu eins og almenn beiting fjármálatækja, peningamálatækja eða gengisákvarðanir gera. Til þess að ráða bót á þeirri þenslu, sem á upptök sín í sjávarútvegi, þarf að beita sérstökum aðgerðum sem beinast að sjávarútveginum sérstaklega. Með því móti yrði dregið meira úr sveiflum í raungengi en hægt væri að gera með almennum aðgerðum.

Enn má benda á þær röksemdir að sökum þess hversu sveiflukenndur sjávarútvegurinn er sé nauðsynlegt að byggja upp sérstaka sjóði til að mæta áföllum innan hans. Með því að byggja upp tryggingarsjóði, sem jafni áhættuna í sjávarútveginum, er hægt að draga verulega úr afskiptum stjórnvalda af málefnum hans. Með verðjöfnunarsjóði, sem hefði sömu áhrif og tryggingarsjóður og jafnaði áhættuna í greinum sjávarútvegsins yfir nokkurn tíma, mörkuðust afskipti af greinum sjávarútvegsins við ákveðnar viðurkenndar reglur sem næðu jafnt til allra framleiðenda.

3. Óánægja með Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Í sjávarútvegi hefur skapast megn óánægja með Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Þessi óánægja hefur einkum beinst að þremur þáttum. Í fyrsta lagi er óánægja með fyrirkomulag verðjöfnunarinnar þar sem endanlegt uppgjör krefst mikilla og seinlegra útreikninga og leiðir til þess að endanlegt uppgjör getur ekki farið fram fyrr en nokkrum mánuðum eftir að verðjöfnunartímabilinu lýkur. Í öðru lagi er mikil óánægja með það sem sumir hafa kallað „misnotkun“ á Verðjöfnunarsjóðnum og er þá átt við að ákvarðanir um viðmiðunarverð og önnur atriði, sem lúta að verðjöfnun, hafi ekki verið tekin með hrein fagleg markmið að leiðarljósi, auk þess sem ákvarðanir stjórnvalda um lántökur sjóðsins til að standa straum af verðbótum til sumra greina sjávarútvegsins en ekki annarra hafa verið gagnrýndar. Í þriðja lagi hefur það verið gagnrýnt að sjóðurinn greiðir út fyrirtækjum óháð því hversu mikið þau hafa greitt inn í sjóðinn. Þetta hefur stundum leitt til þess að fyrirtæki, sem ekkert hafa greitt í sjóðinn, hafa fengið greiðslur úr sjóðnum.

Í því frumvarpi til laga um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, sem hér liggur fyrir, hefur verið leitast við að sníða af áðurnefnda vankanta. Eitt af markmiðunum með frumvarpinu er að gera alla framkvæmd verðjöfnunarinnar mun einfaldari en nú er. Allur útreikningur á verðjöfnunartilefnum verður nú hjá Verðjöfnunarsjóðnum sjálfum á grundvelli verðupplýsinga frá útflytjendum. Þessi útreikningur á einnig að liggja fyrir áður en verðjöfnunartímabilið hefst þannig að útflytjendur vita strax hversu mikið þeir eiga að greiða af útflutningi á verðjöfnunartímabilinu, eða hversu mikið þeir munu fá greitt á útflutning á verðjöfnunartímabilinu.

Í öðru lagi var að því stefnt við frumvarpsgerðina að gera sem mest af ákvörðunum, sem tengjast verðjöfnuninni, sjálfvirkt og einbeita sjóðnum að því að jafna verðsveiflur en hirða ekki um aðra þætti sem hafa áhrif á afkomu sjávarútvegsfyrirtækja eins og t.d. afla.

Í þriðja lagi gerir frumvarpið ráð fyrir því að útgreiðslur úr Verðjöfnunarsjóðnum til einstakra fyrirtækja takmarkist við þær inngreiðslur sem fyrirtækið hefur innt af hendi til sjóðsins og ávöxtun þessara inngreiðslna. Með því er komið í veg fyrir að fyrirtæki, sem ekkert hefur borgað í sjóðinn, fái greitt úr honum.

4. Verðsveiflur á útflutningsafurðum íslensks sjávarútvegs.

Hér er valin sú leið að mæla sveiflurnar með þeim hætti að reikna út staðalfrávik prósentulegra breytinga á ársmeðaltalsverði. Miðað er við að verð sé reiknað í SDR og að almennt smásöluverðlag í „SDR-löndunum" sé notað við staðvirðingu markaðsverðsins. Með „SDR-löndunum" er átt við Bandaríkin, Bretland, Vestur-Þýskaland, Frakkland og Japan. Til að finna verðvísitölu í „SDR-löndunum" hefur verðvísitala þessara landa í SDR, þ.e. miðað við kaupmátt SDR, verið vegin saman á sama hátt og gjaldmiðlar þeirra eru vegnir saman til að ákvarða gengi SDR.

Verðsveiflurnar, mældar með staðalfrávikum prósentubreytinganna, eru svipaðar hvort sem horft er á verðið sjálft eða staðvirt verð. Meðfylgjandi tafla, sem byggist á verðtölum á sjávarafurðum fyrir tímabilið 1973–1988, sýnir sveiflur í markaðsverði þegar það er mælt í SDR fyrir mismunandi greinar sjávarútvegsins.

Tafla 1.

Staðalfrávik prósentulegra breytinga þegar verð er mælt í SDR.

	SDR
Nýr og ísaður fiskur	18,3%
Frysting botnfiskafla	7,6%
Humar	13,4%
Rækja	16,5%
Hörpudiskur	19,5%
Söltun	18,1%
Verkaður saltfiskur	29,8%
Óverkaður saltfiskur	18,7%
Mjöl og lýsi	22,9%
Mjöl	23,6%
Lýsi	30,0%
Sjávarafurðir samtals	8,0%

Taflan sýnir vel að verðsveiflurnar eru langminnstar í frystingu botnfisks og mestar í verkuðum saltfiski og lýsi.

Línurit á næstu síðum sýna dæmi um verðþróun tveggja greina 1980–1989. Annars vegar er tekið dæmi af frystingu en verð á afurðum hennar sveiflast tiltölulega mjög lítið og hins vegar er tekið dæmi af rækjufrystingu en verð á afurðum hennar sveiflast mjög mikið. Til samanburðar er sýnd þróun almenns neysluvöruverðs.

5. Markmið með reikniformúlum verðjöfnunarkerfis.

Það er eðlilegt að gera eftirtaldar kröfur til þeirra reikniformúla sem notaðar eru í verðjöfnunarkerfi:

1. Reikniformúlurnar verða að vera þannig að verðjöfnunarkerfið minnki sveiflur í verði til framleiðenda.
2. Formúlurnar verða að vera eins einfaldar og kostur er.
3. Forðast verður að reikniformúlurnar eða önnur atriði í framkvæmd kerfisins valdi, einar og sér, snöggum breytingum í verðjöfnuninni.

4. Eðlilegt er að kerfið leiði til meiri verðjöfnunar þar sem verðbreytingar eru snöggar en þar sem verðþróunin er hægari.
5. Í þeim tilfellum, þar sem einhver grein nýtur mjög hagstæðrar verðþróunar til langs tíma, er eðlilegt að þó nokkur sjóðsmyndun verði. Jafnframt er eðlilegt að komið sé í veg fyrir að slík sjóðsöfnun fari úr hófi.

6. Reikniformúlurnar.

Nýja kerfið er í grundvallaratriðum eins og það kerfi sem nú er við lýði hjá Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Helsta breytingin er sú að útreikningur á viðmiðunarverðinu hefur verið gerður sjálfvirkur, en viðmiðunarverðið er nú ákveðið af stjórn sjóðsins út frá meðalverði síðustu þriggja og fimm ára og að teknu tilliti til annarra atriða, svo sem arðsemi viðkomandi greinar.

Samkvæmt frumvarpinu á að reikna út viðmiðunarverðið þannig að það sé meðaltal markaðsverða síðustu fimm ára, eða 60 mánaða. Með meðaltali markaðsverðs er átt við staðvirt verð þannig að allar markaðsverðtölur séu reiknaðar út á verðlagi þess mánaðar þegar verðákvörðunin er framkvæmd. Einnig er átt við meðalmarkaðsverð afurðanna þar sem verð

Verð á afurðum frystingar í SDR og almennt neysluvöruverðlag í SDR.



Verð á ækju í SDR og almennt neysluvöruverðlag í SDR.



á einstökum pakkningum er vegið saman miðað við heppilegan magngrunn sem taki mið af framleiðslu eða útflutningi nýliðins árs eða ára. Með stærðfræðitáknum lítur útreikningurinn á viðmiðunarverðinu þannig út:

(1) $VMV_t = (MV_{t-1} + MV_{t-2} + MV_{t-3} + \ldots\ldots MV_{t-60})/60$

þar sem VMV_t er viðmiðunarverðið sem gilda á í næsta mánuði (mánuði t), MV_{t-1} er markaðsverðið í þeim mánuði sem er að líða, staðvirt með einhverri vísitölu, t.d. smásöluverði í „SDR-löndunum" eins og gert er í útreikningunum í þessari greinargerð.

Þegar búið væri að reikna út viðmiðunarverð fyrir mánuð t væri hægt að reikna út verðjöfnunartilefni miðað við það verðbil og það afgjaldshlutfall sem frumvarpið kveður á um. Ef verðbilið í prósentum er **vb** og afgjaldshlutfallið í prósentum er **g** á að greiða inn í verðjöfnunarsjóðinn ef:

(2) $100*(MV_{t-1} - VMV_t)/VMV_t > \mathbf{vb}$

og inngreiðslan í prósentum af útflutningi mánaðar t verður:

(3) $(g/100)*(100*(MV_{t-1} - VMV_t)/VMV_t - \mathbf{vb}$

Útgreiðslutilefni verður ef:

(4) $100*(MV_{t-1} - VMV_t)/VMV_t < - \mathbf{vb}$

og ef viðkomandi fyrirtæki á innstæðu í sjóðnum á útgreiðslan í prósentum af útflutningi mánaðar t að vera:

(5) $-(g/100)*(100(MV_{t-1} - VMV_t)/VMV_t + \mathbf{vb})$

Þessar formúlur eru í flestum aðalatriðum eins og þær sem nú eru notaðar í starfsemi Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Helsti munurinn er að einungis markaðsverð liðins tíma er notað við útreikning á verðjöfnunartilefni, en ekki verð á verðjöfnunartímabilinu sjálfu eins og nú er lagt til.

Það er auðvelt að sjá það út frá formúlunum að þeim mun stærra sem verðbilið (**vb**) er og þeim mun minna sem afgjaldshlutfallið (**g**) er þeim mun minni verður verðjöfnunin.

Þetta kerfi uppfyllir öll skilyrðin fimm sem talin voru upp hér að framan, nema síðari hluta fimmta skilyrðisins. Það er ekkert í þessu kerfi sem kemur í veg fyrir að sjóðsöfnunin haldi endalaust áfram ef verðþróun greinarinnar er mjög hagstæð um langt tímabil. Þess vegna er ákvæði í 10. gr. frumvarpsins um heimild til handa sjóðstjórninni að breyta frá heimildum sem 4. og 5. gr. kveða á um ef viðkomandi deild á digra sjóði.

7. Nokkur dæmi um verðjöfnun samkvæmt sjálfvirku verðjöfnunarkerfi.

Prófun á þessu verðjöfnunarkerfi hefur farið fram með því að skoða hvað hefði komið út úr því fyrir nokkrar greinar sjávarútvegs á tímabilinu frá janúarmánuði 1980 til desembermánaðar 1989. Reynt hefur verið að afla eins góðra upplýsinga og hægt var um markaðsverð og erlendar verðvísitölur í hverjum mánuði. Aftur á móti hefur framleiðslumagninu verið haldið óbreyttu alla mánuðina.

Það yrði allt of umfangsmikið að reyna að gera grein fyrir því hvernig sérreikningafyrirkomulagið hefði áhrif á verðjöfnunina. Það hefur því verið látið nægja að meðhöndla öll fyrirtækin sem eitt fyrirtæki og borga út eins lengi og peningar eru til á reikningi deildarinnar ef útborgunartilefni er fyrir hendi. Botnfisk er hér skipt á tvær deildir: frystingu og söltun eins og er í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins.

Í öllum þeim útreikningum, sem hér fylgja, hefur verið gengið út frá því að í upphafi þess tímabils sem verið er að skoða, þ.e. 1. janúar 1980, séu allir reikningar tómir. Engin verðjöfnun getur því orðið fyrr en kemur að fyrstu innborguninni. Það er einnig gert ráð fyrir því að sjóðstjórnin hafi ákveðið að verðbilið (**vb**) sé 5% í rækju og loðnumjöli en 3% í frystingu og söltun botnfiskafurða (miðað við staðvirta verðvísitölu) og að afgjaldshlutfallið (.zfg.xf) sé 50%. Einnig er alls staðar reiknað með því að innstæður séu ávaxtaðar með 3% raunvöxtum miðað við erlent verðlag. Tölur 2–5 sýna verðjöfnun viðkomandi árs í hlutfalli (%) af útflutningsverðmæti. Plústala merkir að um inngreiðslu hefur verið að ræða, en mínustala merkir útgreiðslu. Neðsta línan, sem er merkt „sveifluminnkun", sýnir mælikvarða á áhrif verðjöfnunarinnar til jöfnunar á verðsveiflum þegar stærð verðsveiflanna er mæld eins og hér er gert með staðalfráviki prósentulegra breytinga milli ára. Talan í neðstu línunni sýnir hversu mörgum prósentum minna staðalfrávikið er með verðjöfnun en án hennar.

Tafla 2.

Frysting.

Ártal	Verðjöfnun samkvæmt dæmi	Raunveruleg verðjöfnun
1980	0,0	-2,5
1981	0,0	-1,5
1982	0,0	0,0
1983	0,0	0,0
1984	0,0	0,0
1985	0,0	0,0
1986	0,0	0,0
1987	2,2	1,0
1988	-0,3	-2,2
1989	-1,5	-3,0
Sveiflu-minnkun	-18,6	

Það er rétt að minna á að við höfum í þessum dæmum gert ráð fyrir því að allar innstæður allra deilda væru tómar í byrjun árs 1980. Af þeirri ástæðu verður engin verðjöfnun í dæmunum árið 1980 þótt yfirleitt hafi verið tilefni til útborgunar í þessum dæmum. Að þessu leyti verður verðjöfnunin í dæmunum minni en ella miðað við það sem raunverulega varð, sbr. aftasta dálkinn.

Tafla 3.

Söltun.

Ártal	Verðjöfnun samkvæmt dæmi	Raunveruleg verðjöfnun
1980	0,2	-4,9
1981	6,0	-0,3
1982	0,8	-0,3
1983	-4,6	-6,0
1984	-4,3	-2,9
1985	-0,9	-0,5
1986	0,3	3,1
1987	3,4	4,6
1988	-0,9	-1,0
1989	-4,2	-6,6
Sveiflu-minnkun	-39,1	

Tafla 4.

Rækja.

Ártal	Verðjöfnun samkvæmt dæmi	Raunveruleg verðjöfnun
1980	4,2	0,0
1981	-1,0	-18,4
1982	13,0	-1,4
1983	8,7	6,7
1984	-6,2	-5,2
1985	-9,8	0,0
1986	-0,5	8,5
1987	0,8	2,6
1988	0,0	-3,7
1989	-2,4	-6,8
Sveiflu-minnkun	-38,8	

Tafla 5.

Loðnumjöl.

Ártal	Verðjöfnun samkvæmt dæmi	Raunveruleg verðjöfnun
1980	0,0	-3,1
1981	0,0	-6,3
1982	0,0	-6,7
1983	1,0	0,0
1984	-1,5	0,0
1985	0,0	0,0
1986	0,0	0,0
1987	0,0	0,0
1988	8,2	0,0
1989	5,7	0,0
Sveiflu-minnkun	-12,9	

Hér verður verðjöfnunin sérstaklega lítil vegna þess að verðið er á niðurleið mestan hluta tímabilsins. Formúlurnar gefa tilefni til útgreiðslna mestan hluta tímabilsins, en þar eð engar innstæður voru fyrir hendi gat engin verðjöfnun átt sér stað fyrr en innborgun hafði farið fram. Það er einnig rétt að minna á að útgreiðslur úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins vegna loðnumjöls á fyrstu árunum var fjármögnuð með láni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þessi grein lýsir hlutverki sjóðsins sem er að draga úr áhrifum verðsveiflna á sjávarafurðum á þjóðarbúskapinn. Verðsveiflur hafa haft mikil áhrif á þróun efnahagsmála hér á landi. Mikilvægt er að draga úr áhrifum þeirra á innlenda efnahagsþróun og stuðla þannig að betra jafnvægi í sjávarútvegi og þjóðarbúskapnum í heild.

Um 2. gr.

Greinin fjallar um skipun stjórnar sjóðsins. Sjávarútvegsráðherra skipar fimm menn í stjórn hans án tilnefningar.

Um 3. gr.

Verðjöfnunarsjóði skal skipt upp í deildir eftir helstu tegundum sjávarafurða. Í aðalatriðum koma tvær leiðir til álita. Annars vegar að allar botnfiskafurðir teljist til sameiginlegrar deildar, þar með taldar óunnar botnfiskafurðir. Samkvæmt þessu fengi öll botnfiskvinnslan sömu verðjöfnun og því hefði tilhögun verðjöfnunar engin áhrif á innbyrðis samkeppnisstöðu einstakra greina í botnfiskvinnslunni. Hins vegar kemur til álita að viðhafa svipaða deildskiptingu og í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, ásamt nýrri deild fyrir óunnar fiskafurðir. Í þessu fælist að áfram yrði leitast við að nota sjóðinn til að jafna afkomu milli einstakra greina botnfiskvinnslunnar.

Ein helsta gagnrýnin á verðjöfnunarsjóð þann, er nú starfar, er að inngreiðslur renna í óskiptan sjóð. Þegar kemur til útgreiðslu úr sjóðnum fá framleiðendur greitt eftir því sem framleitt hefur verið á útgreiðslutímabilinu, burtséð frá því hvað aðilar greiddu á sínum tíma til sjóðsins. Bent hefur verið á að ný fyrirtæki í sjávarútvegi hafi fengið verðbætur eins og hin eldri án þess að hafa lagt sjóðnum nokkuð til á undangengnu inngreiðslutímabili. Komið er í veg fyrir þetta með því að færa inngreiðslur á sérstaka reikninga á nafni þeirra aðila sem framleiða sjávarafurðir til útflutnings.

Um 4. gr.

Eitt af meginskilyrðum þess að starfsemi endurnýjaðs verðjöfnunarsjóðs hafi tilætluð áhrif er að starfsemin verði greið. Til þess að svo megi verða þurfa reglur að vera einfaldar að gerð og í framkvæmd. Þessi grein tekur mið af þessum sjónarmiðum. Ýmsum erfiðleikum hefur valdið í starfsemi Verðjöfnunarsjóðs hve allar viðmiðanir hafa verið á reiki. Nauðsyn var því talin á að lögbinda sem mest reglur um útreikning á grundvallarverði og á inngreiðslu- og útgreiðsluhlutfalli. Svigrúmið er á bilinu 3–5% eftir því hvernig verð afurða þróast. Þetta byggist á því sjónarmiði að eðlilegt getur talist að hafa meira verðbil á afurðum sem hafa að jafnaði stærri verðsveiflur. Grundvallarverð er reiknað út frá meðalverði hverrar afurðar næstliðin fimm ár. Skal verð hvers þessara fimm ára vera staðvirt, þ.e. fært til verðlags á útreikningstímanum.

Allar forsendur skulu miðast við það ástand sem ríkir þegar útflutningur á sér stað. Dagsetning útflutnings mun m.a. ráða því hvaða verðjöfnun gildir þegar til uppgjörs við Verðjöfnunarsjóð kemur. Mikil bót er að því að miða við útflutning og útflutningsdag í stað framleiðslutíma eins og gilt hefur um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Mun þetta fyrirkomulag auðvelda alla framkvæmd til muna. Allar greiðslur í og úr Verðjöfnunarsjóði fara fram miðað við gjaldeyrisskil. Nú munu standa fyrir dyrum ákveðnar breytingar á reglum um skilaskyldu gjaldeyris og um gjaldeyriseftirlit. Því er nauðsynlegt að setja þær skorður að allar inngreiðslur þurfi að koma fram innan fjögurra mánaða eftir að útflutningur á sér stað. Sjóðstjórn getur þó heimilað að vikið sé frá þessari meginreglu ef sérstaklega stendur á. Má í því sambandi nefna vanefndir á greiðslum erlendis frá, mikla birgðasöfnun í geymslum erlendis og þegar sérstaklega er samið um óvenjulegan gjaldfrest. Útflytjendur verða þó jafnan að leita eftir samþykki stjórnar Verðjöfnunarsjóðs í þessu efni.

Í vaxandi mæli fá framleiðendur greitt fyrir afurðir sínar áður en greiðsla berst útflytjanda frá erlendum kaupendum. Fjármagnar þá útflytjandi afurðauppgjörið með erlendu láni. Er þetta yfirleitt kallað „flýtigreiðsla“. Sá skilningur er lagður í þessar „flýtigreiðslur“ að þær séu jafngildi gjaldeyrisskila.

Um 5. gr.

Um skýringar greinarinnar vísast til athugasemda við 4. gr. Hér er þó komið að því grundvallaratriði í þessu frumvarpi að ekki skal greiða einstökum framleiðendum meiri verðbætur en nemur innstæðum þeirra, að meðtöldum áföllnum vöxtum og gengistryggingu. Verðbótarétturinn er því háður því hve mikið hvert fyrirtæki hefur greitt inn á sérreikning sinn hjá Verðjöfnunarsjóði. Í greininni stendur að útgreiðslur séu greiðsluskyldar við gjaldeyrisskil. Þar sem verðbótahlutfallið miðast við útflutninginn og útflutningstímann kunna að verða mismunandi verðbótahlutföll í gangi samtímis.

Um 6. gr.

Til að auðvelda afgreiðslu verður hlutfall inn- og útgreiðslna, eftir því sem við á, tilkynnt fyrir fram til eins mánaðar í senn. Tilkynnt verðjöfnunarhlutfall er endanleg verðjöfnun. Með þessu fyrirkomulagi má ganga frá fullnaðaruppgjöri gagnvart framleiðendum skömmu eftir að útflutningsvaran er framleidd og seld. Af þessu mun hljótast verulegt hagræði.

Nauðsynlegt er að fela lánastofnunum að innheimta verðjöfnunarinngreiðslur enda er það eðlilegt og auðveldast í framkvæmd. Hagkvæmt kann einnig að reynast að fela lánastofnunum að greiða verðbætur þegar til útgreiðslu kemur.

Um 7. gr.

Þó að inngreiðslur færist á nafn þess aðila sem innir þær af hendi teljast innstæður vera eign Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins, enda er ráðstöfun inneigna háð ákvörðunum sjóðsins. Rétt þykir þó að heimila að innstæður framleiðenda geti við ákveðnar aðstæður flust milli aðila við sameiningu fyrirtækja. Hjá einstaklingum getur réttur flust við erfðir ef erfingjar halda rekstri áfram og þegar einstaklingar, sem inneignir hafa hjá sjóðnum, ganga til samstarfs í félagi. Skal þessi heimild því gilda til jafns fyrir lögaðila og einstaklinga.

Leggist fyrirtæki af vegna gjaldþrots eða ef ákvæði 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins kemur ekki til álita skal innstæða hlutaðeigandi fyrirtækis renna í óskiptan reikning sjóðsins. Meginmáli skiptir í þessu efni að ekki sé greitt út úr sjóðnum nema við verðjöfnunartilefni.

Um 8. gr.

Samkvæmt þeirri meginreglu í skattalögum að tekjur skuli færðar þegar tekjutilefnið verður skal tekjufærsla verðbóta fara fram þegar framleiðsla á sér stað. Sama gildir ef um inngreiðslu er að ræða. Skal hún þá koma til lækkunar söluverðs afurðar við framleiðslu.

Um 9. gr.

Nauðsynlegt er að veita Verðjöfnunarsjóði allvíðtæka heimild til upplýsingaöflunar svo að tryggja megi snurðulausa framkvæmd og hagsmuni sjóðsins.

Um 10. gr.

Um þessa grein má almennt segja að hún sé sú eina í frumvarpinu sem heimili stjórn Verðjöfnunarsjóðs að víkja út frá þeim reglum sem fram eru settar í 4.–6. gr. Þær aðstæður kunna að skapast að aflabrestur verði svo varanlegur að til stórvandræða horfi. Kann þá að reynast nauðsynlegt að fella niður inngreiðslur ef um þær er að ræða. Rétt þykir einnig að veita sjóðstjórn heimild til að undanþiggja framleiðendur inngreiðslum ef afurðategund hækkar stöðugt í verði um langan tíma og inngreiðslur verða óvenjumiklar.

Um 11. gr.

Hagkvæmnissjónarmið hljóta að ráða því hvar Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins er varðveittur og hvernig daglegum rekstri hans er háttað. Stjórn hans hefur fullt forræði yfir allri

starfsemi hans. Rétt þykir að nota þá fjármuni, sem kunna að koma á óskiptan reikning hans, til að standa straum af rekstrarkostnaði sjóðsins. Það sem á kann að vanta skiptist hlutfallslega niður á verðjöfnunarreikninga sjóðsins.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 13. gr.

Ekki er talið eðlilegt að starfsemi Verðjöfnunarsjóðs sé skattlögð þar sem hér er fyrst og fremst um að ræða sveiflujöfnun í þjóðarbúskapnum í hagstjórnartilgangi.

Um 14. gr.

Mikilvægt þykir að lögin taki gildi sem fyrst og hér er miðað við 1. júní 1990.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Verulegar skuldbindingar eru nú á Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, bæði vegna lántöku hjá Seðlabankanum 1981 og vegna tveggja lána sem tekin voru 1988 og 1989. Áætla má að skuldir þessar geti numið allt að 2.000 m.kr. með vöxtum og gengistryggingu. Nauðsynlegt er að ríkissjóður taki á sig þessar skuldbindingar enda hafa verið gefin fyrirheit um það.

Inneignir Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins í febrúarbyrjun 1990 námu um 700 m.kr. Uppistaðan í inneignum þessum eru á reikningum humars 253 m.kr., á rækjureikningi 237 m.kr. og á reikningi saltfiskdeildar 102 m.kr. Mun lægri upphæðir eru á öðrum reikningum. Í frumvarpi þessu er sú leið farin að eignum hins gamla Verðjöfnunarsjóðs verði varið til greiðslu verðbóta sem reiknaðar eru samkvæmt reglum hins nýja sjóðs en greiðast óháð inngreiðslum hlutaðeigandi fyrirtækja. Munu því eignir Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins smám saman ganga til þurrðar, en fram að því teljast þær til ráðstöfunarfjár hins nýja sjóðs.

Rétt þykir að innstæðum á reikningum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins verði einungis varið til greiðslu verðbóta á afurðir þeirra deilda sem stofnuðu til innstæðnanna.

Hagkvæmnisástæður liggja til grundvallar því að færa eftirstöðvar sérstakra reikninga yfir á óskiptan reikning þegar þær nema orðið lægri fjárhæð en 0,2% af framleiðsluverðmæti afurða sl. almanaksár. Stofnfjárreikningur Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins er þannig til kominn að Seðlabankinn lagði sjóðnum til fjármagn í upphafi. Kom það fé inn á stofnfjárreikning. Á honum eru nú u.þ.b. 1,5 m.kr. Rétt þykir að þessi innstæða renni í óskiptan reikning til að greiða rekstrarkostnað.

Fylgiskjal.

Skilabréf til sjávarútvegsráðherra
frá nefnd til að endurskoða lög um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.
(3. apríl 1990.)

Hér með fylgir handrit að frumvarpi til laga um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins sem fjallað hefur verið um í nefnd sem sjávarútvegsráðherra skipaði 20. nóv. sl. til að endurskoða lög um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Að baki frumvarpinu liggur að verðjöfnun á útfluttum sjávarafurðum geti stuðlað að betra jafnvægi í sjávarútvegi og þjóðarbúskapnum í heild. Þetta byggist á greiðslum inn í Verðjöfnunarsjóð þegar verð á sjávarvörum er hátt og greiðslum úr sjóðnum þegar verð er lágt. Kúfurinn af uppsveiflunni er notaður til að draga úr niðursveiflunni. Í þessu felst því viðleitni til að koma í veg fyrir þenslu og verðbólgu í góðæri og til að milda áhrif samdráttar á kaupmátt og atvinnu. Þessi áhrif koma meðal annars fram í minni sveiflum á raungengi íslensku krónunnar.

Þetta frumvarp felur í sér miklar breytingar frá núverandi Verðjöfnunarsjóði. Þrennt skiptir þó mestu máli. Í fyrsta lagi verða inngreiðslur á nafni framleiðenda. Engar tilfærslur verða því milli framleiðenda. Í öðru lagi eru greiðslur inn í sjóðinn og úr honum byggðar á hreinum verðjöfnunarsjónarmiðum. Í þriðja lagi er verðjöfnunarkerfið einfaldað verulega frá núverandi kerfi.

Nefndin skiptist í afstöðu sinni til frumvarpsins. Eftirtaldir nefndarmenn voru hlynntir verðjöfnun í anda frumvarpsins með fyrirvörum um einstök atriði: Árni Benediktsson, Geir Gunnarsson, Ísólfur Sigurðsson, Jón Kristjánsson, Karl Steinar Guðnason, Lárus Jónsson, Þórunn Friðriksdóttir og Þórður Friðjónsson. Ólafur Ísleifsson og Einar K. Guðfinnsson, sem sat lokafund nefndarinnar í fjarveru Matthíasar Bjarnasonar, studdu tillögu um að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins yrði lagður niður, voru hlynntir því að frumvarpið fengi þinglega meðferð, en höfðu fyrirvara við einstök efnisatriði. Benedikt Valsson var fylgjandi verðjöfnun í öðrum greinum en botnfiskvinnslu, sbr. meðfylgjandi bókun. Sigurður Haraldsson hafði áður greint frá andstöðu sinni við fyrri frumvarpsdrög, en á lokafundi nefndarinnar 2. apríl voru lögð fram ný frumvarpsdrög þar sem tekið var tillit til hluta sjónarmiða SÍF sem getur breytt fyrri afstöðu saltfiskframleiðenda til málsins. Friðrik Pálsson ítrekaði þá afstöðu SH að leggja bæri niður núverandi Verðjöfnunarsjóð og ákvörðunum skattalaga breytt á þann veg að leggja mætti í varasjóð til að mæta tekjusveiflum í útflutningi. Kristján Ragnarsson, Hreggviður Jónsson og Óskar Vigfússon lögðu til að núverandi Verðjöfnunarsjóður yrði lagður niður og enginn nýr sjóður tæki við hlutverki hans.

Með þessu bréfi og því sem fylgir telur nefndin sig hafa lokið störfum. Einstakir nefndarmenn munu skýra afstöðu sína til frumvarpsins nánar verði það lagt fram á Alþingi.

Bókun Benedikts Valssonar.

Á fundi stjórnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, FFSÍ, 1. mars sl. var samþykkt ályktun þess efnis að leggja ætti niður botnfiskdeildir Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, VJS, en starfrækja áfram aðrar deildir sjóðsins. Stjórnin tók enga afstöðu til einstakra efnisatriða í þeim frumvarpsdrögum sem hafa verið til umfjöllunar í nefnd sem endurskoðar lög og starfsemi VJS.

Ályktun FFSÍ um að leggja niður botnfiskdeildir VJS er grundvölluð m.a. á því að starfsumhverfi botnfiskvinnslunnar hefur tekið miklum breytingum á síðustu 20 árum sem sjóðurinn hefur starfað. Í þessu sambandi má nefna að möguleikar í ráðstöfun botnfiskaflans og fjölgun markaða gerir það að verkum að auðveldara er fyrir framleiðendur og útflytjendur að draga úr framleiðslu og minnka sölu á afurðum sem lækka í verði umfram aðrar tegundir. Með þessu móti geta framleiðendur og útflytjendur sjálfir dregið úr verðsveiflum innan sjávarútvegsins.

Það sem snýr að öðrum deildum VJS er annað mál. Möguleikar í fjölbreyttri framleiðslu eru afar takmarkaðir. En það sem vegur þyngst á vogarskálum eru stórkostlegar verðsveiflur, enda hefur það komið í ljós að þessar deildir VJS hafa þjónað sínu hlutverki einna best, sérstaklega rækju- og hörpudiskdeildirnar. Um þetta deila fáir.

Nd. 906. Nefndarálit [420. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, með síðari breytingum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem þegar hefur verið afgreitt frá efri deild. Frumvarpið var undirbúið af háskólaráði en gerð var á því ein breyting eftir að háskólaráð afgreiddi það og áður en það var lagt fram í þinginu. Að athuguðu máli telur nefndin rétt að færa frumvarpið aftur í fyrra horf eins og háskólaráð gekk frá því. Þessi breyting felur það í sér að námsráðgjöf skal starfrækt sem sérstök háskólastofnun en í frumvarpinu var ákvæði þetta í heimildarformi. Er gerð tillaga um þessa breytingu á sérstöku þingskjali og er mælt með að samþykkja frumvarpið þannig breytt.

Alþingi, 9. apríl 1990.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr.	Árni Gunnarsson.
Guðmundur G. Þórarinsson.	Ragnhildur Helgadóttir.	Pétur Bjarnason.
	Þórhildur Þorleifsdóttir.	

Nd. 907. Breytingartillaga [420. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, með síðari breytingum.

Frá menntamálanefnd.

Fyrri málsliður seinni efnismálsgreinar 10. gr. orðist svo: Við Háskóla Íslands skal starfrækt námsráðgjöf sem sérstök háskólastofnun.

Ed. 908. Nefndarálit [485. mál]

um frv. til l. um að leggja Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins niður og ráðstafa eignum hans til lagmetisframleiðenda og samtaka þeirra.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og kom Halldór J. Kristjánsson, skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneytinu, til viðræðna við nefndarmenn um efni þess. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt án breytinga.

Eyjólfur Konráð Jónsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. apríl 1990.

Karl Steinar Guðnason, form., frsm.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Margrét Frímannsdóttir.
Þorv. Garðar Kristjánsson.	Stefán Guðmundsson.	Jón Helgason.

Nd. 909. Nefndarálit [434. mál]

um frv. til l. um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Umsögn um það barst frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Lagt er til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. apríl 1990.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.
Alexander Stefánsson, með fyrirvara.	Jón Kristjánsson.	Eggert Haukdal.

Sólveig Pétursdóttir.

Ed. 910. Nefndarálit [366. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Til þess að flýta fyrir afgreiðslu frumvarpsins milli deilda var formönnum allsherjarnefnda þingdeildanna ásamt nefndaritara falið að athuga frumvarpið og umsóknir er því fylgdu, svo og umsóknir um ríkisborgararétt sem síðar bárust. Er þetta sama málsmeðferð og verið hefur á afgreiðslu sams konar frumvarpa á undanförnum árum.

Reglur þær, sem allsherjarnefndir beggja deilda settu í nefndaráliti 17. maí 1955 og síðan hafa verið gerðar nokkru fyllri, eru einnig nú hafðar til hliðsjónar. Þær reglur voru síðast birtar í nefndaráliti 2. maí 1978, þskj. 830. Jafnframt hafa formenn nefndanna lagt til að sérstök regla verði tekin upp varðandi fólk í óvígðri sambúð þar sem umsóknum einstaklinga, sem búa í óvígðri sambúð, hefur fjölgað á undanförnum árum. Reglan er byggð upp á sama grunni og hjúskaparreglan. Það tekur samkvæmt henni almennt tvö ár fyrir sambúðarfólk að ná réttarstöðu hjóna og síðan er krafist þriggja ára búsetu til viðbótar eins og gildir um hjón. Þá telur nefndin rétt að kyngreina ekki í sérreglu íslenskan ríkisborgara sem missir íslenska ríkisfangið við hjúskap en snýr heim eftir að hjúskap hefur verið slitið.

Þykir því rétt að birta reglurnar í þessu nefndaráliti á ný:

1. Umsækjandi hafi óflekkað mannorð og sé að áliti tveggja valinkunnra manna starfhæfur og vel kynntur þar sem hann hefur dvalist.
2. Útlendingar, aðrir en Norðurlandabúar, hafi átt hér lögheimili í tíu ár, Norðurlandabúar í fimm ár.
3. Karl eða kona, sem giftist íslenskum ríkisborgara, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu frá giftingu enda hafi hinn íslenski ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár.
4. Karl eða kona, sem býr í óvígðri sambúð með íslenskum ríkisborgara og bæði eru ógift, fái ríkisborgararétt ef sambúðin hefur varað í fimm ár og þau átt sameiginlegt lögheimili þann tíma enda hafi hinn íslenski ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár.
5. Erlendir ríkisborgarar, sem eiga íslenskan ríkisborgara að foreldri, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu ef annað foreldri er Norðurlandabúi, annars eftir fimm ár.
6. Íslendingar, sem gerst hafa erlendir ríkisborgarar, fái ríkisborgararétt á ný eftir eins árs búsetu hérlendis.

7. Íslendingur, sem misst hefur ríkisfang sitt við hjúskap, en hjónabandinu er slitið og hann hefur eignast heimili hér á ný, fái ríkisborgararétt á fyrsta dvalarári hér enda liggi fyrir yfirlýsing um að hann ætli að dveljast áfram í landinu. Sama gildir um börn sem hafa ekki náð 16 ára aldri og honum fylgja.

Jafnframt mun sá háttur verða hafður á framvegis að þeim umsækjendum, sem neitað er um ríkisborgararétt, verður gerð skrifleg grein fyrir ástæðum neitunarinnar.

Samkvæmt framansögðu mælir nefndin með því að þeim sem tilgreindir eru í frumvarpinu og þeim sem getið er í breytingartillögu á sérstöku þingskjali verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur.

Alþingi, 9. apríl 1990.

Jón Helgason, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Ey. Kon. Jónsson.	Jóhann Einvarðsson.	Salome Þorkelsdóttir.
	Danfríður Skarphéðinsdóttir.	

Ed. 911. Breytingartillögur [366. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:

1. Amin, Niral B., nemandi í Mosfellsbæ, f. 5. desember 1972 á Indlandi.
2. Anbari, Mostafa, rafeindavirki í Reykjavík, f. 28. júlí 1953 í Marokkó. Fær réttinn 3. október 1990.
3. Brynja Dan Gunnarsson, barn í Reykjavík, f. 25. ágúst 1985 á Sri Lanka.
4. Catacutan, Leonardo Dungca, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 22. september 1960 á Filippseyjum.
5. Chudakanthi, Aurangasri, húsmóðir á Ísafirði, f. 24. október 1942 á Sri Lanka.
6. Engle, Ilojaylah, forstöðukona í Reykjavik, f. 12. janúar 1955 á Filippseyjum.
7. Fung, Joseph Ka Cheung, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 27. júlí 1955 í Hong Kong. Fær réttinn 7. september 1990.
8. Garside, Christopher Dignus, nemandi í Reykjavík, f. 20. júlí 1969 í Bretlandi.
9. Kazmi, Syed Zulkernain, verkamaður í Stykkishólmi, f. 16. mars 1962 í Pakistan.
10. Lahham, Hassan al, verkamaður í Reykjavík, f. 9. apríl 1954 í Sýrlandi.
11. Lazarz, Waclaw, tónlistarkennari á Akureyri, f. 23. maí 1950 í Póllandi.
12. Leite, Ana Christina de Oliveira Martins Nobre, húsmóðir í Reykjavík, f. 4. desember 1964 í Portúgal. Fær réttinn 12. september 1990.
13. Lopez, Manuel Fernando Reyes, sjómaður á Akureyri, f. 29. ágúst 1955 í Chile.
14. Manczyk, Dorota, tónlistarkennari á Akureyri, f. 22. janúar 1960 í Póllandi.
15. Mangelsdorf, Craig William, garðyrkjufræðingur í Hafnarfirði, f. 14. desember 1959 á Nýja-Sjálandi.
16. Markarjan, Nawart, nemandi í Reykjavík, f. 22. júní 1947 í Búlgaríu.
17. Medos, Marino, sjómaður í Vestmannaeyjum, f. 13. apríl 1953 í Júgóslavíu.
18. Meiling, David Andrew, verkamaður í Reykjavík, f. 29. júlí 1969 í Reykjavík.
19. Meiling, Ellen Eliza, nemandi í Reykjavík, f. 17. júní 1972 í Reykjavík.
20. Moradi, Hamid Reza Ali Pour, nemandi í Reykjavík, f. 24. apríl 1964 í Íran.
21. Ng, Kawah, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 17. mars 1960 í Hong Kong. Fær réttinn 16. september 1990.

22. Nicolson, Douglas Malmcolm, lagerstjóri í Reykjavík, f. 4. apríl 1955 í Skotlandi.
23. Pape, Bryndís, nemandi í Reykjavík, f. 14. október 1960 í Bandaríkjunum.
24. Reedman, Mark Nöel, tónlistarkennari í Reykjavík, f. 17. nóvember 1946 í Suður-Afríku.
25. Rettedal, Alan Ludwig, kennari í Reykjavík, f. 25. janúar 1948 í Bandaríkjunum.
26. Ryan, Michael John, sjómaður í Öngulsstaðahreppi, f. 22. júní 1962 í Englandi.
27. Sahr, Wolfgang, íþróttakennari á Akureyri, f. 5. júní 1958 í Vestur-Þýskalandi.
28. Serdaroglu, Murat, verslunarmaður í Reykjavík, f. 5. mars 1957 í Tyrklandi.
29. Súnal, Ómar Hekim, barn í Garðabæ, f. 1. október 1985 í Svíþjóð.
30. Tbeiaa, Shaban Ashor, næturvörður í Reykjavík, f. 16. júní 1960 í Líbíu.
31. Thomasen, Atli Knútsson, nemandi í Reykjavík, f. 14. mars 1975 í Danmörku.
32. Turner, Roland Wilson, tónlistarkennari í Stykkishólmi, f. 27. september 1953 í Bandaríkjunum.
33. Unabia, Edita Hayag, húsmóðir í Reykjavík, f. 4. ágúst 1953 á Filippseyjum.

Nd. 912. Nefndarálit [453. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67/1988, um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt án breytinga.

Alþingi, 9. apríl 1990.

Páll Pétursson, form., frsm.	Þórhildur Þorleifsdóttir, fundaskr.	Friðrik Sophusson.
Birgir Dýrfjörð.	Guðmundur G. Þórarinsson.	Ragnar Arnalds.
	Einar Kr. Guðfinnsson.	

Nd. 913. Nefndarálit [496. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Norðurlanda um aðstoð í skattamálum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt án breytinga.

Alþingi, 9. apríl 1990.

Páll Pétursson, form., frsm.	Þórhildur Þorleifsdóttir, fundaskr.	Friðrik Sophusson.
Birgir Dýrfjörð.	Guðmundur G. Þórarinsson.	Ragnar Arnalds.
	Einar Kr. Guðfinnsson.	

Ed. 914. Nefndarálit [241. mál]

um frv. til l. um kyrrsetningu, lögbann o.fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt án breytinga.

Alþingi, 9. apríl 1990.

Jón Helgason, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Salome Þorkelsdóttir.	Ey. Kon. Jónsson.	Jóhann Einvarðsson.

Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Nd. 915. Frumvarp til laga [520. mál]

um Búnaðarmálasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

Greiða skal gjald af vöru og leigusölu í landbúnaði sem rennur í sérstakan sjóð er nefnist Búnaðarmálasjóður. Gjald þetta, sem nefnt er búnaðarmálasjóðsgjald, skal reikna sem hlutfall af þeirri upphæð sem framleiðendum er greidd á hverjum tíma.

2. gr.

Gjaldskyld vöru- og leigusala skiptist á eftirfarandi hátt:

A. Greiða skal allt að 0,75% gjald af:
   a. alifuglarækt,
   b. svínarækt.

B. Greiða skal allt að 1,5 % gjald af:
   a. nautgripaafurðum,
   b. sauðfjárafurðum,
   c. afurðum hrossa,
   d. garð- og gróðurhúsaafurðum hvers konar,
   e. loðdýraafurðum,
   f. með reglugerð skal ákveða, eftir því sem ástæða þykir til, gjald af sölu útfluttra lífgripa, skógarafurðum, hlunnindum, hestaleigu, annarri leigu, þjónustu eða söluvöru í landbúnaði.

C. Af hvers konar greiðslum, sem eru látnar koma í stað framleiðslu, svo sem greiðslum fyrir framleiðslurétt og þess háttar, er heimilt að taka gjald er svarar til 0,6% af þeim hluta greiðslnanna er telja má til launa eða ígildis þeirra. Gjald þetta skal innheimta samkvæmt ákvæðum í reglugerð er landbúnaðarráðherra setur og skal það renna til Stéttarsambands bænda.

3. gr.

Búnaðarmálasjóðsgjald það, sem um ræðir í 1. gr., greiðist af þeim sem kaupa eða taka við vörunum frá framleiðendum sem milliliður að smásöludreifingu og dregst við útborgun afurðaverðs frá því sem framleiðandanum er greitt. Þeir framleiðendur, sem selja vöru sína án

milliliða til neytenda eða til smásöluaðila, skulu standa skil á gjaldinu. Sá hluti búnaðarmálasjóðsgjalds, er rennur til Stéttarsambands bænda og búgreinafélaga, skal ekki teljast til framleiðslukostnaðar við opinbera verðákvörðun.

Skylt er viðskiptaaðilum og framleiðendum, sem greiðsluskyldir eru hverju sinni fyrir gjaldi þessu, að gefa innheimtuaðila skýrslu um móttekið vörumagn og verð fyrir það til framleiðanda, svo sem reglugerð mælir fyrir um.

4. gr.

Tekjum af búnaðarmálasjóðsgjaldi, sem innheimt eru skv. 1. og 2. gr. undir stafliðum A og B, skal skipt þannig:

	%-greiðsla af flokki A skv. 2. gr.	%-greiðsla af flokki B skv. 2. gr.
Til Stéttarsambands bænda	0,100	0,250
Til búnaðarsambanda	0,250	0,500
Til búgreinafélaga	0,100	0,100
Til Stofnlánadeildar landbúnaðarins	0,100	0,250
Til forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, lög nr. 32/1979	0,200	0,400

Landbúnaðarráðherra er heimilt að fenginni beiðni frá Stéttarsambandi bænda fyrir hönd búgreinafélags að fella niður eða endurgreiða gjald til félagsins að hluta eða öllu leyti. Óski búgreinafélag að nýta sér þessa heimild skal um það tekin ákvörðun á aðalfundi þess og skal hún hafa borist landbúnaðarráðherra eigi síðar en 1. september ár hvert.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að fenginni beiðni frá Stéttarsambandi bænda að fella niður innheimtu á gjaldi til forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum vegna einstakra búgreina enda falli þá niður réttur búgreinarinnar til forfallaþjónustu.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 4. gr. laganna getur landbúnaðarráðherra heimilað búgreinafélagi að innheimta allt að 1,0% gjald í stað 0,1% skv. 4. gr., enda liggi fyrir meirihlutasamþykkt viðkomandi búgreinafélags og samþykki Stéttarsambands bænda. Ákvörðun þessi gildi til eins árs í senn.

6. gr.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. laga um Bjargráðasjóð, nr. 51 27. maí 1972, getur stjórn Bjargráðasjóðs undanþegið framleiðsluvörur einstakra búgreina greiðsluskyldu að hluta eða öllu leyti. Komi fram beiðni um slíkt frá Stéttarsambandi bænda er stjórninni skylt að verða við því.

7. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gjaldskyldu, innheimtu, gjalddaga, lögvernd, álagningu gjaldanna samkvæmt áætlun og annað er lög þessi varðar, að fengnum tillögum Stéttarsambands bænda, Búnaðarfélags Íslands og Framleiðsluráðs landbúnaðarins sem annast innheimtu gjaldsins.

Gjald þetta má taka lögtaki.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1990. Frá sama tíma falla úr gildi eftirfarandi lög og lagaákvæði:

a. Lög um búnaðarmálasjóð, nr. 40 7. maí 1982.
b. 2. tölul. 4. gr. laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, nr. 45 16. apríl 1971, sbr. breytingu með lögum nr. 41/1982.
c. XII. kafli laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, nr. 46 16. apríl 1971.
d. 1. og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 32 29. maí 1979, um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Vegna þeirra breytinga, sem verða á tekjum Stofnlánadeildar landbúnaðarins með lögum þessum, skulu verkefni Byggingastofnunar landbúnaðarins, eins og þau eru skilgreind í XII. kafla laga nr. 45/1971, önnur en þau sem um getur í a-lið 67. gr., færast frá Stofnlánadeild landbúnaðarins. Skulu þjónustuverkefni færast til Búnaðarfélags Íslands en rannsóknarverkefni til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins eftir því sem við getur átt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Landbúnaðarráðherra skipaði 10. febrúar 1989 nefnd til að vinna að endurskoðun á innheimtu sjóðagjalda sem innheimt eru samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða og renna til landbúnaðarins. Nefndinni var ætlað að gera tillögur til ráðuneytisins um breytingar á þeim lögum og reglugerðum sem um er að ræða.

Í nefndina voru skipaðir Guðmundur Sigþórsson frá landbúnaðarráðuneytinu, formaður, Leifur Kr. Jóhannesson, forstöðumaður Stofnlánadeildar landbúnaðarins, og Þórólfur Sveinsson bóndi.

Á sl. tveimur árum hafa sjóðagjöld í landbúnaði verið til ítarlegrar umræðu, m.a. hefur umræðan annars vegar beinst að fjármögnun félagslegrar starfsemi í landbúnaði og hins vegar innheimtu á sjóðagjöldum til jöfnunar á framleiðslukostnaði með því að afla sameiginlega fjármuna til að standa undir fjármagnskostnaði í landbúnaði í stað þess að láta fjármagnskostnaðinn koma af fullum þunga á þá sem eru tiltölulega meira skuldsettir vegna nýlegra framkvæmda og hárra lána þess vegna. Frumvarp þetta byggist á þeim sjónarmiðum sem fram hafa komið um þessi mál. Þar er m.a. um að ræða tillögur og samþykktir búnaðarsambanda, búnaðarþings og aðalfundar Stéttarsambands bænda.

Á búnaðarþingi árið 1988 var fjallað um málefni Bjargráðasjóðs, en í meðferð þingsins breyttist málið á þann veg að fjárhagsnefnd sameinaðist um að bera fram eftirfarandi tillögu um fastan tekjustofn fyrir Búnaðarfélag Íslands og búnaðarsamböndin sem var samþykkt samhljóða:

„Búnaðarþing 1988 skorar á ríkisstjórnina að taka til endurskoðunar skiptingu á sjóðagjöldum landbúnaðarins með það að markmiði að Búnaðarfélagi Íslands og búnaðarsamböndunum verði markaður ákveðinn tekjustofn til þess að kosta hinn félagslega þátt í starfsemi þeirra. Jafnframt því er nauðsynlegt að þegar verði hafin endurskoðun á öllum rekstri og skipulagi þessara félagssamtaka þar sem hinn faglegi og félagslegi þáttur verði aðskildir þannig að betur komi fram hver sé hinn lögbundni þáttur í starfseminni annars vegar og hver hinn félagslegi þáttur hins vegar."

Á aðalfundi Stéttarsambands bænda 1988 var samþykkt að leggja til endurskoðun á sjóðagjöldum og að sérstök verkefni yrðu fjármögnuð með sjóðagjöldum sem ekki hefur verið. Þau verkefni eru: starfsemi búgreinasambanda sem heyrði til kynningar og markaðsstarfsemi og verkefni á sviði ráðgjafar og/eða rannsóknastarfsemi auk forfallaþjónustu í landbúnaði. Svokallað framleiðendagjald, sem innheimt er til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, á samkvæmt tillögum fundarins að renna til þessara verkefna. Þá fólu tillögurnar einnig í

sér hugmyndir um að skipta innheimtu á gjöldum til Stofnlánadeildar landbúnaðarins í flokka í þeim tilgangi að hafa reiður á því hversu mikið hver búgrein skilaði í sjóðagjöldum þannig að unnt yrði að niðurgreiða vexti hverrar búgreinar í líku hlutfalli við þá upphæð sjóðagjalds sem hún skilaði.

Fjárhagur Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Þar sem framkomnar hugmyndir hafa hnigið í þá átt að draga úr tekjum Stofnlánadeildar landbúnaðarins af sjóðagjöldum og ráðstafa þeim í þágu félagslegrar starfsemi og þjónustu í landbúnaði er rétt að líta nánar á hvernig viðskiptum Stofnlánadeildar landbúnaðarins og bænda er núna háttað.

Kjör lána til bænda hafa markast af þeim framlögum sem deildin hefur fengið af sjóðagjöldum sem runnið hafa til hennar. Þar er um að ræða framleiðendagjald, neytendagjald og lánajöfnunargjald. Þessi framlög hafa gert það kleift að lána hin svokölluðu bændalán á verulega lægri vöxtum en deildin sjálf hefur þurft að greiða af því lánsfé sem hún er að endurlána. Kjör þessara lána eru þau að teknir eru 2% vextir auk verðtryggingar. Þá hefur einnig þurft að láta hluta þessara framlaga mæta kostnaði sem lagður hefur verið á deildina að hluta. Þannig er áætlað að árið 1989 hafi runnið um 68 milljónir króna af framlagsfé til deildarinnar til að standa undir rekstri hennar og sérgreindum verkefnum. Innheimt sjóðagjöld til deildarinnar námu 398 milljónum króna. Samkvæmt útreiknaðri skiptingu á langtímaskuldbindingum Stofnlánadeildar í árslok 1988 er staða lánanna sú að í verðtryggðum lánum skuldaði deildin 3.904 milljónir króna og í gengistryggðum lánum 1.885 milljónir króna. Samtals námu langtímaskuldir 5.793 milljónum króna. Meðalvextir þessara lána miðað við áramótastöðu lánanna voru um 6,48% eða rúmlega þrefalt hærri en á hinum svonefndu bændalánum.

Samkvæmt upplýsingum Stofnlánadeildar námu svokölluð bændalán 5.522 milljónum króna í árslok 1989.

Fjárstreymi til Stofnlánadeildarinnar.

Samkvæmt áætlun, sem Stofnlándeild landbúnaðarins hefur unnið um fjárstreymi til hennar fram til ársins 1995 þar sem miðað er við verðlag í október 1989 og einungis reiknað með hreyfingum vegna útistandandi lána og þeirra lána sem deildin hefur þegar tekið, er útstreymi fjár langt umfram innborgað fé sem er annars vegar vegna vaxtahalla og hins vegar vegna þess að lánstími útlána er lengri en lána sem tekin eru af deildinni. Sé reiknað með að árlegur reksturskostnaður deildarinnar nemi um 68 milljónum króna, þar með talinn rekstur Byggingastofnunar landbúnaðarins, nemur samanlagður greiðsluhalli deildarinnar þessi ár 2.576 milljónum króna eða *368 milljónum árlega að meðaltali.* Hugsanleg vanskil eða greiðsludráttur eru ekki inni í þessari mynd og ekki er gert ráð fyrir því að lán tapist.

Frumvarp til laga um Búnaðarmálasjóð, sem nú liggur fyrir, gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum á gildandi lögum og lagaákvæðum um sjóðagjöld landbúnaðarins:

1. Lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, nr. 45 16. apríl 1971, með síðari breytingum, verði breytt.

Í fyrsta lagi falli niður ákvæði laganna um svokallað framleiðendagjald en ákvæði um þá innheimtu verði felld undir ákvæði laga um Búnaðarmálasjóð.

Í öðru lagi verði afnumin skylda Stofnlánadeildar landbúnaðarins til að reka Byggingastofnun landbúnaðarins með þeim verkefnum sem lögin kveða á um og þau verkefni, sem Byggingastofnunin hefur annast, falin öðrum aðilum eftir því sem við getur átt.

2. Lögum um Búnaðarmálasjóð, nr. 40 7. maí 1982, verði breytt.

Í fyrsta lagi verði innheimta framleiðendagjalds felld undir innheimtu á gjaldi til Búnaðarmálasjóðs sem nú fer fram samkvæmt lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins. Samkvæmt því verði innheimt gjöld til Búnaðarmálasjóðs samkvæmt lægri innheimtuflokki 0,75% í stað 0,25% í núgildandi lögum og í hærri innheimtuflokki 1,50% í stað 0,50%.

Í öðru lagi verði gerð breyting á röðun búgreina og afurða frá þeim í gjaldflokka. Þannig verði fellt úr lægsta innheimtuflokki fiskeldi, fiskrækt, veiðileiga og leiga á landi til annarra nota en búskapar.

Í þriðja lagi verði innheimtum fjármunum deilt til fleiri aðila og verkefna en áður. Þannig verði til viðbótar fyrri verkefnum fjármagni varið til fjármögnunar á rekstri búgreinasambanda og forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum og framlag til búnaðarsambanda tvöfaldað. Framlag til Stofnlánadeildar landbúnaðarins dregst saman er nemur þessum viðbótarframlögum. Framlag til Stéttarsambands bænda lækkar lítillega.

Í fjórða lagi verði búgreinasamböndum í sjálfsvald sett hvort þau nýta þessa tekjuheimild eða ekki. Skil afurðaverðs til framleiðenda innan hverrar búgreinar breytist þá að sama skapi.

Í fimmta lagi verði felld inn í lög um Búnaðarmálasjóð heimild til að undanþiggja einstakar búgreinar framlagi til Bjargráðasjóðs komi um það beiðni frá Stéttarsambandi bænda.

Telja verður nauðsynlegt að breytingar á lögum nr. 40/1982, um Búnaðarmálasjóð, taki einnig yfir nauðsynlegar breytingar laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, laga um Bjargráðasjóð og laga nr. 32/1979, um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum. Markmið frumvarpsins er að fella saman undir eina heild fyrirkomulag greiðslna fyrir félagsstarfsemi, þjónustu og að nokkru leyti afkomutryggingu í landbúnaði í það fyrirkomulag sem að er stefnt og þróun þessara mála hefur að nokkru leyti leitt til.

Þá verður að telja að ekki séu rök fyrir öðrum breytingum á skiptingu búgreina í gjaldflokka sem er í núgildandi lögum en að fiskeldi, fiskrækt, veiðileiga og leiga á landi til annarra nota en búrekstrar er færð úr lægri gjaldflokki í hærri gjaldflokk með gjaldtökuheimild en ekki gjaldskyldu. Þá er einnig aukið við heimild til að taka gjald til Stéttarsambands bænda af greiðslum fyrir framleiðslurétt.

Ein meginbreyting þessa frumvarps er fólgin í breytingu á ráðstöfun tekna af sjóðagjöldum, þ.e. tekjum af hinu svonefnda framleiðendagjaldi.

Eftirfarandi tafla sýnir tekjur af framleiðendagjaldi árin 1986 til 1989 og skiptingu þess annars vegar til forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum og hins vegar til Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Allar upphæðir eru í þúsundum króna.

Ár	Framleiðenda-gjald	Forfalla- og afleysinga-þjónusta	Sem %
1986	62.429,5	23.664,0	37,9
1987	82.049,4	27.552,0	33,6
1988	96.104,2	35.925,0	37,4
1989	111.253,5	43.981,5	39,5

Samkvæmt þessu yfirliti hafa 34–40% af framleiðendagjaldinu runnið til að standa undir kostnaði við forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum þessi ár.

Til að gera grein fyrir hvaða áhrif tillögur nefndarinnar hafa á skiptingu tekna af sjóðagjöldum til félagslegra verkefna í landbúnaði hefur nefndin reiknað út samanburð á skiptingu tekna fyrir og eftir þessar breytingar ef af yrði miðað við gjaldstofn eins og hann var árið 1989.

Áætlun um skiptingu tekna af búnaðarmálasjóðsgjaldi samanborið við skiptingu tekna af búnaðarmálasjóðsgjaldi og framleiðendagjaldi að óbreyttum lögum.

FL.	BÚGREIN	REIKNAÐUR GJALDSTOFN 1989	Samkvæmt nefndaráliti Gjald til Búnaðarmálasjóðs				
		MILLJ. KR	SSB	BUNS	BUGF	STFLD	FORF.ÞJS
B	Nautgriparækt	4,951	0.25	0.50	0.1	0.25	0.4
B	Sauðfjárrækt	3,860	0.25	0.50	0.1	0.25	0.4
B	Hrossarækt	106	0.25	0.50	0.1	0.25	0.4
A	Svínarækt	568	0.10	0.25	0.1	0.10	0.2
A	Alifuglarækt	602	0.10	0.25	0.1	0.10	0.2
B	Grænmeti	654	0.25	0.50	0.1	0.25	0.4
B	Loðdýrarækt	208	0.25	0.50	0.1	0.25	0.4
B	Æðarrækt	95	0.25	0.50	0.1	0.25	0.4
	Alls	11,046					

	Reiknaðar tekjur millj. kr.	SSB	BUNS	BUGF	STFLD	FORF.ÞJS
B	Nautgriparækt	12.38	24.76	4.95	12.38	19.81
B	Sauðfjárrækt	9.65	19.30	3.86	9.65	15.44
B	Hrossarækt	0.27	0.53	0.11	0.27	0.42
A	Svínarækt	0.57	1.42	0.57	0.57	1.14
A	Alifuglarækt	0.60	1.51	0.60	0.60	1.20
B	Grænmeti	1.64	3.27	0.65	1.64	2.62
B	Loðdýrarækt	0.52	1.04	0.21	0.52	0.83
B	Æðarrækt	0.24	0.48	0.10	0.24	0.38
	Alls	25.86	52.30	11.05	25.86	41.84
	Samanlagt	156.91				

	Að óbreyttum lögum:	Gjöld til Búnaðarmálasjóðs og til Stofnlánadeildar				
		SSB	BUNS	BUGF	STFLD	FORF.ÞJS
B	Nautgriparækt	12.38	12.38	0.00	24.76	24.76
B	Sauðfjárrækt	9.65	9.65	0.00	19.30	19.30
B	Hrossarækt	0.27	0.27	0.00	0.53	0.53
A	Svínarækt	0.71	0.71	0.00	1.42	1.42
A	Alifuglarækt	0.75	0.75	0.00	1.51	1.51
B	Grænmeti	1.64	1.64	0.00	3.27	3.27
B	Loðdýrarækt	0.52	0.52	0.00	1.04	1.04
B	Æðarrækt	0.24	0.24	0.00	0.48	0.48
	Alls	26.15	26.15	0.00	52.30	52.30
	Samanlagt	156.91				

Skammstafanir: SSB = Stéttarsamband bænda, BUNS = Búnaðarsambönd, BUGF = Búgreinafélög, STFLD = Stofnlándeild landbúnaðarins, FORF.ÞJ = Forfalla- og afleysingaþjónusta.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. málsl. 1. gr. gildandi laga um búnaðarmálasjóð, nr. 40 7. maí 1982.

Um 2. gr.

Greinin kveður á um skiptingu á gjaldskyldu eftir vöruflokkum. Lagt er til að gjald af alifugla- og svínarækt verði 0,75% í stað 0,25% eins og er í gildandi lögum. Samkvæmt B-lið er lagt til að gjald til búnaðarmálasjóðs verði 1,5% af þeim afurðum, sem þar eru taldar upp, í stað 0,50%. Heimildarákvæði C-liðar greinarinnar er nýmæli, en þar er gert ráð fyrir að unnt sé að innheimta 0,6% gjald til búnaðarmálasjóðs af sérstökum greiðslum fyrir framleiðslurétt, þ.e. þeim hluta greiðslunnar sem svarar til launa eða ígildi þeirra. Gert er ráð fyrir að gjald þetta renni óskipt til Stéttarsambands bænda.

Um 3. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 3. gr. gildandi laga um búnaðarmálasjóð, nr. 40 7. maí 1982.

Um 4. gr.

Greinin kveður á um það hvernig tekjum af búnaðarmálasjóðsgjaldi er skipt hlutfallslega milli Stéttarsambands bænda, búnaðarsambanda, búgreinafélaga, Stofnlánadeildar landbúnaðarins og til forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum. Eins og áður er rakið í frumvarpinu er forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum að hluta kostuð úr ríkissjóði, sbr. 3. gr. laga nr. 32 1979, en hér er lagt til að sá kostnaður greiðist af tekjum af búnaðarmálasjóðsgjaldi.

Um 5.–6. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 7.–8. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Ed. 916. Nefndarálit [415. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 109/1988 og 76/1989.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarpið. Var það sent til umsagnar fjölmargra aðila og bárust umsagnir frá eftirtöldum: Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, bæjarráði Mosfellsbæjar, Sjómannasambandi Íslands, Verkamannasambandi Íslands, samstarfshópnum „Þak yfir höfuðið“, Kjalarneshreppi, Alþýðusambandi Íslands, stjórn Verkamannabústaða Reykjavíkur, Verkamannafélaginu Fram og borgarstjóranum í Reykjavík.

Páll Magnússon, formaður stjórnar Verkamannabústaða í Reykjavík, Ríkarður Steinbergsson framkvæmdastjóri og Gylfi Thorlacíus lögfræðingur komu á fund nefndarinnar. Einnig sátu Grétar J. Guðmundsson, aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, og Ingi Valur Jóhannsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, fundi nefndarinnar.

Athugasemdir hafa verið gerðar við nokkur atriði í frumvarpinu í áðurgreindum umsögnum og telur meiri hl. nefndarinnar að taka beri nokkrar þeirra til greina.

Breytingarnar varða eftirfarandi:

1. Þar sem sveitarfélög með fleiri en 10.000 íbúa hafa verulega meiri umsvif hvað varðar félagslegar byggingar þykir eðlilegt að húsnæðisnefndir í þeim sveitarfélögum séu skipaðar sjö mönnum.
2. Skýrt sé kveðið á um það að húsnæðisnefnd hafi umsjón með byggingu félagslegs húsnæðis eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu. Slíkt er gert í umboði sveitarstjórnar.
3. Framkvæmdaraðili getur vegna sérstakra aðstæðna hafnað forkaupsrétti án þess að glata lánsmöguleikum ef fyrir liggur að ekki er unnt að nýta félagslegar íbúðir á hagkvæman hátt.
4. Nauðsynlegt þykir, til að auka rétt kaupandans, að kaupsamningur sé undirritaður við afhendingu íbúðar þegar kaupandi hefur greitt 10% áætlaðs kostnaðarverðs.
5. Hert er á ákvæðum vegna óleyfilegrar útleigu. Leigusamningur er ógildur ef hann er ekki áritaður af húsnæðisnefnd eða sveitarstjórn.
6. Lögin öðlast gildi 1. júní nk. að afloknum sveitarstjórnarkosningum.
7. Í bráðabirgðaákvæði er kveðið á um að húsnæðisnefndir taki við réttindum og skyldum er stjórnir verkamannabústaða hafa tekist á hendur, svo sem varðandi úthlutanir.

Einnig fjallaði nefndin um þá tillögu að endurskoða vexti lána með tilliti til fjölskyldutekna á fimm ára fresti í stað átta ára eins og ákvæði ss. (95. gr.) í 3. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir. Niðurstaðan varð þó sú að hafa þetta ákvæði óbreytt.

Leggur meiri hl. nefndarinnar til að frumvarpið verði samþykkt ásamt breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 6. apríl 1990.

Margrét Frímannsdóttir, form., frsm. Jóhann Einvarðsson. Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Karl Steinar Guðnason. Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Ed. 917. Breytingartillögur [415. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 109/1988 og 76/1989.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar (MF, JE, JGS, KSG, DS).

1. Við 3. gr., a-lið (51. gr.).
   a. Í stað orðsins „félagslegum“ í b-lið 2. mgr. greinarinnar komi: viðráðanlegum.
   b. Í stað orðsins „félagslegum“ í c-lið 2. mgr. greinarinnar komi: viðráðanlegum.
2. Við 3. gr., f-lið (56. gr.). Í stað fyrri málsliðar 1. mgr. komi tveir nýir málsliðir er orðist svo:

   Í sveitarfélögum með 400–10.000 íbúa skal sveitarstjórn skipa fimm manna húsnæðisnefnd og jafnmarga til vara að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum, þrjá kosna af sveitarstjórn og tvo fulltrúa tilnefnda af stærstu samtökum launafólks í sveitarfélaginu. Í sveitarfélögum með yfir 10.000 íbúa skal sveitarstjórn með sama hætti skipa sjö menn í húsnæðisnefnd og jafnmarga til vara, fjóra kosna af sveitarstjórn og þrjá kosna af stærstu samtökum launafólks í sveitarfélaginu.
3. Við 3. gr., k-lið (61. gr.). Á eftir orðunum „að hafa“ í 2. tölul. greinarinnar komi: umsjón og.

4. Við 3. gr., t-lið (69. gr.). Við greinina bætist nýr málsliður svohljóðandi: Þetta á þó ekki við ef íbúðin hentar ekki að teknu tilliti til fyrirliggjandi umsókna.
5. Við 3. gr., gg-lið (84. gr.). Fyrri málsgrein greinarinnar orðist svo:
   Kaupandi skal greiða 10% áætlaðs kostnaðarverðs eða kaupverðs við afhendingu íbúðar og skal þá kaupsamningur undirritaður, sbr. 2. mgr.
6. ii-liður 3. gr. (86. gr.) orðist svo:
   Íbúðareiganda er óheimilt að leigja út íbúð sína nema að fengnu skriflegu samþykki sveitarstjórnar eða húsnæðisnefndar í umboði hennar. Heimilt er að binda samþykki skilyrðum um leigutíma og leigufjárhæð. Leigusamningur, sem eigi er áritaður af sveitarstjórn eða húsnæðisnefnd, er ógildur. Nú verður leigutaki fyrir tjóni sökum ógilds leigusamnings og er þá leigusali bótaskyldur.
   Framkvæmdaraðili getur rift leigusamningi sem er ógildur skv. 1. mgr. og krafist útburðar leigutaka.
   Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga við um allt félagslegt húsnæði, einnig það sem byggt var samkvæmt eldri lögum.
7. Við 5. gr. Fyrri málsgrein greinarinnar orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1990.
8. Við bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:
   Við gildistöku laga þessara taka húsnæðisnefndir við hlutverki stjórna verkamannabústaða eftir því sem við á. Jafnframt taka húsnæðisnefndir við réttindum og skyldum stjórna verkamannabústaða svo sem nánar verður kveðið á um í reglugerð.

Ed. 918. Frumvarp til laga [521. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Flm.: Salome Þorkelsdóttir, Eiður Guðnason, Guðrún Agnarsdóttir, Skúli Alexandersson, Valgerður Sverrisdóttir, Guðmundur Ágústsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Karl Steinar Guðnason, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Jóhann Einvarðsson, Egill Jónsson, Halldór Blöndal.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 71. gr. laganna.

a. 1. mgr. orðist svo:
   Hver sá sem situr í sæti bifreiðar, sem búið er öryggisbelti, skal nota það.
b. Við greinina bætist ný málsgrein er verði 3. mgr. og orðast svo:
   Börn yngri en 6 ára skulu nota bílbelti, barnabílstól, bílpúða, sem festur er með bílbelti, eða annan viðurkenndan öryggisbúnað. Bannað er að hafa börn laus í framsæti eða fyrir framan framsæti í akstri.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1990.

Greinargerð.

Á sl. þingi voru flutt frumvörp um breytingar á umferðarlögum. Annað var frá fyrsta flutningsmanni þessa frumvarps en hitt frá öðrum flutningsmanni. Að hluta til var um að ræða sömu breytingarnar á lögunum. Frumvörpunum var vísað til allsherjarnefndar sem ákvað að fella frumvörpin saman í eitt frumvarp og flutti það á sérstöku þingskjali. Það frumvarp hlaut ekki afgreiðslu fyrir þinglok. Nú þykir flutningsmönnum þessa frumvarps rétt að taka út úr

frumvarpi nefndarinnar ákvæði um öryggisbelti og öryggisreglur fyrir börn yngri en sex ára og láta á það reyna hvort ekki er mögulegt að fá þau lögfest nú fyrir þinglokin.

Ný umferðarlög tóku gildi 1. mars 1988. Í þeim fólust marghátttaðar breytingar, eins og lögbundin ljósanotkun allan sólarhringinn og skyldunotkun bílbelta í framsætum þeirra bifreiða er búnar eru beltum. Margar þær breytingar, sem þessi lög höfðu í för með sér, hafa ótvírætt sannað gildi sitt svo að ekki verður um villst. Þannig er t.d. með notkun bílbelta og þykir flutningsmönnum sem ástæða sé nú til að stíga skrefið til fulls og lögleiða einnig notkun bílbelta fyrir þá sem sitja í aftursæti, enda hefur sú ráðstöfun, þar sem hún hefur verið lögleidd, einnig ótvírætt sannað gildi sitt, ekki síst þar sem börn eiga í hlut.

Samkvæmt a-lið 1. gr. er gerð tillaga um að skylda til að nota öryggisbelti nái ekki aðeins til ökumanns og farþega í framsæti, eins og er í gildandi lögum, heldur einnig til farþega í aftursæti.

Slík skylda er nú í lögum í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Ætla má að almenningur á Íslandi sé hlynntur þessari breytingu. Í því sambandi má minna á könnun Hagvangs fyrir tímaritið *Heilbrigðismál* í september 1988. Í 1.087 manna úrtaki voru 88% hlynntir skyldunotkun bílbelta í aftursæti en 12% voru andvígir.

Þá er einnig í b-lið 1. gr. lagt til að við fetum í fótspor Finna, Norðmanna, Svía og fleiri þjóða og gerum skylt að hafa börn í viðeigandi öryggisbúnaði í bifreiðum.

Loks er lagt til að í lög komi ákvæði um að banna að börn séu laus í framsæti eða framan við framsæti í akstri. Þrátt fyrir skyldunotkun bílbelta í framsæti þykir ástæða til að leggja sérstaka áherslu á þetta atriði, enda ber nokkuð á því í umferðinni að börn standi fyrir framan framsæti eða að fullorðnir sitji undir kornabörnum í framsæti.

Fylgiskjal I.

Flestir vilja lögleiða bílbelti í aftursætum.

(Samkvæmt könnun Hagvangs fyrir tímaritið *Heilbrigðismál.*)

Í september sl. birti tímaritið *Heilbrigðismál* niðurstöður könnunar Hagvangs á afstöðu fólks til lögbindingar á bílbeltanotkun í aftursætum bifreiða. Af 1.159 sem spurðir voru tóku 1.087 afstöðu. Spurt var: Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) skyldunotkun bílbelta í aftursætum?

Svörin skiptust þannig:

	Hlynnt	*Andvíg*
Allir, 15–79 ára	88%	12%
Karlar	82%	18%
Konur	94%	6%
15–19 ára	85%	15%
20–29 ára	81%	19%
30–39 ára	94%	6%
40–49 ára	88%	12%
50–59 ára	90%	10%
60–69 ára	88%	12%
70–79 ára	95%	5%
Höfuðborgarsvæði	88%	12%
Þéttbýli úti á landi	88%	12%
Dreifbýli	89%	11%

Fylgiskjal II.

Úr Fréttabréfi landlæknisembættisins 1989:

Árangur bílbeltanotkunar.

Aukin notkun bílbelta er þegar farin að skila árangri í minnkandi fjölda ákveðinna tegunda áverka í bílslysum. Áverkar á heila og mænu reyndust mun færri á 14 mánaða tímabili á árunum 1987 og 1988 meðal þeirra er notuðu bílbelti í framsætum en þeirra er ekki nýttu sér þann möguleika. Dregið hefur úr brotum á andlitsbeinum og hrygg og sárum á höfði.

Þetta kemur fram í meðfylgjandi töflu yfir umferðarslys á Reykjavíkursvæðinu.

Umferðarslys á Reykjavíkursvæðinu
1. mars til 1. okt. 1987 og 1988.

		1987 og 1988 Án bílbeltis	*1987 og 1988 Í bílbelti*
Brot:	Höfuð, andlitsbein	16	5
	Hryggur	18	12
		34	**17**
Áverkar:	Heili/mæna	53	22
	Brjóst/kviður	15	13
		68	**45**
Sár:	Augu, andlit, munnur, nef	130	55
	Á mörgum stöðum	14	3
		144	**58**
Öll brot:		160	97
Öll sár:		276	133
Tognun:	Háls	128	305
	Allar (tognanir)	198	368

Taflan, sem hér er birt, var lögð fram með skýrslu um bílbeltanotkun og slys á fjórða landsþingi um slysavarnir sem haldið var 28. október 1988. Skýrslan var lögð fram af prófessor Gunnari Þ. Jónssyni.

Í upplýsingum skýrslunnar kemur fram að alvarlegum slysum, þ.e. heila- og mænuáverkum, hefur fækkað um 60% meðal þeirra er notuðu bílbelti í samanburði við þá er nýttu sér ekki þann möguleika. Sárum og brotum í heild hefur fækkað um tæplega helming.

Innlögnum á sjúkrahús vegna bifreiðaslysa hefur einnig fækkað.

Af töflunni hér að ofan má hins vegar sjá að slysatognunum hefur fjölgað verulega. Tognanir á hálsi hafa meir en tvöfaldast og tognanir í heild nær tvöfaldast. Tognunarslys eiga sér helst stað við aftanákeyrslu við of mikinn hraða.

Á landsþinginu um slysavarnir flutti Sigrún Knútsdóttir erindi. Þar kom m.a. fram að á árunum 1973 til 1987 komu 78 einstaklingar til slysadeildar Borgarspítalans í Reykjavík með mænuskaða. Um 60% þeirra eru nú 75% öryrkjar.

Á tímabilinu 1978 til 1982 hafa fimmtíu manns komið á endurhæfingardeild Borgarspítalans vegna heilaskaða eftir slys. Helmingur þeirra er nú 75% öryrkjar. Helmingur þessa hóps (25 manns) voru undir þrítugu og af þeim höfðu 21 lent í umferðarslysi.

Þeir sem verða fyrir mænuskaða eða heilaskaða liggja að meðaltali 7–9 mánuði á sjúkrahúsi. Meðalkostnaður vegna sjúkrahússlegu þeirra er því á milli þrjár og fjórar milljónir króna.

Við útskrift af sjúkrahúsi voru einungis fjórir einstaklingar alveg einkennalausir. Skerðing á andlegri hæfni er oft það sem háir viðkomandi einstaklingi einna mest og hindrar að hann komist aftur til fyrra lífernis og starfa.

Umferðarslys á ungu fólki eru algengasta orsök mænu- og heilaskaða og oftast er um bílslys úti á þjóðvegum að ræða.

Sýnt hefur verið fram á að fækka má alvarlegum heila- og mænuslysum í umferðinni um liðlega helming. Auk þess að koma í veg fyrir miklar þjáningar má því spara tugi milljóna króna.

Af gögnum erlendis frá er ljóst að ná má enn betri árangri ef lögleidd yrði notkun bílbelta fyrir farþega í aftursætum.

Sþ. 919. Tillaga til þingsályktunar [522. mál]

um átak gegn einelti.

Flm.: Anna Ólafsdóttir Björnsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra og menntamálaráðherra að beita sér fyrir því að gert verði átak gegn einelti meðal barna og unglinga. Skipaður verði samstarfshópur fólks sem hefur reynslu af starfi með börnum og unglingum og honum falið að skila áætlun um úrbætur gegn einelti fyrir 1. mars 1991.

Greinargerð.

Ofbeldi meðal barna og unglinga hefur verið mjög umrætt í vetur ekki síst vegna tíðra blaðafregna um götuofbeldi í Reykjavík. Ofbeldi á götum úti er sýnilegt og því er mikil umfjöllun um það og oft og tíðum ómálefnaleg. Hljóðara hefur verið um aðra tegund ofbeldis, einelti, sem er þó að flestra mati mun algengara en ekki eins sýnilegt. Allt að 80% þeirra barna og unglinga, sem koma í unglingaathvörfin í Reykjavík, búa við félagslega einangrun, en það er einmitt sá hópur sem verður helst fyrir einelti.

Nokkrum tilviljunum er háð hvort börn og unglingar, sem verða fyrir einelti, fái aðstoð nógu snemma til að auðvelt sé að liðsinna þeim. Ef tekið er í taumana fljótt er hægt að rjúfa vítahring sem annars kann að skapast. Skipuleg fræðsla fyrir foreldrafélög og starfsfólk skóla og dagvistarstofnana um einkenni eineltis er ekki fyrir hendi nú. Kennarar og fóstrur eru þó í góðri aðstöðu til að finna fórnarlömb eineltis ef þau hin fyrrnefndu þekkja einkennin. Auk þess geta þeir haft veruleg áhrif á samskiptamynstur innan einstakra hópa barna og unglinga og minnkað líkur á að einelti endurtaki sig ef vel tekst til.

Fagfólk, sem starfað hefur með unglingum, telur tiltölulega auðvelt að greina einkenni eineltis í hópi barna og unglinga og því sé fræðsla eitt af lykilatriðum þess að hægt sé að gera átak gegn einelti. Sérfræðiráðgjöf fyrir foreldrafélög, fóstrur og fóstrunema, kennara og kennaranema mundi því vera ein þeirra leiða sem samstarfshópur athugaði gaumgæfilega.

Ýmsar ytri aðstæður, svo sem hönnun skólalóða og gæsla í frímínútum, geta skipt sköpum um hvort börnum og unglingum sé búið öryggi í frímínútum eða þar séu aðstæður sem ýta undir einelti. Reynsla annarra þjóða, sem glíma við sama vanda, hefur orðið til þess að farið er að huga gaumgæfilega að tómstundaaðstöðu í skólum með það í huga að veita orku barna og unglinga útrás í uppbyggjandi leikjum og starfi. Ætla má að hægt sé að gera einfaldar úrbætur og bæta gæslu á leikvöllum án mikils tilkostnaðar. Auk þess sem slík ráðstöfun mundi spara ómælda þjáningu gæti slík fjárfesting leitt til sparnaðar þegar fram í sækir. Ef hægt væri

að koma í veg fyrir ofbeldi og einelti á skólavöllum yrði það í allra þágu. Á sama hátt verður einnig að líta á fleiri staði þar sem börn safnast saman í stórum hópum, t.d. skólabíla.

Rétt er að vekja athygli á því að hér er verið að benda á tiltölulega ódýrar leiðir til að ná miklum árangri til hagsbóta fyrir börn og unglinga, ekki síst þá sem eiga undir högg að sækja. Ef vel tekst til yrði hér um að ræða öflugt forvarnastarf sem byggðist fremur á skynsamlegri stefnumörkun en dýrum björgunaraðgerðum þegar skaðinn er skeður.

Afleiðingar eineltis eru oft mjög alvarlegar fyrir þau börn og unglinga sem fyrir því verða. Margir þeirra unglinga, sem síðar leiðast út í ofneyslu áfengis og annarra vímuefna, hafa orðið fyrir einelti þegar þeir voru yngri. Verulegu máli skiptir því að ná fljótt til sem flestra fórnarlamba. Átak gegn einelti er því fyrirbyggjandi starf sem getur skilað góðum árangri.

Þeir sem leggja aðra í einelti eiga einnig við vandamál að stríða. Breytt samskiptamynstur í félagahópi, t.d. í skóla, getur einnig hjálpað þeim sem beita einelti.

Vernd barna og unglinga, velferð þeirra og góð líðan verður aldrei metin til fjár og það er skylda löggjafarvaldsins að tryggja öryggi og vellíðan allra þegna sinna og gæta hagsmuna þeirra sem minna mega sín. Börn og unglingar, sem verða fyrir einelti, eru einn slíkra hópa og þeirra hagsmunir mega undir engum kringumstæðum sitja á hakanum.

Sþ. 920. Fyrirspurn [523. mál]

til utanríkisráðherra um kjarnorkuvopnatilraunir á vegum Sovétríkjanna.

Frá Eiði Guðnasyni.

Hefur ríkisstjórn Íslands mótmælt þeim ráðagerðum Sovétríkjanna að flytja tilraunir með kjarnorkuvopn frá Mið-Asíu til Novaja Semlja í Norður-Íshafinu?

Ed. 921. Frumvarp til laga [524. mál]

um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

Niðurlag 1. mgr. 1. gr. laga nr. 60/1981 breytist þannig að við bætast tveir málsliðir sem orðist svo:

— að stækka Búrfellsvirkjun í allt að 310 MW afl,
— að stækka Kröfluvirkjun í allt að 60 MW afl.

2. gr.

Á eftir 2. mgr. 1. gr. laga nr. 60/1981 komi ný málsgrein sem orðist svo:

Iðnaðarráðherra er heimilt að veita Hitaveitu Reykjavíkur leyfi til að reisa og reka jarðvarmavirkjun til raforkuframleiðslu á Nesjavöllum með allt að 38 MW afli (1. áfangi Nesjavallavirkjunar), enda liggi fyrir samningur um rekstur virkjunarinnar sem hluta af raforkukerfi landsins.

3. gr.

2. gr. laga nr. 60/1981 orðist svo:

Röð framkvæmda við virkjanir og aðrar stórframkvæmdir í raforkumálum skal ráðast af væntanlegri nýtingu orkunnar og skal þess gætt að orkuöflunin verði með sem hagkvæmustum

hætti fyrir þjóðarbúið. Við val á virkjunarkostum skal einnig leitast við að auka öryggi í vinnslu og flutningi á raforku um landið. Áður en iðnaðarráðherra ákveður röð framkvæmda skulu liggja fyrir greinargerðir frá Landsvirkjun, Orkustofnun og öðrum aðilum sem hann kveður til.

4. gr.

Á eftir 1. mgr. 6. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, komi tvær nýjar málsgreinar sem orðist svo:

Landsvirkjun reisir og rekur, samkvæmt lögum nr. 60/1981, eftirtalin raforkuver, að fengnu leyfi iðnaðarráðherra skv. 7. gr. þessara laga: Stækkaða Búrfellsvirkjun með allt að 310 MW afli, Sultartangavirkjun með allt að 130 MW afli, stækkaða Hrauneyjafossvirkjun með allt að 280 MW afli, stækkaða Sigölduvirkjun með allt að 200 MW afli, stækkaða Kröfluvirkjun með allt að 60 MW afli.

Landsvirkjun er heimilt, að fengnu samþykki iðnaðarráðherra, að gera ráðstafanir til að tryggja rekstur orkuvera á Þjórsársvæðinu, m.a. með Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og stíflu við Sultartanga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Takist samningar um að reisa nýtt álver á grundvelli yfirlýsingar, dags. 13. mars 1990, milli ríkisstjórnarinnar og ATLANTAL-aðilanna, um ásetning að ljúka samningum um nýtt álver með um 200 þús. tonna framleiðslugetu á ári skal mæta orkuþörf þess með því að ráðast auk Blönduvirkjunar í eftirtaldar framkvæmdir, sbr. 1. og 2. gr. þessara laga og 6. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun:

1. Fljótsdalsvirkjun.
2. Stækkun Búrfellsvirkjunar, 5. áfanga Kvíslaveitu og stækkun miðlunar í Þórisvatni.
3. Stækkun Kröfluvirkjunar og 1. áfanga Nesjavallavirkjunar, takist samningar við Hitaveitu Reykjavíkur um samrekstur virkjunarinnar við raforkukerfi landsins.

II.

Landsvirkjun er heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að verja allt að 300 milljónum króna á árinu 1990 til undirbúnings Fljótsdalsvirkjunar, stækkunar Búrfellsvirkjunar, 5. áfanga Kvíslaveitu og stofnlína eins og nauðsynlegt er til þess að unnt verði að sjá nýju álveri fyrir nægri raforku árið 1994 og taka að láni þá fjárhæð eða jafnvirði hennar í erlendri mynt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til þess að greiða fyrir uppbyggingu orkufreks iðnaðar hér á landi í framhaldi af undirritun yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og ATLANTAL-aðilanna 13. mars 1990 um ásetning um að ljúka samningum um nýtt álver. Meginefni frumvarpsins er eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er lagt til að í lög nr. 60/1981, um raforkuver, verði bætt heimildum fyrir tvær virkjanir, þ.e. stækkun Búrfellsvirkjunar í um 310 MW og stækkun Kröfluvirkjunar í allt að 60 MW afl. Í fylgiskjölum I og II hér á eftir er þessum virkjunum lýst nánar. Fyrir voru m.a. heimildir til Blönduvirkjunar, Fljótsdalsvirkjunar, Villinganesvirkjunar, Sultartangavirkjunar, stækkunar Hrauneyjafossvirkjunar, stækkunar Sigölduvirkjunar, auk ráðstafana til að tryggja rekstur orkuvera á Þjórsársvæðinu.

Í öðru lagi er lagt til að sérstök heimild verði veitt til að reisa og reka jarðgufuvirkjun til raforkuframleiðslu að Nesjavöllum með allt að 38 MW afli, enda liggi fyrir samningur um rekstur virkjunarinnar sem hluta af raforkukerfi landsins. Þetta er 1. áfangi raforkuframleiðslu að Nesjavöllum. Virkjuninni er lýst í fylgiskjali III.

Í þriðja lagi er lagt til að 2. gr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, verði umorðuð í heild. Í stað þess að Alþingi ákveði röð einstakra framkvæmda með þingsályktun er lagt til að framkvæmdarvaldinu verði settar almennar reglur um röðun framkvæmda sem ráðist af væntanlegri orkunýtingu. Jafnframt verði leitast við að styrkja raforkukerfið og auka öryggi orkuöflunar og orkudreifingar. Í sérstöku ákvæði til bráðabirgða er þó lagt til að lögfest verði tiltekin röð virkjanaframkvæmda takist samningar um nýtt álver á grundvelli yfirlýsingarinnar frá 13. mars 1990. Sú röð virkjanaframkvæmda er í öllum meginatriðum sú sama og Alþingi samþykkti með þingsályktun um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu 6. maí 1982.

Í fjórða lagi er lögð til breyting á lögum nr. 42/1983 og skýrt kveðið á um að Landsvirkjun reisi og reki eftirtaldar virkjanir, til viðbótar þeim sem þegar eru heimildir fyrir í þeim lögum:

— Stækkaða Hrauneyjafossvirkjun með allt að 280 MW afli.
— Stækkaða Sigölduvirkjun með allt að 200 MW afli.
— Stækkaða Búrfellsvirkjun með allt að 310 MW afli.
— Sultartangavirkjun með allt að 130 MW afli.
— Stækkaða Kröfluvirkjun með allt að 60 MW afli.

Loks er í ákvæði til bráðabirgða lagt til að Landsvirkjun verði veitt heimild til að verja 300 milljónum króna til undirbúnings og framkvæmda á árinu 1990 við Fljótsdalsvirkjun, stækkun Búrfellsvirkjunar og stofnlínur eins og nauðsynlegt er til þess að hægt verði að sjá nýja álverinu fyrir nægri raforku 1994 og taka þá fjárhæð að láni.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir efni yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og ATLANTAL-aðilanna 13. mars 1990 (1), raforkuþörfinni (2), framkvæmdum í raforkukerfinu (3), umhverfisáhrifum orkuvera (4), þróun viðræðna um nýtt álver (5), stöðu helstu samningsatriða (6), staðsetningu nýs álvers (7), umhverfisáhrifum nýs álvers (8), áhrifum nýs álvers á búsetu og vinnumarkað (9) og könnun á þjóðhagslegum áhrifum (10).

1. UNDIRRITUN YFIRLÝSINGAR RÍKISSTJÓRNARINNAR OG ATLANTAL-AÐILANNA 13. MARS 1990

Þann 13. mars 1990 undirrituðu iðnaðarráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, aðalforstjóri Alumax, forstjóri Gränges og framkvæmdastjóri Hoogovens Aluminium, sameiginlega yfirlýsingu um ásetning að ljúka samningum um byggingu nýs álvers hér á landi. Meginatriði yfirlýsingarinnar eru eftirfarandi:

1.1 Iðnaðarráðherra staðfestir stefnu íslenskra stjórnvalda að auka nýtingu innlendra orkulinda með frekari álframleiðslu á Íslandi og að fram verði lagt frumvarp um nauðsynlegar virkjanaheimildir. Alumax, Gränges og Hoogovens staðfesta áhuga sinn á því að efla álframleiðslu sína með því að byggja álver á Íslandi. Þá er staðfest að gera þurfi eftirfarandi samninga á grundvelli heimildarlaga um nýtt álver:
   — Aðalsamning milli íslensku ríkisstjórnarinnar og ATLANTAL-aðilanna þar sem m.a. verður fjallað um skattamál og úrlausn ágreiningsefna.
   — Orkusölusamning við Landsvirkjun.
   — Lóðar- og hafnarsamning við hlutaðeigandi sveitarfélag.
   — Samkomulag varðandi umhverfismál.
   — Samkomulag milli ATLANTAL-aðilanna um eignarhald, rekstur og fjármögnun álversins.

1.2 Iðnaðarráðherra og ATLANTAL-aðilarnir staðfesta ásetning sinn að ljúka samningum um nýtt álver með um 200.000 tonna álframleiðslugetu á ári er hefji rekstur árið 1994. Í álbræðslunni verði notuð nýjasta tækni við framleiðslu og steypu á áli og mengunarvarnir. ATLANTAL-aðilarnir lýsa sig reiðubúna til að eignast hlutabréf í hinu nýja álveri sem hér segir:

— Alumax	30–40%
— Gränges	25–35%
— Hoogovens Aluminium	25–35%

1.3 Iðnaðarráðherra og ATLANTAL-aðilarnir munu leitast við að ljúka samningum með eftirfarandi hætti:

— Stefnt er að því að taka ákvörðun um staðsetningu álversins fyrir lok maí 1990.
— Stefnt er að því að ljúka öllum samningum fyrir 20. september 1990.
— Iðnaðarráðherra mun leggja fyrir Alþingi frumvarp til heimildarlaga um álverið í október nk. með það að markmiði að afla samþykkis Alþingis fyrir árslok 1990.
— Fyrirtækin munu afla samþykkis viðeigandi stjórna fyrir árslok 1990 eða í síðasta lagi á fyrsta reglulegum stjórnarfundi á árinu 1991.

Undirritun endanlegra samninga er háð samþykki Alþingis á frumvarpi til heimildarlaga um álverið og samþykki stjórna fyrirtækjanna eða móðurfélaga þeirra eftir því sem við á.

Til þess að halda áfram nauðsynlegum undirbúningi og tryggja að nægjanleg raforka verði tiltæk fyrir nýtt álver er tæki til starfa árið 1994 er nauðsynlegt að ráðast í ákveðnar framkvæmdir á vegum Landsvirkjunar nú í sumar. Því er nauðsynlegt að Alþingi veiti þær virkjanaheimildir sem þetta frumvarp tekur til og greiði með því fyrir þeim samningum sem nú eru hafnir.

2. RAFORKUÞÖRF

2.1 Almenn raforkuþörf og núverandi stóriðja.

Síðasta spá orkuspárnefndar um raforkunotkun var gerð árið 1985. Spáin hefur síðan verið endurreiknuð árlega á grundvelli nýrra rauntalna um fólksfjölda, húsnæði, raforkunotkun og fleira. Við endurreikning spárinnar hefur frá árinu 1988 einnig verið miðað við mannfjöldaspá sem gerð var á vegum framkvæmdanefndar um framtíðarkönnun og var gefin út árið 1987. Orkuspárnefnd hefur samþykkt að leggja til að við áætlanir um framkvæmdir í raforkukerfinu verði miðað við endurreiknaða spá nefndarinnar frá 1988. Við endurreikninginn voru notaðar rauntölur fram til ársins 1987 auk þess sem miðað var við spá framtíðarkönnunar um mannfjölda. Rétt er að geta þess í þessu sambandi að raforkuspáin frá 1985 hefur reynst mjög vel. Raforkunotkun hefur endurspeglað ástand efnahagsmála og ýmist verið lítið eitt minni eða lítið eitt meiri en spáð var. Notkunin hefur þó alltaf legið innan vikmarka.

Í eftirfarandi töflu er endurreiknuð spá orkuspárnefndar um raforkumarkað fyrir forgangsorku án nýrrar stóriðju, þ.e. almenn raforkunotkun og núverandi stóriðja, fram til ársins 2015:

Ár	Markaður
1990	4.055 gwst. á ári
1995	4.390 gwst. á ári
2000	4.660 gwst. á ári
2005	4.916 gwst. á ári
2010	5.172 gwst. á ári
2015	5.419 gwst. á ári

Til samanburðar má nefna að árið 1988 reyndist raforkuþörfin, eins og hún er skilgreind í raforkuspánni, 3.907 gwst. Auk þessa er nokkur markaður fyrir ótryggða raforku og vegur þar Íslenska járnblendifélagið þyngst. Í því sambandi má nefna að raforkuvinnslan var 4.476 gwst. árið 1989.

2.2 Orkuþörf ATLANTAL-álversins.

Í yfirlýsingu um ásetning um að ljúka samningum um ATLANTAL-álverið er miðað við að reist verði álbræðsla með framleiðslugetu sem nemur 200.000 tonnum á ári. Jafnframt er stefnt að því að álverið geti hafið rekstur árið 1994. Áætlað er að raforkuþörf álversins, að meðtöldum orkutöpum við flutning orkunnar til iðjuversins, verði um 2.970 gwst. á ári og aflþörfin 355 MW.

2.3 Orkuþörf núverandi markaðar ásamt ATLANTAL-álverinu.

Í eftirfarandi töflu er spá um raforkuþörf fram til ársins 2015 að raforkuþörf ATLANTAL-álversins meðtalinni, en ekki annarri stóriðju:

Ár	Raforkuþörf
1990	4.055 gwst. á ári
1995	7.360 gwst. á ári
2000	7.360 gwst. á ári
2005	7.886 gwst. á ári
2010	8.142 gwst. á ári
2015	8.389 gwst. á ári

ATLANTAL-álverið eykur raforkuþörfina þannig að hún verður um 64% meiri árið 1995 og um 60% meiri árið 2000 ef ekki kemur til frekari aukning nýrrar orkufrekrar starfsemi.

Í þessu sambandi er ástæða til að rifja upp að í forsendum, sem lagðar voru til grundvallar virkjunaráformum í frumvarpi til laga um raforkuver sem lagt var fyrir á 103. löggjafarþinginu, var gert ráð fyrir að heildarorkuþörfin geti orðið um 7.500 gwst. árið 1995 og um 9.600 gwst. árið 2000. Forsendurnar voru þær að til ráðstöfunar vegna nýrrar orkufrekrar starfsemi yrðu um 2.400 gwst. árið 1995 og tæplega 3.700 gwst. árið 2000. Það má því segja að með samningum um ATLANTAL-álverið takist að fullnægja í meginatriðum fyrrgreindum forsendum fram til ársins 1995. Eftir þann tíma var gert ráð fyrir enn frekari uppbyggingu stóriðju.

3. FRAMKVÆMDIR Í RAFORKUKERFINU

Í töflunni hér á eftir er yfirlit um afl, orkugetu og stofnkostnað virkjanakosta sem auk Blönduvirkjunar koma til greina til þess að fullnægja aukinni raforkuþörf á næstu fimm árum eða svo, en undirbúningur annarra virkjanakosta er skemmra á veg kominn. Í töflunni er ekki tekin með ósk sem fram hefur komið hjá Hitaveitu Suðurnesja um aukna raforkuvinnslu (8 MW) í Svartsengi með svokölluðum Ormat-vélum. En gera má ráð fyrir því að við þeirri ósk mætti verða þegar samningar um ATLANTAL-álverið hafa tekist.

Virkjun	Afl MW	Orku-vinnsla GWh/ári	Stofn-kostnaður M.kr
Villinganesvirkjun	30	190	3.251
Fljótsdalsvirkjun	240	1.460	18.673
Stækkun Búrfells, 5. áfangi Kvíslaveitu og stækkun Þórisvatnsmiðlunar	100	530	6.266
Vatnsfellsvirkjun	70	430	5.288
Stækkun Kröfluvirkjunar	30	180	1.411
1. áfangi Nesjavallavirkjunar	30	180	906

* Ásamt vöxtum á byggingartíma. Verðlag í desember 1989.

Gerðir hafa verið ítarlegir útreikningar á því hvernig hagkvæmast verður að afla orkunnar til ATLANTAL-álversins. Samkvæmt þeim verður hagkvæmast að ráðast auk Blönduvirkjunar í eftirtaldar framkvæmdir:

1. Fljótsdalsvirkjun.
2. Stækkun Búrfellsvirkjunar, ásamt lokaáfanga Kvíslaveitu og stækkun miðlunar í Þórisvatni.
3. Fyrsta áfanga Nesjavallavirkjunar.
4. Stækkun Kröfluvirkjunar.

Að Blönduvirkjun meðtalinni er afl ofangreindra virkjana 550 MW og orkugetan 2.960 til 3.070 gwst. á ári eftir því hvort samningar takast um að stækka miðlunarlón virkjunarinnar, sbr. ákvæði þingsályktunar um virkjanaframkvæmdir og orkunýtingu frá árinu 1982. Til þess að álverið geti hafið bræðslu árið 1994 þarf að ljúka framkvæmdum við stækkun Búrfellsvirkjunar og fyrsta áfanga Nesjavallavirkjunar, eða stækkun Kröfluvirkjunar, nokkurn veginn samtímis og álverið hefur rekstur og orkuvinnsla í Fljótsdalsvirkjun þarf að byrja fyrir árslok 1994. Framkvæmdum við stækkun Kröfluvirkjunar, eða fyrsta áfanga Nesjavallavirkjunar, þarf síðan að ljúka um ári síðar. Hér er í öllum meginatriðum um sömu röð framkvæmda að ræða og samþykkt var í þingsályktun um virkjanaframkvæmdir og orkunýtingu frá árinu 1982. Einungis er um að ræða að gert er ráð fyrir raforkuvinnslu á Nesjavöllum sem eðli máls samkvæmt var ekki í þeirri röð virkjana sem fólst í þingsályktuninni. Framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun þurfa að hefjast þegar á þessu ári til að orkuvinnsla geti hafist í árslok 1994.

Auk framkvæmda við virkjanir þarf að ráðast í miklar framkvæmdir vegna flutnings orkunnar milli virkjana og álvers. Aðeins lítill hluti þeirra framkvæmda er háður staðsetningu álvers. Dýrastar verða flutningslínur milli Hrauneyjafossvirkjunar og Akureyrar annars vegar og Fljótsdals og Akureyrar hins vegar.

Á mynd 1 er sýnd hagkvæmasta framkvæmdaröð til að mæta aukningu í orkuþörf fram yfir aldamót miðað við að ekki verði um annan nýjan orkufrekan iðnað að ræða á tímabilinu. Til samanburðar er á mynd 2 sýnd hagkvæmasta framkvæmdaröð ef einungis þarf að mæta aukningu almenns raforkumarkaðar.

Í töflu 1 er yfirlit yfir nýjar fjárfestingar (verðlag í desember 1989) og mannaflaþörf við orkuframkvæmdir Landsvirkjunar til og með 1994. Til samanburðar er í töflu 2 sömu upplýsingar ef einungis þyrfti að mæta aukningu í almennum raforkumarkaði.

MYND 1

LEIÐ 200 - NÝTT 200.000 TONNA ÁLVER
ORKUJÖFNUÐUR



LEIÐ 200 – NÝTT 200.000 TONNA ÁLVER
RAFORKUKERFI LANDSINS

		AFL MW	ORKA GWh/ÁRI	
NÚVERANDI RAFORKUKERFI				
	VATNSAFL	722	4120	
	JARÐGUFA	45	250	
	OLÍUSTÖÐVAR	132	—	
		899	4370	
NÝJAR VIRKJANIR				GANG-SETNING
1	BLANDA	150	610	1991
2	STÆKKUN BÚRFELLS MEÐ KVÍSLAV. OG ÞÓRISVATNI	100	530	1994
3	NESJAVELLIR 1	30	180	1993
4	STÆKKUN BLÖNDULÓNS	—	110	1994
5	FLJÓTSDALUR	240	1460	1994
6	KRAFLA	30	180	1995
7	NESJAVELLIR	30	180	1998
8	VATNSFELL	70	430	2000
		650	3680	

HASPENNULÍNUR	SPENNA kV	LENGD km	
BLANDA–BYGGÐALÍNA	132	2X12	1991
SANDSKEIÐ–HAMRANES	220	24	1991
NESJAVELLIR–KORPA	132	35	1993
FLJÓTSDALUR–AKUREYRI	220	195	1994
HRAUNEYJAFOSS–AKUREYRI	220	200	1994
VATNSFELL–SIGALDA	220	6	2000

MYND 2

LEIÐ 0 - EKKI FREKARI STÓRIÐJA
ORKUJÖFNUÐUR



LEIÐ 0 – EKKI FREKARI STÓRIÐJA
RAFORKUKERFI LANDSINS

	AFL MW	ORKA GWh/ÁRI	
NÚVERANDI RAFORKUKERFI			
VATNSAFL	722	4120	
JARÐGUFA	45	250	
OLÍUSTÖÐVAR	132	—	
	899	4370	
NÝJAR VIRKJANIR			GANG-SETNING
1 BLANDA	150	610	1991
2 KRAFLA	30	180	1998
	180	730	

	SPENNA kV	LENGD km	
HASPENNULÍNUR			
BLANDA–BYGGÐALÍNA	132	2X12	1991
SANDSKEIÐ–HAMRANES	220	24	1991

Tafla 1

NÝJAR FJÁRFESTINGAR Í RAFORKUKERFINU.[1)]
LEIÐ 200 - NÝTT ÁLVER MEÐ 200 ÞÚSUND TONNA ÁRSFRAMLEIÐSLU, SEM HEFUR REKSTUR ÁRIÐ 1994

(Milljónir króna á verðlagi í des. 1989)

Virkjanir	1990	1991	1992	1993	1994
Blönduvirkjun	3222	2458	187		
Kvíslav. og Þórisv.	-	832	896	95	
Stækkun Búrfells	47	857	1560	1431	522
Stækkun Blöndulóns				263	14
Fljótsdalsvirkjun	228	2451	5247	5495	4743
Stækkun Kröflu			105	331	446
Alls Mkr.	3497	6598	7995	7615	5725
Orkuflutningskerfi					
Tengilínur	71	147	72	227	141
Flutningslínur	87	1065	1787	2297	1813
Tengivirki og þéttar	-	121	82	41	91
Alls Mkr.	158	1333	1941	2565	2044
SAMTALS MKR.	3655	7931	9936	10180	7770

MANNAFLI VIÐ ORKUFRAMKVÆMDIR (ÁRSVERK)

Virkjanir	1990	1991	1992	1993	1994
Blönduvirkjun	246	209	12		
Kvíslav. og Þórisv.	-	95	96		
Stækkun Búrfells	10	102	194	166	38
Stækkun Blöndulóns				27	2
Fljótsdalsvirkjun	18	191	400	397	314
Stækkun Kröflu			3	5	8
Alls ársverk	274	597	705	595	362
Orkuflutningskerfi					
Tengilínur	2	6	5	11	7
Flutningslínur	2	29	97	110	78
Tengivirki og þéttar	-	3	3	2	-
Alls ársverk	4	38	105	123	85
SAMTALS ÁRSVERK	278	635	810	718	447

1) Án framkvæmda í rekstri.

Landsvirkjun

Tafla 2

NÝJAR FJÁRFESTINGAR Í RAFORKUKERFINU. [1]
LEIÐ 0 - EKKI FREKARI STÓRIÐJA.

(Milljónir króna á verðlagi í des. 1989)

Virkjanir	1990	1991	1992	1993	1994
Blönduvirkjun	3222	2458	187		
Orkuflutningskerfi					
Tengilínur	71	147			
Flutningslínur	62	384			
Tengivirki og þéttar	-	101			8
Alls Mkr.	133	632	-	-	8
SAMTALS Mkr.	3355	3090	187	-	8

MANNAFLI VIÐ ORKUFRAMKVÆMDIR (ÁRSVERK)

Virkjanir	1990	1991	1992	1993	1994
Blönduvirkjun	246	209	12		
Orkuflutningskerfi					
Tengilínur	3	6			
Flutningslínur	-	11			
Tengivirki og þéttar	2	3			1
Alls ársverk	5	20	12	0	1
SAMTALS ÁRSVERK	251	229	12	0	1

1) Án framkvæmda í rekstri.

Eins og sjá má af töflunum mun nýtt álver hafa í för með sér fjárfestingar (með vöxtum á byggingartíma) í raforkukerfinu sem nema tæplega 33 miljörðum króna á tímabilinu 1990 til 1995. Alls yrðu fjárfestingarnar rúmlega 38 milljarðar króna á tímabilinu. Allar fjárhæðirnar eru hér á verðlagi í desember 1989. Mannaflaþörf við framkvæmdir í orkukerfinu, sem ekki tengdust nýju álveri, yrði um 500 ársverk, en með nýju álveri um 2.900 ársverk.

4. UMHVERFISÁHRIF ORKUVERA

4.1 Fljótsdalsvirkjun.

Í verkhönnunarskýrslu um virkjun Jökulsár í Fljótsdal, sem kom út í maí 1982, er gert ráð fyrir að frá Eyjabakkamiðlun verði vatni veitt um skurð og lón á Fljótsdalsheiði að inntaki virkjunarinnar á Teigsbjargi, en síðan um hallandi þrýstipípu að þremur vatnsvélum í stöðvarhúsi neðan jarðar. Þaðan færi vatnið um frárennslisgöng aftur út í farveg árinnar milli bæjanna Hóls og Valþjólfsstaðar. Umsögn Náttúruverndarráðs frá 31. mars 1981 miðaðist við þessa útfærslu.

Árið 1989 var hönnun Fljótsdalsvirkjunar tekin til endurskoðunar og nú er áætlað að í stað skurðar og lóna á Fljótsdalsheiði komi jarðgöng (heilboruð) frá Eyjabakkamiðlun að fallpípu við stöðvarhús sem er á sama stað og í eldri áætlun. Umsögn Náttúruverndarráðs um þessa útfærslu liggur ekki fyrir, en augljóst er að nýja tilhögunin hefur mun minni áhrif á umhverfið. Minna land fer undir vatn og lítil röskun verður á Fljótsdalsheiði.

Árið 1982 var gert samkomulag við Fljótsdalshrepp um virkjunina.

4.2 Stækkun Búrfellsvirkjunar.

Stækkun Búrfellsvirkjunar er innan virkjanasvæðis Landsvirkjunar við Búrfell og nýtir hluta þeirra mannvirkja sem fyrir eru á svæðinu. Landsvirkjun hefur leitað umsagnar Náttúruverndarráðs varðandi stækkun Búrfellsvirkjunar. Náttúruverndarráð hefur með bréfi, dags. 17. október 1988, tilkynnt Landsvirkjun að af þess hálfu sé ekkert því til fyrirstöðu að framkvæmdir geti hafist.

4.3 Kröfluvirkjun.

Með bréfi, dags. 26. mars 1975, heimilar Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti að reist verði og rekin jarðgufustöð við Kröflu er takmarkist við byggingu og rekstur 60 MW virkjunar. Heimildin er veitt á grundvelli laga nr. 36/1974 um verndun Mývatns og Laxár. Heimildin er háð nokkrum skilmálum.

4.4 Háspennulínur.

4.4.1 Fljótsdalur – Akureyri.

Línuleiðin var afmörkuð sumarið 1989, en fyrirhugað er að ljúka mælingum á línunni sumarið 1990. Línuleiðin var valin í samráði við fulltrúa Náttúruverndarráðs og hún hefur verið kynnt á fundi í Náttúruverndarráði. Í bréfi Náttúruverndarráðs, dags. 10. janúar 1990, segir að ráðið muni ekki leggjast gegn legu línunnar að uppfylltum nokkrum skilyrðum.

Áður en línuleiðin var afmörkuð var haft samband við alla landeigendur og oddvita í þeim sveitarfélögum sem línan liggur um. Reynt var að taka tillit til óska þessara aðila eftir því sem unnt var í hverju tilviki.

Gert er ráð fyrir að línan Fljótsdalur – Akureyri og línan Akureyri – Hrauneyjafoss verði á sameiginlegum möstrum frá spennistöðinni á Rangárvöllum austur í mynni Garðsárdals.

4.4.2 Akureyri – Hrauneyjafoss (Sprengisandslína).

Mælingum á þessari línu lauk að mestu sumarið 1984, en síðan hafa verið gerðar á henni minni háttar breytingar. Náttúruverndarráð féllst, með bréfi dags. 6. febrúar 1984, í megindráttum á legu línunnar með fyrirvara um frekari skoðun á ákveðnum köflum leiðarinnar.

Línan fer um óbyggð svæði allt frá Hrauneyjafossi í Garðsárdal, en þaðan var lega hennar valin í samráði við landeigendur, svæðisskipulag Eyjafjarðar og skipulagsyfirvöld á Akureyri.

5. ÞRÓUN VIÐRÆÐNA UM NÝTT ÁLVER (ATLANTAL)

Á fundi í Zürich 4. desember 1989 kom endanlega í ljós mismunandi afstaða þáverandi aðila að ATLANTAL-hópnum til nýs álvers á Íslandi. Tvö fyrirtækjanna, Gränges AB og Hoogovens Aluminium, lýstu yfir vilja sínum til þess að vinna að því að af byggingu nýs sjálfstæðs álvers með 200.000 tonna ársafkastagetu gæti orðið. Alusuisse aftur á móti lýsti yfir því að það væri ekki tilbúið til þátttöku í byggingu nýs álvers. Á fundinum dró síðan Alusuisse sig út úr samstarfinu.

Í framhaldi af þessari ákvörðun varð það að samkomulagi við fyrirtækin tvö, sem eftir voru í ATLANTAL-hópnum, að leita nýrra aðila, eins eða fleiri, til þátttöku í byggingu nýs álvers á Íslandi. Eitt þeirra fyrirtækja, sem ákveðið var að hafa samband við í upphafi, var bandaríska fyrirtækið Alumax, en það hefur á undanförnum áratugum oft sýnt áhuga á þeim möguleikum sem til staðar eru hér á landi til byggingar álvers.

Fulltrúar Alumax komu til Reykjavíkur í janúar sl. til þess að kynna sér aðstæður og ræða við iðnaðarráðherra og ráðgjafarnefnd um áliðju. Í febrúar sl. var síðan haldinn sameiginlegur fundur allra aðilanna í Amsterdam. Í framhaldi af þeim fundi lýsti Alumax því yfir að þeir væru tilbúnir til þátttöku í ATLANTAL-hópnum og var það formlega staðfest með undirritun áðurnefndrar viljayfirlýsingar.

Með þátttöku Alumax í ATLANTAL-hópnum er kominn til skjalanna aðili með mjög víðtæka reynslu af byggingu og rekstri álvera sem getur tekið að sér þá ábyrgð sem fylgir forustu í samstarfshópi af þessu tagi. Það liggur fyrir að báðir þeir aðilar, sem fyrir voru í ATLANTAL-hópnum, telja Alumax ákjósanlegan samstarfsaðila.

Eins og nánar er gerð grein fyrir hér á eftir eru ýmis atriði samninga enn ófrágengin og með tilkomu nýs aðila þarf að fara að nýju yfir þau atriði sem þegar hafði tekist samkomulag um. Þegar niðurstaða hefur fengist í öllum meginatriðum samninganna og ákvörðun um staðsetningu verksmiðjunnar liggur fyrir verður hægt að leggja lokamat á hagkvæmni hennar, en það, ásamt því hvernig verksmiðjan fellur að langtímastefnumörkun fyrirtækjanna, mun verða grundvöllur að endanlegri ákvörðun stjórna fyrirtækjanna um þátttöku í byggingu hennar. Hafa ber í huga að víðar en á Íslandi er unnið að því að stofna ný álver og hefur þeim fyrirtækjum, sem hér eru í viðræðum, verið boðin þátttaka í nokkrum þeirra.

Náist samkomulag í þeim samningaviðræðum sem nú eru hafnar og verði lokamat aðilanna jákvætt fer undirritun samninga væntanlega fram seint á þessu ári eða í byrjun þess næsta. Hið nýja álver gæti þá hafið rekstur árið 1994. Sérstök ráðgjafarnefnd um áliðju var skipuð 14. nóvember 1988 og hefur verið iðnaðarráðherra til ráðuneytis varðandi samninga um nýtt álver.

Ráðgjafarnefndina skipa eftirtaldir menn: Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, formaður, Baldur Óskarsson framkvæmdastjóri, Eggert Steinsen verkfræðingur, Geir A. Gunnlaugsson framkvæmdastjóri, Guðmundur G. Þórarinsson alþingismaður og Ólafur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Halldór J. Kristjánsson, skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneytinu, starfar með nefndinni og markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar starfar fyrir hana.

6. STAÐA HELSTU SAMNINGSATRIÐA

Nauðsynlegt er að fara á næstu vikum yfir öll helstu samningsatriðin í ljósi yfirlýsingarinnar um ásetning um að ljúka samningum. Hér á eftir er gerð stutt grein fyrir stöðu helstu samningsatriða.

6.1. Aðalsamningur.

6.1.2 Gildistími samningsins.

Af Íslands hálfu hefur verið lagt til að gildistími aðalsamningsins verði 25 ár frá því að full framleiðsla hefst. Þá hefur verið lagt til að ekki verði í samningnum framlengingarákvæði og að ATLANTAL-álverið verði að loknum samningstíma að öllu leyti háð íslenskum lögum. Sérstakar undanþágur frá gildandi lögum, svo sem vegna meirihlutaeignar erlendra aðila o.þ.h., eru eðli sínu samkvæmt ótímabundnar. ATLANTAL-aðilarnir hafa óskað eftir nokkru lengri samningstíma og heimild til framlengingar samningsákvæða.

6.1.3 Ábyrgðir.

Þýðingarmestu ábyrgðirnar, sem ATLANTAL-aðilarnir þurfa að gefa út gagnvart íslenskum aðilum, eru þessar:

a. *Verklokaábyrgð.* Gert hefur verið ráð fyrir að ATLANTAL-aðilarnir gefi út sérstakar ábyrgðir um að þeir muni leggja fram nauðsynlegt hlutafé og tryggja að álverið hefji starfrækslu og kaup á orku á tilteknum tíma. Á sama hátt er gert ráð fyrir að ríkisstjórnin og Landsvirkjun ábyrgist gagnvart ATLANTAL-aðilunum að tilteknar virkjanir hafi verið reistar og að orkusala til ATLANTAL geti hafist á sama tíma.
b. *Greiðsla fyrir orku.* Gert hefur verið ráð fyrir að ATLANTAL-aðilarnir fjármagni álverið á verkefnisgrundvelli (Project Financing) og að bankastofnanir, sem veiti lán til verkefnisins, muni gera kröfu til að ATLANTAL-aðilarnir geri bindandi samning við ATLANTAL-álverið um bræðslu á tilteknu lágmarksmagni af áli á ári. Ef Landsvirkjun fær hlutdeild í slíkri ábyrgð vegna bræðslu á málmi hjá ATLANTAL er talið að vel sé fyrir ábyrgðarþörf fyrirtækisins séð.

6.1.4 Lögsaga og lausn deilumála.

Óumdeilt er að nýtt álfyrirtæki lúti íslenskum lögum með þeim sérákvæðum sem lögfest verða í heimildarlögum um nýtt álver, m.a. undanþágur frá skilyrðum íslenskra laga um ríkisfang og búsetu stjórnarmanna og stofnenda vegna erlendrar eignaraðildar. Þá er gert ráð fyrir að túlkun og framkvæmd aðalsamningsins fari að íslenskum lögum.

Af Íslands hálfu hefur verið lögð áhersla á að úrlausn ágreiningsmála við ríkisstjórnina verði fyrir íslenskum dómstólum. ATLANTAL-aðilarnir hafa sett fram tillögu um að lausn meiri háttar deilumála verði fyrir alþjóðlegum gerðardómi og þá fyrir Alþjóðagerðardómsstofnuninni til lausnar fjárfestingardeilum er starfar í tengslum við Alþjóðabankann í Washington (ICSID) og Ísland og heimalönd álfyrirtækjanna þriggja eru aðilar að. Hins vegar hafa báðir aðilar talið eðlilegt að leita lausnar á viðskiptalegum deilumálum, svo sem um einstaka þætti í raforkusamningi, t.d. fyrir gerðardómi skv. íslenskum gerðardómslögum.

6.1.5 Aðild Íslendinga að stjórn ATLANTAL.

Gert er ráð fyrir að iðnaðarráðherra tilnefni a.m.k. tvo menn í stjórn nýs álvers með áheyrnar- og tillögurétti. ATLANTAL-aðilarnir hafa lagt til að settar verði almennar reglur um löghæfi stjórnarmanna og tryggt sé að ekki verði um hagsmunaárekstur að ræða sem er eðlilegt sjónarmið.

6.1.6 Iðnþróun og tækniþekking.

Í aðalsamningi hefur verið gert ráð fyrir ákvæðum er varða frekari úrvinnslu áls hér á landi og þátt ATLANTAL-aðilanna í uppbyggingu tækniþekkingar og iðnþróun hér á landi. Ákvæðin eru í samræmi við ákvæði yfirlýsingar OECD um alþjóðlegar fjárfestingar frá 21. júní 1976 og viðmiðunarreglur OECD fyrir alþjóðafyrirtæki, með áorðnum breytingum. Í viðræðunum hefur verið lögð áhersla á þessar viðmiðunarreglur. Þá hefur verið lögð áhersla á að tryggja íslenskum aðilum rétt til að taka þátt í framkvæmdum við nýtt álver.

6.2 Skattlagning ATLANTAL.

Viðræður um skattlagningu nýrrar álbræðslu hafa fram til þessa aðallega beinst að tveimur skattlagningaraðferðum. Önnur aðferðin byggir á hugmyndum um einn fastan skatt eða framleiðslugjald sem ATLANTAL-aðilarnir sóttust eftir í upphafi umræðna um skattamálin. Hin aðferðin er að miða skattlagninguna við íslensk skattalög með þeirri aðlögun sem eðlileg er með tilliti til sérstöðu og stærðar fyrirtækisins og þess að það sé rekið sem bræðslusamlag.

Lögð hefur verið mikil áhersla á það af Íslands hálfu að skattlagning ATLANTAL verði í meginatriðum í samræmi við íslensk skattalög og miðast viðræður við ATLANTAL-aðilana við það. Helstu atriðin sem rædd hafa verið eru:

— Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að ATLANTAL greiði öll launatengd gjöld og önnur gjöld sem tengjast starfsmönnum og atvinnurekendur almennt greiða.
— Í öðru lagi er gert ráð fyrir að ATLANTAL greiði aðstöðugjöld og önnur þau gjöld er leggjast á aðstöðugjaldsstofn í einu umsömdu gjaldi.
— Í þriðja lagi er gert ráð fyrir sérsamningi um álagningu fasteignagjalda og nokkur minni háttar gjöld sem ekki eiga við með sama hætti um álver og byggingar sem eru í þéttbýli, m.a. gatnagerðargjald, byggingarleyfisgjald og skipulagsgjald til ríkissjóðs.
— Í fjórða lagi er gert ráð fyrir sérstöku fyrirkomulagi varðandi útreikning og greiðslu tekjuskatts og eignarskatts til ríkissjóðs.

Þær undantekningar, sem rætt er um, helgast af sérstöðu fyrirtækisins og þeirri miklu fjárfestingu sem í því liggur. Hins vegar er gert ráð fyrir að álagning skatta og eftirlit með skattgreiðslum verði í höndum íslenskra skattyfirvalda. Gengið hefur verið út frá því að álverið verði rekið sem bræðslusamlag (tolling smelter) þannig að það bræðir ál úr súráli gegn gjaldi fyrir bræðsluna án þess að fyrirtækið verði eigandi súrálsins eða hráálsins. Álverið yrði rekið á kostnaðargrundvelli og því verður að semja um viðmiðanir til tekjuskatts sérstaklega. Bókfærð velta bræðslusamlagsins er því minni en sambærilegs álvers — sem rekið er sjálfstætt — sem nemur innkaupsverði súráls, en það er um þriðjungur af rekstrarkostnaði. Skattar, sem leggjast á aðstöðugjaldsstofn, leggjast á veltu bræðslusamlagsins og er stofninn lægri sem því nemur.

ATLANTAL-aðilarnir hafa óskað eftir því að skattar, sem nú eru í gildi og leggjast mundu á álverið, verði skráðir í aðalsamninginn og samið um að aðrir skattar verði ekki lagðir á. Af Íslands hálfu hefur verið lagt til að aðeins verði samið um tiltekin frávik frá íslenskum skattalögum en fyrirtækið verði almennt háð skattlagningarvaldi íslenskra yfirvalda. Á þessu er grundvallarmunur og er enn ekki samkomulag um þetta atriði. Hugsanleg lausn gæti verið að ákvæði verði í aðalsamningi sem verndi ATLANTAL-aðilana fyrir því að lagðir verði á skattar sem beindust sérstaklega að fyrirtækinu, svokölluð „non discrimination clause".

6.3 Rafmagnssamningur.

Gert er ráð fyrir langtímasamningi um sölu á rúmlega 2800 gwst. af raforku sem í meginatriðum yrði þannig frá sjónarmiði Íslendinga:

a. Heildartekjur af orkusölu til álversins gerðu gott betur en standa undir flýtingarkostnaði vegna virkjana.
b. Orkuverð yrði tengt verði á áli.
c. Eðlileg endurskoðunarákvæði yrðu.
d. Veittur yrði afsláttur frá orkuverði fyrstu starfsárin.

ATLANTAL-aðilunum hefur verið gerð grein fyrir því að til þess að Landsvirkjun geti staðið við afhendingu orku á árinu 1994 verði að leggja í ákveðnar framkvæmdir þegar á þessu ári. Fram hefur komið af hálfu Alumax að það fyrirtæki hefur aldrei fyrr gert samning um orkukaup fyrir álbræðslu án þess að orkuver hafi þegar verið byggð.

6.4 Lóðar- og hafnarsamningur.

Gert hefur verið ráð fyrir að ATLANTAL-álverið geri samning við hlutaðeigandi sveitarfélög um hafnar- og lóðaraðstöðu fyrir nýtt álver. Í því sambandi hefur verið gengið út frá því að samið yrði sérstaklega um hafnargjöld er staðið gætu undir endurgreiðslu kostnaðar vegna hafnargerðar. Við það hefur verið miðað að ríkið eða hlutaðeigandi sveitarfélög ættu landið sem álverið yrði byggt á en leigðu álverinu afnot þess til langs tíma, svo sem venjulegast er hér á landi.

6.5 Samningar um umhverfismál.

ATLANTAL-aðilarnir hafa lagt mikla áherslu á að samningur um meginskilmála varðandi útblástur frá álverinu og aðrar mengunarvarnir verði undirritaður samhliða undirritun aðalsamnings um nýtt álver. Þeir hafa tekið skýrt fram að félögin geti ekki hafið framkvæmdir við nýtt álver nema slíkt samkomulag liggi fyrir. Unnið er að rannsóknum á umhverfisáhrifum álvers á þeim stöðum sem helst þykja koma til greina og er gerð grein fyrir þeim í kafla 8 hér á eftir. Á grundvelli þeirra verður hægt að ákveða mengunarvarnir og skilmála.

6.6 Samkomulag milli ATLANTAL-aðilanna um eignarhald, rekstur og fjármögnun.

Gert er ráð fyrir að ATLANTAL-aðilarnir geri ítarlega samninga sín á milli um eignarhald, rekstur og fjármögnun álversins. Í því sambandi hefur verið gert ráð fyrir að Alumax annist stjórnun nýs álvers. Þá verða ATLANTAL-aðilarnir að semja sín á milli og við lánastofnanir um fjármögnun þess, en stefnt er að því að álverið verði fjármagnað á verkefnisgrundvelli (Project Financed) með 20–25% eigin fé og að stofnlán verði tryggð með hlutdeild í bindandi málmbræðslusamningum milli ATLANTAL-aðilanna og ATLANTAL-álversins.

7. STAÐSETNING ATLANTAL-ÁLVERSINS

Á árunum 1981 og 1982 gerði staðarvalsnefnd iðnaðarráðuneytisins athuganir á tíu stöðum þar sem til greina þótti koma að reisa og reka álver. Á grundvelli þessara frumathugana var síðan ákveðið að kanna nánar á vegum staðarvalsnefndar hugsanlega staðsetningu nýs álvers á eftirtöldum sex stöðum: Dysnesi í Arnarneshreppi, Geldinganesi við Reykjavík, Helguvík við Keflavík, Vatnsleysuvík á Vatnsleysuströnd, Vogastapa við Njarðvík og Þorlákshöfn.

Frá niðurstöðum var skýrt í skýrslu staðarvalsnefndar sem birtist árið 1986.

ATLANTAL-aðilunum hafa að undanförnu verið kynntir þeir staðir sem helst hafa þótt koma til greina fyrir nýtt álver, þ.e. auk ofangreindra staða Grundartangi við Hvalfjörð, Reyðarfjörður og Straumsvík. Á grundvelli þeirrar kynningar og viðræðna við ATLANTAL-aðilana hefur verið ákveðið að gera nánari samanburð á stofn- og rekstrarkostnaði álvers á eftirtöldum fjórum svæðum á landinu: við Eyjafjörð, við Hvalfjörð, við Reyðarfjörð og á Reykjanesi (frá Straumsvík að Þorlákshöfn).

Kostnaðaráætlun Bechtel/Lavalin um 185.000 tonna álver miðaðist við staðsetningu í Kapelluhrauni við Straumsvík, skammt sunnan við ÍSAL. Margt bendir nú til þess að staðsetning 200.000 tonna álvers við Straumsvík gæti verið heppilegri í hrauninu vestan við víkina í landi Óttarsstaða nokkru fjær íbúðabyggð í Hafnarfirði. Loftmengun í Hafnarfirði af völdum ATLANTAL-álversins þar yrði því væntanlega minni. Lauslegur samanburður bendir til þess að kostnaður við lóð og gerð hafnarbakka við vestanverða víkina sé litlu hærri en í Kapelluhrauni.

Í Eyjafirði hefur einkum þótt koma til greina að staðsetja álver við Dysnes í Arnarneshreppi. Almenna verkfræðistofan hf. hefur gert lauslega könnun á kostnaði við lóð fyrir 200.000 tonna álver og er sá kostnaður talinn vera svipaður og í Straumsvík vestanverðri. Hafnaraðstaða er þó kostnaðarsamari við Dysnes.

Í Reyðarfirði hafa einkum þrír staðir þótt koma til greina fyrir stórt álver, við Sómastaðagerði, við Eyri og á Leirum í botni Reyðarfjarðar. Lauslegur kostnaðarsamanburður á lóðar- og hafnargerð fyrir 200.000 tonna álver bendir til lægri kostnaðar en við Dysnes og Straumsvík.

Á næstunni munu verða gerðar sams konar athuganir við Hvalfjörð og á Reykjanesi, þar með talin Þorlákshöfn, eftir því sem ástæða er til.

Samanburðarathuganir munu einnig ná til annarra þátta en að ofan greinir svo sem til efnisflutninga, launa og flutnings á verkafólki, reksturs vinnubúða, kostnaðar við birgðarými og uppskipunartæki og áhrifa veðurs á framkvæmdir. Auk þess hefur verið gerð lausleg athugun á kostnaði við hafnargerð og orkuöflun. Hugsanlegt er að krafist verði mismunandi mengunarvarna, en ekki verður tekin afstaða til þess fyrr en að lokinni dreifingarspá sem unnið er að hjá NILU (Norsk Institutt for luftforskning).

Gert er ráð fyrir því að á næstu vikum leggi ATLANTAL-hópurinn í samvinnu við íslenska aðila sjálfstætt mat á stofnkostnað og reksturskostnað álversins miðað við mismunandi staðsetningar.

Staðsetning verður ákveðin að loknum framangreindum samanburðar- og kostnaðarathugunum og er að því stefnt að taka ákvörðun í byrjun júní. Staðarvalið er hluti af heildarsamningnum um álverið og verður af Íslands hálfu lögð áhersla á að það stuðli að bættu jafnvægi í atvinnu- og byggðaþróun auk þess sem tekið verði tillit til arðsemis- og umhverfissjónarmiða. Ríkisstjórnin hefur gert sérstaka samþykkt um þetta mál og fer hún hér á eftir:

„Í framhaldi af viðræðum við Atlantal-aðilana og undirritun yfirlýsingar um byggingu nýs álvers, dags. 13. mars síðastliðinn, og vegna umræðu sem fram hefur farið í landinu um staðarval fyrir nýtt álver, lýsir ríkisstjórnin því yfir að af hennar hálfu verður lögð rík áhersla á að staðarvalið stuðli að jafnvægi í atvinnu- og byggðaþróun auk þess sem tekið verði tillit til arðsemis- og umhverfissjónarmiða."

8. UMHVERFISÁHRIF ÁLVERS

Í iðnaðarráðuneytinu hefur verið lögð áhersla á það að tryggja að fullnægjandi kröfur um mengunarvarnir og umhverfisvernd verði gerðar í nýju álveri sem hér kynni að verða byggt. Hér skal vikið að nokkrum atriðum í þessu sambandi.

NILU er að gera dreifingarspár frá nýju álveri á loftmengun. Í fyrsta lagi er verið að gera dreifingarspá miðað við staðsetningu í Straumsvík miðað við útblástur frá ÍSAL og ATLANTAL-álveri sem staðsett yrði annaðhvort í Kapelluhrauni eða í landi Óttarsstaða við vestanverða Straumsvík. Í öðru lagi er miðað við að álverið verði reist við Dysnes við Eyjafjörð og loks í þriðja lagi miðað við að það verði reist við Sómastaðagerði við Reyðarfjörð. Sams konar athuganir verða gerðar við Hvalfjörð og á Reykjanesi, þar með talin Þorlákshöfn eftir því sem ástæða er til.

Á árunum 1983–1985 voru gerðar ýmsar athuganir á náttúrufari og minjum við vestanverðan Eyjafjörð. Jafnframt voru framkvæmdar veðurfarsmælingar og gerð dreifispá fyrir flúor og brennisteinstvíildi frá 130.000 tonna álveri. Á grundvelli þeirrar spár voru metin áhrif flúor á gróður og búfé.

Í tengslum við undirbúning vegna Kísilmálmverksmiðjunnar, sem átti að reisa við Reyðarfjörð, voru gerðar athuganir á loftgæðum og veðurfari í því sambandi. Jafnframt var á vegum staðarvalsnefndar iðnaðarráðuneytisins gerð athugun á náttúrufari og minjum í Reyðarfirði.

ATLANTAL-hópurinn mun væntanlega ganga frá skýrslu um umhverfismál álversins í lok rannsóknatímabilsins þar sem gerð verður grein fyrir öllum rannsóknaniðurstöðum og fyrirhuguðum mengunarvörnum.

Eitt helsta álitaefni varðandi mengun frá nýju álveri er hvort krefjast skuli vothreinsunar á SO_2. Forsendur þess að gera kröfu um vothreinsun geta verið nokkuð aðrar en t.d. í Noregi og Svíþjóð, sem einkum hefur verið horft til. Hins vegar er íslenska mengunarreglugerðin mjög ströng varðandi loftgæði. Útreikningar NILU á dreifingu loftmengunar mun væntanlega leiða í ljós hvaða kröfur er eðlilegt að gera varðandi þennan búnað.

Iðnaðarráðherra hefur nýlega skipað nefnd sérfróðra aðila til að vera sér til ráðuneytis um umhverfisáhrif stóriðju og mun nefndin í upphafi sérstaklega meta umhverfisáhrif álvera. Nefndina skipa eftirtaldir: Skúli Johnsen borgarlæknir, formaður, Friðrik Pálmason lífeðlisfræðingur, Guðjón Jónsson efnaverkfræðingur, Hákon Aðalsteinsson líffræðingur, Jón Ingimarsson verkfræðingur, Jón Ólafsson haffræðingur og Magnús Jónsson veðurfræðingur.

9. ÁHRIF NÝS ÁLVERS Á BÚSETU OG VINNUMARKAÐ

Byggðastofnun hefur metið áhrif þess að reist verði nýtt álver með 200 þúsund tonna framleiðslugetu á ári á búsetu og vinnumarkað. Drög að greinargerð stofnunarinnar er fylgiskjal IV með frumvarpinu.

Í greinargerðinni er fjallað um áhrif nýs álvers á búsetu og vinnumarkað miðað við að það verði staðsett á höfuðborgarsvæðinu, við Dysnes í Eyjafirði eða við Reyðarfjörð. Hér verða rakin nokkur atriði úr greinargerðinni, en að öðru leyti er vísað til hennar.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit um mannaflaþörf vegna byggingar og reksturs álvers og framkvæmda í raforkukerfinu fyrir tímabilið 1990–1995.

Mannaflanotkun vegna byggingar og reksturs álvers (ársverk).

	1990	1991	1992	1993	1994	1995
Bygging álvers	36	582	836	891	55	
þar af erlent vinnuafl	7	116	167	178	11	
Virkjanaframkvæmdir	286	627	810	718	447	
Rekstur álvers				174	634	645
Samtals	322	1209	1646	1783	1136	645

Við framkvæmdirnar verða þannig um 1.600 ársverk í byggingariðnaði árin 1992 og 1993. Það samsvarar um 15% af fjölda ársverka í byggingariðnaði undanfarin ár. Í töflunni koma ekki fram ársverk við rekstur orkumannvirkja en áætlað er að starfsmenn við Blönduvirkjun verði 12, við Fljótsdalsvirkjun 20 og að fjölgað verði um 3 við Búrfell og 1 í Kröflu, eða alls um 36 manns.

Byggðastofnun hefur metið margfeldisáhrif af byggingu og rekstri álversins. Að mati Byggðastofnunar kemur ávallt hluti af margfeldisáhrifum fram á höfuðborgarsvæðinu óháð því hvar á landinu álverið verði reist. Margfeldisáhrifin fyrir álver á höfuðborgarsvæðinu eru áætluð tvö, þ.e. fyrir hvert starf í álverinu skapast tvö önnur á höfuðborgarsvæðinu. Verði það reist í Eyjafirði verða margfeldisáhrifin á því svæði 1,3 en verði það reist við Reyðarfjörð verða margfeldisáhrifin á því svæði 1,0. Margfeldisáhrifin koma einkum fram í ýmsum þjónustugreinum.

Varanleg margfeldisáhrif vegna nýs álvers á höfuðborgarsvæðinu verða samkvæmt þessu rúmlega 1.900 störf alls. Vöxtur mannafla á höfuðborgarsvæðinu frá 1990 til 1994 er framreiknaður um 3.100 ársverk hjá báðum kynjum án aðflutnings frá landsbyggðinni. Til samanburðar má nefna að ársverk á höfuðborgarsvæðinu voru rúmlega 71 þúsund 1987 og íbúafjöldinn er um 144 þúsund manns.

Íbúafjöldi við vestanverðan Eyjafjörð er um 18 þúsund manns og var fjöldi ársverka 1987 8.740. Gera má ráð fyrir að heildaráhrif álvers við Dysnes á vinnumarkaðinn á Eyjafjarðarsvæðinu verði um 1.500 ársverk eða sem jafngildir um 17% fjölgun.

Gert er ráð fyrir að vinnusókn álvers við Reyðarfjörð nái til Egilsstaða og Fellabæjar, Eskifjarðar og Fáskrúðsfjarðar auk Reyðarfjarðar. Á þessu svæði búa um 4.400 manns og hefur þeim fjölgað umfram landsmeðaltal undanfarin ár. Fjöldi ársverka í vinnusókninni var um 2.300 árið 1987. Áætlað er að heildaráhrif álvers, verði það reist í Reyðarfirði, verði um 1.300 ársverk á því svæði. Það jafngildir 56% fjölgun.

10. KÖNNUN Á ÞJÓÐHAGSLEGUM ÁHRIFUM NÝS ÁLVERS

Þjóðhagsstofnun kannar nú þjóðhagsleg áhrif 200 þúsund árstonna álvers sem reist verði á árinu 1991–1994 og tilheyrandi virkjana en undirbúningur þeirra þarf að hefjast á þessu ári. Frumniðurstöður benda til þess að hagvöxtur á mælikvarða landsframleiðslu verði um 1% meiri að jafnaði á árunum 1990–1996 með nýju álveri en án þess. Það þýðir að landsframleiðslan verður orðin um 5,5% meiri 1996 með álveri en án þess. Í fylgiskjali nr. V með frumvarpi þessu er greinargerð Þjóðhagsstofnunar þar sem niðurstöður stofnunarinnar eru settar fram.

Þjóðhagsstofnun og Byggðastofnun hafa starfað með sérfræðinganefnd iðnaðarráðuneytisins sem verið hefur að meta þjóðhagsleg áhrif aukinnar stóriðju. Nefndin vinnur nú að skýrslu um uppbyggingu orkufreks iðnaðar í landinu til lengri tíma litið.

Í sérfræðinganefnd um athugun á þjóðhagslegum áhrifum orkufrekrar stóriðju eru eftirtaldir: Birgir Árnason hagfræðingur, formaður (hefur nú hætt störfum), Guðmundur Magnússon prófessor, Guðni A. Jóhannesson verkfræðingur, Haraldur Ólafsson lektor, Jón Ingimarsson verkfræðingur (hefur tekið við formennsku), Sigurður Guðmundsson skipulagsfræðingur, Þorsteinn Ólafsson viðskiptafræðingur og Þórður Friðjónsson hagfræðingur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, er Landsvirkjun heimilað, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að stækka Hrauneyjafossvirkjun í allt að 280 MW afl, Sigölduvirkjun í allt að 200 MW afl og gera ráðstafanir sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur orkuveranna á Þjórsársvæðinu og koma vinnslustigi þeirra í eðlilegt horf, m.a. með Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og stíflu við Sultartanga, svo og að virkja á ármótum Þjórsár og Tungnaár við Sultartanga (Sultartangavirkjun) með allt að 130 MW afli.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að hér til viðbótar komi sams konar heimild til að stækka Búrfellsvirkjun úr 210 MW í allt að 310 MW og Kröfluvirkjun úr 30 MW í allt að 60 MW.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að á eftir 2. mgr. 1. gr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, komi ný málsgrein sem heimili iðnaðarráðherra að veita Hitaveitu Reykjavíkur leyfi til að reisa og reka jarðvarmavirkjun til raforkuframleiðslu á Nesjavöllum með allt að 38 MW afli. Hér er um að ræða 1. áfanga fyrirhugaðs raforkuvers Nesjavallavirkjunar. Skal leyfið því aðeins veitt að fyrir liggi samningur um rekstur virkjunarinnar sem hluta af raforkukerfi landsins þannig að þjóðhagslega hagkvæmur samrekstur við raforkukerfið sé tryggður.

Um 3. gr.

Hér er lögð áhersla á það sjónarmið að röð framkvæmda við virkjanir og aðrar stórframkvæmdir í raforkumálum skuli ráðast af væntanlegri nýtingu orkunnar þannig að tryggt verði hæfilegt jafnvægi orkuframboðs og eftirspurnar á sem hagkvæmastan hátt fyrir þjóðina í heild og orkunotendur. Er gert ráð fyrir því að iðnaðarráðherra meti fyrirhugaðar ráðstafanir í orkumálum hverju sinni með hliðsjón af þessu meginsjónarmiði og ákveði röð framkvæmda í samræmi við það.

Um 4. gr.

Með 1. mgr. 6. gr. laga um Landsvirkjun, nr. 42/1983, komu staðfestar heimildir sem fyrirtækinu höfðu þá verið veittar til nýrra virkjana samkvæmt samkomulagi, dags. 11. ágúst 1982, milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar á grundvelli laga nr. 60/1981, um raforkuver.

Í 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að í 1. mgr. 6. gr. laganna um Landsvirkjun, nr. 42/1983, verði jafnframt staðfest með sérstöku viðbótarákvæði heimild fyrir Landsvirkjun, að fengnu leyfi iðnaðarráðherra, skv. 7. gr. laganna, til að reisa og reka á grundvelli 1. mgr. 1. gr. laga um raforkuver, nr. 60/1981, stækkaða Hrauneyjafossvirkjun með allt að 280 MW afli, stækkaða Sigölduvirkjun með allt að 200 MW afli og Sultartangavirkjun með allt að 130 MW afli. Einnig er hér gert ráð fyrir sams konar staðfestingu á heimild fyrir Landsvirkjun til að reisa og reka stækkaða Búrfellsvirkjun með allt að 310 MW afli og stækkaða Kröfluvirkjun með allt að 60 MW afli, sbr. 1. gr. frumvarpsins.

Í grein þessari er enn fremur gert ráð fyrir staðfestingu á heimildum Landsvirkjunar í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, til að gera ráðstafanir sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur orkuveranna á Þjórsársvæðinu og koma vinnslugetu þeirra í eðlilegt horf, m.a. með Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og stíflu við Sultartanga.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

I.

Í samræmi við þá meginstefnu frumvarpsins að röð framkvæmda ráðist af væntanlegri nýtingu orkunnar er hér lögð til ákveðin röð framkvæmda, verði af samningum um nýtt álver á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og ATLANTAL-aðilanna frá 13. mars 1990. Gerðir hafa verið ítarlegir útreikningar á því hvernig hagkvæmast verður að afla orkunnar til ATLANTAL-álversins. Samkvæmt þeim verður hagkvæmast að ráðast auk Blönduvirkjunar í eftirtaldar framkvæmdir:

1. Fljótsdalsvirkjun.
2. Stækkun Búrfellsvirkjunar, ásamt lokaáfanga Kvíslaveitu og stækkun miðlunar í Þórisvatni.
3. Fyrsta áfanga Nesjavallavirkjunar.
4. Stækkun Kröfluvirkjunar.

II.

Í yfirlýsingunni frá 13. mars 1990 er gert ráð fyrir að álbræðslan hefji framleiðslu á árinu 1994. Til þess að þessi dagsetning standist þarf verulegan undirbúning þegar á þessu ári af hálfu beggja aðilanna. Landsvirkjun þarf að hefja hönnun og undirbúningsframkvæmdir m.a. við Fljótsdalsvirkjun, stækkun Búrfells, 5. áfanga Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og háspennulínur. Eignaraðilar álbræðslunnar þurfa einnig að vinna verulega undirbúningsvinnu varðandi hönnun og verkfræðilegan undirbúning á þessu ári til þess að hægt verði að hefjast handa án frekari tafa þegar er félagið verður stofnað.

Með hliðsjón af þessu er lagt til að Landsvirkjun verði veitt heimild til 300 m.kr. lántöku á þessu ári í þessu skyni. Ákvarðanir um þessar framkvæmdir og það að nýta þessar heimildir verða teknar í einstökum atriðum eftir því sem samningum um álverið vindur fram.

Fylgiskjöl:

1. Greinargerð Landsvirkjunar um stækkun Búrfellsvirkjunar, dags. 23. mars 1990.
2. Greinargerð Landsvirkjunar um stækkun Kröfluvirkjunar, dags. 23. mars 1990.
3. Greinargerð Hitaveitu Reykjavíkur um raforkuver á Nesjavöllum, dags. 27. mars 1990.
4. Greinargerð Byggðastofnunar um könnun á áhrifum nýs álvers á höfuðborgarsvæðinu, í Eyjafirði eða Reyðarfirði, dags. í mars 1990.
5. Greinargerð Þjóðhagsstofnunar um þjóðhagsleg áhrif 200 þús. árstonna álvers, dags. í apríl 1990.

Fylgiskjal I.

STÆKKUN BÚRFELLSVIRKJUNAR
Greinargerð Landsvirkjunar.

Frumvarp það, sem greinargerð þessi fjallar um, er flutt í þeim tilgangi að afla heimildar handa Landsvirkjun til að reisa og reka stækkun virkjunar við Búrfell með allt að 100 MW afli. Þykir rétt að hafa lagaheimildina nokkuð rúma varðandi afl virkjunarinnar, ef síðar yrði ákveðið að auka uppsett afl vegna breyttra markaðsaðstæðna og aukins aðrennslis.

Varðandi stækkun Búrfellsvirkjunar er vísað til þingsályktunartillögu er samþykkt var á Alþingi 6. maí 1982, en í 3. tölul. hennar segir: „Samhliða næstu meiri háttar vatnsaflsvirkjunum verði unnið að orkuöflunarframkvæmdum á Þjórsár/Tungnaársvæðinu, með Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og gerð Sultartangastíflu. Búrfellsvirkjun verði stækkuð þannig að núverandi afkastageta vatnsaflsvirkjana á þessu svæði geti aukist um allt að 950 gwst. á ári."

Lýsing virkjunar – kostnaður.

Samkvæmt áætlunum Landsvirkjunar er stækkun Búrfells ráðgerð með byggingu 100 MW virkjunar í einum áfanga neðan við Sámsstaðaklif skammt austan núverandi (210 MW) virkjunar. Virkjunin er í aðalatriðum ráðgerð eins og sýnt er á mynd 1.

Meðfylgjandi er greinargerð Almennu verkfræðistofunnar um stækkun Búrfellsvirkjunar.

Virkjunin nýtir að hluta mannvirki núverandi virkjunar, þ.e. stíflu, inntaksvirki í Þjórsá, veituskurð með stjórnlokum, inntakslón (Bjarnarlón) og efri hluta aðrennslisskurðar. Um 300 m langur aðrennslisskurður með 8 m botnbreidd liggur að inntaki virkjunarinnar á brún Sámsstaðaklifs. Í inntaki er rist, hjólaloka og rými fyrir tækjabúnað. Síðan tekur við ein 420 m löng niðurgrafin þrýstipípa, 5,0 m í þvermál og liggur hún niður hlíðina að stöðvarhúsi ofan jarðar. Þaðan er um 2 km langur frárennslisskurður út í Fossá um 1,0 km neðan við núverandi stöðvarhús.

Verg fallhæð er 118,5 m, en hönnunarfallhæð við fullt álag er 116,5 m.

Gert er ráð fyrir að uppsett afl virkjunar verði 100 MW í einni vélasamstæðu. Virkjað rennsli er um 98 m^3/s. Virkjað rennsli við Búrfell eftir stækkun virkjunar um 100 MW verður um 330 m^3/s og uppsett afl alls 310 MW.

Verkhönnun stækkunar Búrfells lauk í september 1982, en síðan hefur verið unnið að frekari rannsóknum til undirbúnings útboðsgagnagerðar. Stofnkostnaður 100 MW virkjunar er áætlaður 4435 m.kr. miðað við verðlag í desember 1989 (VB=159,6 stig). Allur undirbúningskostnaður svo og vextir á byggingartíma er innifalið í stofnkostnaði. Á sama

verðlagi er áætlaður kostnaður við 5. áfanga Kvíslaveitu og hækkun stíflna við Þórisvatn 1831 m.kr. og heildarkostnaður þessara mannvirkja því um 6.266 m.kr. Orkuvinnslugeta stækkunarinnar ásamt 5. áfanga Kvíslaveitu og stækkun Þórisvatnsmiðlunar er áætluð 500–530 gwst. á ári.

Stofnkostnaður á orkueiningu verður 11,8–12,5 kr. á kwst. á ári, sem er lægsti stofnkostnaður þeirra virkjanavalkosta, sem hafa verið til athugunar undanfarin ár.

Framkvæmdatími fyrir virkjunina er 3½ ár frá því að ákvörðun um útboð liggur fyrir. Áætluð mannaflaþörf á byggingartíma er um 400 ársverk.

Áætlunin um stækkun Búrfellsvirkjunar hefur verið lögð fyrir Náttúruverndarráð og hefur ráðið engar athugasemdir gert við virkjanatilhögun og fyrirkomulag framkvæmda.

Afl og orkuvinnsla.

Á Þjórsársvæðinu var á árunum 1982–1985 unnið að aukinni orkuöflun með framkvæmdum við fyrstu fjóra áfanga Kvíslaveitu, en ólokið er við fimmta og síðasta áfangann, sem er sá stærsti og skilar tvöfalt meira vatnsmagni í Þórisvatn en áfangar 1–4. Tilgangurinn með þessum miðlunaraðgerðum var að auka orkugetu virkjana við Sigöldu og Hrauneyjafoss með auknu aðrennsli án aukningar í uppsettu afli.

Stækkun Búrfellsvirkjunar hefur m.a. þann kost, að hún leiðréttir aflmisvægi sem er milli núverandi virkjana á Þjórsársvæðinu, auk þess sem virkjunin er forsenda góðrar nýtingar Kvíslaveitu og því er eðlilegt að líta á þessar framkvæmdir ásamt stækkun Þórisvatnsmiðlunar sem eina heild.

Til að tryggja viðunandi rekstraröryggi á Þjórsársvæðinu var áður talið að tveir kostir kæmu til greina, þ.e. stækkun Búrfellsvirkjunar eða stækkun Hrauneyjafoss- og Sigölduvirkjunar, en síðan hafa athuganir leitt í ljós að stækkun Hrauneyjafoss- og Sigölduvirkjunar er ekki raunhæfur kostur meðan uppsett afl í Búrfelli er einungis 210 MW eins og nú.

Uppsetning fjórðu vélar í Sigölduvirkjun og Hrauneyjafossvirkjun eru fjarlægari framkvæmdir en stækkun Búrfellsvirkjunar. Viðbótarvélar þar yrðu aðeins til taks í bilanatilvikum jafnvel eftir að rennsli inn í Þórisvatn hefur verið tvöfaldað eins og gert er ráð fyrir í 5. áfanga Kvíslaveitu.

Niðurstöður af ofangreindri umfjöllun má því draga saman þannig:

1. Misvægi er milli afls núverandi Búrfellsvirkjunar og virkjananna í Tungnaá þannig að um 100 MW aflaukningu í Búrfelli þarf til að afljafnvægi sé á milli virkjananna. Þessi aflaukning tryggir jafnframt orkuvinnslu vegna Kvíslaveitu ásamt miðlunarauka í Þórisvatni á hagkvæman hátt.
2. Stofnkostnaður á orkueiningu við þessar framkvæmdir er sá lægsti sem völ er á miðað við þær vatnsaflsvirkjanir, sem áætlanir eru til um.
3. Rekstrarkostnaður verður í lágmarki vegna þeirrar aðstöðu, sem fyrir hendi er í Búrfelli.
4. Stækkun Búrfellsvirkjunar tryggir nauðsynlegt varaafl í kerfinu og minnkar álag á núverandi Búrfellsstöð.
5. Stækkunin auðveldar vatnssöfnun í miðlunarlón annarra virkjana, þar sem hún gerir kleift að vinna mikla orku að sumarlagi meðan þær safna vatni í miðlunarlón.

Mynd 1.


STÆKKUN BÚRFELLSVIRKJUNAR
YFIRLITSMYND
N
VEGUR
BJARNALÓN
INNTAK
BÚRFELLSSTÖÐ
GÖNG
INNTAK
ÞRÝSTIVATNSPÍPA
AÐKOMUVEGUR
STÆKKUN BÚRFELLSVIRKJUNAR
STÖÐVARHÚS
TRJÁVIÐARLÆKUR
FOSSÁ
FRÁRENNSLISSKURÐUR
LANGSNIÐ
m y.s.
250
200
150
110
INNTAK
AÐRENNSLISSKURÐUR
ÞRÝSTIPÍPUR
STÖÐVARHÚS
FOSSÁ
FRÁRENNSLISSKURÐUR
0
500
1000
1500
2000
2500
m

Greinargerð Almennu verkfræðistofunnar.

Vatnasvið Þjórsár er eitt af vatnsorkuríkustu svæðum landsins. Augu manna beindust því fljótt að þessu svæði, þegar farið var að hyggja að nýtingu vatnsorkunnar hérlendis.

Upp úr 1960 var farið að huga að verulegri aukningu raforkuframleiðslu samhliða orkufrekum iðnaði. Þegar ráðist var í fyrstu stórvirkjunina, varð virkjun Þjórsár við Búrfell fyrir valinu eftir hagkvæmnissamanburð við ýmsa aðra virkjunarkosti, sem álitlegir þóttu.

Fyrri áfangi núverandi Búrfellsstöðvar var 105 MW með þremur 35 MW vélum og var byggður á árunum 1966 til 1969. Í beinu framhaldi af þessum fyrsta áfanga Búrfellsvirkjunar var ráðist í annan áfanga, sem var niðursetning þriggja 35 MW véla og þar með tvöföldun á afli Búrfellsstöðvar. Þessu verki var lokið 1972. Bygging Búrfellsstöðvar var upphafið að raforkuöflun til orkufreks iðnaðar á Íslandi.

Frá því framkvæmdir við fyrri áfanga Búrfellsstöðvar hófust, hefur verið unnið svo til samfellt á vatnasviði Þjórsár og Tungnaár við mannvirkjagerð til raforkuöflunar. Helstu framkvæmdirnar hafa verið bygging Þórisvatnsmiðlunar, Sigölduvirkjunar, Hrauneyjafossvirkjunar, Sultartangastíflu og Kvíslaveitu, en framkvæmdum við 4. áfanga hennar lauk 1985. Einnig hefur verið unnið við undirbúning að frekari stækkun Þórisvatnsmiðlunar og 5. áfanga Kvíslaveitu.

Þessar framkvæmdir eru í samræmi við yfirlitsáætlanir, sem gerðar hafa verið um nýtingu vatnsaflsins á vatnasvið Þjórsár.

Með Kvíslaveitu er efstu kvísl Þjórsár ásamt þverkvíslum að austan veitt um skurði og lón inn í Þórisvatn. Jafnframt er miðlun í Þórisvatni stækkuð vegna aukins aðrennslis.

Með þessari miðlunaraukningu á vatnasviði Þjórsár-Tungnaár verður stækkun Búrfellsvirkjunar mjög hagkvæmur virkjunarkostur og nýtir um þriðjung af rennsli Þjórsár við Búrfell, sem að öðrum kosti rynni fram hjá núverandi virkjun.

Ítarlegar rannsóknir hafa farið fram vegna stækkunar Búrfellsvirkjunar til viðbótar fyrri rannsóknum.

Rennslismælingar hafa verið samfelldar í Þjórsá við Urriðafoss (vhm 30) frá 1947 og við Búrfell (vhm 97) frá 1960 auk lengri og skemmri rennslismælinga á ýmsum fleiri stöðum á vatnasviði Þjórsár.

Jafnframt liggja fyrir niðurstöður rannsókna á aurburði í Þjórsá og þeim breytingum, sem urðu á aurburði í henni við byggingu miðlana á vatnasviðinu.

Mikilvæg reynsla hefur fengist af samspili veðurfars og ísmyndunar í Þjórsá ofan Búrfells. Með tilkomu virkjana í Tungnaá dró verulega úr rekstrartruflunum í Búrfellsvirkjun vegna ísmyndunar og með gerð Sultartangamiðlunar má heita að þær séu alveg úr sögunni.

Vettvangsrannsóknir hófust á svæðinu fyrir 1960, þegar unnið var að undirbúningi Búrfellsvirkjunar. Á árunum 1980 til 1985 hefur verið unnið að ítarlegri athugunum á jarðlögum á þeim stöðum, þar sem fyrirhugað er að reisa mannvirki. Á sama tíma hefur verið bætt við fyrri vitneskju um jarðefni til mannvirkjagerðar á þessu svæði.

Landsvirkjun fól Almennu verkfræðistofunni hf. og Rafhönnun hf. í ársbyrjun 1982 verkhönnun á stækkun Búrfellsvirkjunar í samvinnu við verkfræðideild Landsvirkjunar. Því verki var lokið í september 1982.

Samkvæmt endurskoðaðri verkhönnun að stækkun Búrfellsvirkjunar, sem Almenna verkfræðistofan og Rafhönnun hafa framkvæmt, er gert ráð fyrir 100 MW uppsettu afli í nýrri stöð með einni vél.

Varðandi helstu einkennisstærðir fyrir stækkun virkjunarinnar vísast í meðfylgjandi yfirlit.

Nýtt stöðvarhús verður reist neðan Sámsstaðaklifs á þeim stað, er fyrirhugaður var í fyrstu áætlunum um virkjun við Búrfell, sem gerðar voru af norskum verkfræðingi, Sætersmoen, á vegum Fossafélagsins Titan hf. fyrir 1920.

Gert er ráð fyrir að nýta inntakslón núverandi Búrfellsstöðvar, Bjarnarlón, sameiginlega fyrir báðar stöðvarnar, þannig að gerður verður nýr aðrennslisskurður út úr núverandi aðrennslisskurði í Sámsstaðaklifi um 300 m ofan við inntak Búrfellsstöðvar. Vegna aukinnar vatnsnotkunar eftir stækkun virkjunarinnar eru jafnframt ráðgerðar nokkrar lagfæringar á veituskurði frá Þjórsá inn í Bjarnarlón. Aðrennslisskurður nýju stöðvarinnar frá Bjarnarlóni að inntaki verður um 300 m langur. Á norðvesturbakka hans er gert ráð fyrir lítilli stíflu milli núverandi stíflu í Sámsstaðaklifi og inntaksmannvirkis.

Niður hlíðina frá inntaki stöðvarinnar verður niðurgrafin þrýstipípa úr stáli að stöðvarhúsi ofanjarðar. Frá stöðvarhúsinu verður tæplega 2 km langur frárennslisskurður út í Fossá um 1 km neðan við stöðvarhús Búrfellsstöðvar. Stöðin verður tengd núverandi flutningslínum með tengilínu að tengivirki Búrfellsstöðvar.

Byggingartími virkjunarinnar hefur verið áætlaður skemmstur tæp þrjú og hálft ár.

Stofnkostnaður við 100 MW stækkun Búrfellsvirkjunar hefur verið áætlaður á verðlagi í desember 1989 (VB 159,6) um 4.435 m.kr. Í áætluninni er gert ráð fyrir að virkjunaraðili verði undanþeginn greiðslu á söluskatti og aðflutningsgjöldum af vélum og rafbúnaði. Við stækkun Búrfellsvirkjunar verða engar bætur fyrir landspjöll og engin kaup á vatnsréttindum, þar sem Landsvirkjun er eigandi lands og vatnsréttinda, en kostnaður vegna þessa hefur verið verulegur við flestar aðrar virkjanir.

Með stækun Þórisvatnsmiðlunar ásamt 5. áfanga Kvíslaveitu eykst orkugeta samtengda landskerfisins verulega. Þessar framkvæmdir hafa verið nefndar einu nafni orkuaukandi aðgerðir á Þjórsár-Tungnaársvæðinu. Til að fullnýta þessa orkuaukningu inn á þann markað, sem nú er spáð, þarf að auka afl í kerfinu, og er stækkun Búrfellsvirkjunar einna hagkvæmastur kostur til þessarar aflaukningar.

Samkvæmt nýjustu útreikningum Landsvirkjunar er heildaraukningin í orkugetu samtengda landskerfisins vegna stækkunar Búrfells og stækkunar Þórisvatnsmiðlunar ásamt 5. áfanga Kvíslaveitu um 500–530 gwst. á ári.

Staðsetning virkjunarinnar er rekstrarlega hagkvæm, þar sem þungamiðja virkjanarekstrar Landsvirkjunar er við Búrfell. Virkjunin tengist einnig rekstri annarra virkjana á þessu svæði og krefst því ekki aukins vinnuafls eða búnaðar. Við virkjunarframkvæmdirnar má einnig nýta ýmsa aðstöðu Landsvirkjunar á svæðinu.

STÆKKUN BÚRFELLSVIRKJUNAR UM 100 MW

Helstu einkennisstærðir		
Vatnasvið	6400	km^2
Meðalrennsli til inntakslóns	307	m^3/s
Vatnsvegir		
Inntakskurður frá inntakslóni		
Lengd	300	m
Botnbreidd	12,5	m
Hönnunarhraði	0,6	m/s
Venjulegt vatnsborð við inntak	244,5	m y.s.
Þrýstipípa		
Fjöldi	1	
Lengd	420	m
Þvermál	5,0	m
Frárennslisskurður		
Lengd	2,0	km
Botnbreidd (í lausu efni)	5,0	m
Vatnsborð við stöðvarhús við fullt álag	126,0	m y.s.
Vatnshraði við fullt álag	1,6–1,9	m/s
Stöðvarhús		
Flatarmál	960	m^2
Hæð frá sograsarbotni	39	m
Vélar og rafbúnaður		
Vatnsvél		
Gerð: Francishverfill á lóðréttum ás		
Fjöldi	1	
Verg hönnunarfallhæð (244,5–126,0)	118,5	m
Hönnunarfallhæð	116,5	m
Hönnunarrennsli	98	m^3/s
Snúningshraði	214	sn/mín
Rafall		
Loftkældur á lóðréttum ás		
Fjöldi	1	
Snúningshraði	214	sn/mín
Afl við rafalúttak	100	MW
Aflstuðull (cos)	0,9	
Málspenna	11,0	kV
Aðalspennir		
Þriggja fasa, olíueinangraður, OFAF-kældur		
Málafl	111	MVA
Spenna aðalteina	230	kV

Afl og orka

Virkjað rennsli	98	m^3/s
Hönnunarfallhæð	116,5	m
Uppsett afl	100	MW
Orkuvinnslugeta	500–530	GWh/a

Helstu magntölur

Gröftur	2.200.000	m^3
Sprengingar	300.000	m^3
Fyllingar	250.000	m^3
Steinsteypa	14.600	m^3
Mót	18.700	m^2
Bendistál og bergboltar	710.000	kg
Stál í þrýstipípur	1.050.000	kg
Stálvirki	26.000	kg

KOSTNAÐARYFIRLIT

Verðlag í desember 1989, vísitala byggingarkostnaðar 159,6 stig.

100 MW virkjun með einni vél.

		M.kr.
I	Víkkun vatnsvega	146
II	Aðrennslisskurður	111
III	Inntaksmannvirki	240
IV	Þrýstipípa	309
V	Stöðvarhús	484
VI	Frárennslisskurður	316
VII	Vélar og rafbúnaður	1.350
VIII	Vegir og brýr	81
IX	Háspennulína	26
X	Vinnubúðir	89
	Áætlaður verktakakostnaður	3.152
	Ófyrirséður kostnaður	426
	VERKTAKAKOSTNAÐUR, samtals	3.578
	Áfallinn kostnaður	159
	Annar undirbúningur og umsjón	357
	Fjármagnskostnaður	341
	Heildarkostnaður	**4.435**

Fylgiskjal II.

STÆKKUN KRÖFLUVIRKJUNAR
Greinargerð Landsvirkjunar.

Með lögum nr. 21/1974 er væntanlegri Norðurlandsvirkjun, eða öðrum aðila, falið að reisa og reka jarðgufustöð við Kröflu eða austanvert Námafjall, með allt að 55 MW afli, til framleiðslu raforku og leggja þaðan aðalorkuveitur.

Bygging Kröfluvirkjunar og rekstur hennar í byrjun var í höndum Kröflunefndar, en árið 1978 tóku Rafmagnsveitur ríkisins við rekstri virkjunarinnar. Hinn 26. júlí 1985 var undirritaður samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um kaup Landsvirkjunar á Kröfluvirkjun og 1. janúar 1986 yfirtók Landsvirkjun hana til eignar og reksturs.

Framkvæmdir við Kröfluvirkjun hófust sumarið 1975. Það ár var einnig undirritaður samningur við Mitsubishi Heavy Industries Ltd. um kaup á tveim 30 MW vélasamstæðum ásamt tilheyrandi búnaði. Sama ár var undirritaður samningur um byggingu stöðvarhúss og ári síðar um lagningu gufuveitu. Stöðvarhús, tengivirki, kæliturn og gufuveita var hannað og byggt fyrir uppsett afl 60 MW í tveim vélasamstæðum.

Fyrri 30 MW vélasamstæða virkjunarinnar var gangsett í ágúst 1977, en seinni 30 MW vélasamstæðan var keypt en ekki sett upp nema að hluta. Ástæðuna þekkja flestir, en það voru umbrotin á Kröflusvæðinu, sem byrjuðu í árslok 1975 og stóðu linnulítið fram til ársloka 1981. Síðast gaus við Kröflu haustið 1984. Umbrotin höfðu veruleg áhrif á gufuöflun til virkjunarinnar, borholur eyðilögðust og jarðhitavökvinn mengaðist af kvikugösum. Síðan hefur tíðni hrinanna minnkað verulega þó of snemmt sé að álykta að þær séu afstaðnar.

Samtenging orkuveitusvæða með byggingu byggðalína varð þess einnig valdandi að nauðsyn á uppsetningu síðari vélasamstæðu virkjunarinnar varð minni en ella. Byggðalínan frá Akureyri um Kröflu til Austurlands var tekin í rekstur á árunum 1977 til 1978.

Síðustu árin hefur magn kvikugasa á svæðinu minnkað og virðist sem svæðið sé að ná jafnvægi, og gufuöflun ætti þess vegna að geta hafist að nýju. Nú er nægjanleg gufa fyrir eina vélasamstæðu, en í áætlunum Landsvirkjunar er gert ráð fyrir að hægt verði að gangsetja síðari 30 MW vélasamstæðuna árið 1995.

Landsvirkjun skortir þess vegna heimild til að stækka Kröfluvirkjun úr 30 MW í 60–70 MW í stað 55 MW eins og lögin gera ráð fyrir.

Fylgiskjal III.

RAFORKUVER Á NESJAVÖLLUM
Greinargerð Hitaveitu Reykjavíkur.

Undanfarin fimm ár hafa Hitaveita Reykjavíkur og Landsvirkjun haft samband um hugmyndir þær um virkjun jarðgufu til rafmagnsframleiðslu í tengslum við framleiðslu hitaorku á Nesjavöllum í Grafningi sem settar voru fyrst fram í „Drögum að áætlun um jarðhitavirkjun á Nesjavöllum“ er gerð var í júlí 1983.

Landsvirkjun hefur í áætlunum sínum um raforkuframleiðslu haft í huga framleiðslu á 30 MW rafmagns á Nesjavöllum, sem einn möguleika.

Samkvæmt þeim áætlunum sem Hitaveita Reykjavíkur hefur látið gera um raforkuver á Nesjavöllum virðast allar líkur benda til þess að slíkt orkuver geti orðið hagkvæmt, ásamt því að tæknilega og fjárhagslega getur Hitaveitan lokið þeirri framkvæmd á þeim tíma sem til stefnu er samkvæmt tímaáætlunum Landsvirkjunar, ásamt virkjun 8 MW til eigin nota í orkuveri.

Það er því ósk Hitaveitu Reykjavíkur að við fyrirhugaðar breytingar á lögum um raforkuver verði gert ráð fyrir heimild henni til handa um virkjun allt að 38 MW skv. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 60/1981 að fullnægðum þeim skilyrðum sem þar inn verða sett.

Fylgiskjal IV.

ÁHRIF STÓRIÐJU Á BÚSETU OG VINNUMARKAÐ
Könnun á áhrifum nýs álvers á höfuðborgarsvæðinu, í Eyjafirði eða Reyðarfirði.

Inngangur.

Greinargerð þessi er annar hluti af þætti Byggðastofnunar í sameiginlegri athugun Þjóðhagsstofnunar og Byggðastofnunar á þjóðhagslegum áhrifum af þeim stóriðjuáformum og virkjanaframkvæmdum tengdum þeim sem til umræðu hafa verið að undanförnu. Í fyrstu skýrslunni var fjallað um hugsanlega stækkun álversins í Straumsvík og þær virkjanaframkvæmdir sem tengdust henni. Í þessari skýrslu verða tekin til umræðu áhrif nýs álvers sem staðsett yrði á höfuðborgarsvæðinu, við Dysnes í Eyjafirði eða við Reyðarfjörð. Vegna þess að áform um stækkun álversins í Straumsvík hafa nú verið lögð á hilluna er í þessari skýrslu endurtekið nokkuð af því sem þar var sagt um vinnumarkað á höfuðborgarsvæðinu. Nú hefur iðnaðarráðuneytið falið Byggðastofnun að kanna áhrif af nýju álveri á þremur stöðum til viðbótar, Þorlákshöfn, Suðurnesjum og Hvalfirði. Sú könnun verður efni þriðju skýrslunnar. Hér verða ekki teknar til athugunar virkjanaframkvæmdir vegna hins fyrirhugaða álvers en það verður efni fjórðu skýrslunnar.

Mannaflaþörf við nýtt álver.

Fyrirhugað álver á að framleiða 200.000 tonn af áli á ári. Það sem hér er til athugunar eru annars vegar áhrif vegna byggingar þess en hins vegar rekstur á þeim þremur stöðum sem til greina koma. Mannaflaþörf er sýnd í töflu 1. Upplýsingar um mannaflaþörf vegna uppbyggingar og reksturs álvers eru frá Þjóðhagsstofnun en upplýsingar um mannaflaþörf vegna virkjunarframkvæmda eru frá Landsvirkjun.

Tafla 1.
Mannaflanotkun vegna byggingar og reksturs álvers (ársverk).

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Bygging álvers	36	582	836	891	55			
þar af erlent vinnuafl	7	116	167	178	11			
Virkjanaframkvæmdir	286	627	810	718	447			
Rekstur álvers	–	–	–	174	634	645	645	645
Samtals	322	1.209	1.646	1.783	1.136	645	645	645

Þær tölur sem hér eru sýndar um mannaflaþörf við virkjanaframkvæmdir eru heildartölur. Í skýrslu Þjóðhagsstofnunar eru allar tölur um mannafla við virkjanaframkvæmdir frávik frá fyrirsjáanlegri þróun án byggingar álvers. Samkvæmt þessu á að vinna yfir 1.600 ársverk í byggingarstarfsemi þegar mest verður, en ársverk í allri byggingarstarfsemi á landinu hafa verið um 11.000 á ári undanfarin ár. Starfsmenn verða fleiri en hér er greint vegna þess að hluta verksins er einungis hægt að vinna að sumarlagi. Þannig er ætlað að um það bil tveir starfsmenn séu að baki hverju ársverki í virkjunarframkvæmdum. Starfsmannafjöldi verður því 3.000–3.500 manns þegar mest verður.

Áhrif byggingar nýs álvers.

Bygging álvers, rekstur og bygging virkjana hafa að sjálfsögðu mikil áhrif á þjóðarbúskapinn í heild eins og greinargerð Þjóðhagsstofnunar greinir frá. Það sem hér er til umfjöllunar eru áhrif slíkra framkvæmda á vinnumarkað og búsetu á því svæði þar sem álverið rís og raunar einnig að nokkru á þeim svæðum sem verða fyrir samdrætti vegna þess að fólk flytur burt til að taka þau nýju störf sem bjóðast. Til að fá hugmynd um þetta er nauðsynlegt að komast að því hver margfeldisáhrifin af byggingu og rekstri álvers verða en það eru hin óbeinu áhrif sem bygging og rekstur þess hafa. Hér er átt við að álverið kaupir ýmsa þjónustu af fyrirtækjum í nágrenni sínu og að starfsmenn í fyrirtækinu fá laun sem þeir nota til að kaupa vörur og þjónustu sem ekki yrði keypt annars á viðkomandi stað. Bygging álvers og virkjana er að vísu tímabundið verkefni en tímalengd framkvæmdanna er það mikil að búast má við að margfeldisáhrifin nái fram að ganga að talsverðu leyti.

Þegar meta þarf áhrif af nýjum útflutningsgreinum er gjarnan reiknaður *útflutningsmargfaldari* fyrir viðkomandi svæði[1]. Með þessari aðferð er gerð tilraun til að segja fyrir um hver verða áhrif fjölgunar útflutningsstarfa á aðrar greinar á viðkomandi vinnumarkaði. Margfaldarinn mælir fjölda afleiddra starfa í öðrum atvinnugreinum. Margfaldarann má nálgast með því að reikna svo nefnt staðarhlutfall launa eða ársverka í hverri atvinnugrein á hverju landsvæði. Launamargfaldarinn gefur lægri tölur og er sennilegt að hann sé betri mælikvarði en ársverk þar sem ósamræmi er oft í skráningu ársverka til dæmis í landbúnaði og hjá þeim sem eru í hlutastörfum. Heildaráhrif á vinnumarkað af tiltekinni útflutningsframleiðslu eru þá

útflutningsstörfin að viðbættum margfeldisáhrifunum. Í raun er verið að ganga út frá því að hlutfall útflutningsgreina og eiginnotagreina breytist ekki á viðkomandi vinnumarkaði þótt útflutningsstörfum fjölgi.

Margfeldisáhrif á hverjum stað eru því meiri sem útflutningsframleiðslan er í fjölbreyttara atvinnuumhverfi. Er þar bæði um að ræða að útflutningsfyrirtækið getur keypt meiri þjónustu á staðnum eftir því sem þjónustuumhverfið er fjölbreyttara og einnig að starfsmennirnir eyða eftir því stærri hluta ráðstöfunartekna sinna í framleiðslu og þjónustu svæðisins sem framboðið er meira.

Þegar járnblendiverksmiðjan tók til starfa á Grundartanga hafði hún í för með sér aukningu ársverka og mannfjölda á Akranesi sem eru í stórum dráttum í samræmi við það sem hér er reiknað með. Heildaraukning ársverka á þeim tíma sem vaxtaráhrif fyrirtækisins voru mest var rúmlega 400 og á sama tíma óx mannfjöldi á Akranesi um 700 manns. Á sama tíma urðu raunar breytingar á annarri útflutningsframleiðslu. Aldrei er hægt að reikna fyrir fram eða skýra eftir á allar breytingar á vinnumarkaði og búsetu. Reynslan af Akranesi gefur hins vegar mikilvæga vísbendingu um þau áhrif sem hér er verið að áætla.

Mat á útflutningsmargfaldara með staðarhlutfalli verður því áreiðanlegra sem unnið er með nákvæmari atvinnuskiptingu. Hér á landi er nákvæmasta skipting atvinnugreina svonefnd þriggja stafa atvinnugreining Hagstofunnar. Með því að nota þessa atvinnuskiptingu fyrir árið 1985 fékkst að margfaldarinn fyrir höfuðborgarsvæðið sé 2,3. Staðarhlutfall fyrir Eyjafjarðarsvæðið bendir til þess að útflutningsmargfaldarinn þar sé 1,3 en í Reyðarfirði 1,0.

Reynslan hefur sýnt að staðarhlutfall reiknað með þriggja stafa atvinnuskiptingu hefur tilhneigingu til þess að sýna of háan margfaldara miðað við aðfanga- og afurðagreiningu[2]. Útreikningar á tekjumargföldurum erlendis meðal annars með aðfanga- og afurðagreiningu benda til þess að þeir séu oft á bilinu 1 til 1,5 á svæðum sem eru ekki mikið fjölmennari en höfuðborgarsvæðið[3].

Lausleg athugun á hlutfalli launa í skiptiframleiðslu miðað við eiginnotaframleiðslu fyrir landið allt gefur til kynna að tvö til tvö og hálft starf í eiginnotagreinum séu að baki hverju útflutningsstarfi.

Útflutningsmargfaldari samkvæmt staðarhlutfalli er lægri en landsmeðaltalið á landsbyggðinni ef hún er tekin sem heild (1,2) sem og fyrir fyrrnefnda staði þar. Það stafar af því að þar er mikil útflutningsframleiðsla en fábreytt þjónusta. Þetta er túlkað þannig að ný útflutningsframleiðsla á landsbyggðinni leiðir til margfeldisáhrifa bæði þar og á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar er óvíst hvort margfeldisáhrif breiðist út frá höfuðborginni til landsbyggðarinnar nema í gegn um þær framleiðslugreinar sem selja framleiðsluna að miklu leyti á höfuðborgarsvæðið og þær eru fáar utan landbúnaðar. Af þessu má ráða að heildarmargfeldisáhrif eru vanmetin þegar staðarhlutfall er reiknað fyrir staði á landsbyggðinni en að sama skapi lítillega ofmetin þegar reiknað er fyrir höfuðborgarsvæðið. Ekki er hægt að reikna með því að ýmis opinber þjónusta sem þjónar landinu öllu, svo sem æðsta stjórnsýsla og menntakerfi, vaxi þótt útflutningsframleiðsla höfuðborgarsvæðisins geri það.

Í þeim útreikningum sem hér fara á eftir er reiknað með því að þau störf við byggingu álvers og virkjana séu útflutningsstörf og hafi margfeldisáhrif sem slík. Byggingarstarfsemi er að öðru leyti talin eiginnotaframleiðsla eftir því sem staðarhlutfallsútreikningur segir til um. Margs konar fyrirvara verður að hafa við niðurstöður. Sérstaklega á þetta við ef margfaldarinn gefur til kynna að til verði fleiri störf en vinnumarkaðurinn á svæðinu býður fram án mikils aðflutnings. Margfeldisáhrif umfram eigin vöxt mannafla verða ekki til í raun á viðkomandi vinnusvæði ef ekki er til fólk sem er tilbúið að flytjast á viðkomandi svæði. Þessi áhrif koma fram annars staðar í þeim tilvikum.

Að teknu tilliti til allra þessara atriða er hér reiknað með því að staðbundinn útflutningsmargfaldari höfuðborgarsvæðisins sé 2,0. Á sama hátt er reiknað með því að margfaldarinn sé 1,3 fyrir Eyjafjarðarsvæðið og 1,0 í Reyðarfirði. Hér verður ekki fjallað að öðru leyti um heildaráhrif nýs álvers á þjóðarbúið enda er það verkefni Þjóðhagsstofnunar.

Nýtt álver á höfuðborgarsvæðinu.

Vinnusókn.

Vinnusókn álvers sem staðsett yrði í Straumsvík takmarkast að mestu af því sem hér og annars staðar í hagskýrslum er kallað höfuðborgarsvæði. Þarna er um að ræða svæðið frá Straumi og upp í Mosfellsbæ. Í tölum eru Kjalarnes og Kjós talin með enda þótt þau sveitarfélög skipti litlu í heildartölum. Svæðið er að mestu sjálfu sér nægt í atvinnulegu tilliti og heildstætt. Þó er annars vegar töluvert um það að íbúar svæðisins sæki vinnu til Suðurnesja (Varnarliðið, Íslenskir aðalverktakar, millilandaflug flugfélaganna og Flugstöð Leifs Eiríkssonar) en hins vegar hefur þess orðið vart að fólk sæki vinnu sína daglega til höfuðborgarsvæðisins af vestanverðu Suðurlandsundirlendinu.

Mannfjöldabreytingar í vinnusókn.

Íbúar á höfuðborgarsvæðinu eru nú um 143.902 manns eða 56,8% landsmanna. Íbúum á svæðinu hefur farið ört fjölgandi undanfarin ár eða um 1,4% að meðaltali fyrir allt tímabilið sem mynd 1 sýnir. Árið 1989 fjölgaði íbúum svæðisins um 1,4%.

Mynd 1. Þróun mannfjölda og vinnumarkaðar á höfuðborgarsvæðinu[1].



Heimild: Gagnabrunnur Byggðastofnunar og Hagstofa Íslands.

Á þessari mynd sést hvernig íbúafjölgun höfuðborgarsvæðisins hefur farið vaxandi ár frá ári undanfarin ár. Tvær meginorsakir eru fyrir hinum öra vexti síðustu ára aðrar en lítils háttar fjölgun fæðinga. Annars vegar hafa búferlaflutningar af landsbyggðinni verið verulegir og hins vegar hefur fólk flutt til landsins frá útlöndum. Þessi tilhneiging snerist við á síðasta ári en þá fluttust rúmlega sjö hundruð manns til útlanda af höfuðborgarsvæðinu umfram þá sem til landsins fluttu. Því varð fjölgun íbúa á höfuðborgarsvæðinu minni það ár en þrjú næstu ár á undan.

Þróun vinnumarkaðar.

Vinnumarkaður höfuðborgarsvæðisins er sá langstærsti og fjölbreytilegasti á landinu og hann hefur einnig vaxið hvað örast á undanförnum árum.

Atvinnuskipting höfuðborgarsvæðisins er mjög frábrugðin þeirri sem er á landsbyggðinni. Þjónustugreinar einkenna atvinnuskiptinguna jafnframt mikilli fjölbreytni annarra atvinnugreina. Tafla 2 gefur yfirlit yfir nokkrar meginstærðir vinnumarkaðarins. Í töflunni er sýnd skipting vinnuaflsins eftir greinum, ásamt vexti og hlutfalli kvenna í hverri grein. Taflan sýnir upplýsingarnar fyrir þá sem lögheimili eiga á svæðinu.

Tafla 2.
Vinnumarkaður höfuðborgarsvæðisins.

Atvinnugrein	Ársverk 1987	Breyting 1981–1987	Meðalvöxtur á ári	Hlutur kvenna 1985 %
Landbúnaður	307	-10	-0,5	32,4
Fiskveiðar	1.385	317	4,4	4,7
Fiskvinnsla	1.305	-503	-5,3	42,2
Matvælaiðnaður	2.188	538	4,8	47,0
Vefjariðnaður	1.203	-23	-0,3	67,3
Trjávöruiðnaður	1.050	72	1,2	10,9
Pappírsiðnaður	2.027	481	4,6	38,3
Efnaiðnaður	898	144	3,0	26,5
Steinefnaiðnaður	512	161	6,5	15,7
Ál og járnblendi	652	-58	-1,4	9,6
Málm- og skipasmíði	1.847	-186	-1,6	9,2
Ýmis iðnaður	480	175	7,9	18,4
Rafmagns-, hita- og vatnsveitur	490	-46	-1,5	24,6
Byggingarstarfsemi	5.148	1.347	5,2	7,3
Bygging í eigin þágu	85	-81	-10,6	3,6
Opinberar framkvæmdir	1.171	-76	-1,0	15,5
Heildverslun	6.274	1.830	5,9	32,2
Smásöluverslun	4.706	956	3,9	65,5
Veitingastarfsemi og hótel	1.998	548	5,5	60,7
Flutningar	4.725	343	1,3	19,4
Póstur og sími	828	-36	-0,7	59,6
Peningastofnanir	2.923	844	5,8	66,3
Tryggingar	881	143	3,0	52,9
Þjónusta við atvinnurekstur	3.668	1.659	10,6	35,8
Opinber stjórnsýsla	4.281	1.068	4,9	37,0
Götu- og sorphreinsun	159	-19	-1,9	9,2
Opinber þjónusta o.fl.	15.127	4.225	5,6	69,3
Skemmtanir, íþróttir	1.665	392	4,6	43,4
Persónuleg þjónusta	2.893	767	5,3	32,1
Varnarliðið	279	5	0,3	9,6
Samtals	71.154	14.976	4,0	41,7

Heimild: Gagnabrunnur Byggðastofnunar.

Langfjölmennasta atvinnugreinin á höfuðborgarsvæðinu er opinber þjónusta, en til hennar teljast heilbrigðisþjónusta og kennslustörf ásamt öðrum greinum opinberrar þjónustu. Raunar teljast aðrar atvinnugreinar með í þessum flokki sem ekki eru á vegum opinberra aðila, svo sem tannlækningar.

Aftasti dálkur töflu 1 sýnir hlut kvenna í hverri atvinnugrein árið 1985 en nýrri tölur eru því miður ekki til. Margar af greinunum sem mest hafa vaxið hafa hátt hlutfall kvenna. Nægir að nefna mestu vaxtargreinina, opinbera þjónustu, en þar er hlutfall kvenna af ársverkum tæplega 70%. Einnig má nefna peningastofnanir og smásöluverslun. Byggingarstarfsemi og stóriðja hafa hins vegar lágt hlutfall kvenna. Í áliðju- og járnblendiverksmiðju er hlutfall kvenna um 11% af ársverkum en í byggingarstarfsemi er hlutfallið um 7%.

Á því tímabili sem taflan sýnir hefur vinnumarkaður höfuðborgarsvæðisins vaxið verulega. Að meðaltali hefur ársverkum fjölgað um 4% á ári, alls um tæplega 15 þúsund. Í beinum tölum hefur opinber þjónusta bætt við sig flestum störfum, á fimmta þúsund, en heildverslun og þjónusta við atvinnurekstur koma næst á eftir og eru hálfdrættingur hvor grein á við þjónustu hins opinbera. Í nokkrum greinum hefur starfsfólki fækkað. Fækkunin er langmest í fiskvinnslu en þar hefur ársverkum fækkað um yfir 500. Næst mest er fækkunin í málm- og skipasmíði.

Mestur hlutfallslegur vöxtur á tímabilinu 1981–1987 var í þjónustu við atvinnurekstur, að meðaltali yfir 10% á ári. Til þeirrar greinar teljast lögfræðirekstur, bókhaldsstofur, arkitektar og fleiri. Hlutfallsleg fækkun varð mest í fiskvinnslu en byggingarstarfsemi í eigin þágu telst ekki alvöruatvinnugrein í þessu samhengi.

Vöxtur vinnuafls á svæðinu hefur verið með þrennum hætti. Í fyrsta lagi hefur fólki á starfsaldri fjölgað á svæðinu. Í öðru lagi hefur flust á svæðið fólk á starfsaldri. Í þriðja lagi hefur atvinnuþátttaka á höfuðborgarsvæðinu aukist verulega, einkum allra síðustu ár. Upplýsingar eru til um fjölda ársverka og fjölda fólks á starfsaldri fyrir höfuðborgarsvæðið fyrir einstök ár eins og sjá má í töflu 2.

Tafla 3.
Atvinnuþátttaka á höfuðborgarsvæðinu.

	1981	1985	1987	Fjölgun 1981–87
Földi ársverka	56.178	64.438	71.154	26,7%
Mannfjöldi á starfsaldri	89.212	93.723	97.374	9,1%
Hlutfall	63,0%	68,8%	73,0%	

Heimild: Gagnabrunnur Byggðastofnunar.

Atvinnuleysi hefur verið óverulegt undanfarin ár og ekki venja að telja atvinnulausa með í umfjöllun um vinnumarkað. Eins og mynd 2 sýnir hefur á þessu ári orðið veruleg breyting á og er atvinnuleysi orðið meira á árinu en verið hefur um fjölda ára. Bygging nýs álvers og virkjanaframkvæmdir sem því tilheyra eru fyrirhugaðar við skilyrði mun meira atvinnuleysis en þekkst hefur lengi.

Mynd 2. Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu.



Atvinnuskipting karla og kvenna er verulega frábrugðin. Þetta skiptir máli fyrir áhrif stóriðju og virkjanaframkvæmda á vinnumarkað. Enda þótt í sjálfu sér sé ekkert því til fyrirstöðu að konur taki þau nýju störf sem munu væntanlega bjóðast í stóriðju og við virkjanaframkvæmdir verður hlutur karla sennilega mun stærri áfram. Atvinnuleysi er nú álíka mikið hjá körlum og konum en hinar fyrirhuguðu framkvæmdir munu hafa mun meiri áhrif til að draga úr atvinnuleysi karla.

Enda þótt nýtt álver verði staðsett á höfuðborgarsvæðinu hefur það ekki mikil áhrif á það hversu margir byggingarstarfsmenn við virkjanir munu koma þaðan til að vinna í þeim. Vinnumarkaður á þeim stöðum þar sem virkjað verður er hinn takmarkandi þáttur í aðild heimamanna í verkunum.

Í töflu 4 hefur verið reiknað með útflutningsmargfaldaranum til að finna fjölda ársverka sem myndast á höfuðborgarsvæðinu verði álverið reist þar.

Tafla 4.
Margfeldisáhrif á höfuðborgarsvæðinu vegna byggingar álvers (ársverk).

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Hlutur í virkjunum	171	367	486	454	303			
Bygging og rekstur	29	466	669	887	678	645	645	645
Afleidd ársverk (2.0)	400	1.666	2.310	2.682	1.962	1.290	1.290	1.290
Ársverk alls	600	2.499	3.465	4.023	2.943	1.935	1.935	1.935

Heimild: Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytis.

Sé miðað við töflu 2 hér að framan er hér um að ræða tvöföldun á mannafla í stóriðju.

Ársverk vegna vinnu erlendra aðila hafa verið dregin frá þótt einhver margfeldisáhrif fylgi vafalítið veru þeirra. Þá er reiknað með að 60% af vinnu við Blöndu og orkuflutningskerfi en 40% af vinnu vegna raforkuframkvæmda á Þjórsársvæðinu verði unnin af höfuðborgarbúum og skapi margfeldisáhrif þar. Reiknað er með því að heimamenn sjái um 25% ársverka við Fljótsdalsvirkjun. Þar sem virkjanaframkvæmdirnar og byggingarframkvæmdirnar eru tímabundnar er hæpið að telja margfeldisáhrifin vegna þeirra varanleg og verður útreikningur á þeim eftir árum að teljast vísbending.

Varanleg margfeldisáhrif vegna nýs álvers á höfuðborgarsvæðinu verða samkvæmt þessu rúmlega 1.900 störf alls. Vöxtur mannafla á höfuðborgarsvæðinu frá 1990 til 1994 er framreiknaður um 3.100 ársverk hjá báðum kynjum miðað við óbreytta atvinnuþátttöku frá 1985 og án aðflutnings frá landsbyggðinni. Með aðflutningi samkvæmt reynslu undangenginna þriggja ára er vöxtur mannafla tvöfalt meiri. Hér er reiknað með jöfnuði í millilandaflutningum. Hlutur kvenna í viðbót við vinnumarkaðinn er tæp 40%. Sé miðað við reynslu má reikna með að um 90% starfa í nýju álveri verði unnin af körlum enda þótt ekkert sé því til fyrirstöðu í raun að hlutur kvenna sé mun hærri. Aftur á móti má reikna með að hlutur kvenna verði mun hærri í afleiddum störfum enda þótt erfitt sé að áætla skiptingu þeirra eftir kynjum. Heildaráhrif nýs álvers á vinnumarkaðinn munu nema milli 30 og 60% af viðbótarmannafla á svæðinu frá árinu í ár fram til þess tíma að það tekur til starfa eftir því hvort flutningur heldur áfram af landsbyggðinni eða ekki. Framvinda mannafla og mannfjölda á höfuðborgarsvæðinu mun samkvæmt þessu liggja milli þeirra tveggja ferla sem sýndir eru á mynd 1.

Laun í áliðju hafa verið mun hærri en í flestum öðrum atvinnugreinum ef fiskveiðar eru undanskildar. Þau störf sem þarna bjóðast eru einnig stöðug og örugg. Því má búast við því að mikil eftirspurn verði eftir þeim. Margir landsbyggðarmenn munu efalítið hugsa gott til glóðarinnar ekki síður en höfuðborgarbúar í þessu efni. Ekki er hægt að sjá fram á neinn verulegan vöxt í sambærilegum störfum á höfuðborgarsvæðinu og jafnvel samdrátt á ýmsum sviðum. Því er ekki líklegt að álversstækkun valdi óeðlilegri þenslu en það mun hins vegar örugglega ýta undir það að aðflutningur af landsbyggðinni haldi áfram með líku sniði og verið hefur.

Áhrif á landsbyggðina frá staðsetningu nýrra útflutningsstarfa á höfuðborgarsvæðinu fara að öðru leyti mikið eftir því hvernig atvinnuástandið er á höfuðborgarsvæðinu. Ef um atvinnuleysi er að ræða dregur úr því sem nemur a.m.k. þremur störfum fyrir hvert í útflutningsgreininni. Ef full atvinna er þá minnka umsvif í láglaunagreinum eða eftirspurninni eftir nýjum störfum er fullnægt með vinnuafli frá landsbyggðinni.

Nýtt álver í Eyjafirði.

Vinnusókn.

Staðsetning álvers í Eyjafirði var á sínum tíma könnuð af staðarvalsnefnd. Sú könnun leiddi til staðarvals við Dysnes í Arnarneshreppi, um 23 km frá Akureyri. Afstaða staðsetningarinnar er sýnd á meðfylgjandi skýringarmynd. Hér er reiknað með að sveitarfélög meðfram strönd Eyjafjarðar vestanverðri, frá Akureyri og allt út til Ólafsfjarðar, myndi vinnusókn til Dysness. Að sönnu er vegalengd til Ólafsfjarðar nokkuð mikil, tæpir 40 km, en með jarðgöngum eru samgöngur öruggar. Ekki er vitað hversu algengt er að fólk sæki vinnu um langan veg á þessu svæði en það mun ekki vera óþekkt.

Mynd 3. **Þéttbýlisstaðir í vinnusókn að Dysnesi.**



Mannfjöldabreytingar.

Íbúar í vestanverðum Eyjafirði eru nú um 18.000 en 20.000 ef öll byggð við fjörðinn er talin. Íbúum hefur fjölgað að nýju síðustu ár, einkum á Dalvík en hlutfallsleg aukning mannfjölda á Akureyri hefur verið lítil. Þróun íbúafjölda og vinnumarkaðar er sýnd á mynd 4.

Mynd 4. Þróun mannfjölda og vinnumarkaðar í vinnusókn Dysness[5].



Íbúum fjölgar nú á ný eftir fjögurra ára stöðnun. Hlutfallsleg fjölgun er þó fyrir neðan landsmeðaltal.

Þróun vinnumarkaðar.

Vinnumarkaður í Eyjafirði er fjölbreyttur enda þótt hann sé ekki eins fjölbreyttur og vinnumarkaður höfuðborgarsvæðisins. Fram til 1987 fór hann einnig vaxandi þótt ekki væri vöxturinn í öllum greinum.

Eins og á höfuðborgarsvæðinu er opinber þjónusta fjölmennasta atvinnugreinin. Fiskvinnsla sem er næststærsta greinin nær því ekki að vera hálfdrættingur í fjölda ársverka. Þetta er einnig langmesta vaxtargreinin. Heildverslun kemur næst á eftir og síðan matvælaiðnaður. Hlutfallslegur vöxtur hefur mestur verið í ýmsum iðnaði og heildverslun en nokkrar þjónustugreinar hafa vaxið ríflega á þessum áratug.

Samdráttur hefur orðið í nokkrum greinum. Tæplega hundrað ársverk hafa tapast í fiskvinnslu og byggingarstarfsemi hefur dregist saman um nærfellt jafnmikið. Þegar litið er til vinnumarkaðarins í heild hefur hann vaxið um 1.271 ársverk á tímabilinu eða um 2,8% á ári, verulega meira en mannfjöldi á svæðinu. Í opinberri þjónustu, stærstu atvinnugreininni, eru um 70% ársverka unnin af konum. Hið sama gildir um peningastofnanir og veitinga- og gistihús.

Í vefjariðnaði eru um 60% ársverka unnin af konum. Karlar vinna um helming ársverka í fiskvinnslu en í flestum öðrum atvinnugreinum er hlutur þeirra meiri en kvenna og sums staðar mun meiri.

Tafla 5.
Vinnumarkaður Dysness.

Atvinnugrein	Ársverk 1987	Breyting 1981–87	Meðalvöxtur á ári%	Hlutur kvenna á Norðurl. eystra 1985 %
Landbúnaður	206	-43	-2,9	38,7
Fiskveiðar	549	76	2,7	3,3
Fiskvinnsla	723	-99	-2,0	48,0
Matvælaiðnaður	546	121	4,7	38,8
Vefjariðnaður	607	76	2,4	59,8
Trjávöruiðnaður	65	-33	-5,6	8,7
Pappírsiðnaður	113	39	8,8	33,0
Efnaiðnaður	124	36	6,8	17,9
Steinefnaiðnaður	60	1	0,3	9,9
Málm- og skipasmíði	433	5	0,2	8,0
Ýmis iðnaður	12	6	16,7	16,7
Rafmagns-, hita- og vatnsveitur	64	26	11,4	16,7
Byggingarstarfsemi	540	-47	-1,3	6,0
Bygging í eigin þágu	10	-8	-7,4	5,6
Opinberar framkvæmdir	187	-43	-3,1	11,3
Heildverslun	268	129	15,5	24,2
Smásöluverslun	674	25	0,6	59,1
Veitingastarfsemi og hótel	207	87	12,1	68,4
Flutningar	290	-14	-0,8	9,2
Póstur og sími	84	-10	-1,8	53,5
Peningastofnanir	204	45	4.7	70,6
Tryggingar	64	27	12,2	44,2
Þjónusta við atvinnurekstur	170	67	10,8	37,2
Opinber stjórnsýsla	326	81	4,9	31,3
Götu- og sorphreinsun	12	-3	-3,3	8,3
Opinber þjónusta o.fl.	1.714	596	7,4	70,1
Skemmtanir, íþróttir	125	41	8,1	45,4
Persónuleg þjónusta	363	88	5,3	21,4
Samtals	8.740	1.271	2,8	39,7

Heimild: Gagnabrunnur Byggðastofnunar.

Frá 1987 hafa orðið mikil umskipti á vinnumarkaði í Eyjafirði. Þau sjást meðal annars í tölum um atvinnuleysi en það hefur vaxið mikið. Atvinnuleysi er álíka mikið hjá báðum kynjum.

Hér er reiknað með því að fólk úr mestöllum Eyjafirði vestanverðum muni vera tilbúið að sækja vinnu að Dysnesi. Ásókn í vinnu þar fer þó að einhverju leyti eftir aðstæðum í öðrum greinum atvinnulífs. Hins vegar eru fá störf, önnur en sjómennska, sem bjóða þau laun sem þarna munu verða í boði. Heildarfjöldi ársverka sem unninn var á þessu svæði árið 1987 var 8.744 en með sömu atvinnuþátttöku og 1985 reiknast mannafli svæðisins nú vera um 8.700 ársverk. Nýtt álver er því um 7,4% viðbót við vinnumarkað svæðisins alls.

Þann tíma sem bygging álvers stendur yfir í Eyjafirði verður þar mikil eftirspurn eftir starfsmönnum í byggingariðnaði. Byggja þarf álverið og höfn fyrir það, háspennulínur þarf að reisa og fleira. Þá þarf að byggja íbúðir fyrir þann hluta starfsmanna álversins sem verður aðfluttur. Kemur til greina að gera það með skipulegum hætti þannig að íbúðir ætlaðar þeim verði í fyrstu notaðar sem bústaðir fyrir aðkomna byggingarstarfsmenn í stað þess að byggja vinnubúðir. Fleiri möguleikar eru fyrir hendi, svo sem íbúðir fyrir aldraða eða stúdentagarðar.

Mynd 5. **Atvinnuleysi á vinnusvæði við Dysnes.**



Heimild: Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins.

Á þessum áratug hafa ársverk í byggingariðnaði í vinnusókn Dysness flest verið næstum níu hundruð en árið 1987 voru þau 737. Á áttunda áratugnum voru unnin á annað þúsund ársverk á ári í byggingarstarfsemi á svæðinu. Samdráttur í byggingarstarfsemi hefur leitt til brottflutnings iðnaðarmanna úr Eyjafirði. Þá hafa sum fyrirtæki þar bætt sér upp samdráttinn með því að taka að sér verkefni annars staðar á landinu. Það er nokkuð flókið mál að segja fyrir um hversu mikinn hluta starfsmanna við byggingu álversins þarf að flytja að þegar allar framkvæmdir eru taldar.

Í skýrslu staðarvalsnefndar um nýtt álver á Íslandi er reiknað með því að hægt sé að ná 35% af fjölda manna í vinnusókn í hverri atvinnugrein að hámarki[6]. Ekki liggur fyrir hvernig skipting byggingarstarfsmanna er áætluð eftir greinum, né heldur hvernig mannafli í byggingarstarfsemi í Eyjafirði skiptist eftir sérhæfingu. Miðað við það sem gerst hefur í Eyjafirði undanfarin ár þykir ekki rétt að reikna lengur með þessu hámarki heldur er hér gert ráð fyrir að 25% starfsmanna við bygginguna komi að allan tímann fyrir utan útlendinga. Margfeldisáhrif á byggingartíma verða þó vanmetin með þessum forsendum vegna þess að aðkomnir starfsmenn skapa eftirspurn á svæðinu. Fyrir þá er keyptur matur og þeir fara í kvikmyndahús, á skemmtistaði o.þ.h. enda þótt hluti ráðstöfunarteknanna sé sendur út fyrir héraðið.

Samkvæmt áður greindum forsendum verða heildaráhrif álvers í Dysnesi á vinnumarkað sem hér segir.

Tafla 6.
Margfeldisáhrif á Eyjafjarðarsvæði vegna byggingar álvers (ársverk).

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Bygging og rekstur	22	350	502	709	667	645	645	645
Afleidd ársverk (1.3)	29	455	653	922	867	839	839	839
Ársverk alls	51	805	1.155	1.631	1.534	1.484	1.484	1.484

Samkvæmt framreikningi á mannafla mun viðbót við hann á næstu árum verða um 100 ársverk á ári ef búferlaflutningar verða áfram eins og þeir hafa verið. Verði búferlaflutningar innan lands í jafnvægi verður viðbótin um fjórðungi meiri. Samtals viðbót við vinnumarkað fram til þess tíma að álver tæki til starfa í Eyjafirði er því milli 400 og 500 ársverk. Þá er atvinnuleysi á svæðinu tæplega 200 ársverk. Ef bygging álvers minnkar það niður í um það bil fjórðung þarf um 800 aðflutt ársverk til Eyjafjarðarsvæðisins ef þessi framreikningur á að verða réttur. Hér er ekki reiknað með að bygging álvers og starfræksla verði til þess að neinn atvinnurekstur leggist niður. Til þess kann þó að koma.

Sé miðað við hlutfall ársverka af mannfjölda árið 1987 (50,0%) mun þessi þróun vinnumarkaðar leiða til aðflutnings sem nemur tæplega 1.600 manns. Miðað við reynslu af vaxtarskeiðum Eyjafjarðar er ekki óraunhæft að reikna með því að það geti orðið þótt aðflutningur verði nokkuð mikill ef margfeldisáhrifin koma fram með þeim hraða sem hér er gert ráð fyrir. Áætluð framvinda ársverka og mannfjölda í Eyjafirði miðað við fyrrgreindar forsendur er sýnd hægra megin á mynd 4.

Nýtt álver í Reyðarfirði.

Vinnusókn.

Staðsetning álvers sem reist yrði í Reyðarfirði hefur ekki verið endanlega ákveðin. Hér verður miðað við að staðsetning þess yrði á Eyri við Reyðarfjörð sunnanverðan. Yfirlitsmynd sýnir legu staðarins gagnvart þéttbýlisstöðum þeim sem mynda vinnusóknina. Í þeim útreikningum sem hér verða gerðir er reiknað með því að fólk sé tilbúið að búa á hverjum sem er af þeim þéttbýlisstöðum sem í vinnusókninni eru og sækja vinnu daglega að Eyri. Ekki er tekin afstaða til þess hvort slíkt er hægt vegna veðurs eða kostnaðar. Ekki er vitað um hversu algengt er að fólk sæki vinnu milli þessara þéttbýlisstaða en vitað að slíkt er gert í dag.

Í vinnusókninni búa nú um 4.400 manns og hefur fjölgað umfram landsmeðaltal undanfarin ár. Einkum hefur íbúum á Egilsstöðum og í Fellabæ fjölgað.

Mynd 6. Yfirlitsmynd yfir þéttbýlisstaði í vinnusókn Reyðarfjarðar.



Mynd 7. Þróun mannfjölda og vinnumarkaðar í vinnusókn Reyðarfjarðar.



Heimild: Gagnabrunnur Byggðastofnunar og Hagstofa Íslands.

Þróun vinnumarkaðar.

Vinnumarkaður í vinnusókn Reyðarfjarðar er að sjálfsögðu fábreyttari en þar sem fjölmennið er meira. Það eykur þó fjölbreytnina hversu ólíkt atvinnulíf er á útgerðarstöðunum miðað við Egilsstaði og Fellabæ. Atvinna hefur vaxið örar en mannfjöldi undanfarin ár.

Fjölmennasta atvinnugreinin er fiskvinnsla en því næst kemur opinber þjónusta. Hún hefur vaxið mest allra atvinnugreina á svæðinu. Hlutfallslega hafa þó nokkrar fámennari greinar vaxið meira. Samdráttur hefur orðið í nokkrum atvinnugreinum, þar á meðal landbúnaði, fiskvinnslu, vefjariðnaði og flutningum. Atvinnuleysi hefur aukist verulega á atvinnusvæðinu undanfarið eins og sjá má af myndinni hér fyrir neðan. Fjöldi starfa í hinu fyrirhugaða álveri er 28% af vinnumarkaði eins og hann var 1987.

Tafla 7.
Vinnumarkaður Reyðarfjarðar.

Atvinnugrein	Ársverk 1987	Breyting 1981–87	Meðalvöxtur á ári %	Hlutur Kvenna á Austurl. 1985 %
Landbúnaður	76	-17	-3,0	37,8
Fiskveiðar	187	26	2,7	3,7
Fiskvinnsla	494	-18	-0,6	43,1
Matvælaiðnaður	82	19	5,0	38,5
Vefjariðnaður	24	-15	-6,4	56,0
Trjávöruiðnaður	45	2	0,8	7,6
Pappírsiðnaður	9	5	20,8	38,5
Ýmis iðnaður	17	8	14,8	15,9
Málm- og skipasmíði	56	3	0,9	7,0
Rafmagns-, hita- og vatnsveitur	23	5	4,6	13,2
Byggingarstarfsemi	177	41	5,0	6,7
Opinberar framkvæmdir	58	-6	1,6	12,8
Heildverslun	26	7	6,1	27,8
Smásöluverslun	221	62	6,5	62,2
Veitingastarfsemi og hótel	53	22	11,8	72,7
Flutningar	91	-15	-2,4	12,2
Póstur og sími	41	-4	-1,5	61,9
Peningastofnanir	61	12	4,1	70,1
Tryggingar	11	6	20,0	55,6
Þjónusta við atvinnurekstur	24	13	19,7	33,3
Opinber stjórnsýsla	119	39	6,8	27,1
Opinber þjónusta o.fl.	312	112	7,7	66,9
Skemmtanir, íþróttir	18	4	4,8	42,3
Persónuleg þjónusta	67	24	9,3	25,8
Samtals	2.293	341	2,9	37,4

Heimild: Gagnabrunnur Byggðastofnunar.

Mynd 8. **Atvinnuleysi á atvinnusvæði Reyðarfjarðar.**



Heimild: Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins.

Ef álver rís í Reyðarfirði gerist það um leið og verið er að byggja virkjun í Fljótsdal. Vegna þess hversu lítill vinnumarkaðurinn á svæðinu er verður hér reiknað með því að engir fjarðarbúar fari til starfa í virkjununum enda bjóðast næg störf í byggingariðnaði við álverið sjálft og tengda starfsemi. Eins og í tilfelli Eyjafjarðar er ekki hægt að reikna með því að allt starfslið sé til reiðu fyrir byggingarframkvæmdirnar. Hér verður reiknað með því að vinnusvæðið geti séð um allt að 150 ársverk til byggingar álvers með mannaflavexti og fólki sem flyst búferlum á svæðið. Þó er reiknað með því að 25% ársverka komi alltaf utan að.

Tafla 8.
Margfeldisáhrif á Reyðarfjarðarsvæði vegna byggingar álvers (ársverk).

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Bygging og rekstur	22	150	150	324	667	645	645	645
Afleidd ársverk (1.0)	22	150	150	324	667	645	645	645
Ársverk alls	44	300	300	648	1.334	1.290	1.290	1.290

Vinnumarkaður á svæðinu mun vaxa um 140 ársverk fram til þess tíma að álver mun taka til starfa. Er þá ekki reiknað með brottflutningi. Þetta eru um 35 ársverk á ári. Ef atvinnuleysi minnkar strax eins og reikna má með nægir vinnumarkaðurinn á svæðinu fyrir þörfum fyrsta ársins. Eftir það þarf fólk að flytja að svæðinu ef framreikningurinn á að reynast réttur. Hér er ekki reiknað með því að bygging álversins hafi þau áhrif að einhver atvinnustarfsemi leggist af. Sé tekið mið af ástandinu eins og það verður þegar álverið væri búið að komast í fullan gang þyrfti að flytja að um 1.100 ársverk. Miðað við hlutfall ársverka af íbúafjölda á svæðinu 1987 (52,4%) þýðir þetta aðflutning tæplega 2.100 manns, sem er 47% aukning á íbúafjölda. Reikna verður með því að langmestur hluti aðfluttra muni kjósa að setjast að á Reyðarfirði enda er sá staður næst hinu fyrirhugaða álveri. Byggja þarf um 500 íbúðir en til þess þarf um 1.500 ársverk. Ekki hefur verið reiknað með því í þessum útreikningum. Auk þess þarf að byggja upp ýmsa aðra þjónustu, svo sem skóla og dagvistir.

1 Um vinnuaðferðir vísast til greinargerðar Sigurðar Guðmundssonar: Rannsókn á áhrifum áliðju á samfélag og atvinnulíf, ljósritað handrit.
2 Isserman, A.W.: The Location Quotient Approach to Estimating Regional Economic Impacts í Journal of the American Institute of Planners, Vol. 43, no.1, 1977, bls. 33–41.
3 J.A.Schofield, Cost-Benefit Analysis in Urban & Regional Planning, London, 1987, bls. 186.
4 Fram til 1980 eru ársverk miðuð við slysatryggðar vinnuvikur og lögheimili atvinnurekanda. Frá 1981 er um að ræða launamiðaúrvinnslu Byggðastofnunar miðað við lögheimili launþega. Fyrri talnaröðin miðast við kaupstaði á höfuðborgarsvæðinu en frá 1981 eru öll sveitarfélög talin með. Framreikningur mannafla miðast við atvinnuþátttöku ársins 1985.
5 Fram til 1980 eru ársverk miðuð við slysatryggðar vinnuvikur og lögheimili atvinnurekanda. Frá 1981 er um að ræða launamiðaúrvinnslu Byggðastofnunar miðað við lögheimili launþega. Fyrri talnaröðin miðast við kaupstaði í Eyjafirði og Eyjafjarðarsýslu alla en frá 1981 eru einungis sveitarfélög í vinnusókn frá Dysnesi talin með. Framreikningur mannafla miðast við atvinnuþátttöku ársins 1985.
6 Staðarvalsnefnd um iðnrekstur: Staðarval fyrir álver, Lokaskýrsla, júlí 1986.
7 Framreikningur mannafla miðast við atvinnuþátttöku ársins 1985.

Fylgiskjal V.

Þjóðhagsstofnun:

GREINARGERÐ UM ÞJÓÐHAGSLEG ÁHRIF ATLANTAL-ÁLVERSINS
(6. apríl 1990.)

Þjóðhagsstofnun hefur að beiðni iðnaðarráðherra tekið saman greinargerð um þjóðhagsleg áhrif Atlantal-álvers. Þetta eru fyrstu niðurstöður. Áfram verður unnið að athugunum á þessu efni á Þjóðhagsstofnun og stefnt er að því að gefa út ítarlegri greinargerð síðar í þessum mánuði.

Helstu niðurstöður eru þessar:

- Gert er ráð fyrir að heildarfjárfesting í Atlantal-álverinu, sem hefur 200 þúsund tonna framleiðslugetu á ári, verði um 42 milljarðar króna. Fjárfesting í virkjunum og öðrum tengdum framkvæmdum er áætluð um 27 milljarðar króna. Samanlögð fjárfesting vegna álversins er því tæplega 70 milljarðar króna. Framkvæmdatíminn verður frá síðari hluta þessa árs og fram á árið 1994. Mestar verða framkvæmdirnar á árunum 1992 og 1993.

- Samanlögð ársverk vegna álversins á framkvæmdatímanum eru talin verða um 4.700 og skiptast þau nokkurn veginn til helminga milli framkvæmda við álverið og virkjanir. Flest ársverk falla til á árinu 1992 og 1993, eða 1.500–1.700 hvort ár.

- Þegar Atlantal-álverið er komið í fullan rekstur árið 1996 er áætlað að útflutningsverðmæti afurða þess verði um 21 milljarður króna miðað við meðalgengi Bandaríkjadollars 1989. Í þessu felst að samanlagður útflutningur áls verður 21% af heildarútflutningi árið 1997.

- Með Atlantal-álverinu er hagvöxtur — á mælikvarða landsframleiðslu — talinn verða um 3% á ári á tímabilinu 1991–1997, samanborið við rúmlega 2% án álvers. Álverið leiðir því til þess að landsframleiðsla verði rúmlega 5% hærri 1997 en hún yrði annars. Áhrifin verða minni á mælikvarða þjóðarframleiðslu og þjóðartekna, þar sem arðgreiðslur til útlanda koma þar til frádráttar.

- Álverið hefur hagstæð áhrif á kaupmátt og atvinnuástand. Kaupmáttur ráðstöfunartekna verður um 5% hærri í lok tímabilsins en án álvers og atvinnuleysi 0,2% minna. Að jafnaði er atvinnuleysi 0,3% minna í áldæminu á tímabilinu 1991–1997.

- Erlendar skuldir aukast verulega á framkvæmdaskeiðinu og ná hámarki 1994, verða þá um 53% af landsframleiðslu, en fara síðan lækkandi. Til samanburðar eru erlendar skuldir í grunndæminu um 40% af landsframleiðslu 1994. Greiðslubyrðin, sem hlutfall af útflutningstekjum, nær einnig hámarki 1994 og verður um 20%. Vegna mikillar aukningar útflutningstekna 1995–1997 fer greiðslubyrði ört lækkandi í lokin og er um 15% árið 1997.

- Framkvæmdir vegna álversins eru mjög umfangsmiklar í þjóðhagslegu samhengi. Þess vegna er töluverð hætta á þenslu, sérstaklega á árunum 1992 og 1993. Brýnt er

því að dregið verði úr öðrum framkvæmdum á þessum tíma og þeim frestað til áranna 1994 og 1995. Jafnframt er brýnt að ríkissjóður noti auknar tekjur af meiri umsvifum í efnahagslífinu til að bæta stöðu sína en ekki til að auka útgjöld.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir niðurstöðum Þjóðhagsstofnunar. Umfjöllunin verður í tveimur hlutum. Í fyrri hluta verður fjallað um framkvæmdir, fjármögnun og rekstur Atlantal-álversins. Í þeim seinni verður gerð grein fyrir þjóðhagslegum áhrifum þess.

1. Framkvæmdir, fjármögnun og rekstur álvers.

Í þessum hluta verður fjallað um þær meginstærðir í umfangi álvers- og orkuframkvæmda sem máli skipta fyrir þjóðarbúskapinn í heild. Þessar stærðir verða tengdar útreikningum Landsvirkjunar á orkuframkvæmdum og er tekin saman heildarmynd af umfangi allra framkvæmda sem varða mögulegt nýtt álver. Einnig verður gerð grein fyrir reikniforsendum er varða utanríkisviðskipti og mannafla vegna reksturs álversins.

Framkvæmdir.

Framkvæmdir vegna álvers eru ráðgerðar á árunum 1990 til 1994. Hvað orkuframkvæmdir áhrærir þá þýðir tilkoma nýs álvers flýtingu orkuframkvæmda um allan ókominn tíma. Athuganir Þjóðhagsstofnunar á þjóðhagslegum áhrifum orkuframkvæmdanna eru hins vegar takmarkaðar við tímabilið 1990 til 1997. Á því athugunartímabili sem hér um ræðir nemur áætluð bein fjárfesting vegna álvers um 37,5 milljörðum króna á verðlagi síðasta árs en sé óbein fjárfesting talin með er um að ræða rúma 42 milljarða, hvort tveggja án vaxta á byggingartíma. Áætluð fjárfesting vegna flýtingar orkuframkvæmda nemur rúmum 26 milljörðum króna án vaxta á byggingartíma. Talið er að um 2.400 ársverk þurfi til að reisa álverið en rúm 2.300 vegna flýtingar orkuframkvæmda. Yfirlit um stærðir tengdar framkvæmdunum er að finna í töflu 1 í töfluviðauka.

Álverið.

Þær áætlanir sem nú liggja fyrir gera ráð fyrir að reist verði sjálfstætt álver með 200 þúsund árstonna framleiðslugetu og sé það lögaðili hér á landi. Gert er ráð fyrir að álverið noti 300KA tækni frá franska fyrirtækinu Pechiney sem þýðir að árleg raforkuþörf miðað við fulla nýtingu afkastagetu er rúmar 2.800 gwst., þar af geti 10% verið afgangsorka, en reiknað er með aflþörf upp á 355 MW. Ekki er gert ráð fyrir rafskautaverksmiðju í tengslum við þetta álver. Í þessum útreikningum er ekki tekin afstaða til staðsetningar álversins.

Áætlaður framkvæmdatími er 36 til 40 mánuðir. Byggt er á dreifingu framkvæmda á árin 1990 til 1994 í samræmi við upplýsingar frá aðilum Atlantal-hópsins. Þannig er reiknað með, að ef samningar takast geti framkvæmdir hafist í lok árs 1990 eða byrjun árs 1991 og þeim verið lokið upp úr miðju ári 1994. Gert er ráð fyrir því að rúm 72% af fjárfestingarvöru sé innflutt en það er í samræmi við athugun Bechtel/Lavalin. Miðað er við sömu forsendu um aðkeypta þjónustu á byggingartímanum.

Samkvæmt fyrirliggjandi áætlun um framgang framkvæmdanna má búast við að þær nái hámarki árið 1993 en fjárfesting vegna álvers nemur þá rúmum 16 milljörðum á verðlagi síðasta árs. Heildarfjárfesting í álveri nemur rúmum 42 milljörðum króna á verðlagi 1989, þar af nemur bein fjárfesting 37,5 milljörðum.

Hvað mannaflaþörf áhrærir er áætlað að 900–1.000 ársverk verði unnin árið 1993, þ.e. þegar mest er, en í allt þurfi 2.400 ársverk til að reisa álverið. Reiknað er með að 20% ársverka séu unnin af erlendu vinnuafli en það er niðurstaða athugunar Bechtel/Lavalin. Rétt er þó að geta þess að sænska verkfræðistofan SIAB áætlaði að mun hærra hlutfall ársverka yrði unnið af erlendu vinnuafli, eða 35–40%. Sú áætlun kom fram í tengslum við hugsanlega stækkun Ísals en frá henni hefur nú verið fallið. SIAB rökstuddi álit sitt með því að óvíst yrði um ástand vinnumarkaðar á áætluðum framkvæmdatíma.

Mynd 1. Fjárfesting vegna nýs álvers.
Milljarðar kr. á áætluðu verðlagi 1989.



Virkjanir og línur.

Fjárfesting Landsvirkjunar nær til virkjanaframkvæmda, línulagna, tengivirkja og þétta. Sé litið á tímabilið 1990–1997 er gengið út frá þeirri virkjanaröð sem Landsvirkjun telur ódýrasta og er hún sýnd í töflunni að neðan. Með ódýrustu virkjanaröð er átt við þá virkjanaröð sem felur í sér lægstan flýtingarkostnað.

Ódýrasta virkjanaröð Landsvirkjunar 1990–1997.

Ný virkjun eða stækkun	Upphaf framkvæmda	Upphaf orkuframleiðslu	Stærð í MW
Blönduvirkjun	Hafnar	1991	150
Búrfellsvirkjun, Kvíslaveita og Þórisvatn	1990	1994	100
Fljótsdalsvirkjun	1990	1994	210
Stækkun Kröflu	1992	1995	30
Stækkun Blöndulóns	1993	1994	
Vatnsfell	1997	2000	70

Þessu til viðbótar er síðan um að ræða Nesjavallavirkjun, áfanga sem hefji orkuframleiðslu 1994 með 30 MW afli og áfanga sem hefji orkuframleiðslu árið 1998 upp á önnur 30 MW.

Að mati Landsvirkjunar er kostnaður við flýtingu framkvæmda árin 1990–1997 rúmir 26 milljarðar króna án vaxta á byggingartíma, og er þá reiknað á verðlagi ársins 1989. Áætlað er að 43% af fjárfestingarvöru Landsvirkjunar á þessu tímabili sé innflutt. Gert er ráð fyrir að orkuframkvæmdir nái hámarki árið 1993 þegar fjárfesting þeirra vegna nemur rúmum 8,7 milljörðum króna á verðlagi síðasta árs.

Mannaflaþörf vegna flýtingar orkuframkvæmda er áætluð rúm 2.300 ársverk og er ekki gert ráð fyrir að neinn hluti þeirra sé unninn af erlendu vinnuafli. Samkvæmt upplýsingum Landsvirkjunar má búast við að rúmlega einn og hálfur maður sé að baki hverju ársverki. Árið 1993 má búast við að fjöldi ársverka við framkvæmdirnar nái hámarki og verði tæplega 800.

Tengdar framkvæmdir.

Tilkoma álvers eins og þess sem hér um ræðir kallar á framkvæmdir vegna aðstöðu svo sem hafnargerð, vegagerð, nýjar vatnslagnir o.fl. Næsta víst er að þessar framkvæmdir muni Íslendingar annast að öllu leyti. Sumar þessara framkvæmda má flokka undir það sem kallað er margfeldisáhrif en framkvæmdir sem beint eru tengdar starfsemi álvers eins og hafnaraðstaða og vegagerð sem ekki tengist þjóðvegakerfinu verður þó að telja til beinna áhrifa. Hér er gert ráð fyrir að þessar beint tengdu framkvæmdir nemi um 700 milljónum króna á verðlagi ársins 1989 og nær sú fjárhæð einvörðungu til hafnargerðar og vegagerðar utan þjóðvegakerfis. Reiknað er með að innfluttur hluti þessara framkvæmda samsvari um 49% af þessari fjárhæð þannig að hreinn innlendur hluti gæti verið í nánd við 360 milljónir á verðlagi síðasta árs. Nauðsynlegt er að minna á að umfang þessara framkvæmda er mikilli óvissu undirorpið því ástæða er til að ætla að umfang sé breytilegt miðað við hvar á landinu álverinu yrði valinn staður.

Hvað framgang þessara framkvæmda áhrærir er reiknað með að þær eigi sér allar stað innan ársins 1991 og gæti þurft til þeirra sem samsvarar 50 ársverkum sem öll væru unnin af íslensku vinnuafli. Búast má við að bæði framgangur og vinnuaflsþörf þessara framkvæmda séu undir staðsetningu álversins komin.

Fjármögnun framkvæmda.

Hér er gert ráð fyrir að fjármögnun álvers- og orkuframkvæmda byggist á eiginfjárframlögum eigenda og erlendum lántökum. Æskilegt er að fjármagna einhvern hluta orkuframkvæmda á innlendum fjármagnsmarkaði en slíkt gæti haldist í hendur við almenna peningastefnu stjórnvalda.

Fjármögnun framkvæmda við álver.

Eins og fram hefur komið er fyrirhugað álver talinn lögaðili hér á landi. Þetta þýðir að væntanlega færast skuldir þess með skuldum landsins og eignir þess með eignum landsins. Þetta er sú forsenda sem fylgt er í greiningu Þjóðhagsstofnunar á framkvæmdunum og rekstri álversins. Þetta þýðir þó ekki að telja beri þjóðina ábyrga fyrir skuldum álversins.

Framkvæmdir vegna álversins verða fjármagnaðar að ⅘ hlutum með erlendum lántökum en að ⅕ með eiginfjárframlögum fyrirtækjanna sem standa að álverinu. Þetta þýðir að í lok framkvæmdatímans, árið 1994, samsvara skuldir álversins 32,5 milljörðum króna á verðlagi ársins 1989. Úr því fara skuldirnar lækkandi og í lok árs 1997 er áætlað að skuldir álversins geti samsvarað rúmum 26 milljörðum á verðlagi síðasta árs. Eiginfjárframlög jafngilda hins vegar alls um 9,5 milljörðum króna á árunum 1990 til 1994 á verðlagi 1989 en sé fjármögnun vegna gangsetningar árin 1993 og 1994 talin með verður þessi fjárhæð nærri 12 milljörðum króna.

Virkjanir.

Samkvæmt upplýsingum Landsvirkjunar virðist hæfilegt að fjármagna 1/10 hluta fjárfestingar vegna flýtingar orkuframkvæmda af eigin fé. Landsvirkjun stefnir að því að afborganir nemi að jafnaði 5% af skuldum árlega.

Tengdar framkvæmdir.

Gert er ráð fyrir að fjármögnun þessara framkvæmda sé í samræmi við hlutfallslega skiptingu í innlendan og erlendan hluta. Þannig gætu 49% verið fjármögnuð af erlendum lánum en 51% með lántökum innan lands og beinum fjárframlögum þeirra aðila sem að framkvæmdunum standa.

Rekstur álvers og utanríkisviðskiptin.

Áætlanir Landsvirkjunar ganga út frá að unnt sé að byrja að afhenda orku til álversins upp úr miðju sumri 1994. Að því gefnu að um hálft ár taki fyrir álverið að komast í fullan rekstur gæti því stigi verið náð í upphafi annars ársfjórðungs 1995. Framleiðsla ársins 1994 gæti því orðið um 26 þúsund tonn, framleiðsla ársins 1995 um 190 þúsund tonn og upp frá því 200 þúsund tonn á ári. Reiknað er með að starfsmannafjöldi álversins í fullum rekstri verði tæplega 650 manns en fyrstu tvö árin verði þó minna starfsmannahald sökum minni framleiðslu. Hér er gert ráð fyrir að allir starfsmenn álversins verði íslenskir.

Mynd 2. Mannafli v/ framkvæmda og starfrækslu álvers.

Fjöldi í ársverkum.



Eins og að framan segir yrði hugsanlegt nýtt álver íslenskur lögaðili og er gert ráð fyrir að um verði að ræða framleiðslusamlag samkvæmt upplýsingum aðila Atlantal-hópsins. Þannig láti þau fyrirtæki sem að álverinu standa því í té súrál en fái í staðinn hráál gegn greiðslu tiltekins framleiðslugjalds. Framleiðslugjaldið yrði hins vegar ákveðið þannig að það dygði til greiðslu launa og annars rekstrarkostnaðar, afborgana og vaxta af lánum og sköttum. Þegar rekstrarfyrirkomulag er með þessum hætti eru engar beinar mælingar á þeim aðfanga- og afurðaverðum sem um ræðir. Almenna reglan samkvæmt þjóðhagsreikningakerfi Sameinuðu þjóðanna (SNA) er hins vegar að færa öll viðskipti á markaðsverði. Þessari reglu er fylgt hér og er sá mismunur, sem skapast á áætluðum rekstrarafgangi framleiðslusamlagsins og áætluðum rekstrarafgangi sama fyrirtækis, miðað við að það greiddi fyrir súrálið og seldi hráálið, færður sem tilfærsla rekstrarafgangs (þáttatekna) í viðskiptajöfnuði inn eða út úr landinu eftir því sem við á.

Umfang utanríkisviðskipta vegna starfsemi álvers er hér áætlað út frá ofangreindum forsendum. Með öðrum orðum, inn- og útflutningur er brúttófærður í stað þess að færa einungis vinnslutekjur framleiðslusamlagsins. Forsendur um álverð eru fengnar frá Landsvirkjun og miðast við nýja spá James F. King sem unnin var fyrir Landsvirkjun í janúar 1990. Þessi spá miðar við verð á Lundúnamarkaði fyrir málma (e. London Metal Exchange). Samkvæmt upplýsingum frá aðilum Atlantal-hópsins má bæta ofan á þetta verð USD 75/tonn álagi vegna forms afurðarinnar. Þannig er spáð að álverð verði USD 1.775/tonn með þessu álagi árið 1994 og er þá miðað við almennt verðlag (í USD) árið 1989, verðið haldist óbreytt

árið 1995 en hækki síðan upp í USD 1.800/tonn árin 1996 og 1997. Samkvæmt upplýsingum frá markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar er reiknað með að súrálsverð samsvari 14% af grunnverði áls, þ.e. verðsins án framangreinds USD 75/tonn álags. Forsendur um önnur hráefnaverð eru fengnar frá sama aðila. Gengið er út frá að helmingur þeirra rekstrargjalda, sem óljóst er um hvort greiddur sé innlendum aðilum, sé innfluttur. Hér er þó um tiltölulega lítinn hluta rekstrargjalda álversins að ræða.

Mynd 3. Viðskipti álversins við útlönd.
Milljarðar kr. á áætluðu verðlagi 1989.



Á grundvelli þeirra helstu forsendna sem hér hafa verið reifaðar er útflutningsverðmæti álversins árin 1996 og 1997 metið á rúma 20,5 milljarða króna, miðað við meðalgengi USD 1989. Þessi ár er álverið í fullum rekstri. Verðmæti innfluttra aðfanga álversins er metið á 10,7 milljarða króna að gefnum sömu forsendum. Sá rekstrarafgangur sem greiddur er úr landi er um 2,2 milljarðar króna árin 1996 og 1997 á verðlagi síðasta árs. Til samanburðar má geta þess að árin 1993 og 1994 er um að ræða tilfærslu fjármagns til landsins vegna gangsetningar sem samsvarar 0,7 milljörðum króna árið 1993 og rúmum 2 milljörðum árið 1994, en árið 1995 er áætluð arðgreiðsla út úr landinu sem samsvarar um 2,3 milljörðum króna á verðlagi ársins 1989.

2. Þjóðhagsleg áhrif.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir umfangi og tímasetningu framkvæmda við nýtt álver og nauðsynlegar virkjanir. Í þessum kafla verður reynt að meta þjóðhagsleg áhrif þessara framkvæmda, ekki einungis bein áhrif þeirra, heldur einnig óbein áhrif. Við reikningana hefur verið notað þjóðhagslíkan sem hefur verið í uppbyggingu á Þjóðhagsstofnun síðustu tvö ár. Þetta líkan er fremur hefðbundið að gerð og byggir að mestu á ráðstöfunaruppgjöri þjóðhagsreikninga. Líkaninu er lýst í grein sem birtist í fyrsta hefti *Fjármálatíðinda* á þessu ári. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á líkaninu síðan þessi grein var skrifuð. Veigamesta breytingin er á þeirri aðferð sem er notuð til að spá launum og er henni lýst í viðauka hér að aftan.

Reikningarnir eru framkvæmdir í þremur þrepum. Fyrst er búið til grunndæmi þar sem er reynt að lýsa líklegri þróun hagkerfisins nokkur ár fram í tímann. Í öðru þrepi reikninganna er beinum áhrifum stóriðjuframkvæmdanna bætt við viðeigandi stærðir í forsendunum og síðan spáð upp á nýtt. Að síðustu eru svo útkomurnar úr dæmunum tveimur bornar saman.

Mynd 4. Landsframleiðsla og útflutningur í grunndæmi.

Magnvísitölur 1986 = 100.



Grunndæmið.

Helstu forsendur grunndæmisins eru settar fram í töflu 3. Þar er gert ráð fyrir hægum vexti í útflutningsframleiðslu á næstu árum. Gert er ráð fyrir göngum þorsks frá Grænlandi 1991 og 1992 og því eykst framleiðsla sjávarafurða nokkru meira þau ár en önnur. Viðskiptakjarabatinn í sjávarútvegi á árinu 1990 gengur að nokkru til baka árið 1991. Viðskiptakjörin í heild verða, samkvæmt forsendunum, um 1% betri að jafnaði en á árinu 1989. Hagvöxtur erlendis er talinn verða í kringum 3%, nema 1992–1993 er gert ráð fyrir meiri vexti vegna sameiningar markaða í Evrópu. Raunvextir erlendis eru taldir verða nánast óbreyttir á næstu árum. Gengi er haldið föstu frá 1991 og samanlögð samneysla og fjárfestingar hins opinbera aukast um rúm 3% að jafnaði á ári, sem er svipað og á síðustu tíu árum.

Niðurstöður, að gefnum þessum forsendum, eru sýndar í töflu 4. Hagvöxtur á árunum 1991–1997 verður að jafnaði rúm 2% á ári, jöfnuður næst fljótlega á viðskiptum við útlönd og erlendar skuldir lækka úr næstum helmingi landsframleiðslu í rúman þriðjung. Greiðslubyrði af erlendum lánum lækkar í samræmi við það úr um 20% af útflutningstekjum í rúm 13%. Atvinnuleysi lækkar nokkuð frá því sem gert er ráð fyrir að það verði 1990, þ.e. um 2,4% af mannafla, í 1,4% af mannafla árið 1997 og er að jafnaði 1,6% af mannafla 1991–1997. Ef þessi þróun gengur eftir verður minni bati á lífskjörum á næstu árum hér en í grannlöndum okkar þar sem almennt er búist við um 3% hagvexti á næstu árum.

Mynd 5. Viðskiptahalli og erlendar skuldir í grunndæmi.
Hlutfall af landsframleiðslu.



Mynd 6. Kaupmáttur, raungengi og atvinnuleysi í grunndæmi.
Vísitölur 1986 = 100.



Það er rétt að benda á að fjárfestingar standa nánast í stað yfir tímabilið. Þetta er einungis eðlileg afleiðing af hægum vexti í framleiðslu. Færa má sterk rök fyrir að nýting framleiðsluþátta, þ.e. vinnuafls og fjármagns, sé nú verulega undir því sem er í meðalári. Hrein fjárfesting þarf því ekki að vera mikil til að standa undir framleiðsluaukningu í kringum 2% á ári, jafnvel þótt gert sé ráð fyrir lakari framleiðniþróun en á síðustu árum. Þetta þýðir einnig að forsendan um fast gengi er ekki fráleit, að því gefnu að tekist hafi, með nýgerðum kjarasamningum, að slá á verðbólguvæntingar.

Þegar litið er á dæmið í heild má segja að það sé að ýmsu leyti ólíkt síðustu áratugum vegna þess jafnvægis sem einkennir það. Það er ýmislegt sem getur breytt þessu dæmi og þá e.t.v. fyrst og fremst stór frávik í ytri skilyrðum sjávarútvegs frá því sem er gert ráð fyrir í forsendunum. Sá slaki sem er nú í hagkerfinu gefur hins vegar nokkurt svigrúm til að mæta slíkum breytingum án þess að til mikillar þenslu komi.

Áldæmið.

Í öðru þrepi reikninganna er reiknað frávik frá grunndæminu hér nefnt áldæmið. Þar er öllum forsendum haldið óbreyttum hvað varðar ytri skilyrði og hegðan hins opinbera, nema að því leyti sem við kemur fjárfestingum vegna nýja álversins og tengdra framkvæmda og rekstri þess. Breytingarnar á forsendunum felast því í:

a. Viðbótarfjárfestingum í álverinu og orkuverum og innflutningi vegna þeirra.
b. Viðbótum við utanríkisviðskipti vegna reksturs álversins þegar það hefur tekið til starfa.
c. Breytingum á þáttatekjum frá útlöndum vegna kostnaðar við gangsetningu 1993 og 1994 og arðgreiðslna út úr landinu eftir það.

Það ber að árétta að gengi, samneyslu og almennum fjárfestingum hins opinbera er haldið föstum milli dæmanna tveggja. Þessi forsenda og möguleg áhrif frávika frá henni verða rædd hér á eftir.

Helstu niðurstöður eru settar fram í töflu 5. Þar kemur fram að hagvöxtur verður tæp 3% að jafnaði á tímabilinu 1991–1997, verulegur halli verður á viðskiptum við útlönd á framkvæmdaskeiðinu og erlendar skuldir ná hámarki 1994, verða þá rúm 53% af landsframleiðslu, en fara síðan lækkandi. Vegna mikillar aukningar útflutningstekna 1995–1997 fer greiðslubyrði sem hlutfall af útflutningstekjum ört lækkandi í lokin og er um 15% árið 1997. Atvinnuleysi sveiflast nokkuð á tímabilinu, lækkar mikið á framkvæmdaskeiðinu, hækkar síðan aftur árið 1994, sem er „millibilsár" milli framkvæmdanna og gangsetningar álversins. Í lokin er það 1,1% af mannafla, en að jafnaði um 1,3% af mannafla 1991–1997.

Mynd 7. Áhrif álversframkvæmda á landsframleiðslu og kaupmátt ráðstöfunartekna á mann.

Prósentufrávik frá grunndæmi.



Dæmin tvö eru síðan borin saman í töflu 6. Þar má meðal annars sjá að verg landsframleiðsla verður mest rúmum 6% hærri á framkvæmdaskeiðinu en í grunndæminu, þar af eru óbein áhrif meira en helmingur. Varanleg áhrif á landsframleiðslu eru 5,4% til hækkunar og eru óbeinu áhrifin tæpur helmingur. Á móti fjárfestingunum aukast hins vegar skuldir landsins, verða um 12% hærri í áldæminu, sem hlutfall af landsframleiðslu grunndæmis, árið 1997 en í áldæminu. Skuldir álversins eru taldar þar með, að frátöldum erlendum eiginfjárframlögum sem koma fram neðar í sömu töflu. Skuldsetningin er ekki einungis vegna framkvæmdanna, heldur einnig vegna aukinnar innlendrar eftirspurnar, sem er að hluta til mætt með innflutningi. Útflutningur á öðru en áli breytist mjög lítið milli dæma svo að þetta kemur ekki einungis fram í óbeinum áhrifum á landsframleiðslu eins og áður var getið, heldur einnig í nokkrum þensluáhrifum á viðskiptajöfnuð (sjá sundurliðun á viðskiptajöfnuði í töflu 6).

Mynd 8. Viðskiptahalli og erlendar skuldir.
% af landsframleiðslu í grunndæmi.
Frávik frá grunndæmi.



Aukin skuldsetning þýðir að vaxtagreiðslur til útlanda aukast og þar af leiðandi er munur á þjóðarframleiðslu milli dæmanna árið 1997 minni en munurinn á landsframleiðslu, eða um 3,9%, samanborið við 5,4% mun á landsframleiðslu. Þess ber að gæta að hlutfall sjávarafurða af heildarútflutningi er nokkru lægra í lok áldæmisins en grunndæmisins (43% í stað 50%, ál verður 21% í stað 8%), sem gæti þýtt bætt kjör á erlendum lánum. Meiri útflutningur áls bætir hins vegar viðskiptakjörin þannig að munur á þjóðartekjum á föstu verði milli dæma verður 5,0% árið 1997. Atvinnuástand verður betra meginhluta tímabilsins í áldæminu og munar um 0,2% af mannafla í lokin. Munur á raungengi er allnokkur milli dæma. Mestur verður munurinn upp á við á framkvæmdaskeiðinu, tæp 2% á mælikvarða verðlags 1993 og rúm 5% á mælikvarða launa 1992. Árið 1995 verður munurinn hins vegar eilítið neikvæður. Í lokin er munurinn um 3% á mælikvarða verðlags og um 8% á mælikvarða launa.

Samanburður við umfang framkvæmda vegna álvers Ísals 1966–1973.

Tafla 2 sýnir tölulegan samanburð á umfangi framkvæmda vegna hugsanlegs nýs álvers nú og framkvæmdum við álver Ísals og orkuframkvæmdir árin 1966 til 1973. Bornar eru saman bæði fjárfestingartölur og vinnuaflsnotkun. Rétt er að minna á að álver Ísals var upphaflega reist sem 30 þúsund árstonna verksmiðja. Álverið var síðan stækkað þannig að árið 1970 var afkastagetan komin upp í 44 þúsund árstonn, árið 1972 hafði álverið verið stækkað þannig að afkastagetan var orðin 77 þúsund árstonn og árið 1980 var hún orðin 88 þúsund árstonn sem er afkastageta álvers Ísals í núverandi mynd.

Mynd 9. Samanburður á fjárfestingu v/Ísal og v/nýs álvers.

Hlutföll af heildarfjárfestingu.



Mynd 9 sýnir fjárfestingar vegna Ísals árin 1966 til 1973 í samanburði við fjárfestingar vegna nýs álvers nú sem hlutföll af heildarfjárfestingu. Í báðum tilfellum er nú átt við heildarfjárfestingu bæði í álverinu sjálfu og vegna orkuframkvæmda. Þetta þýðir að sú fjárfesting í orkukerfinu sem skoðuð er nær ekki einungis til flýtingar orkuframkvæmda. Þessi háttur er hafður á vegna þess að ekki eru fáanlegar upplýsingar um flýtingu orkuframkvæmda á árabilinu 1966 til 1973. Mynd 9 sýnir að fjárfestingartoppur nú er heldur meiri á þennan mælikvarða en á árunum 1966 til 1973 en fjárfestingarskeiðið varir á hinn bóginn ekki eins lengi.

Mynd 10. Samanburður á mannafla v/Ísals og v/nýs álvers.



Hvað tölur um vinnuaflsnotkun varðar, ber að taka fram að í báðum tilfellum er um að ræða samanlagða vinnuaflsnotkun vegna framkvæmda og reksturs, að meðtöldu erlendu vinnuafli. Mynd 10 sýnir vinnuaflsnotkun vegna álvers Ísals á árunum 1966 til 1973 í samanburði við áætlaða vinnuaflsnotkun nú. Sú vinnuaflsnotkun sem hér er sýnd tekur einnig til orkuframkvæmda og tengdra framkvæmda. Hvað orkuframkvæmdir varðar er nú ekki einungis um að ræða vinnuaflsnotkun vegna flýtingar orkuframkvæmda heldur er hér dregin upp heildarvinnuaflsnotkun. Myndin sýnir að vinnuaflsnotkun nú er áætluð talsvert minni sem hlutfall af heildarvinnuaflseftirspurn. Þetta tekur bæði til toppa í vinnuaflsnotkun svo og lengdar framkvæmdaskeiðsins. Í þessu samhengi er rétt að minna á að sú greining sem framkvæmd hefur verið með þjóðhagslíkani Þjóðhagsstofnunar leiðir í ljós að það eru framkvæmdatopparnir og skellirnir, sem verða þegar framkvæmdir hefjast og þeim lýkur, sem mest áhrif hafa á tekjubreytingar og atvinnustig.

Athugasemdir.

Það er ástæða til að setja fyrirvara við ýmsar af þeim niðurstöðum sem koma fram hér að framan. Í fyrsta lagi ber að líta á tölurnar í töflum 4–6 sem vísbendingu um mögulega stærðargráðu áhrifa þessara framkvæmda þrátt fyrir að reiknaðar útkomur séu gefnar upp með einum aukastaf. Í annan stað má spyrja hvort forsendurnar séu raunhæfar. Forsendurnar um útgjöld ríkisins og fast gengi eru hér mjög mikilvægar.

Forsendan um fast gengi þýðir að munurinn á verðbólgu milli dæma verður sáralítill samanborið við verðbólgutölur síðustu ára. Hér skiptir höfuðmáli hvernig ytri skilyrði sjávarútvegsins verða. Verði þau góð má ætla að 5% hækkun á launum, að óbreyttu gengi, eins og í áldæminu mundi ekki setja stórt strik í reikninginn. Verði þau hins vegar slæm, t.d. vegna verðlækkunar á mörkuðum erlendis eða mikillar hækkunar á olíu, þá má ætla að gengið yrði fellt, sem leiddi að sjáfsögðu til mun meiri verðbólgu en kemur fram í áldæminu. Munur á kaupmætti yrði þá líklega minni en sá sem er sýndur í töflu 6 með samhliða minnkun á muni eftirspurnar og margfeldisáhrifa.

Það er ljóst að þessar framkvæmdir og hliðaráhrif þeirra koma til með að auka tekjur hins opinbera. Það mætti hugsa sér að í stað þess að gæta aðhalds í útgjöldum, eins og gert er ráð

fyrir hér, þá yrði a.m.k. hluta af þessum aukatekjum varið í aukna samneyslu og opinberar fjárfestingar. Það mundi þýða aukna þenslu, meiri halla á viðskiptum við útlönd og aukna verðbólgu frá því sem kemur fram í töflu 5. Það má því segja að fólgin í reikningunum sé sú forsenda að hið opinbera nýti auknar tekjur sínar til að minnka lántökur.

Því miður þá hefur ekki enn verið þróaður peningamálahluti í líkaninu. Skilvirkur peningamarkaður kæmi hins vegar til með að hækka innlenda vexti við aukna eftirspurn eins og í áldæminu. Hér skiptir raunar enn máli hvernig hið opinbera hegðar sér. Ef hið opinbera nýtir sér auknar tekjur til að minnka innlendar lántökur (hér gerum við ráð fyrir óbreyttum útgjöldum) þá minnkar þessi þrýstingur til hækkunar raunvaxta. Ef erlendar lántökur yrðu minnkaðar þá héldust raunvextir hærri og eftirspurn yrði minni en ella.

Viðauki: Launajafna fyrir framreikninga.

Launajafnan sem er kynnt í greininni í *Fjármálatíðindum* (janúar–apríl 1990) er að ýmsu leyti umdeilanleg því hún er að mestu miðuð við afkomu sjávarútvegs og einu „macro"-áhrifin sem koma inn í hana er atvinnuleysi og tafið hlutfall tímakaups og innflutningsverðlags.

Launajafnan sem er notuð í þessum framreikningum er hefðbundnari en sú sem nefnd var að ofan. Breyturnar eru:

w	laun á mannár samkvæmt framleiðsluuppgjöri
lh	hlutfall launa og þjóðarframleiðslu
yl	þjóðarframleiðsla á verði hvers árs á mannár
fr	gdp0/qp0
gdp0	verg landsframleiðsla á verðlagi 1980
qp0	$k0^{0.34}ls^{0.66}$
k0	þjóðarauður í atvinnuvegum, rafveitum og rafverum, og hitaveitum og hitaverum
ls	mannafli (unnin mannár plús atvinnuleysi)

„d" fyrir framan breytu táknar mismun á lygrum (lógaritmum), „l" táknar lygra af breytu og „(−1)" táknar töf um eitt ár.

Rétt er að vekja athygli á að háða breytan er önnur en sú í greininni, þar er greitt tímakaup samkvæmt kjararannsóknarnefnd háða breytan. Jafnan er metin með venjulegri aðferð minnstu ferninga yfir tímabilið 1970–1989. Niðurstöður eru eftirfarandi:

Háð breyta: dw.

Breyta	Stuðull	Staðalskekkja	t-gildi	p-gildi
fasti	−0.3663338	0.0787550	−4.6515626	0.000
llh(-1)	−0.6358742	0.1229215	−5.1730114	0.000
dyl	0.7807333	0.0673428	11.593414	0.000
dfr(-1)	0.9551620	0.2281483	4.1865835	0.001

R^2	0.931506	Meðaltal háðu br.	0.310192
frígr. leiðr.	0.918663	Staðalfrávik háðu br.	0.098481
Staðalskekkja	0.028086	Summa ferninga frávika	0.012622
Durbin-Watson	2.616202	F-statistik	72.53201
Log likelihood	45.30199		

Chow-próf (1970–1979 vs. 1980–1989) gefur ekki til kynna neina breytingu á stuðlum (F(4,12)=0.63), þeir eru raunar ótrúlega svipaðir miðað við hve stutt tímabilin eru. Spástöðugleikapróf (jafna metin 1970–1985, spáð 1986–1989) kemur einnig vel út (K(4)=2.5). Gildin eru:

Ár	Spáð	Raun	Munur
1986	0.280283	0.247356	−0.032927
1987	0.298811	0.323645	0.024835
1988	0.226207	0.247765	0.021558
1989	0.116112	0.123478	0.007365

Nokkur neikvæð sjálffylgni er til staðar í leifum jöfnunnar, en hún nær ekki að vera marktæk við 5% mörk og metinn sjálffylgnistuðull er ekki marktækt frábrugðinn núlli.

Töfluviðauki.

Tafla 1.
Framkvæmdir vegna 200 þús. tonna álvers.

Fjárhæðir í M.kr. á áætluðu meðalverði 1989.

Fjárfesting

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Fjárfesting í álveri	1320	9670	13610	16360	1140						
Fjárfest. Landsvirkjunar	350	3290	8040	8740	5720	210	−320	170	340	1450	1520
Tengdar framkvæmdir		710									
Fjárfest samtals	1670	13670	21650	25100	6860	210	−320	170	340	1450	1520

Mannafli í ársverkum

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
V/byggingar álvers	50	550	780	950	70						
V/raforkuframkvæmda	40	300	760	770	410	0	−10	70	90	200	200
Tengdar framkvæmdir		50									
Ársverk samtals	90	900	1540	1720	480	0	−10	70	90	200	200

Erlent vinnuafl í ársverkum

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
V/byggingar álvers	10	110	160	190	10	0	0	0	0	0	0
þar af verkamenn	(9)	(100)	(140)	(170)	(10)	(0)	(0)	(0)	(0)	(0)	(0)

Innfluttur hluti fjárfestingar

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Fjárfesting í álveri	950	6990	9850	11830	830						
Fjárfest. Landsvirkjunar	150	1410	3460	3760	2460	90	−140	80	150	620	650
Tengdar framkvæmdir		350									
Fjárfest samtals	1100	8750	13310	15590	3290	90	−140	80	150	620	650

Rekstur nýs 200 þús. tonna álvers.

Fjárhæðir í M.kr. á áætluðu meðalverði 1989.

Framleiðsla og mannafli

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Álframleiðsla, þús. tonna	0	0	0	0	26	190	200	200	200	200	200
Mannafli v/reksturs álvers	0	0	0	175	410	645	645	645	645	645	645

Utanríkisviðskipti

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Útflutningsverðmæti	0	0	0	0	2640	19360	20590	20590	20880	20880	21170
Innflutningur samtals	0	0	0	1740	3080	10250	10820	10820	11030	11050	11140
Rekstrarvörur álvers . .	0	0	0	1090	2270	8660	9160	9160	9360	9360	9440
Þjónusta v/ álvers	0	0	0	650	770	1490	1550	1550	1560	1560	1570
Innfl. v/reksturs Landsv. .	0	0	0	0	40	100	110	110	110	130	130
Útflutt - innflutt	0	0	0	−1740	−440	9110	9770	9770	9850	9830	10030

Tafla 2.
Framkvæmdir vegna nýs álvers og rekstur þess.

Orkuframkvæmdir meðtaldar.

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Fjárfesting								
– sem % af heildarfjárfestingu . . .	7,3%	22,4%	26,7%	30,1%	11,2%	0,7%	0,1%	0,9%
– sem % af landsframleiðslu	1,4%	5,1%	6,6%	7,6%	2,1%	0,1%	0,0%	0,2%
Ársverk								
– % af heildarmannafla	0,3%	0,8%	1,1%	1,4%	0,6%	0,5%	0,4%	0,5%

Álver Ísals og tengdar framkvæmdir 1966–1973.

Framkvæmdir og rekstur.
Orkuframkvæmdir meðtaldar.

	1966	1967	1968	1969	1970	1971	1972	1973
Fjárfesting								
– sem % af heildarfjárfestingu . . .	2,1%	9,6%	25,1%	27,0%	12,5%	10,1%	8,5%	2,6%
– sem % af landsframleiðslu	0,6%	2,9%	7,8%	6,6%	3,0%	2,9%	2,4%	0,8%
Ársverk								
– % af heildarmannafla	0,2%	0,9%	2,1%	1,7%	0,6%	0,9%	0,7%	0,8%

Tafla 3. Forsendur í grunndæmi.

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
ÚTFLUTNINGSFRAMLEIÐSLA								
Magn sjávarafurða	−1.0	2.0	3.0	1.0	1.0	1.0	1.0	1.0
Magn áls	0.9	2.2	2.1	1.8	1.2	0.3	0.3	0.4
Magn kísiljárns	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Magn kísilgúrs	2.0	2.0	2.0	2.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Magn annars útflutnings	5.0	5.0	5.0	5.0	3.0	3.0	3.0	3.0
YTRI SKILYRÐI								
Verðbreytingar í erlendri mynt								
Verð sjávarafurða	10.0	0.0	3.0	3.0	3.0	3.0	3.0	3.0
Verð áls frá Ísal	−5.0	1.5	3.0	3.0	3.0	3.0	3.0	3.0
Verð kísiljárns	0.0	2.0	3.0	3.0	3.0	3.0	3.0	3.0
Verð kísilgúrs	4.4	4.0	3.0	3.0	3.0	3.0	3.0	3.0
Verð annars útflutnings	4.4	4.0	3.0	3.0	3.0	3.0	3.0	3.0
Verð alm. innflutnings án olíu	4.4	4.0	3.0	3.0	3.0	3.0	3.0	3.0
Verð eldsneytis	2.0	3.0	3.0	3.0	3.0	3.0	3.0	3.0
Verð rekstrarvöru núverandi stóriðju	−5.0	1.5	3.0	3.0	3.0	3.0	3.0	3.0
Hagvöxtur í OECD Evrópu	3.4	3.2	5.0	4.0	3.0	3.0	3.0	3.0
Verðbólga erlendis	4.4	4.5	3.0	3.0	3.0	3.0	3.0	3.0
Raunvaxtabreyting	0.1	−0.1	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
AÐRAR YTRI BREYTUR								
Meðalgengi, breyting	−10.1	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Samneysla, magnbreyting	1.0	3.0	4.0	4.0	4.0	4.0	4.0	3.0
Fjárfestingar hins opinbera, magnbreyting	−1.6	8.5	3.0	3.1	2.9	3.0	3.0	3.0

Tafla 4. Líkleg þróun þjóðhagsstærða: Grunndæmi.

Breytingar í %, nema annað sé tekið fram.

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Þjóðarútgjöld	0.6	0.4	3.5	2.3	1.6	1.4	2.1	2.0
Einkaneysla	−1.0	0.7	3.4	2.2	1.3	1.3	1.8	2.0
Samneysla	1.0	3.0	4.0	4.0	4.0	4.0	4.0	3.0
Fjárfesting	3.6	−3.0	3.2	0.7	0.0	−1.1	0.6	0.9
Útflutningur alls	0.6	2.4	2.7	1.8	1.6	1.6	1.8	1.8
Vörur	−1.3	2.3	3.0	1.6	1.3	1.2	1.2	1.2
Þjónusta	5.8	2.6	1.9	2.2	2.4	2.9	3.4	3.5
Innflutningur alls	2.5	−2.8	4.4	2.6	1.3	0.9	1.3	1.6
Vörur	0.1	−5.0	4.3	1.9	0.6	0.2	0.6	0.8
Þjónusta	8.8	2.6	4.7	4.0	2.9	2.5	2.9	3.1
Landsframleiðsla	−0.0	2.2	2.9	2.0	1.7	1.7	2.2	2.1
Vöru- og þj.jöfnuður í % af VLF	3.0	3.8	3.1	2.8	2.9	3.2	3.3	3.4
Vaxtajöfnuður o.fl. í % af VLF	−4.5	−4.3	−3.4	−3.3	−3.2	−3.1	−2.9	−2.8
Viðskiptajöfnuður í % af VLF	−1.5	−0.5	−0.3	−0.4	−0.2	0.1	0.4	0.6
Hrein erlend skuld í % af VLF	48.4	46.3	43.4	41.3	39.8	38.4	36.6	34.6
Greiðslubyrði í % af útfl.tekjum	19.6	19.2	16.6	15.9	15.3	14.7	13.9	13.1
Þjóðarframleiðsla	−0.1	2.4	3.9	2.2	1.8	1.8	2.3	2.2
Atvinnuleysi í % af mannafla	2.4	2.1	1.7	1.5	1.5	1.5	1.4	1.4
Gengi	−10.1	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Tímakaup	9.9	5.0	8.7	6.5	2.9	1.6	1.8	2.5
Verðbólga (framf.)	13.8	4.9	3.9	4.2	2.9	1.7	1.5	1.7
Kaupmáttur tímakaups	−3.4	0.2	4.6	2.2	0.0	−0.1	0.3	0.8
Ráðstöfunartekjur á mann	−2.5	0.5	3.6	1.9	0.6	0.6	1.1	1.2
Raungengi	−2.0	0.3	0.9	1.2	−0.1	−1.2	−1.5	−1.3

Tafla 5. Líkleg þróun þjóðhagsstærða: Áldæmi.

Breytingar í %, nema annað sé tekið fram.

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Þjóðarútgjöld	1.5	6.5	7.5	2.1	−6.8	−0.1	4.2	2.1
Einkaneysla	−0.8	2.0	5.3	1.2	−0.4	2.6	4.3	1.6
Samneysla	1.0	3.0	4.0	4.0	4.0	4.0	4.0	3.0
Fjárfesting	7.2	21.4	15.1	2.3	−26.7	−11.1	4.2	2.5
Útflutningur alls	0.6	2.6	2.9	1.9	4.2	18.8	2.4	1.5
Vörur	−1.3	2.3	3.0	1.6	5.1	24.4	2.0	0.9
Þjónusta	5.9	3.6	2.8	2.4	1.7	3.5	3.6	3.2
Innflutningur alls	3.6	4.9	9.2	4.0	−8.0	7.1	4.1	1.7
Vörur	1.5	5.1	10.2	3.9	−11.3	8.7	3.6	1.0
Þjónusta	9.0	4.3	6.9	4.3	0.4	3.5	5.3	3.5
Landsframleiðsla	0.5	5.6	5.3	1.3	−2.4	4.6	3.5	2.0
Vöru- og þj.jöfnuður í % af VLF	2.5	0.0	−2.5	−3.3	2.1	5.8	5.1	4.9
Vaxtajöfnuður o.fl. í % af VLF	−4.5	−4.4	−3.6	−3.4	−3.8	−5.7	−5.5	−5.4
Viðskiptajöfnuður í % af VLF	−2.0	−4.4	−6.2	−6.8	−1.8	0.1	−0.5	−0.4
Hrein erlend skuld í % af VLF	48.7	48.5	49.0	52.1	53.4	51.0	48.3	46.4
Greiðslubyrði í % af útfl.tekjum	19.7	20.1	19.1	20.3	20.2	17.3	16.5	15.9
Þjóðarframleiðsla	0.4	5.8	6.1	1.5	−2.9	2.6	3.6	2.2
Atvinnuleysi í % af mannafla	2.3	1.6	1.0	1.0	1.5	1.6	1.2	1.2
Gengi	−10.1	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Tímakaup	10.0	6.6	12.6	5.6	−0.3	−0.0	7.1	3.2
Verðbólga (framf.)	13.8	5.1	5.1	4.8	2.0	0.4	2.4	3.1
Kaupmáttur tímakaups	−3.3	1.4	7.2	0.8	−2.3	−0.4	4.6	0.1
Ráðstöfunartekjur á mann	−2.4	2.1	5.9	0.5	−1.6	2.2	4.1	0.7
Raungengi	−2.0	0.6	2.0	1.7	−1.0	−2.5	−0.6	0.1

Tafla 6. Samanburður áldæmis og grunndæmis.

Frávik í % frá grunndæmi, nema annað sé tekið fram.

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Hagvöxtur	0.5	3.4	2.4	−0.7	−4.1	2.9	1.3	−0.1
Verg landsframleiðsla	0.5	3.8	6.3	5.5	1.3	4.1	5.4	5.3
Bein viðbót við VLF í % af VLF grunndæmis	0.2	1.6	2.7	2.5	1.0	2.8	2.9	2.9
Margfeldisáhrif í % af VLF grunndæmis	0.3	2.2	3.6	3.1	0.3	1.3	2.6	2.4
Verg þjóðarframleiðsla	0.5	3.8	6.1	5.4	0.5	1.3	2.6	2.5
Vergar þjóðartekjur	0.4	3.7	5.9	5.1	0.4	2.3	3.7	3.6
Útflutningur	0.0	0.3	0.5	0.6	3.2	20.6	21.3	20.8
Viðskiptajöfnuður í % af VLF grunndæmis	−0.5	−4.0	−6.3	−6.7	−1.6	0.0	−0.9	−1.1
þar af innfl. vegna nýfjárfestinga	−0.4	−3.0	−4.3	−4.9	−1.0	−0.0	0.0	−0.0
þar af þensluáhrif og viðsk. álv. (93-96)	−0.1	−1.0	−1.9	−1.8	−0.5	0.0	−0.9	−1.0
Erlend eiginfjárframlög í % af VLF grunndæmis	0.1	0.7	0.9	1.2	0.1	0.0	0.0	0.0
Arður úr landi í % af VLF grunndæmis	0.0	0.0	0.0	−0.5	−0.3	1.6	1.8	1.8
Erlendar skuldir í % af VLF grunndæmis	0.4	3.7	8.7	13.7	14.6	14.1	14.5	15.0
þar af skuldir álvers	0.4	3.1	6.7	11.4	10.2	9.6	8.9	8.1
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	0.2	1.7	4.0	2.6	0.4	2.0	5.0	4.4
Raungengi (verðlag)	0.0	0.3	1.4	1.9	1.0	−0.3	0.6	2.1
Raungengi (laun)	0.1	1.6	5.3	4.4	1.1	−0.5	4.6	5.4
Atvinnuleysi í % af mannafla grunndæmis	−0.1	−0.5	−0.6	−0.5	0.1	0.1	−0.2	−0.2

Nd. 922. Frumvarp til laga [525. mál]

um Kvikmyndastofnun Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

Kvikmyndastofnun Íslands heyrir undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Menntamálaráðherra skipar stofnuninni þriggja manna stjórn til þriggja ára í senn. Skal einn skipaður samkvæmt tilnefningu Félags kvikmyndagerðarmanna, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda og einn án tilnefningar. Enginn skal sitja í stjórn stofnunarinnar lengur en þrjú ár samfellt. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

3. gr.

Verkefni Kvikmyndastofnunar eru m.a. þessi:

1. Efling íslenskrar kvikmyndamenningar á Íslandi.
2. Öflun, varðveisla, útgáfa og dreifing upplýsinga um íslenskar kvikmyndir.

3. Kynning á íslenskum kvikmyndum erlendis í samvinnu við íslenska kvikmyndaframleiðendur.
4. Rekstur Kvikmyndasjóðs.
5. Rekstur Kvikmyndasafns Íslands.

4. gr.

Menntamálaráðherra ræður framkvæmdastjóra Kvikmyndastofnunar til fjögurra ára í senn, að fengnum tillögum stjórnar. Stjórn stofnunarinnar ræður annað starfsfólk og skal a.m.k. einn starfsmaður hafa umsjón með Kvikmyndasafni Íslands.

Kostnaður við rekstur Kvikmyndastofnunar Íslands greiðist úr ríkissjóði.

5. gr.

Stjórn Kvikmyndastofnunar skipar tvær þriggja manna nefndir til að úthluta úr Kvikmyndasjóði, úthlutunarnefnd A og úthlutunarnefnd B. Skulu meðstjórnendur í stjórn stofnunarinnar vera formenn hvor í sinni nefnd, skipaðir til eins árs í senn. Aðrir nefndarmenn skulu skipaðir án tilnefningar til tveggja ára í senn. Enginn skal sitja lengur en tvö ár samfellt í úthlutunarnefnd. Nefndarmenn mega ekki eiga hagsmuna að gæta við úthlutunina.

Stjórn stofnunarinnar skiptir framlagi til Kvikmyndasjóðs milli úthlutunarnefnda.

6. gr.

Hlutverk úthlutunarnefnda er að úthluta styrkjum úr Kvikmyndasjóði til íslenskrar kvikmyndagerðar óháð því hvaða tækni eru notuð við myndgerðina. Einnig er heimilt að veita lán. Með íslenskri kvikmyndagerð er átt við verkefni þar sem íslenskir aðilar hafa forræði.

Nefnd A skal ljúka úthlutun skv. 1. mgr. í janúar ár hvert en nefnd B í júlí ár hvert og skal nefnd A eigi hafa minna fé til ráðstöfunar en sem svarar ⅔ af heildarfjárveitingu til sjóðsins.

7. gr.

Tekjur Kvikmyndasjóðs eru:

1. Árlegt framlag úr ríkissjóði er nemi áætluðum virðisaukaskatti af kvikmyndasýningum. Áætlun þessi skal gerð af Hagstofu Íslands og miðast við verðlag eins og það er við gerð fjárlaga hverju sinni.
2. Vaxtatekjur.
3. Aðrar tekjur.

Kvikmyndastofnun Íslands tekur við tekjum og eignum Kvikmyndasjóðs samkvæmt lögum nr. 94/1984.

8. gr.

Nú ákveður stjórn Kvikmyndasjóðs að lána til verkefnis. Skal stjórnin þá kynna sér fjárhag fyrirtækisins eftir föngum. Miða skal við að stjórnin veiti að jafnaði ekki styrki til kvikmyndaframleiðenda sem hafa minna en 10% eigið fé til að leggja fram til verkefnis. Stjórninni er heimilt að veita til viðbótar við styrkinn ábyrgð fyrir bankalánum til þess að standa undir allt að 15% kostnaðar. Verði hagnaður af sýningu myndarinnar greiðir kvikmyndafyrirtækið lánið, ella fellur lánið á Kvikmyndasjóð.

9. gr.

Fari stuðningur við framleiðslu myndar fram úr helmingi af kostnaði við gerð hennar getur stjórn sjóðsins óskað eftir því að Ríkisbókhald fari yfir fjárreiður fyrirtækisins. Þá skal stjórn sjóðsins hafa heimild til þess að bjóða fyrirtækjum sem framleiða kvikmyndir með styrk úr sjóðnum upp á fjárhagslega og skipulagslega ráðgjöf.

10. gr.

Hlutverk Kvikmyndasafns er að safna íslenskum kvikmyndum og kvikmyndum um íslenskt efni, gömlum og nýjum, og varðveita þær. Enn fremur skal safnið sinna fræðslu um kvikmyndamál. Safninu er heimilt að efna til sýninga á myndum safnsins, að fengnu samþykki rétthafa.

Kvikmyndasafn fær fé til starfsemi sinnar samkvæmt sérgreindri fjárveitingu í fjárlögum hverju sinni. Er safninu heimilt að afla fjár með kvikmyndasýningum og útgáfustarfsemi eða öðrum viðlíka hætti.

11. gr.

Hverjum þeim, sem styrk fær úr Kvikmyndasjóði, er skylt að afhenda Kvikmyndasafni sýningarhæft eintak af myndinni til varðveislu.

Enn fremur hefur Kvikmyndasafn rétt á að kaupa á kostnaðarverði nýtt eintak til varðveislu af öllum íslenskum kvikmyndum.

12. gr.

Menntamálaráðherra setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum, að fenginni umsögn stjórnar Kvikmyndastofnunar. Skal þar m.a. kveðið nánar á um hlutverk stjórnar Kvikmyndastofnunar Íslands og verkaskiptingu stjórnarmanna, um hlutverk úthlutunarnefnda og fyrirkomulag úthlutunar.

Einnig er ráðherra heimilt að setja reglur um kvikmyndastörf erlendra aðila á Íslandi að undangenginni ítarlegri athugun.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi lög nr. 98 frá 1984, um kvikmyndamál.

Lög þessi skulu endurskoðuð eigi síðar en að fimm árum liðnum frá gildistöku þeirra.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrsta stjórn stofnunarinnar skal skipuð þannig að einn skal skipaður til þriggja ára, án tilnefningar, og skal hann vera formaður úthlutunarnefndar B fyrsta árið, formaður úthlutunarnefndar A annað árið og formaður stjórnar stofnunarinnar þriðja árið. Einn skal skipaður til tveggja ára samkvæmt tilnefningu frá Félagi kvikmyndagerðarmanna og skal hann vera formaður úthlutunarnefndar A fyrra árið en formaður stjórnar stofnunarinnar seinna árið. Einn skal skipaður til eins árs samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda og skal hann vera formaður stjórnar Kvikmyndastofnunar Íslands það ár. Enn fremur skulu meðstjórnendur í úthlutunarnefndum A og B í fyrsta sinn skipaðir þannig að annar sé skipaður til eins árs en hinn til tveggja ára.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér er flutt, gerir ráð fyrir nokkrum breytingum frá gildandi lögum um Kvikmyndasjóð. Frumvarpið byggist á vinnu nefndar sem fjallaði um málið og skilaði áliti á sl. ári. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar við upphaflegar tillögur nefndarinnar við meðferð málsins í ríkisstjórn.

Meginbreytingin frá frumvarpstillögum nefndarinnar felst í því að nú er gert ráð fyrir því að taka ákvæði um skattfrelsi framlaga til kvikmyndagerðar inn í reglugerð um álagningu tekjuskatts í stað þess að hafa ákvæðið í kvikmyndalögum. Verður reglugerð breytt þannig að í a-lið 12. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 615/1987 um frádrátt vegna gjafa til menningarmála verði bætt orðunum „og íslenskar kvikmyndir sem hafa hlotið viðurkenningu Kvikmyndastofnunar“. Þetta þýðir að fyrirtæki geta dregið frá tekjum sínum fyrir skatt allt að 0,5% af aðstöðugjaldsstofni vegna kvikmyndagerðar. Hér getur verið um að ræða verulegar fjárhæðir

þegar um er að ræða stærri fyrirtæki og munar hvað mestu um þennan lið sem ákveðinn er í tengslum við frumvarpið. Hefur fjármálaráðherra ákveðið að breyta reglugerðinni um leið og frumvarp þetta verður að lögum.

Meginbreytingar samkvæmt frumvarpinu eru raktar með athugasemdum við einstakar greinar.

Menntamálaráðherra skipaði 12. desember 1988 nefnd sem ætlað var að fjalla um stefnumótun í kvikmyndamálum og undirbúa að komið verði á fót Kvikmyndastofnun Íslands. Í skipunarbréfi var m.a. tekið fram að nefndin skuli endurskoða lög um kvikmyndamál frá 30. maí 1984 og leggja fram drög að nýjum lögum um kvikmyndamál sem lögð yrðu fram á Alþingi hið fyrsta.

Í nefndina voru skipaðir Ágúst Guðmundsson kvikmyndagerðarmaður, Atli Ásmundsson fulltrúi, Elsa S. Þorkelsdóttir lögfræðingur og Þráinn Bertelsson kvikmyndagerðarmaður sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin hélt átta fundi og kallaði á sinn fund Guðbrand Gíslason, framkvæmdastjóra Kvikmyndasjóðs. Tveir nefndarmanna ræddu við Knút Hallsson, formann Kvikmyndasjóðs, og gengið var á fund fjármálaráðherra vegna fjárframlaga ríkisins til Kvikmyndasjóðs. Fjármálaráðherra voru jafnframt kynntar hugmyndir nefndarinnar að stofnun sérstakrar Kvikmyndastofnunar Íslands og hugmyndir að breytingu á rekstrarskipan frá því sem nú er.

Nefndin aflaði gagna víða að, fékk m.a. eldri nefndarálit um tillögur að skipan kvikmyndamála og skýrslu frá fyrrverandi forstöðumanni Kvikmyndasafns, Erlendi Sveinssyni, og aflaði erlendra gagna um skipan þessara mála.

Íslensk menning er á tækniöld í harðri samkeppni við misgott erlent efni sem brátt verður flestum landsmönnum aðgengilegt í heimahúsum í ríkara mæli en nokkru sinni fyrr. Aldrei hefur verið meiri ástæða til að standa vörð um og styrkja íslenska kvikmyndagerð til að halda í horfinu við erlend menningaráhrif. Til þess er íslensk kvikmyndagerð best fallin og er þessu frumvarpi ætlað að stykja stöðu hennar.

Um kostnað.

Í tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir nokkurri aukningu á framlagi ríkisins til kvikmyndamála. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um að rekstur Kvikmyndastofnunar verði aðskilinn frá fjárframlagi til sjóðsins, enda gerð tillaga um að rekstur sjóðsins verði einungis eitt af mörgum hlutverkum stofnunarinnar. Í öðru lagi er gerð tillaga um að fjárframlag til Kvikmyndasjóðs verði áætlaður virðisaukaskattur af kvikmyndasýningum. Það er mikilvægt að fjárframlag til Kvikmyndasjóðs verði aukið frá því sem nú er og sjóðnum gert kleift að styrkja a.m.k. þrjár nýjar leiknar myndir á ári en ætla má að kostnaður við leikna mynd sé 40 til 50 milljónir króna. Einnig er mikilvægt að sjóðurinn geti staðið undir minni styrkjum til t.d. gerðar heimildamynda og til handritagerðar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Nauðsyn á stofnun Kvikmyndastofnunar hefur verið ljós um allnokkurt skeið. Hefur starfsemi Kvikmyndasjóðs aukist mjög á undanförnum árum og hefur sjóðurinn að hluta til gegnt því hlutverki sem hér er gerð tillaga um að verði lögfest, þ.e. að samræma störf og efla íslenska kvikmyndagerð og íslenska kvikmyndamenningu. Heitið undirstrikar margþætt hlutverk stofnunarinnar, en eitt af hlutverkum hennar er rekstur Kvikmyndasjóðs.

Um 2. gr.

Hér er gerð tillaga um ákveðinn hreyfanleika í stjórn stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að enginn sitji í stjórn stofnunarinnar lengur en þrjú ár samfellt og að stjórnin skipti með sér

verkum þannig að einn stjórnarmanna sé formaður en einungis eitt ár í senn. Aðrir stjórnarmenn fara með formennsku hver í sinni úthlutunarnefnd Kvikmyndasjóðs. Sjá einnig ákvæði til bráðabirgða. Til að einfalda uppbyggingu stofnunarinnar er gert ráð fyrir að stjórn stofnunarinnar fari jafnframt með stjórn Kvikmyndasafns.

Um 3. gr.

Breytingin hér er í samræmi við breytingar á 1. gr. frumvarpsins, þ.e. að með lögum skal setja á stofn Kvikmyndastofnun Íslands. Rekstur Kvikmyndasjóðs verður eitt af hlutverkum stofnunarinnar. Önnur hlutverk eru óbreytt, einungis um orðalagsbreytingar að ræða.

Um 4. gr.

Fellt er út úr núgildandi lögum ákvæði um að ráðning annars starfsfólks fari „eftir því sem fjárveitingar leyfa". Slíkt ákvæði er óþarft þar sem allar ráðningar hjá ríkinu eru háðar ákvörðun fjárveitingavaldsins. Frumvarpið gerir einnig ráð fyrir að rekstur stofnunarinnar verði aðskilinn frá lögbundnum fjárveitingum til Kvikmyndasjóðs og fjárveitingar til stofnunarinnar ákveðnar í fjárlögum ár hvert. Til að tryggja áframhaldandi uppbyggingu Kvikmyndasafns þykir rétt að lögfesta að a.m.k. einn starfsmaður skuli sinna safninu sérstaklega.

Um 5. gr.

Til að tryggja eðlileg tengsl milli stjórnar stofnunarinnar og úthlutunarnefndar er gerð tillaga um að meðstjórnendur verði formenn hver í sinni úthlutunarnefnd. Aðrir nefndarmenn eru skipaðir, án tilnefningar, til tveggja ára og er óheimilt að skipa þá aftur fyrr en liðin eru a.m.k. tvö ár frá því þeir síðast áttu sæti í úthlutunarnefnd. Hér er gerð tillaga um sams konar hreyfanleika og tillaga er gerð um með stjórn stofnunarinnar.

Um 6. gr.

Lagt er til að fjárframlagi til Kvikmyndasjóðs verði deilt upp milli tveggja úthlutunarnefnda sem úthluti, önnur fyrri hluta árs, en hin síðari á miðju ári. Með þessu vinnst að kvikmyndagerðarmenn þurfa ekki að bíða jafnlengi og nú er. Enn fremur fæst áfrýjunarmöguleiki. Verkefni hvorrar úthlutunarnefndar yrði að auki viðráðanlegra. Meginúthlutunin verður þó fyrri hluta árs þar sem kvikmyndataka fer að mestu fram að sumri.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir að framlag ríkissjóðs til kvikmyndagerðar miðist við virðisaukaskatt af kvikmyndum. Framlag til Kvikmyndasjóðs skal samkvæmt lögum nr. 94/1984 nema áætluðum söluskatti af kvikmyndasýningum í landinu. Ákvæðið byggir á því að sýning erlendra kvikmynda hér á landi sé til styrktar íslenskri kvikmyndagerð.

Um 8. gr.

Hér eru ákvæði sem kveða nánar á um það hvernig með skuli fara sé veitt lán til kvikmyndagerðar. Skal stjórn Kvikmyndasjóðs m.a. ganga úr skugga um að kvikmyndaframleiðandinn leggi a.m.k. 10% af kostnaði við gerð myndarinnar fram sem eigin fé. Þá er kveðið á um að Kvikmyndasjóði sé heimilt að ganga í ábyrgð fyrir láni er nemi allt að 15% af kostnaði við gerð kvikmyndar. Geti þá til þess komið að kostnaður sem þessu nemi falli á sjóðinn.

Um 9. gr.

Þar er gert ráð fyrir því að unnt verði að krefjast yfirlits um bókhald viðkomandi fyrirtækis, enda fari styrkur við gerð myndarinnar fram úr helmingi af áætluðum kostnaði við gerð hennar. Þá er gert ráð fyrir því að Kvikmyndastofnun megi bjóða fram aðstoð við gerð fjárhagsáætlunar við gerð myndarinnar sem styrkt kann að verða.

Um 10. gr.

Ákvæðið er að mestu samhljóða 8. og 9. gr. laga nr. 98 frá 1984, um kvikmyndamál. Einungis er um orðalagsbreytingar að ræða. Fellt er út ákvæði um að safnið skuli safna erlendum kvikmyndum sem hafa listrænt eða menningarsögulegt gildi. Kvikmyndasafni er að sjálfsögðu slíkt heimilt eftir sem áður taki stjórn stofnunarinnar ákvörðun um það og fáist til þess fé á fjárlögum. Meginhlutverk safnsins er þó að safna og varðveita íslenskar kvikmyndir.

Um 11. gr.

Lagt er til að komið verði á skilaskyldu til safnsins svo að það megi gegna hlutverki sínu. Skilaskylda innlendra kvikmynda er lögfest í flestum nágrannaríkjunum.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Tilgangur ákvæðisins er að koma á þeim hreyfanleika sem lagður er til í 2. og 5. gr. frumvarpsins.

Ed. 923. Frumvarp til laga [526. mál]

um æskulýðsmál.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að setja reglur um opinberan stuðning við æskulýðsstarfsemi og stuðla að samvinnu þeirra aðila er að þeim málum vinna. Aðilar, sem notið geta stuðnings samkvæmt lögum þessum, eru:

1. Félög og samtök er vinna að æskulýðsmálum á áhugamannagrundvelli, enda byggist félagsstarfsemin fyrst og fremst á sjálfboðastarfi og eigin fjárframlögum félagsmanna.
2. Aðrir þeir aðilar er sinna einkum málum ófélagsbundinnar æsku í skipulögðu starfi.

Lögin taka til æskulýðs- og tómstundastarfsemi. Lögin miðast einkum við æskulýðsstarfsemi fyrir börn og ungmenni og einnig félagsstarf með ungu fólki. Menntamálaráðuneytið setur reglur er kveða nánar á um hvað teljist æskulýðssamtök í skilningi laganna.

II. KAFLI

Stjórn æskulýðsmála.

2. gr.

Heildarsamtök æskulýðsfélaga fara með stjórn æskulýðsmála í umboði og samráði við menntamálaráðuneytið samkvæmt lögum þessum. Heildarsamtök æskulýðsfélaga kjósa stjórn sem fer með daglega stjórn æskulýðsmála og starfrækir miðstöð æskulýðsfélaga.

3. gr.

Menntamálaráðherra getur falið stjórn heildarsamtaka æskulýðsfélaga:

1. Að skipuleggja og samræma opinberan stuðning við æskulýðsstarf í landinu og leitast við að efla starfsemi félaga og samtaka sem að æskulýðsmálum vinna.
2. Að gera tillögur til menntamálaráðuneytis um fjárveitingar til æskulýðsmála.
3. Að gangast fyrir námskeiðum, fundum og ráðstefnum um æskulýðsmál og skyld málefni.
4. Að sjá til þess að gefin séu út leiðbeinendarit á sviði félagsmála og að endurskoðun þessara rita fari að minnsta kosti fram á fimm ára fresti.
5. Að boða eigi sjaldnar til fundar en einu sinni á ári með fulltrúum æskulýðssamtaka þar sem fjallað er um æskulýðsmál og gerð grein fyrir störfum stjórnar og heildarsamtaka.
6. Að safna gögnum um æskulýðsmál hérlendis og erlendis. Fylgjast með þróun þeirra mála, gera samanburð og láta í té upplýsingar til stjórnvalda um æskulýðsmál.
7. Að stuðla að því að fram fari fræðilegar rannsóknir á sviði æskulýðsmála og að koma á framfæri nýjungum í æskulýðsstarfi.
8. Að sjá um tengsl við þá aðila er sinna íþrótta- og æskulýðsmálum í menntamálaráðuneyti.
9. Að stuðla að samstarfi um ráðstafanir er miða að lausn sérstakra vandamála er skapast kunna og snerta börn og ungmenni.
10. Að sjá um daglegan rekstur miðstöðvar æskulýðsfélaga.
12. Að sinna öðrum þeim verkefnum en talin eru upp í lögum þessum og menntamálaráðuneytið kann að fela heildarsamtökum.

III. KAFLI

Fjármögnun.

4. gr.

Kostnaður við störf stjórnar heildarsamtaka æskulýðsfélaga, rekstur miðstöðvar æskulýðsfélaga og þar með talinn launakostnaður starfsmanns heildarsamtakanna skal greiddur með framlagi úr ríkissjóði.

Ákvæði um framkvæmd þessarar greinar skulu sett í reglugerð.

IV. KAFLI

Æskulýðssjóður.

5. gr.

Stofna skal æskulýðssjóð. Ríkissjóður leggur sjóðnum til árlega 10 millj. kr. á verðlagi í janúar 1990.

Verkefni sjóðsins skal vera að veita fjármagni til einstakra verkefna í æskulýðsstarfi. Þá skal einnig heimilt að styrkja námskeið og annað fræðslustarf einstakra æskulýðssamtaka. Skipa skal fjögurra manna sjóðstjórn. Formaður sjóðsins skal tilnefndur af menntamálaráðherra, stjórn heildarsamtaka æskulýðsfélaga skipar tvo menn og einn er tilnefndur af fjármálaráðherra. Skulu fulltrúar ráðherranna vera tilnefndir til jafnlangs tíma og ráðherrarnir sitja. Fulltrúar stjórnar heildarsamtaka æskulýðsfélaga sitja kjörtímabil stjórnar heildarsamtaka æskulýðsfélaga.

V. KAFLI

Reglugerð og gildistaka.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd þessara laga.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 24/1970, um æskulýðsmál.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þetta frumvarp er byggt á tillögum nefndar sem menntamálaráðherra skipaði 16. desember 1988. Nefndin skilaði tillögum sínum til menntamálaráðherra 21. desember sl. Nefnd þessi á einnig að skila tillögum um stefnumótun í íþróttamálum til aldamóta og er tillagna þeirra að vænta í vetur. Nefndin sem samdi frumvarpsdrögin var þannig skipuð: Árni Guðmundsson æskulýðsfulltrúi, Hafnarfirði, Hermann Sigtryggsson æskulýðsfulltrúi, Akureyri, Lovísa Einarsdóttir íþróttakennari, Hólmfríður Garðarsdóttir framkvæmdastjóri, Unnur Stefánsdóttir verkefnastjóri, Jóhanna Leópoldsdóttir skrifstofustjóri, Elís Þór Sigurðsson, íþrótta- og æskulýðsfulltrúi, Akranesi, Alfreð Gíslason sagnfræðingur og Janus Guðlaugsson námsstjóri.

Í starfi sínu hafði nefndin hliðsjón af nefndarstörfum um sama málefni sem lauk á árinu 1986. Í heild er hér um að ræða endurskoðun á æskulýðslögunum frá 1970 og er um ýmsar breytingar að ræða.

Í tillögum sínum gerði nefndin ráð fyrir því að sérstakur æskulýðsfulltrúi ríkisins starfaði áfram. Menntamálaráðherra féllst ekki á þá tillögu og gerir hér í frumvarpinu tillögu um að starf æskulýðsfulltrúa verði lagt niður. Þá gerði nefndin ráð fyrir mörkuðum tekjustofni í æskulýðssjóð. Þeirri tillögu er hafnað, en í staðinn gert ráð fyrir föstu framlagi í sjóðinn úr ríkissjóði og nemi framlagið 10 millj. kr. á verðlagi janúarmánaðar 1990.

Grundvallarbreytingin samkvæmt frumvarpinu er sú að æskulýðsfélögunum er ætlað úrslitaforræði málaflokksins ásamt menntamálaráðherra. Þannig er forræðið fært frá ríkinu til félagasamtakanna. Er það í samræmi við stefnu menntamálaráðuneytisins og ríkisstjórnarinnar á öðrum sviðum.

Gert er ráð fyrir að skipting verkefna sé afmörkuð þannig að starfsemi ráðuneytis sé að mestu leyti á vettvangi samstarfs ríkisstjórna og í samskiptum við sveitarfélög eftir því sem við á. Hafa ber í huga að verkaskiptingarlögin munu hafa veruleg áhrif hvað varðar félags- og æskulýðsstarf í sveitarfélögum.

Á undanförnum árum hafa starfað tveir meginaðilar, þ.e. Æskulýðssamband Íslands og Æskulýðsráð ríkisins, í þessum málaflokki. Fjárveitingar til þessara aðila hafa alla tíð verið af skornum skammti. Má í því sambandi nefna að árið 1989 var t.d. 1.280.000 kr. varið til Æskulýðsráðs ríkisins (ÆRR) og 500.000 kr. varið til Æskulýðssambands Íslands (ÆSÍ). Ljóst er að umrætt fjármagn nægir engan veginn til að standa undir blómlegu æskulýðsstarfi.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að stofna ein heildarsamtök æskulýðsfélaga. Í framhaldi af því er hugmyndin sú að skapa heildarsamtökunum sameiginlega aðstöðu, miðstöð æskulýðsfélaga. Miðstöð þessi mun gegna svipuðu hlutverki og íþróttamiðstöðin í Laugardal gegnir fyrir íþróttahreyfinguna. Hafa ber þó í huga að um mun minni einingu er að ræða. Með þessu fyrirkomulagi fá félögin því sameiginlegan starfsvettvang og verða vonandi betur búin til að mæta auknum verkefnum og kröfum sem til þeirra verða gerðar í framtíðinni.

Varðandi gildandi lög um æskulýðsmál frá 1970 er í þessu frumvarpi gert ráð fyrir að greinar eins og 5. gr. laganna um heimild til að stofna æskulýðsnefndir eins eða fleiri sveitarfélaga falli niður. Grein þessi hefur í raun aldrei verið í gildi. 8. gr. um sumarbúðir og útivistarsvæði er þegar komin í önnur lög og er þar af leiðandi óþörf. 10 gr. er um stuðning bæjar- og sveitarfélaga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gera þarf ráð fyrir að menntamálaráðuneytið setji reglur er kveði á um hvað teljist æskulýðssamtök í skilningi þessa frumvarps og jafnframt komi þar fram aldursákvæði. Benda

má á að skilgreining hjá evrópska æskulýðssjóðnum hvað varðar aldursákvæði æskulýðsfélaga er að þau samtök, sem vilja kalla sig æskulýðssamtök og fá úthlutað úr sjóðnum, hafi eigi fleiri en ¼ hluta félagsmanna sinna yfir 30 ára aldri.

Um 2. gr.

Í þessari grein er gerð tillaga um þá grundvallarbreytingu að menntamálaráðuneytið felur heildarsamtökum æskulýðsfélaga að annast þennan málaflokk í samráði við ráðuneytið.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um helstu verkefni heildarsamtaka æskulýðsfélaga. Í þessari grein er starfsemi samtakanna skilgreind í 12 liðum. Hér er um mun nánari skilgreiningu að ræða en í gildandi lögum.

Um 4. gr.

Í þessari grein er fjallað um fjármögnun. Gert er ráð fyrir eins og fram kemur í umfjöllun um 4. gr. að ríkissjóður standi fyrir framlagi er nemi launakostnaði starfsmanns heildarsamtaka æskulýðsfélaga, framlagi vegna húsnæðis og rekstrarframlagi vegna skrifstofu.

Um 5. gr.

Í þessari grein eru sameinuð ýmis ákvæði gömlu laganna og sett í eina grein. Gert er ráð fyrir að stofna sérstakan æskulýðssjóð sem mundi njóta árlegra framlaga af fjárlögum er nemi allt að 10 millj. kr. á ári (á verðlagi janúarmánaðar 1990).

Gert er ráð fyrir að í sjóðstjórn verði fjórir einstaklingar. Formaður er tilnefndur af menntamálaráðherra, heildarsamtök æskulýðsfélaga skipa tvo menn og einn er tilnefndur af fjármálaráðherra.

Um 6. og 7. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Umsögn frá fjármálaráðuneyti, Fjárlaga- og hagsýslustofnun, um frumvarp til laga um æskulýðsmál, send menntamálaráðherra.
(20. mars 1990.)

Frumvarp þetta miðar að því að stofnuð verði ein heildarsamtök æskulýðsfélaga sem fari með stjórn æskulýðsmála í umboði og samráði við menntamálaráðuneytið. Heildarsamtökin kjósa stjórn sem fer með daglega stjórn æskulýðsmála og starfrækir miðstöð æskulýðsfélaga.

Einnig er í frumvarpinu gert ráð fyrir að stofnaður verði æskulýðssjóður. Verkefni sjóðsins skal vera að veita fjármagni til einstakra verkefna í æskulýðsstarfi. Auk þess er sjóðnum heimilt að styrkja námskeið og annað fræðslustarf einstakra æskulýðssamtaka.

Frumvarp þetta felur væntanlega í sér nokkra hækkun á framlagi úr ríkissjóði til æskulýðsmála frá því sem gildandi lög nr. 24/1970, um æskulýðsmál, kveða á um. Í fjárlögum 1990 er fjárveiting til Æskulýðsráðs ríkisins 1,5 millj. kr., Æskulýðssambands Íslands 0,7 millj.

kr. og gera má ráð fyrir að launakostnaður æskulýðsfulltrúa ríkisins verði á árinu 1990 um 1,5 millj. kr. Verði frumvarp þetta að lögum er ekki gert ráð fyrir fjárveitingum vegna ofangreindra liða.

Að mati ráðuneytisins verður framlag ríkissjóðs samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps allt að 15 millj. kr. á ári. Beinn kostnaðarauki ríkissjóðs gæti því numið um 11 millj. kr. á ári (janúarverðlag 1990).

Eftirfarandi er mat ráðuneytisins á þeim ákvæðum frumvarpsins sem áhrif hafa á fjárveitingar úr ríkissjóði:

1. Heildarsamtök æskulýðsfélaga, sbr. 4. gr.

Frumvarpið kveður á um að kostnaður við störf stjórnar heildarsamtaka æskulýðsfélaga, rekstur miðstöðvar æskulýðsfélaga, þar með talinn launakostnaður starfsmanns heildarsamtakanna, skuli greiddur með framlagi úr ríkissjóði.

Reiknað er með að í miðstöð æskulýðsfélaga verði aðstaða til fundarhalda og aðstaða fyrir starfsmann samtakanna. Gera má ráð fyrir að kostnaður við leigu og rekstur um 100 m^2 húsnæðis verði um 1,0 millj. kr. á ári, launakostnaður starfsmanna um 1,5 millj. kr. og önnur rekstrargjöld 2–2,5 millj. kr. Ætla má að ákvæði þessarar greinar hafi í för með sér árlegt framlag úr ríkissjóði að fjárhæð 4,5–5 millj. kr.

2. Æskulýðssjóður, sbr. 5. gr.

Ákvæði eru þess efnis að árlega skuli ríkissjóður veita æskulýðssjóði fast framlag að upphæð 10 millj. kr. á verðlagi í janúar 1990.

Sþ. 924. Fyrirspurn [527. mál]

til iðnaðarráðherra um fjárfestingarsjóði iðnaðarins, Iðnlána- og Iðnþróunarsjóð.

Frá Guðmundi G. Þórarinssyni.

1. Hversu hátt hlutfall gjaldfallinna afborgana frá 1. jan. 1988 til 31. des. 1989 er nú í vanskilum hjá sjóðunum? Hve mikið var framlengt á síðasta ári?
2. Hvaða reglur gilda um vanskil hjá sjóðunum, hve lengi má einstakur skuldari vera í vanskilum án þess að gengið sé að honum? Sitja allir skuldarar við sama borð í þessu efni?
3. Hversu hátt hlutfall af útistandandi lánum Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs er bundið hjá tíu stærstu skuldurum hvors sjóðs? Hversu hátt hlutfall af eigin fé hvors sjóðs um sig er þetta?
4. Hvernig skiptast útlánin á tíu stærstu skuldarana sem hlutfall af heildarútlánum og eigin fé (nöfn skuldaranna skipta ekki máli í þessu sambandi)?
5. Á hve löngum tíma hafa þessar skuldir myndast?
6. Hvernig er fjárhagsstaða þessara skuldara, eru þeir í skilum og ef ekki, hve mikil eru vanskilin? Hve miklu hefur verið skuldbreytt fyrir þessa aðila? Hve mikið hafa þeir endurgreitt miðað við upphafleg lán?
7. Yfirlit óskast um hlutabréfaeign Draupnis hf. Hvaða sjónarmið liggja til grundvallar hlutabréfakaupum Draupnis?

Skriflegt svar óskast.

Nd. 925. Frumvarp til laga [528. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðist svo:

Hagnaður manns af sölu hlutabréfa, sem hann hefur keypt á árinu 1990 og síðar í félögum sem ríkisskattstjóri hefur á söluári bréfanna veitt staðfestingu um að uppfylli skilyrði III. kafla laga nr. 9/1984, telst þó ekki til skattskyldra tekna hafi hin seldu hlutabréf verið í eigu mannsins í full fjögur ár. Hámark skattfrjáls hagnaðar samkvæmt þessari málsgrein er 300.000 kr. Um hagnað umfram skattfrjálst hámark og um hagnað af sölu hlutabréfa, sem maður hefur keypt á árinu 1989 eða fyrr, fer eftir ákvæðum 1. mgr.

2. gr.

Í stað „10%“ í 1. málsl. 2. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna, sbr. a-lið 4. gr. laga nr. 8/1984 og a-lið 1. gr. laga nr. 117/1989, komi: 15%.

3. gr.

Við 31. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 2/1988, bætist nýr töluliður er verði 4. tölul. og orðist svo:

Sannanlega tapað hlutafé sem aðili hefur eignast á þann hátt að hann hefur, vegna greiðsluerfiðleika hlutafélags, tekið hlutabréf sem gagngjald fyrir viðskiptakröfu sem hann átti á hendur hlutafélagi, enda hafi viðskiptakrafan verið vegna sölu á vöru eða þjónustu. Má draga verð slíkra hlutabréfa frá tekjum á því tekjuári þegar hlutafé er sannanlega tapað.

4. gr.

Í stað „10%“ í 8. tölul. 1. mgr. 31. gr. laganna, sbr. b- og c-lið 5. gr. laga nr. 8/1984, komi: 15%.

5. gr.

4. málsl. 5. tölul. 1. mgr. 74. gr. laganna orðist svo: Séu verðbréf önnur en hlutabréf skráð á opinberu kaupþingi skal telja þau til eignar á kaupþingsverði síðasta kaupþingsdags fyrir lok reikningsárs.

6. gr.

122. gr. laganna, sbr. a-lið 20. gr. laga nr. 49/1987, 19. gr. laga nr. 97/1988 og 14. gr. laga nr. 117/1989, orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir sem um ræðir í 3. mgr. 17. gr., 2. og 4. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr., 2. mgr. 30. gr., 41. gr., 68. gr., 69. gr., 78. gr. og 83. gr. í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1991.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1991 vegna tekna og eigna á árinu 1990.

Greinargerð.

Í þessu frumvarpi til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt er lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar varðandi skattfrádrátt vegna fjárfestingar manna í hlutafélög-

um. Í desember sl. voru gerðar breytingar á framangreinum lögum varðandi frádráttarheimildir vegna fjárfestingar í hlutafélögum þar sem t.d. hámarksfrádráttur vegna fjárfestingar í hlutafélögum var hækkaður umfram verðlag. Þær breytingar, sem gerðar voru í desember sl., höfðu veruleg áhrif á viðskipti með hlutabréf og varð mikil aukning á sölu hlutabréfa í lok síðasta árs.

Á því samdráttarskeiði, sem atvinnulíf landsmanna gekk í gegnum á síðustu tveimur árum, hefur komið í ljós hversu veikburða og skuldug íslensk fyrirtæki eru. Þessi rýra eiginfjárstaða íslenskra fyrirtækja gerir þau vanhæfari til að þola tímabundin áföll. Erfiðleikarnir undanfarin tvö ár höfðu því mörg gjaldþrot í för með sér. Með þessu frumvarpi eru lagðar til breytingar sem miða að því að örva eiginfjármyndun í íslenskum atvinnurekstri.

Breytingarnar sem felast í frumvarpinu eru þessar:

— Söluhagnaður af hlutabréfum í tilteknum fyrirtækjum verður skattfrjáls ef hann er ekki yfir 300.000 kr. eftir fjögurra ára eignarhaldstíma.
— Heimilt verður að miða skattfrjálsar arðgreiðslur við allt að 15% af nafnverði hvers einstaks hlutabréfs í stað 10% samkvæmt núgildandi lögum.
— Hjá fyrirtækjum verður úthlutaður arður frádráttarbær upp að 15% af nafnverði hlutabréfs í stað 10% samkvæmt núgildandi lögum.
— Lagaákvæðum er breytt í því skyni að auðvelda viðskipti með hlutabréf á Verðbréfaþingi Íslands.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að söluhagnaður af hlutabréfum verði skattfrjáls upp að tilteknu marki og að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Gert er ráð fyrir því að söluhagnaður af sölu á hlutabréfum, sem er ekki hærri en 300.000 kr. hjá hverjum manni, verði skattfrjáls, enda hafi viðkomandi maður átt hlutabréfin í full fjögur ár. Hér er einungis um að ræða söluhagnað af sölu á hlutabréfum í félögum sem ríkisskattstjóri hefur á söluári veitt staðfestingu um að uppfyllt séu skilyrði III. kafla laga nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, með síðari breytingum. Sem dæmi um framangreind skilyrði er að um sé að ræða hlutafélag með hlutafé a.m.k. að fjárhæð 12.000.000 kr. (miðað við árslok 1988), hluthafar séu a.m.k. 25 og að engar hömlur séu lagðar á viðskipti með hlutafé félagsins og ársreikningar þess séu öllum aðgengilegir. Þessi grein tekur aðeins til söluhagnaðar af sölu á hlutabréfum sem keypt eru á árinu 1990 eða síðar.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessari grein er lagt til að arður, sem greiddur er einstaklingum, verði skattfrjáls að hámarki 15% af nafnverði hvers einstaks hlutabréfs eða hlutar í stað 10% samkvæmt núgildandi lögum. Samkvæmt þessu verður einstaklingum heimilt að draga frá tekjum sínum, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, fenginn arð að hámarki 15% af nafnverði hvers einstaks hlutabréfs, þó að hámarki 115.000 kr. hjá einstaklingi og 230.000 kr. hjá hjónum.

Um 3. gr.

Samkvæmt greininni verður heimilt að draga frá tekjum tapaða hlutafjáreign sem vegna greiðsluerfiðleika hlutafélags var tekin sem gagngjald fyrir viðskiptakröfu sem viðkomandi átti á hendur hlutafélaginu.

Um 4. gr.

Lagt er til að samræmi verði á milli skattfrelsis á útgreiddum arði hjá einstaklingi, sbr. 2. gr. frumvarpsins, og félagsins sem greiðir hann út. Samkvæmt þessu verður félaginu heimilað að draga frá tekjum sínum fjárhæð þá, sem það greiðir eða úthlutar í arð, þó að hámarki 15% af nafnverði hlutafjár í stað 10% eins og lögin kveða á um.

Um 5. gr.

Ekki þarf samkvæmt greininni að telja hlutabréf til eignar á kaupþingsverði þótt þau séu skráð á opinberu kaupþingi. Núgildandi lög eru talin koma í veg fyrir viðskipti með hlutabréf á Verðbréfaþingi Íslands. Tilgangurinn með þessari breytingu er að örva viðskipti með hlutabréf á Verðbréfaþingi Íslands og gera þau samkeppnisfær.

Um 6. gr.

Samkvæmt þessari grein er lagt til að hámarksfjárhæð skattfrjáls söluhagnaðar af sölu hlutabréfa skv. 1. gr. frumvarpsins breytist með sama hætti og fleiri fjárhæðir laga nr. 75/1981. Samkvæmt þessari grein mun fjárhæðin breytast í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin er í fjárlögum.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 926. Fyrirspurn [529. mál]

til fjármálaráðherra um skil á staðgreiddu útsvarsfé til sveitarfélaganna.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hversu háum fjárhæðum nemur ofgreiðsla ríkissjóðs á staðgreiddu útsvari til sveitarfélaga sem kom í ljós nú nýverið?
2. Hvernig áttu þessi mistök sér stað og hver ber ábyrgð á þeim?
3. Verður sveitarfélögunum gefinn kostur á að endurgreiða hið ofgreidda staðgreiðslufé með jöfnum greiðslum út árið?

Ed. 927. Frumvarp til laga [530. mál]

um Stjórnarráð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

Forseti Íslands skipar ráðherra í ríkisstjórn Íslands, ákveður tölu þeirra og skiptir með þeim störfum.

Ráðherrar fara með stjórnarmálefni í Stjórnarráði Íslands, hver í sínu ráðuneyti. Þeir bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum, hver á sínu sviði.

Stjórnarráðið hefur aðsetur í Reykjavík.

2. gr.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og mikilvæg stjórnarmálefni, þar á meðal um mál sem bera á upp fyrir forseta Íslands til staðfestingar.

Ráðherrafund skal halda ef einhver ráðherra óskar.

Forsætisráðherra stjórnar ráðherrafundum.

Forsætisráðherra felur starfsmanni forsætisráðuneytis að annast ritarastörf á ráðherrafundum. Ritari skráir fundargerð ráðherrafundar í gerðabók er forsætisráðherra hefur staðfest fundargerðina.

3. gr.

Stjórnarráð Íslands greinist í ráðuneyti. Ráðuneytin eru þessi:

1. Forsætisráðuneyti.
2. Byggða- og samgönguráðuneyti.
3. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.
4. Fjármálaráðuneyti.
5. Heilbrigðis- og félagsmálaráðuneyti.
6. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.
7. Landbúnaðarráðuneyti.
8. Menntamálaráðuneyti.
9. Sjávarútvegsráðuneyti.
10. Umhverfisráðuneyti.
11. Utanríkisráðuneyti.

Ráðuneyti má eigi á stofn setja né af leggja nema með lögum.

4. gr.

Þegar skipt er störfum með ráðherrum skal hvert ráðuneyti lagt óskipt til eins og sama ráðherra.

Forsætisráðherra felur einum ráðherra að fara með málefni er varða norrænt samstarf og sitja í nefnd samstarfsráðherra Norðurlanda. Skrifstofuhald vegna þessa skal vera hjá utanríkisráðuneyti.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 1. gr. og 1. mgr. þessarar greinar er heimilt að skipa ráðherra án ráðuneytis og fela honum framkvæmd tiltekinna viðfangsefna, sem upp kunna að koma og brýn nauðsyn þykir að lúti stjórn ráðherra, enda sé um að ræða stjórnarmálefni sem heyra undir fleiri ráðuneyti en eitt, sbr. 6. gr. Ráðherrar skulu þó aldrei vera fleiri en ellefu.

5. gr.

Nú fer ráðherra af landi brott um stundarsakir eða hefur önnur fyrirsjáanleg forföll um skamman tíma og skal hann þá fela öðrum ráðherra að gegna störfum fyrir sig á meðan. Slík ákvörðun skal tilkynnt forsætisráðuneyti bréflega og hennar getið í fundargerð næsta ráðherrafundar.

6. gr.

Stjórnarmálefni ber undir ráðuneyti eftir því sem mælt er fyrir í reglugerð er forseti Íslands setur samkvæmt tillögu forsætisráðherra. Þess skal gætt að skyld málefni lúti sama ráðuneyti.

Nú þykir vafi leika á því undir hvaða ráðuneyti málefni heyri og sker þá forsætisráðherra úr.

7. gr.

Hlutverk ráðuneytis er að sinna málefnum sem því eru fengin að lögum og með þeim hætti er þar greinir, svo og að undirbúa löggjöf. Ráðuneyti vinnur að fjárlagatillögum ráðuneytis og stofnana þess.

Ráðuneyti aðstoðar ráðherra við að framkvæma stefnu hans og er honum til aðstoðar við önnur embættisstörf.

8. gr.

Ráðuneyti hefur umsjón og eftirlit með stofnunum sem undir það heyra enda þótt þeim séu með lögum skipaðar sérstakar stjórnir.

Hafi verulegir annmarkar komið fram á rekstri stofnunar og ekki er bætt úr þrátt fyrir fyrirmæli ráðuneytis er ráðherra heimilt að ráða sérstakan eftirlitsaðila um stundarsakir, þó ekki lengur en til árs í senn, til að fylgjast náið með rekstri stofnunar fyrir hönd ráðherra.

9. gr.

Heimilt er að skipta ráðuneyti í skrifstofur og starfsdeildir, enda fullnægi fjöldi starfsmanna og verksvið samræmdum ákvæðum í reglugerð sem forsætisráðherra setur.

10. gr.

Ráðherra er heimilt að ráða til starfa í hverju ráðuneyti, sem hann fer með, aðstoðarmann. Aðstoðarmaður ráðherra gegnir störfum fyrir ráðherra svo lengi sem ráðherra ákveður, þó ekki lengur en ráðherra sjálfur.

Heimilt er ráðherra með erindisbréfi að fela aðstoðarmanni sínum meðferð tiltekinna verkefna innan ráðuneytis. Aðstoðarmanni ráðherra er heimilt að rita undir stjórnvaldserindi eftir því sem segir í slíku erindisbréfi.

Aðstoðarmaður ráðherra getur sagt starfi sínu lausu með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Í lok starfstíma nýtur hann biðlauna í þrjá mánuði eftir sömu reglum og ráðuneytisstjóri.

11. gr.

Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneyti undir stjórn ráðherra.

Í forföllum ráðuneytisstjóra gegnir skrifstofustjóri störfum ráðuneytisstjóra. Séu skrifstofustjórar fleiri en einn ákveður ráðherra, að fenginni tillögu ráðuneytisstjóra, hver þeirra skuli vera staðgengill ráðuneytisstjóra.

Ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis skal jafnframt embætti sínu gegna störfum ritara ríkisráðs Íslands.

12. gr.

Ráðuneytisstjóri skal ráðinn til sex ára í senn. Hverfi ráðuneytisstjóri úr starfi eftir samfellt starf í sex ár eða lengri tíma skal hann njóta biðlauna í sex mánuði. Taki hann við annarri stöðu í þjónustu ríkisins fellur niður greiðsla biðlauna ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunur þar til sex mánuðir eru liðnir.

13. gr.

Skrifstofustjórar stjórna skrifstofum og deildarstjórar starfsdeildum undir umsjón ráðuneytisstjóra. Ráðherra setur þeim erindisbréf þar sem nánar er kveðið á um starfssvið þeirra og starfsskyldur að öðru leyti en því sem ákveðið er í reglugerð.

14. gr.

Starfslið ráðuneyta, annað en ráðuneytisstjóri og aðstoðarmaður ráðherra, skal ráðið með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti.

Ákvæði 5. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um ráðningu aðstoðarmanns ráðherra.

15. gr.

Forsætisráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara, starfsemi Stjórnarráðs Íslands í heild og meðferð á sameiginlegum málum ráðuneyta.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1990. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 73 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Eftir gildistöku laga þessara og með þeim takmörkunum, sem hér á eftir greinir, eiga þeir starfsmenn Stjórnarráðs Íslands, sem skipaðir hafa verið ótímabundið, rétt til að gegna þeim stöðum eftir því sem við á, sbr. 4. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
2. Eftir birtingu laga þessara skipar forsætisráðherra nefnd þriggja manna til að fjalla um innra skipulag ráðuneyta, verksvið starfsmanna og starfsheiti, svo og skiptingu í skrifstofur og deildir. Ráðuneytisstjórar skulu starfa með nefndinni og gera tillögur til hennar. Nefndin skal semja tillögur að reglugerð skv. 15. gr. laga þessara er komi til framkvæmda í síðasta lagi 1. janúar 1991.
3. Leiði skipulagsbreytingar í samræmi við framangreinda reglugerð, sbr. 2. tölul., til breytingar á stöðuheiti, án þess að starf breytist, skal það eigi hafa í för með sér lækkun launa viðkomandi starfsmanns. Frá birtingu laga þessara og fram til þess að skipulagsbreytingar skv. 2. tölul. koma til framkvæmda er óheimilt að skipa í stöður skrifstofu- og deildarstjóra í Stjórnarráði Íslands, en heimilt er að ráða eða setja í stöðurnar til bráðabirgða.
4. Starfsmenn, sem gegnt hafa stöðum sem lagðar verða niður við framkvæmd laga þessara og breytta verkaskiptingu ráðuneyta, án þess að eiga kost á sambærilegri stöðu, skulu eiga rétt til óbreyttra fastra launa þar til eftirlaunarétti starfsmanna Stjórnarráðsins er náð, enda hafi þeir unnið að minnsta kosti 20 ár í opinberri þjónustu og ekki hafnað annarri sambærilegri stöðu á vegum ríkisins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. SKIPUN OG STARF NEFNDAR

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem forsætisráðherra skipaði 23. maí 1989 til þess m.a. að endurskoða starfshætti og skipulag Stjórnarráðs Íslands. Nefndin skilaði frumvarpi til forsætisráðherra með bréfi dags. 27. desember 1989. Af hálfu forsætisráðuneytisins hafa nokkrar breytingar verið gerðar á athugasemdum við lagafrumvarpið þar sem ráðuneytinu þótti rétt að sleppa ítarlegum skýringum á drögum að reglugerð um Stjórnarráð Íslands sem nefndin samdi og fylgir frumvarpinu sem fskj. I. Er setning reglugerðar um verkefni einstakra ráðuneyta enda óháð samþykkt frumvarpsins. Í nefndinni áttu sæti Jón Sveinsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, formaður, Arnmundur Backman hæstaréttarlögmaður, Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri og Guðmundur Ágústsson alþingismaður. Eftir myndun ríkisstjórnar með þátttöku Borgaraflokksins var Júlíusi Sólnes, ráðherra Hagstofu Íslands, falið með sérstöku bréfi að vinna með nefndinni að áðurgreindu starfi. Hefur starfsmaður hans, Páll Líndal, starfað með nefndinni frá þeim tíma. Starfsmaður og ritari nefndarinnar var Kristján Andri Stefánsson laganemi.

Frumvarp nefndarinnar byggist að verulegu leyti á þeim grundvelli, sem lagður var með setningu laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969. Auk gagna um frumvarp að gildandi lögum um Stjórnarráð Íslands hefur nefndin í starfi sínu haft til hliðsjónar frumvarp til laga um Stjórnarráð Íslands sem lagt var fram á 108. löggjafarþingi árið 1985 og samið var af svokallaðri stjórnkerfisnefnd sem skipuð var fulltrúum tilnefndum af þáverandi stjórnarflokkum, Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki. Í starfi sínu hefur nefndin kynnt sér aðdraganda að setningu gildandi laga, fundargerðir og vinnu stjórnkerfisnefndar, sem var mikil og ítarleg á sínum tíma, og farið yfir umræður á Alþingi um málið bæði fyrr og síðar. Drög að frumvarpi þessu voru ásamt reglugerðardrögum send til umsagnar öllum núverandi ráðuneytisstjórum og mörgum stofnunum er málið snertir. Þá hefur jafnt nefndin í heild sem formaður nefndarinnar rætt við allmarga aðila um frumvarpið og einstök verkefni ráðuneyta. Hefur

nefndin í ýmsu tekið tillit til þess. Loks óskaði nefndin skriflegra upplýsinga frá ráðuneytum um skipulag, starfsmannamál, verkefni o.fl. og bárust svör frá þeim öllum.

Með frumvarpi þessu er jafnframt kostnaðarumsögn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar um þær breytingar sem lagðar eru til, sjá fskj. II.

II. SÖGULEGT YFIRLIT

Á Alþingi árið 1958 flutti Bjarni Benediktsson svofellda tillögu til þingsályktunar um endurskoðun löggjafar um Stjórnarráð Íslands:

„Alþingi ályktar að kjósa með hlutfallskosningu fimm menn til að endurskoða löggjöf um Stjórnarráð Íslands og gera tillögur um skipun ráðuneyta og skiptingu starfa á milli þeirra."

Flutningsmaður gerði í stuttu máli grein fyrir nauðsyn á þessari endurskoðun. Aðrir tóku ekki til máls. Tillögunni var vísað til fjárveitinganefndar, svo sem flutningsmaður lagði til, „þar sem hér er um að ræða mál sem líklegt er að geti orðið til mjög mikils sparnaðar, bæði beint og óbeint", eins og komist var að orði.

Samkomulag varð um það í fjárveitinganefnd að í stað þess að Alþingi kysi nefnd til að annast endurskoðunina yrði ríkisstjórninni falið að láta endurskoðunina fara fram og leggja fyrir Alþingi lagafrumvarp um þetta efni svo fljótt sem verða mætti. Var það samþykkt.

Hermann Jónasson, þáverandi forsætisráðherra, skipaði 18. október 1958 þrjá menn í nefnd til að annast áðurnefnda endurskoðun. Formaður nefndarinnar var skipaður Jónatan Hallvarðsson, þáverandi hæstaréttardómari, en aðrir nefndarmenn voru þáverandi deildarstjórar í Stjórnarráðinu, Baldur Möller og Kristján Thorlacius.

Forsætisráðuneytið aflaði gagna fyrir nefndina um skipan mála á Norðurlöndunum fjórum, í Þýska sambandslýðveldinu og Sviss.

Jónatan Hallvarðsson ritaði 14. janúar 1959 ráðuneytisstjórum bréf þar sem hann óskaði greinargerðar um lög og aðrar reglur sem giltu um ráðuneyti þeirra hvers um sig, svo og málefni sem bæri undir ráðuneytið að lögum eða venju samkvæmt. Hann mun einnig hafa rætt við ráðuneytisstjóra en ekki er vitað nánar um hvort rætt var við alla eða einungis suma þeirra. Ekki var haldinn fundur með þeim sameiginlega. Í ágústmánuði 1960 fór formaður nefndarinnar utan til að kynna sér þau mál, sem hér um ræðir, á Norðurlöndum og víðar. Þessi ferð mun hafa staðið um mánaðartíma.

Síðari hluta árs 1961 skilaði nefndin frumvarpi og lauk þar með störfum. Frumvarpið var hins vegar aldrei lagt fyrir Alþingi.

Það er síðan ekki fyrr en sumarið 1968 sem mál þetta er tekið upp að nýju. Þá fól Bjarni Benediktsson, þáverandi forsætisráðherra, Jónatan Hallvarðssyni að vinna að nýju frumvarpi um Stjórnarráðið. Af gögnum verður ekki séð hvernig staðið var að samningu frumvarpsins að öðru leyti. Er ekki að sjá að neinn utanaðkomandi aðili hafi verið kvaddur til eða umsagna leitað áður en það var lagt fyrir Alþingi. Frumvarpinu var útbýtt á Alþingi 14. október 1968 og mælti forsætisráðherra fyrir því í neðri deild 17. sama mánaðar og sagði m.a.:

„Það var þó skoðun ríkisstjórnarinnar þegar hún fékk þetta frumvarp (frumvarp nefndarinnar frá 1958) að það leysti í raun og veru ekki úr þeim vanda sem hér krafðist úrlausnar. Það má segja að frumvarpið sem nefndin samdi hafi í raun og veru haft eina meginbreytingu, breytingu, sem að vissu leyti stefndi í rétta átt. Hún var sú að ekki mætti setja ný ráðuneyti eða afnema gömul nema með beinni lagaheimild. Þetta er þörf breyting, en þetta er líka meginbreytingin sem setja átti með þessum mikla lagabálki eða frumvarpi sem nefndin frá 1958 samdi. Að öðru leyti er aðalefni þess frumvarps um að kveða á með lögum og fastbinda í lögum hvaða málefni skuli heyra undir hvert ráðuneyti. Þá er ítarleg upptalning, nytsamlegt er út af fyrir sig að gera um þetta heildaryfirlit. Að vísu er þar að langsamlega mestu leyti stuðst við þá forsetaúrskurði sem fyrir hendi voru, en það er engu að síður góðra gjalda vert að þetta yfirlit var samið. Frumvarp með þessu yfirliti getur hæstvirt nefnd, sem nú

fær málið væntanlega hér til meðferðar, fengið til athugunar. En ríkisstjórnin taldi að frumvarpið sjálft væri þrátt fyrir allmikla lengd ekki svo viðamikið að það tæki því að lögfesta það út af fyrir sig í því formi sem það var. Það hefur síðan dregist úr hömlu kannski lengur en vert hefði verið að sinna málinu aftur."

Allsherjarnefnd, sem fékk málið til meðferðar, bárust þrjár umsagnir um málið, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, ráðuneytisstjórum Stjórnarráðsins og Agnari Kl. Jónssyni fyrir hönd Félags starfsmanna Stjórnarráðsins. Lögðust ráðuneytisstjórarnir gegn frumvarpinu og töldu höfuðbreytinguna, fyrirhugaða fjölgun ráðuneyta, vera til ills. Ekki var tekið tillit til þessa sjónarmiðs ráðuneytisstjóranna við meðferð frumvarpsins á Alþingi.

Í athugasemdum við frumvarpið um Stjórnarráð Íslands frá 1968 er yfirlit um skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands frá upphafi til þess tíma. Þar segir m.a. efnislega svo: Með stjórnarskipunarlögum, nr. 16/1903, var kveðið á um það að ráðherra Íslands skyldi hafa aðsetur í Reykjavík og með lögum nr. 17/1903 var ákveðið að stofna Stjórnarráð fyrir Ísland í Reykjavík og skipa í það landritara og þrjá skrifstofustjóra. Stjórnarráðið, sem tók til starfa 1. febrúar 1904, skiptist samkvæmt greindu lagaboði í þrjár stjórnardeildir eða skrifstofur. Þá var fyrsta skrifstofan með dóms-, kirkju- og kennslumál, önnur skrifstofa með atvinnu- og samgöngumál og þriðja skrifstofa með fjármál. Er ráðherrum var fjölgað með lögum nr. 1 1917 var embætti landritara, sem verið hafði sérstakur staðgengill ráðherra, lagt niður. Jafnframt var með konungsúrskurði 17. desember 1917 nöfnum stjórnarráðsskrifstofanna breytt í dóms- og kirkjumáladeild, atvinnu- og samgöngumáladeild og fjármáladeild. Með auglýsingu nr. 1/1922 var aftur breytt heitum stjórnardeildanna og þær þá nefndar dóms- og kirkjumálaráðuneyti, atvinnu- og samgöngumálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti. Hefur heitinu ráðuneyti verið haldið síðan. Með lögum nr. 58/1938 var skrifstofustjórum í Stjórnarráði Íslands fjölgað í fjóra. Var hinum nýja skrifstofustjóra falin umsjá stjórnardeildar er fjallað hafði um utanríkismál frá því á árinu 1929, en síðan stjórn utanríkisráðuneytis Íslands er lög um það höfðu verið sett, sbr. lög nr. 31/1941. Á grundvelli þessara laga urðu ráðuneytin þessi: atvinnumálaráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti. Önnur ráðuneyti voru ekki stofnuð með sérstökum lögum. Ríkisstjórnir settu hins vegar á stofn sjö ráðuneyti án atbeina löggjafans. Fé til þeirra var síðan veitt í fjárlögum. Þannig var viðskiptamálaráðuneyti stofnað árið 1939, félagsmálaráðuneyti 1946, menntamálaráðuneyti 1947, samgöngumálaráðuneyti 1947 og efnahagsmálaráðuneyti 1959, en það ráðuneyti var lagt niður er Efnahagsstofnun var komið á fót um mitt ár 1962. Á árinu 1956 var ákveðið að Hagstofa Íslands skyldi vera sérstakt ráðuneyti. Eftir að ráðherrar urðu fleiri en einn 1917 tók sérstök skrifstofa að annast málefni sem lögð voru til forsætisráðherra. Varð sú skrifstofa síðar forsætisráðuneyti og því ráðinn skrifstofustjóri árið 1947. Samkvæmt þessu voru ráðuneytin 1968 þessi: forsætisráðuneyti, atvinnumálaráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, Hagstofa Íslands, menntamálaráðuneyti, samgöngumálaráðuneyti, utanríkisráðuneyti og viðskiptamálaráðuneyti.

Fyrir setningu laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, voru ráðuneytin því tíu en urðu þrettán.

Þó að lögin hafi um margt verið til bóta telja ýmsir orka mjög tvímælis þá ákvörðun að kljúfa atvinnumálaráðuneytið upp í sjálfstæð fagráðuneyti. Þá er engin skynsamleg rök unnt að færa fyrir því að telja Hagstofu Íslands til sjálfstæðs ráðuneytis. Loks hefur ýmsum þótt óheppilegt og ekki til einföldunar að gera ráð fyrir sjálfstæðum stjórnardeildum innan Stjórnarráðsins með „ráðuneytisígildi", eins og gert var um Fjárlaga- og hagsýslustofnun og Ríkisendurskoðun.

Þremur atriðum er nú skipað á annan veg en gert er ráð fyrir í upphaflegum lögum. Um utanríkisþjónustuna hafa verið sett sérstök lög, nr. 39 16. apríl 1971. Þá hefur utanríkisráðuneytið tekið við utanríkisviðskiptum af viðskiptaráðuneytinu. Ríkisendurskoðun hefur verið

flutt úr fjármálaráðuneyti undir Alþingi samkvæmt sérstökum lögum, nr. 12 29. apríl 1986. Nýlega hefur verið stofnað sjálfstætt umhverfisráðuneyti með lögum nr. 3 23. febrúar 1990. Ráðuneytin eru því fjórtán. Málefni má hins vegar eins og áður segir flytja milli ráðuneyta með því að breyta reglugerð um Stjórnarráð Íslands. Hafa nokkrum sinnum verið gerðar breytingar á reglugerðinni. Ýmislegt hefur breyst á því 20 ára tímabili sem liðið er frá setningu laganna, viðhorf eru að ýmsu leyti önnur og sumt hefur farið öðruvísi en ætlað var í upphafi. Full ástæða er því að taka lögin til endurskoðunar.

III. HELSTU BREYTINGAR SAMKVÆMT LAGAFRUMVARPINU

Segja má að höfuðmarkmiðin með þeim breytingum, sem lagðar eru til í frumvarpinu, séu eftirfarandi:

Í fyrsta lagi að styrkja stöðu einstakra ráðuneyta og Stjórnarráðsins í heild í stjórnkerfinu bæði með því að sameina ráðuneyti og fækka þeim.

Í öðru lagi að stuðla að hagræðingu og sparnaði í stjórnsýslu ríkisins, m.a. með því að færa til og sameina skyld verkefni og endurskipuleggja innra stjórnkerfi ráðuneyta.

Í þriðja lagi að auka vald og jafnframt ábyrgð hvers ráðherra á sínu sviði. Með því að auka ábyrgð hvers ráðherra og afmarka skýrar verksvið ráðuneyta er reynt að fylgja þeirri meginreglu að mál beri ekki undir tvo eða fleiri ráðherra eða ríkisstjórnina í heild.

Í fjórða lagi að afmarka betur hlutverk og starfssvið aðstoðarmanna ráðherra.

Í fimmta lagi að afnema þá reglu að forseti skipi tiltekna starfsmenn Stjórnarráðsins. Jafnframt er afnumin æviráðning starfsmanna og þannig stuðlað að hreyfanleika og hæfilegri endurnýjun í starfsliði.

Helstu breytingar eru þessar:

1. Ráðuneytin verða ellefu í stað fjórtán.
2. Hagstofa Íslands er felld niður sem sjálfstætt ráðuneyti og gert ráð fyrir henni sem sérstakri stofnun er heyri undir forsætisráðuneyti.
3. Felld er niður sú skipan að Fjárlaga- og hagsýslustofnun sé sjálfstæð stjórnardeild innan fjármálaráðuneytis. Gert er ráð fyrir því að hún verði ein af skrifstofum fjármálaráðuneytisins.
4. Heiti samgönguráðuneytis er breytt í byggða- og samgönguráðuneyti og til þess flutt viðbótarverkefni.
5. Heilbrigðis- og félagsmálaráðuneyti eru sameinuð í eitt ráðuneyti. Einstök verkefni beggja ráðuneyta eru fengin öðrum ráðuneytum. Heitið „tryggingamálaráðuneyti“ er fellt brott.
6. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti eru sameinuð í eitt ráðuneyti.
7. Áréttuð er stofnun umhverfisráðuneytis.
8. Forsætisráðherra er falið að fela einum ráðherra að fara með málefni er varða norrænt samstarf og setu í nefnd samstarfsráðherra Norðurlanda, sbr. 2. mgr. 4. gr.
9. Heimilað er að skipa ráðherra án ráðuneytis. Tekið er þó fram að ráðherrar skulu aldrei vera fleiri en ellefu, sbr. 3. mgr. 4. gr.
10. Tekið er skýrt fram að hverfi ráðherra brott um stundarsakir eða forfallist fyrirsjáanlega um skamman tíma skuli hann fela öðrum ráðherra að gegna störfum fyrir sig á meðan. Ákvörðun skal tilkynnt forsætisráðuneytinu bréflega sem lætur geta hennar sérstaklega í fundargerð næsta ráðherrafundar, sbr. 5. gr.
11. Afmarkað er betur hlutverk ráðuneytis, sbr. 7. gr. og 8. gr.
12. Ráðherra er heimilað að setja stofnun, sem lýtur ráðuneyti hans, sérstakan eftirlitsaðila um stundarsakir. Skilyrði slíks er þó að alvarlegir annmarkar séu á rekstri stofnunar og ekki verið bætt úr þrátt fyrir fyrirmæli ráðuneytis, sbr. 2. mgr. 8.gr.

13. Heimilað er að skipta ráðuneyti í skrifstofur og starfsdeildir, enda fullnægi fjöldi starfsmanna og sérhæft verksvið samræmdum ákvæðum í reglugerð sem forsætisráðherra setur. Í reglugerð verði stuðlað að samræmi milli ráðuneyta hvað snertir skiptingu í skrifstofur og deildir, sbr. 9. gr.
14. Hverjum ráðherra er heimilað að ráða sér sérstakan aðstoðarmann í hvert það ráðuneyti er hann fer með, sbr. 1. mgr. 10. gr.
15. Með sérstöku erindisbréfi er ráðherra heimilt að fela aðstoðarmanni sínum meðferð tiltekinna verkefna innan ráðuneytis og jafnframt að rita undir stjórnvaldserindi eftir því sem segir í slíku erindisbréfi, sbr. 2. mgr. 10. gr.
16. Forsetaskipun ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og deildarstjóra er afnumin. Æviráðning starfsmanna Stjórnarráðsins er afnumin. Ráðuneytisstjórar skulu ráðnir til sex ára í senn en aðrir starfsmenn ráðuneytis, þar með taldir skrifstofustjórar og deildarstjórar, skulu ráðnir með þriggja mánaða uppsagnarfresti, sbr. 12. gr. og 14. gr.
17. Ráðuneytisstjóri nýtur biðlauna í sex mánuði að loknu starfi og aðstoðarmaður ráðherra í þrjá mánuði. Aðrir aðilar njóta ekki biðlauna, sbr. 10. gr. og 12. gr.
18. Fellt er niður gildandi ákvæði í 3. mgr. 11. gr. þess efnis að ekki þurfi að auglýsa stöður skrifstofustjóra og deildarstjóra ef starfsmaður ráðuneytis er ráðinn í þau störf. Eftir þessa breytingu verður því að auglýsa allar stöður skrifstofu- og deildarstjóra.
19. Í ákvæðum til bráðabirgða segir að forsætisráðherra skuli skipa þriggja manna nefnd eftir birtingu laganna til að gera tillögur að reglugerð skv. 15. gr. er komi til framkvæmda í síðasta lagi 1. janúar 1991. Þar til endurskipulagning liggur fyrir verði óheimilt að skipa í stöður skrifstofu- og deildarstjóra en heimilt að ráða eða setja í stöðurnar til bráðabirgða. Að öðru leyti vísast til athugasemda við einstakar greinar og ákvæði til bráðabirgða.

IV. VERKEFNI RÁÐUNEYTA

Nefndin telur nauðsynlegt að gera Alþingi nokkra grein fyrir því hvernig skipting verkefna á milli einstakra ráðuneyta er hugsuð. Hún hefur því samið drög að reglugerð fyrir Stjórnarráð Íslands sem fylgir frumvarpi þessu sem sérstakt fylgiskjal.

Þær hugmyndir, sem fram koma í reglugerðardrögum, eru tillögur sem þarfnast enn frekari athugunar í samvinnu við einstök ráðuneyti áður en reglugerð tekur gildi, enda fjölmargt sem kemur til álita við flutning verkefna og stofnana á milli ráðuneyta.

Reglugerðardrögin eru byggð upp á nokkuð annan hátt en gildandi reglugerð. Upptalningu stjórnarmálefna er skipt í tvo flokka, annars vegar í viðfangsefni þar sem upp eru talin verkefni einstakra ráðuneyta og hins vegar stofnanir og embætti sem heyra undir hvert ráðuneyti. Uppsetning af þessu tagi er að mati nefndarinnar skýrari og gleggri en í gildandi reglugerð.

Í reglugerðardrögum eru felld úr ýmis verkefni og stofnanir sem þar eiga ekki lengur heima. Bætt er jafnframt við ýmsum verkefnum sem ráðuneytin hafa til þess fjallað um en koma ekki fram í gildandi reglugerð, enda oftast tilkomin við nýja lagasetningu á seinni árum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði 1. mgr. eru efnislega óbreytt frá því sem er í 1. mgr. 1. gr. laganna um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, sbr. og ákvæði 15. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944. Þó er talið rétt að fella inn í upphafið orðin að forseti skipi ráðherra í ríkisstjórn Íslands. Orðið ríkisstjórn er hvorki að finna í stjórnarskránni né heldur lögunum um Stjórnarráð Íslands. Hins vegar er tvisvar minnst á ríkisstjórn í 2. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands, nr. 96/1969, og auk þess víða í lögum.

Í 2. mgr. eru fyllri ákvæði um hlutverk og stöðu ráðherra. Með þessu er lögð sérstök áhersla á að hver ráðherra fari með æðsta stjórnvald í þeim málefnum sem undir hann heyra og beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum í þeim efnum. Hér er bæði átt við pólitíska ábyrgð, svo og þá refsi- og bótaábyrgð sem á honum hvílir að lögum.

Ákvæði 3. mgr. eru óbreytt frá því sem nú segir í 2. mgr. 1. gr.

Um 2. gr.

Þessi grein tekur til efnis sem nú er í 2. og 3. gr. laganna frá 1969, um Stjórnarráð Íslands, sbr. og 17. gr. stjórnarskrárinnar.

Samkvæmt 4. mgr. er fallið frá þeirri lagaskyldu að allir ráðherrar staðfesti fundargerð ráðherrafunda. Nægilegt er talið að forsætisráðherra staðfesti fundargerðina, enda er framkvæmdin sú.

Um 3. gr.

Með ákvæðum 1. mgr. og nýrri reglugerð um Stjórnarráð Íslands er stefnt að endurskipulagningu Stjórnarráðsins. Viðfangsefnum ráðuneyta er breytt í veigamiklum atriðum og heitum í samræmi við það.

Í fyrsta lagi er lagt til að ráðuneytum verði fækkað úr 14 í 11.

Í öðru lagi er lagt til að lögð verði niður í núverandi mynd félagsmálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, samgönguráðuneyti og viðskiptaráðuneyti. Í stað þeirra komi að meira og minna leyti byggða- og samgönguráðuneyti, heilbrigðis- og félagsmálaráðuneyti, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti. Þá er gert ráð fyrir sjálfstæðu umhverfisráðuneyti. Gert er ráð fyrir að byggða- og samgönguráðuneytið taki við flestum verkefnum núverandi samgönguráðuneytis. Til viðbótar þeim verkefnum, sem samgönguráðuneytið áður hafði og ekki eru flutt annað eða lögð niður, flytjast til þessa nýja ráðuneytis frá félagsmálaráðuneyti sveitarstjórnarmál, þar með talin umsjón eða stjórn sveitarfélaga og tekjustofnar sveitarfélaga, framfærslumál, húsnæðismál, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, Lánasjóður sveitarfélaga, Bjargráðasjóður Íslands, Húsnæðisstofnun ríkisins, Byggingarsjóður ríkisins, Byggingarsjóður verkamanna og Brunamálastofnun. Einnig málefni Byggðastofnunar og byggðaþróunarmál frá forsætisráðuneyti. Eðlilegast er að mati nefndarinnar að byggðaráðuneyti fjalli um málefni sem snerta sveitarstjórnir landsins, svo og húsnæðismál um land allt. Frá samgönguráðuneyti til umhverfisráðuneytis er hins vegar gert ráð fyrir að flytjist mál er varða varnir gegn mengun sjávar, Landmælingar Íslands og Veðurstofa Íslands. Uppistaðan í verkefnum heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytis eru mörg af fyrri verkefnum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, svo og ýmis verkefni er áður heyrðu undir félagsmálaráðuneyti og ekki eru flutt til byggða- og samgönguráðuneytis. Uppistaðan í verkefnum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis eru fyrri verkefni iðnaðarráðuneytis og viðskiptaráðuneytis, en til viðbótar er gert ráð fyrir að frá núverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti flytjist mál er snerta vátryggingastarfsemi, tryggingaeftirlit og Viðlagatryggingu Íslands. Meginviðfangsefni umhverfisráðuneytis eru mál er snerta náttúruvernd, gróðurvernd, friðun og verndun villtra dýra og fugla, mengunarvarnir, landmælingar, skipulags- og byggingarmál, veðurathuganir og fræðslu, rannsóknir, erlend samskipti og samræmingu ráðuneyta á sviði umhverfismála. Í reglugerð verður einstakra verkefna ráðuneyta getið frekar.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að Hagstofa Íslands verði sjálfstæð stofnun er starfi samkvæmt sérstökum lögum sem setja þarf fljótlega. Hún er því ekki talin meðal ráðuneyta. Við setningu sérstakra laga um Hagstofu Íslands telur nefndin brýnt að taka jafnframt til athugunar starfsemi Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka Íslands með það að markmiði að sameina skyld verkefni þessara stofnana. Gæti slíkt leitt til samruna að einhverju leyti, sparnaðar og aukinnar hagræðingar.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir því að Fjárlaga- og hagsýslustofnun verði lögð niður sem sjálfstæð stjórnardeild innan Stjórnarráðsins með ráðuneytisígildi eins og nú er. Þess í stað verði Fjárlaga- og hagsýslustofnun felld inn í fjármálaráðuneytið sem ein af skrifstofum þess og lúti beinni stjórn fjármálaráðherra hverju sinni, enda fjárlagagerðin á ábyrgð þess ráðherra. Á það hefur verið bent að Fjárlaga- og hagsýslustofnun fari með málefni er snerta öll ráðuneytin og fjalli hvað mest um mál sem snerta grundvallaratriði í starfsemi ráðuneytanna og þar með mál sem eru í höndum ráðherra og ráðuneytisstjóra. Nauðsynlegt sé því að tryggja embættislegt jafnræði aðila og ekki síður að embættislegt umboð þess, sem ber ábyrgð á fjárlagagerðinni, sé sótt beint til fjármálaráðherra. Með tilliti til aukinnar þátttöku hvers ráðuneytis í fjárlagagerðinni eins og gert er ráð fyrir í 7. gr., aukinnar ábyrgðar hvers ráðherra á ráðuneyti sínu og hugmynda um endurskipulagningu innra stjórnkerfis Stjórnarráðsins getur nefndin ekki fallist á þau rök að nauðsynlegt sé að halda Fjárlaga- og hagsýslustofnun sem sjálfstæðri stjórnardeild. Samkvæmt 13. gr. getur fjármálaráðherra með erindisbréfi, ef honum sýnist svo, gefið skrifstofustjóra slíkrar skrifstofu svipað vald og nánast sömu sérstöðu og hagsýslustjóra er nú fengið. Til álita kom að gera Fjárlaga- og hagsýslustofnun að sjálfstæðri stofnun er heyrði beint undir fjármálaráðherra, en frá þeirri leið var horfið.

Innan nefndarinnar voru uppi hugmyndir um að ganga enn lengra í fækkun ráðuneyta og hafa þau níu eða tíu. Ræddar voru hugmyndir um sameiningu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyta, stofnun innanríkisráðuneytis er tæki við verkefnum núverandi dóms-, kirkju- og félagsmálaráðuneyta, sameiningu heilbrigðis- og umhverfisráðuneyta eða sameiningu samgöngu- og umhverfisráðuneyta í eitt ráðuneyti. Fleiri hugmyndir voru nefndar. Frá þeim var hins vegar horfið, enda til þess ætlast af nefndinni að miða fjölda ráðuneyta við ellefu. Sérstakt samkomulag var og gert við myndun núverandi ríkisstjórnar um stofnun sjálfstæðs umhverfisráðuneytis.

Í 2. mgr. 3. gr. er ákvæði sem kemur í stað í 2. mgr. 4. gr. gildandi laga. Þetta ákvæði hefur reynst vel og þykir engin ástæða að hrófla við efni þess.

Um 4. gr.

1. mgr. er samhljóða 5. gr. gildandi laga.

Ákvæði 2. mgr. eru nýmæli. Það hefur nú um nokkurt skeið tíðkast á Norðurlöndum, þar á meðal hér, að einum ráðherra sé falið að sinna málefnum er varða norrænt samstarf. Sú hefur orðið raunin að skrifstofuhald þessara mála er hjá utanríkisráðuneytum landanna, enda um að ræða utanríkismál þótt með sérstökum hætti sé. Ástæðulaust þykir hins vegar þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. að þessi mál hljóti að falla undir utanríkisráðherra. Sá háttur hefur tíðkast að norræn samstarfsmál hafa verið lögð undir aðra ráðherra bæði hér og á öðrum Norðurlöndum. Er ekki ástæða til að taka nú upp annan hátt. Rétt þykir þó að taka fram hvar slík skrifstofa skuli vera.

Ákvæði í 3. mgr. eru nýmæli. Í sambandi við myndun núverandi ríkisstjórnar kom til álita að skipaður yrði ráðherra án sérstaks ráðuneytis. Áður en núgildandi lög um Stjórnarráð Íslands voru sett var það viðurkennd kenning að slíkt væri heimilt. Ekki verður fullyrt að ákvæði þeirra laga hafi gert þar breytingu á. Eigi að síður reis ágreiningur um lögmæti þessa. Það er alls ekki ólíklegt að þessi hugmynd komi upp síðar því að reynst getur heppilegt að einn ráðherra geti gefið sig óskiptan að undirbúningi og framkvæmd tiltekinna viðfangsefna á vegum ríkisstjórnarinnar, t.d. að útfærslu á einstökum þáttum í stefnuskrá hennar, verkefnum sem upp kunna að koma vegna náttúruhamfara o.s.frv. Sá fyrirvari er hins vegar gerður með tilliti til 1. mgr. að um sé að ræða í fyrsta lagi viðfangsefni sem brýna nauðsyn beri til að lúti stjórn ráðherra og í öðru lagi verði viðfangsefnið að teljast svo víðtækt að það heyri undir fleiri ráðuneyti en eitt og tilgangurinn sé að samræma aðgerðir sem heyra til margra ráðuneyta. Erilsöm stjórnunarstörf í ráðuneyti veita sjaldan nægilegt ráðrúm til að sinna þess háttar störfum svo sem æskilegt verður að telja. Í nálægum löndum, Bretlandi, Hollandi og Írlandi,

tíðkast það t.d. að skipa ráðherra án ráðuneytis og mundi slíkt varla gert nema full ástæða þætti til. Þetta fyrirkomulag leiðir ekki til fjölgunar ráðherra því að í greininni er hámarkstala þeirra bundin við ráðuneytafjöldann. Þeir mega því ekki vera fleiri en ellefu.

Um 5. gr.

Ákvæði greinarinnar eru nýmæli. Rétt þykir að formlegri háttur verði á því hafður en nú tíðkast hvernig fara skuli um stjórnarstörf ráðherra þegar hann er fjarverandi um stundarsakir vegna ferðar til útlanda eða annarra fyrirsjáanlegra forfalla um skamman tíma. Þá er ætlast til að hann feli öðrum ráðherra störf sín og tilkynni þá ákvörðun formlega eins og segir í greininni. Þegar hafðir eru í huga dómar Hæstaréttar Íslands frá 21. og 24. júlí 1984 virðist nauðsynlegt að gengið verði formlega frá því þegar ráðherra felur öðrum ráðherra störf sín.

Um 6. gr.

Ákvæði 1. mgr. eru í samræmi við 1. mgr. 8. gr. gildandi laga. Sá háttur að ákveða viðfangsefni ráðuneyta í reglugerð, sem forseti Íslands setur samkvæmt tillögum forsætisráðherra, var tekinn upp í gildandi lögum. Þykir ekki ástæða til að gera þar breytingu á.

Ákvæði 2. mgr. eru óbreytt frá því sem er í 2. mgr. 8. gr.

Um 7. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli því að í gildandi lögum er ekki sérstaklega tekið fram hvert sé hlutverk ráðuneytis, nema þá í 9. gr. laganna.

Í 1. mgr. eru almennt orðaðar lagaskyldur ráðuneytis. Jafnframt er ætlast til þess að hvert ráðuneyti annist gerð fjárlagatillagna aðalskrifstofu og stofnana þess og gæti aðhalds í hvívetna. Þó að óþarft eigi að vera að taka þetta fram er með þessu ákvæði lögð áhersla á ábyrgð ráðherra á fjármálum ráðuneytisins og stofnana þess. Við slíkum tillögum tekur fjármálaráðuneytið til frekari úrvinnslu í stað Fjárlaga- og hagsýslustofnunar.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að ráðuneyti aðstoði ráðherra við framkvæmd á stefnumálum hans og við önnur störf hans sem ráðherra.

Um 8. gr.

Í 9. gr. gildandi laga segir eins og áður er getið að ráðuneyti hafi eftirlit með starfrækslu stofnana, sem undir það ber, og eignum á vegum þeirra stofnana. Er 1. mgr. í samræmi við þessa grein.

Reynslan hefur sýnt að menn hafa talið á því nauðsyn að setja ýmsum stofnunum sérstaka eftirlitsaðila um stundarsakir. Tilefni til þessa geta verið með ýmsu móti, en sérstaklega þegar um er að ræða:

a. að stofnun hafi farið verulega fram úr greiðsluheimild fjárlaga eða aðrir annmarkar komið fram á rekstri,
b. að ekki hafi verið bætt úr þrátt fyrir skýr fyrirmæli ráðuneytis.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að eftirlitsaðili ráðherra með stofnun geti verið einstaklingur, fyrirtæki eða félag sem sinni eftirlitshlutverki tímabundið.

Um 9. gr.

Í greininni er heimilað að skipta ráðuneyti í skrifstofur og starfsdeildir. Í gildandi lögum er um slíkt fjallað í 7. gr. og einnig í 1. mgr. 11. gr. Í 7. gr. laganna segir að ráðherra kveði á um skiptingu ráðuneytis í starfsdeildir eftir verkefnum. Af ákvæðum 1. mgr. 11. gr., sbr. 4. mgr., leiðir að deildarstjóri skuli fara með stjórn í sérstakri deild er hafi afmarkað verksvið samkvæmt erindisbréfi ráðherra. Framkvæmd á þessum ákvæðum hefur verið mjög losaraleg. Í *Stjórnartíðindum* er ekki að finna nema tvær formlega settar reglur í þessu sambandi. Önnur

er um verkefni menntamálaráðuneytis, auglýsing nr. 516/1984, sbr. auglýsingu nr. 76/1990, en hin um fangelsismáladeild dómsmálaráðuneytis, sbr. reglugerð nr. 569/1988. Í allmörgum ráðuneytum er farið að skipta í verkefnasvið án þess að formlega hafi verið gengið frá slíkri skipan með auglýsingu. Er heimild til þess háttar fyrirkomulags hvorki að finna í gildandi lögum um Stjórnarráð Íslands né reglugerð. Samkvæmt athugun nefndarinnar er ráðuneytunum nú skipt í 67 skrifstofur og deildir. Eru þá ekki taldar undirdeildir sjálfstæðra skrifstofa fjármálaráðuneytis og ekki heldur aðalskrifstofur ráðuneyta þar sem skipting í skrifstofur og deildir hefur ekki farið fram.

Í gildandi lögum er ekki beinlínis gert ráð fyrir sérstökum skrifstofustjóra í ráðuneyti, sbr. 1. mgr. 11. gr., en hins vegar er heimild til slíks í 2.–4. mgr. Þessi heimild hefur verið notuð í öllum ráðuneytunum. Í sumum ráðuneytum hafa verið skipaðir fleiri en einn skrifstofustjóri. Nú eru 37 skrifstofustjórar í ráðuneytunum 14. Deildaskipting hefur öll farið úr skorðum ef hún hefur þá nokkurn tíma komist á. Allt innra skipulag Stjórnarráðsins er því afar ómarkvisst og losaralegt. Nú eru starfsmenn í Stjórnarráðinu taldir vera 472, þar af eru 108 deildarstjórar. Samtals eru því skrifstofu- og deildarstjórar alls 145 talsins. Hafa starfsheiti ráðið hér miklu í launalegu tilliti. Nauðsyn þykir því bera til að komið verði á fastari skipan hvað snertir skiptingu Stjórnarráðsins í skrifstofur og starfsdeildir. Til að skapa samræmi milli ráðuneyta í þessum málum og koma á eðlilegri skipun er gert ráð fyrir því í 2. tölul. til bráðabirgða að forsætisráðherra setji, að fengnum tillögum sérstakrar nefndar, heildarreglugerð þar sem markað verði verksvið hverrar skrifstofu og hverrar starfsdeildar. Til að tryggja að ekki sæki í sama far og nú telur nefndin best að ákveða strax í reglugerð lágmarksfjölda starfsmanna á hverri skrifstofu og í hverri starfsdeild.

Um 10. gr.

Greinin er í stórum dráttum samhljóða 14. gr. gildandi laga.

Lagt er til að deildarstjórastaða aðstoðarmanns ráðherra skv. gildandi lögum falli niður og starfsmaðurinn nefnist framvegis „aðstoðarmaður ráðherra“ eins og tíðkast hefur, enda stjórna þeir ekki deildum. Óþarft þykir að taka fram eins og nú er gert að í lok starfstíma eigi aðstoðarmaður ráðherra rétt á að hverfa til fyrra starfs síns í þjónustu ríkisins hafi hann verið ríkisstarfsmaður. Slíkt hlýtur að ráðast af samkomulagi hverju sinni og á tæpast heima í lagatexta.

Í 1. mgr. er ráðherra heimilað að ráða aðstoðarmann í hvert það ráðuneyti sem hann fer með. Til þessa hefur verið litið svo á að heimildin taki aðeins til eins aðstoðarmanns fyrir hvern ráðherra óháð því hversu mörg ráðuneyti ráðherra fer með.

Í gildandi lögum er réttarstaða aðstoðarmanna ráðherra ekki nægilega skýr. Ljóst er þó að aðstoðarmenn eru fyrst og fremst stjórnmálalegir aðstoðarmenn ráðherra, ráðgjafar ráðherra og persónulegir aðstoðarmenn hans og vinna með honum að stefnumálum hans. Hlutverk þeirra er jafnframt að gæta þess með ráðherra og fyrir hans hönd að embættisverk innan ráðuneytisins séu unnin og að erindum, sem þangað berast og ráðherra ber ábyrgð á, sé sinnt á viðeigandi hátt. Segja má því að aðstoðarmenn ráðherra gegni jafnframt nokkurs konar eftirlitshlutverki fyrir ráðherra, sérstaklega í fjarveru hans, enda eru þeir pólitískir trúnaðarmenn ráðherra. Til þessa hefur þótt álitamál hversu mikið aðstoðarmenn geti á grundvelli gildandi lagaákvæðis tekið þátt í almennum störfum ráðuneytis, ritað undir bréf í nafni ráðuneytisins o.s.frv. Með 2. mgr. er reynt að bæta úr þessu. Er ráðherra heimilað að fela aðstoðarmanni sínum meðferð tiltekinna verkefna innan ráðuneytis og rita undir stjórnvaldserindi, enda sé um slíkt sett sérstakt erindisbréf. Þykir nauðsynlegt að afmarka betur en nú er gert verksvið aðstoðarmanna. Getur ráðherra eftir breytinguna hverju sinni ákveðið hversu víðtækt svið aðstoðarmanns hans skuli vera. Með setningu erindisbréfs um tiltekinn málaflokk eða málaflokka á því síður að vera hætta á að verksvið ráðuneytisstjóra,

sem er æðsti embættismaður ráðuneytisins, og aðstoðarmanns rekist á. Verður að ætla að ráðherra feli aðstoðarmanni sínum helst ákveðin mál og málaflokka á stjórnmálasviði, en embættisverk í undantekningartilvikum. Fyrir ráðherra getur hins vegar verið bagalegt að geta ekki falið aðstoðarmanni sínum eftirlitshlutverk með tilteknum þáttum eða ákveðin afmörkuð embættisverk innan ráðuneytis.

Í Noregi og Svíþjóð er staða aðstoðarmanna ráðherra (ministersekreterare) miklum mun sterkari en hérlendis. Þeir eru pólitískir starfsmenn sem fylgja ráðherra og láta af störfum um leið og hann. Staða þeirra er í senn pólitísk og embættisleg. Í Danmörku og Finnlandi eru ekki fest í lög nein ákvæði um aðstoðarmann ráðherra. Dæmi eru þó til um að ráðherrar hafi ráðið til sín sérstaka pólitíska trúnaðarmenn eða ritara. Víða erlendis er staða aðstoðarmanna ráðherra miklum mun ótvíræðari, eins og t.d. í Þýskalandi þar sem um er að ræða svokallaða aðstoðarráðherra.

Í 3. mgr. er tekið fram með ótvíræðum hætti að aðstoðarmaður geti sagt upp starfi sínu með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Er ákvæðið nýmæli. Eldra ákvæði um að aðstoðarmaður ráðherra njóti biðlauna í þrjá mánuði er efnislega óbreytt.

Til umræðu kom innan nefndarinnar að festa í lög um Stjórnarráð Íslands heimild til að ráða efnahagsráðgjafa í forsætisráðuneyti og fjármálaráðuneyti. Horfið var frá þessu og talið eðlilegra að slíkir starfsmenn teldust til viðkomandi ráðuneyta sem sérstakir starfsmenn eins og tíðkast hefur. Óeðlilegt þótti einnig að um forsætisráðherra og fjármálaráðherra giltu sérreglur.

Um 11. gr.

1. mgr. geymir sams konar ákvæði og 1. mgr. 10. gr. gildandi laga.

Ákvæði 2. mgr. svara til þess sem segir í 2. mgr 11. gr. gildandi laga en ítarlegar þó.

Í 9. og 13. gr. er hins vegar gert ráð fyrir að tveir eða fleiri skrifstofustjórar geti verið í ráðuneyti og er því nauðsynlegt að ákveðin regla gildi um það hver sé staðgengill ráðuneytisstjóra. Hér er lagt til að ráðherra ákveði það. Til greina kæmi að sá sem elstur er að embættisaldri tæki við.

Ákvæði 3. mgr. eru í samræmi við ákvæði 4. mgr. 10. gr. gildandi laga, enda hefur það fyrirkomulag þótt henta vel.

Um 12. gr.

Tilgangurinn með þeirri breytingu, sem lögð er til í þessari og 14. gr., er að stuðla að hæfilegri endurnýjun í starfsliði Stjórnarráðsins. Samrýmast æviráðningar embættismanna vart nútímaviðhorfum í stjórnsýslu og á vinnumarkaði. Færst hefur í vöxt víða erlendis að embættismenn sitji ekki mjög lengi í sömu stöðum heldur flytjist til jafnvel milli starfa innan stjórnkerfisins. Í Danmörku eru t.d. embættismenn yfirleitt ráðnir ævilangt, en ýmsir starfsmenn jafnframt ráðnir samkvæmt sérstökum samningum með sex mánaða uppsagnarfresti. Í Svíþjóð eru ýmsir embættismenn ráðnir til ákveðins tíma og í Bandaríkjunum er skipt um flesta embættismenn við stjórnarskipti. Hér á landi eru ýmsir starfsmenn hins opinbera ráðnir tímabundið eða með venjulegum uppsagnarfresti án þess að sérstakir annmarkar hafi komið fram. Þá má minna á að af hálfu Reykjavíkurborgar og sveitarfélaga hefur æviráðning embættis- og starfsmanna verið afnumin án þess að bitnað hafi á stjórnkerfinu sem slíku, festu og samhengi í störfum. Telur nefndin ástæðulaust að óttast að einstakir ráðherrar muni beita valdi sínu og skipta um stóran hluta starfsmanna ráðuneyta við stjórnarskipti, „hreinsa út“ eins og haldið hefur verið fram af sumum andmælendum breytingarinnar. Nauðsynlegt er hins vegar að ráðherra geti sagt upp starfsmönnum sem ekki sinna sínu starfi sem skyldi. Eykur þess háttar fyrirkomulag aðhald og skilvirkni í störfum.

Helstu rökin fyrir breytingunni eru þau að hreyfanleiki embættismanna og stjórnenda eykst, aðhald eykst og líkur aukast á því að inn komi nýjar hugmyndir og straumar við endurnýjun og hreyfingu á starfsmönnum. Aðlagast ráðuneyti með þessu fyrirkomulagi betur

almennum þjóðfélagsbreytingum. Þá er dregið úr hættu á því að ráðuneytin og starfsemi þeirra staðni vegna þess að stjórnendur ílendist um of í starfi. Framangreind sjónarmið stangast hins vegar á við þau meginmarkmið æviráðningar að tryggja stöðugleika, samhengi og festu í starfsemi ráðuneyta.

Innan nefndarinnar voru rædd ýmis sjónarmið er fara bil beggja. Til dæmis að halda æviráðningu og skipun æðsta embættismanns ráðuneytis, ráðuneytisstjóra, á sama hátt og annarra æðstu embættismanna ríkisins, en afnema æviráðningu og skipan annarra starfsmanna Stjórnarráðsins. Má færa ýmis rök fyrir þessari leið. Frá þessari hugmynd var hins vegar horfið.

Í greininni er því vikið verulega frá ákvæðum í 12. og 13. gr. gildandi laga. Með þessu er stefnt að því að stigið verði afdrifaríkt spor í starfsmannahaldi ríkisins, spor sem ætla má að hafa muni mjög víðtæk áhrif ef að lögum verður. Hér er átt við það að horfið verði frá æviráðningu starfsmanna í Stjórnarráði Íslands og forsetaskipun embættismanna í Stjórnarráðinu. Hér er um að ræða ráðstöfun sem heimilt er að gera, sbr. 1. mgr. 20. gr. stjórnarskrárinnar. Eftir breytinguna verða það því ráðherrar sem ráða alla starfsmenn til starfa, hver í sínu ráðuneyti, til ákveðins tíma ef um ráðuneytisstjóra er að ræða en í öðrum tilvikum með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Um ráðuneytistjóra gilda sérreglur. Þeir skulu ráðnir til sex ára í senn. Gerir greinin ráð fyrir möguleika á endurráðningu að þeim tíma liðnum en tryggir slíkt ekki. Við starfslok njóti ráðuneytisstjórar biðlauna í sex mánuði sé ekki farið í aðra stöðu á vegum ríkisins er tryggir jafnhá laun.

Um réttarstöðu þeirra, sem hafa við gildistöku laganna forsetaskipun í starf sitt, svo og um breytingu á starfi og starfssviði greinir nánar í athugasemdum við ákvæði til bráðabirgða.

Með tilliti til þeirra breytinga, sem hér eru lagðar til, er nefndin þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að taka til endurskoðunar lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, sérstaklega með afnám æviráðningar ríkisstarfsmanna í huga. Þar sem slík endurskoðun mun án efa taka nokkurn tíma er að mati nefndarmanna ekki óeðlilegt að byrja ofan frá og afnema æviráðningu starfsmanna Stjórnarráðsins fyrst. Eftir slíka ákvörðun Alþingis er endurskoðun laganna um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins mun auðveldari.

Jafnframt þarf að breyta ýmsum ákvæðum í lögum nr. 39/1971, um utanríkisþjónustu Íslands, sem eru ósamrýmanleg ákvæðum þessa frumvarps, enda er óeðlilegt að aðrar reglur gildi um starfsmenn utanríkisráðuneytisins en annarra ráðuneyta.

Um 13. gr.

Ákvæði þessarar greinar svara til í 11. gr. gildandi laga. Hafa ber í huga ákvæði 9. gr. og 2. tölul. til bráðabirgða um stofnun sérstakra skrifstofa og starfsdeilda innan ráðuneytis.

Um 14. gr.

Ákvæði 1. mgr. gerir ráð fyrir afnámi æviráðningar starfsmanna Stjórnarráðsins og þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 12. gr.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir því að ekki þurfi að auglýsa stöðu aðstoðarmanns ráðherra, enda er staðan sérstaks eðlis.

Þá er fellt niður ákvæðið í 3. mgr. 11. gr. gildandi laga um að ekki þurfi að auglýsa stöðu skrifstofu- og deildarstjóra ef starfsmaður ráðuneytis er ráðinn í þau störf. Eftir þessa breytingu verður því að auglýsa allar stöður skrifstofu- og deildarstjóra í Stjórnarráði Íslands.

Með tilliti til þeirra breytinga, sem ætlast er til að gerðar verði á innra skipulagi Stjórnarráðsins og fækkun skrifstofa og deilda í ráðuneytum er eðlilegt að slíkar stöður séu auglýstar. Gefur þess háttar fyrirkomulag t.d. starfsmönnum annarra ráðuneyta kost á að breyta til og mismunar ekki starfsmönnum ríkisins. Starfsmenn viðkomandi ráðuneytis njóta

með öðrum orðum ekki neinna forréttinda hvað slík störf snertir. Ýmis fleiri sjónarmið koma hér til, svo sem sjónarmið jafnréttislaga og um jafna stöðu kvenna og karla til starfa. Loks eru minni líkur á því að ráðherra misfari með ráðningarvald sitt ef stöður eru auglýstar opinberlega áður en til ráðningar kemur.

Um 15. gr.

Eins og fram er komið má ætla að ýmis ákvæði laga þessara þurfi nánari útfærslu í reglugerð eða reglugerðum. Auk þess sem getið er í athugasemdum við 9. gr. má nefna ýmis atriði sem ástæða gæti verið til að kveða á um í reglugerð svo sem húsnæðismál Stjórnarráðsins, símaþjónustu, mötuneyti, skjalavörslu, upplýsingaþjónustu, bifreiðamál o.fl.

Um 16. gr.

Eðlilegast er að breyting af því tagi, sem hér er lögð til, og gildistaka svo viðamikilla breytinga komi ekki til fyrr en nokkur tími er liðinn frá samþykkt laganna. Gildistakan er því miðuð við 1. ágúst 1990. Gefst með því tími til undirbúnings og samruna ráðuneyta, flutnings verkefna á milli þeirra og nánari athugunar á málefnum er snerta innra skipulag ráðuneyta, húsnæðismál og mál starfsmanna þeirra. Enn betri tími gæfist til undirbúnings ef lögin öðluðust ekki gildi fyrr en að afloknum næstu alþingiskosningum. Telur nefndin rétt að Alþingi ákveði við hvaða tíma gildistaka skuli miðast.

Svo sem fyrr greinir þarf að breyta ýmsum ákvæðum í lögum nr. 39/1971, um utanríkisþjónustu Íslands, sem eru ósamrýmanleg ákvæðum þessa frumvarps. Þá eiga og að falla úr gildi önnur ákvæði laga sem ósamrýmanleg teljast.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæðum til bráðabirgða er gert ráð fyrir að starfsmenn Stjórnarráðs Íslands, sem skipaðir hafa verið ótímabundið, gegni störfum sínum áfram þó að breyting verði á starfsheiti, sbr. 1. tölul. Breytingin tekur með öðrum orðum aðeins til þeirra sem ráðnir verða eftir gildistöku laganna. Breyting á starfsheitum hefur því ekki áhrif á laun starfsmanna sem fyrir eru, sbr. 3. og 4. tölul. Starfsmenn, sem gegnt hafa stöðum sem lagðar verða niður án þess að til endurráðningar eða breytts stöðuheitis komi, skulu eiga rétt til óbreyttra launa skv. 4. tölul., enda hafi þeir unnið í opinberri þjónustu í 20 ár og ekki hafnað sambærilegri stöðu. Er hér fyrst og fremst átt við þá ráðuneytisstjóra sem hugsanlega verða að láta af störfum vegna fækkunar og sameiningar ráðuneyta.

Í 2. tölul. til bráðabirgða er reiknað með að forsætisráðherra skipi þriggja manna nefnd er semji tillögur að reglugerð skv. 15. gr. og athugi frekar innra skipulag ráðuneyta, skiptingu þeirra í skrifstofur og deildir, verksvið starfsmanna og starfsheiti. Með því eru auknar líkur á samræmingu á innra skipulagi ráðuneyta. Á það hefur skort verulega. Gert er ráð fyrir að nefndin hafi möguleika á að afla sér sérfræðiaðstoðar til úttektar og samanburðar á einstökum ráðuneytum ef þörf þykir. Þá skulu ráðuneytisstjórar starfa með nefndinni og gera til hennar tillögur.

Skipulagsbreytingar á grundvelli reglugerðar skulu koma til framkvæmda í síðasta lagi 1. janúar 1991.

Frá birtingu laganna og þar til skipulagsbreytingar koma til framkvæmda þykir rétt að takmarka, á þann hátt sem lagt er til, ráðningar í stöður skrifstofu- og deildarstjóra, sbr. 2. mgr. 3. tölul.

Í 4. tölul. er tryggt að starfsmenn, sem gegnt hafa stöðum sem lagðar verða niður við framkvæmd laganna og vegna breyttrar verkaskiptingar ráðuneyta, án þess að eiga kost á sambærilegri stöðu, haldi óbreyttum föstum launum þar til eftirlaunarétti innan Stjórnarráðsins er náð. Skilyrði þess er að slíkir starfsmenn hafi unnið í það minnsta í 20 ár í opinberri þjónustu og ekki hafnað annarri sambærilegri stöðu á vegum ríkisins.

Fylgiskjal I.

TILLÖGUR NEFNDARINNAR AÐ REGLUGERÐ UM STJÓRNARRÁÐ ÍSLANDS

1. gr.

Í Stjórnarráði Íslands eru ellefu ráðuneyti. Stjórnarmálefni ber undir ráðuneyti eftir því sem segir í 2.–12. gr. þessarar reglugerðar.

2. gr.

Forsætisráðuneyti.

A. Viðfangsefni.

1. Stjórnskipan lýðveldisins og almenn málefni er varða stjórnsýslu ríkisins.
2. Embætti og embættisbústaðir forseta Íslands.
3. Alþingi og stofnanir þess.
4. Ríkisráð, skipun ráðherra og lausn.
5. Skipting starfa milli ráðherra og ráðuneyta.
6. Ríkisstjórn og Stjórnarráð Íslands í heild, ráðstöfun skrifstofu- og gestahúsa ríkisins.
7. Þjóðfáni, þjóðsöngur Íslendinga og skjaldarmerki Íslands.
8. Hin íslenska fálkaorða og önnur heiðursmerki.
9. Mál er varða Þingvallaþjóðgarð.
10. Mál er varða stefnumörkun í efnahagsmálum, hagrannsóknir, þjóðhagsáætlanir og landshagi Íslands.

B. Stofnanir og embætti.

1. Þjóðhagsstofnun.
2. Hagstofa Íslands.
3. Embætti ríkislögmanns.
4. Öryggismálanefnd.
5. Orðunefnd.
6. Forsætisnefnd Norðurlandaráðs.

3. gr.

Byggða- og samgönguráðuneyti.

A. Viðfangsefni.

1. Sveitarstjórnarmál, þar með talin umsjón með stjórn sveitarfélaga og tekjustofnar sveitarfélaga.
2. Framfærslumál.
3. Húsnæðismál.
4. Byggðaþróunarmál.
5. Samgöngur á landi, legi og í lofti og skipulag þeirra.
6. Mál er varða eftirlit með skipum, skipamælingar, skráningu skipa, lögskráningu sjómanna og atvinnuréttindi þeirra.
7. Vita- og hafnamál.
8. Fjarskiptamál, póstþjónusta og strandsiglingar.
9. Ferðaþjónusta.
10. Samstarf við alþjóðleg og svæðisbundin samtök og stofnanir á sviði samgangna, siglinga og fjarskipta.

B. Stofnanir og embætti.

1. Byggðastofnun.
2. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.
3. Lánasjóður sveitarfélaga.
4. Bjargráðasjóður Íslands.
5. Húsnæðisstofnun ríkisins.
6. Byggingarsjóður ríkisins.
7. Byggingarsjóður verkamanna.
8. Brunamálastofnun ríkisins.
9. Vegagerð ríkisins.
10. Flugráð og Flugmálastjórn.
11. Flugvellir og flugstöðvar, þó ekki Flugstöð Leifs Eiríkssonar.
12. Skipaútgerð ríkisins.
13. Póst- og símamálastofnun.
14. Ferðamálaráð og Ferðamálasjóður.
15. Vitastofnun.
16. Hafnamálastofnun.
17. Rannsóknanefnd sjóslysa.
18. Siglingamálastofnun ríkisins.

4. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

A. Viðfangsefni.

1. Dómgæsla, réttarfar, refsilöggjöf og umsjón með ákæruvaldi og málflytjendum.
2. Málefni þjóðkirkjunnar og önnur mál er varða trúariðkun og trúarsöfnuði.
3. Löggæslumál, lögsagnarumdæmi og staðbundin stjórnsýsla ríkisins í héraði.
4. Mál er varða almannavarnir.
5. Löggæsla, björgunarstörf og fiskveiðieftirlit á hafi úti.
6. Mál er varða kjör forseta Íslands, alþingiskosningar og aðrar almennar kosningar, þar með taldar sveitarstjórnarkosningar.
7. Mál er varða skráningu og meðferð persónuupplýsinga.
8. Jafnrétti kynja.
9. Mál er varða mannréttindi, svo og prentrétt.
10. Mál er varða sifjarétt, erfðarétt, persónurétt og eignarrétt.
11. Mál er varða greftranir og útfararstofnanir.
12. Mál er varða framkvæmd refsinga, framsal sakamanna, náðanir, sakaruppgjöf og uppreisn æru.
13. Mál er varða vegabréf og útlendingaeftirlit.
14. Mál er varða ríkisborgararétt.
15. Mál er varða skotvopn, skotfæri og sprengjur.
16. Áfengismál og áfengislöggjöf.
17. Mál er varða skipströnd og vogrek.
18. Mál er varða eignarrétt og afnotarétt útlendinga af fasteignum hér á landi.
19. Birting laga og útgáfa um löggjöf og stjórnvaldsákvarðanir.
20. Umferðarmál, málefni Bifreiðaskoðunar Íslands hf. og umferðaröryggi.
21. Mál er varða staðfestingu á skipulagsskrám sjóða og stofnana og eftirlit með þeim.
22. Mál er varða happdrætti, veðmálastarfsemi, hlutaveltur, getraunir og almennar fjársafnanir.

23. Mál er varða niðurjöfnunarmenn sjótjóna, dómtúlka, skjalaþýðendur og fasteignasala.
24. Mál er varða stjórnsýslulöggjöf og upplýsingaskyldu stjórnvalda.
25. Samstarf við alþjóðleg eða svæðisbundin samtök og stofnanir á sviði dómsmála, kirkjumála og löggæslu.

B. Stofnanir og embætti.

1. Dómstólar, aðrir en félagsdómur.
2. Embætti ríkissaksóknara.
3. Þjóðkirkjan, stofnanir hennar, prestssetur og prestsbústaðir.
4. Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra.
5. Almannavarnir ríkisins.
6. Landhelgisgæsla Íslands.
7. Tölvunefnd.
8. Jafnréttisráð.
9. Fangelsisstofnun og fangelsi.
10. Stjórnartíðindi, Lögbirtingablað og lagasafn.

5. gr.

Fjármálaráðuneyti.

A. Viðfangsefni.

1. Fjármál ríkisins.
2. Eignir ríkisins, þar á meðal þjóðjarðir og kirkjujarðir, aðrar en prestssetur, aðrar fasteignir og fasteignaréttindi, verðbréf og hlutabréf, svo og fyrirsvar fyrir eignarhluti ríkisins.
3. Mál er varða undirbúning og samningu fjárlagafrumvarps og frumvarps til lánsfjárlaga ásamt tillögugerð um greiðslur umfram fjárlagaheimildir, fjáraukalög og ríkisreikning.
4. Gerð framkvæmda- og fjárhagsáætlana ríkisins til skemmri og lengri tíma.
5. Skuldir ríkisins, lántökur og ábyrgðir, endurlán til annarra ríkisstofnana, útgáfa og sala ríkisskuldabréfa.
6. Mál er varða skatta, tolla og aðrar tekjur ríkisjóðs, svo og tollvörugeymslur.
7. Mál er varða niðurgreiðslur á vöruverði innan lands og útflutningsbætur.
8. Mál er varða lífeyrissjóði.
9. Mál er varða fasteignaskráningu og fasteignamat.
10. Mál er varða endurskoðendur og framkvæmd bókhaldslaga.
11. Mál er varða húsakaup ríkisins, svo og húsaleigu ríkisstofnana, framkvæmd viðhalds og breytinga á húsnæði ríkisstofnana.
12. Mál er varða bifreiðakaup og bifreiðarekstur ríkisins.
13. Mál er varða hagræðingu og almennar umbætur í ríkisrekstri.
14. Launa- og starfsmannamál ríkisins, þar með talin mótun starfsmannastefnu, launasamningar og launaútreikningar, eftirlaunamál og símenntun starfsmanna.
15. Mál er varða réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna.
16. Samstarf við alþjóðleg eða svæðisbundin samtök og stofnanir á sviði ríkisfjármála, tolla og skatta.

B. Stofnanir og embætti.

1. Embætti ríkistollstjóra og tollgæsla ríkisins.
2. Embætti ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra og skattstjóra.
3. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

4. Innkaupastofnun ríkisins.
5. Fasteignamat ríkisins.
6. Embætti ríkisféhirðis.
7. Ríkisbókhald.
8. Innheimtumenn ríkissjóðs og gjaldheimtur ríkis og sveitarfélaga.
9. Ríkisábyrgðasjóður.
10. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins.
11. Framkvæmdasjóður Íslands.

6. gr.

Heilbrigðis- og félagsmálaráðuneyti.

A. Viðfangsefni.

1. Almenn heilbrigðismál og heilsugæsla.
2. Mál er varða læknaskipan og læknisþjónustu.
3. Mál er varða rekstur sjúkrahúsa, hjúkrunarheimila og dvalarheimila aldraðra, dagvista sjúkra og aldraðra, sambýla fatlaðra, endurhæfingarstöðva, meðferðarheimila og aðra starfsemi sérstaklega í þágu sjúkra, fatlaðra og aldraðra.
4. Mál er varða vernd barna og unglinga.
5. Mál er varða fyrirbyggjandi aðgerðir gegn heilsutjóni og varnir gegn misnotkun áfengis og annarra fíkniefna.
6. Mál er varða lyfsölu og lyfjaeftirlit.
7. Almannatryggingar.
8. Málefni vinnumarkaðarins, þar á meðal samtök launþega og launagreiðenda, kjararannsóknir, sáttastörf í vinnudeilum, starfsemi Félagsdóms og orlofsmál launþega.
9. Umsjón með skráningu atvinnulausra og vinnumiðlun.
10. Mál er varða atvinnuleysistryggingar og ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot fyrirtækja.
11. Atvinnuréttindi útlendinga.
12. Samstarf við alþjóðlegar og svæðisbundnar stofnanir á sviði heilbrigðis- og félagsmála þar með talin Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) og Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO).

B. Embætti og stofnanir.

1. Ríkisspítalar og aðrar sjúkrastofnanir.
2. Heilsugæslustöðvar.
3. Embætti landlæknis og læknaráð.
4. Tryggingastofnun ríkisins.
5. Endurhæfingarráð.
6. Erfðafjársjóður.
7. Framkvæmdasjóðir aldraðra og fatlaðra.
8. Barnaverndarráð.
9. Áfengisvarnaráð.
10. Atvinnuleysistryggingasjóður.
11. Embætti ríkissáttasemjara.
12. Félagsdómur.
13. Vinnueftirlit ríkisins.
14. Lyfjaverslun ríkisins.

7. gr.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

A. Viðfangsefni.

1. Mál er varða iðnað, iðju og iðnþróun.
2. Mál er varða námur og nýtingu jarðefna.
3. Mál er varða vatns- og jarðhitaréttindi, stofnun og rekstur orkuvera og orkuveitna.
4. Eignarréttindi á sviði iðnaðar, einkaleyfi, vörumerki og mynsturréttur.
5. Mál er varða heimildir erlendra aðila til fjárfestingar í íslenskum iðnfyrirtækjum og verslun.
6. Mál er varða iðnaðarstaðla og alþjóðlegt samstarf á því sviði.
7. Mál er varða verslun og viðskipti, önnur en útflutningsverslun.
8. Málefni Seðlabanka, ríkisviðskiptabanka og annarra viðskiptabanka, sparisjóða, verðbréfafyrirtækja, eignarleiga og greiðslukortafyrirtækja.
9. Mál er varða gjaldmiðil og myntsláttu.
10. Gjaldeyrismál.
11. Samstarf við alþjóðlegar og svæðisbundnar banka- og fjármálastofnanir, þar með taldir Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF), Norræni fjárfestingarbankinn (NIB) og Alþjóðabankinn (IBRD).
12. Samstarf við alþjóðlegar stofnanir og samtök á sviði orkumála og iðnaðarmála.
13. Mál er varða neytendavernd.
14. Mál er varða hlutafélög, samvinnufélög og önnur félagsform atvinnurekstrar, verslunarskrár og firmu.
15. Mál er varða vátryggingastarfsemi.
16. Mál er varða mælitæki og vogaráhöld.
17. Mál er varða verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.
18. Mál er varða Prentsmiðjuna Gutenberg hf. og Kísiliðjuna hf.

B. Embætti og stofnanir.

1. Iðntæknistofnun Íslands.
2. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.
3. Iðnþróunarsjóður.
4. Iðnlánasjóður.
5. Þróunarsjóður lagmetis.
6. Staðlaráð Íslands.
7. Orkustofnun.
8. Landsvirkjun.
9. Rafmagnsveitur ríkisins.
10. Rafmagnseftirlit ríkisins.
11. Orkusjóður.
12. Seðlabanki Íslands.
13. Landsbanki Íslands og Búnaðarbanki Íslands.
14. Sementsverksmiðja ríkisins.
15. Verðlagsstofnun.
16. Löggildingarstofa mælitækja.
17. Tryggingaeftirlit.
18. Viðlagatrygging Íslands og Íslensk endurtrygging.
19. Brunabótafélag Íslands.
20. Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.
21. Hlutafélagaskrá.

8. gr.

Landbúnaðarráðuneyti.

A. Viðfangsefni.

1. Mál er varða landbúnað og ræktun, þar með talin fræ- og fóðuröflun, garðyrkja og ylrækt, loðdýrarækt, landgræðsla og skógrækt.
2. Mál er varða fiskeldi og veiði í ám og vötnum.
3. Mál er varða framkvæmd ábúðar- og jarðalaga.
4. Ákvörðun um leigu ríkisjarða og kirkjujarða, annarra en prestssetra, til landbúnaðar og ábúðar.
5. Mál er varða dýralækna og varnir gegn búfjársjúkdómum.
6. Mál er varða eftirlit með innflutningi landbúnaðarvara, þar með talið grænmeti, blómjurtir og fóður.
7. Mál er varða framkvæmd búvörusamninga, mat, verðskráningu, dreifingu og sölu landbúnaðarafurða, afurðastöðvar, Framleiðsluráð landbúnaðarins og enn fremur mál er varða hagsmunasamtök bænda.
8. Mál er varða fjallskil og búfjármörk.
9. Mál er varða rannsóknir og tilraunastarfsemi á sviði landbúnaðar.
10. Mál er varða inn- og útflutning dýra.
11. Mál er varða starfsfræðslu á sviði landbúnaðar.
12. Samstarf við alþjóðleg og svæðisbundin samtök og stofnanir á sviði landbúnaðar.

B. Embætti og stofnanir.

1. Búnaðarfélag Íslands og Hagþjónusta landbúnaðarins.
2. Rannsóknastofnun landbúnaðarins og tilraunastöðvar landbúnaðarins.
3. Stofnlánadeild landbúnaðarins.
4. Framleiðnisjóður landbúnaðarins.
5. Jarðasjóður.
6. Veiðimálastofnun.
7. Áburðarverksmiðja ríkisins.
8. Bændaskólar og garðyrkjuskólar.
9. Landgræðsla ríkisins.
10. Skógrækt ríkisins og Landgræðslusjóður.

9. gr.

Menntamálaráðuneyti.

A. Viðfangsefni.

1. Menntamál, þar með talin málefni grunnskóla, sérskóla, háskóla og annarra námsstofnana, þó ekki bænda- og garðyrkjuskóla, námslán og styrkir til námsmanna.
2. Vísindastarfsemi og rekstur rannsóknastofnana sem eigi heyra undir önnur ráðuneyti.
3. Safnamál, þar með talin málefni bóka- og skjalasafna, listasafna og minjasafna.
4. Listir, mál er varða opinberan stuðning við ritlist, leiklist, tónlist, myndlist, kvikmyndagerð, listdans, byggingarlist og aðrar listgreinar, þar með talin listamannalaun og hvers kyns kynning listrænnar starfsemi. Mál er varða höfundarétt.
5. Mál er varða hljóðvarp og sjónvarp.
6. Mál er varða íslenska tungu, þar með talin nýyrði, mannanöfn, bæjarnöfn og örnefni.
7. Æskulýðs- og íþróttamál.
8. Samstarf við alþjóðleg og svæðisbundin samtök og stofnanir á sviði menningar- og menntamála, þar með talin Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).

B. Stofnanir og embætti.

1. Skólar, þar með taldir grunnskólar, framhaldsskólar, tækniskólar, háskólar og sérskólar og aðrar námsstofnanir, svo sem fræðsla fyrir almenning í sjónvarpi, fullorðinsfræðsla, iðnskólar, sjómannaskólar, fiskvinnsluskólar, hótel- og veitingaskólar og listaskólar.
2. Rannsóknaráð ríkisins og Vísindaráð.
3. Tilraunastöð Háskólans í meinafræðum að Keldum.
4. Stofnun Árna Magnússonar.
5. Landsbókasafn og Þjóðarbókhlaða, Þjóðskjalasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands. Listasafn Íslands, Kvikmyndasafn Íslands og Blindrabókasafn Íslands.
6. Þjóðleikhúsið, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Menntamálaráð Íslands, Rithöfundasjóður Íslands, Launasjóður rithöfunda, Þýðingarsjóður, Kvikmyndasjóður Íslands og Listskreytingasjóður ríkisins.
7. Ríkisútvarpið.
8. Íslensk málnefnd og Örnefnastofnun Þjóðminjasafns.
9. Íþróttasjóður.
10. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.
11. Lánasjóður íslenskra námsmanna.
12. Námsgagnastofnun.
13. Útvarpsréttarnefnd.
14. Félagsheimilasjóður.

10. gr.

Sjávarútvegsráðuneyti.

A. Viðfangsefni.

1. Mál er varða sjávarútveg og stjórn fiskveiða.
2. Mál er varða fiskvinnslu, verðlag á fiski til vinnslustöðva, fiskmarkaði og útflutning á óunnum fiski.
3. Mál er varða rannsóknir á fiskstofnum og ástandi hafsins og hagrannsóknir í sjávarútvegi.
4. Samstarf við alþjóðleg og svæðisbundin samtök og stofnanir um sjávarrannsóknir og rannsóknir á nýtingu sjávarfangs, þar á meðal samstarf við Alþjóðahafrannsóknaráðið og Alþjóðahvalveiðiráðið.

B. Stofnanir og embætti.

1. Hafrannsóknastofnun.
2. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.
3. Ríkismat sjávarafurða.
4. Fiskifélag Íslands.
5. Verðlagsráð sjávarútvegsins.
6. Fiskveiðasjóður Íslands.
7. Stofnfjársjóður fiskiskipa.
8. Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins.
9. Fiskimálasjóður.
10. Síldarverksmiðjur ríkisins.
11. Síldarútvegsnefnd.

11. gr.

Umhverfisráðuneyti.

A. Viðfangsefni.

1. Mál er varða náttúruvernd, þjóðgarða, landgræðslu að því er tekur til gróðurverndar, varna gegn gróðureyðingu, friðunar og eftirlits með ástandi gróðurs, verndun, friðun og eftirlit með náttúrlegum birkiskógum og skógum til útivistar, útivist og aðstöðu til náttúruskoðunar, jarðraski og efnistöku, aðgerðir til að stjórna stofnstærð villtra dýra, dýravernd og efling alhliða umhverfisverndar.
2. Mál er varða varnir gegn mengun á landi, í lofti og legi, eyðingu eða endurvinnslu hvers konar úrgangs frá byggð og atvinnuvegum, mál sem varða meðferð eiturefna og varnir gegn skaðlegri geislun og mál sem varða hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
3. Skipulags- og byggingarmál, gerð landnýtingaráætlana og mál er varða landmælingar.
4. Rannsóknir á sviði umhverfismála í samráði og samvinnu við aðra aðila, veðurspár, veðurathuganir og aðrar mælingar á ástandi lofthjúps jarðar og alþjóðleg samvinna á því sviði.
5. Fræðslu- og upplýsingastarfsemi á sviði umhverfismála.
6. Frumkvæði að samræmingu á aðgerðum ráðuneyta, einstakra ríkisstofnana og sveitarfélaga í málaflokkum sem snerta framkvæmd umhverfismála, svo sem í löggjöf um losun úrgangssefna og varnir gegn loft-, hávaða-, titrings-, geislunar-, ljós-, varma- og lyktarmengun.
7. Mál er varða alþjóðasamskipti og samvinnu þjóða á sviði umhverfsmála og framkvæmd á alþjóðasamningum um það efni.

B. Stofnanir og embætti.

1. Náttúrverndarráð.
2. Hollustuvernd ríkisins.
3. Eiturefnanefnd.
4. Geislavarnir ríkisins.
5. Siglingamálastofnun ríkisins að því er varðar varnir gegn mengun sjávar.
6. Skipulagsstjóri ríkisins og skipulagsstjórn.
7. Landmælingar Íslands.
8. Embætti veiðistjóra.
9. Náttúrufræðistofnun Íslands.
10. Veðurstofa Íslands.

12. gr.

Utanríkisráðuneyti.

A. Viðfangsefni.

1. Samskipti forseta Íslands og annarra þjóðhöfðingja.
2. Samskipti við önnur ríki.
3. Mál er varða sendiráð og ræðismannsskrifstofur Íslands erlendis og sendiráð og ræðismannsskrifstofur erlendra ríkja á Íslandi.
4. Samningar við önnur ríki.
5. Mál er varða réttindi Íslendinga og íslenska hagsmuni erlendis. Aðstoð við íslenska ríkisborgara á erlendri grundu.
6. Aðild ríkisins að alþjóðlegum samtökum, stofnunum, ráðstefnum og fundum sem ekki er falin öðrum ráðuneytum.
7. Kynning íslenskra málefna með öðrum þjóðum.

8. Áritun vegabréfa, útgáfa diplómatískra vegabréfa og þjónustuvegabréfa.
9. Framkvæmd varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, þar með talin stjórn varnarsvæða og meðferð mála sem leiðir af dvöl hins erlenda varnarliðs í landinu.
10. Gerð viðskiptasamninga við önnur ríki og mál er varða útflutningsverslun og innflutning samkvæmt tvíhliða viðskiptasamningum við ríkisviðskiptalönd. Mál er varða vörusýningar erlendis og aðra kynningu og sölu erlendis á íslenskri framleiðsluvöru og þjónustu. Mál sem varða Norræna verkefnaútflutningssjóðinn (NDF).
11. Mál er varða samskipti Íslands við alþjóðleg eða svæðisbundin efnahags- og viðskiptasamtök, þar með talið Evrópubandalagið (EC), Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA), og aðila að alþjóðlegu samkomulagi um tollamál og viðskipti (GATT).
12. Mál er varða þróunarsamvinnu og neyðarhjálp, þar með talin mál er varða Alþjóðaframfarastofnunina (IDA) og Norræna þróunarsamvinnusjóðinn (NDF).

B. Stofnanir og embætti.

1. Sendiráð og ræðismannsskrifstofur erlendis.
2. Þróunarsamvinnustofnun Íslands.
3. Útflutningsráð Íslands.
4. Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

13. gr.

Málefni, sem eigi er getið í 2.–12. gr., skulu lögð til ráðuneytis þar sem þau eðli sínu samkvæmt eiga heima, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um Stjórnarráð Íslands.

14. gr.

Nú þykir vafi leika á hvaða ráðuneyti skuli með mál fara og sker forsætisráðherra þá úr.

15. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 6. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 96 31. desember 1969 um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum.

Fylgiskjal II.

Kostnaðarumsögn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar um frumvarp til laga um Stjórnarráð Íslands.

Kostnaðaráhrif frumvarpsins, verði það að lögum, er vandasamt að meta svo að óyggjandi sé. Frumvarpið felur í sér eftirtaldar meginbreytingar frá núgildandi lögum um Stjórnarráð Íslands:

— Ráðuneyti verða 11 í stað 14.
— Skyld verkefni verða sameinuð undir yfirstjórn sama ráðuneytis.
— Skýrar er nú kveðið á um umsjón og eftirlit ráðuneyta með starfsemi stofnana og lögð er sérstök áhersla á ábyrgð ráðuneyta á gerð og framkvæmd fjárlaga.
— Forsetaskipun og æviráðning starfsmanna Stjórnarráðsins er afnumin og gert er ráð fyrir að settar verði samræmdar reglur um skrifstofu- og deildaskipan ráðuneyta.

Erfitt er að sjá að fyrrgreindar breytingar hafi bein kostnaðaráhrif þar sem ekki er gert ráð fyrir verulegum breytingum á verkefnum Stjórnarráðsins. Þó má ætla að fækkun ráðuneyta kunni fremur að lækka útgjöld við yfirstjórn Stjórnarráðsins og sama má segja um áhrif af sameiningu skyldra verkefna undir eitt og sama ráðuneyti.

Aftur á móti fela breytingarnar í sér óbeinan ávinning, þ.e. möguleika til almennrar hagræðingar í starfsemi ráðuneyta og stofnana. Skilvirkari stjórnsýsla gæti eflst vegna tilfærslu skyldra verkefna undir sameiginlega yfirstjórn. Aukinn sveigjanleiki í starfsmannahaldi kann einnig að reynast hagkvæmur og aukin áhersla á eftirlitshlutverk ráðuneytanna með stofnunum gefur möguleika á að fjárlögum verði framfylgt á skilvirkari hátt en nú er.

Hagræðið af breytingunum mun fyrst og fremst ráðast af skiptingu verkefna og málaflokka á milli ráðuneyta, sem ákveðin verður með reglugerð um Stjórnarráð Íslands, og þeirri endurskipulagningu á uppbyggingu og starfsemi ráðuneytanna sem því fylgir. Í því sambandi er rétt að benda á að nú eru ráðuneytin mjög misvel búin til að takast á við aukin verkefni á sviði áætlunargerðar, eftirlits og fjármálastjórnar.

Sþ. 928. Fyrirspurn [531. mál]

til utanríkisráðherra um mengun frá herstöðvum á Straumnes- og Heiðarfjalli.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvað liggur fyrir um mengun og úrgang frá herstöðvunum sem eitt sinn voru starfræktar á Straumnes- og Heiðarfjalli?
2. Hefur verið gengið úr skugga um hvort PCB-efni voru notuð og skilin eftir af hernum á þessum stöðum?
3. Hvaða ákvæði giltu og gilda varðandi umgengni og viðskilnað Bandaríkjahers á svokölluðum „varnarsvæðum“ með tilliti til náttúru og umhverfis?

Skriflegt svar óskast.

Nd. 929. Frumvarp til laga [532. mál]

um breytingu á lögum nr. 78/1980, um jöfnunargjald, með síðari breytingum.

Flm.: Friðrik Sophusson.

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Á árinu 1990 skal veita 170 milljónir króna til að endurgreiða iðnfyrirtækjum uppsafnaðan söluskatt vegna ársins 1989.

2. gr.

Við 6. gr. laganna bætist nýr málsliður svohljóðandi: Lög þessi falla úr gildi 1. ágúst 1990.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um jöfnunargjald voru fyrst samþykkt á Alþingi vorið 1978. Samkvæmt þeim var 3% jöfnunargjald lagt á innflutning sömu iðnvara og framleiddar voru hér á landi til að vega upp á móti þeim söluskatti sem varð hluti framleiðslukostnaðar þessara vara samkvæmt gildandi söluskattslögum. Tekjum af jöfnunargjaldinu átti að ráðstafa að hluta til að efla iðnþróun. Í greinargerð með frumvarpinu sagði m.a. orðrétt:

„Leggja ber áherslu á að álagning þessa gjalds er tímabundin ráðstöfun þar sem við upptöku virðisaukaskatts félli gjaldið niður vegna þess að uppsöfnunaráhrifum yrði þar með eytt. Með álagningu þessa gjalds er ekki talið að farið sé út fyrir þau takmörk sem aðildarsamningur Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu og samningur við Efnahagsbandalag Evrópu setja okkur, svo framarlega sem gjaldið er ekki hlutfallslega hærra en nemur þeim kostnaðarauka sem uppsöfnun söluskatts nú veldur í verði innlendrar vöru."

Í greinargerð var einnig sagt að eðlilegt væri að verja hluta af tekjunum „til að tryggja að útflytjendur iðnaðarvara þurfi eigi að verðleggja vöru sína með hliðsjón af þeim söluskatti er orðið hefur hluti af framleiðslukostnaði vörunnar". Lögin voru tímabundin og giltu til 31. desember 1980, enda var gert ráð fyrir að virðisaukaskattur tæki við af söluskatti í byrjun árs 1981.

Á næsta þingi fluttu fjórir þingmenn, þar á meðal núverandi fjármálaráðherra, frumvarp til laga um breytingu á lögum um jöfnunargjaldið. Í greinargerð frumvarpsins sagði orðrétt m.a. um tilgang laganna:

„Lög þessi voru sett til að jafna samkeppnisstöðu íslensks iðnaðar gagnvart iðnaði landa EFTA og EBE vegna ólíkra söluskattskerfa."

Núgildandi lög um jöfnunargjald, lög nr. 78/1980, eru byggð á lögunum frá 1978. Áfram er ætlast til að tekjunum af jöfnunargjaldinu sé ráðstafað að hluta til að efla iðnþróun. Í greinargerð með frumvarpinu er áhersla lögð á að um tímabundna ráðstöfun sé að ræða vegna mismunandi söluskattskerfa.

Þegar lög um virðisaukaskatt voru samþykkt á Alþingi var gengið út frá því að jöfnunargjaldið félli niður. Í töflum um áhrif virðisaukaskatts á tekjur ríkissjóðs, en þær fylgdu frumvarpinu, er sýnt hvaða áhrif slíkt hefur og þegar skatthlutfallið var ákveðið var gert ráð fyrir því tekjutapi.

Í tengslum við gerð kjarasamninga á sl. ári var samið um ýmis atriði við ríkisstjórnina, þar á meðal um jöfnunargjaldið. Í bréfi forsætisráðherra, dagsett 30. apríl 1989, til VSÍ og Vinnumálasambands samvinnufélaga segir orðrétt: „Jöfnunargjald af innfluttum vörum verður hækkað tímabundið úr 3% í 5% og fellur niður þegar virðisaukaskattur kemur til framkvæmda." Lögunum var síðan breytt og gjaldhlutfallið hækkað í samræmi við þessa yfirlýsingu.

Við afgreiðslu fjárlaga varð ljóst að ríkisstjórnin ætlaði ekki að standa við loforð sitt og fella gjaldið niður. Í fjárlögum er gert ráð fyrir að gjaldið verði innheimt í sex mánuði óbreytt. Hins vegar var ekki í fjárlögum ætlast til að ríkið endurgreiddi uppsafnaðan söluskatt vegna framleiðslu sl. árs. Í stað þess voru 390 milljónir króna veittar til þess með fjáraukalögum sem samþykkt voru í desember 1989. Af þeirri upphæð gengu 100 milljónir króna til iðnaðarins.

Nú hefur komið í ljós að sú upphæð dugir ekki til. Iðnaðarráðherra gerði þetta að umtalsefni í ræðu sinni á ársþingi FÍI hinn 15. mars sl. og sagði þá m.a.:

„Frá upptöku virðisaukaskatts um síðustu áramót heyrir uppsöfnun söluskatts í aðfangakostnaði iðnfyrirtækja sögunni til. Í fjárlögum fyrir árið 1990 er því ekki gert ráð fyrir neinni fjárveitingu til endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti í iðnaði. Jafnframt hefur verið gert ráð fyrir því að 5% jöfnunargjald á innfluttar iðnaðarvörur verði fellt niður frá miðju þessu ári.

Því er hins vegar ekki að neita að sú fjárhæð, sem ákveðin var með fjáraukalögum á síðasta ári til að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt í iðnaði vegna framleiðslu á árinu 1989, hrekkur ekki til. Samkvæmt áætlunum gæti fjárvöntunin numið allt að 170 milljónum króna.“

Í fjárlögum er gert ráð fyrir að jöfnunargjaldið færi ríkissjóði 500 milljónir króna í tekjur. Eina réttlætingin, sem ríkisstjórnin hafði fyrir því að ganga á bak orða sinna og fresta niðurfellingu gjaldsins, var að tekjurnar þyrfti til að mæta útgjöldum vegna endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti af framleiðslu sl. árs. Það kom því verulega á óvart þegar iðnaðarráðherra sagði eftirfarandi í áðurgreindri ræðu:

„Við þær erfiðu aðstæður, sem nú eru í ríkisfjármálunum, verður því ef til vill ekki hjá því komist að fresta niðurfellingu jöfnunargjaldsins um nokkra mánuði til þess að afla fjár til endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti til iðnaðar vegna framleiðslu á síðasta ári. Það er í fullu samræmi við lögin um jöfnunargjaldið sem enn eru í gildi og ákveða að hluta af tekjum af því skuli varið í þágu iðnaðarins. Ég hef undirbúið um þetta tillögu sem ég mun leggja fram í ríkisstjórn á morgun.“

Tilgangurinn með flutningi þessa frumvarps er annars vegar að tryggja endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti til iðnfyrirtækja vegna framleiðslu síðasta árs með sama hætti og tíðkast hefur undanfarin ár. Hins vegar er það tilgangurinn að koma í veg fyrir að ríkisstjórnin gangi á bak orða sinna og haldi áfram innheimtu jöfnunargjalds í ríkissjóð lengur en eðlilegt getur talist og fjárlög gera ráð fyrir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eðlilegt er að ríkissjóður endurgreiði uppsafnaðan söluskatt iðnfyrirtækja vegna framleiðslu sl. árs eins og gert hefur verið á undanförnum árum. Af þeim 390 milljónum króna, sem ætlaðar voru til greiðslu á uppsöfnuðum söluskatti samkvæmt fjáraukalögum á sl. ári, gengu 100 milljónir króna til iðnaðarins. Iðnaðarráðherra hefur upplýst að enn vanti 170 milljónir króna til greiðslu á uppsöfnuðum söluskatti af framleiðslu sl. árs. Með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, er ríkissjóði skylt að greiða út 170 milljónir kr. af þeim 500 milljónum kr. sem innheimtast samkvæmt fjárlögum.

Um 2. gr.

Hér er lagt til í samræmi við margyfirlýstan vilja Alþingis og loforð ríkisstjórnarinnar að fella niður jöfnunargjaldið. Með því að fella gjaldið niður frá 1. ágúst nk. er tryggt að tekjurnar af gjaldinu verða nokkuð umfram tekjuáætlun fjárlaga.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneytið, hagdeild:

Tekjur af jöfnunargjaldi 1981–1989.
(9. apríl 1990.)

Hér með fylgir yfirlit um tekjur ríkissjóðs af jöfnunargjaldi 1981–1989, svo og þær endurgreiðslur sem því eru tengdar (upphæðir í m.kr.)

	Innheimtar tekjur	Þar af endurgreitt
Árið 1981	37,8	20,9
Árið 1982	66,6	37,8
Árið 1983	110,4	57,1
Árið 1984	142,6	79,4
Árið 1985	217,9	113,1
Árið 1986	282,7	169,9
Árið 1987	403,9	263,2
Árið 1988	513,4	225,5
Árið 1989, brb.	833,5	337,2

Sþ. 930. Tillaga til þingsályktunar [533. mál]

um að enska verði kennd sem fyrsta erlenda tungumálið í grunnskóla.

Flm.: Ingi Björn Albertsson, Hreggviður Jónsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að breyta aðalnámsskrá þannig að enska verði kennd sem fyrsta erlenda tungumálið í grunnskóla.

Greinargerð.

Um langan aldur hefur danska verið fyrsta erlenda tungumálið sem börn og unglingar hafa lært í skólum. Hvílir þessi hefð m.a. á sögulegum grunni. Í 42. gr. laga um grunnskóla, nr. 63/1974, með síðari breytingum, er fjallað um efni aðalnámsskrár og í h-lið greinarinnar segir að sett skuli ákvæði í aðalnámsskrá um „kennslu í erlendum tungumálum, og séu forsendur fyrir vali þeirra annars vegar að varðveita tengslin við uppruna þjóðarinnar og norræna menningu og hins vegar að opna Íslendingum leið til samskipta við sem flestar þjóðir".

Í ljósi þess að enska nýtur sífellt meiri viðurkenningar sem aðaltungumálið á alþjóðlegum vettvangi telja flutningsmenn rétt að leggja meiri rækt við enskukennslu í skólum þannig að enska verði fyrsta erlenda tungumálið sem kennt er börnum á grunnskólastigi. Skilar það nám sér almennt mun betur sem veganesti fyrir framtíðina en svo rík áhersla á nám í Norðurlandatungumálum. Því er lagt til að Alþingi ályktí um að fela menntamálaráðherra að breyta aðalnámsskrá í þessa veru.

Nd. 931. Frumvarp til laga [534. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 64/1981, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

3. gr. hljóði svo:

Ákvæði laga þessara taka til félagsmanna í þeim stéttarfélögum sem við gildistöku þeirra eru aðilar að Atvinnuleysistryggingasjóði, svo og þeirra félaga sem stjórn sjóðsins veitir síðar aðild að sjóðnum eftir umsókn þeirra þar um. Lögin taka ekki til þeirra sem tryggður er réttur til atvinnuleysisbóta með öðrum lögum.

2. gr.

2. mgr. 11. gr. hljóði svo:

Um skilafrest launaframtals, meðferð þess og viðurlög skulu gilda ákvæði X.–XII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á.

3. gr.

Í 1. mgr. 12. gr. falli niður tilvitnunin „nr. 40/1978, sbr. lög nr. 7/1980“ og í staðinn komi: nr. 75/1981.

4. gr.

1. tölul. 1. mgr. 16. gr. hljóði svo:

1. Eru orðnir 16 ára að aldri en yngri en 71 árs.

5. gr.

1. mgr. 17. gr. hljóði svo:

Sá sem er atvinnulaus og fullnægir skilyrðum bótaréttar skv. 16. gr. en tekur starfi sem ekki er tryggingarskylt samkvæmt lögum þessum og stundar það allt að 24 mánuðum heldur að loknu því starfi bótarétti þeim sem hann hafði áunnið sér enda taki ákvæði annarra laga eða samninga um atvinnuleysistryggingar ekki til starfsins. Sama gildir í allt að 24 mánuðum um þá sem taka að stunda nám svo og þá sem verða að hverfa frá vinnu af heimilisástæðum.

6. gr.

Við 1. mgr. 18. gr. bætist: Ákvæði þessarar málsgreinar gilda ekki um þá sem taka að stunda námskeið eða annað nám sem varir lengur en sex vikur.

7. gr.

6. tölul. 21. gr. orðist svo:

6. Þeir sem neita starfi sem þeim býðst fyrir milligöngu vinnumiðlunar eða á annan sannanlegan hátt, enda sé vinnan heimil að lögum og laun fyrir hana og starfskjör öll í samræmi við gildandi kjarasamninga. Bótaréttur glatast þó ekki þótt umsækjandi hafni vinnu ef hann með læknisvottorði sannar að hann geti eigi stundað þá vinnu sem hann á kost á.

Eigi fellur heldur niður bótaréttur þótt sá sem hefur notið bóta skemur en fjórar vikur hafni vinnu í starfsgrein sem hann hefur ekki áður stundað, enda fylgi starfinu að mati úthlutunarnefndar mun meiri áreynsla og vosbúð en þeim störfum sem hann hefur áður stundað. Þegar hafnað er vinnu fjarri heimili metur úthlutunarnefnd hvort það skuli varða missi bótaréttar og skal þá gætt heimilisástæðna umsækjanda.

8. gr.

Við 5. mgr. 24. gr. bætist: Fyrirsjáanlega skerðingu vinnutíma skal atvinnurekandi tilkynna fyrir fram til vinnumiðlunar þar sem fyrirtæki starfar og tilgreina ástæður til samdráttar. Tilkynningu skal fylgja skrá um það starfsfólk sem ráðgert er að skerðingin taki til ásamt upplýsingum um dagvinnustundafjölda einstakra starfsmanna hjá fyrirtækinu á síðustu 12 mánuðum áður en til skerðingar kemur, svo og upplýsingum um stéttarfélög viðkomandi. Vinnumiðlun staðreynir skrána svo og síðari upplýsingar um það fólk sem skerðingin hefur tekið til og sendir til úthlutunarnefnda atvinnuleysisbóta fyrir þau félög, sem starfsmenn eru félagar í, sem síðan úrskurða um bótarétt. Ekki verða greiddar bætur samkvæmt þessari grein lengur en 30 bótadaga fyrir hvern starfsmann á almanaksári. Komi til uppsagna starfsmanna falla greiðslur niður og eiga þeir ekki bótarétt að nýju fyrr en að loknum uppsagnarfresti.

9. gr.

Í 1. mgr. 26. gr. fellur niður tilvitnunin „sbr. 7. gr. laga nr. 52/1956, um vinnumiðlun“ en í staðinn komi: sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 18/1985, um vinnumiðlun.

10. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I falli niður.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella þau ásamt lögum nr. 10/1985, lögum nr. 79/1986, V. kafla laga nr. 87/1989 og VI. kafla laga nr. 7/1990 inn í meginmál laga nr. 64/1981 og gefa lögin út að nýju svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipaði 18. október 1988 að beiðni stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs nefnd til að endurskoða lög og reglur um atvinnuleysistryggingar hér á landi.

Í nefndina voru skipaðir: Jón Ingimarsson skrifstofustjóri, án tilnefningar, og var hann jafnframt skipaður formaður nefndarinnar, Eyþór Þorbergsson lögfræðingur, tilnefndur af Vinnumálasambandi samvinnufélaga, Guðmundur Þ Jónsson, formaður Landssambands iðnverkafólks, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, Jón Rúnar Pálsson lögfræðingur, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands, og Eyjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Atvinnuleysistryggingasjóðs, tilnefndur af stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Eyjólfur tók við formennsku í nefndinni í september 1989 er Jón Ingimarsson andaðist.

Nefndin lauk störfum í nóvember 1989 og klofnaði í afstöðu sinni til breytinga á 3. gr. laga nr. 64/1981, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum. Nefndin er sammála um að leggja til breytingar á þessari grein, en greinin útilokar nú nokkrar tilgreindar stéttir frá atvinnuleysisbótum. Helmingur nefndarmanna vill að fellt verði niður það skilyrði bótaréttar að hlutaðeigandi umsækjandi sé í stéttarfélagi enda telja þeir að skilyrði um aðild að stéttarfélagi brjóti í bága við Félagsmálasáttmála Evrópu sem Ísland er aðili að. Félagsmálaráðherra mun hafa fengið athugasemd frá sérfræðinganefnd Evrópuráðsins vegna þessa. Hinn helmingur nefndarmanna telur brottfall skilyrðis um stéttarfélagaaðild slíka grundvallarbreytingu að fyrst þurfi að breyta þeim ákvæðum sem ekki sé ágreiningur um svo að umræða um breytingar á grunnskipulagi laganna tefji ekki málið.

Í frumvarpi því, sem hér er lagt fram, er breytingartillaga um 3. gr. í samræmi við vilja þeirra nefndarmanna sem vildu ganga skemmra í breytingum á ákvæðum laganna. Um önnur atriði frumvarpsins var samkomulag í nefndinni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Frá upphafi hafa ýmsar starfsgreinar verið utan atvinnuleysistrygginga. Hér er lagt til að þær takmarkanir falli niður og félagsmenn allra launþegasamtaka, sem 2. gr. tekur til, geti verið tryggðir í atvinnuleysistryggingum.

Um 2. gr.

Greinin er efnislega óbreytt, aðeins tilvitnun í ný skattalög.

Um 3. gr.

Tilvitnun er breytt vegna nýrra skattalaga.

Um 4. gr.

Í lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 29/1956, sagði að rétt til bóta ættu þeir sem væru á aldrinum 16–67 ára. Þó var þeim sem orðnir voru 67 ára tryggður bótaréttur ef þeir nutu ekki ellilífeyris.

Aldurshámarkið, 67 ár, var fellt úr gildi með bráðabirgðalögum nr. 81 31. desember 1968. Í lögum nr. 70/1969 var svo ákveðið að elli- og örorkulífeyrisþegar öðlist því aðeins bótarétt að loknu fyrsta bótatímabili að þeir sanni með læknisvottorði að þeir séu þá færir til almennrar vinnu. Hliðstætt ákvæði er í núgildandi lögum nr. 64/1981.

Í meðfylgjandi frumvarpsdrögum er lagt til að bótarétt eigi þeir sem eru orðnir 16 ára en yngri eru en 71 árs. Úrræði aldraðra eru orðin önnur nú en áður var með stóraukinni tekjutryggingu almannatrygginga og tilkomu lífeyrissjóða. Ekki er eðlilegt að greiddar séu atvinnuleysisbætur löngu eftir að tengslum bótaþega við vinnumarkað er lokið, enda leiðir það beinlínis af sér skerðingu eða brottfall tekjutryggingar almannatrygginga. Það virðist færast í vöxt að starfsmönnum sé sagt upp um sjötugt vegna aldurs og jafnvel dæmi um lægri aldur. Í nágrannalöndum er aldurshámark atvinnuleysistrygginga 65–67 ár, en það er ekki með öllu sambærilegt þar sem úrræði almannatrygginga vegna aldurs geta tekið til yngra fólks en hér.

Í tillögu þeirri, sem hér er gerð, felst að sá sem missir starf sitt sjötugur fær möguleika á að vera umsækjandi um vinnu og fá atvinnuleysisbætur um tíma meðan hann leitar fyrir sér um starf sem kynni að henta honum.

Um 5. gr.

Greinin fjallar um geymdan bótarétt undir vissum kringumstæðum.

Lagt er til að í upphafi greinarinnar sé beint tekið fram að geymsla bótaréttar vegna starfs sem ekki er tryggingaskylt eigi við þann sem orðinn er atvinnulaus og tekur slíku launþegastarfi. Með rýmkun þeirri á aðild að sjóðnum, sem gert er ráð fyrir í 3. gr., mun trúlega lítið reyna á þetta ákvæði.

Ákvæði núgildandi laga um geymdan rétt þeirra sem taka að stunda heimilisstörf allt að 24 mánuðum felur ekki í sér neina takmörkun né skilyrði. Lagt er til að sett verði svipað skilyrði og þegar um veikindi er að ræða, þ.e. knýjandi ástæður séu fyrir því að hinn tryggði hverfi af vinnumarkaði.

Um 6. gr.

Ákvæði þessu er ætlað að taka af tvímæli um skilning á ákvæðum greinarinnar.

Um 7. gr.

Greinin fjallar um sama efni og núverandi 6. tölul. 21. gr. Efnisbreyting er sú að samkvæmt frumvarpinu er bótaþega, sem notið hefur bóta í fjórar vikur eða lengur, skylt að viðlögðum missi bótaréttar að taka vinnu í starfsgrein sem er erfiðari en sú sem hann stundaði áður. Í núgildandi lögum fer um þetta samkvæmt mati úthlutunarnefndar. Þótt það heimildarákvæði sé fellt niður til þess að tryggja betur samræmi í framkvæmd nýtur bótaþegi eftir sem áður hinnar almennu reglu greinarinnar að sanna að hann sé ekki fær um að stunda það starf sem boðið er.

Um 8. gr.

Hér er bætt við 5. mgr. 8. gr. sem var áður 4. mgr., en færðist til er bætt var í lög nr. 10/1985 nýrri málsgrein á eftir 1. mgr. greinarinnar. Efni greinarinnar er þríþætt. Í fyrsta lagi er lagt til að lögfest verði ákvæði um framkvæmd greiðslna en tillagan er í samræmi við reglur sem hafa myndast um framkvæmd. Þá er lagt til að hámarkstími greiðslu verði 30 bótadagar sem er í samræmi við ákvæði laga um greiðslur vegna fiskvinnslufólks samkvæmt lögum nr. 34/1988. Loks er lagt til að beint sé tekið fram í lögunum að bótagreiðslur samkvæmt ákvæðum greinarinnar falli niður sé starfsmönnum sagt upp. Tilgangurinn með greiðslum þessum er að koma í veg fyrir uppsagnir en komi til þeirra ber starfsmönnum að fá greidd laun í uppsagnarfresti enda eru þá brostnar forsendur fyrir greiðslunum.

Um 9. gr.

Sett hafa verið ný lög um vinnumiðlun.

Um 10. gr.

Ákvæði þetta er löngu úrelt og ástæðulaust að hafa það lengur í lögunum.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Ed. 932. Frumvarp til laga [535. mál]

um starfsmenntun í atvinnulífinu.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

I. Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið laga þessara er að hvetja til aukinnar starfsmenntunar í atvinnulífinu í þeim tilgangi að:

— stuðla að aukinni framleiðni, bæta gæði vöru og þjónustu og greiða fyrir tækninýjungum og framþróun í íslensku atvinnulífi,
— stuðla að bættri verkkunnáttu og aukinni hæfni starfsmanna til að mæta nýjum kröfum og breyttum aðstæðum,
— auka möguleika og treysta stöðu einstaklingsins á vinnumarkaðnum með því að gefa honum kost á að efla og endurnýja þekkingu sína og gera hann um leið hæfari til að takast á við ný og breytt verkefni,

— jafna möguleika fólks á vinnumarkaði og þess fólks sem er tímabundið utan hans til að afla sér starfsmenntunar, einkum þeirra sem notið hafa lítillar eða engrar starfsmenntunar fyrir, með öflugu framboði á grunnmenntun til ákveðinna starfa eða til starfa í tiltekinni atvinnugrein,
— greiða fyrir hreyfingum starfsmanna úr einni atvinnugrein í aðra eftir aðstæðum og horfum á hverjum tíma,
— mæta þörfum starfshópa, sem missa vinnu vegna breytinga í atvinnuháttum, fyrir endurmenntun og þjálfun til annarra starfa eftir aðstæðum á hverjum tíma.

2. gr.

Markmiðum laga þessara skal náð með:
— stuðningi við skipulega starfsfræðslu; undirbúning, náms- og kennslugagnagerð, kennslu og starfsþjálfun, svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum,
— frumkvæði og mótun heildarstefnu varðandi starfsmenntun í atvinnulífinu samkvæmt ákvörðun starfsmenntaráðs.

3. gr.

Lögin taka til náms (námskeiða), sem þátttakendur stunda, til að auka færni og þekkingu til þeirra starfa sem þeir fást við eða stefna að, enda falli það að markmiðum laga þessara og aðstæðum á vinnumarkaði hverju sinni.

Til þessarar menntunar telst:
— Grunnstarfsmenntun: Grundvallarstarfsmenntun til ákveðinna starfa eða til starfa í tiltekinni atvinnugrein í framleiðslu og þjónustu.
— Eftirmenntun: Endurnýjun fagkunnáttu og viðbótarmenntun sem fólk stundar á sínu fagsviði.

II. Skipulag.

4. gr.

Starfsmenntun í atvinnulífinu skal heyra undir félagsmálaráðuneytið.

5. gr.

Ráðherra skipar sjö manna starfsmenntaráð til tveggja ára sem fer með framkvæmd laga þessara. Einn fulltrúi skal skipaður af félagsmálaráðherra án tilnefningar. Þrír fulltrúar skulu tilnefndir af samtökum atvinnurekenda, tveir af Vinnuveitendasambandi Íslands og einn af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Þrír fulltrúar skulu tilnefndir af samtökum launafólks, tveir af Alþýðusambandi Íslands og einn af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Starfsmenntaráð skiptir með sér verkum.

Hlutverk starfsmenntaráðs er að úthluta styrkjum til starfsmenntunar og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um stefnumótun og aðgerðir á sviði starfsmenntunar samkvæmt lögum þessum.

Í starfi sínu skal starfsmenntaráð hafa samráð við og efla frumkvæði fræðslunefnda atvinnulífsins samkvæmt frekari ákvæðum í reglugerð.

6. gr.

Starfsár (fjárhagsár) starfsmenntaráðs er almanaksárið og skal skipta því niður í úthlutunartímabil.

Við upphaf úthlutunartímabils hverju sinni skal starfsmenntaráð hafa ákveðið forgangsröðun verkefna og skiptingu þeirra fjármuna sem til ráðstöfunar eru millí mismunandi verkefnaflokka.

Við upphaf úthlutunartímabils skal starfsmenntaráð auglýsa eftir umsóknum um styrki til undirbúnings og/eða reksturs námskeiða og skal þar gerð grein fyrir forgangsröðun verkefna og skiptingu fjármuna fyrir yfirstandandi tímabil.

Starfsmenntaráð setur sér nánari starfsreglur að fengnu samþykki ráðherra.

7. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal safna saman upplýsingum um starfsmenntun og framboð hennar og koma þeim upplýsingum til helstu samtaka aðila vinnumarkaðarins.

III. Fjármál.

8. gr.

Ráðstöfunarfé starfsmenntaráðs skal ákveðið í fjárlögum og ráðstafað í sérstakan sjóð.

Félagsmálaráðherra gerir tillögur um fjárþörf vegna starfsmenntunar í atvinnulífinu að fenginni umsögn starfsmenntaráðs.

9. gr.

Styrki úr starfsmenntasjóði er hægt að veita til:

— greiðslu kostnaðar vegna undirbúnings náms (námskeiða), svo sem verkefnisstjórnun, náms- og kennslugagnagerð,
— greiðslu kostnaðar vegna námskeiðahalds, svo sem kostnað vegna kennsluaðstöðu og ferða- og flutningskostnaðar,
— annnars kostnaðar eftir ákvörðun starfsmenntaráðs.

Að öðru jöfnu er það forsenda framlaga að tiltekinn hluti af beinum rekstrarkostnaði námskeiða sé borinn af þátttökugjöldum samkvæmt nánari ákvörðun starfsmenntaráðs.

IV. Umsóknir.

10. gr.

Rétt til umsókna um styrk til starfsnáms eiga: samtök atvinnurekenda og launafólks, einstök atvinnufyrirtæki, einkaaðilar eða opinberir aðilar sem standa fyrir starfsmenntun í atvinnulífinu, starfsmenntaráð einstakra atvinnugreina og samstarfsverkefni tveggja eða fleiri ofangreindra aðila.

11. gr.

Eftirtalin gögn skulu fylgja umsóknum um styrki skv. 9. gr. laga þessara:

a. Markmið með því námi sem sóttur er styrkur til.
b. Lýsing á innihaldi námsins.
c. Námslengd.
d. Námskröfur og námsmat.
e. Markhópur námsins og stærð hans.
f. Áætlaður fjöldi þátttakenda.
g. Kostnaðar- og tekjuáætlun.
h. Yfirlit yfir námskeiðahald viðkomandi umsækjanda á síðastliðnu almanaksári.

V. Ýmis ákvæði.

12. gr.

Þeim aðilum, sem fengið hafa stuðning samkvæmt lögum þessum, skal skylt að veita upplýsingar um þá menntun og/eða þjálfun sem boðið hefur verið upp á samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

13. gr.

Þeim aðilum, sem fengið hafa stuðning samkvæmt lögum þessum til að vinna námsefni og önnur gögn, skal skylt að framselja til félagsmálaráðuneytisins höfundarétt og jafnframt senda ráðuneytinu eintak af viðkomandi efni. Ráðherra skal heimilt að ráðstafa þessum gögnum til frekari notkunar samkvæmt tillögum starfsmenntaráðs.

14. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal halda skýrslu yfir það nám sem styrkt er samkvæmt lögum þessum. Það skal jafnframt sjá um að kynna og veita upplýsingar um þá starfsmenntun sem í boði er og þau náms- og kennslugögn sem það hefur til ráðstöfunar samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

15. gr.

Nám, sem styrkt er samkvæmt lögum þessum, skal hægt að meta til námsáfanga í hinu almenna skólakerfi samkvæmt reglum sem þar um gilda af hálfu menntamálaráðuneytisins.

16. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara í reglugerð, þar á meðal um afmörkun og gildissvið að fengnum tillögum starfsmenntaráðs.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lögin skal endurskoða eigi síðar en fjórum árum eftir gildistöku þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Félagsmálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, skipaði 16. ágúst 1989 nefnd sem falið var það verkefni að semja frumvarp til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu. Ráðherra skipaði jafnframt ráðgjafahóp til að vinna með nefndinni.

Í nefndina voru skipuð: Halldór Grönvold, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, Karl Kristjánsson, tilnefndur af menntamálaráðneytinu, Ólafur B. Birgisson, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands, Sjöfn Ingólfsdóttir, tilnefnd af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, og Gylfi Kristinsson, skipaður formaður nefndarinnar án tilnefningar.

Í ráðgjafahóp voru skipuð: Árni Þ. Árnason, tilnefndur af iðnaðarráðuneyti, Benedikt Guðbjartsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra bankamanna, Gissur Pétursson, tilnefndur af starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar, Guðmundur J. Guðmundsson, tilnefndur af Verkamannasambandi Íslands, Gylfi Gautur Pétursson, tilnefndur af sjávarútvegsráðuneyti, Jóngeir H. Hlinason, tilnefndur af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Runólfur Sigursveinsson, tilnefndur af landbúnaðarráðuneyti, Stefán Baldursson, tilnefndur af Bandalagi háskólamanna, Þröstur Helgason, tilnefndur af Bandalagi kennarafélaga, og Þuríður Magnúsdóttir, tilnefnd af Fræðslumiðstöð iðnaðarins.

Nefndin skilaði ráðherra tillögum með frumvarpi því sem hér er lagt fram. Tekið skal fram að full samstaða tókst um efni þess. Nái frumvarpið fram að ganga er stigið stórt skref í átt að því markmiði sem kveðið er á um í sáttmála ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar frá 28. september 1988. Í kafla um vinnumarkað segir að ríkisstjórnin muni hafa frumkvæði að því að auka starfsmenntun í atvinnulífinu. Einnig er uppfyllt loforð sem ríkisstjórnin gaf aðilum vinnumarkaðarins 30. apríl 1989 í tengslum við gerð kjarasamninga um að hún muni beita sér fyrir því að áfram verði haldið uppbyggingu starfsmenntunar og stefnt að því að koma á samræmdu starfsmenntunarkerfi á vegum félagsmálaráðuneytisins.

Þess skal einnig getið að á 36. þingi Alþýðusambands Íslands árið 1988 var samþykkt tillaga um að sett skuli rammalöggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu sem allra fyrst í nánu samstarfi við verkalýðshreyfinguna. Þar yrði m.a. kveðið á um yfirumsjón félagsmálaráðuneytisins með starfsmenntun í landinu í samvinnu við verkalýðshreyfinguna, atvinnurekendur, fræðslustofnanir og ráðuneyti.

Í skipunarbréfi félagsmálaráðherra er tekið fram að lagafrumvarpið um starfsmenntun í atvinnulífinu skuli samið á grundvelli álitsgerðar vinnuhóps sem skipaður var af félagsmálaráðherra 27. janúar 1988 og annarra gagna sem nefnd og ráðgjafahópi verði fengin til umfjöllunar.

Framangreindum vinnuhópi var falið að setja fram tillögur um skipulag starfsmenntunar í atvinnulífinu. Hann skilaði félagsmálaráðherra álitsgerð 3. febrúar 1989. Við samningu frumvarps þessa var álitsgerðin að nokkru höfð til hliðsjónar.

Tengsl starfsmenntunar í atvinnulífinu við aðra þætti fullorðinsfræðslu.

Í framhaldi af álitsgerð vinnuhópsins ákváðu félagsmálaráðherra og menntamálaráðherra að fela embættismönnum að taka upp viðræður um tengsl starfsmenntunar í atvinnulífinu við almenna fullorðinsfræðslu. Eftir nokkra viðræðufundi var komist að þeirri sameiginlegu niðurstöðu 24. febrúar 1989 að rétt væri að sett yrði sérstök löggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu sem heyrði til verksviðs félagsmálaráðuneytisins og önnur um fullorðinsfræðslu er heyrði til verksviðs menntamálaráðuneytisins, sbr. fskj. Þessi niðurstaða byggði fyrst og fremst á því að til starfsmenntunar í atvinnulífinu væri oft stofnað með ákvæðum í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins sem í sumum tilvikum skuldabinda sig til að standa straum af hluta kostnaðar. Á því var vakin athygli að forsendur slíkra samningsákvæða væru breytingar á vinnumarkaðinum vegna tæknibreytinga eða af öðrum ástæðum. Hér væri því fyrst og fremst um vinnumarkaðsmálefni að ræða þar sem forsenda árangurs væri sem mest áhrif aðila vinnumarkaðarins á alla framkvæmd.

Hins vegar var lögð áhersla á gott samstarf á milli félagsmálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis á þessu sviði.

Helstu atriði frumvarpsins.

Með frumvarpi því, sem hér er lagt fyrir Alþingi, er afskiptum stjórnvalda af starfsmenntun, sem fram fer í atvinnulífinu, skapaður lagagrundvöllur þar sem sett eru fram ákveðin markmið sem stefnt er að með lögunum. Einnig er kveðið á um það hvernig markmiðunum skuli náð.

Helstu atriði frumvarpsins eru:

1. *Markmið.* Í frumvarpinu er ítarlega kveðið á um markmið starfsmenntunar í atvinnulífinu sem er m.a. að stuðla að aukinni framleiðni, greiða fyrir tækninýjungum og

framþróun í íslensku atvinnulífi. Einnig að bæta verkkunnáttu og auka hæfni starfsmanna til að mæta nýjum kröfum og breyttum aðstæðum o.fl.

2. Markmiðum laganna skal m.a. náð með *stuðningi* við skipulega starfsfræðslu og með frumkvæði og *mótun heildarstefnu* varðandi starfsmenntun í atvinnulífinu.

3. Kveðið er á um *skipan í stjórnkerfinu* og lagt til að starfsmenntun í atvinnulífinu heyri undir félagsmálaráðuneytið sem ráðuneyti vinnumála.

4. *Starfsmenntaráð.* Tillaga er gerð um skipan starfsmenntaráðs sem úthluti styrkjum til starfsmenntunar og skuli vera stjórnvöldum til ráðuneytis um stefnumótun og aðgerðir á sviði starfsmenntunar. Í starfsmenntaráði eigi sæti sjö fulltrúar; þrír fulltrúar samtaka launafólks og þrír fulltrúar samtaka atvinnurekenda. Félagsmálaráðherra skipi einn fulltrúa án tilnefningar.

5. *Skipuleg öflun og miðlun upplýsinga um starfsmenntun.* Tillaga er um að félagsmálaráðuneyti safni upplýsingum um starfsmenntun og miðli þeim til hlutaðeigandi aðila. Með því verði stuðlað að betri nýtingu þess fjármagns sem nú er varið til starfsmenntunar á vinnumarkaði og komið í veg fyrir tvíverknað.

6. *Aukið eftirlit með opinberum fjárveitingum til starfsmenntunar.* Aðilum sem fá stuðning samkvæmt lögunum verði skylt að veita stjórnvöldum upplýsingar um menntun og/eða þjálfun sem boðið hefur verið upp á.

7. *Fjármál.* Framlög hins opinbera til starfsmenntunar í atvinnulífinu verði ákveðin árlega á fjárlögum samkvæmt tillögum félagsmálaráðherra og renni í sérstakan sjóð. Það verður því fjárveitingavaldsins að ákveða framlög hins opinbera til starfsmenntunar.

Á það ber að leggja sérstaka áherslu að frumvarpið byggir á eðlilegri verkaskiptingu félagsmálaráðneytis og menntamálaráðuneytis og ekki gert ráð fyrir neinum verkefnaflutningi á milli ráðuneytanna. Markmið frumvarpsins er fyrst og fremst að mæta nýjum þörfum sem upp koma á vinnumarkaðinum og í atvinnulífinu.

Þá skal vakin sérstök athygli á því að í nágrannalöndunum, t.d. á Norðurlöndum og í Evrópubandalaginu, er sífellt meiri áhersla lögð á gildi starfsmenntunar í stefnu í vinnumálum með það að markmiði að auka samkeppnishæfni atvinnulífsins og draga úr atvinnuleysi. Benda má á alþjóðasamþykktir og tillögur Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í þessu sambandi. Á fundi evrópskra vinnumálaráðherra, sem haldinn var í Kaupmannahöfn á síðastliðnu sumri, kom fram í máli allra ráðherranna að þeir leggja höfuðáherslu á starfsmenntun sem tæki til að auka framleiðni og arðsemi fyrirtækja og minnka atvinnuleysi.

Samkvæmt kostnaðarumsögn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar má áætla kostnaðarauka ríkissjóðs verði frumvarpið óbreytt að lögum um 2–3 millj. kr. á ári vegna starfsmenntaráðs og aukinna verkefna félagsmálaráðuneytisins við öflun og miðlun upplýsinga um starfsmenntun. Er þá miðað við launagjöld vegna eins starfsmanns er verði ráðinn til að sinna þessum málefnum á aðalskrifstofu félagsmálaráðuneytisins og áætlaðan kostnað af starfi starfsmenntaráðs.

Stofnunin bendir á að í fjárlögum ársins 1990 sé fjárveiting að upphæð rúmlega 12 millj. kr. til starfsmenntunar í atvinnulífinu hjá félagsmálaráðuneyti. Hún tekur fram að ekki sé gerð áætlun um aukið framlag verði frumvarpið samþykkt vegna ákvæðis um að Alþingi ákveði árlega fjárveitingu til starfsmenntasjóðs. Stofnunin vekur hins vegar athygli á því að markmiðið með löggjöfinni sé að efla starfs- og endurmenntun í atvinnulífinu þannig að vænta megi aukinna framlaga til þessa málaflokks á næstu árum verði frumvarpið óbreytt að lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Markmið laganna er að hvetja til aukinnar starfsmenntunar í atvinnulífinu. Í greininni er skilgreint í hvaða tilgangi þetta sé gert. Sérstaka áherslu ber að leggja á það sem segir um aukna framleiðni fyrirtækja, bætt gæði vöru og þjónustu. Einnig að greitt sé fyrir tækninýjungum og stuðlað að þróun í íslensku atvinnulífi. Markmiði laganna skal enn fremur náð með bættri verkkunnáttu og aukinni hæfni starfsmanna til að mæta nýjum kröfum og breyttum aðstæðum. Tekið skal fram að með lögunum eru skapaðar forsendur fyrir því að brugðist sé við breyttum aðstæðum á vinnumarkaði. Þetta verði m.a. gert með því að bjóða upp á afmarkaða starfsmenntun sem ekki stendur til boða í almenna skólakerfinu.

Enn fremur er það markmið laganna að jafna möguleika fólks á vinnumarkaði og þess fólks sem er tímabundið utan hans til að afla sér menntunar. Þetta gildir ekki síst um það sem hefur litla eða enga starfsmenntun fyrir.

Um 2. gr.

Í greininni er skilgreint hvernig markmiðum laganna skuli náð með stuðningi við skipulega starfsfræðslu; undirbúning, náms- og kennslugagnagerð, kennslu og starfsþjálfun. Einnig er kveðið á um frumkvæði starfsmenntaráðs í mótun heildarstefnu varðandi starfsmenntun í atvinnulífinu.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um að lögin taki til náms eða námskeiða sem þátttakendur stunda til að auka færni og þekkingu á þeim störfum sem þeir fást við eða stefna að. Tekið er fram að til þessarar menntunar teljist grunnstarfsmenntun og eftirmenntun. Með grunnstarfsmenntun er átt við grundvallarstarfsmenntun til ákveðinna starfa eða til starfa í tiltekinni atvinnugrein í framleiðslu og þjónustu. Í eftirmenntun felst endurnýjun á fagkunnáttu og viðbótarmenntun sem fólk stundar á sínu fagsviði.

Um 4. gr.

Í greininni er tekið fram að félagsmálaráðuneytið fari með starfsmenntun í atvinnulífinu. Til starfsmenntunar í atvinnulífinu hefur oft verið stofnað með ákvæðum í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins sem í sumum tilvikum skuldbinda sig til að standa straum af hluta kostnaðar. Forsendur slíkra samningsákvæða eru aðstæður á vinnumarkaðinum vegna tæknibreytinga eða af öðrum ástæðum. Hér er því fyrst og fremst um vinnumarkaðsmálefni að ræða og því eðlilegt að umsjón þeirra sé falin ráðuneyti vinnumála, þ.e. félagsmálaráðuneytinu.

Um 5. gr.

Hér er gerð tillaga um skipun sjö manna starfsmenntaráðs til tveggja ára sem verði falin framkvæmd laganna. Í starfsmenntaráð skal ráðherra skipa einn fulltrúa án tilnefningar, þrjá samkvæmt tilnefningum samtaka atvinnurekenda, þ.e. tvo fulltrúa tilnefnda af Vinnuveitendasambandi Íslands og einn fulltrúa tilnefndan af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Einnig skal skipa þrjá fulltrúa tilnefnda af samtökum launafólks, þ.e. tvo tilnefnda af Alþýðusambandi Íslands og einn af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Gert er ráð fyrir að starfsmenntaráð skipti með sér verkum.

Á sameiginlegum fundi nefndar og ráðgjafahóps, sem skipaður var til að semja lagafrumvarpið, kom fram ábending um að gefa ætti fleiri samtökum tækifæri til að tilnefna fulltrúa í starfsmenntaráðið. Nefndin var hins vegar sammála um þá skipan sem lögð er til í greininni enda eru framangreind samtök stærst á vinnumarkaðinum.

Í 2. mgr. er fjallað um verkefni starfsmenntaráðs sem fyrst og fremst verður að úthluta styrkjum til starfsmenntunar og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um stefnumótun og aðgerðir á þessu sviði.

Í 3. mgr. er lögð á það áhersla að starfsmenntaráð hafi samráð við og efli frumkvæði fræðslunefnda atvinnulífsins. Með þeim hætti verði hlúð að þeirri starfsemi sem nú þegar er til staðar.

Samkvæmt framangreindu er ljóst að starfsmenntaráði er ætlað mjög afmarkað hlutverk sem kallar ekki á umfangsmikla starfsemi. Í kostnaðarumsögn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar er áætlaður kostnaðarauki ríkissjóðs, verði frumvarpið óbreytt að lögum, um 2–3 millj. kr. á ári vegna starfsmenntaráðs og aukinna verkefna félagsmálaráðuneytisins við öflun og miðlun upplýsinga um starfsmenntun. Er þá miðað við launagjöld vegna eins starfsmanns er verði ráðinn til að sinna þessum málefnum á aðalskrifstofu félagsmálaráðuneytisins og áætlaðan kostnað af starfi starfsmenntaráðs.

Í niðurlagi greinarinnar er gert ráð fyrir að nánar verði kveðið á um starfshætti starfsmenntaráðs með reglugerð. Þetta ákvæði er sett vegna þess að hér er um nýtt viðfangsefni að ræða og hægt er að laga starfsemina greiðlega að aðstæðum.

Um 6. gr.

Tekið er fram að fjárhagsár starfsmenntaráðs skuli vera almanaksárið en því skuli skipt í úthlutunartímabil.

Fram kom hugmynd um nánari útfærslu á ákvæði greinarinnar. Samkvæmt henni skyldi fjárhagsárið vera frá 1. mars til 28. febrúar og skiptast í tvö úthlutunartímabil. Fyrra tímabilið væri frá 1. mars til 31. ágúst og hitt frá 1. september til 28. febrúar. Ekki var talið rétt að binda þetta í lögum.

Í 2. mgr. er kveðið á um það að við upphaf úthlutunartímabils skuli starfsmenntaráð hafa ákveðið forgangsröðun verkefna og skiptingu þeirra fjármuna sem eru til ráðstöfunar til verkefnaflokka. Gert er ráð fyrir að ástand og horfur í atvinnumálum hafi áhrif á forgangsröðunina.

Samkvæmt 3. mgr. skal auglýsa eftir umsóknum um styrki til undirbúnings og/eða reksturs námskeiða. Í auglýsingunni skal gera grein fyrir forgangsröðun starfsmenntaráðs og skiptingu fjármuna til einstakra verkefnaflokka eins og hún hefur verið ákveðin af starfsmenntaráði.

Um 7. gr.

Fjallað er um öflun og miðlun upplýsinga í greininni. Samkvæmt henni skal félagsmálaráðuneytið annast þetta verkefni. Lagt er til að ráðuneytið haldi þessum upplýsingum til haga og komi þeim til helstu samtaka aðila vinnumarkaðarins. Hér er um mikilvægt atriði að ræða sem ætti að geta komið í veg fyrir að margir aðilar séu að vinna að sama verkefninu á sviði starfsmenntunarmála eins og komið hefur fyrir.

Um 8. gr.

Við samningu frumvarpsins var fjallað um ýmsar leiðir til að afla fjár til starfsmenntunar. Hér er lagt til að Alþingi ákveði árlega með fjárlögum upphæð sem varið er til starfsmenntunar á grundvelli tillagna félagsmálaráðherra. Þessi upphæð renni í sérstakan sjóð.

Rétt er að leggja áherslu á að ekki er með lögunum verið að marka starfsmenntunarmálum ákveðinn tekjustofn. Þvert á móti er Alþingi gefið mjög víðtækt vald til þess að ákveða sjálft fjárveitingar til þessarar starfsemi í samræmi við þarfir og aðstæður.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um styrkveitingar úr starfsmenntasjóði. Lagt er til að hægt verði að veita styrki vegna kostnaðar við undirbúning náms eða námskeiða, t.d. vegna verkefnisstjórnunar, náms- og kennslugagnagerðar. Í öðru lagi verði heimilt að veita styrki vegna kostnaðar við námskeiðahald, t.d. vegna kennsluaðstöðu og ferða og flutningskostnaðar. Í þriðja lagi til að standa straum af öðrum kostnaði vegna sérstakra aðstæðna sem ekki verða séðar fyrir.

Í 2. mgr. er lögð áhersla á að að öðru jöfnu sé það forsenda fyrir styrkveitingu úr starfsmenntasjóði að tiltekinn hluti af beinum rekstrarkostnaði námskeiða sé borinn af þátttökugjöldum samkvæmt nánari ákvörðun starfsmenntaráðs. Þar sem aðstæður geta verið mjög ólíkar er ekki gerð tillaga um það hversu hátt þetta hlutfall eigi að vera.

Um 10. gr.

Í greininni er kveðið á um styrkhæfni. Tekið er fram að umsóknir frá samtökum atvinnurekenda og launafólks séu styrkhæfar. Svo og frá einstökum atvinnufyrirtækjum, einkaaðilum eða opinberum aðilum sem standa fyrir starfsmenntun í atvinnulífinu og starfmenntaráðum einstakra atvinnugreina. Einnig er gert ráð fyrir því í greininni að einstök samstarfsverkefni tveggja eða fleiri framangreindra aðila geti verið styrkhæf. Að öðru jöfnu er lögð áhersla á samstarfsverkefni sem aðilar vinnumarkaðarins standa að.

Rétt er að taka fram að lögð er sérstök áhersla á stuðning við starfsmenntun sem hefur að markmiði að auka þekkingu og færni þeirra sem stunda almenn störf í framleiðslu og þjónustugreinum.

Um 11. gr.

Samkvæmt greininni skulu umsóknir um styrki úr starfsmenntasjóði vera skriflegar. Umsóknum skulu fylgja upplýsingar um tiltekin atriði sem eru talin upp í stafliðum a–h og þarfnast ekki sérstakra skýringa. Markmiðið með ákvæðinu er að stuðla að því að þeir sem hyggjast njóta stuðnings samkvæmt lögunum geri sér glögga grein fyrir tilgangi þeirrar starfsmenntunar sem þeir hyggjast bjóða upp á, skipulagi, umfangi og kostnaði.

Það er enn fremur nauðsynlegt fyrir starfsmenntaráð að fá sem ítarlegastar upplýsingar um þau verkefni sem sótt er um styrk til þannig að ráðið geti tekið afstöðu til umsóknanna.

Um 12. gr.

Markmið greinarinnar er að gera stjórnvöldum kleift að krefjast upplýsinga um það hvernig staðið hefur verið að framkvæmd starfsmenntunar sem notið hefur stuðnings samkvæmt lögunum.

Um 13. gr.

Í greininni er kveðið á um það að aðilum, sem fengið hafa stuðning samkvæmt lögunum til að semja námsefni, skuli skylt að framselja til félagsmálaráðuneytisins höfundarétt og jafnframt senda ráðuneytinu eintak af hlutaðeigandi efni. Ráðuneytinu er heimilt að ráðstafa þessum gögnum til frekari notkunar samkvæmt tillögum starfsmenntaráðs. Með ákvæðinu er stuðlað að greiðari samnýtingu námsefnis og annarrar vinnu. Oft hefur verið á það bent að

námsgagnagerð og önnur vinna gæti nýst betur og verið sé að semja sambærilegt námsefni á mismunandi stöðum á sama tíma. Aðgangur þeirra, sem annast hliðstæða fræðslu að slíku efni, er ekki alltaf greiður þótt gerð þess hafi verið kostuð af almannafé. Rétt er að vekja athygli á því að við framkvæmd greinarinnar verði gætt ákvæða höfundalaga.

Um 14. gr.

Leggja ber áherslu á tvíþætta skyldu félagsmálaráðuneytisins að annars vegar að safna upplýsingum um starfsmenntun sem í boði er og hins vegar að miðla upplýsingum um þetta efni.

Um 15. gr.

Með greininni er lögð áhersla á það að hægt verði að meta nám sem stundað er á grundvelli á laganna til námseininga í hinu almenna skólakerfi samkvæmt reglum menntamálaráðuneytisins.

Um 16. gr.

Með löggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu er verið að fara inn á nýjar brautir. Þess vegna er lögð á það áhersla að ramminn, sem þessari starfsemi er settur í upphafi, verði rúmur og auðveldlega lagaður að breyttum aðstæðum. Af þeirri ástæðu er lagt til að með reglugerð verði nánar kveðið á um ýmsa þætti sem löggjöfin nær til, svo sem afmörkun og gildissvið, og verði við setningu hennar byggt á tillögum starfsmenntaráðs.

Um 17. gr.

Um ákvæðið í 2. mgr. má vísa til þess sem segir hér að framan um 16. gr. Um er að ræða að ýmsu leyti nýtt viðfangsefni og þar af leiðandi er lagt til að lögin verði endurskoðuð eigi síðar en að fjórum árum liðnum.

Fylgiskjal.

Niðurstaða úr viðræðum fulltrúa félagsmálaráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins um fullorðinsfræðslu.
(24. febr. 1989.)

Fulltrúar félagsmálaráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins hafa samkvæmt samkomulagi félagsmálaráðherra og menntamálaráðherra komið saman til fjögurra funda í því skyni að ræða samstarf á sviði fullorðinsfræðslu. Í viðræðunum hafa tekið þátt: Gerður G. Óskarsdóttir, Guðrún Ágústsdóttir, Gylfi Kristinsson, Helgi Guðmundsson, Karl Kristjánsson, Þráinn Hallgrímsson og Þuríður Magnúsdóttir. Á framangreindum fundum hafa verið lögð fram eftirfarandi skjöl:

a. Erindi um samhæfingu í endurmenntun og fullorðinsmenntun með stofnun símenntunarnefndar (menntamálaráðuneytið).

b. Erindasafn um starfsmenntun í atvinnulífinu (félagsmálaráðuneytið).
c. Álitsgerð um starfsmenntun í atvinnulífinu (félagsmálaráðuneytið).
d. Ábendingar um efni hugsanlegra fullorðinsfræðslulaga (menntamálaráðuneytið).

Á viðræðufundunum hefur einkum verið rætt um það hvort hugsanlegt sé að setja heildarlöggjöf um fullorðinsfræðslu sem m.a. taki til starfsmenntunar í atvinnulífinu. Einnig hefur verið rætt um tillögur um samhæfingu í endurmenntun og fullorðinsfræðslu með stofnun símenntunarráðs. Niðurstaðan úr viðræðunum er eftirfarandi:

Viðræðunefndin hefur fjallað um *Ábendingar um efni hugsanlegra fullorðinsfræðslulaga* og álitsgerð um *Starfsmenntun í atvinnulífinu*. Einkum hefur verið rætt um það hvort gerlegt sé að setja eina löggjöf sem taki til allrar fullorðinsfræðslu, þar með talin starfsmenntun í atvinnulífinu eins og hún er skilgreind í álitsgerð vinnuhóps á vegum félagsmálaráðuneytisins. *Eftir ítarlegar umræður er niðurstaðan sú að rétt sé að sett verði sérstök löggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu sem heyri til verksviðs félagsmálaráðuneytisins og önnur um fullorðinsfræðslu er heyri til verksviðs menntamálaráðuneytisins.* Meginröksemdin fyrir niðurstöðunni byggir á því að til starfsmenntunar í atvinnulífinu er oft stofnað með ákvæðum í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins sem í sumum tilvikum skuldabinda sig til að standa straum af hluta kostnaðar. Forsendur slíkra samningsákvæða eru breytingar á vinnumarkaðinum vegna tæknibreytinga eða af öðrum ástæðum. Hér er því fyrst og fremst um vinnumarkaðsmálefni að ræða þar sem forsenda árangurs eru sem mest áhrif aðila vinnumarkaðarins á alla framkvæmd.

I. Löggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu.

Í samræmi við framangreint skiptist löggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu í eftirfarandi kafla:

1. Markmið og skilgreiningar.

Í þessum kafla komi fram markmið starfsmenntunar í atvinnulífinu. Samkvæmt álitsgerð vinnuhóps félagsmálaráðuneytisins er það tvíþætt:

Markmið starfsmenntunar í atvinnulífinu er að bæta verkmenntun og vinnuumhverfi, auka framleiðni fyrirtækja og treysta stöðu einstaklingsins á vinnumarkaðinum með því að gera honum kleift að takast á við ný eða breytt verkefni í kjölfar nýrrar tækni eða laga sig að breyttum atvinnuháttum.

Markmið starfsmenntunar í atvinnulífinu er einnig að auka virkt atvinnulýðræði með því að búa starfsmenn undir þátttöku og ábyrgð í stjórnun og rekstri fyrirtækja.

Enn fremur komi fram skilgreining á heitinu *starfsmenntun í atvinnulífinu*. Í álitsgerð vinnuhópsins er átt við skipulegt nám (námskeið) sem fólk á vinnumarkaði stundar í því skyni að bæta eða auka færni sína og þekkingu til þeirra starfa sem það fæst við eða vegna breytinga á störfum og starfsháttum. *Starfsmenntun í atvinnulífinu* tekur til endurmenntunar hópa og einstaklinga svo og viðbótarmenntunar (eftirmenntunar) faglærðra og grunnmenntunar ófaglærðra sem fram fer á vinnumarkaðinum.

2. Yfirstjórn.

Í þessum kafla komi fram stjórn og eftirlit með þeirri starfsmenntun sem nýtur stuðnings samkvæmt lögunum. Félagsmálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirrar fræðslu sem fjallað er um í lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu, sjá nánar álitsgerð vinnuhóps félagsmálaráðuneytisins, bls. 25–27.

3. Fjármál.

Hér verði lögð áhersla á stofnun sjóðs sem geti fengið tekjur eftir ýmsum leiðum, sbr. álitsgerð vinnuhóps félagsmálaráðuneytisins, bls. 28–29. Lögð verður áhersla á þær umsóknir, sem byggja á að samtök aðila vinnumarkaðarins leggja fram fé eða aðra fyrirgreiðslu, njóti ákveðins forgangs um opinberan stuðning.

4. Ýmis ákvæði.

Í þessum kafla verði m.a. ákvæði um eftirlit með framkvæmd námskeiða sem stofnað til eftir lögunum, upplýsingaskyldu þeirra sem hljóta stuðning o.fl. þess háttar.

Einnig verði kveðið á um mat á námi, sem stundað er innan ramma laga um starfsmenntun í atvinnulífinu, til áfanga í almenna skólakerfinu og þá verði vísað til reglna sem menntamálaráðuneytið setur.

Enn fremur verði vísað til reglna sem menntamálaráðuneytið setur varðandi notkun skólahúsnæðis til námskeiðahalds sem kostað er með opinberum stuðningi.

II. Lög um fullorðinsfræðslu.

Lögin taki til allra sviða fullorðinsfræðslu að undanskilinni starfsmenntun í atvinnulífinu. Fullorðinsfræðsla greinist í þrjá aðalþætti:

1. *Almennt nám* sem hliðstætt við það sem boðið er á öllum stigum skólakerfisins. Í aðalatriðum mundu viðkomandi skólar bjóða þetta nám og um það gildi einnig í öllum megindráttum sömu kröfur og gerðar eru á viðkomandi skólastigi. Auk skólanna gætu aðilar eins og námsflokkar og fullorðinsfræðslusamtök boðið upp á almennt nám.

2. *Vinnumarkaðsmenntun*. Hér er aðallega um að ræða fræðslu sem boðin er fólki á vinnumarkaði og tengd er störfum þess. Hér getur verið um að ræða starfsmenntun vegna starfa sem fólk er í, endurmenntun vegna nýrra starfa og félagsleg menntun, t.d. fyrir trúnaðarmenn og þá sem gegna störfum fyrir aðila vinnumarkaðarins o.fl. Um þennan þátt fullorðinsfræðslu leggur nefndin til að sett verði sérstök löggjöf, sbr. það sem segir í kafla I.

3. *Frjálst nám* sem ekki heyrir til liðum 1 og 2. Undir það heyrir hvers konar frístundanám sem fólk vill afla sér án þess að stefna að prófum sem varðar starf þess. Hér má nefna tungumálanám, nám á listasviði og fjöldamargt annað.

Í fyrsta kafla löggjafar um fullorðinsfræðslu yrðu almenn ákvæði um markmið laganna, um framkvæmd fullorðinsfræðslu, notkun þeirrar aðstöðu sem til er í skólum ríkis og sveitarfélaga, samband við Ríkisútvarp, fjarnám o.fl. Hér yrði einnig fjallað um gerð námsgagna, sérstakar þarfir afmarkaðra hópa, t.d. fatlaðra o.fl.

Í öðrum kafla verði ákvæði um fullorðinsfræðsluráð og yfirstjórn fullorðinsfræðslu í landinu. Í ráðinu gætu átt sæti fulltrúar ráðuneyta sem fara með málefni sem snerta fullorðinsfræðslu auk fulltrúa þeirra aðila sem hafa á hendi fullorðinsfræðslu utan skólakerfisins. Til greina gæti komið að ráðið yrði samsett úr þremur hópum sem hver hefði með höndum yfirumsjón með sínum þætti fullorðinsfræðslu, sbr. I. kafla. Hér yrði einnig kveðið á um verkefni fullorðinsfræðsluráðs.

Verkefni fullorðinsfræðsluráðs verði:

— að hafa til staðar upplýsingar um endurmenntun og fullorðinsfræðslu í landinu, standa fyrir útgáfu upplýsingarita og hafa í því sambandi samskipti við stofnanir, fyrirtæki og félög;

— að stuðla að lágmarkssamræmingu;

— að stuðla að mati faglegra gæða endurmenntunarnámskeiða;
— að stuðla að samstarfi við skólakerfið;
— að sjá um mat á námi í endurmenntun og fullorðinsfræðslu með hliðsjón af formlega skólakerfinu;
— að hafa samstarf við kennararmenntunarstofnanir um menntun fyrir kennara í símenntun (námskeið);
— að gefa út leiðbeiningar fyrir símenntunarkennara, veita þeim ráðgjöf o.s.frv.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirrar fræðslu sem fjallað er um í lögum um fullorðinsfræðslu.

Í þriðja kafla laganna yrðu ákvæði um að ríki, sveitarfélög, fullorðinsfræðslusamtök, aðilar vinnumarkaðarins, félagasamtök og einstaklingar hafi forgöngu um fullorðinsfræðslu. Sett verði sérstök reglugerð er feli í sér almennar reglur um þau skilyrði sem fullorðinsfræðsluaðili þarf að uppfylla til að vera gjaldgengur styrkþegi. Megininntakið er að draga ekki úr frumkvæði aðila utan skólakerfisins. Fullorðinsfræðsluráð stýrir ekki fræðslustarfi slíkra aðila en hefur á hendi upplýsingaskyldu og deilir út því fjármagni sem til fullorðinsfræðslu rennur frá ríkinu ár hvert.

Í fjórða kafla yrði fjallað um fjármál. Það er almennt stefnumið að nemandi greiði ekki meira en sem nemur þriðjungi af kennaralaunum. Veitt yrði fé til þjálfunar leiðbeinenda svo og til þróunarstarfs og tekið fram við hvaða almennar reglur launakjör leiðbeinenda skuli miðast þegar styrkur er veittur. Aðili, sem annast fullorðinsfræðslu, sendir árlega inn áætlun um kennslumagn og fær fyrirheit um fjárveitingar í því ljósi. Að námskeiði eða námsönn lokinni sendir hann uppgjör ásamt nemendaskrá og fær greiddan út styrkinn í samræmi við það.

Hér kæmi til álita að setja inn ákvæði um greiðslu vinnutaps enda yrði samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins um það efni.

III. Samtenging fullorðinsfræðslu og laga um starfsmenntun í atvinnulífinu.

Eins og áður er komið fram leggur viðræðunefndin til að fullorðinsfræðslan og starfsmenntun í atvinnulífinu verði tengd með skipun fullorðinsfræðsluráðs. Ráðið verði vettvangur upplýsingamiðlunar um menntunarframboð fyrir fullorðna. Enn fremur verði í lögum um fullorðinsfræðslu og lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu tilvísanir á milli laganna til að tryggja lágmarkssamræmingu.

IV. Lokaorð.

Viðræðunefndin leggur ríka áherslu á náið samráð á milli félagmálaráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins þegar og ef lög um framangreind málefni verða undirbúin. Þetta mætti t.d. tryggja með því að fulltrúi menntamálaráðuneytisins taki sæti í nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði til að semja lög um starfsmenntun í atvinnulífinu og fulltrúi félagsmálaráðneytis í nefnd sem menntamálaráðherra skipaði til að semja lög um fullorðinsfræðslu.

Ed. 933. Frumvarp til laga [536. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969, með síðari breytingum.

Flm.: Eiður Guðnason, Jón Helgason, Guðrún Agnarsdóttir,
Salome Þorkelsdóttir, Skúli Alexandersson, Guðmundur Ágústsson.

1. gr.

Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal að höfðu samráði við landlæknisembættið og Umferðarráð merkja allar umbúðir undir áfengi, sem selt er í útsölum hennar, með viðvörun þar sem fram kemur að áfengisneysla barnshafandi kvenna geti valdið fósturskaða og að neysla áfengis og akstur ökutækja fari ekki saman.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp um að merkja áfengisumbúðir með viðvörun um að akstur og áfengisneysla eigi ekki samleið var flutt á síðasta þingi en varð eigi útrætt.

Um það leyti, sem frumvarpið var lagt fram, komu fram nýjar upplýsingar um skaðsemi áfengisneyslu fyrir barnshafandi konur og hættu á fósturskemmdum. Fyrsti flutningsmaður gat þess í framsögu fyrir málinu að eðlilegt væri að viðvörun um þessa hættu yrði einnig á áfengisumbúðum. Frumvarpið er nú endurflutt með þeirri breytingu.

Sþ. 934. Tillaga til þingsályktunar [537. mál]

um ferðamálastefnu.

(Lögð fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að framfylgja ferðamálastefnu sem felur í sér eftirfarandi meginmarkmið:

Markmið.

— Að þróa og viðurkenna ferðaþjónustu sem þjóðhagslega mikilvægan og arðgæfan atvinnuveg.
— Að bæta lífskjör almennings með fjölbreyttu framboði ferða á hagstæðum kjörum bæði innan lands og til annarra landa.
— Að valda sem minnstri röskun á íslenskri náttúru og samfélagi með ferðamennsku.
— Að hafa jákvæð áhrif á viðskiptajöfnuð landsmanna.
— Að auka fjölbreytni atvinnulífs í landinu og nýta vaxtarmöguleika ferðaþjónustunnar.
— Að renna stoðum undir þróun byggðar sem víðast á landinu.
— Að stuðla að því að sem flestir geti notið ferðalaga og útivistar við góðar aðstæður.

Leiðir.

— Til að ná ofangreindum markmiðum vegna ferðamála bendir Alþingi m.a. á að þörf er á eftirfarandi aðgerðum:

Þróun og fjármögnun ferðaþjónustu.

— Að ríkið leggi fram aukið fjármagn til sameiginlegrar yfirstjórnar og þróunar ferðamála, en leitað verði eftir fjárhagslegri þátttöku aðila í ferðaþjónustu til einstakra verkefna.
— Að vinna að greiðum samskiptum og miðlun upplýsinga milli þeirra sem starfa að ferðaþjónustu, bæði í þágu innlendra og erlendra ferðamanna.
— Að móta langtímaáætlun um ferðamál, þar á meðal um opinberar aðgerðir, til að sem best heildarsýn fáist yfir alla þætti ferðamála. Slík áætlun verði endurskoðuð með vissu millibili.
— Að auka þekkingu og færni þeirra sem vinna að ferðamálum með samræmdu framboði á námi sem tengist ferðaþjónustu, svo og þjálfun og eftirmenntun. Stuðlað verði að sem bestri samvinnu skóla og fyrirtækja í ferðaþjónustu.
— Að koma á ráðgjafarþjónustu á sem flestum sviðum ferðamála, ekki síst fyrir þá sem ætla að hefja rekstur og fjárfesta í greininni.
— Að hvetja lánastofnanir til að veita aðstoð um rekstrar- og markaðsáætlanir vegna uppbyggingar í ferðaþjónustu.
— Að kanna möguleika á hliðstæðri fyrirgreiðslu og felst í afurðalánum vegna viðskipta í ferðaþjónustu.
— Að gæta þess að atvinnugreinin sjálf sé aflögufær um fjármagn til uppbyggingar og þróunar.
— Að ríki og sveitarfélög leggi fram fé til þátta sem varða farsæla þróun ferðamála til langs tíma og ekki er líklegt að sinnt verði af einkaaðilum.
— Að ná fram sem bestri nýtingu á fjármagni sem lagt er í ferðaþjónustu, m.a. með því að lengja ferðamannatímann og samnýta húsnæði og samgöngutæki, þar á meðal með samvinnu við aðrar atvinnugreinar.
— Að hlúa að þeim grunnþáttum í ferðaþjónustu sem fyrir eru á hverjum tíma og nauðsynlegt er að starfræktir séu allt árið.
— Að samkeppnisaðstaða þeirra sem sinna ferðaþjónustu sé á jafnréttisgrundvelli, m.a. að því er varðar opinber gjöld.

Rannsóknir og markaðsstörf.
— Að efla rannsóknir á sviði ferðamála, þróa aðferðir til að meta árangur af aðgerðum og miðla upplýsingum um niðurstöður til fyrirtækja.
— Að auka tölfræðilega heimildasöfnun er varpi ljósi á þýðingu ferðaþjónustunnar fyrir efnahags- og atvinnulíf þjóðarinnar, svo og um samkeppnisstöðu hennar og rekstrarskilyrði á hverjum tíma.
— Að greina sem best milli ferðatilefna, svo sem viðskiptaferða, funda- og ráðstefnuhalds, orlofsdvalar og skemmtiferða, vegna markaðssetningar og skipulags innan ferðaþjónustunnar.
— Að móta langtímastefnu um markaðsstörf og kynningu á Íslandi sem ferðamannalandi og við val á markaðssvæðum.
— Að leita eftir samvinnu við aðrar atvinnugreinar um að kynna land og þjóð.
— Að auka samstarf ferðamálaaðila og fjölmiðla, m.a. um að flytja fréttir og upplýsingar til erlendra ferðamanna á meðan þeir dvelja hér á landi.
— Að taka þátt í alþjóðlegri samvinnu á sviði ferðamála og fylgjast með þróun ferðamennsku um víða veröld.

Umhverfisvernd.
— Að líta á það sem grundvallaratriði við skipulag ferðamála og rekstur ferðaþjónustu að vernda þurfi náttúru landsins og umhverfi. Í þessu skyni verði tryggð náin samvinna við stjórnvöld skipulags- og umhverfismála.
— Að stuðla að því með skipulagi ferða og samgöngum að skemmtiferðafólk dreifist sem mest um landið.
— Að skipuleggja aðgang að ferðamannastöðum og svæðum þar sem hætta er á of miklu álagi og umhverfisspjöllum.
— Að gera sem fyrst skipulag um landnotkun á hálendi og annars staðar í óbyggðum og koma á friðlýsingu að náttúruverndarlögum á völdum svæðum.
— Að móta stefnu um vegakerfi og umferð í óbyggðum sem miði í senn að náttúruvernd og að greiða fyrir ferðalögum til valinna svæða samkvæmt nánara skipulagi.
— Að gera stórátak í sorphirðu og hreinlætisaðstöðu á ferðamannastöðum og tryggja fjármagn til slíkra aðgerða.
— Að leggja göngustíga og bæta upplýsingar um gönguleiðir, reiðleiðir og skoðunarverða staði.
— Að samvinna sé höfð við leiðsögumenn, landverði og fararstjóra um umhverfisvernd.

Hagstæður viðskiptajöfnuður.
— Að auðvelda Íslendingum að ferðast innan lands og stuðla að komu erlendra ferðamanna til Íslands eftir því sem samrýmst getur þjóðhagslegum markmiðum og umhverfisvernd.
— Að haga skattlagningu og verðlagningu í ferðaþjónustu hliðstætt því sem gerist í útflutningsgreinum og tryggja að atvinnugreinin sé samkeppnisfær í sem flestu tilliti.
— Að leitast verði við að lækka innlenda kostnaðarliði vegna ferðaþjónustu, ekki síst verð á matvælum.
— Að skilgreina þá þætti sem styrkt geta stöðu Íslands sem ferðamannalands í augum heimamanna og útlendinga og vanda þær áherslur sem líklegar eru til að skila árangri.

Byggðaþróun og ferðaþjónusta.
— Að bæta skipulag ferðamála á landsbyggðinni, m.a. með því að efla þar miðstöðvar fyrir ferðaþjónustu og tryggja að ferðamálafulltrúar starfi í hverjum landshluta.
— Að efla svæðisbundna samvinnu innan landshluta um ferðaþjónustu og kynningu, m.a. með aðild sveitarfélaga og samtaka þeirra.

— Að haga samgöngum, miðlun upplýsinga og uppbyggingu í ferðaþjónustu þannig að ferðafólk dreifist sem víðast.
— Að varðveita sögulegar minjar í landinu og gera ferðafólki kleift að kynnast menningu og atvinnuháttum að fornu og nýju.
— Að vanda til kynningarefnis fyrir ferðamenn í máli og myndum um landið allt og einstaka landshluta og byggðarlög.
— Að veita áhugafélögum á sviði ferðamála og björgunarstarfa stuðning af hálfu hins opinbera og tryggja sem best tengsl þeirra innbyrðis og við aðra aðila í ferðaþjónustu.

Jafnrétti og neytendavernd.
— Að bæta aðstöðu fatlaðra til ferðalaga og aðgang þeirra að þjónustu sem almennt er í boði.
— Að auðvelda aðgang sem flestra Íslendinga að orlofsdvöl við góðar aðstæður.
— Að bæta öryggi ferðamanna í byggð og óbyggð með leiðbeiningum, skipulagi björgunarmála og tryggingum.
— Að hafa sem fjölbreytilegast framboð af gististöðum og annarri þjónustu.
— Að miðlun upplýsinga til ferðafólks uppfylli kröfur um góða þjónustu og þær séu samræmdar og áreiðanlegar.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Skipan og störf nefndarinnar.

Tillaga sú um ferðamálastefnu, sem hér er flutt, er samin af nefnd sem Steingrímur J. Sigfússon samgönguráðherra skipaði 1. júní 1989 og hlaut heitið ferðamálanefnd samgönguráðuneytisins.

Verkefni nefndarinnar voru tilgreind þannig af ráðuneytinu:

„Að fjalla um ferðamál á breiðum grundvelli og stefnumörkun í þeim. Felur nefndarstarfið m.a. í sér eftirfarandi þætti:

1. Könnun á samkeppnisstöðu og rekstrarskilyrðum ferðaþjónustu hér á landi í samanburði við nágrannalöndin.
2. Endurskoðun á opinberri stefnu í ferðamálum og tillögur um æskilega þróun þeirra mála.
3. Endurskoðun laga um ferðamál."

Í ferðamálanefndina voru skipuð: Hjörleifur Guttormsson alþingismaður, formaður, Árni Þór Sigurðsson, deildarstjóri í samgönguráðuneyti, starfsmaður nefndarinnar, Áslaug Alfreðsdóttir hótelstjóri, Birgir Þorgilsson ferðamálastjóri, Bjarni Sigtryggsson ferðamálafræðingur, Friðjón Þórðarson alþingismaður, Kristín Einarsdóttir alþingismaður, Reynir Adolfsson framkvæmdastjóri og Unnur Stefánsdóttir verkefnisstjóri.

Nefndinni var ekki afmarkaður starfstími, en hún ákvað í samráði við ráðuneytið að skipta verkefni sínu í áfanga og ljúka störfum haustið 1990.

Nefndin hefur þegar fjallað nokkuð um alla þætti samkvæmt skipunarbréfi og skilað niðurstöðum um tvo fyrstu töluliðina. Hún hefur farið yfir stöðu ferðamála hér á landi og aflað vitneskju um stefnumörkun í ferðamálum í nágrannalöndum. Þá hefur nefndin átt viðtöl við fjölmarga hagsmunaaðila og ýmsa fleiri sem tengjast ferðaþjónustu á einn eða annan hátt. Alls hafa þannig fulltrúar hátt í 100 samtaka, stofnana og félaga komið á fundi hjá nefndinni.

Vegna könnunar á samkeppnisstöðu og rekstrarskilyrðum ferðaþjónustunnar fékk nefndin til liðs við sig hóp sérfræðinga frá Hagstofu Íslands, Seðlabankanum og Þjóðhagsstofnun. Gerð er grein fyrir starfi þessa hóps síðar í greinargerðinni og álit hans birt í heild sem fylgiskjal.

Nefndin skilaði tillögu að opinberri ferðamálastefnu til samgönguráðuneytis 17. mars 1990. Er hún nú flutt í formi þingsályktunartillögu.

2. Ferðamálastefna — til hvers?

Með umfjöllun Alþingis og samþykkt ályktunar um ferðamálastefnu er að því stefnt að skýra viðhorf þingsins til ferðaþjónustu sem atvinnugreinar. Í tillögunni eru sett fram nokkur samfélagsleg markmið er varða atvinnugreinina og bent á margar leiðir sem fara þarf til að ná þessum markmiðum. Í greinargerð og fylgiskjölum eru síðan settar fram nánari skýringar á einstökum liðum tillagnanna og upplýsingar um stöðu ferðaþjónustu hér á landi og þróunarhorfur.

Slík stefnumótun á bæði að verða opinberum aðilum og þeim sem starfa við ferðaþjónustu að gagni. Eftir umræður um stefnuna á að verða auðveldara en ella að átta sig á æskilegum lagabreytingum og öðrum aðgerðum til að ná fram settum markmiðum. Stefnuna þarf síðan að endurskoða með reglubundnum hætti í ljósi fenginnar reynslu.

Hliðstæð vinna að ferðamálum og fleiri þáttum atvinnumála hefur farið fram í mörgum löndum um skeið. Í fylgiskjali er greint frá nokkrum þáttum er varða ferðamálastefnu nágrannalanda okkar.

Nokkrar atrennur hafa áður verið gerðar af hálfu stjórnvalda hér á landi til að móta stefnu í ferðamálum. Þannig voru árið 1973 fengnir sérfræðingar á vegum Sameinuðu þjóðanna til að setja fram hugmyndir um þróun íslenskra ferðamála. Skiluðu þeir skýrslu sem bar heitið „Tourism in Iceland" (Checchi-skýrslan). Hlutu þessar hugmyndir nokkra umræðu en lítið sem ekkert varð úr framkvæmdum á grundvelli þeirra.

Í árslok 1981 skipaði samgönguráðherra nefnd til að gera úttekt á þjóðhagslegri þýðingu íslenskrar ferðamannaþjónustu og spá um þróun hennar. Nefndin skilaði áliti í apríl 1983 („Bláa skýrslan") og gerði tillögur um stefnumótandi aðgerðir í ferðamálum. Sá þröngi fjárhagslegi stakkur, sem Ferðamálaráði hefur verið búinn undanfarin ár, hefur þó staðið í vegi fjölmargra þeirra verkefna sem þar eru tíunduð. Í umræddri skýrslu er lagt til að skipulega verði unnið að uppbyggingu ferðamálasamtaka í einstökum landshlutum. Nú, sjö árum síðar, hafa verið stofnuð þannig samtök í öllum kjördæmum.

Árið 1987 kom út á vegum samgönguráðuneytisins skýrsla sem bar heitið „Úttekt á íslenskum ferðamálum" („Græna skýrslan"). Um er að ræða tölulegar upplýsingar á sviði ferðamála, lýsingu á þróun ferðamála og nokkrar tillögur um úrbætur í ferðaþjónustu.

Í riti framkvæmdanefndar um framtíðarkönnun á vegum forsætisráðuneytis, „Auðlindir um aldamót" (1987), er stuttur kafli um ferðaþjónustu. Á vegum sama ráðuneytis hefur nefnd nýlega tekið saman „skýrslu ráðgjafarnefndar um undirbúning sérstaks kynningarátaks Íslands á sviði markaðsmála", september 1989. Koma þar fram ýmsar ábendingar varðandi ferðamál.

Ferðamálaráð hefur á hverjum tíma fjallað um margvísleg mál er tengjast ferðamálastefnu. Þar að auki hefur stefnumótandi vinna er varðar ferðaþjónustu einkum tengst lagasetningu og undirbúningi frumvarpa á vegum samgönguráðuneytis. Í fylgiskjali er að finna yfirlit yfir skýrslur og samantektir á sviði ferðamála.

3. Þróunarkostir í ferðamálum.

Oft er um það spurt hverjar séu þróunarhorfur einstakra atvinnugreina og um hvaða leiðir sé að velja í þeim efnum. Varðandi ferðamálin hafa stundum verið settir á blað spádómar um fjölgun erlendra ferðamanna og vangaveltur sem því tengjast. Slíkir spádómar hafa ekki mikið gildi nema þeir byggi á rannsóknum og markvissu þróunarstarfi. Skiptir þá máli að forsendur séu sæmilega skýrar þannig að unnt sé að meta hverjar þeirra standast próf reynslunnar. Rannsóknir, sem tengjast ferðamálum, eru óverulegar og veikburða hér á landi. Á því þarf að verða breyting ef unnt á að verða að stýra þróun ferðamála eða beina henni í tiltekna farvegi út frá þjóðhagslegum markmiðum.

Á undanförnum árum hefur ferðamönnum, sem koma til landsins, fjölgað mikið ár frá ári og mörg ný störf skapast í ferðaþjónustu víða um land. Á einfaldan mælikvarða getur þetta talist æskileg þróun og hún sýnir m.a. að Ísland hefur talsvert aðdráttarafl sem ferðamannaland. Hins vegar vantar mikið á að menn hafi búið sig sem skyldi undir að taka á móti vaxandi ferðamannastraumi. Þess má geta að fjölgi erlendum ferðamönnum næstu 15 árin jafnmikið að meðaltali og undanfarin fimm ár kæmu hingað um 200 þúsund erlendir ferðamenn eftir fimm ár, um 300 þúsund um aldamótin og um 470 þúsund árið 2005.

Að þessu sinni verða hvorki settar fram hugmyndir um vöxt ferðaþjónustunnar miðað við hugsanlega né æskilega fjölgun ferðamanna. Meginástæðan er að æskilegur fjöldi ferðamanna ræðst að verulegu leyti af því hvernig til tekst við uppbyggingu og þróun ferðaþjónustunnar og hvernig tekið verður á umhverfismálum í allra nánustu framtíð. Framtíð og vöxtur ferðaþjónustu sem atvinnugreinar hérlendis eru undir því komin að ráðist verði í nauðsynlegar aðgerðir til að treysta undirstöður greinarinnar og skapa þannig forsendur fyrir farsælli þróun. Þetta varðar ekki síst aðgerðir á sviði umhverfismála. Innlendir sem erlendir ferðamenn valda miklu álagi á umhverfið með ferðum sínum um landið. Náttúran, sem flestir sækjast eftir að skoða, er í hættu vegna þessa álags, einkum á eftirsóttum og rómuðum ferðamannastöðum. Sérstæð náttúra og óspillt umhverfi er það sem reynt er að auglýsa til að laða ferðamenn hingað. Þessi söluvara er að verða ókræsilegri með hverju ári sem líður og getur fyrr en varir misst aðdráttarafl sitt. Því er auðvelt að færa fyrir því rök að ekkert vit sé í að reyna að fjölga ferðamönnum í landinu á meðan ekki er tekið á undirstöðuþáttum varðandi móttöku þeirra og æskilega dreifingu um landið.

Þá er einnig vert að hafa í huga að mikil þensla og ör vöxtur í ferðaþjónustu eru ekki æskileg, síst af öllu meðan undirstaðan er ótraust. Samdráttur getur orðið þeim mun tilfinnanlegri. Ferðaþjónusta hér á landi verður óhjákvæmilega háð árstíðabundnum sveiflum og greinin er mannaflafrek. Alla þessa þætti þarf að vega og meta og setja þá í samhengi við þróun annarra atvinnugreina og þjóðhagsleg markmið.

4. Um einstök markmið.

— *Að þróa og viðurkenna ferðaþjónustu sem þjóðhagslega mikilvægan og arðgæfan atvinnuveg.*

Mikið skortir á að stjórnvöld og aðrir hafi áttað sig á þjóðhagslegu gildi ferðaþjónustu og þeim vaxtarmöguleikum sem hún býr yfir ef rétt er á málum haldið. Málefni ferðaþjónustu verðskulda ekki síður athygli en hefðbundnar greinar eins og sjávarútvegur og landbúnaður. Alveg sérstaklega þarf að taka tillit til þess við stjórnvaldsaðgerðir að hér er um útflutningsatvinnugrein að ræða sem ekki má mismuna með tilliti til samkeppnisaðstöðu og líta ber á í sambandi við meðferð efnahagsmála, þar með taldar gengisákvarðanir.

Í þessu sambandi skiptir miklu að hagsmunaaðilar í ferðaþjónustu, þ.e. atvinnugreinin sjálf, skilgreini sína hagsmuni og leitist við að samræma þá þannig að þróunarforsendur greinarinnar liggi sem skýrast fyrir.

— *Að bæta lífskjör almennings með fjölbreyttu framboði ferða á hagstæðum kjörum bæði innan lands og til annarra landa.*

Tilefni ferðalaga eru margvísleg. Sum tengjast atvinnurekstri og því að draga björg í bú, önnur eru upplyfting og til skemmtunar. Oft er hægt að sameina hvoru tveggja. Ferðamennska hefur vaxið gífurlega síðustu áratugi og er að verða snar þáttur í lífi flestra. Aðstaða til ferðalaga og tilkostnaður við þau eru því hluti af lífskjörum almennings.

Fyrir eyþjóð eins og Íslendinga skipta samgöngur til og frá landinu afar miklu. Á því sviði eiga sér stað umtalsverðar breytingar sem skipta ferðaþjónustuna verulegu máli. Flugsamgöngur eru þar efst á blaði, en einnig þarf að gefa gaum að samgöngum á sjó.

Framboð á ferðum innan lands hefur ekki síður gildi, jafnt fyrir landsmenn sjálfa og útlendinga. Gott skipulag á samgöngum og samgöngubætur eru allra hagur og forsenda þess að sem flest byggðarlög geti átt hlut að ferðaþjónustu. Sérstaklega þarf að athuga tilkostnað við innanlandsferðir þannig að þær verði aðlaðandi kostur fyrir heimafólk og samkeppnisstaða fyrirtækja í ferðaþjónustu sé sem best um land allt.

— *Að valda sem minnstri röskun á íslenskri náttúru og samfélagi með ferðamennsku.*

Náttúra landsins er sú auðlind sem laðar útlendinga til Íslandsferða öðru fremur og sama gildir um skemmtiferðir Íslendinga innan lands. Því er náttúruvernd undirstöðuatriði fyrir framtíð ferðaþjónustu. Þetta varðar alla þætti umhverfisins: Loft, vatn og land. Allt er þetta í nokkurri hættu að spillast og við því þarf að bregðast með viðhlítandi aðgerðum. Sem dæmi má nefna að loftgæði á höfuðborgarsvæðinu eru í verulegri hættu af mengun, fjöldi ferðamannastaða er í niðurníðslu og umgengni er víða mjög ábótavant. Ferðamennska á hér hlut að máli, en önnur umsvif og almennt ástand umhverfismála varðar heildarmyndina miklu.

Huga þarf að áhrifum ferðamennsku á samfélagið þannig að hún valdi sem minnstri truflun og óæskilegri röskun. Í því efni getum við m.a. haft hliðsjón af reynslu annarra þjóða þar sem fólksmergð og örtröð kaffærir samfélagið sem fyrir er. Þessi hætta blasir þegar við hér á landi á fjölsóttum ferðamannastöðum, t.d. við Mývatn að sumarlagi.

— *Að hafa jákvæð áhrif á viðskiptajöfnuð landsmanna.*

Hér er um hagrænt markmið að ræða, þ.e. að ferðaþjónustan hafi í heild jákvæð áhrif á viðskiptajöfnuð landsmanna. Með því er ekki gerð krafa um að einstakir þættir, t.d. ferðir Íslendinga til útlanda og ferðir útlendinga til Íslands, séu í jafnvægi, heldur fyrst og fremst að heildaráhrifin séu hagstæð.

Íslendingar eyða verulegum fjárhæðum og um leið gjaldeyri á ferðalögum erlendis. Ferðalög til útlanda hafa þannig sömu áhrif á gjaldeyrissjóð landsmanna og innflutningur á vörum og þjónustu.

Á móti vegur að erlendir ferðamenn, sem hingað koma, skila þjóðarbúinu gjaldeyristekjum, líkt og útflutningur á vörum og þjónustu. Enn fremur geta ferðalög Íslendinga innan lands haft jákvæð áhrif á viðskiptajöfnuð með því m.a. að draga úr eftirspurn eftir ferðum til útlanda.

Út frá þjóðhagslegu sjónarmiði er það keppikefli að bæta gjaldeyrisstöðu landsins og ferðaþjónustan skiptir vaxandi máli í því samhengi. Vilji Íslendingar hafa gott svigrúm til utanlandsferða er nauðsynlegt að afla tekna á móti og ferðir útlendinga til landsins eru þar önnur hlið á sama teningi.

— *Að auka fjölbreytni atvinnulífs í landinu og nýta vaxtarmöguleika ferðaþjónustunnar.*

Ferðaþjónusta er margþætt atvinnugrein og tengist ýmissi annarri starfsemi. Hún er því vel fallin til að auka fjölbreytni í störfum og atvinnuframboði, en á því er veruleg þörf, m.a. vegna samdráttar á öðrum sviðum atvinnulífs. Undanfarin ár hefur verið mikill vöxtur í ferðaþjónustu og ástæða er til að ætla að svo geti orðið áfram ef rétt er að málum staðið. Mikið vantar hins vegar á kjölfestu í greininni, m.a. að því er varðar menntun og þjálfun starfsfólks og námsframboð innan lands, svo og rannsókna- og þróunarstarf. Margt þarf því að koma til svo að ofangreint markmið náist.

Hafa ber einnig í huga að mikil árstíðabundin sveifla er í ferðaþjónustu hérlendis og endurspeglast hún í breytilegri eftirspurn eftir vinnuafli í greininni þar sem mikið er um hlutastörf og árstíðabundin verkefni. Þetta þarf hins vegar ekki endilega að falla illa að íslenskum vinnumarkaði.

— *Að renna stoðum undir þróun byggðar sem víðast á landinu.*

Ferðaþjónusta getur fallið vel að því yfirlýsta markmiði stjórnvalda í byggðamálum að viðhalda byggð sem víðast á landinu. Innlendir sem erlendir ferðamenn vilja öðru fremur

kynnast náttúru landsins og lífsháttum fólks í byggðunum. Því á að vera unnt að tryggja dreifingu ferðamanna á álagstímum og gera sem flestar byggðir með einhverjum hætti þátttakendur í ferðaþjónustu. Í þeim efnum reynir hins vegar mjög á gott skipulag og samstarf hlutaðeigandi aðila. Þannig skipta greiðar boðleiðir og samræmdar upplýsingar miklu sem og samgöngur og framboð á annarri þjónustu.

Ferðaþjónusta á að geta styrkt nauðsynlega þjónustu við heimafólk í byggðunum, en til þess þurfa heimaaðilar að eiga hlut að henni og grunnþjónusta að njóta hagnaðar af árstíðabundnum tekjum af viðskiptum við ferðafólk.

— *Að stuðla að því að sem flestir geti notið ferðalaga og útivistar við góðar aðstæður.*

Með þessu markmiði er lögð áhersla á jöfnuð í aðgengi að ferðaþjónustu þannig að sem flestir geti notið ferðalaga og útivistar. Sérstaklega þarf að huga að málefnum hreyfihamlaðra og fatlaðra í þessu sambandi bæði varðandi byggingar, farartæki, útivistarsvæði, vegi og brautir. Sjá verður fyrir þörfum þessara hópa þegar settar eru reglugerðir, við skipulag og ekki síst byggingu mannvirkja og útbúnað tækja.

Svipuðu máli gegnir um aldraða, þ.e. að taka þarf sérstakt tilliti til þeirra við uppbyggingu ferðaþjónustu. Öldruðu fólki fer fjölgandi meðal ferðamanna og líkur eru á að sú þróun haldi áfram. Hér er því um umtalsverðan hluta af markaði ferðaþjónustunnar að ræða sem á eðlilega kröfu á þjónustu miðað við sínar aðstæður.

5. Um einstakar leiðir.

Þróun og fjármögnun ferðaþjónustu.

Forsenda uppbyggingar og fjölbreytni í ferðaþjónustu er sífelld þróun. Þar skiptir fjárhagslegt umhverfi miklu og sem skýrust verkaskipting milli ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja.

Ferðaþjónusta sem atvinnugrein á fyrst og fremst að standa á eigin fótum án opinberrar íhlutunar um málefni einstakra fyrirtækja. Tímabundinn stuðningur af hálfu ríkis eða sveitarfélaga getur þó verið nauðsynlegur og jákvæður, m.a. vegna aðstæðna í dreifbýli og við að koma fyrirtækjum á legg. Einnig er eðlilegt að opinberir aðilar eins og Skógrækt ríkisins og Náttúruverndarráð sjái um rekstur og eftirlit á völdum svæðum, svo sem í þjóðgörðum og í ríkisskógum. Þá er óhjákvæmilegt að Ferðamálaráð leggi í samvinnu við sveitarfélög og aðra aðila fram fjármagn til að koma upp aðstöðu á ýmsum ferðamannastöðum utan þéttbýlis.

Fjárhagslegur stuðningur af hálfu ríkisins á þó fyrst og fremst að beinast að sameiginlegri yfirstjórn, skipulagi, menntun og rannsókna- og þróunarstarfi í ferðamálum. Þennan fjárstuðning þarf að auka til muna frá því sem nú er, a.m.k. á meðan verið er að koma ferðaþjónustu á viðunandi grundvöll og bæta úr margháttaðri vanrækslu. Lágmark er að Ferðamálaráð og starfsemi, sem því tengist, fái á næstu árum óskertan þann markaða tekjustofn sem lög um skipulag ferðamála nú kveða á um eða hliðstætt framlag. Einnig þarf að fá fjármagn til uppbyggingar á öðrum sviðum sem tengjast ferðamálunum, m.a. til fræðslumála.

Nauðsynlegt er að gott samstarf og greið upplýsingamiðlun sé innan Stjórnarráðsins vegna opinberra aðgerða í þágu ferðamála. Í því sambandi ætti að koma á fót samstarfsnefnd þeirra ráðuneyta sem mest afskipti þurfa að hafa af málaflokkum sem tengjast ferðaþjónustu.

Samvinna hefur tekist milli hins opinbera og einkaaðila m.a. um landkynningarskrifstofu í Frankfurt og um Upplýsingamiðstöð ferðamála þar sem Ferðamálaráð og ýmsir aðilar í ferðaþjónustu vinna saman. Þar hefur skapast vettvangur fyrir þá sem selja þjónustu til að koma vöru sinni á framfæri og samræma upplýsingar.

Æskilegt er að ríkið örvi frekar þróun í ferðamálum með því að bjóða fram fé til afmarkaðra verkefna gegn því að fyrirtæki í ferðaþjónustu leggi fram fjármagn á móti. Sem

dæmi um slík hugsanleg sameiginleg verkefni má nefna átak í landkynningu og markaðsfærslu, uppbyggingu ferða- og upplýsingamiðstöðva heima og erlendis, þjálfun og endurmenntun og stuðning við leiðbeiningarþjónustu og rannsóknir.

Þannig getur ríkið haft jákvæð áhrif á þróun atvinnugreinarinnar án þess að hlutast til um rekstur einstakra fyrirtækja. Mörg verkefni eru þess eðlis að þau eru ekki á færi annarra en hins opinbera. Má þar nefna uppbyggingu og þróun nýrra svæða sem nú eru lítt þekkt meðal ferðamanna. Miklu varðar einnig að sveitarfélögin séu virk og jákvæð gagnvart uppbyggingu ferðaþjónustu og aðstoði við að auka á fjölbreytni í framboði á aðstöðu og tilbreytingu fyrir ferðamenn.

Fyrirtækin sjálf eiga hins vegar að bera ábyrgð á rekstri, þróa framboð, skipuleggja starfsemi sína og samskipti innbyrðis og sjá um markaðsfærslu.

Í samstarfi atvinnugreinarinnar og opinberra aðila þarf að móta langtímaáætlun um ferðamál. Opinber ferðamálastefna er með vissum hætti grunnur fyrir slíka áætlun sem útfæra þarf á einstökum sviðum.

Þýðingarmikið er að heildarsýn fáist yfir málefni ferðaþjónustunnar og að hún verði sameign sem flestra hlutaðeigandi. Langtímaáætlanir og ferðamálastefnu þarf að endurskoða reglubundið og gæti það m.a. að verið viðfangsefni ferðamálaþinga.

Mikilvægt er að þróun í ferðamálum tengist skipulagi á einstökum landsvæðum og í byggðarlögum. Ferðaþjónustan þarf að eiga náið samstarf við skipulagsyfirvöld á landsvísu og í sveitarfélögum, bæði vegna almenns skipulags og hagrænna áætlana. Staðsetning fyrirtækja í ferðaþjónustu skiptir ein sér afar miklu þar eð hún er hluti af framboðinu. Þá þarf einnig að hafa trausta samvinnu við stjórnendur umhverfis- og náttúruverndarmála því að gott og ómengað umhverfi hefur æ meiri þýðingu fyrir markaðsfærslu í ferðaþjónustu.

Taka þarf afstöðu til þess hvar beri að byggja upp aðstöðu vegna ferðamanna og til þess hvernig samgöngur og tengsl verði milli ferðamannastaða. Athuga þarf þá leið að draga úr álagi af ferðamannastraumi á hálendi landsins með því að skipuleggja ferðir þangað úr byggð sem dagsferðir. Sérstaklega ber að varast að koma upp dvalaraðstöðu í næsta nágrenni við viðkvæma staði með tilliti til náttúruverndar. Á það bæði við um byggð og óbyggð, en þó sérstaklega um gróðurvinjar á hálendi.

Halda þarf áfram þeirri stefnu að koma upp orlofsbúðum og sumarhúsum fyrir ferðafólk á völdum stöðum víða um land. Samtvinna ætti áform um ræktun nytjaskóga og dvalaraðstöðu fyrir innlenda og erlenda ferðamenn. Dæmi um svæði, sem þróa ætti með þetta í huga, er Fljótsdalshérað.

Bæta þarf menntun og færni þeirra sem starfa að ferðamálum með auknu framboði á námi og eftirmenntun sem tengist ferðaþjónustu. Nauðsynlegt er að efla og tengja saman það nám sem nú er í boði, ekki síst Hótel- og veitingaskólann og aðra framhaldsmenntun. Síðar í þessari greinargerð er nánar fjallað um menntunarmálin.

Ráðgjafarþjónustu þarf að auka til muna í ferðamálum í tengslum við Ferðamálaráð og ferða- og upplýsingamiðstöðvar í landshlutunum. Slík ráðgjöf þarf að ná til sem flestra þátta er varða fjárfestingu, rekstur og markaðsfærslu fyrirtækja í ferðaþjónustu. Mikilsvert er að lánastofnanir leggi þar sitt af mörkum og geri eðlilegar kröfur um arðsemi.

Leitast þarf við að nýta sem best þá aðstöðu sem fyrir er í þágu ferðaþjónustu og leita samvinnu við aðrar atvinnugreinar og stofnanir um samnýtingu á húsnæði og samgöngutækjum. Gæta þarf þess að hlúa að grunnþjónustu í ferðamálum í dreifbýli sem þörf er á að sé til staðar allt árið.

Vinna þarf að því að samkeppnisstaða aðila innan ferðaþjónustunnar og gagnvart öðrum atvinnugreinum sé á jafnréttisgrundvelli að því er starfsskilyrði varðar, þar á meðal greiðslu á opinberum gjöldum.

Endurskoða þarf starfsemi Ferðamálasjóðs með það í huga að bæta aðgang ferðaþjónustunnar að stofnlánum, einkum að lengja lánstíma og ná sem hagstæðustum vaxtakjörum.

Fyrirtæki í ferðaþjónustu eiga ekki kost á að fá afurðalán eins og þekkist í mörgum greinum. Árstíðabundnar sveiflur eru mjög miklar í greininni og því mundu sambærileg lán bæta rekstrarstöðu hjá mörgum.

Rannsóknir og markaðsstörf.

Rannsóknir á sviði ferðamála hafa ekki verið miklar hér á landi og því er afar brýnt að þær verði efldar. Með rannsóknum þarf ekki síst að meta viðbrögð og væntingar viðskiptavina og þeirra sem ætlunin er að ná til í kynningar- og markaðsstarfi. Þannig á að vera unnt að meta með stuðningi af rannsóknum til hvaða hópa sé vænlegast að höfða og hvaða atriði það eru sem álitlegt er að leggja á áherslu í landkynningu.

Vönduð tölfræðileg heimildasöfnun og viðhorfskannanir eru mikilvæg atriði til að átta sig á viðbrögðum og væntingum ferðamanna. Ferðamálaráð þarf að geta beitt sér fyrir rannsóknum og leita eftir samvinnu um rannsóknir á sviði ferðaþjónustu við háskóla og fleiri aðila hérlendis.

Sem fyrst þarf að þróa marktæka mælikvarða sem endurspegla samkeppnisstöðu í ferðaþjónustu hér á landi og rekstrarskilyrði greinarinnar. Ferðamálaráð þyrfti að ráða sérfróðan starfsmann í þetta verkefni sem fyrst.

Ferðamálaráð mótar stefnu um markaðsmál og kynningu á Íslandi sem ferðamannalandi í samráði við aðrar atvinnugreinar og við Útflutningsráð og utanríkisþjónustu og velur úr vænleg markaðssvæði. Tengja þarf slíka kynningu viðtækari markmiðum fyrir aðrar útflutningsgreinar.

Miða þarf markaðsstörf í auknum mæli við að geta boðið ferðir sem sniðnar eru að óskum viðskiptavina. Taka ber mið af þróun upplýsinga- og bókunarkerfa og nútímalegra tölvuforrita í markaðs- og sölustarfsemi.

Í ferðaþjónustu skiptir miklu að geta boðið upp á fjölbreytni í afþreyingu og atburðum og tengja þá íslenskum sérkennum í náttúru og menningu.

Þýðingarmikið er að Íslendingar taki virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi í ferðamálum. Lega landsins býður upp á víðtæk samskipti í ferðamálum, einkum við Evrópu, Norður-Ameríku og Austur-Asíu.

Umhverfisvernd.

Verndun umhverfis er undirstöðuatriði að því er varðar framtíð ferðaþjónustu á Íslandi. Mikilvægt er því að við skipulag ferðamála og rekstur ferðaþjónustu sé verndun náttúru og umhverfis höfð að leiðarljósi. Hingað til hefur allt of mikið verið horft fram hjá þessum grundvallarþætti.

Margir fjölsóttir ferðamannastaðir eru mjög illa farnir og þola alls ekki þann fjölda ferðamanna sem þangað koma nú og því síður fjölgun þeirra. Nauðsynlegt er því að skipuleggja aðgang að svæðum þar sem hætta er á of miklu álagi og umhverfisspjöllum og beina fólki á önnur áhugaverð svæði. Jafnvel getur verið nauðsynlegt að takmarka aðgang að ákveðnum svæðum eða loka þeim tímabundið á meðan unnið er að úrbótum. Síðar í greinargerðinni er að finna tillögur um samstarf aðila og aðgerðir í þessu skyni.

Sorphirðu og hreinlætisaðstöðu er víða mjög ábótavant á ferðamannastöðum og sums staðar svo mjög að horfir til mikilla vandræða ef ekki verður gripið til róttækra aðgerða hið fyrsta.

Ákveðinn hluti ferðamanna kýs að ferðast um óbyggðir og fáfarnar slóðir ótruflaðir af umferð vélknúinna ökutækja. Vegakerfi og umferð í óbyggðum þarf að taka tillit til þessa.

Auk þess er brýnt vegna náttúruverndar að setja skýrari reglur en nú gilda um akstur utan vega, en tillaga þar að lútandi var samþykkt á Alþingi vorið 1988.

Brýnt er að tekið verði á skipulagsmálum óbyggða og hálendis með mun ákveðnari hætti en hingað til vegna ferðamennsku og náttúruverndar. Móta þarf hið fyrsta rammaskipulag um landnotkun á hálendi og helstu akvegi og slóðir, svo og um svæði sem halda eigi ósnortnum af umferð vélknúinna tækja. Komið verði á víðtækri friðlýsingu landsvæða í óbyggðum að náttúruverndarlögum í formi þjóðgarða og friðlanda.

Nauðsynlegt er að lagfæra og merkja vegslóða til að koma í veg fyrir náttúruspjöll. Þá þarf að bæta aðstöðu gangandi fólks og hestamanna til ferða um landið. Leggja þarf göngustíga þar sem álag er mest og merkja og kortleggja gönguleiðir og reiðleiðir.

Eðlilegt er að leitað sé samráðs við áhugasamtök um umhverfisvernd og aðila eins og leiðsögumenn, landverði og fararstjóra sem öðlast hafa reynslu og þekkingu á ferðalögum um landið.

Hagstæður viðskiptajöfnuður.

Uppbygging ferðaþjónustu innan lands getur á tvennan hátt haft bætandi áhrif á viðskiptajöfnuð Íslendinga við útlönd. Ferðir um eigið land draga úr gjaldeyrisnotkun og beina neyslunni þess í stað inn í innlent hagkerfi og komur útlendinga hingað færa þjóðinni gjaldeyristekjur. Svo framarlega sem ferðaþjónusta innan lands ofbýður hvorki náttúru né umhverfi og leiðir ekki til óarðbærra fjárfestinga er hún þarft verkfæri til að stuðla að jöfnuði í viðskiptum okkar við önnur lönd.

Þótt það sé yfirlýst þjóðhagslegt markmið að stefna að afgangi eða jöfnuði í viðskiptum við útlönd getur slíkt þó aldrei náð til allra einstakra þátta. Það er auk þess einn mælikvarðinn á velferð þegnanna hve aðgengileg ferðalög eru innan lands og utan.

Ferðaþjónusta þarf að búa við hliðstæð kjör og aðrar samkeppnisgreinar, m.a. um skattlagningu. Lækkun kostnaðarliða í ferðaþjónustu bætir samkeppnisstöðuna og er líkleg til að hafa hagstæð áhrif á viðskiptajöfnuð landsmanna. Matvælaverð er enn tilfinnanlega hátt hér á landi og fyrir ferðaþjónustuna skiptir miklu að það lækki.

Framboð í ferðaþjónustu þarf að miða við að laða hingað viðskipti. Það verður best gert með því að auka fjölbreytni í atburðum og afþreyingu er höfði til erlendra ferðamanna.

Byggðaþróun og ferðaþjónusta.

Ferðaþjónusta er atvinnugrein sem stuðlað getur að jákvæðri þróun byggðar í landinu með því að auka fjölbreytni í atvinnu og bæta þjónustu sem einnig kemur heimafólki til góða.

Hlúa þarf að þeim vísi að ferðaþjónustu sem vaxið hefur upp víða um land m.a. fyrir tilstuðlan ferðamálasamtaka. Gera þarf ferðamálasamtökum og Ferðamálaráði í sameiningu kleift að koma upp og starfrækja ferða- og upplýsingamiðstöðvar í landshlutunum. Í tengslum við þær ættu að starfa ferðamálafulltrúar. Verkefni þessara miðstöðva væri að styðja við uppbyggingu og skipulag ferðamála, veita fyrirtækjum og sveitarfélögum ráðgjöf, samræma upplýsinga- og útgáfustarfsemi og vinna að ýmsum þróunarverkefnum.

Mikilvægt er að haga ferðaþjónustu og miðlun upplýsinga þannig að ferðafólk safnist ekki saman samtímis á örfáum stöðum heldur eigi völ á góðri aðstöðu og þjónustu víða í byggðunum. Jákvæð skref hafa verið stigin í þessa átt með því að auka fjölbreytni gistirýmis í strjálbýli.

Ferðafólk þarf afþreyingu og viðfangsefni til að sjá ástæðu til að staldra við. Slík viðfangsefni þarf að laða fram og þróa úr þeim efnivið sem fyrir er á hverju svæði. Gott kynningarefni þarf að vera til um náttúru landsins og leiðbeiningar sem vísi á áhugaverða staði.

Atvinnulíf til lands og sjávar hefur aðdráttarafl fyrir ferðamenn og með samvinnu við það má skapa framboð á viðfangsefnum fyrir ferðafólk. Dæmi um það er þátttaka ferðamanna í

dagróðrum eða lengri veiðiferðum eða ígrip í landbúnaðarstörf. Sveitarstjórnir og ferðamálanefndir á þeirra vegum geta haft milligöngu um slíkt framboð og félög áhugamanna á ýmsum sviðum geta lagt sitt af mörkum.

Tengja þarf saman minjavernd og ferðaþjónustu og byggja upp söfn með tilliti til innlendra og erlendra ferðamanna. Einnig þarf að auka kynningu fyrir ferðafólk á sögu og menningu þjóðarinnar í fortíð og nútíð.

Áhugafélög á sviði ferðamála hafa unnið mikið brautryðjendastarf við að greiða götu fólks um landið, ekki síst í óbyggðum. Ferðaskálar, sem þau hafa komið upp, eru nær eina húsaskjólið á hálendi landsins. Styðja þarf við starfsemi þessara samtaka og ná sem bestri samvinnu við þau um skipulag ferðaþjónustunnar. Sama máli gegnir um áhugafélög um náttúruvernd og félög sem sinna björgunarstarfi.

Ferðafólk hefur til skamms tíma átt fárra kosta völ um leiðir inn og út úr landinu. Breyting varð á með rekstri bíla- og farþegaferju með aðkomu á Seyðisfirði. Lítið hefur verið lagt til aðstöðu þar af opinberri hálfu og þarf þar að verða breyting á. Tilraunir hafa verið gerðar með beint flug til útlanda víðar en frá Keflavík. Með endurbótum á aðalflugvöllum í landshlutunum verður auðveldara að koma við slíkum ferðum. Skipulag ferðaþjónustunnar þarf að taka mið af stefnu um þessi efni. Jafnframt þarf að bæta samgöngur milli aðalflughafna með tilliti til millilandaflugs.

Mestu skiptir að heimamenn á hverjum stað verði virkir þátttakendur í þróun og skipulagi ferðaþjónustu.

Jafnrétti og neytendavernd.

Uppbygging og þróun innlendrar ferðaþjónustu hefur tvö meginmarkmið, efnahagsleg og félagsleg. Hin efnahagslegu lúta að því að afla gjaldeyris, skapa vinnu og nýta fjárfestingu í samgöngu- og þjónustutækjum. Hin félagslegu miða að jöfnun byggðar og jöfnun lífskjara.

Auknar ráðstöfunartekjur heimilanna og samningsbundið orlof hafa gert almenningi kleift að njóta uppbyggilegrar útivistar, ferðalaga og orlofsdvalar. Mikilvægt er að tryggja öllum hópum þjóðfélagsins aðgang að slíkri aðstöðu: Þeim sem vegna fötlunar sinnar eða sjúkdóma, bágs fjárhags, félagslegrar einangrunar eða skorts á þeim réttindum sem samtök launafólks veita geta ekki notið orlofs síns með sama hætti og aðrir.

Það er samfélagslegt verkefni að búa svo um að allir þegnar þjóðfélagsins eigi þess kost að njóta orlofsdvalar við góðar aðstæður og kosta íslenskrar náttúru.

Fjölbreytilegt framboð af gististöðum og annarri þjónustu eykur líkur á að ferðmenn finni aðstæður við sitt hæfi. Á þessu hefur orðið breyting til bóta að undanförnu í þéttbýli og sveitum. Miðla þarf samræmdum og áreiðanlegum upplýsingum til ferðafólks um þá þjónustu sem er í boði.

Eðlilegt er að af opinberri hálfu séu settar reglur varðandi lágmarkskröfur um aðbúnað og að hlutur neytenda sé tryggður með eftirliti.

Nauðsynlegt er að fram fari vönduð úttekt á því við hvaða aðstæður óheft samkeppni tryggi hagsmuni neytenda og hvar þurfi í þessu skyni að úthluta og viðhalda sérleyfum í samgöngum á landi, sjó og í lofti. Í framhaldi af því verði mörkuð stefna um aðgerðir og hugsanlegar breytingar frá þeirri skipan mála sem nú ríkir.

Ferðamenn þurfa að geta ferðast með viðunandi öryggi um landið. Aðstæður hér á landi, skjót veðrabrigði, lélegir vegir, óbrúuð vatnsföll og miklar víðáttur í óbyggðum koma innlendum og erlendum ferðamönnum oft í opna skjöldu. Við þessu þarf að bregðast svo sem kostur er með leiðbeiningum og reglum til að bæta öryggi fólks. Mikið sjálfboðaliðastarf er unnið af björgunarsveitum í þágu ferðamanna. Af opinberri hálfu þarf að styðja við starfsemi þeirra og samræma hana enn betur. Alþingi samþykkti í febrúar 1990 tillögu til þingsályktunar um öryggi í óbyggðaferðum og er hún birt sem fylgiskjal.

6. Endurskoðun laga um skipulag ferðamála.

Ferðamálanefnd samgönguráðuneytisins hefur ekki lokið endurskoðun á lögum um ferðamál, en það er eitt af þeim verkefnum sem henni var falið að sinna. Mikil umræða hefur hins vegar farið fram innan nefndarinnar og við fjölmarga viðmælendur um æskilegar breytingar á löggjöf. Nefndin stefnir að því að skila tillögum þar að lútandi til ráðuneytis síðsumars 1990, þannig að unnt verði að leggja frumvörp um ferðamál fyrir Alþingi í byrjun næsta þings.

Hér á eftir verður greint frá nokkrum þáttum er varða skipulag og stjórnun ferðamála og rætt hefur verið um að til greina komi að breyta. Nefndin hefur hins vegar ekki tekið neina endanlega afstöðu til þessara atriða, en mun ræða þau nánar á næstu mánuðum. Væri æskilegt að fá fram sjónarmið og viðbrögð sem flestra við þessum hugmyndum.

Yfirstjórn ferðamála - hvaða ráðuneyti?

Það virðist eiga víðtækan stuðning að yfirstjórn ferðamála verði áfram í höndum samgönguráðuneytis. Rökin fyrir þeirri skipan eru m.a. að ástand og skipan samgangna jafnt innan lands og að og frá landinu skipti afar miklu fyrir ferðaþjónustu á Íslandi. Því sé æskilegt að sami ráðherra beri ábyrgð á þessum málaflokkum.

Fleiri ráðuneyti hafa vissulega verið nefnd sem vistað gætu ferðamálin, t.d. viðskiptaráðuneyti og umhverfisráðuneyti. Í tillögum stjórnskipaðrar nefndar, sem fjallaði um skipulag Stjórnarráðsins og skilaði áliti í desember 1989, er gert ráð fyrir að ferðamál verði áfram undir samgönguráðuneyti.

Óháð því undir hvaða ráðuneyti ferðamál munu heyra í framtíðinni telur ferðamálanefnd nauðsynlegt að styrkja meðferð ferðamála innan Stjórnarráðsins. Ráðuneyti ferðamála þarf því að efla til að það verði fært um að rækja betur yfirstjórn og eftirlit af hálfu framkvæmdarvaldsins í ferðamálum. Í þessu skyni getur þurft að stofna sérstaka skrifstofu ferðamála innan ráðuneytis. Í hlut hennar kæmi m.a. að bera ábyrgð á framgangi opinberrar ferðamálastefnu og að móta starfsumhverfi atvinnugreinarinnar. Góð tengsl þurfa að vera við Ferðamálaráð og aðrar stofnanir sem sinna ferðamálum, en einnig við önnur ráðuneyti. Í því skyni telur ferðamálanefnd æskilegt að stofnuð verði föst samstarfsnefnd þeirra ráðuneyta sem mest tengjast ferðamálum.

Ferðamálaþing.

Sérstakt ferðamálaþing verði haldið eigi sjaldnar en annað hvert ár ekki ósvipað og tíðkast hefur um ferðamálaráðstefnur á vegum Ferðamálaráðs um alllangt skeið. Hliðstæðu má finna í þingum annarra atvinnugreina eins og fiskiþingi og búnaðarþingi. Einnig má hafa hliðsjón af náttúruverndarþingi. Þetta yrði fulltrúasamkoma sem starfaði samkvæmt reglugerð þar sem m.a. yrði kveðið á um rétt einstakra samtaka til að tilnefna fulltrúa á þingið. Auk þess væri þingið opið fyrir áhugafólk um ferðamál sem hefði þó ekki atkvæðisrétt.

Ferðamálaþing yrði ráðgefandi samkoma og hlutverk þess m.a. að fjalla og álykta um málefni ferðaþjónustu, gera tillögur um breytingar á opinberri ferðamálastefnu og hugsanlega að kjósa tiltekinn fjölda fulltrúa í Ferðamálaráð.

Ferðamálaráð.

Ferðamálanefnd gerir ráð fyrir að Ferðamálaráð verði áfram til staðar sem tengiliður hins opinbera og atvinnugreinarinnar. Undir ráðið heyri eins og verið hefur skrifstofa ferðamála og verði framkvæmdastjóri ráðsins jafnframt yfirmaður skrifstofunnar og beri heitið ferðamálastjóri.

Nefndin hefur rætt hugsanlegar breytingar á skipan Ferðamálaráðs, einkum í þá átt að ráðið verði fámennara en samkvæmt gildandi lögum og komist verði þannig hjá því að hafa sérstaka framkvæmdastjórn fyrir ráðið. Telur nefndin m.a. koma til álita að í Ferðamálaráði verði sjö fulltrúar: Formaður skipaður af ráðherra ferðamála, þrír fulltrúar hugsanlega tilnefndir af stærstu samtökum innan ferðaþjónustu og þrír kosnir af ferðamálaþingi. Auk þess eigi varaformaður skipaður af ráðherra seturétt á fundum ráðsins ásamt ferðamálastjóra. Þegar þessi hugmynd er skoðuð þarf að hafa í huga tillöguna um ferðamálaþing þar sem flest samtök innan ferðaþjónustu ættu fulltrúa. Þingið fengi hluta af þeim verkefnum sem nú eru á verksviði Ferðamálaráðs. Fleiri hugmyndir í þessu efni hafa vissulega komið til álita.

Skrifstofa ferðamála.

Undir Ferðamálaráð heyri svipað og nú er skrifstofa ferðamála og veiti ferðamálastjóri henni forstöðu. Skrifstofunni mætti skipta í þrjú svið (deildir): markaðs- og kynningarsvið (landkynning, markaðsfærsla, rannsóknir og þróun), umhverfis- og skipulagssvið (umhverfismál, fræðsla og ráðgjöf, upplýsingamiðstöðvar, ferðamálafulltrúar), fjármálasvið (almenn skrifstofa, fjármál/tölfræði, rekstur/bókhald, starfsmannamál, tölvumál).

Ferðamálasamtök.

Gert er ráð fyrir að samtök aðila í ferðaþjónustu starfi svæðisbundið með svipuðum hætti og nú tíðkast, t.d. innan kjördæma eða á minni eða stærri svæðum. Þessi samtök ræki m.a. tengsl við sveitarfélög og samtök þeirra og væru aðilar að ferða- og upplýsingamiðstöðvum, sjá síðar. Samtökin mundu væntanlega eiga fulltrúa á ferðamálaþingi og landssamtök þeirra ættu hugsanlega að tilnefna fulltrúa í Ferðamálaráð.

Ferða- og upplýsingamiðstöðvar.

Nefndin leggur á það áherslu að ferða- og upplýsingamiðstöðvar verði starfræktar svæðisbundið, t.d. í hverju kjördæmi eða landshluta. Þær tengist Ferðamálaráði og ferðamálasamtökum svæðisins. Mætti hugsa sér að þessir aðilar fjármögnuðu uppbyggingu og rekstur miðstöðvanna, en einnig kemur til álita að fleiri aðilar taki þátt í þessu starfi. Ferðamálafulltrúar starfi í tengslum við þessar miðstöðvar og má hugsa sér að þeir verði ráðnir af stjórnum þeirra.

Verkefni miðstöðvanna verði svæðisbundin, m.a. ráðgjafar- og þróunarstarfsemi, miðlun upplýsinga, tengsl við sveitarstjórnir og samtök þeirra og tengsl við aðra svæðisráðgjafa, svo sem iðnráðgjafa, skipulagsstofur, náttúrustofur o.fl.

Ferðamálanefndir sveitarfélaga.

Sérstakar ferðamálanefndir eru allvíða starfandi í sveitarfélögum, en annars staðar eru ferðamálin hluti af verkefnum almennra atvinnumálanefnda. Ekki er talin ástæða til að lögbjóða kosningu ferðamálanefnda í sveitarfélögunum, en hvetja ætti sveitarfélög almennt til að sinna ferðamálum.

Þar sem ferðamálanefndir eru starfandi eru verkefni þeirra einkum tillögur til sveitarstjórna um aðgerðir í ferðamálum innan sveitarfélagsins og tengsl við ferðamálasamtök.

7. Fjármögnunarleiðir vegna ferðaþjónustu.

Augljóst ætti að vera að þörf er á að auka til muna fjárveitingar úr ríkissjóði til ferðamála ef tryggja á farsæla þróun atvinnugreinarinnar. Þá er ekki verið að hugsa um styrki til fyrirtækja í greininni þótt þeirra kunni að vera þörf í afmörkuðum tilvikum, heldur til sameiginlegrar yfirstjórnar ferðamálanna og ákveðinna grunnþátta. Þar er m.a. um að ræða

uppbyggingu ferða- og upplýsingamiðstöðva á landsbyggðinni, rannsókna- og þróunarstarf og síðast en ekki síst brýnar úrbætur á fjölsóttum ferðamannastöðum og fyrirbyggjandi aðgerðir vegna umhverfisverndar.

Með lögum nr. 60/1976 var ákveðið að greiða skyldi til Ferðamálaráðs 10% gjald af árlegri vörusölu Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli og verja því m.a. til endurbóta á ferðamannastöðum, til landkynningarverkefna og sem óafturkræf framlög til Ferðamálasjóðs. Í reynd hefur aðeins brot af þessum markaða tekjustofni skilað sér til Ferðmálaráðs. Alþingi hefur að tillögu ríkisstjórna samþykkt árlega stórfellda skerðingu á þessum tekjustofni. Hefur ákvörðun um þetta verið tekin með lánsfjárlögum hvers árs. Skerðingin nam um 72% á árinu 1989. Ef þessi markaði tekjustofn hefði runnið til ferðamála eins og fyrirhugað var væri staðan öll önnur í þessari atvinnugrein. Á fskj. V er að finna yfirlit um meðferð á þessum markaða tekjustofni frá því hann var lögfestur.

Það er mat ferðamálanefndar að ekki sé sem stendur hægt að benda á vænlegri tekjuöflun til ferðamálanna en umrætt 10% hlutfall af vörusölu Fríhafnarinnar og því beri að láta reyna á pólitískan vilja til að þetta fjármagn fáist óskert til Ferðamálaráðs. Sama viðhorf hefur verið ríkjandi hjá flestum viðmælendum nefndarinnar og var það einnig staðfest af ferðamálaráðstefnu sem haldin var á Egilsstöðum í febrúar 1990.

Í þessu sambandi ber þó að minna á að ýmsar breytingar eru að verða á stöðu fríhafnarviðskipta í Evrópu og kunna þær í framtíðinni að hafa áhrif á rekstrarform og tekjur fríhafnar á Keflavíkurflugvelli og annarra fríhafna hér á landi.

Ýmsar aðrar tekjuöflunarleiðir hafa komið til tals að undanförnu. Má þar nefna þá hugmynd að ríkið gefi eftir launaskatt af aðilum í ferðaþjónustu eins og gerist í öðrum útflutningsgreinum og fyrirtækin skili honum til Ferðamálaráðs. Á þessu eru þó ýmsir annmarkar, ekki síst að mörg fyrirtæki tengjast ferðaþjónustu aðeins að hluta til og kann því að reynast erfitt að áætla þann hluta af launaskatti sem renna ætti til ferðamála.

Önnur leið og vænlegri að margra mati er að auka verkefnabundna fjármögnun þar sem ríki og fyrirtæki í ferðaþjónustu leggi fram fé í tilteknum umsömdum hlutföllum. Sem dæmi um verkefni sem undir þetta gætu fallið má nefna átak í landkynningu, tilteknar rannsóknir og uppbyggingu ferða- og upplýsingamiðstöðva.

Málefni Ferðamálasjóðs þarfnast einnig sérstakrar athugunar og ekki síst sá háttur, sem tíðkast hefur í vaxandi mæli, að leggja fram fé á fjárlögum að tillögu fjárveitinganefndar til afmarkaðra verkefna í ferðamálum án samráðs við Ferðamálaráð.

Fjárhagsvandi ýmissa hótela, einkum á landsbyggðinni, er sértækt mál sem Alþingi hefur haft afskipti af undanfarin ár í samráði við samgönguráðuneyti. Ástæða kann að vera til að endurmeta þá málsmeðferð, m.a. í ljósi þess hvert stefnir í rekstri margra hótela. Ljóst er að skuldasöfnun vegna fjárfestinga og hár fjármagnskostnaður veldur mestu um þann vanda sem þarna er verið að glíma við.

8. Ferðamennska og umhverfisvernd.

Þótt fáar athuganir hafi verið gerðar á því hvað einkum laðar erlenda skemmtiferðamenn til Ísland bendir flest til þess að það sé öðru fremur náttúra landsins. Náttúran er því sú auðlind sem íslensk ferðaþjónusta byggir að miklu leyti tilveru sína á og það gildir einnig um ferðir Íslendinga innan lands.

Álag ferðamennskunnar hefur sett sín spor á landið, einkum á vinsælum ferðamannastöðum og það svo að víða er komið í óefni. Fullyrða má að verði ekki gert stórátak í fyrirbyggjandi aðgerðum og til að koma upp lágmarksaðstöðu til móttöku ferðafólks á ferðamannastöðum utan þéttbýlis víða um land verði grundvellinum kippt undan ferðaþjónustu sem atvinnugrein. Orðstír Íslands sem ferðamannlands er þannig í mikilli hættu og óhjákvæmilegt að bregðast skjótt við eigi ekki illa að fara. Dæmið af stöðu mála við Gullfoss er

aðeins eitt af mörgum þar sem um ótrúlega vanrækslu og fyrirhyggjuleysi er að ræða. Ferðamálaráð og Náttúruverndarráð hafa lengst af talað fyrir daufum eyrum með kröfur sínar um fjárveitingar til úrbóta og mál til komið að þar verði breyting á.

Að mati undirnefndar Ferðamálaráðs, sem fjallaði um málefni ferðamannastaða síðari hluta árs 1989, þyrfti strax um 40 milljónir króna til allra brýnustu úrbóta á ferðamannastöðum í byggð og óbyggð. Þar er um að ræða aðgerðir sem varða snyrtiaðstöðu, stígagerð, göngubrýr, stikun vegslóða og lagfæringar, merkingar, sorphirðu, rotþrær og vatnsöflun. Jafnframt er brýnt að opna nýja skoðunarverða staði til að dreifa álagi af völdum ferðafólks.

Rétt er að benda á að mikið skortir á samhæfingu og skýrari verkaskiptingu milli opinberra aðila sem lögum samkvæmt eiga að sinna þessum málum. Því leggur ferðamálanefnd samgönguráðuneytisins áherslu á að hið fyrsta verði til samráðsnefnd þessara aðila til að fjalla um aðgerðir til úrbóta á ferðamannastöðum. Þeir aðilar, sem ættu að eiga fulltrúa í slíkri nefnd, eru m.a.: Ferðamálaráð, Náttúruverndarráð, Skógrækt ríkisins, Hollustuvernd, skipulagsstjórn og Vegagerð ríkisins. Samráðsnefndin þyrfti svo að tryggja góð tengsl við sveitarstjórnir vegna hlutaðeigandi svæða. Hlutverk hennar yrði m.a. að fá sem gleggst yfirlit um æskilegar aðgerðir og leggja á ráðin um framkvæmd þeirra, svo og um framtíðarskipulag.

Margir hafa ítrekað bent á þörf á úrbótum á ferðamannastöðum og safnað upplýsingum um ástand á hverjum stað.

Þá er ástæða til að minna á að umgengni er víða til vansa fram með vegum og í þéttbýli og dreifbýli. Loftmengun og mengun frá skólpi er einnig mjög vaxandi við þéttbýli og mikil þörf að bregðast við. Almenn staða umhverfismála í landinu snertir ferðaþjónustuna með beinum hætti og til lítils að ætla að auglýsa landið sem náttúruperlu nema róttæk breyting verði til bóta varðandi umgengni og umhverfisvernd.

9. Samkeppnisstaða íslenskrar ferðaþjónustu.

Eins og áður var getið fékk ferðamálanefndin sérfræðinga til aðstoðar við þann þátt sem varðar samkeppnisstöðu íslenskrar ferðaþjónustu og öflun talnalegra upplýsinga um ferðaþjónustu í landinu. Mynduðu þeir samstarfsvettvang sem gekk undir heitinu „tölfræðihópurinn". Þetta voru eftirtaldir: Friðrik Már Baldursson frá Þjóðhagsstofnun, Kristinn Karlsson frá Hagstofu Íslands og Þorsteinn M. Jónsson frá Seðlabanka Íslands.

Einnig tengdust vinnu hópsins Vilborg Júlíusdóttur og Gamalíel Sveinsson á Þjóðhagsstofnun. Árni Þór Sigurðsson, deildarstjóri í samgönguráðuneyti, hefur verið tengiliður nefndarinnar við hópinn og starfaði með honum.

Nú liggur fyrir greinargerð frá hópnum og er hún birt sem fylgiskjal hér á eftir.

Varðandi samkeppnisstöðu Íslands í ferðaþjónustu eru slegnir margvíslegir varnaglar, m.a. að ekki liggur skýrt fyrir hver okkar helstu samkeppnislönd í ferðaþjónustu eru. Af þessum sökum er ekki unnt að reikna út sérstakt raungengi miðað við launakostnað eða verðlag í þessu samhengi. Ályktanir hópsins endurspegla það sem flestir eða allir sem starfa í ferðaþjónustu hafa fundið fyrir, þ.e. að gengisskráning krónunnar skiptir miklu máli. Þegar gengi krónunnar er haldið föstu og laun hækka hlutfallslega meira hér en í samkeppnislöndunum fer samkeppnisstaða aðila sem flytja inn ferðamenn versnandi. Á hinn bóginn batnar staða þessara aðila þegar laun í samkeppnislöndunum hækka meira í krónum talið en laun hér á landi. Nýlegt dæmi um fyrra ferlið er frá árunum 1986–88. Síðan hefur staðan batnað á mælikvarða íslenskrar ferðaþjónustu sem útflutningsgreinar. Þetta kemur skýrt fram á línuriti í fskj. I, sem sýnir raungengi íslensku krónunnar mælt á tvo kvarða, þ.e. launakostnaðar og verðlags. Þetta línurit gefur vísbendingu um þróun samkeppnisstöðu ferðaþjónustu á tímabilinu 1971–89. Topparnir á línuritinu sýna versnandi stöðu í rekstrarlegu tilliti.

Þetta eru bráðabirgðaniðurstöður, byggðar á gögnum þar sem ekki er tekið sérstakt tillit til ferðaþjónustunnar sem atvinnugreinar. Framhaldsathuganir þyrftu að fela í sér sértækar athuganir fyrir ferðaþjónustuna þannig að framkvæma megi útreikninga á þróun samkeppnisstöðu hennar með skömmum fyrirvara.

Starfsmenn Þjóðhagsstofnunar hafa fjallað um uppgjör þjóðhagsreikninga og rekstraryfirlit fyrir ferðaþjónustu. Úttekt tölfræðihópsins vísar m.a. til þess hvernig unnt væri að vinna úr fyrirliggjandi gögnum til að komast sem næst raunsönnu uppgjöri fyrir ferðaþjónustuna. Einnig er bent á með hvaða aðferðum væri unnt að grafast fyrir um tekjur af íslenskum ferðamönnum hér innan lands.

Þá hefur Þjóðhagsstofnun reynt að meta svokölluð raungengisáhrif á tekjur og gjöld vegna ferðamanna. Með tekjum er þá átt við þann gjaldeyri sem erlendir ferðamenn selja hér á landi og með gjöldum er átt við þann gjaldeyri sem Íslendingar kaupa til ferðalaga erlendis. Vísast í því sambandi til töflu í fjölriti tölfræðihópsins þar sem m.a. kemur fram sú mikla aukning sem orðið hefur á tekjum og gjöldum vegna ferðalaga á tímabilinu 1968–89. Þar kemur einnig fram að gjaldeyriskaup Íslendinga vegna ferðalaga hafa aukist til muna meira en tekjur af útlendingum, einkum á síðustu árum, reiknað sem hlutfall af útflutningi og innflutningi. Þetta þýðir með öðrum orðum að viðskiptajöfnuður ferðaþjónustunnar hefur orðið óhagstæðari.

Hópurinn hefur reynt að meta áhrif verðlagsbreytinga hér innan lands á tekjur af erlendum ferðamönnum. Kemur fram vísbending um að hækki innlent verðlag um 10% umfram erlent, mælt í sömu mynt, megi búast við 10–20% samdrætti í tekjum af ferðamönnum reiknað á föstu íslensku verði. Á móti kemur að hagvöxtur í viðskiptalöndum ferðaþjónustunnar erlendis mildar þessi áhrif til mikilla muna þannig að við 2–3% hagvöxt þar megi a.m.k. um nokkurt skeið búast við 10–15% vexti í tekjum af ferðamönnum að óbreyttu raungengi.

Raungengisbreytingar virðast hins vegar ekki í sama mæli hafa áhrif á útgjöld Íslendinga á ferðalögum erlendis.

Gildur þáttur í talnalegum upplýsingum varðandi ferðaþjónustu kemur frá Hagstofu Íslands. Þar er m.a. safnað tölum um fjölda farþega til landsins, bæði Íslendinga og útlendinga frá ýmsum þjóðlöndum og heimshlutum. Talnagögnin um þetta efni ná allt aftur til ársins 1949. Margt athyglisvert má lesa út úr þessum tölum.

Þá heldur Hagstofan saman yfirliti um fjölda hótela og annarra gistimöguleika í landinu og frá árinu 1984 hafa verið skráðar gistinætur og þjóðerni gesta á einstökum gististöðum. Ekki hefur tekist að vinna úr þessum upplýsingum sem skyldi vegna manneklu og álags á Hagstofunni, en það stendur nú til bóta. Héðan í frá verður væntanlega unnt að nota þær til meira gagns en hingað til fyrir aðila í ferðaþjónustu.

10. Ferðamál og breytt samkeppnisskilyrði.

Til að festa fáist í ferðaþjónustu sem lífvænlega atvinnugrein er brýnt að ákvarðanir séu teknar um þau starfsskilyrði sem henni eru ætluð af hálfu hins opinbera. Stefna um það verður að sjálfsögðu ekki mörkuð í eitt skipti fyrir öll þar eð taka þarf tillit til breytilegra skilyrða og stöðu ferðaþjónustu í samkeppnislöndum. Breytingar í efnahagskerfi og samstarfi Evrópuríkja er eitt af því sem hafa þarf vakandi auga á, en þær varða fjölmarga þætti er lúta að ferðaþjónustu, m.a. stöðu flugfélaga. Ferðamálanefnd mun á næstunni fara yfir þessa þætti sérstaklega þannig að þeim verði gerð skil í sambandi við lokatillögur nefndarinnar.

Meiri opnun fjármagnsmarkaðar en nú er getur t.d. haft veruleg áhrif á stöðu fyrirtækja í ferðaþjónustu. Þær raddir heyrast að eignaraðild erlendra aðila að fyrirtækjum, t.d. í gistihúsa- og veitingarekstri hér á landi, kunni að vera æskileg í einhverjum mæli, en á hinn

bóginn hafa komið fram mjög ákveðnar aðvaranir, m.a. á ferðamálaráðstefnu í febrúar 1990, um hættu sem fylgt getur vaxandi ítökum erlendra aðila í greininni.

Flestir virðast sammála um að ekki megi til þess koma að fyrirtæki í ferðaþjónustu verði háð opinberum styrkjum. Greinin þurfi að standa á eigin fótum og spjara sig við eðlilegar samkeppnisaðstæður. Til að öðlast innri styrk og standast sveiflur í viðskiptum er brýnt að tengsl innan greinarinnar styrkist og boðleiðir verði skýrar og greiðar. Á þetta hefur talsvert skort, en vaxandi vilji er til að leita úrbóta.

11. Hlutur opinberra aðila í ferðaþjónustu.

Eins og fram hefur komið hér á undan er gert ráð fyrir að rekstur fyrirtækja í ferðaþjónustu verði ekki háður opinberum styrkjum. Ekki er heldur ráð fyrir því gert að ríkið leggi fram hlutafé nema þá í óverulegum mæli til fyrirtækja í ferðaþjónustu og komist verði hjá óþarfa miðstýringu. Hins vegar má reikna með að sveitarfélög víða um land leggi talsvert af mörkum til að koma á fót og styðja við fyrirtæki í ferðaþjónustu innan sinna vébanda.

Hlutur ríkisins verður eftir sem áður mikilvægur við að skapa almenn skilyrði fyrir vöxt og viðgang ferðaþjónustunnar. Ríkið miðlar fjármagni úr sameiginlegum sjóði til framkvæmda í samgöngumálum (til vega, hafna og flugvalla) og viðhalds samgöngumannvirkja. Framlag ríkisins til yfirstjórnar og rannsókna- og þróunarstarfs í ferðamálum er heldur ekki umdeilt hér fremur en í nágrannalöndum.

Meiri þörf virðist vera til opinberra aðgerða hér á landi vegna ferðamannastaða utan þéttbýlis en almennt gerist erlendis, svo og til að koma í veg fyrir akstur utan vega og önnur náttúruspjöll í óbyggðum.

Um fjáröflun vísast til kaflans um fjármögnunarleiðir vegna ferðaþjónustu.

12. Framhald á starfi ferðamálanefndar samgönguráðuneytis.

Samhliða tillögum um ferðamálastefnu hefur nefndin rætt fjölmörg atriði sem til álita hljóta að koma við enduskoðun laga og fengið margar ábendingar þar að lútandi í viðræðum við hagsmunaaðila. Í köflum hér að framan um skipulag og stjórnun ferðamála og um fjármögnunarleiðir og umhverfisvernd koma fram mörg þessara atriða. Þau eru þar rakin til þess að þeim sem kynna sér efni þessarar þingályktunatillögu um ferðamálastefnu gefist kostur á að segja álit sitt á þáttum er snerta lög um ferðamál. Nefndin mun fara yfir gildandi lög á næstu mánuðum með það í huga að gera tillögur til samgönguráðherra síðsumars 1990 um æskilegar breytingar.

Eins og þegar er fram komið hyggst ferðamálanefnd samgönguráðuneytisins, sem hóf störf í byrjun júní 1989, ljúka verkefni sínu haustið 1990. Nefndin hefur átt mikil og gagnleg samskipti við fjölmarga hagsmunaaðila í ferðaþjónustu og væntir þess að framhald verði á slíkri samvinnu á meðan hún er að störfum.

Fylgiskjal I.

Greinargerð tölfræðihóps.

Athugun á samkeppnisstöðu og rekstrarskilyrðum ferðaþjónustu.

Inngangur.

Í júní 1989 skipaði Steingrímur J. Sigfússon samgönguráðherra nefnd til að fjalla um ferðamál á breiðum grundvelli. Meðal verkefna nefndarinnar er að kanna samkeppnisaðstöðu og rekstraryfirlit ferðaþjónustu á Íslandi.

Nefndin ákvað fljótlega að fá til liðs við sig sérfræðinga til að vinna þennan hluta verksins, enda ljóst að nefndarmenn hefðu ekki tök á því. Forstöðumenn þeirra stofnana sem leitað var til tóku beiðni nefndarinnar vel og var komið á laggirnar óformlegum vinnuhópi (tölfræðihópi) til að skoða samkeppnisstöðu og rekstrarskilyrði og fleiri hagstæðir í ferðaþjónustu. Í hópinn völdust Friðrik Már Baldursson frá Þjóðhagsstofnun, Kristinn Karlsson frá Hagstofunni og Þorsteinn M. Jónsson frá Seðlabanka Íslands. Árni Þór Sigurðsson, deildarstjóri í samgönguráðuneytinu og starfsmaður ferðamálanefndarinnar, starfaði einnig með tölfræðihópnum. Seinna bættist Vilborg Júlíusdóttir á Þjóðhagsstofnun í hópinn.

Í upphafi var ákveðið að skipta verkefni hópsins í þrjá meginkafla: I) þjóðhagsreikningauppgjör og rekstraryfirlit fyrir ferðaþjónustu, II) samkeppnisstöðu í ferðaþjónustu og III) tölfræðilegar upplýsingar tengdar ferðaþjónustunni. Hér fara á eftir greinargerðir frá þeim aðilum sem standa að tölfræðihópnum. Rétt er að taka fram að ábyrgð á einstökum köflum skrifast á höfunda þeirra en ekki hópinn í heild.

I. Þjóðhagsreikningauppgjör og rekstraryfirlit fyrir ferðaþjónustu.

Í þessum hluta felst að gera tillögu að líkani, er gefi heillega mynd af ferðaþjónustu sem atvinnugrein, umfangi hennar og þjóðhagslegri þýðingu. Hér verður fyrst og fremst notast við fyrirmynd frá OECD og öðrum Norðurlöndum, sem vissulega er byggð á áætlunum en hefur engu að síður gefist vel. Takmörkun þessarar skilgreiningar felst fyrst og fremst í því að ferðaþjónustan er ekki afmörkuð atvinnugrein, líkt og sjávarútvegur og landbúnaður, heldur er um að ræða viðskipti ákveðinna aðila (ferðamanna) við margar atvinnugreinar.

II. Samkeppnisstaða í ferðaþjónustu.

Í fyrsta lagi er hér um að ræða að meta samkeppnisstöðu innlendra aðila í ferðaþjónustu, m.a. með tilliti til launakostnaðar, og bera saman við samkeppnislöndin. Sá mælikvarði sem hér yrði notaður er þróun raungengis miðað við launaþróun. Í öðru lagi þarf að meta samkeppnisstöðuna út frá neytandanum, þ.e. bera saman þróun kostnaðar á helstu þjónustu- og vöruflokkum sem ferðamaðurinn kaupir (samgöngur, matvæli, gisting). Einnig hefur verið rætt um að hanna sértæka vísitölu fyrir ferðaþjónustu en það þarf að skoðast betur.

III. Tölfræðilegar upplýsingar tengdar ferðaþjónustu.

Undir þessum lið verður gerð grein fyrir gistináttatalningu og þeim upplýsingum sem hún gefur. Hugsanlegt er að einhver áætlun um gistináttafjölda utan hótela og gistiheimila (í tjöldum o.fl.) verði með í þessari greinargerð. Jafnframt er fjallað um þróun framfærsluvísitölu, sérstaklega þeim hluta sem snýr að ferðaþjónustu og tengdum liðum. Þessar upplýsingar eru unnar á vegum Hagstofunnar.

Eins og sjá má vantar enn nokkuð upp á að heildarmynd fáist af samkeppnisstöðu ferðaþjónustunnar, vægi hennar í þjóðhagslegu tilliti o.fl.

Til þess að skilgreina ferðaþjónustuna í þjóðhagsreikningum þarf að ákveða vægi hennar í einstökum rekstrarþáttum. Hér hefur aðeins verið sett upp yfirlit en það á eftir að fylla út í það. Verið er að skoða norska fyrirmynd og kanna hvort hún getur fallið inn í íslenskar aðstæður, en norska hagstofan hefur gengið hvað lengst í að teygja ferðaþjónustuna inn í aðrar atvinnugreinar. Í þessum kafla er einnig að finna upplýsingar um áhrif raungengis á ferðajöfnuð.

Í kaflanum um samkeppnisstöðu er gerð grein fyrir aðferðum til að mæla hana. Enn fremur er birt línurit sem sýnir þróun raungengis á tvo kvarða, gagnvart launakostnaði og verðlagi. Vakin er athygli á að hér er aðeins um vísbendingu að ræða, en til að gera marktækan samanburð við samkeppnislönd, þarf fyrst að skilgreina hver þau eru. Jafnframt þarf að skoða ýmis ytri rekstrarskilyrði, svo sem opinbera skattlagningu. Síðan er velt upp hugmynd um hönnun á sérstakri vísitölu fyrir ferðaþjónustuna. Líta verður svo á að hér sé um brýnt verkefni að ræða fyrir ferðaþjónustuna í landinu og væri ekki óhugsandi að þeir sem hagsmuna eiga að gæta tækju höndum saman um að láta vinna slíkt verk.

Í þriðja kafla eru ýmsar tölfræðilegar upplýsingar um ferðaþjónustuna, svo sem um fjölda ferðamanna, fjölda gistinátta og útgjöld til ferðamála í vísitölu framfærslukostnaðar. Þessar upplýsingar hafa þýðingu fyrir allar greinar ferðaþjónustunnar. Þær hafa ekki síst gildi í landkynningar- og markaðsmálum. Einmitt þess vegna er mikilvægt að unnið sé að staðaldri úr gögnum, þannig að þær upplýsingar sem fást nýtist þegar á þarf að halda.

Ljóst er að ferðaþjónustan er ört vaxandi atvinnugrein hér á landi sem annars staðar. Erlendum ferðamönnum hefur fjölgað allan níunda áratuginn, úr rúmum 65 þúsund við upphaf hans í rúm 130 þúsund árið 1989. Á sama tíma hefur ferðalögum Íslendinga til útlanda fjölgað álíka. Atvinnuvegaskýrslur gefa einnig til kynna að ársverkum í ferðaþjónustu hafi fjölgað nokkuð á undanförnum árum, en rétt er að minna á að þessar upplýsingar er ekki hægt að lesa beint út úr skýrslunum þar sem enn skortir nákvæma skilgreiningu á atvinnugreininni.

Sú vinna sem hér liggur fyrir ætti að gefa nokkra vísbendingu um ferðaþjónustuna og geta verið allgóður grunnur að framhaldsvinnu, þannig að hægt verði með reglulegu millibili að athuga bæði samkeppnisstöðu og rekstrarskilyrði greinarinnar og þróun þeirra mála. Ef svo verður, er hálfur sigur unninn.

Árni Þór Sigurðsson.

Friðrik Már Baldursson,
Vilborg Júlíusdóttir:

I.
Þjóðhagsreikningauppgjör og rekstraryfirlit fyrir ferðaþjónustu.

Þjóðhagsreikningauppgjör og rekstraryfirlit fyrir ferðaþjónustu.

Fyrir utan flugrekstur, rekstur ferðaskrifstofa og hótelrekstur er varla nokkur atvinnugrein hérlendis sem er eingöngu í ferðaþjónustu. „Þjóðhagsreikninga"- og rekstraryfirlit í ferðaþjónustu verður því að hluta til að byggja á skiptingu sumra atvinnugreina í ferðaþjónustu og „annað", og ef engar tölulegar upplýsingar liggja fyrir verður að gera það með ágiskunum. Þetta er raunar sú aðferð sem notuð er annars staðar, t.d. á Norðurlöndunum (sjá t.d. „Sektorräkenskaper för turism. Utveckling av nordiskt statistikprogram för turism. Delrapport 5. Statistiska Centralbyrån.") og í OECD. Spurningin er þá fyrst og fremst sú hversu hátt hlutfall hinna ýmsu greina sem m.a. fást við ferðaþjónustu er í raun í þeirri atvinnugrein. Vísi að svona reikningum fyrir Ísland má sjá í grein Jóns Sigurðssonar í *Fjármálatíðindum* (nr. 3 1985). Þær töflur hafa verið framlengdar til 1987, sjá töfluhefti Þjóðhagsstofnunar um ferðaútveg frá septembermánuði 1989.

Fullkomið uppgjör ferðaþjónustu yrði ef til vill byggt á eftirfarandi skiptingu:

a. Tekjur innan lands af erlendum ferðamönnum.
b. Tekjur innan lands af íslenskum ferðamönnum.
c. Tekjur íslensku flugfélaganna af erlendum ferðamönnum.
d. Tekjur íslensku flugfélaganna af íslenskum ferðamönnum.
e. Gjöld íslenskra ferðamanna á ferðalögum erlendis.
f. Innlend aðföng fyrirtækja í ferðaútvegi.
g. Erlend aðföng fyrirtækja í ferðaútvegi.

Erfitt og oft nánast ómögulegt, við núverandi aðstæður, er að nálgast gögn um þessa þætti og skiptingu þeirra á atvinnugreinar, sjá athugasemdir síðar. Það má samt fá ýmsar upplýsingar úr atvinnuvegaskýrslum Þjóðhagsstofnunar, sjá meðfylgjandi ljósrit, þar sem birt eru rekstraryfirlit, efnahagsreikningar, mannaflatölur og ýmsar aðrar upplýsingar um hinar ýmsu atvinnugreinar. Upp úr þessum töflum má vinna uppgjör fyrir ferðaþjónustu að gefnum forsendum um hversu hátt hlutfall hverrar greinar er í ferðaútvegi, sjá „vísi að skilgreiningu á ferðaútvegi" síðar.

Athugasemdir um skiptingu ferðaþjónustu á atvinnugreinar.

a. Tekjur innan lands af erlendum ferðamönnum.

Útgjöld erlendra ferðamanna má fá úr greiðslujafnaðarskýrslum Seðlabanka Íslands, sjá töflu VI, lið 211. Hins vegar er það ekki nægjanlegt að fá einungis heildartölur heldur er ætlast til þess að útgjöldum sé skipt niður eftir tegund útgjalda, þ.e. hótelgisting, veitingar, ferðir o.fl.

Til þess að nálgast þessa skiptingu væri ástæða til að kanna fyrst hvaða upplýsingar unnt er að vinna úr tölum gjaldeyriseftirlits Seðlabankans. Vafalítið er talsvert um það að fyrirtæki í ferðaþjónustu selji gjaldeyri í bönkum og þá er auðvelt að flokka þau útgjöld eftir atvinnugreinum og jafnvel tegund þjónustu.

Eins mætti kanna hjá greiðslukortafyrirtækjum hvaða upplýsingar fást hjá þeim vegna notkunar erlendra ferðamanna hér á landi á greiðslukortum. Þau útgjöld ætti einnig að vera unnt að flokka eftir tegund.

Hins vegar liggur ekki ljóst fyrir hvernig flokka mætti þann gjaldeyri sem erlendir ferðamenn skipta sjálfir í bönkum hér. Þar er að mörgu leyti um að ræða sömu vandamál við tegundaflokkun útgjalda og að því er varðar innlenda ferðamenn.

b. Tekjur innan lands af íslenskum ferðamönnum.

Hér mætti skoða bæði framboðs- og eftirspurnarhliðina. Á eftirspurnarhlið er helst að vænta upplýsinga úr einkaneysluskýrslum Þjóðhagsstofnunar, en þar er útgjöldum heimila skipt á útgjaldaflokka, sbr. bls. 14 í „Delrapport 5". Á framboðshlið koma að notum atvinnuvega- og þjóðhagsreikningaskýrslur Þjóðhagsstofnunar.

Vandinn er hér að ákveða bærilega „skiptilykla". Til þess hefur að mestu leyti verið byggt á ágiskunum. Ekki er annað sýnna en eina leiðin sé að velja ákveðið úrtak fyrirtækja í hverri grein og spyrja um hlutfallslega skiptingu á sölutekjum þeirra milli „ferðamanna innlendra og erlendra" nánar skilgreindra, og annarra viðskiptavina. Gistináttaskýrslur Hagstofunnar koma hér að gagni. Einnig hafa Flugleiðir einhverjar hugmyndir um þátt viðskiptaferða af farþegatekjum.

c. og d. Tekjur flugfélaganna.

Heildartekjurnar koma fram í atvinnuvegaskýrslum ÞHS, en skiptingu þeirra á útlendinga og Íslendinga verður að fá hjá flugfélögum.

e. Gjöld Íslendinga á ferðalögum erlendis.

Heildarútgjöldin birtir Seðlabankinn í *Hagtölum mánaðarins*, sjá töflu VI, lið 221. Skiptingu milli viðskiptaferða og annars kostnaðar má fá hjá greiðslujafnaðardeild Seðlabankans.

f. og g. Aðföng fyrirtækja í ferðaþjónustu.

Heildaraðföng má fá úr atvinnuvegaskýrslum ÞHS, en fullkomin skipting milli innlendra og erlendra aðfanga er ekki til.

Vísir að skilgreiningu á ferðaútvegi.

	Vinnsluvirði	Áætlað hlutfall ferðaþjónustu af umfangi einstakra gr. %	m. kr.
1. Hótel og veitingastaðir, samtals			
Hótel			
Veitingastaðir			
2. Samgöngur á landi, samtals			
Almenningsvagnar og langferðabílar			
þar af farþegaflutningur			
Aðrir farþegaflutningar (leigubílar-bílaleigur)			
3. Samgöngur sjóleiðis, samtals			
Milli landa			
þar af farþegaflutningar			
Innan lands			
þar af farþegaflutningar			
4. Flugsamgöngur, samtals			
Milli landa			
þar af farþegaflutningar			
Innan lands			
þar af farþegaflutningar			
5. Menning og afþreying, samtals (kvikmyndahús, leikhús, útivera, íþróttir og aðrar skemmtanir)			
6. Ferðaskrifstofur			
SAMTALS			

Tafla 1.8 frh.

Rekstraryfirlit verslunar- og veitingareksturs 1987

Atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands	629 Blönduð verslun	862 Veitinga-staðir	862a Matsölu-staðir	863 Gisti-staðir
Fjárhæðir í millj. kr.				
Fjöldi fyrirtækja	3	11	4	6
1. Rekstrartekjur	4527.96	476.83	693.09	346.47
1.1 Sala	5047.04	529.05	835.77	326.79
1.2 Söluskattur	-533.49	-55.72	-148.37	-20.14
1.3 Birgðabr. fullunn. vara	-	-	-	-
1.4 Aðrar tekjur	14.41	3.50	5.69	39.82
2. Rekstrargjöld	4547.16	492.00	735.36	354.14
Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags um Ferðaskrifstofu ríkisins sem skal annast fyrirgreiðslu og skipulagningu ferða fyrir íslenska og erlenda ferðamenn. Heiti félagsins verði Ferðaskrifstofa ríkisins hf. Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt:

a. að leggja Ferðaskrifstofu ríkisins, þ. e. allar eignir og fylgifé, til hins nýja félags,
b. að láta fara fram nákvæmt mat á eignum Ferðaskrifstofu ríkisins, þ. m. t. viðskiptavild, til viðmiðunar við ákvörðun um heildarhlutafjárhæð í hinu nýja hlutafélagi,
c. að ákveða fjárhæð hlutabréfa með það í huga að starfsfólk Ferðaskrifstofu ríkisins geti keypt bréf í hlutafélaginu,
d. að selja á næstu 5 árum allt að 30% af hlutafjáreign ríkissjóðs í Ferðaskrifstofu ríkisins til samtaka starfsmanna ferðaskrifstofunnar.

Verð hlutabréfa skal ákveðið skv. b- og c-lið hér að framan.

Þeir starfsmenn Ferðaskrifstofu ríkisins, sem notið hafa réttinda lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og hefja störf hjá hinu nýja hlutafélagi eftir gildistöku þessara laga, skulu áfram eiga rétt á aðild að lífeyrissjóði.

10. gr.

Samgönguráðherra skipar 3 fulltrúa af 5 til setu á aðalfundum og hluthafafundum félagsins. Fer hver þeirra með ⅓ af atkvæðum ríkissjóðs í félaginu eins og þau eru á hverjum tíma.

11. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög, nr. 32/1978, gildir ekki um tölu stofnenda hlutafélagsins og 1. mgr. 17. gr. sömu laga gildir ekki um tölu hluthafa.

Lög þessi skulu koma í stað stofnsamnings skv. II. kafla hlutafélagalaga. Stofnfund hins nýja hlutafélags skal halda innan 3 mánaða frá gildistöku laganna og skal leggja drög að samþykktum fyrir félagið fram á fundinum.

Að öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga um hið nýja félag.

12. gr.

Við skipulagningu ferða skal Ferðaskrifstofa ríkisins hf. leitast við að nýta gisti- og veitingaþjónustu sem rekin er allt árið. Þar sem þörf krefur er henni þó heimilt að starfrækja sumarhótel í húsnæði heimavistarskóla eftir því sem um semst við forráðaaðila skólanna

enda sé lágmarkskröfum um húsnæði og búnað skv. lögum og reglugerðum um veitinga- og gististaði fullnægt.

Við starfrækslu sumarhótela skal þess ávallt gætt að ekki sé efnt til óæskilegrar samkeppni við nærliggjandi hótel. Jafnframt skal þess gætt að þjónusta sumarhótela sé að öðru jöfnu til ráðstöfunar fyrir aðrar ferðaskrifstofur.

13. gr.

Stjórnin ræður forstjóra Ferðaskrifstofu ríkisins hf. Forstjóri ræður annað starfsfólk skrifstofunnar og stjórnar allri starfsemi hennar og ber ábyrgð gagnvart stjórninni.

IV. KAFLI

Almennar ferðaskrifstofur.

14. gr.

Ferðaskrifstofa merkir í lögum þessum fyrirtæki sem tekur að sér að veita í atvinnuskyni, að einhverju eða öllu leyti, eftirgreinda þjónustu fyrir almenning:

a. Upplýsingar um ferðir innanlands eða erlendis.
b. Hvers konar umboðssölu farmiða með skipum, bifreiðum, flugvélum eða járnbrautum.
c. Útvegun gistihúsnæðis.
d. Skipulagningu og sölu hópferða, innanlands eða erlendis, starfrækslu sætaferða og móttöku erlendra ferðamanna.

Í reglugerð skulu sett nánari ákvæði um með hverjum hætti skuli hafa eftirlit með þjónustu ferðaskrifstofa.

Samgönguráðuneytið sker úr ef ágreiningur verður um hvort starfsemi telst falla undir a- til d-lið hér að framan, svo og um það hvort um ferðaskrifstofustarfsemi sé að ræða í skilningi laga þessara.

15. gr.

Óheimilt er að stunda störf þau er greind eru í 14. gr., svo og að nota í nafni eða auglýsingum einstaklinga, félaga eða fyrirtækja orðið ferðaskrifstofa eða hliðstæð erlend heiti nema hafa til þess leyfi samgönguráðuneytisins.

16. gr.

Hver sá, sem vill reka ferðaskrifstofu, skal sækja um leyfi til ráðuneytisins. Leita skal umsagnar Ferðamálaráðs Íslands um allar slíkar umsóknir.

Skal ráðið ganga úr skugga um að öllum skilyrðum sé fullnægt.

17. gr.

Skilyrði til að geta öðlast leyfi til reksturs ferðaskrifstofu er að forstöðumaður hennar uppfylli eftirtalin skilyrði:

a. Fjárræði og forræði á búi sínu.
b. Búseta á Íslandi.

Enn fremur skal einn eða fleiri af starfsmönnum ferðaskrifstofunnar á hverjum tíma hafa að baki staðgóða reynslu við almenn ferðaskrifstofustörf.

Leyfi má veita félagi eða fyrirtæki, enda sé stjórnin innlend og aðsetur hér á landi, og gilda um slíka ferðaskrifstofu sömu ákvæði og að ofan greinir.

Nú telur ráðuneytið, að málavöxtum athuguðum, að ekki sé unnt að reka starfsemi þá sem sótt er um leyfi fyrir samkvæmt lögum þessum á viðunandi hátt og skal þá umsókninni synjað.

18. gr.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu má því aðeins veita að umsækjandi setji bankatryggingu sem eigi sé lægri en 1,7 millj. kr.

Fjárhæð tryggingar skal endurskoðuð árlega og breytt ef þurfa þykir í samræmi við almennar verðlagsbreytingar.

Ráðuneytið getur krafist ársreikninga og annarra upplýsinga frá ferðaskrifstofum.

19. gr.

Ekki má greiða af tryggingafé samkv. 18. gr. aðrar kröfur en þær sem aðfararhæfur dómur er fenginn fyrir eða viðurkenning skiptaréttar, enda séu kröfurnar sprottnar af ferðaskrifstofurekstri tryggingafjáreiganda.

Þó má víkja frá skilyrði 1. mgr. komi það í ljós að ferðaskrifstofa geti vegna fjárhagsörðugleika ekki annast heimflutning viðskiptavina sinna. Getur ráðuneytið þá annnast eða falið öðrum að annast þennan flutning og greiðist kostnaður við hann af tryggingarfénu og hefur kostnaður af slíkum flutningum forgang fram yfir aðrar kröfur.

20. gr.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu fellur niður:

a. Ef leyfishafi verður gjaldþrota eða sviptur fjárræði.
b. Ef trygging sú, sem sett er samkvæmt 18. gr., rýrnar, fellur niður eða fullnægir ekki þeim reglum sem ráðuneytið setur.
c. Ef leyfishafi hættir að hafa búsetu hér á landi.

Ef félag er leyfishafi eða annar en leyfishafi veitir daglegum rekstri ferðaskrifstofunnar forstöðu fellur leyfið niður ef einhverra þeirra skilyrða er misst sem uppfylla ber samkvæmt lögum þessum eða er forstöðumaður andast, enda sé ekki ráðinn nýr forstöðumaður sem uppfylli skilyrði laga þessara innan þess frests sem ráðuneytið setur.

21. gr.

Nú andast leyfishafi og er þá eftirlifandi maka hans, ef hann situr í óskiptu búi, heimilt að halda áfram rekstrinum í fimm ár enda sé fullnægt hinum almennu skilyrðum um ábyrgð og ekki ástæða til afturköllunar leyfis samkvæmt 20. gr.

22. gr.

Ákvæði þessa kafla taka ekki til Ferðaskrifstofu ríkisins. Ráðuneytið setur reglur um á hvern hátt eigendum og umráðamönnum samgöngutækja er heimilt að skipuleggja og selja farseðla í ferðir með slíkum samgöngutækjum þannig að fæði eða næturgisting fylgi. Binda má slíka heimild tilteknum skilyrðum um hreinlætisaðstöðu og annan aðbúnað, svo og tryggingarfé.

Ráðuneytið ákveður einnig hvaða íslensk ferðafélög eru undanþegin ákvæðum laga þessara, að því er lýtur að ferðum innan lands.

V. KAFLI

Ferðamálasjóður.

23. gr.

Ferðamálasjóður er eign ríkisins og lýtur stjórn samgönguráðherra.

Ferðamálasjóður er stofnlánasjóður þeirra starfsgreina sem ferðaþjónusta einkum byggist á. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að þróun íslenskra ferðamála með lánum og styrkveitingum.

24. gr.

Samgönguráðherra skipar þrjá menn í stjórn Ferðamálasjóðs til fjögurra ára í senn. Þar af er einn skipaður án tilnefningar og er hann jafnframt skipaður formaður sjóðsstjórnar, en tveir fulltrúar skulu tilnefndir af Ferðamálaráði.

25. gr.

Fé Ferðamálasjóðs má ráðstafa á eftirgreindan hátt:

1. Sjóðurinn veitir einkaaðilum og opinberum aðilum lán til framkvæmda við gisti- og veitingastaði gegn fullnægjandi tryggingu.
2. Sjóðnum er heimilt að veita einkaaðilum og opinberum aðilum, gegn fullnægjandi tryggingu, lán til annarra þátta ferðamála en í 1. lið greinir, svo framarlega sem með lánveitingunni er stuðlað að þróun íslenskra ferðamála.
3. Sjóðnum er heimilt að veita óafturkræf framlög til byggingar gistirýmis eða gerast eignaraðili að gistiaðstöðu þar sem rekstri er haldið uppi allt árið. Framlag þetta má aldrei nema meira en 30% af byggingarkostnaði.
4. Sjóðnum er heimilt að veita óafturkræf framlög til einkaaðila og opinberra aðila sem með starfsemi sinni stuðla að þróun íslenskra ferðamála.

Samþykktir stjórnar Ferðamálasjóðs um lán- og styrkveitingar skulu lagðar fyrir Ferðamálaráð til kynningar og umfjöllunar.

26. gr.

Tekjur Ferðamálasjóðs eru þessar:

1. Árlegt framlag úr ríkissjóði, eigi lægra en 12 millj. kr.
2. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

27. gr.

Ferðamálasjóði er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 60 millj. kr. lán eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

Fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast slíkt lán fyrir hönd ríkissjóðs.

28. gr.

Fela skal bankastofnun að annast umsjón Ferðamálasjóðs, vörslu hans, bókhald, innheimtu og útborganir.

29. gr.

Til engrar einstakrar framkvæmdar má á sama ári veita hærra lán en sem nemur ⅓ hluta þess fjármagns sem Ferðamálasjóður getur haft til umráða til útlána á árinu að lánsfé meðtöldu, nema sérstakar ástæður komi til.

30. gr.

Telji Ferðamálaráð að heimavistarbygging í þágu skóla, sem ríkissjóður kostar að einhverju leyti, henti til starfrækslu sumargistihúss getur það farið fram á að byggingarteikningum sé hagað svo að húsnæðið fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru til rekstrar gistihúss, enda sé Ferðamálaráð eða viðkomandi byggingaraðili reiðubúinn að bera ábyrgð á þeim viðbótarkostnaði sem af breytingunum leiðir. Jafnframt er heimilt í þessu skyni að veita Ferðamálaráði eða viðkomandi byggingaraðila lán úr ríkissjóði fyrir milligöngu Ferðamálasjóðs, allt að 4 millj. kr. árlega.

31. gr.

Lán úr Ferðamálasjóði skulu veitt til allt að 15 ára. Lán má veita afborgunarlaust fyrstu tvö árin.

Ráðherra ákveður vexti og önnur kjör þeirra lána er sjóðurinn veitir.

Lánin skulu tryggð með veði í fasteign eða á annan jafntryggan hátt og heimilt er að binda greiðslur afborgana og vaxta vísitölu byggingarkostnaðar.

Nú tekur Ferðamálasjóður erlent lán og skal það þá endurlánað með gengistryggingu.

32. gr.

Við afgreiðslu lána skal þess gætt að lánveiting valdi ekki óeðlilegri samkeppni við fyrirtæki sem starfandi eru fyrir.

33. gr.

Ferðamálasjóður er undanþeginn öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga, svo og stimpilgjöldum af lánsskjölum varðandi eigin lántökur sjóðsins, en ekki útlánsskjölum.

34. gr.

Reikningar Ferðamálasjóðs skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

35. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða að þeir aðilar, sem skipuleggja hópferðir um Ísland, skuli, samkvæmt nánari reglum sem settar yrðu þar að lútandi, kaupa tryggingu hjá viðurkenndu tryggingarfélagi vegna kostnaðar sem hljótast kynni af leit eða björgun farþega sem ferðast á þeirra vegum.

Enn fremur er ráðherra heimilt að ákveða að sömu aðilar skuli hafa í nánar tilteknum ferðum leiðsögumenn sem hlotið hafa sérstaka þjálfun til þess starfa samkvæmt frekari ákvæðum í reglugerð.

36. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að fenginni umsögn Ferðamálaráðs, að greitt skuli sanngjarnt gjald fyrir þjónustu sem veitt er á stöðum í umsjá ríkisins, enda sé fé það, sem þannig safnast, að frádregnum innheimtukostnaði, eingöngu notað til verndar, fegrunar og snyrtingar viðkomandi staðar og til að bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna.

Ákvæði þessi taka þó ekki til þjóðgarða eða annarra svæða á vegum Náttúruverndarráðs nema samþykki þess komi til.

37. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

Með brot gegn lögunum skal farið að hætti opinberra mála.

38. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1985.

Jafnframt falla úr gildi lög um skipulag ferðamála, nr. 60 31. maí 1976. Þó skal III. kafli þeirra laga um Ferðaskrifstofu ríkisins halda gildi sínu uns stofnfundur Ferðaskrifstofu ríkisins hf. hefur verið haldinn í samræmi við 11. gr. laga þessara.

Gjört í Reykjavík, 2. júlí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

Fylgiskjal VIII.

Lög um veitinga- og gististaði.
(Stjórnartíðindi A, nr. 67/1985.)

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

Lög þessi taka til sölu á gistingu, sölu veitinga annarra en áfengis og leigu á samkomusölum í atvinnuskyni.

Enginn má stunda rekstur skv. 2. mgr. nema hafa til þess leyfi.

2. gr.

Til þess að öðlast leyfi samkvæmt lögum þessum þarf umsækjandi að:

a. vera fjárráða,
b. hafa forræði á búi sínu,
c. vera heimilisfastur á Íslandi og hafa verið það síðustu ár.

Leyfi samkvæmt lögum þessum má veita félagi fullnægi ábyrgðarmaður þess ofangreindum skilyrðum.

Nafn á fyrirtæki og/eða atvinnustarfsemi skal falla að hljóðkerfi og beygingum í íslensku máli.

Ágreiningi, sem rísa kann út af nafni, má skjóta til nefndar þeirrar sem starfar samkvæmt lögum nr. 35/1953.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um menntun starfsfólks veitinga- og gististaða sem lög þessi taka til og binda leyfi skv. lögum þessum skilyrðum er að því lúta.

3. gr.

Lögreglustjóri veitir leyfi samkvæmt lögum þessum, að fenginni umsögn sveitarstjórnar, eldvarnaeftirlits, heilbrigðisnefndar og vinnueftirlits.

Leyfið er veitt til fjögurra ára í senn og skal þá endurnýjað. Leyfið skal vera bundið við stað og nafn og er ekki framseljanlegt.

Synja má leyfisumsókn geri sérstakar aðstæður starfsemina óæskilega. Umsækjanda skal tilkynnt slík ákvörðun skriflega og ástæður tilgreindar.

Synjun eða veitingu leyfis má skjóta til ráðuneytis.

4. gr.

Taki nýr aðili við rekstri sem leyfi þarf til skv. lögum þessum skal sótt um nýtt leyfi. Meðan umsókn er til afgreiðslu gildir fyrra leyfi.

5. gr.

Þrotabúi leyfishafa er heimilt að halda starfsemi áfram meðan á skiptum stendur.

6. gr.

Dánarbúi leyfishafa eða erfingjum er heimilt að halda starfsemi áfram í allt að eitt ár eftir andlát leyfishafa án nýs leyfis.

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að afturkalla leyfi er hann hefur veitt:

a. ef skilyrðum 2. gr. er ekki lengur fullnægt,
b. ef leyfishafi hefur verið dæmdur til refsingar fyrir brot gegn lögum þessum eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

Úrskurði lögreglustjóra um afturköllun leyfis má skjóta til ráðuneytis innan 14 daga frá uppkvaðningu og heldur leyfishafi rétti sínum óskertum þar til úrskurður ráðuneytis er fenginn. Kærufrestur telst frá þeim degi er leyfissvipting var tilkynnt leyfishafa skriflega.

8. gr.

Flokkun gististaða er sem hér segir:

a. Hótel.
   Gististaður þar sem gestamóttaka er opin allan sólarhringinn og morgunverður framreiddur. Fullbúin snyrting skal vera með hverju herbergi. Undanþágu má þó veita fyrir hluta herbergja. Þó skal alltaf vera handlaug í hverju herbergi og fullbúin snyrting nærliggjandi.
b. Gistiheimili.
   Gististaður með takmarkaða þjónustu. Handlaug skal vera í hverju herbergi og salerni nærliggjandi. Jafnframt skulu gestir eiga aðgang að fullbúinni baðaðstöðu.
c. Gistiskáli.
   Svefnpokagisting í herbergjum eða svefnskálum.
d. Gisting á einkaheimilum.
   Gisting á heimili leigusala.
   Gistileyfi veitir einnig rétt til veitingasölu samkvæmt ákvæðum þar um.

9. gr.

Flokkun veitingastaða er sem hér segir:

a. Veitingahús.
   Veitingastaður með fjölbreyttar veitingar í mat og drykk og fullkomna þjónustu.
b. Skemmtistaður.
   Veitingastaður með reglubundna skemmtistarfsemi, fjölbreyttar veitingar í mat og/eða drykk og fullkomna þjónustu.
c. Veitingastofa, greiðasala.
   Veitingastaður með fábreyttar veitingar í mat og/eða drykk og takmarkaða þjónustu.
d. Veisluþjónusta, veitingaverslun.
   Máltíðasala, ekki til neyslu á staðnum.
e. Einkasalir, félagsheimili og útisamkomur.
   Tækifærisveitingar á opinberum samkomum eða einkasamkomum. Leyfi bundin við einstök tækifæri.

10. gr.

Rekstraraðilar, er undir þessi lög falla, skulu veita stjórnvöldum upplýsingar skv. nánari fyrirmælum Hagstofu Íslands. Slíkar upplýsingar skulu einungis notaðar til könnunar og skipulagningar á ferðaþjónustunni almennt og/eða rekstri veitinga- og gistihúsa sérstaklega sem atvinnugreinar.

11. gr.

Lögreglustjóri heldur skrá yfir veitt leyfi skv. lögum þessum. Á skránni skal vera nafn leyfishafa, hvar starfsemin er rekin, hvenær leyfið var afhent, hvenær það gekk í gildi og annað það er ráðuneytið kann að ákveða.

12. gr.

Um eftirlit fer skv. lögum og reglugerðum um hollustuhætti og heilbrigðismál, eftirlit og aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og brunamál.

13. gr.

Gististað er heimilt að halda farangri gesta til tryggingar ógreiddum og ófrágengnum skuldum.

Sé skuld ekki gerð upp er heimilt að selja viðkomandi eigur til skuldalúkningar.

14. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um framkvæmd laga þessara eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku þeirra. Um gerð reglugerðarinnar skal hafa samráð við Samband veitinga- og gistihúsa og Hollustuvernd ríkisins.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum með heimild í þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 53/1963 og 2. gr. laga nr. 57/1982.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gistihúsa- og veitingaleyfi samkvæmt ákvæðum laga nr. 53 20. apríl 1963 skulu halda gildi sínu þann tíma sem þau kveða á um.

Gjört í Reykjavík, 28. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

Fylgiskjal IX.

Lög um skipulag ferðamála og reglugerðir tengdar þeim.

Lög um skipulag ferðamála, 79/1985, sbr. 59/1988.

Tilgangurinn er að stuðla að þróun ferðamála sem atvinnugreinar og skipulagningu ferðaþjónustu fyrir íslenskt og erlent ferðafólk sem mikilvægs þáttar í íslensku atvinnu- og félagslífi, bæði með hliðsjón af þjóðhagslegri hagkvæmni og umhverfisvernd.

Kveðið er á um skipan tuttugu og þriggja manna Ferðamálaráðs með fjölþættum verkefnum.

Ákvæði eru um Ferðaskrifstofu ríkisins og sagt að ríkisstjórnin skuli beita sér fyrir stofnun hlutafélags um Ferðaskrifstofu ríkisins, sem skuli annast fyrirgreiðslu og skipulagningu ferða fyrir íslenska og erlenda ferðamenn.

Ákvæði eru um almennar ferðaskrifstofur, þ.e. skilyrði til leyfis, upphæð tryggingafjár og brottfall leyfis.

Ákvæði eru um Ferðamálasjóð og er hlutverk hans að stuðla að þróun íslenskra ferðamála með lánum og styrkveitingum.

Þá var kveðið á um heimild ráðherra að ákveða að þeir sem skipuleggja hópferðir kaupi tryggingu vegna kostnaðar sem hljótast kann af leit eða björgun farþega og að sömu aðilar skuli hafa leiðsögumenn, sem hlotið hafa til þess sérstaka þjálfun.

Með lögum nr. 59/1988 er kveðið á um heimild fyrir ríkisstjórnina að beita sér fyrir stofnun hlutafélags er taki við rekstri Ferðaskrifstofu ríkisins og hvað ríkísstjórninni er heimilt að gera í þessu skyni.

Auglýsing um tryggingarfé ferðaskrifstofa, 23/1990.

Bankatrygging er nú 6 milljónir króna. Áður gilti auglýsing 567/1987 (4 m), 409/1985 (2,6 m), 47/1984 (1,7m), 573/1982 (800.000), 613/1980 (400.000), 372/1978 (15m) og 153/1965 (350.000), en lagaheimildin um tryggingarfé kom fyrst í lög nr. 29/1964 þegar einkaréttur Ferðaskrifstofu ríkisins var afnuminn.

Reglugerð um eftirlit með hópferðum erlendra aðila til Íslands í atvinnuskyni, 175/1983.

Þetta er fyrsta og eina reglugerðin sem sett hefur verið um þetta efni, en lagaheimildin kom fyrst í lög 60/1976.

Reglugerð um starfsmenntun leiðsögumanna ferðafólks, 130/1981.

Áður gilti reglugerð 80/1981 sem bar sama heiti og var hún fyrsta reglugerðin um þetta efni, en lagaheimildin kom fyrst í lög 60/1976.

Reglugerð um almennar ferðaskrifstofur, 266/1978.

Áður giltu reglur um tryggingarfé ferðaskrifstofa 153/1965, en það var árið 1964 sem fyrst var kveðið á um almennar ferðaskrifstofur í lögum þegar einkaréttur Ferðaskrifstofu ríkisins var afnuminn.

Reglugerð um Ferðamálasjóð, 265/1978.

Áður gilti reglugerð 272/1964, sem var sú fyrsta um Ferðamálasjóð, en kveðið var á um stofnun Ferðamálasjóðs með lögum nr. 29/1964.

Reglugerð um Ferðaskrifstofu ríkisins, eftirlit með gistihúsum og umboðsmenn erlendra ferðaskrifstofa, 30/1936.

Reglugerð þessi var sett samkvæmt lögum nr. 33/1936 og er formlega í gildi, en flest ákvæði hennar samrýmast ekki gildandi lögum.

Fylgiskjal X.

Ýmis laga- og reglugerðaákvæði sem tengjast ferðamálum og umhverfisvernd.

LÖG UM NÁTTÚRUVERND

13. gr.

Öllum er skylt að sýna varúð, svo að náttúru landsins sé ekki spillt að þarflausu. Spjöll á náttúru landsins, sem framin eru með ólögmætum hætti af ásetningi eða gáleysi, varða refsingu.

Náttúruverndarráð skal setja sérstakar reglur um akstur ökutækja og umgengni ferðamanna í óbyggðum, þar á meðal um merkingu bílaslóða. Er ráðinu skylt að banna allan óþarfa akstur utan vega og merktra slóða, þar sem náttúrspjöll geta af hlotizt. Það skal og gera tillögur til réttra aðila um gerð bílaslóða á öræfum landsins og merkingu þeirra eða setja bein fyrirmæli þar um.

Á víðavangi er bannað að fleygja frá sér eða skilja eftir rusl, sem er til hættu eða óprýði, svo og að bera rusl eða sorp í sjó, í fjörur eða á sjávarbakka, í ár eða á árbakka, í læki eða á lækjarbakka. Skylt skal að ganga frá áningarstað og tjaldstæði, er menn hafa tekið sér úti í náttúrunni, þannig að ekkert sé þar eftir skilið, sem lýti umhverfið.

Bannað er að safna rusli í hauga á almannafæri eða við alfaraleiðir. Skylt er að ganga svo frá sorphaugum, að hvorki fjúki úr þeim né fljóti. Hreinsa má rusl á kostnað þess, er sannur er að broti á þessu fyrirmæli.

16. gr.

Við samkomustaði úti í náttúrunni, skemmtisvæði, garðlönd almennings og aðra þvílíka staði, sem almenningi er ætlað að safnast á, skal jafnan komið fyrir nauðsynlegum hreinlætistækjum, áður en staðurinn er tekinn til afnota.

27. gr.

Til stuðnings við útivist almennings geta Náttúruverndarráð eða náttúruverndarnefndir gengist fyrir að halda opnum göngustígum, strandsvæðum til sjóbaða, vatnsbökkum og öðrum stígum og svæðum, sem ástæða er til að halda opnum til að greiða fyrir því, að almenningur fái notið náttúrunnar; enn fremur sett upp göngubrýr og girðingarstíga og afmarkað tjaldstæði og gert annað það, er þurfa þykir í þessu skyni.

Framkvæmdir samkvæmt þessari grein skulu einungis gerðar með samþykki landeiganda.

LÖG UM SKIPULAG FERÐAMÁLA

7. gr.

9. Samstarf við Náttúruverndarráð og aðra hlutaðeigandi aðila um að umhverfi, náttúru- og menningarverðmæti spillist ekki af starfsemi þeirri sem lög þessi taka til.

10. Frumkvæði að fegrun umhverfis og góðri umgengni á viðkomu- og dvalarstöðum ferðafólks. Samstarf við einkaaðila og opinbera aðila um snyrtilega umgengni lands í byggðum sem óbyggðum.

SKIPULAGSLÖG

II. KAFLI

Um skipulagsskyldu og eftirlit með framkvæmd hennar.

4. gr.

Öll sveitarfélög eru skipulagsskyld. Allar byggingar ofan jarðar og neðan og önnur mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins, aðrar en byggingar á lögbýlum, skulu byggð í samræmi við áður gerðan skipulagsuppdrátt, sem samþykktur hefur verið af hlutaðeigandi sveitarstjórn og skipulagsstjórn ríkisins.

SKIPULAGSREGLUGERÐ

Svæðisskipulag.

2.3.4.2. Útivistarsvæði og önnur opin svæði.

Meta skal þörf á íþróttasvæðum, tjaldsvæðum og öðrum svæðum sem eru talin hafa útivistargildi á einn eða annan hátt, og þau auðkennd á uppdrætti.

BYGGINGARREGLUGERÐ

6.10.8. Hjólhýsi og tjaldvagnar.

Ekki mega hjólhýsi eða tjaldvagnar standa lengur á sömu lóð en einn mánuð án sérstaks leyfis byggingarnefndar. Byggingarnefnd getur sett reglur um stöðuleyfi hjólhýsa, m.a. varðandi vatn, frárennsli og sorphirðingu, en að öðru leyti skal gætt ákvæða reglugerðar nr. 140/1974 um tjald- og hjólhýsasvæði.

6.10.10. Almenn tjaldstæði.

Sveitarstjórn getur heimilað, að komið sé á fót almennum tjaldstæðum fyrir tjöld, tjaldvagna og hjólhýsi þar, sem ákveðið er í skipulagi, enda séu uppfylltar lágmarkskröfur um hreinlætisaðbúnað, brunavarnir og frárennsli, sbr. reglugerð nr. 140/1974. Sveitarstjórn getur sett nánari reglur um slík svæði og notkun þeirra. Þar sem Náttúruverndarráð kemur á fót almennum tjaldstæðum fyrir tjöld og hjólhýsi getur sveitarstjórn heimilað því að setja nánari reglur um notkun svæðisins, enda fari Náttúruverndarráð með stjórn slíkra svæða í samráði við sveitarstjórn og heilbrigðiseftirlit.

LÖG UM HOLLUSTUHÆTTI OG HEILBRIGÐISEFTIRLIT

2. gr.

2.1. Til þess að stuðla sem best að framkvæmd laga þessara setur ráðherra heilbrigðisreglugerð eða reglugerðir um atriði, þar með talið eftirlit, sem sérlög ná ekki yfir, og gilda þær fyrir allt landið, lofthelgi og landhelgi.

2.2. Í heilbrigðisreglugerð skulu vera almenn ákvæði um:

1. Hreinlæti og þrifnað utan húss.
2. Neysluvatn, vatnsból, vatnsveitur og baðvatn.
3. Salerni og frárennsli.
4. Meðferð og eyðingu sorps og annars úrgangs.
5. Meindýr og eyðingu þeirra svo og ónytjadýr, vargfugla og aflífun þeirra.
6. Íbúðarhúsnæði.
7. Gistihús, matsöluhús og aðra veitingastaði.
8. Matvæli og aðrar neyslu- og nauðsynjavörur svo og húsakynni, tæki og allt er snertir matvælaframleiðslu og matvælaiðnað, þar með talin notkun aukefna í matvæli, matvörugeymslur og matvæladreifing, sbr. og reglugerð nr. 250/1976 ásamt síðari breytingum.

REGLUGERÐARÁKVÆÐI

6.1.2. Forráðamenn verslana, bensín- og olíustöðva, söluturna, samkomustaða, orlofsbúða, tjaldstæða o.s.frv., skulu í samráði við heilbrigðisnefnd koma fyrir nægilegum fjölda ruslabiða og sjá um viðhald og tæmingu þeirra. Forráðamenn skulu einnig sjá um nauðsynlega hreinsun nálægs umhverfis.

6.1.3. Sveitarstjórn svo og yfirvöld fólkvanga og þjóðgarða skulu í samráði við heilbrigðisnefnd setja upp ruslabiður á ferðamannastöðum og öðrum stöðum, þar sem reikna má með mannsöfnuði, og sjá um viðhald og tæmingu þeirra, svo fremi þetta sé ekki öðrum falið, sbr. 6.1.2.

6.1.4. Sveitarstjórn skal sjá um tæmingu sorpíláta og brottflutning sorpsins. Sveitarstjórn getur, að höfðu samráði við heilbrigðisnefnd, ákveðið flokkun á sorpi jafnt á heimilum, vinnustöðum o.þ.l. og á losunarstað.

Fylgiskjal XI.

Viðmælendur ferðamálanefndar samgönguráðuneytisins.

Nafn	Stofnun/Félag/Fyrirtæki
Alda Andrésdóttir	Form. ferðamálanefndar Hveragerðis
Arngeir Lúðvíksson	Arnarflug hf.
Arnþór Ingólfsson	Lögreglan í Reykjavík
Ágúst Guðmundsson	Landmælingar Íslands
Ágúst Hafberg	Ferðamálasjóður
Árni Stefánsson	Ferðamálasamtök Austurlands/Ferðamálaráð
Ásgerður Ingimarsdóttir	Öryrkjabandalagið
Áskell Jónsson	Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna
Áslaug J. Marinósdóttir	Félag leiðsögumanna
Beat Iseli	Sviss
Birgir B. Sigurjónsson	Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna
Birna G. Bjarnleifsdóttir	Leiðsöguskólinn
Bjarni I. Árnason	Samband veitinga- og gistihúsa
Bjarni Einarsson	Byggðastofnun
Björn S. Lárusson	Ferðamálasamtök Suðurlands
Björn Pálsson	Ferðamálanefnd Hveragerðis
Bragi Einarsson	Eden Hveragerði
Bryndís Brynjólfsdóttir	Form. ferðamálanefndar Selfoss
Bryndís Schram	Líf og Land
Clive Stacy	Bretland
Christian Kneissl	Austurríki
Dieter-Wendler Jóhannsson	Landkynningarskrifstofa í Frankfurt, Þýskalandi
Einar Egilsson	Samband íslenskra náttúruverndarfélaga/Útivist
Einar Gunnarsson	Landssamband flugbjörgunarsveita
Einar Gústavsson	Flugleiðir hf.
Einar Hannesson	Landssamband veiðifélaga
Eiríkur Eyvindsson	Félag eigenda sumardvalarsvæða
Elín Erlingsdóttir	Arnarflug innan lands hf.
Erna Hauksdóttir	Samband veitinga- og gistihúsa
Erna Þórarinsdóttir	Hótelstjóri Laugarvatni
Fanney Gísladóttir	Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins
Gerard Alant	Frakkland
Gerður G. Óskarsdóttir	Ráðgjafi menntamálaráðherra
Guðjón Petersen	Almannavarnir ríkisins
Guðmundur Axelsson	Hótel- og veitingaskólinn
Guðmundur Gunnarsson	Ferðafélag Akureyrar
Guðmundur Malmquist	Byggðastofnun
Gunnar H. Guðjónsson	Félag íslenskra atvinnuflugmanna
Gunnar Sveinsson	Félag sérleyfishafa
Hafsteinn Hafsteinsson	Verslunarmannafélag Reykjavíkur
Halldór Bjarnason	Ferðaskrifstofa Úlfars Jacobsen
Hallgrímur Hallgrímsson	Bandalag starfsmanna ríkis og bæja
Hannes Þ. Hafstein	Slysavarnafélag Íslands
Hálfdán Henrýsson	Slysavarnafélag Íslands

Nafn	Stofnun/Félag/Fyrirtæki
Heiðar Ragnarsson	Hótelstjóri Selfossi
Heimir Steinsson	Þjóðgarður, Þingvöllum/Þingvallanefnd
Helgi Jóhannesson	Samgönguráðuneyti
Herbert Guðmundsson	Verslunarráð Íslands
Herdís Þorvaldsdóttir	Líf og Land
Hilmar Baldursson	Bæjarstjóri Hveragerði
Hjalti Zophaníasson	Dómsmálaráðuneyti
Hjörtur Eiríksson	Vinnumálasamband samvinnufélaga
Hólmfríður Gísladóttir	Hótelstjóri Laugarvatni
Hrafnhildur Stefánsdóttir	Vinnuveitendasamband Íslands
Hulda Jónsdóttir	Bandalag íslenskra farfugla
Hörður Lárusson	Menntamálaráðuneyti
Ingjaldur Hannibalsson	Útflutningsráð
Ingólfur Hjartarson	Félag íslenskra ferðaskrifstofa
Ingólfur Ingólfsson	Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra
Ingvar Valdimarsson	Landssamband flugbjörgunarsveita
Jens R. Ingólfsson	Flugskóli Helga Jónssonar
Jóhann Jóhannsson	Útlendingaeftirlitið
Jóhann Þórsson	Landvarðafélag Íslands
Jóhanna Leópoldsdóttir	Ferðamálasjóður
Jóhannes Sigmundsson	Ferðamálasamtök Suðurlands
Jón Leví Hilmarsson	Hafnamálastofnun
Jón Birgir Jónsson	Vegagerð ríkisins
Jón Ragnarsson	Hótelstjóri Hveragerði
Jón Sveinsson	Hótel- og veitingaskólinn
Jóna Gróa Sigurðardóttir	Ferðamálasamtök höfðuðborgarsvæðisins
Jónas Hallgrímsson	Austfar hf.
Jörundur Guðmundsson	Arnarflug innan lands hf.
Karl Sigurhjartarson	Félag íslenskra ferðaskrifstofa/Ferðamálaráð
Kjartan Lárusson	Ferðaskrifstofa Íslands
Kristín Halldórsdóttir	Ferðamálaráð
Kristján Egilsson	Félag íslenskra atvinnuflugmanna
Loftur Þorsteinsson	Oddviti Flúðum
Magnús B. Baldursson	Landmælingar Íslands
Magnús Einarsson	Lögreglan í Reykjavík
Már Sigurðsson	Hótelstjóri Geysi
Norbert Schehle	Þýskaland
Ólafur W. Stefánsson	Dómsmálaráðuneyti
Ólafur Tómasson	Póst- og símamálastofnun
Ólöf Ríkharðsdóttir	Öryrkjabandalagið
Ómar Benediktsson	Þýskaland
Páll Pálsson	Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins
Páll Richardsson	Ferðaþjónusta bænda/Ferðamálaráð
Pétur Bjarnason	Ferðamálasamtök Vestfjarða
Pétur J. Eiríksson	Flugleiðir hf./Útflutningsráð
Pétur Hannesson	Félag eigenda sumardvalarsvæða
Rolf Marona	Þýskaland
Runólfur Þórarinsson	Geysisnefnd

Sigfús Erlingsson	Flugleiðir hf. Bandaríkjunum
Sigríður Pétursdóttir	Neytendasamtökin
Sigrún Aspelund	Bandalag starfsmanna ríkis og bæja
Sigurjón Hannesson	Ferðafélag Fljótsdalshéraðs
Sigurður Blöndal	Skógrækt ríkisins
Sigurður Einarsson	Félag starfsfólks í veitinga- og gistihúsum
Sigurður Guðmundsson	Félag starfsfólks í veitinga- og gistihúsum
Sigurður Thoroddsen	Skipulag ríkisins
Sigurður Þráinsson	Náttúruverndarráð
Símon Pálsson	Flugleiðir hf. Noregi
Skarphéðinn Eyþórsson	Félag hópferðaleyfishafa
Snorri Tómasson	Ferðamálasjóður
Sólveig Jónsdóttir	Landvarðafélag Íslands
Stefán H. Sigfússon	Landgræðsla ríkisins
Steindór Guðmundsson	Ferðafélag Austur-Skaftfellinga
Steingrímur J. Sigfússon	Samgönguráðherra
Steinn Logi Björnsson	Flugleiðir hf. Þýskalandi
Steinn Lárusson	Flugleiðir hf. Bretlandi
Sturla Þórðarson	Lögreglan í Reykjavík
Svavar B. Pálsson	Landmælingar Íslands
Tryggvi Friðjónsson	Sjálfsbjörg
Tryggvi Friðriksson	Landssamband hjálparsveita skáta
Wilhelm Wessman	Samband veitinga- og gistihúsa
Þorgeir K. Þorgeirsson	Póst- og símamálastofnun
Þorleifur Þór Jónsson	Ferðamálasamtök Norðurlands
Þórir Þorgeirsson	Oddviti Laugarvatni
Þóroddur F. Þóroddsson	Náttúruverndarráð
Þórunn Lárusdóttir	Ferðafélag Íslands/Landvernd

Fylgiskjal XII.

SKÝRSLUR OG HEIMILDARRIT VARÐANDI FERÐAMÁL

	Heiti	Útgefandi og ár:
1.	Ársskýrslur Ferðamálaráðs	
2.	Fundargerðir frá ferðamálastefnum Ferðamálaráðs	
3.	Ferðamálafélag Reykjavíkur, FERÐAMÁL Á ÍSLANDI	Georges Lebrec 1968
4.	A Forecast for Tourist Development in Reykjavík up to 1980	Ferðamálaráð 1969
5.	Ferðamálakönnunin 1972–1976	Samgönguráðuneytið 1976
6.	Könnun Ferðamálaráðs	Hagvangur 1978
7.	Skýrsla um útsendingu bréfa, send aðilum í ferðamannaþjónustu og svör sem bárust	Ferðamálaráð 1979
8.	Skýrsla um hvernig auka megi ferðalög Íslendinga innan lands	Ferðamálaráð 1980
9.	Ferðir Íslendinga um Ísland	Hringborðsumræður 1981
10.	Kapacitetsudnyttelsen ved turistanlæggene í Norden	Nordisk Turistråd 1983
11.	Ferðamál á Íslandi	Samgönguráðuneytið 1983
12.	De nordiska länderna som semestermål för holländska turister	Nordisk Turistråd 1983
13.	De nordiska länderna som semestermål för engelska turister	Nordisk Turistråd 1983
14.	Island som international konferencedestination, Scandinavian Consulting Group	Ferðamálaráð 1983
15.	Skýrsla um veiðimál	Ferðamálaráð 1983
16.	Nordisk Markedsrapport	Nordisk Turistråd 1984
17.	Úttekt á ferðaþjónustu í Vesturlandskjördæmi	Óli J. Ólason 1984
18.	Ferðavenjur Íslendinga í eigin landi	Hagvangur 1985, Ferðamálaráð 1985
19.	Ferðamálafélag Mývatnssveitar, könnun	Nordisk Turistråd 1985
20.	Kapacitetsudnyttelsen ved turistanlæggene í Norden	
21.	Könnun meðal erlendra fjölmiðlamanna er sóttu leiðtogafundinn	Talnakönnun 1986
22.	Könnun á ferðavenjum útlendinga á Íslandi	Björn S. Lárusson 1988
23.	L'Islande et le turisme	Université J. Fourier 1989
24.	Skýrsla um ferðaþjónustu í Vestfjarðakjördæmi	Sigurborg Kr. Hannesdóttir 1989
25.	Ferðaþjónusta á Austurlandi – Horft til framtíðar	Peter Anderson 1990

Sþ. 935. Fyrirspurn [538. mál]

til samgönguráðherra um viðhald á íslenskum flugvélum.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

1. Hversu mikill hluti viðhalds og viðgerða á íslenskum flugvélum og varahlutum í þær fer fram hér á landi?
2. Hafa flugmálayfirvöld einhver áform um að auka þann hlut til þess að tryggja íslenskum flugvirkjum atvinnu hér á landi?
3. Eru einhver vandkvæði á því að slíkt viðhald fari að mestu eða öllu leyti fram hér á landi?

Sþ. 936. Fyrirspurn [539. mál]

til fjármálaráðherra um reglugerð nr. 390/1989 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, einkasölugjald o.fl.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur.

Eru uppi áform um að breyta reglugerð nr. 390/1989 í því skyni að takmarka frekar magn matvæla sem ferðamönnum, sem búsettir eru erlendis, er heimilt að flytja til landsins? Ef svo er, hvenær má vænta þess að ný reglugerð öðlist gildi?

Sþ. 937. Tillaga til þingsályktunar [540. mál]

um breytingar á sakaskrá.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að undirbúa breytingar á reglum um sakaskrá þannig að framvegis verði brot felld brott úr sakaskrá þegar þau hafa ekki lengur ítrekunaráhrif. Verkinu verði lokið fyrir þingbyrjun haustið 1990.

Greinargerð.

Brot manna og dómar eru færðir á svokallaða sakaskrá og sakavottorð gefin út með hliðsjón af henni þegar þörf krefur. Þannig eru oft gamlir dómar árum og áratugum saman á sakaskrá fólks þó að svokölluð ítrekunaráhrif gildi ekki lengur, þ.e. að dómarnir hafi ekki lengur áhrif á þyngd næstu dóma. Ítrekunaráhrifin fyrnast á fimm árum.

Þess vegna er lagt til að dómar falli út af sakaskrá fólks eftir fimm ár eða þegar ítrekunaráhrif dóma fyrnast.

Nd. 938. Frumvarp til laga [541. mál]

um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson.

1. gr.

3. mgr. 34. gr. laganna orðast svo:

Við innheimtu virðisaukaskatts skv. 1. mgr. skal veittur greiðslufrestur og gilda um hann sambærileg ákvæði og í 109. gr. tollalaga, nr. 55/1987, um greiðslufrest aðflutningsgjalda af innfluttum vörum. Eigi skal þó krefjast bankaábyrgðar fyrir greiðslum en tollyfirvöldum er heimilt að stofna sérstakan ábyrgðasjóð til tryggingar greiðslum með ábyrgðargjaldi allt að 0,10% af heildarupphæð. Gjalddagi virðisaukaskatts af innflutningi skal eigi vera fyrr en í lok næsta mánaðar eftir innflutningsmánuð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 34. gr. laganna er kveðið á um heimild fjármálaráðherra til þess að veita greiðslufrest á virðisaukaskatti í tolli. Hvergi í helstu viðskiptalöndum okkar tíðkast að krefja innflytjendur

um staðgreiðslu á virðisaukaskatti í tolli. Greiðslufrestur er almennt veittur og í frumvarpi þessu er lagt til að ákvæði um greiðslufrest verði hliðstæð því sem tíðkast í Danmörku.

Í þriðju umræðu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt í neðri deild nú fyrir áramótin sagði fjármálaráðherra:

„Í öðru lagi vil ég ítreka það sem ég lét koma fram hér áður að ég hef undanfarið átt í viðræðum við hagsmunaaðila um upptöku virðisaukaskatts. Og eins og fram kom í máli mínu hér áðan hafa m.a. aðilar vinnumarkaðarins í þeim viðræðum lagt mikla áherslu á að ríkisstjórnin beiti áhrifum sínum til að stemma stigu við verðhækkunum við upptöku virðisaukaskatts. Í kjölfar þessara viðræðna tel ég nauðsynlegt að undirbúa ákvörðun eins og ég gat um áðan að greiðslufrestur verði veittur við innflutning á vörum þannig að hindrað verði að upptaka virðisaukaskatts verði tilefni til almennra verðhækkana nú um áramótin."

Í kjölfar þessarar yfirlýsingar fjármálaráðherra var svo 29. desember 1989 gefin út reglugerð um greiðslufrest á virðisaukaskatti í tolli.

Í lok reglugerðarinnar segir:

„Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 1. gr. skal veita greiðslufrest á virðisaukaskatti af öllum innfluttum vörum til 31. ágúst 1990. Uppgjörstímabil og gjalddagar til 30. apríl 1990 skulu vera hinir sömu og um ræðir í 4. gr. Uppgjörstímabil frá 1. maí til 31. ágúst 1990 vegna virðisaukaskatts af öðrum vörum en þeim, sem um ræðir í viðauka við reglugerð þessa og um skulu gilda ákvæði 4. gr., skal vera einn mánuður og gjalddagi 15. dagur næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Að öðru leyti gilda um framkvæmd greiðslufrests á virðisaukaskatti samkvæmt þessari málsgrein ákvæði reglugerðar þessarar eftir því sem við geta átt."

Því er augljóst því að yfirlýsing fjármálaráðherra gildir aðeins til 31. ágúst 1990 og 30. apríl 1990.

Enn fremur er ljóst að staðgreiðsla virðisaukaskatts í tolli veldur hækkun vöruverðs enda kallar hún á mikla fjárbindingu í atvinnulífinu. Staðgreiðsla virðisaukaskatts í innflutningi mun valda hækkun allra lagerbirgða í landinu. Hér er um að ræða nokkurs konar fyrirframgreiðslu á neysluskatti því að innflytjandinn fær yfirleitt ekki endurgreiddan útlagðan kostnað fyrr en að nokkrum mánuðum liðnum.

Útreikningar Verslunarráðs Íslands og Félags íslenskra stórkaupmanna benda til að kostnaðaraukning innflytjenda yrði á bilinu 1–2%, en því til viðbótar yrði óbein kostnaðaraukning vegna óhagkvæmra og fyrirhafnarmeiri viðskipta. Sendingar verða minni, þar af leiðandi flutningsgjöld hærri og vinna við að snúast við vörurnar hlutfallslega meiri.

Þau rök hafa komið fram að í lagi sé að krefjast staðgreiðslu á virðisaukaskatti í tolli vegna þess að greiðslustaða innflytjenda batni með lengra uppgjörstímabili miðað við söluskattskerfið. Athugun á þessu leiðir í ljós að lengra uppgjörstímabil, tveir mánuðir í virðisaukaskatti samanborið við einn mánuð í söluskatti, losar fjármagn sem nemur um 1,4% af veltu. Staðgreiðsla á virðisaukaskatti í tolli bindur hins vegar fjármagn sem nemur frá 2,2% af veltu miðað við 45 daga meðalgjaldfrest upp í 5,5% af veltu miðað við 90 daga gjaldfrest sem er talsvert algengur í viðskiptum heildsala og smásala.

Óhagræðið er því augljóst. Fjármagnskostnaðurinn af þessari auknu fjárbindingu veldur kostnaðaraukningu sem nemur allt að 0,8% af veltu eða rúmlega 1% ofan á álagningarstofn innflytjenda. Kostnaðarauki af óhagkvæmari viðskiptum getur numið um 1% að auki þannig að verðhækkanir vegna staðgreiðslu virðisaukaskatts í tolli geta nálgast 2%.

Sérstök könnun hefur verið gerð á því hversu mikið álagningarprósenta tveggja stórra innflytjenda þyrfti að hækka við staðgreiðslu virðisaukaskatts í tolli. Í öðru tilvikinu þyrfti álagning að hækka um eitt prósentustig, í hinu eitt og hálft. Afar mikilvægt er að stofna ekki til slíkra verðhækkana nú þegar allt kapp er lagt á að ná verðbólgu niður í eins stafs tölu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tollyfirvöld geti haldið eigin ábyrgðasjóð til þess að grípa til við vanskil á skatti. Enn fremur er miðað við að almennt verði greiðslufrestur til loka næsta mánaðar eftir innflutningsmánuð.

Upptaka virðisaukaskatts er að hluta aðlögun að aðstæðum innan Evrópubandalagsins. Mikilvægt er með tilliti til þróunar verðbólgu, áhrifa á lánsfjármarkað og samkeppnisaðstöðu íslenskra fyrirtækja í harðnandi samkeppni að veita greiðslufrest á virðisaukaskatti í tolli. Þannig yrði svipað fyrirkomulag hér og í öllum helstu viðskiptalöndum okkar.

Ed. 939. Frumvarp til laga [542. mál]

um starfsemi lífeyrissjóða.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

I. KAFLI
Gildissvið o.fl.

1. gr.

Lög þessi gilda um alla lífeyrissjóði, þar á meðal um lögboðna lífeyrissjóði.

Í lögum þessum merkir lífeyrissjóður hvers konar félag eða stofnun sem ætlað er að greiða mönnum lífeyri vegna elli, örorku eða andláts, enda sé ekki um að ræða vátryggingarstarfsemi á viðskiptagrundvelli samkvæmt lögum nr. 50/1978. Verði ágreiningur um hvort starfsemi falli undir ákvæði laga þessara skal ráðherra tryggingamála skera úr að fenginni umsögn lífeyrissjóðaeftirlitsins skv. VII. kafla þessara laga.

Lífeyrissjóðir samkvæmt lögum þessum eru tvenns konar, skyldusjóðir og frjálsir sjóðir. Skyldusjóðir eru sjóðir sem uppfylla öll skilyrði er sett eru í lögum þessum til viðtöku iðgjalda svo að fullnægt sé iðgjaldsgreiðsluskyldu samkvæmt II. kafla þessara laga. Aðrir lífeyrissjóðir nefnast frjálsir sjóðir. Ákvæði laga þessara gilda bæði um skyldusjóði og frjálsa sjóði, nema annað sé tekið fram.

2. gr.

Lög þessi gilda ekki um Tryggingastofnun ríkisins eða sjúkrasamlög, sbr. lög um almannatryggingar, né um framkvæmd laga um eftirlaun til aldraðra. Þá gilda lögin ekki um sjúkrasjóði einstakra atvinnustétta, starfshópa eða fyrirtækja.

3. gr.

Þeim aðilum einum er heimilt að reka lífeyrissjóði sem til þess hafa fengið starfsleyfi skv. VII. og VIII. kafla þessara laga. Aðra starfsemi má ekki kenna við lífeyrissjóði.

4. gr.

Lífeyrissjóður skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til þess að ná þeim tilgangi er um ræðir í 2. mgr. 1. gr., og eigi er honum heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi.

5. gr.

Lífeyrissjóður ábyrgist skuldbindingar sínar með eignum sínum. Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

II. KAFLI
Skyldutrygging lífeyrisréttinda.
Iðgjöld til lífeyrissjóða.

6. gr.

Öllum launamönnum og þeim, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi á aldrinum frá og með 16 ára til og með 74 ára, er rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps, enda teljist sjóðurinn skyldusjóður í merkingu þessara laga og starfi skv. lögum þessum og reglugerð, sem staðfest hefur verið af lífeyrissjóðaeftirlitinu skv. VII. kafla þessara laga. Aðild að lífeyrissjóði öðlast menn með greiðslu iðgjalds til sjóðs, eins og nánar er mælt fyrir í lögum þessum.

7. gr.

Tryggingarskylda skal innt af hendi með þátttöku í lífeyrissjóðum skv. 6. gr. og samkvæmt reglum einstakra sjóða og/eða kjarasamninga um sjóðsaðild. Eigi maður ekki sjálfsagða aðild að sjóði skv. 6. gr. velur hann sér lífeyrissjóð eftir því sem reglur einstakra sjóða leyfa. Sé tryggingarskyldu ekki fullnægt með þessum hætti skal henni fullnægt með iðgjaldsgreiðslum til lífeyrissjóðs, er lífeyrissjóðaeftirlitið vísar til, og með samkomulagi við viðkomandi lífeyrissjóð. Verði ágreiningur um það, til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skuli greidd, úrskurðar lífeyrissjóðaeftirlitið um hann og er það fullnaðarúrskurður.

8. gr.

Iðgjöld til skyldusjóða skulu reiknuð af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu og af heildarfjárhæð reiknaðs endurgjalds vegna vinnu við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, að frádregnum verkfæra- og hljóðfærakostnaði vegna atvinnu. Iðgjöld reiknast ekki af lífeyrisgreiðslum, eftirlaunum, af launum greiddum í hlunnindum, né heldur af ökutækjastyrk, dagpeningum, ferðapeningum eða risnufé.

Sé iðgjald miðað við reiknuð laun eða endurgjald fyrir störf við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal stofn iðgjaldsins fyrir hvert greiðslutímabil ákvarðaður sem reiknað endurgjald á næstliðnu ári, samkvæmt skattframtali eða ákvörðun skattstjóra, uppfært til þess tímabils sem greiðslan tekur til. Lífeyrissjóðaeftirlitið ákveður og birtir uppfærslustuðul í þessu skyni með hliðsjón af almennum launabreytingum. Þó skal stofn endanlegs iðgjalds, sbr. 9. gr., sem miðast við reiknuð laun eða endurgjald samkvæmt framansögðu, aldrei vera lægri fjárhæð fyrir hvert tekjuár en þær viðmiðunartekjur í viðkomandi atvinnugrein sem ákveðnar eru árlega af ríkisskattstjóra vegna sama tekjuárs.

9. gr.

Iðgjöld til skyldusjóða skulu að lágmarki nema 10% af iðgjaldsstofni skv. 8. gr. Um skiptingu iðgjalda fer eftir reglum einstakra sjóða í samræmi við ákvæði kjarasamninga.

Atvinnurekendum er skylt að halda eftir af launum starfsfólks iðgjaldshluta þess og standa viðkomandi lífeyrissjóði skil á honum, ásamt mótframlagi sínu, samkvæmt þeim reglum, sem settar eru um iðgjaldsgreiðslur í reglugerð viðkomandi sjóðs, kjarasamningum eða lögum þessum.

Launagreiðendum og sjálfstæðum atvinnurekendum ber að tilkynna hlutaðeigandi lífeyrissjóði ef þeim ber ekki lengur að standa skil á iðgjöldum til sjóðsins sökum þess að þeir hafi hætt starfsemi eða starfsmenn þeirra, sem greitt hafa iðgjöld til sjóðsins, hafi látið af störfum.

Endanlegur útreikningur iðgjalds til lífeyrissjóðs fyrir hvert almanaksár skal byggður á launaframtölum launagreiðenda og á skattframtali því sem tekur til tekna þess árs. Hver framteljandi skal gera þennan útreikning sérstaklega á skattframtali. Reynist endanlegt iðgjald hærra en það iðgjald, sem greitt var á árinu, skal það sem á vantar innheimt. Ríkisskattstjóri skal árlega láta lífeyrissjóðaeftirlitinu í té skrá yfir vanreiknuð iðgjöld einstakra framteljenda svo og yfir þá launagreiðendur og lífeyrissjóði, sem í hlut eiga, eftir því sem unnt er. Lífeyrissjóðaeftirlitið gerir síðan viðkomandi lífeyrissjóðum grein fyrir vangoldnum iðgjöldum og skulu sjóðirnir þá innheimta þau hjá hlutaðeigandi launagreiðendum og einstaklingum, sem hafa með höndum eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Heimilt er að kveða nánar á um framkvæmd þessa í reglugerð, þar á meðal um skil launagreiðenda samhliða launaframtölum á sérstökum yfirlitum um innheimtur og greiðslur iðgjalda til lífeyrissjóða.

10. gr.

Verði vanskil á greiðslu iðgjalda samkvæmt 9. gr. laga þessara skulu vangoldin iðgjöld innheimt með dráttarvöxtum skv. lögum nr. 25/1987.

Iðgjaldskröfur samkvæmt 9. gr. laga þessara njóta forgangsréttar í þrotabúi atvinnurekanda samkvæmt 1. og 4. tölul. 84. gr. laga nr. 3, 12. apríl 1878, sbr. 1 gr. laga nr. 23, 21. maí 1979.

11. gr.

Lífeyrissjóðum er ekki heimilt að endurgreiða sjóðfélögum iðgjöld þeirra. Þó skal í reglugerð kveðið á um heimild til endurgreiðslna til erlendra ríkisborgara, sem flytja af landi brott eftir tímabundna dvöl, svo og á þeim hluta iðgjalda, sem kann að fara fram úr því, sem skylt er að greiða samkvæmt lögum eða kjarasamningum. Ennfremur er heimilt að færa iðgjöld og þar með réttindi, sem þeim fylgja, milli lífeyrissjóða, sbr. 18. gr.

III. KAFLI

Lífeyrisréttindi.

12. gr.

Með iðgjaldsgreiðslum sínum ávinnur hver sjóðfélagi sér rétt til ellilífeyris, örorkulífeyris, makalífeyris og barnalífeyris eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum og reglugerðum einstakra sjóða. Skyldusjóðum er skylt að hafa í reglugerðum sínum ákvæði um rétt til ofangreindra lífeyrisréttinda.

Réttur til lífeyris samkvæmt lögum þessum reiknast frá þeim tíma, sem iðgjald berst lífeyrissjóði. Iðgjöld launþega, sem launagreiðandi hefur sannanlega innheimt en ekki staðið lífeyrissjóði skil á, svo og mótframlag hans, skal samt sem áður meta að fullu til réttinda frá gjalddaga iðgjaldsgreiðslu, enda hafi sjóðnum borist vitneskja um iðgjaldsgreiðsluskyldu innan 9 mánaða frá gjalddaga. Nánar skal kveða á um þetta í reglugerð.

13. gr.

Skyldusjóður skal veita ellilífeyri frá 70 ára aldri sjóðfélaga og til æviloka. Skyldusjóði er jafnframt skylt að gefa sjóðfélögum kost á að seinka töku lífeyris til 75 ára aldurs, eða að hefja töku ellilífeyris frá 65 ára aldri eins og nánar er kveðið á um í 3. mgr. þessarar greinar. Einnig skal heimilt að kveða á um í reglugerð, að við sérstakar aðstæður megi hefja töku ellilífeyris við 60 ára aldur.

Árlegur ellilífeyrir sjóðfélaga, sem byrjar að taka lífeyri er hann nær sjötugu, skal fyrir hvert iðgjaldsgreiðsluár vera 1,45% af uppfærðum iðgjaldsstofni skv. 8. gr. Uppfærsla lífeyrisréttinda skal miðast við lánskjaravísitölu, sem Seðlabanki Íslands reiknar. Uppfærsl-

an skal gerð með þeim hætti að í lok hvers árs skal færa á sérstakan reikning sjóðfélagans þau lífeyrisréttindi, sem hann hefur áunnið sér yfir árið. Þau réttindi skulu færð upp til verðlags skv. lánskjaravísitölu í lok ársins frá óveginni meðalvísitölu á því tímabili, sem sjóðfélaginn greiddi iðgjöld á árinu. Jafnframt skal færa upp til árslokavísitölu þau lífeyrisréttindi, sem sjóðfélaginn hafði áunnið sér í lok næstliðins árs. Er sjóðfélagi byrjar að taka lífeyri skal færa lífeyrisréttindi hans til þeirrar lánskjaravísitölu er þá gildir. Lífeyrir skal síðan breytast mánaðarlega í réttu hlutfalli við breytingar lánskjaravísitölu.

Sé töku ellilífeyris flýtt skal það hafa í för með sér skerðingu réttinda en aukningu ef lífeyristöku er frestað. Skal þá farið eftir reglum, sem lífeyrissjóðaeftirlitið setur og miðaðar skulu við að flýtingin eða frestunin hafi yfirleitt ekki í för með sér útgjaldabreytingu. Réttindi sem ávinnast eftir að sjóðfélagi hefur hafið töku lífeyris, skulu jafnframt skert eftir reglum sem lífeyrissjóðaeftirlitið setur. Nánar skal kveðið á um framkvæmd þessarar málsgreinar í reglugerð.

Sjóðfélagi, sem heldur áfram að fá iðgjaldsskyld laun og greiða iðgjald til lífeyrissjóðs eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris, á rétt á að fá ellilífeyrisréttindi sín endurmetin á fimm ára fresti eftir að hann hóf töku ellilífeyrisins svo og við 75 ára aldur, enda þótt þá séu ekki liðin fimm ár frá því hann byrjaði að taka lífeyri eða frá því að síðasta endurmat fór fram.

Hafi sjóðfélagi þegið örorkulífeyri úr sjóðnum, skal auk áunninna réttinda reikna honum réttindi vegna þess tíma er hann tók örorkulífeyri. Eru þau jafnhá þeim réttindum sem við úrskurð örorkulífeyris voru reiknuð honum fyrir sama tímabil. Hafi örorka verið minni en 100% reiknast réttindin hlutfallslega við örorkustigið. Hafi slíkur örorkulífeyrir verið skertur, sbr. 4. mgr. 14. gr., á einhverju tímabili, skerðast réttindi þessi í sama hlutfalli.

Ellilífeyrisréttindi hjóna, sem áunnist hafa meðan á hjónabandinu stóð, skulu teljast hjúskapareign þeirra. Við slit á fjárfélagi hjóna við skilnað skulu þau ellilífeyrisréttindi, sem áunnust meðan hjónabandið stóð, skiptast jafnt milli þeirra.

14. gr.

Sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til lífeyrissjóða í a.m.k. 12 mánuði á undanfarandi 24 mánuðum, á rétt á örorkulífeyri, ef hann verður fyrir orkutapi, er tryggingayfirlæknir eða trúnaðarlæknir sjóðsins metur 40% eða meira. Iðgjaldsgreiðandi sem hefur verið utan vinnumarkaðar, svo sem vegna náms, veikinda eða annarra eðlilegra ástæðna í allt að 12 mánuði og nær ekki að uppfylla framangreint skilyrði, skal þó halda fullum rétti til örorkulífeyris, enda hafi hann áður greitt iðgjald til lífeyrissjóða í a.m.k. þrjú ár með reglubundnum hætti. Örorkuna skal meta á þriggja ára fresti eða oftar. Örorkumatið skal miða við vanhæfni sjóðfélaga til almennra starfa. Fyrstu þrjú árin skal þó miða við vanhæfni hans til þess starfs, sem hann gegndi áður og veitti honum aðild að sjóðnum.

Örorkulífeyrir skal vera jafnhár þeim ellilífeyri sem sjóðfélaginn hefði öðlast við 70 ára aldur miðað við að árlegt iðgjald hans til 65 ára aldurs væri jafnt uppfærðu meðaliðgjaldi þriggja síðustu áranna fyrir orkutapið. Verði sjóðfélagi öryrki fyrir 50 ára aldur eða tapi hann starfsorku sinni að fullu, skal þó ákvarða örorkulífeyri hans miðað við framreikning til 70 ára aldurs. Reynist framangreint þriggja ára meðaltal óraunhæft er stjórn lífeyrissjóðs heimilt að leggja til grundvallar meðaltal réttinda annars tímabils enda þyki það gefa betri vísbendingu um framtíðartekjutap sjóðfélagans. Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af fullum örorkulífeyri og orkutapið er metið.

Stafi örorka af ástæðum, sem sjóðfélagi á sjálfur sök á, skal réttur til framreiknings skerðast eða falla niður.

Aldrei skal samanlagður lífeyrir vegna örorkunnar skv. þessari grein og 16. gr. vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Örorkulífeyrir og réttur til hans fellur niður við 70 ára aldur eða fyrr, þegar taka ellilífeyris hefst.

15. gr.

Lífeyrissjóður skal greiða makalífeyri til maka látins sjóðfélaga, sem greitt hafði iðgjöld til lífeyrissjóða í a.m.k. 12 mánuði á undanfarandi 24 mánuðum fyrir andlát sitt eða naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum. Makalífeyri skal greiða í a.m.k. 24 mánuði eða svo fremi sem eitthvert eftirfarandi skilyrða í 1.–3. tölul. hér á eftir er uppfyllt:

1. Maki sjóðfélaga sé fæddur fyrir 1940. Þó skal makalífeyrir skerðast um 2% fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1920 og 6% að auki fyrir hvert ár sem hann er fæddur eftir 1. janúar 1930.
2. Makinn hafi á framfæri sínu barn yngra en 19 ára er sjóðfélaginn hafði áður á framfæri sínu. Sé um yngsta barn að ræða skulu bæturnar þó lækka í áföngum, úr fullum bótum er barnið er 16 ára í 70% við 17 ára aldur og 40% við 18 ára aldur.
3. Maki sjóðfélagans sé að minnsta kosti 40% öryrki og hæfni hans til tekjuöflunar verulega skert. Makalífeyrir hans skal þá vera sami hundraðshluti af fullum makalífeyri og orkutap hans er metið.

Þegar makalífeyrir er úrskurðaður skal velja það ofangreindra skilyrða sem maka er hagstæðast.

Makalífeyrir skal nema 50% af þeim ellilífeyri, sem sjóðfélaginn hefði öðlast við 70 ára aldur, miðað við að árlegt iðgjald hans til 70 ára aldurs væri jafnt uppfærðu meðaliðgjaldi þriggja síðustu áranna fyrir lát hans, sbr. 2. mgr. 14. gr.

Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar.

Við 70 ára aldur maka látins sjóðfélaga öðlast hann á ný rétt til makalífeyris, enda hafi makalífeyrir fallið niður áður og makinn ekki gengið í hjónaband á ný. Makalífeyrir skal þá vera 25% af áunnum ellilífeyrisrétti hins látna. Heimilt skal maka að fresta eða flýta töku makalífeyris skv. þeim reglum, sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr.

Í reglugerð er heimilt að kveða á um að ákvæði þessarar greinar megi gilda um aðila, sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um árabil fyrir andlát hans.

16. gr.

Andist sjóðfélagi, sem greitt hafði iðgjöld til lífeyrissjóða í 12 mánuði undanfarandi 24 mánuði fyrir andlát sitt eða naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, og láti hann eftir sig börn, kjörbörn, fósturbörn eða stjúpbörn, sem verið hafa á framfæri hans, skal lífeyrissjóður greiða barnalífeyri til framfæranda barnanna þar til þau ná 19 ára aldri.

Sama rétt til barnalífeyris öðlast börn þeirra sjóðfélaga, sem njóta fulls örorkulífeyris úr lífeyrissjóði. Ef örorkan er metin lægri en 100%, skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri.

Barnalífeyrir vegna eins barns skal nema 4.000 kr. á mánuði, 8.000 kr. vegna tveggja barna og 3.000 kr. á mánuði vegna hvers barns umfram tvö. Framangreindar fjárhæðir barnalífeyris eru miðaðar við lánskjaravísitölu 1. janúar 1986 og skulu þær breytast í samræmi við breytingar á lánskjaravísitölu. Heimilt skal að í reglugerð sé kveðið á um takmörkun á barnalífeyrisrétti ef iðgjaldsgreiðslur hins látna hafa verið mjög óverulegar.

Ef sjálfstæður réttur til barnalífeyris stofnast í fleiri en einum lífeyrissjóði, skal samtals greiða jafnháan barnalífeyri og um rétt hafi aðeins verið að ræða hjá einum sjóði. Um skiptingu barnalífeyris milli sjóða skal kveða nánar á um í reglugerð.

17. gr.

Leiði tryggingafræðilegar athuganir á stöðu lífeyrissjóðs skv. 40. gr. í ljós, að hrein eign hans ásamt verðmæti framtíðariðgjaldstekna sé meiri en nemur verðmæti lífeyrisútgjalda í framtíðinni, sbr. 39. gr., skal stjórn lífeyrissjóðsins heimilt að fengnu samþykki lífeyrissjóðaeftirlitsins að auka lífeyrisréttindi umfram þau mörk sem um getur í 13., 14., 15. og 16. gr. þessara laga. Nánar skal kveða á um þetta í reglugerð.

18. gr.

Óheimilt er að kveða svo á í reglugerð lífeyrissjóðs, að áunnin réttindi skerðist eða falli niður, ef sjóðfélagi hættir iðgjaldsgreiðslum til sjóðsins.

Ekki skal skipta máli, hvort menn eigi lífeyrisréttindi í einum eða fleiri skyldusjóðum og hvorki skulu menn glata réttindum né öðlast meiri rétt vegna þess að iðgjaldsgreiðslur þeirra skiptast milli tveggja eða fleiri skyldusjóða. Lífeyrissjóðaeftirlitið skal setja almennar reglur um þetta efni svo og um önnur samskipti lífeyrissjóða.

19. gr.

Hver lífeyrissjóður skal halda skrá um þá menn sem greitt hafa iðgjöld til sjóðsins og þá sem öðlast hafa rétt til lífeyrisgreiðslna úr sjóðnum með öðrum hætti en greiðslu iðgjalda. Í skránni skal vera nafn, fæðingardagur, auðkennistala þjóðskrár og heimilisfang þessara manna. Þá skulu vera í skránni upplýsingar um fjárhæð iðgjaldsgreiðslna hvers aðila, iðgjaldsgreiðslutímabil hans og önnur þau atriði er áhrif hafa á rétt hans til lífeyris. Um skráningu lífeyrisréttinda fer að öðru leyti eftir X. kafla þessara laga.

Lífeyrissjóðir skulu eigi sjaldnar en tvisvar á ári, miðað við mitt ár og áramót, senda sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld vegna þeirra, samkvæmt nánari reglum sem lífeyrissjóðaeftirlitið setur.

IV. KAFLI

Reglugerðir lífeyrissjóða og ávöxtun fjár þeirra.

20. gr.

Til að hljóta starfsleyfi þarf sjóði, sem ætlað er að starfa sem lífeyrissjóði, að hafa verið sett reglugerð samkvæmt ákvæðum laga þessara. Jafnframt skal stjórn sjóðsins hafa verið valin og skoðunarmenn tilnefndir.

21. gr.

Reglugerðir lífeyrissjóða skulu við það miðaðar að sjóðirnir geti staðið við skuldbindingar sínar.

Reglugerð lífeyrissjóðs skal m.a. kveða á um eftirtalin atriði:

1. Heiti sjóðsins.
2. Heimili sjóðsins.
3. Hlutverk sjóðsins
4. Skilyrði sjóðsaðildar.
5. Fjölda stjórnarmanna, varamanna þeirra og skoðunarmanna, kjörtímabil þessara aðila svo og hvernig vali þeirra skuli háttað.
6. Hvernig fé sjóðsins skuli ávaxtað.
7. Hver vera skuli iðgjöld til sjóðsins eða hvernig þau skuli ákveðin og hvernig þau skuli greidd.
8. Réttindi sjóðfélaga eða aðstandenda þeirra til lífeyris, hvernig útreikningi þessara réttinda skuli háttað og hver séu nánari skilyrði lífeyrisréttar. Þá skal kveðið á um framkvæmd lífeyrisgreiðslna.

9. Ákvæði um framkvæmd reglubundinnar, tryggingafræðilegrar athugunar á hag sjóðsins og hvenær slík athugun skuli fara fram, sbr. 40. gr.
10. Ákvæði um hvernig staðið skuli að breytingu á reglugerð sjóðsins.

22. gr.

Í heiti lífeyrissjóðs skal vera orðið „lífeyrissjóður“. Lífeyrissjóðum, sem starfa við gildistöku laga þessara, skal þó heimilt að halda heiti sínu óbreyttu, enda brjóti það ekki í bága við 2. mgr. þessarar greinar.

Í heiti lífeyrissjóðs má ekki vera orðið „vátrygging“, orðið „trygging“, orðið „banki“ eða orðið „sparisjóður“, né nokkurt það sem bent geti til að hann reki vátryggingarstarfsemi á viðskiptagrundvelli, bankastarfsemi eða annan atvinnurekstur.

Heiti lífeyrissjóðs skal vera glögglega aðgreinanlegt frá heitum annarra lífeyrissjóða sem þegar hafa fengið starfsleyfi, þannig að ekki sé hætta á að villst verði á sjóðum.

23. gr.

Stjórn lífeyrissjóðs skal sjá um ávöxtun fjár hans. Er stjórninni skylt að ávaxta féð með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma, og henni er óheimilt að verja fé sjóðsins á þann hátt að líklegt sé að það beri neikvæða raunvexti ef unnt er að ávaxta það með jákvæðum raunvöxtum.

Fé lífeyrissjóðs skal ávaxta á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í bönkum og sparisjóðum.
4. Í skuldabréfum, tryggðum með veði í húseignum, fyrir allt að 65% af brunabótamatsverði eða, sé brunabótamat ekki talinn raunhæfur mælikvarði á söluverð fasteigna eða sé það ekki fyrir hendi, af matsverði sem ákveðið er af tveimur mönnum er lífeyrissjóðaeftirlitið tilnefnir, og fyrir allt að 50% af fasteignamatsverði eða áætluðu söluverði lóða í kaupstöðum og kauptúnum.
5. Í skuldabréfum stofnlánasjóða atvinnuveganna, fjárfestingarstofnana eða annarra lánastofnana en þeirra sem áður er getið, enda hafi Seðlabanki Íslands veitt þeim viðurkenningu í þessu skyni.
6. Í hlutabréfum í fyrirtækjum, sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands. Þó er óheimilt að verja meiru en 5% af árlegu ráðstöfunarfé lífeyrissjóðs til kaupa á hlutabréfum og ennfremur er lífeyrissjóði óheimilt að eiga meira en 5% af hlutafé í hverju fyrirtæki.

24. gr.

Lífeyrissjóði er óheimilt að veita lán til stjórnarmanna, varamanna þeirra, skoðunarmanna sjóðsins, starfsmanna hans, þeirra er framkvæma tryggingafræðilega athugun á hag sjóðsins eða maka þessara aðila, nema þeir séu félagar í viðkomandi sjóði og þá eftir þeim reglum sem gilda um lán til sjóðfélaga almennt.

V. KAFLI

Stjórnir lífeyrissjóða.

25. gr.

Í stjórn lífeyrissjóðs skulu eiga sæti fæst þrír menn.

Um tilnefningu, kjör og kjörtímabil stjórnarmanna og varamanna þeirra fer eftir reglugerð hlutaðeigandi sjóðs.

Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, lögráða og fjár síns ráðandi.

26. gr.

Sjóðsstjórn skal kjósa sér formann og skipta með sér verkum að öðru leyti. Ef atkvæði í formannskjöri eru jöfn ræður hlutkesti. Í reglugerð sjóðs er heimilt að kveða á um aðra skipan við val á stjórnarformanni.

Formaður kveður til stjórnarfunda. Fund skal halda ef einhver stjórnarmanna krefst þess.

Um það sem gerist á stjórnarfundum skal haldin gerðabók sem undirrituð skal af þeim er fundinn sitja.

27. gr.

Stjórn lífeyrissjóðs er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund, svo framarlega sem ekki eru gerðar strangari kröfur í reglugerð sjóðsins. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka nema allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið, sé þess kostur. Í forföllum aðalstjórnarmanns skal boða varamann á stjórnarfund, sé þess kostur.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum, nema reglugerð kveði á um annað.

28. gr.

Sjóðsstjórn getur ráðið framkvæmdastjóra.

Sé framkvæmdastjóri ráðinn annast hann daglegan rekstur sjóðsins og skal hann fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem sjóðsstjórn hefur gefið. Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt heimild frá sjóðsstjórn.

29. gr.

Stjórn lífeyrissjóðs kemur fram fyrir hönd sjóðsins og skuldbindur hann.

Sjóðsstjórn getur veitt stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra eða öðrum heimild til að skuldbinda sjóðinn, nema öðruvísi sé kveðið á í reglugerð hans. Sjóðsstjórn getur hvenær sem er afturkallað heimild, sem hún hefur veitt til að skuldbinda sjóðinn.

Framkvæmdastjóri getur ávallt komið fram fyrir hönd sjóðsins í málum, sem falla undir verksvið hans, sbr. 28. gr.

VI. KAFLI

Ársreikningur og endurskoðun.

30. gr.

Stjórn lífeyrissjóðs skal sjá um að saminn sé ársreikningur fyrir hvert almanaksár í samræmi við reglur, sem lífeyrissjóðaeftirlitið setur. Ársreikningur skal hafa að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, fjármagnsstreymi og skýringar. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum og framsetningu.

Í ársskýrslu stjórnar skal koma fram yfirlit um starfsemi sjóðsins á árinu svo og upplýsingar um atriði er mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu sjóðsins og afkomu hans á reikningsárinu og ekki koma fram annars staðar í ársreikningnum.

Ársreikningur lífeyrissjóðs skal lagður fyrir skoðunarmenn eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

Ársreikningur skal undirritaður af öllum stjórnarmönnum lífeyrissjóðs. Hafi einhver stjórnarmanna mótbárur fram að færa gegn ársreikningi skal hann undirrita með fyrirvara og gera skal grein fyrir því í ársskýrslu hvers eðlis fyrirvarinn er.

31. gr.

Endurskoðun hjá lífeyrissjóði skal framkvæmd af tveimur skoðunarmönnum, sem valdir eru samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sjóðsins og einum skoðunarmanni, sem er löggiltur endurskoðandi.

32. gr.

Skoðunarmenn skulu framkvæma endurskoðun í samræmi við góðar endurskoðunarvenjur og reglur lífeyrissjóðaeftirlitsins þar að lútandi. Með endurskoðun sinni skulu þeir komast að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika þeirra upplýsinga sem ársreikningurinn veitir. Þeir skulu ganga úr skugga um að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við góða reikningsskilavenju og fylgt hafi verið ákvæðum laga, reglna og samþykkta varðandi meðferð fjármuna, ráðstöfun fjár, ávöxtun og upplýsingaskyldu lífeyrissjóða.

Skylt er að veita skoðunarmönnum aðstöðu til að gera þær athuganir sem þeir telja nauðsynlegar. Þeir skulu fá aðgang að öllum eignum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum lífeyrissjóðsins og skulu stjórn sjóðsins og starfsmenn veita þeim allar þær upplýsingar sem þeir æskja og unnt er að láta í té.

Skoðunarmenn skulu árita ársreikninginn og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Þeir skulu gefa upplýsingar um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og að hann hafi verið saminn í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykkta. Þeir skulu láta í ljós álit á ársreikningnum og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar að öðru leyti.

Telji skoðunarmenn að í ársreikningi séu ekki þær upplýsingar, sem þar eiga að koma fram, skulu þeir geta þess í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar ef þess er kostur. Að öðru leyti geta skoðunarmenn greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem þeir telja eðlilegt að fram komi í ársreikningi.

Ábendingar og athugasemdir, sem skoðunarmenn vilja koma á framfæri við stjórn eða framkvæmdastjóra, skal bera fram skriflega og skal veita þessum aðilum hæfilegan frest til svara. Ef skoðunarmönnum þykir ástæða til skulu þeir gera tillögur til stjórnar lífeyrissjóðs um endurbætur varðandi meðferð fjármuna, um breytingar á innra eftirliti og öðru því sem þeir telja að geti verið til bóta í rekstri lífeyrissjóðsins.

Skoðunarmönnum er skylt að veita lífeyrissjóðaeftirlitinu allar þær upplýsingar um málefni lífeyrissjóðs og framkvæmd endurskoðunar sem það kann að óska eftir og þeir geta látið í té. Ef endurskoðun leiðir í ljós verulega ágalla í rekstri lífeyrissjóðs varðandi innra eftirlit, iðgjaldainnheimtu, greiðslutryggingar útlána, meðferð fjármuna eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins eða skaðað hann að öðru leyti, skulu skoðunarmenn gera stjórn sjóðsins og lífeyrissjóðaeftirlitinu viðvart.

Skoðunarmenn hafa rétt til að sitja stjórnarfund þar sem fjallað er um ársreikning.

VII. KAFLI

Eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða, veiting starfsleyfa til nýrra sjóða o.fl.

33. gr.

Fela skal sérstakri stofnun, lífeyrissjóðaeftirlitinu, að annast framkvæmd þessara laga eftir því sem þau mæla nánar fyrir um, að veita lífeyrissjóðum starfsleyfi, að hafa reglubundið eftirlit með lífeyrissjóðum og starfsemi þeirra, annast skráningu lífeyrisréttinda og úrskurða í ágreiningsmálum um framkvæmd laga þessara og reglugerða lífeyrissjóða.

Lífeyrissjóðaeftirlitið heyrir beint undir ráðherra tryggingamála. Stofnunin skal hafa sjálfstæðan fjárhag. Kostnaði af rekstri eftirlitsins skal jafnað niður á lífeyrissjóði á grundvelli fjárhagsáætlunar, sem eftirlitsráð skv. 34. gr. hefur samþykkt, og eftir reglum sem tryggingaráðherra setur að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar. Eftirlitsráðið skal einnig samþykkja ársreikninga lífeyrissjóðaeftirlitsins, en Ríkisendurskoðun skal annast endurskoðun þeirra.

34. gr.

Sérstakt eftirlitsráð fer með stjórn lífeyrissjóðaeftirlitsins. Ráðið skal skipað af tryggingaráðherra til þriggja ára í senn sem hér segir:

Þrír menn eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands.
Einn maður eftir tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.
Einn maður eftir tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.
Einn maður eftir tilnefningu Bandalags háskólamanna.
Einn maður eftir tilnefningu Sambands íslenskra bankamanna.
Einn maður eftir tilnefningu Stéttarsambands bænda.
Þrír menn eftir tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands.
Einn maður eftir tilnefningu Vinnumálasambands samvinnufélaganna.
Einn maður eftir tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga.
Einn maður eftir tilnefningu fjármálaráðherra.
Einn maður án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins.

Eftirlitsráðið skal koma svo oft saman sem þurfa þykir og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Ráðið skal fjalla um allar meiri háttar ákvarðanir lífeyrissjóðaeftirlitsins svo sem um setningu reglna og reglugerða skv. lögum þessum og um synjun starfsleyfa eða afturköllun.

Þriggja manna framkvæmdastjórn fer með málefni lífeyrissjóðaeftirlitsins milli funda eftirlitsráðsins. Formaður eftirlitsráðsins er formaður framkvæmdastjórnarinnar, en auk hans eiga þar sæti einn maður tilnefndur af fulltrúum launþega í ráðinu og einn tilnefndur af fulltrúum launagreiðenda.

35. gr.

Hver sá aðili sem hyggst reka lífeyrissjóðsstarfsemi skal sækja um starfsleyfi til lífeyrissjóðaeftirlitsins. Umsókninni skal fylgja reglugerð sjóðsins ásamt öðrum þeim gögnum um væntanlega starfsemi sem eftirlitið telur nauðsynlegt.

36. gr.

Lífeyrissjóðaeftirlitið kannar hvort umsækjandi fullnægi skilyrðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim og sé að öðru leyti hæfur til að reka lífeyrissjóðsstarfsemi.

37. gr.

Allar breytingar á reglugerð lífeyrissjóðs skal tilkynna lífeyrissjóðaeftirlitinu og öðlast þær ekki gildi fyrr en að fengnu samþykki þess. Þá skal tilkynna eftirlitinu breytingar á stjórn og skoðunarmönnum, svo og meiri háttar breytingar á starfsemi sjóðsins.

38. gr.

Stjórn lífeyrissjóðs er skylt að senda lífeyrissjóðaeftirlitinu ársreikning innan sex mánaða frá lokum reikningsárs ásamt áritun og skýrslu skoðunarmanna, sbr. 32. gr.

39. gr.

Hreinar eignir lífeyrissjóðs ásamt verðmæti framtíðariðgjaldstekna skulu á hverjum tíma vera a.m.k. jafnháar verðmæti lífeyrisútgjalda, sem þegar áunnin réttindi og nefndar iðgjaldsgreiðslur hafa í för með sér í framtíðinni, sbr. þó 2. og 3. mgr. 42. gr. og 44. gr. Við uppgjör eigna og skuldbindinga skal farið eftir reglum sem lífeyrissjóðaeftirlitið setur um reiknigrundvöll.

40. gr.

Stjórn lífeyrissjóðs er skylt að láta tryggingafræðilega athugun fara árlega fram á fjárhag sjóðsins í samræmi við ákvæði 39. gr. Athugunin skal miðast við stöðu sjóðsins um áramót. Skal athugunin gerð af tryggingastærðfræðingi eða öðrum þeim sem hlotið hefur viðurkenningu lífeyrissjóðaeftirlitsins til slíks starfs. Að athugun lokinni skal sá, sem hana annast, semja skýrslu um hana og senda til stjórnar sjóðsins og til lífeyrissjóðaeftirlitsins.

Lífeyrissjóðaeftirlitið getur lagt fyrir stjórn lífeyrissjóðs að láta fara fram tryggingafræðilega athugun á hag sjóðs, á öðrum forsendum en gefnar eru í reglubundnum athugunum sjóðsins, telji eftirlitið að hagur sjóðsins gefi tilefni til þess. Séu til þess gildar ástæður getur eftirlitið jafnframt kannað aðra þætti í starfsemi lífeyrissjóðs. Stjórn lífeyrissjóðs er skylt að veita aðgang að þeim gögnum sjóðsins sem nauðsynleg eru til ofangreindra athugana.

VIII. KAFLI

Lífeyrissjóðir, er starfa við gildistöku laga þessara.

41. gr.

Lífeyrissjóðir, sem hyggjast halda áfram fullri starfsemi eftir gildistöku laga þessara, skulu innan sex mánaða frá gildistöku þeirra senda lífeyrissjóðaeftirlitinu umsókn um bráðabirgðastarfsleyfi. Umsókn skal fylgja reglugerð lífeyrissjóðs, ásamt þeim breytingum sem á henni hafa verið gerðar vegna fyrirmæla laga þessara. Einnig skulu fylgja gögn sem eftirlitið telur nauðsynleg.

Hafi lífeyrissjóður ekki sent umsókn um bráðbirgðastarfsleyfi ásamt tilskyldum gögnum innan þess tíma sem greinir í 1. mgr., fellur þegar í stað niður heimild hans til að reka lífeyrissjóðsstarfsemi. Um skuldbindingar lífeyrissjóðsins og réttarstöðu að öðru leyti fer samkvæmt ákvæðum 45.–47. gr.

Hjá lífeyrissjóðum þessum skal réttindum og eignum sem myndast hafa fyrir gildistöku laga þessara, ásamt greiðslum og tekjum er tilheyra þeim réttindum og eignum, haldið reikningslega aðskildum frá þeim réttindum og eignum sem myndast eftir gildistöku laganna, ásamt greiðslum og tekjum af þeim.

42. gr.

Innan eins árs frá gildistöku laga þessara skulu þeir sjóðir sem fengið hafa bráðabirgðastarfsleyfi skv. 41. og 44. gr. senda lífeyrissjóðaeftirlitinu tryggingafræðilega athugun á fjárhag sínum við gildistöku laganna miðað við hreina eign og lífeyrisskuldbindingar vegna réttinda sem áunnist hafa fram að gildistöku. Að öðrum kosti fellur bráðabirgðastarfsleyfið niður.

Uppgjör skv. 1. mgr. skal fara eftir reglum er lífeyrissjóðaeftirlitið setur um reiknigrundvöll.

Komi í ljós við tryggingafræðilega athugun skv. 1. mgr. að eign sjóðs við gildistöku laga þessara hrökkvi ekki til að standa undir lífeyrisskuldbindingum, sem myndast höfðu fyrir þann tíma, skal lífeyrissjóðaeftirlitið veita sjóðnum frest til að gera ráðstafanir til úrbóta í samræmi við ákvæði reglugerðar sjóðsins þar að lútandi. Þessi frestur skal vera mislangur eftir eðli málsins og má vera allt að tveimur árum þegar sérstaklega stendur á. Hafi lífeyrissjóður ekki gert fullnægjandi ráðstafanir til úrbóta innan tilskilins frests skal eftirlitið þegar í stað skipa sjóðnum skilanefnd, sbr. 45. gr.

Leiði tryggingafræðileg athugun skv. 1. mgr. í ljós að eignir sjóðs við gildistöku laga þessara nægi fyrir skuldbindingum eða hafi sjóður gert fullnægjandi ráðstafanir til úrbóta skv. 3. mgr., sbr. og 39. gr., veitir lífeyrissjóðaeftirlitið honum ótakmarkað starfsleyfi í stað bráðabirgðaleyfis, sbr. þó 43. gr.

43. gr.

Telji lífeyrissjóðaeftirlitið, að í reglugerð lífeyrissjóðs séu ákvæði er brjóti í bága við ákvæði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim, er því heimilt að veita sjóðnum tímabundið bráðabirgðaleyfi í allt að eitt ár til þess að úr verði bætt. Sama gildir, telji eftirlitið að breyta verði einhverjum atriðum í starfsemi lífeyrissjóðs eða kanna þurfi sérstaklega einhverja þætti starfseminnar áður en ákvörðun um bráðabirgðastarfsleyfi verði tekin, og má tímabundið bráðabirgðastarfsleyfi vera til allt að tveggja ára í slíkum tilvikum.

44. gr.

Lífeyrissjóðir, sem starfandi eru við gildistöku laga þessara og hyggjast einvörðungu veita lífeyri vegna réttinda sem áunnist hafa fyrir gildistökuna, skulu tilkynna lífeyrissjóðaeftirlitinu um þá fyrirætlun innan sex mánaða frá gildistöku laganna og skal þeim veitt starfsleyfi í því skyni. Að öðru leyti skulu ákvæði laga þessara gilda um slíka starfsemi eftir því sem við getur átt, þar á meðal ákvæði 42. og 43. gr.

IX. KAFLI

Afturköllun starfsleyfa, slit lífeyrissjóða og sameining.

45. gr.

Reynist lífeyrissjóður ekki gjaldhæfur að mati lífeyrissjóðaeftirlitsins, sbr. 39. og 40. gr., sé rekstri hans ábótavant eða brjóti hann gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, skal eftirlitið gefa sjóðnum fyrirmæli um úrbætur. Skal sjóðnum veittur hæfilegur frestur til að bæta úr því sem úrskeiðis hefur farið.

Hafi lífeyrissjóður ekki gert nauðsynlegar úrbætur innan tilskilins frests getur eftirlitið afturkallað starfsleyfi sjóðsins. Geri eftirlitið svo, skal það skipa þriggja manna skilanefnd fyrir sjóðinn. Skilanefnd tekur við öllum heimildum sjóðsstjórnar og falla jafnframt niður heimildir stjórnarinnar. Skilanefnd skal taka ákvörðun um, hvort sjóður skuli rekinn áfram eða honum slitið með sameiningu við annan sjóð eða með öðrum hætti, sbr. 2.–4. mgr. 47. gr.

46. gr.

Ákvörðun um slit lífeyrissjóðs skal tekin af stjórn hans, nema reglugerð sjóðsins kveði á um annað eða ákvæði 45. gr. eigi við.

Ákvörðun um slit lífeyrissjóðs skal þegar í stað tilkynna lífeyrissjóðaeftirlitinu.

Sé ákveðið að sameina lífeyrissjóð algjörlega öðrum sjóði skal tilkynna það lífeyrissjóðaeftirlitinu, gefa út innköllun skv. 2. mgr. 47. gr. og halda eignunum aðgreindum þar til fresturinn er útrunninn og lýstum kröfum fullnægt. Ekki þarf þó að halda eignum aðgreindum ef allir lánardrottnar samþykkja eða þeim er sett fullnægjandi trygging.

47. gr.

Stjórn sjóðs, eða sá aðili sem samkvæmt reglugerð sjóðs hefur ákveðið að honum skuli slitið, skal þegar í stað tilnefna þriggja manna skilanefnd er taki við störfum stjórnar og framkvæmdastjóra sjóðsins, enda hafi skilanefnd ekki þegar verið skipuð skv. 2. mgr. 45. gr. Skilanefndarmenn skulu þegar í stað óska löggildingar á starfi sínu.

Skilanefnd skal láta birta tvisvar í Lögbirtingablaði áskorun til lánardrottna sjóðsins um að lýsa kröfum sínum innan tveggja mánaða frá fyrstu birtingu áskorunarinnar, talið með sömu réttaráhrifum og gildir um innköllun krafna við gjaldþrotaskipti.

Eignum frjáls lífeyrissjóðs, sem eftir standa þegar skuldir hafa verið greiddar, skal úthluta til sjóðfélaga og annarra rétthafa í hlutfalli við áunnin lífeyrissjóðsréttindi.

Eignir skyldusjóðs, sem eftir standa þegar skuldir hafa verð greiddar, skulu renna til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda. Skulu réttindi sjóðfélaga og lífeyrisþega jafnframt metin til réttar í Söfnunarsjóðnum í sama hlutfalli og er milli þeirra eigna sjóðsins er til Söfnunarsjóðsins renna og heildarlífeyrisskuldbindinga sjóðsins metinna í samræmi við ákvæði laga þessara. Ráðherra tryggingamála getur með reglugerð kveðið nánar á um hvernig lífeyrisréttindi skulu metin í þessu sambandi.

X. KAFLI
Skráning lífeyrisréttinda.

48. gr.

Skrá skal í eina heildarskrá lífeyrisréttindi allra landsmanna eins og nánar er mælt fyrir í lögum þessum. Skal skráningin framkvæmd af lífeyrissjóðaeftirlitinu.

49. gr.

Skrásetja skal, að því er hvern mann varðar, iðgjaldsgreiðslur hans, þann lífeyrissjóð eða þá sjóði sem greitt hefur verið til, og þau réttindi sem hver maður á samkvæmt reglum þess sjóðs er hann á aðild að.

50. gr.

Skráningin skal byggð á upplýsingum lífeyrissjóða. Skulu allir lífeyrissjóðir afhenda lífeyrisskránni skýrslur með öllum nauðsynlegum upplýsingum til skráningar lífeyrisréttinda og iðgjaldsgreiðslna. Skulu skýrslur þessar afhentar ókeypis og í því formi og á þeim tíma sem lífeyriseftirlitið ákveður.

51. gr.

Atvinnurekendum, sem hafa í þjónustu sinni iðgjaldsskylda menn, er skylt að láta lífeyrisskránni í té upplýsingar, sem varðað geta lífeyrisréttindi eða iðgjaldsgreiðslur starfsmanna, í því formi sem óskað er. Á sama hátt er öllum einstaklingum, sem skyldir eru til greiðslu iðgjalda, skylt að veita skránni umbeðnar upplýsingar. Þá er skattyfirvöldum skylt að veita skránni umbeðnar upplýsingar úr skattframtölum um greiðslu iðgjalda.

52. gr.

Lífeyrisskráin skal veita einstaklingum og atvinnurekendum upplýsingar um til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skuli greiða fyrir hvern mann eða um hvaða sjóði er að velja eigi það við. Um úrskurði í ágreiningsmálum um sjóðsaðild fer skv. II. kafla þessara laga.

53. gr.

Lífeyrisskráin skal, eftir því sem kostur er, fylgjast með því að ákvæðum II. kafla þessara laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda sé framfylgt að því er varðar greiðslu iðgjalda.

XI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

54. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða fésektum og varðhaldi, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

55. gr.

Tryggingaráðherra setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum eftir tillögum lífeyrissjóðaeftirlitsins. Honum er heimilt að setja nánari reglur um einstök ákvæði laganna og framkvæmd þeirra.

56. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 91/1980, um skráningu lífeyrisréttinda, 2., 3., 4., 5., 7. og 8. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, lög nr. 86/1938, um Lífeyrissjóð ljósmæðra, lög nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð

starfsmanna ríkisins, lög nr. 16/1965, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, lög nr. 46/1965, um eftirlaun til alþingismanna, lög nr. 47/1965, um eftirlaun ráðherra, lög nr. 101/1970, um Lífeyrissjóð bænda, lög nr. 49/1974, um Lífeyrissjóð sjómanna, og lög nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Eigi síðar en tveimur mánuðum eftir samþykkt laga þessara skal skipa í eftirlitsráð og framkvæmdastjórn lífeyrissjóðaeftirlitsins skv. VII. kafla laga þessara. Lífeyrissjóðaeftirlitið skal þá þegar hefjast handa við undirbúning reglugerða og annan undirbúning vegna gildistöku laga þessara.

II.

Ákvæði laga þessara raska ekki áunnum lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna. Þau haldast óbreytt frá gildandi lögum og reglugerðum, sbr. lög nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og lög nr. 16/1965, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna. Einnig helst óbreytt ábyrgð sú, sem hlutaðeigandi launagreiðendur hafa tekist á hendur vegna þeirra réttinda.

Fjármálaráðherra skal þegar eftir staðfestingu laga þessara hefja samninga við samtök starfsmanna ríkisins um breytingar á reglum um lífeyrisréttindi félagsmanna þeirra, sem samþykkt laga þessara gera nauðsynlegar, svo og aðrar þær breytingar á launakjörum starfsmanna ríkisins, sem af því leiða og aðilar koma sér saman um. Samningar þessir skulu miðast við að heildarkjör starfsmanna ríkisins raskist ekki við setningu laganna.

Hafi samningar um ofangreindar breytingar ekki tekist þegar níu mánuðir eru til gildistöku laga þessara skal Hæstiréttur skipa sérstakan gerðardóm. Gerðardómurinn skal ákveða iðgjald fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og fyrir Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, sbr. lög nr. 29/1963 og 16/1965, með síðari breytingum, sem svarar til þeirra réttinda, sem hlutaðeigandi launagreiðendur ábyrgjast skv. þeim lögum fyrir setningu laga þessara í samræmi við ákvæði 1. mgr. Við þetta mat skal taka tillit til allra þátta lífeyrisréttinda, svo sem ávinnslu réttinda til allra tegunda lífeyris, iðgjaldsgreiðslutíma og takmörkunar hans, til viðmiðunar lífeyris við lokalaun eða önnur laun séu þau hærri, 95 ára reglu, svo og til allra annarra atriða er máli skipta. Greina skal sérstaklega frávik í kostnaði vegna hvers þáttar miðað við réttindaákvæði laga þessara. Iðgjald það, sem metið er skv. þessari málsgrein, skal reiknað sem hlutfall af iðgjaldsstofni hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna, eins og hann er skilgreindur fyrir gildistöku þessara laga. Þetta iðgjald skal síðan umreikna til hlutfalls af þeim iðgjaldsstofni, sem kveðið er á um í 8. gr. laga þessara. Við þann umreikning skal hafa hliðsjón af hlutfalli tryggðra launa og heildarlauna síðustu 10 ár.

Sú hækkun iðgjalds, sem leiðir af mati því, sem um getur í 3. mgr., skal borin af hlutaðeigandi launagreiðendum frá gildistöku laga þessara og í heild raskast því iðgjaldsgreiðslur starfsmanna ekki. Frá gildistöku laganna skulu iðgjaldsgreiðslur starfsmanna þannig nema því hlutfalli af iðgjaldsstofni skv. 8. gr. sem svarar til þess hlutfalls sem þeir áður greiddu, að teknu tilliti til þeirra breytinga iðgjaldsstofnsins, sem á sér stað við gildistöku þessara laga. Heildariðgjald það, sem hér um ræðir, svo og skipting þess milli starfsmanns og launagreiðanda, skal haldast uns um annað semst, en heimilt er aðilum að semja hvenær sem er um annað heildariðgjald og aðra skiptingu þess en leiðir af niðurstöðum ofangreinds mats.

Gerðardómur skv. 3. mgr. skal skipaður fimm mönnum. Þar af skal einn dómenda vera lögfræðingur og formaður dómsins og tveir dómenda skulu vera tryggingastærðfræðingar. Skipun dómenda skal lokið eigi síðar en 8 mánuðum fyrir gildistöku laga þessara. Skal dómurinn þá þegar hefjast handa og hafa lokið störfum sínum eigi síðar en 3 mánuðum fyrir gildistöku laganna. Málflutningur skal fara fram fyrir dómnum. Kostnaður af störfum dómsins skal greiddur úr ríkissjóði.

Þegar aðilar hafa gert með sér samning skv. 2. mgr. eða gerðardómurinn hefur fellt úrskurð um iðgjald, skulu aðilar að stjórn viðkomandi sjóðs setja honum reglugerð í samræmi við ákvæði þessara laga. Sérstaklega skal kveðið á um þau viðbótarréttindi, sem iðgjald umfram lágmark skv. 9. gr. gefur tilefni til.

Sú málsmeðferð og það mat á lífeyrisréttindum og iðgjöldum, sem hér er kveðið á um, skal vera fyrirmynd að lausn hliðstæðra mála þeirra starfsmanna banka, sveitarfélaga og annarra aðila, sem nú njóta hliðstæðra lífeyrisréttinda og starfsmenn ríkisins. Rísi ágreiningur skal gerðardómurinn skv. 5. mgr. skera úr honum.

III.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 56. gr. skulu ákvæði eftirtalinna laga halda gildi sínu vegna lífeyrisréttinda sem ávinnast fram að gildistöku þessara laga, sbr. þó ákvæði VIII. kafla laganna:

1. Lög nr. 86/1938, um Lífeyrissjóð ljósmæðra.
2. Lög nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.
3. Lög nr. 16/1965, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.
4. Lög nr. 46/1965, um eftirlaun til alþingismanna.
5. Lög nr. 47/1965, um eftirlaun til ráðherra.
6. Lög nr. 101/1970, um Lífeyrissjóð bænda.
7. Lög nr. 49/1974, um Lífeyrissjóð sjómanna.
8. Lög nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Fjármálaráðherra hefur ákveðið að leggja fram frumvarp til laga um starfsemi lífeyrissjóða. Frumvarp þetta er viðamikið. Því er ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið verði afgreitt á yfirstandandi þingi. Í framhaldi af því er gert ráð fyrir að frumvarpinu verði vísað til milliþinganefndar og stefnt verði að því að afgreiða frumvarp um lífeyrissjóði á næsta þingi.

Lagafrumvarp þetta er samið á vegum 17-manna Endurskoðunarnefndar lífeyriskerfis og samþykkt á fundi hennar 29. maí 1987. Endanleg gerð frv. hefur einkum verið unnin af 8-manna lífeyrisnefnd Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna, en sú nefnd er jafnframt hluti 17-manna nefndarinnar. Stofn frumvarpsins er reistur á tillögum sérstaks starfshóps á vegum 17-manna lífeyrisnefndarinnar frá árinu 1983. Tillögur frv. um iðgjöld til lífeyrissjóða og lífeyrisréttindi eru á hinn bóginn samdar á vegum 8-manna nefndarinnar og reistar á samkomulagi ASÍ, VSÍ og VMS um lífeyrismál frá 26. febrúar 1986.

Frumvarp þetta er lagt fram nú í samræmi við fyrirheit sem Alþýðusambandi Íslands var gefið af ríkisstjórn við gerð síðustu kjarasamninga. Hér er um að ræða óbreytt frumvarp það sem samið var á vegum 17-manna Endurskoðunarnefndar lífeyriskerfis og samþykkt var á fundi hennar 29. maí 1987. Þótt frumvarpið sé lagt fram óbreytt, felur það enga skuldbindingu

í för með sér af hálfu fjármálaráðherra eða ríkisstjórnar um að styðja frumvarpið í óbreyttri mynd. Það er hins vegar brýnt orðið að Alþingi taki þetta mál til umfjöllunar og að unnið verði að því að heilsteypt löggjöf um starfsemi lífeyrissjóða verði að veruleika.

Nú eru liðin rétt tæp 14 ár síðan fjármálaráðherra skipaði nefnd til að semja tillögur um nýskipan lífeyriskerfisins. Á þeim tíma sem liðin er síðan hafa lífeyrissjóðirnir vaxið upp í verða stórveldi á íslenskum fjármagnsmarkaði. Í árslok 1988 er talið að heildareignir lífeyrissjóðanna hafi numið um 74 milljörðum króna eða um 30% af innlendu lánsfjármagni. Ráðstöfunarfé lífeyrissjóða er áætlað munu verða um 24 milljarðar króna á árinu 1990. Það fær ekki staðist miklu lengur að um þessa umfangsmiklu starfsemi sé ekki til nein heildarlöggjöf.

Í fyrirliggjandi frumvarpi eru ýmis mikilvæg ákvæði, sem ætlað er að skapa lagaramma um starfsemi lífeyrissjóða í heild og auka öryggi lífeyriskerfsins. Í því sambandi má nefna ákvæði um reglugerðir lífeyrissjóða og ávöxtun fjár þeirra, um stjórnir lífeyrissjóða, um eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða, slit og sameiningu sjóða, um skráningu lífeyrisréttinda o.fl. Mörg þessara atriða eru þess eðlis að það á ekki að þurfa að valda deilum að um þau séu sett lagaákvæði.

Þrátt fyrir öran vöxt á undanförnum árum, er ljóst að lífeyrissjóðir í landinu standa að óbreyttu frammi fyrir miklum framtíðarvanda, þar sem útlit er fyrir að eignir sjóðanna standi ekki undir framtíðarskuldbindingum. Í frumvarpinu er lögð til ákveðin leið til að taka á þessu vandamáli. Hér er um viðkvæmt mál að ræða sem deilur hafa staðið um. Um það á hins vegar ekki að þurfa að deila að það þarf að taka á vandamálinu með einum eða öðrum hætti. Tíminn mun ekki leysa þetta vandamál og því er brýnt að með einum eða öðrum hætti verði fundin lausn á því.

Frumvarp þetta er prentað eins og það kom frá endurskoðunarnefndinni 4. júní 1987 að öðru leyti en því að tillaga um gildistöku laganna er felld brott.

Hér fer á eftir greinargerð sú sem 17 manna lífeyrisnefndin lét fylgja frumvarpsdrögum sínum. Fyrst er gerð grein fyrir starfi lífeyrisnefndanna, þá er greint frá framvindu lífeyrismála undanfarin ár og núverandi stöðu þeirra og loks fjallað um meginákvæði þessa frv.

Starf lífeyrisnefndanna.

Helsta heimild um störf lífeyrisnefndanna og stöðu lífeyrimála hér á landi undanfarin ár er skýrsla formanns 17-manna nefndarinnar til fjármálaráðherra, en skýrsla þessi var lögð fram á Alþingi í maí 1985 (Endurskoðunarnefnd lífeyriskerfis: Skýrsla til fjármálaráðherra frá formanni nefndarinnar, 2. maí 1985). Í þessari skýrslu er greint ítarlega frá verkefni og starfi nefndarinnar og birt eru lög um lífeyrismál, sem sett hafa verið fyrir atbeina hennar og 8-manna nefndarinnar. Þá er yfirlit um lífeyriskerfið, sem tekið var saman á árinu 1982 af fyrrnefndum starfshópi nefndarinnar undir forystu Guðjóns Hansens, tryggingastærðfræðings, og birtar tillögur starfshópsins um frv. til laga um starfsemi lífeyrissjóða frá 12. apríl 1983. Þá er birt greinargerð 8-manna nefndarinnar um frumvarpsdrög starfshópsins og um lífeyrisréttindi og iðgjöld og önnur greinargerð sömu nefndar um athuganir og útreikninga á áhrifum lífeyriskerfa og ýmissa kosta í lífeyrismálum, hvort tveggja frá í mars 1985. Loks eru birtar niðurstöður úr nafnaskrá lífeyrissjóða. Það sem segir hér á eftir um störf lífeyrisnefndanna og stöðu lífeyrismála er að mestu byggt á ofangreindri skýrslu, en víða er stiklað á stóru og vísast til skýrslunnar um fyllri upplýsingar um þau atriði, sem hún hefur að geyma.

Nefndarskipan.

Fjármálaráðherra skipaði hinn 20. júlí 1976 nefnd til þess að semja tillögur um nýskipan lífeyriskerfisins. Þessi nefndarskipun átti rætur að rekja til kjarasamninga þeirra, sem Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna gerðu í febrúar á því ári og þess samkomulags um málefni lífeyrissjóða sem þessir aðilar gerðu þá með sér. Í skipunarbréfi nefndarinnar var svo kveðið á, að nefndin skyldi í tillögum sínum einkum miða við þau markmið, sem fram voru sett í samkomulagi Alþýðusambandsins og vinnuveitenda um lífeyrismál frá 28. febrúar 1976:

- Að samfellt lífeyriskerfi taki til allra landsmanna.
- Að lífeyrissjóðir og almannatryggingar tryggi öllum lífeyrisþegum viðunandi lífeyri, er fylgi þróun kaupgjalds á hverjum tíma.
- Að auka jöfnuð og öryggi meðal landsmanna, sem lífeyris eiga að njóta.
- Að lífeyrisaldur geti, innan vissra marka, verið breytilegur eftir vali hvers og eins lífeyrisþega, en án þess að það hafi áhrif á útgjöld kerfisins, það er að segja að lífeyrir verði því lægri sem taka hans hefst fyrr.
- Að reynt verði að finna réttlátan grundvöll fyrir skiptingu áunninna lífeyrisréttinda milli hjóna.

Í nefnd þessa voru skipaðir 17 menn, þar af 12 eftir tilnefningu ýmissa samtaka aðila vinnumarkaðarins. Nefnd þessi hefur ýmist verið kölluð 17-manna nefndin eða Endurskoðunarnefnd lífeyriskerfisins.

Í nefndina voru skipaðir:

Án tilnefningar:
Formaður
Varaformaður

Samkvæmt tilnefningu:
Einn frá fjármálaráðuneyti.
Tveir frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.
Þrír frá Alþýðusambandi Íslands.
Einn frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.
Tveir frá Vinnuveitendasambandi Íslands.
Einn frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna.
Einn frá Stéttarsambandi bænda.
Einn frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.
Einn frá Bandalagi háskólamanna.
Einn frá Sambandi íslenskra bankamanna.
Einn frá Landssambandi lífeyrissjóða.

Jóhannes Nordal, seðlabankastjóri, hefur verið formaður Endurskoðunarnefndarinnar frá upphafi.

Jón Sigurðsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, var skipaður varaformaður nefndarinnar í upphafi, en Hallgrímur Snorrason, hagstofustjóri, tók sæti hans á árinu 1980.

Í upphafi voru nefndarmenn skipaðir af ráðherra. Við forföll hafa þeir sjálfir eða samtök þeirra tilnefnt staðgengla til að sitja einstaka fundi ellegar til frambúðar.

Við skipun Endurskoðunarnefndarinnar var ákveðið að innan hennar skyldi starfa sérstök nefnd. Nefnd þessi var upphaflega skipuð sjö mönnum, og voru það þeir fulltrúar, sem tilnefndir höfðu verið af Alþýðusambandinu, Vinnuveitendasambandinu og Vinnumálasambandinu í Endurskoðunarnefndina, svo og varaformaður Endurskoðunarnefndarinnar, sem formaður 7-manna nefndarinnar. Auk þess sem þessir nefndarmenn skyldu starfa innan Endurskoðunarnefndarinnar að meginverkefni hennar, gerð tillagna um nýskipan lífeyrismála í landinu, var 7-manna nefndinni ætlað að kanna málefni lífeyrisþega á samningssviði Alþýðusambands Íslands sérstaklega.

Á árinu 1977 varð sú breyting á skipan 7-manna nefnarinnar, að þegar Farmanna- og fiskimannasambandið gerðist aðili að samkomulagi Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins, tók sá fulltrúi, sem skipaður hafði verið í Endurskoðunarnefndina samkvæmt tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambandsins, jafnframt sæti í 7-manna nefndinni og var nefndin eftir það kölluð 8-manna nefndin, eða Lífeyrisnefnd ASÍ, FFSÍ, VSÍ og VMS.

Jón Sigurðsson og síðan Hallgrímur Snorrason hafa verið formenn 8-manna nefndarinnar samtímis því sem þeir voru varaformenn Endurskoðunarnefndarinnar, eins og að ofan var rakið.

Þann áratug, sem lífeyrisnefndirnar hafa starfað, hafa um 40 menn setið í þeim, ýmist sem aðalmenn eða varamenn, og að meðtöldum riturum og starfshópi nefndarinnar hafa á fimmta tug manna komið hér við sögu.

Nefndarmannatal er í lok þessara athugasemda.

Nefndarstarfið.

Starf Endurskoðunarnefndarinnar hefur að sjálfsögðu mjög mótast af því, hve fjölmenn hún er. Í reynd hefur nefndin starfað sem samræmingaraðili við endurskoðun lífeyriskerfisins á undanförum árum. Vegna þess að í henni sitja fulltrúar hagsmunasamtaka og lífeyrissjóða í landinu, hefur hún verið ákjósanlegur vettvangur til að kynna og fá fram afstöðu til frumvarpa og tillagna á sviði lífeyrismála, sem í undirbúningi hafa verið. Rétt er einnig að hafa í huga, að nefndin er ekki þannig samsett, að þar verði gerðar ályktanir með formlegri atkvæðagreiðslu, heldur hefur nefndin fyrst og fremst starfað sem ráðgefandi aðili, þar sem reynt hefur verið að samræma sjónarmið eftir því sem unnt hefur verið, en enginn verið bundinn af þeim niðurstöðum, sem frá nefndinni hafa komið.

Sú vinna, sem unnin hefur verið á vegum nefndarinnar, hefur fyrst og fremst verið í höndum undirnefnda og starfshópa. Þar hefur 8-manna nefndin skipt langmestu máli. Einnig hefur á vegum Endurskoðunarnefndarinnar unnið starfshópur, sem undirbúið hefur skýrslur og frumvarpsdrög fyrir nefndina.

Við starf sitt hafa lífeyrisnefndirnar notið liðsinnis ýmissa sérfræðinga, og hafa sumir þeirra átt sæti í Endurskoðunarnefndinni. Í þessu sambandi má einkum nefna þrjá tryggingastærðfræðinga, þá Guðjón Hansen, sem var formaður fyrrnefnds starfshóps nefndarinnar, dr. Pétur H. Blöndal, sem hefur annast alla útreikninga fyrir 8-manna nefndina, og Bjarna Þórðarson, sem hefur veitt 8-manna nefndinni mikla ráðgjöf um margvísleg atriði þessa frv.

Bókaðir fundir 17-manna nefndarinnar sjálfrar eru 30, en 8-manna nefndin hefur haldið um 140 fundi.

Auk þess meginverkefnis nefndarinnar að undirbúa gerð tillagna um nýskipan lífeyriskerfisins hefur hún haft afskipti af eða frumkvæði að setningu og breytingum ýmissa laga um lífeyrismál frá því að hún var sett á laggirnar. Hér er um að ræða:

Lög nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra. Nú lög nr. 2/1985.

Lög þessi komu í stað laga nr. 63/1971, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Meginnýmælið í lögum nr. 97/1979 er að þar er kveðið á um réttindi þeirra, sem hvorki áttu rétt samkvæmt reglunum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum ellegar ákvæðum laga um lífeyrissjóð bænda. Þar með var lágmarksréttur til eftirlauna gerður að almennum rétti fjölmenns hóps atvinnuteknafólks.

Lög nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Með lögum þessum eru sett ákvæði um skylduaðild atvinnuteknafólks að lífeyrissjóðum. Skyldu þessa þótti nauðsynlegt að lögfesta í kjölfar þess almenna réttar til eftirlauna, sem ákveðinn var í fyrrnefndum lögum nr. 97/1979.

Lög nr. 91/1980, um skráningu lífeyrisréttinda.

Hér er ákveðið að fjármálaráðuneytið skuli færa í eina heildarskrá lífeyrisréttindi allra landsmanna. Skráningin skal byggð á upplýsingum lífeyrissjóða. Lögum þessum er ætlað að tryggja almenningi greiðan aðgang að upplýsingum um lífeyrisaðild og að unnt sé að afla vitneskju um umfang þess tryggingakerfis, sem lífeyrissjóðirnir mynda í landinu. Framkvæmd laganna um skyldutryggingu lífeyrisréttinda byggist og á því, að unnt sé að kanna hvort iðgjöld hafi verið greidd svo sem lög og kjarasamningar segja til um.

Lög nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

Með lögunum er stofnaður lífeyrissjóður fyrir þá menn sem tryggingarskyldir eru samkvæmt ofangreindum lögum nr. 55/1980 en eiga ekki vísa aðild að öðrum lífeyrissjóðum. Söfnunarsjóðurinn tók við af Biðreikningi lífeyrissjóðsiðgjalda, sem starfað hafði frá því á árinu 1974 samkvæmt reglum, sem fjármálaráðuneytið setti án þess að lög væru sett um þá stofnun.

Ekki er ástæða til þess að rekja efni þessara laga nánar hér, en rétt er að leggja áherslu á það, að í þessari löggjöf í heild felst mjög veigamikil stefnumörkun um uppbyggingu lífeyriskerfisins hér á landi. Með henni hefur í reynd verið ákveðið, að allir skuli eiga aðild að lífeyrissjóðum og þeir þannig gerðir að öðrum meginstofni lífeyrisréttarkerfisins í landinu við hlið lífeyriskerfis almannatrygginga. Jafnframt hefur verið ákveðið að taka upp heildarskráningu lífeyrisréttinda og stofnaður hefur verið sérstakur sjóður, sem þeir geta átt aðild að, sem ekki eiga sjálfsagðan aðgang að þeim sjóðum, sem starfandi eru.

Mjög hefur á það skort, að fyrir hendi væri glöggt yfirlit um það kerfi lífeyrisréttinda, sem vaxið hefur upp hér á landi á undanförnum áratugum. Nefndin fól því sérstökum starfshópi að vinna að því að gera yfirlit um lífeyriskerfið, bæði til glöggvunar fyrir Endurskoðunarnefndina sjálfa og til upplýsingar fyrir aðra, sem um þessi mál fjalla. Í yfirlitinu er fjallað um lífeyriskerfi almannatrygginga og lífeyrissjóðanna, svo og bráðabirgðaráðstafanir, sem mælt er fyrir um í lögum um eftirlaun til aldraðra. Einnig er í skýrslunni sagt frá því, hvernig þessum málum er háttað í nágrannalöndunum (sjá nánar í skýrslu formanns Endurskoðunarnefndarinnar til fjármálaráðherra, maí 1985).

Löggjöf um lífeyrissjóði.

Eitt meginverkefni Endurskoðunarnefndarinnar hefur verið að láta gera drög að frumvarpi til laga um starfsemi lífeyrissjóða og leita samstöðu um slíkt frumvarp.

Með tilkomu laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda er það eðlilegt og raunar óhjákvæmilegt, að sett verði löggjöf, er kveði á um réttindi og lágmarksskyldur lífeyrissjóða, m.a. varðandi myndun lífeyrisréttinda, flutning réttinda milli sjóða svo og um vörslu, tryggingu og ávöxtun iðgjalda. Ennfremur vantar í lög öll ákvæði um skipulag, reikningshald og eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða, sem nú eru orðnir veigamikill þáttur í fjármálakerfi landsins.

Árið 1980 var sérstakur starfshópur settur á laggirnar til þess að vinna að samningu lagafrumvarps um þessi efni og voru fyrstu frumvarpsdrögin dagsett í apríl 1981. Voru þessi drög tekin til umfjöllunar í Endurskoðunarnefndinni, og í ljósi þeirra sjónarmiða, sem þar komu fram, voru drögin endurskoðuð af starfshópnum, og var síðasta gerð þeirra dagsett 12. apríl 1983. Í frumvarpsdrögum starfshópsins voru tillögur um lífeyrisiðgjöld og lífeyrisréttindi í meginatriðum byggð á gildandi ákvæðum í reglugerðum lífeyrissjóða en ekki gert ráð fyrir samræmdri réttindamyndun. Flestir fulltrúar í nefndinni hafa þó talið, að nauðsynlegt væri að skýr ákvæði væru um þessi efni í lögum um starfsemi lífeyrissjóða, auk þess sem áhersla hefur verið lögð á, að slík mál væru samningsefni aðila vinnumarkaðarins.

Þessi afstaða hefur komið skýrast fram hjá 8-manna nefnd ASÍ, FFSÍ, VSÍ, og VMS. Eitt meginsjónarmið 8-manna nefndarinnar í þessu máli hefur frá upphafi verið, að ófrávíkjanlegt væri að í löggjöf um starfsemi lífeyrissjóða yrðu ákvæði um samræmd lágmarksréttindi og iðgjaldsgreiðslur til lífeyrissjóða. Það hefur jafnframt verið krafa nefndarinnar að slík ákvæði tækju með sama hætti til allra lífeyrissjóða, hvort sem þeir starfa samkvæmt sérlögum eða á grundvelli almennra reglugerða. Að baki þessu býr, að nefndin og samtökin, sem að henni standa, telja óhjákvæmilegt að lífeyrisréttindi allra starfandi manna verði jöfnuð og samræmd. Þannig er þess krafist, að greiðsla sama lífeyrisiðgjalds af sambærilegum tekjum leiði til sömu lífeyrisréttinda. Er þá gert ráð fyrir, að skilyrði þess, að lífeyrissjóðir fái að starfa, verði að iðgjöld og réttindi standist á og sjóðir standi jafnan undir sér.

Þar sem hér er um kjaramál að ræða, sem varðar bæði kjör launþega meðan starfsævin varir og að henni lokinni, hefur nefndin lagt áherslu á, að lífeyrisréttindi og iðgjöld séu samningsefni aðila vinnumarkaðarins. Nefndin og samtökin, sem að henni standa, hafa því talið eðlilegt, að lágmarksákvæði í þessum efnum verði ekki í lög leidd fyrr en að undangengum samningum samtaka launafólks og atvinnurekenda um málið.

Þau ákvæði um lífeyrisréttindi og iðgjöld, sem gert var ráð fyrir í frumvarpsdrögum starfshóps 17-manna nefndarinnar voru ófullnægjandi að mati 8-manna nefndarinnar. Ástæðurnar eru þær, að þessi ákvæði tryggja ekki þá jöfnun og samræmingu réttinda, iðgjalda og iðgjaldsstofns, sem nefndin telur óhjákvæmilega. Sú tillaga sem þar er gerð um iðgjaldshlutfall, var sett fram með hliðsjón af núverandi iðgjöldum og framlögum til lífeyriskerfisins en studdist ekki við athugun á kostnaði af æskilegum lífeyrisréttindum.

8-manna nefndin hafði þegar á árinu 1981 beitt sér fyrir því að hafist var handa við gerð könnunarreikninga á mismunandi kostum í lífeyrismálum. Í tengslum við tillögur starfshóps Endurskoðunarnefndarinnar lagði 8-manna nefndin mjög aukna áherslu á þetta verk á árinu 1983 og lét þá semja umfangsmikið reiknilíkan til aðstoðar við gerð heildartillagna um lágmarkslífeyri og iðgjöld. Ákveðið var, að Endurskoðunarnefndin fylgdist með framvindu þessa verks og biði eftir niðurstöðum þess. Á árunum 1983–1986 var þannig unnið mikið á vegum 8-manna nefndarinnar að könnun og útreikningum á ýmsum kostum í lífeyrismálum svo og að gerð tillagna um lífeyrisréttindi og iðgjöld. Ýmsar niðurstöður þessa verks lágu raunar fyrir á árinu 1985 og voru kynntar í Endurskoðunarnefndinni og í skýrslu formanns

hennar til fjármálaráðherra. Þetta starf náði þeim áfanga í febrúar 1986, að ASÍ, VSÍ og VMS féllust á tillögur 8-manna nefndarinnar í meginatriðum og staðfestu þá stefnumörkun í kjarasamningi sínum. Ennfremur var um það samið, að iðgjaldsgreiðslur yrðu auknar í áföngum á árunum 1987–1990 frá því að miðast við dagvinnulaun eins og nú er algengast, í það að iðgjöld yrðu greidd af öllum launum. Eru ákvæði þessa frumvarps um réttindi og iðgjöld reist á grundvelli þessara samninga.

Framvinda og staða lífeyrismála.

Undanfarna áratugi hafa orðið miklar breytingar á starfsemi lífeyrissjóða, ýmist vegna lagasetningar um lífeyrismál almennt eða vegna breytinga á lögum og reglugerðum einstakra lífeyrissjóða. Þá hefur orðið gerbreyting í fjárhagslegum efnum, og jafnframt hafa viðhorf til lífeyrismála breyst í grundvallaratriðum.

Er verðbólga færðist í aukana fyrir miðjan áttunda áratuginn, beindist umræða um málefni lífeyrissjóða æ meir að þeim mismun, sem var á verðtryggingu lífeyris eftir sjóðum. Annars vegar voru sjóðir opinberra starfsmanna og fáeinir aðrir sjóðir, sem greiddu lífeyri í hlutfalli við laun á hverjum tíma og höfðu að jafnaði ríki, sveitarfélög eða einstök fyrirtæki að bakhjarli sem ábyrgðaraðila. Hins vegar voru svo sjóðir, sem engan slíkan bakhjarl höfðu og greiddu lífeyri, eins og hann var upphaflega úrskurðaður, ásamt uppbótum í takmörkuðum mæli. Þá voru lífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra einungis verðtryggðar að takmörkuðu leyti. Úr því var bætt með samkomulagi samtaka launþega og vinnuveitenda í febrúar 1976 þess efnis, að lífeyrir samkvæmt lögunum skyldi verðtryggður þannig, að lífeyrissjóðir á samningssviði þessara aðila kostuðu þá hækkun lífeyris, sem af því hlytist, að lífeyririnn breyttist jafnaðarlega til samræmis við launahækkanir. Svipaðar verðtryggingarreglur voru settar um greiðslur til aldraðra bænda samkvæmt II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda.

Verðtryggingarreglurnar frá 1976 hafa haft í för með sér aukna verðtryggingu greiðslna úr lífeyrissjóðum langt út fyrir þann hóp, sem rétt á samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra eða II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda. Munu nú langflestir sjóðir, sem ekki er beinlínis skylt að láta lífeyrisfjárhæðir fylgja breytingum á launum eða kauptöxtum, greiða uppbætur í samræmi við nefnt samkomulag með þeim breytingum, sem síðar hafa verið á því gerðar.

Í framhaldi af fyrirheiti ríkisstjórnarinnar við gerð kjarasamninga 1977 voru árið 1979 sett lög, nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra, er komu í stað laganna um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Með samþykkt laganna nr. 97/1979 fjölgaði þeim verulega, sem réttindi gátu öðlast, og atvinnutekjur almennt gátu orðið grundvöllur lífeyrisréttar, en ekki einungis launatekjur, sem féllu undir kjarasamninga verkalýðsfélaga, eins og áður hafði verið. Eftirlaunalögin, sem upphaflega var ætlað að gilda um 15 ára skeið, þ.e. árin 1970–1984, hafa nú verið framlengd til ársloka 1989 með lögum nr. 2/1985.

Með lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, var komið á skyldu fyrir alla, sem tekjur hafa af atvinnu, til að tryggja sér réttindi í lífeyrissjóði. Lagasetning þessi kom í beinu framhaldi af áðurnefndum lögum nr. 97/1979, og í athugasemdum, er lagafrumvarpinu fylgdu, var á það bent, að í kjölfar slíkrar almennrar tryggingarskyldu þyrfti að koma löggjöf um réttindi og lágmarksskyldur lífeyrissjóða.

Af hinni almennu þátttöku í lífeyrissjóðum hefur leitt, að sífellt verður algengara, að menn eigi geymd réttindi í einum eða fleiri sjóðum, sem þeir greiða ekki lengur iðgjöld til. Við þessu hafa sjóðirnir brugðist með tvennum hætti. Annars vegar hafa þeir dregið mjög úr eða jafnvel fellt alveg niður lágmarksskilyrði um iðgjaldsfjárhæðir og iðgjaldsgreiðslutíma, sem veitt getur rétt til lífeyris. Hins vegar hafa þeir gert með sér samskiptasamning, þar sem kveðið er á um, að litið skuli á réttindi sem samfelld, þótt menn skipti um sjóð, svo og um

flutning minni háttar réttinda milli sjóða, þegar til lífeyrisgreiðslu kemur. Hálfur fimmti tugur sjóða mun nú eiga aðild að þessu samkomulagi, og raunar eru svonefndir SAL-sjóðir, um 30 talsins, tengdir enn nánari böndum þannig, að félagar þeirra eru að miklu leyti eins settir og þeir væru í einum og sama sjóði.

Fyrir tveimur áratugum komu fram hugmyndir um einn allsherjar lífeyrissjóð, aðallega að sænskri og norskri fyrirmynd. Þegar lífeyrissjóðir urðu fyrir gífurlegu eignatjóni á hinum miklu verðbólguárum áttunda áratugarins og aukin verðtrygging lífeyris varð stöðugt brýnni, komu ennfremur fram tillögur um, að horfið skyldi frá sjóðmyndun í lífeyriskerfinu og myndaður einn allsherjarsjóður, byggður á svo nefndu gegnumstreymi. Gagnger umskipti í ávöxtunarmálum, nauðsyn aukins innlends sparnaðar og fyrirsjáanleg aukin byrði af gegnumstreymiskerfi, þegar illa árar eða hlutfall milli mannfjölda á lífeyrisaldri og starfsaldri hækkar, hafa hins vegar verið meðal þeirra sjónarmiða, sem breytt hafa viðhorfum manna. Þetta kemur skýrt fram í þessu frumvarpi en í því er gert ráð fyrir lífeyriskerfi, byggðu á starfsemi margra sjóða, sjóðmyndun og á grunni þess kerfis, sem landsmenn búa nú við.

Í íslenskri löggjöf eru aðeins örfá ákvæði er varða starfsemi lífeyrissjóða almennt. Má þar fyrst nefna D-lið 30. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og hliðstæð ákvæði eldri skattalaga, en á grundvelli þeirra hefur fjármálaráðuneytið, með reglugerð nr. 245/1963, sbr. reglugerð nr. 307/1968 og reglugerð nr. 167/1970, sett ákvæði um ávöxtun fjár lífeyrissjóða, staðfest reglugerðir þeirra og fylgst nokkuð með starfsemi þeirra. Lagaákvæði þessi eru afar fábrotin, og hafa afskipti ráðuneytisins af lífeyrissjóðum að verulegu leyti helgast af starfsvenjum. Ennfremur má geta ákvæða laga nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra, um skyldu lífeyrissjóða til að leggja fram fé til greiðslu lífeyris samkvæmt þeim lögum og lagaákvæði um skyldu lífeyrissjóða til að kaupa skuldabréf af ríkissjóði og fjárfestingarlánasjóðum, sbr. lög nr. 82/1977 og lög nr. 50/1980. Loks má geta nýgerðrar breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins þar sem kveðið er á um að lánsréttur manna ráðist af kaupum lífeyrissjóða á skuldabréfum Húsnæðisstofunnar.

Starfsemi lífeyrissjóða hér á landi er fyrir löngu orðin svo veigamikil, bæði frá félagslegu og efnahagslegu sjónarmiði, að þörf er löggjafar um hana ekki síður en t.d. um vátryggingarstarfsemi. Þá hefur þróun lífeyrismála undanfarin ár gert lagasetningu á þessu sviði enn brýnni. Með samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og lögum frá Alþingi hafa lífeyrissjóðsréttindi orðið æ almennari, og víðtækt samkomulag hefur náðst um mjög aukna verðtryggingu lífeyrisgreiðslna. Með áðurnefndum lögum nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra, voru réttindi samkvæmt eldri lögum frá 1971 gerð að almennum réttindum að því leyti, að skilyrði hinna eldri laga um aðild að verkalýðsfélagi og tegund atvinnutekna, er veitt gátu rétt, voru felld niður. Verða þessi lög að teljast mikilvægur áfangi á leið til almennari lífeyrissjóðsréttinda. Næsti áfangi í þessum málum og í beinu framhaldi af samþykkt laganna um eftirlaun til aldraðra var setning þrennra laga, laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, laga nr. 91/1980, um skráningu lífeyrisréttinda, og laga nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

Með lögunum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda var komið á skyldu fyrir alla, sem tekjur hafa af atvinnu, til að tryggja sér réttindi í lífeyrissjóði. Þeim sem að lagasetningu þessari unnu var ljóst, að hin fáorðu ákvæði laganna um þetta efni voru engan veginn fullnægjandi lausn. Að þessu er vikið í athugasemdum 8-manna lífeyrisnefndarinnar, sem fylgdu lagafrumvarpinu er það var lagt fram á Alþingi, en þar segir m.a. svo: „Það er því bæði eðlilegt og raunar óhjákvæmilegt eftir að skyldutrygging lífeyrisréttinda hefur verið lögfest með þeim hætti, sem hér er lagt til, að sett verði löggjöf sem kveði á um réttindi og lágmarksskyldur lífeyrissjóða, meðal annars hvað varðar myndun lífeyrisréttinda, flutning réttinda milli sjóða, vörslu, tryggingu og ávöxtun iðgjalda auk þess sem kveðið verði á um bókhald og reikningsskil sjóða.“

Framangreinda tryggingarskyldu má nú uppfylla með iðgjaldsgreiðslum til hvaða lífeyrissjóðs sem vera skal að því tilskildu að það brjóti ekki í bága við kjarasamninga eða lög og reglugerðir einstakra lífeyrissjóða. Má heita að um sé að ræða eins konar löggildingu allra starfandi lífeyrissjóða að þessu leyti, án tillits til hvernig iðgjaldsgreiðslum til þeirra og bótaákvæðum er háttað. Eðlileg afleiðing þessa er sú, að lagasetning um starfsemi lífeyrissjóða hefur annan og meiri tilgang hér á landi en í nágrannalöndunum, þar sem aðstæður í lífeyrismálum eru aðrar. Þar er hvarvetna með skattívilnunum stuðlað að starfsemi lífeyrissjóða og öðrum lífeyristryggingum á vegum fyrirtækja og stéttarfélaga. Með löggjöf um slíka starfsemi er henni jafnframt settur rammi, og leitast er við að tryggja að réttur einstakra þátttakenda sé ekki fyrir borð borinn. Á hinn bóginn eru ekki sett nein lágmarksskilyrði um viðfangsefni slíkra sjóða eða tryggingar, þar eð þeim er einungis ætlað að koma til viðbótar þeim réttindum sem mönnum eru almennt tryggð með lögboðnu allsherjarkerfi. Sé allsherjarkerfið talið tiltölulega fullkomið miðast viðbótarréttindin oft við tiltekin afmörkuð svið, þar sem allsherjarkerfinu er talið ábótavant frá sjónarmiði hlutaðeigandi stéttar eða starfshóps. Að sjálfsögðu breytast viðhorf í þessum efnum eins og á öðrum sviðum félagsmála. Þróunin er að jafnaði með þeim hætti, að fyrst eftir að allsherjarkerfi hefur verið komið á eða réttindi í því hafa verið aukin til muna kveður tiltölulega lítið að viðbótarréttindum, en síðan fjölgar þeim smám saman sem tryggja sér réttindi umfram það sem lög ákveða, uns því stigi er náð, að rétt þykir að breyta á ný allsherjarkerfinu.

Í árslok 1980 töldust vera 96 starfandi lífeyrissjóðir hér á landi, þar af sex lögboðnir, en 90 sjóðir höfðu hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytisins. Sextán sjóðir voru með 100 starfandi sjóðfélaga eða færri innan vébanda sinns, og hjá sumum þessara sjóða er um sáralitla starfsemi að ræða. Má segja, að eiginlegir lífeyrissjóðir séu 80 til 90 talsins, og um þessar mundir virðist tilhneiging vera til fækkunar sjóða. Þá hefur allstór hópur sjóða með sér svo nána samvinnu og starfar eftir svo ámóta reglum, að gagnvart sjóðfélögum koma þeir nánast fram sem einn sjóður með mörgum útibúum.

Um starfsemi lífeyrissjóða undanfarna áratugi, stöðu þeirra, tengsl við aðra þætti lífeyriskerfisins o.fl. skírskotast til áðurnefnds yfirlits um lífeyriskerfið.

Um lífeyriskerfi og löggjöf um lífeyrissjóði í nokkrum nágrannalöndum.

Í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð skiptast lögboðnar almennar lífeyristryggingar í grunntryggingu, hliðstæða lífeyristryggingum almannatrygginga hér á landi, og viðbótartryggingu í almennum lífeyrissjóði eða allsherjarkerfi lífeyrissjóða. Það er sameiginlegt með þessum löndum, að hinni lögboðnu grunntryggingu var komið á löngu á undan viðbótartryggingunni, sem jafnframt er mjög mismunandi að eðli og uppbyggingu.

Í **Danmörku** var almennri viðbótartryggingu komið á með lögum árið 1964. Tryggingin tekur með nokkrum undantekningum til allra launþega. Iðgjöld eru fastar tiltölulega lágar vikugreiðslur og bótagreiðslur, sem ákvarðast af iðgjaldagreiðslutíma, og verða að teljast mjög lágar í hlutfalli við bætur grunntryggingarinnar. Á árunum kringum 1970 var stofnun allsherjarlífeyrissjóðs í líkingu við hinar almennu viðbótartryggingar í Noregi og Svíþjóð mjög á dagskrá í Danmörku, en úr því hefur ekki orðið. Mikið kveður að lífeyrissjóðum og öðrum lífeyristryggingum sem stofnað hefur verið til samkvæmt kjarasamningum eða fyrirheitum af hálfu fyrirtækja til handa starfsmönnum. Koma réttindi þessi til viðbótar réttindum hjá hinum lögboðnu almennu dönsku tryggingum, grunntryggingu og almennri viðbótartryggingu.

Dönsk löggjöf um lífeyrissjóði og eftirlit með þeim er frá árinu 1935. Lögum þessum hefur verið breytt í tímans rás, en um grundvallarbreytingar hefur ekki verið að ræða. Við lagasetninguna voru fyrst og fremst höfð í huga lífeyrisréttindi, sem einstök einkafyrirtæki tryggja starfsmönnum sínum, og tilgangur laganna var m.a. sá að halda fé, sem lagt er til

hliðar og standa á undir lífeyrisskuldbindingum, aðskildu frá eignum fyrirtækisins og vernda það gegn skuldheimtumönnum þess. Eftirlit með lífeyrissjóðum er í höndum tryggingaráðs, en það annast einnig eftirlit með starfsemi tryggingafélaga í Danmörku.

Í **Finnlandi** hefur almennri viðbótartryggingu verið komið á í áföngum. Aðallega eru það fern lög sem kveða á um réttindi manna í þessum efnum, lög frá 1961 um lífeyri launþega, lög frá 1962 um lífeyri launþega við skammtímastörf, lög frá 1969 um lífeyri bænda og lög frá sama ári um lífeyri manna við sjálfstæð störf. Að auki eru sérlög um lífeyrisréttindi ýmissa hópa sem undanþegnir eru hinni almennu launþegatryggingu, svo sem starfsmenn ríkisins, sveitarfélaga og kirkjunnar. Nokkrir lífeyrissjóðir, sem starfandi voru fyrir gildistöku ofangreindra laga um almenn lífeyrissjóðsréttindi launþega, eru því orðnir hlutar hins almenna kerfis. Af þessum sökum eru skilin milli hinnar lögboðnu almennu viðbótartryggingar og annarra viðbótartrygginga (frjálsra lífeyrissjóða o.fl.) önnur og ógleggri í Finnlandi en annars staðar á Norðurlöndum.

Finnsk löggjöf um lífeyrissjóði og eftirlit með þeim er frá árinu 1942. Heiti laganna er lög um styrktarsjóði, og auk lífeyrissjóða taka þau til sjóða sem veita sjúkrahjálp og atvinnuleysisbætur. Samkvæmt lögum er eftirlit með lífeyrissjóðum í höndum heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytisins, en eftir tilkomu hinnar lögboðnu almennu viðbótartryggingar hefur ráðuneytið að hluta falið svonefndri Lífeyristryggingamiðstöð, sem hefur umsjón með skyldutryggingunni, að annast eftirlitsstörf og skráningu.

Í **Noregi** var almenn viðbótartrygging lögfest árið 1966. Tekur hún bæði til launþega og manna við sjálfstæð störf. Þáttur þessarar almennu viðbótartryggingar í heildarútgjöldum til lífeyris er ört vaxandi, en starfsemi frjálsra lífeyrissjóða og hliðstæðra trygginga beinist að verulegu leyti að því að veita réttindi vegna tíma fyrir stofnun hins almenna sjóðs.

Sérstök lög um starfsemi lífeyrissjóða og eftirlit með þeim hafa ekki verið sett í Noregi, en um þá hafa verið settar ítarlegar reglur samkvæmt ákvæðum í skattalögum. Reglur þessar eru frá árinu 1968 og í þeim er leitast við að takmarka þau réttindi, sem lífeyrissjóðir veita, við það sem hæfilegt þykir. Þannig er óheimilt nema með sérstakri undanþágu að kveða á um greiðslu ellilífeyris frá lægri aldri en 67 ára, og óheimilt er að miða rétt til örorkulífeyris við minni örorku en 25%. Eftirlit er í höndum tryggingaráðs sem lögum samkvæmt annast eftirlit með starfsemi tryggingafélaga í Noregi.

Í **Svíþjóð** voru árið 1959 sett lög um almenna viðbótartryggingu sem tekur bæði til launþega og manna við sjálfstæð störf, en hinir síðarnefndu geta þó beðist undan tryggingunni. Þótt starfsemi frjálsra lífeyrissjóða og hliðstæðra trygginga beinist að talsverðu leyti að réttindum vegna tíma fyrir tilkomu hinnar almennu viðbótartryggingar, kveður samt allmikið að öðrum lífeyristryggingum á vegum lífeyrissjóða og hliðstæðra stofnana.

Sænsk löggjöf um lífeyrissjóði og eftirlit með þeim er frá árinu 1972. Heiti laganna er lög um styrktarfélög, og auk lífeyristrygginga taka þau til annarra persónutrygginga, t.d. sjúkratrygginga, þó að undanskildum atvinnuleysistryggingum. Samkvæmt lögunum annast tryggingaeftirlitið sænska eftirlit með lífeyrissjóðum.

Í **Bretlandi** voru sett lög um almenna viðbótartryggingu árið 1975, og tekur hún einungis til launþega. Einstök fyrirtæki geta samið sig út úr þessari tryggingu, enda veiti þau þá starfsmönnum sínum eftirlaunatryggingu, er eigi sé lakari, og fái staðfesta reglugerð um slíka tryggingu. Hið lögboðna tvíþætta breska lífeyriskerfi er því fólgið í grunntryggingu, sem tekur til allra landsmanna, og viðbótartryggingu til handa launþegum, sem veitt er annað hvort af hinni almennu viðbótartryggingu eða af lífeyrissjóðum og tryggingarfélögum samkvæmt sérstakri staðfestingu. Í lögunum um almenna viðbótartryggingu frá 1975 eru

ítarleg ákvæði um starfsemi sjóða, sem taka að sér verkefni hins almenna viðbótarkerfis, og þar eru einnig nokkur ákvæði um aðrar lífeyristryggingar á vegum fyrirtækja. Sérstök eftirlaunanefnd hefur umsjón með framkvæmd laganna.

Í **Vestur-Þýskalandi** er lögboðin skyldutrygging í formi lífeyrissjóða, en um grunntryggingu, hliðstæða lífeyristryggingum almannatrygginga hér á landi, er ekki að ræða (slík grunntrygging, sem veitir réttindi á grundvelli búsetu en án tillits til hvort menn hafa aflað atvinnutekna og greitt af þeim iðgjöld, mun raunar ekki vera til í öðrum Evrópulöndum en Bretlandi og Norðurlöndum). Þorri þýskra launþega er lögum samkvæmt annað hvort í lífeyristryggingu verkamanna eða lífeyristryggingu verslunar- og skrifstofufólks. Auk launþega nær tryggingarskyldan til ýmissa þeirra sem stunda sjálfstæða starfsemi og taldir eru í svipaðri aðstöðu og hinir tryggðu launþegar. Þá eru sérstök lög um lífeyristryggingu námumanna, opinberra starfsmanna og bænda. Auk þessara trygginga, sem einu nafni má nefna hið almenna kerfi, eru starfandi lífeyrissjóðir fyrir einstakar stéttir sem utan við standa, svo sem lækna, málflutningsmanna og arkitekta. Þá tryggir fjöldi fyrirtækja, ýmist í lífeyrissjóðum eða hjá tryggingarfélögum, starfsmönnum sínum réttindi umfram þau sem hinar lögboðnu tryggingar veita, og loks má nefna lögákveðin lífeyrisréttindi fyrrverandi hermanna og stríðsfanga og ýmiss konar viðbótarréttindi samkvæmt lögum einstakra ríkja sambandslýðveldisins eða samkvæmt kjarasamningum.

Í lögum frá 1974 um bætta ellitryggingu starfsmanna fyrirtækja eru ýmis ákvæði er leggja skyldur á þýska lífeyrissjóði og þýsk fyrirtæki, sem tryggja starfsmönnum sínum lífeyri umfram það sem hið almenna kerfi veitir.

Efni frumvarps þessa.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að sett verði heildstæð og samræmd löggjöf um starfsemi lífeyrissjóða. Er lagt til, að lögfest verði ákvæði um lágmarksskyldur og réttindi lífeyrissjóða og sjóðfélaga, þ.e. um greiðslu iðgjalda, ávöxtun þeirra og tryggingu og myndun lífeyrisréttinda en jafnframt taki löggjöfin til skipulags, reikningshalds og opinbers eftirlits með sjóðunum. Setning heildarlöggjafar af þessu tagi þykir eðlileg vegna hinnar viðamiklu starfsemi lífeyrissjóðanna og hinna miklu fjármuna, sem hér eru í húfi, og raunar er slík lagasetning óhjákvæmileg þar sem í gildi eru lög, sem skylda alla þá sem hafa tekjur af atvinnu til greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóða.

Það lífeyriskerfi, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., er í meginatriðum miðað við núverandi kerfi lífeyristrygginga hér á landi. Er þá reiknað með, að almannatryggingar annist grunntryggingar í lífeyriskerfinu eins og nú er, og greiði m.a. áfram elli- og örorkulífeyri, sem sé óháður tekjum manna á starfsævinni. Til viðbótar þessu grunnkerfi starfi svo lífeyrissjóðir og láti starfsemi þeirra einni löggjöf, sem taki með sama hætti til allra sjóða og skyldi þá m.a. til að veita elli- og örorkulífeyri, sem er háður iðgjaldsgreiðslum og þar með tekjum manna á starfsævinni. Er í frv. þessu lagt til, að lögfest sé lágmarksskylda til greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóða og á móti þeim lágmarksgreiðslum standi ákveðin lágmarksmyndun lífeyrisréttinda, og sé hvort tveggja eins hjá öllum lífeyrissjóðum.

Rauði þráðurinn í þessu frv. er sá, að allir lífeyrissjóðir láti sömu starfsskilyrðum og starfsskyldum, þeir taki að lágmarki við jafnmiklum iðgjöldum í hlutfalli við tekjur manna og greiði jafnmikinn lífeyri í hlutfalli við iðgjaldagreiðslur.

Einstakir kaflar frumvarpsins.

Frumvarp þetta skiptist í ellefu kafla. Hér á eftir verður gerð grein fyrir efni hvers kafla en að lokum fara sérstakar greinargerðir um vanda lífeyrissjóða og lífeyrisþega vegna fortíðarinnar, um áætlanir um iðgjaldstekjur og kostnað af lífeyrisréttindum og um ellilífeyrisréttindi skv. frv. þessu.

I. kafli kveður einkum á um gildissvið laganna. Í 1. gr. eru afdráttarlaus og óundanþæg ákvæði um að lögin gildi um alla lífeyrissjóði, þ.á m. um lögboðna sjóði. Þetta hefur í för með sér, að nauðsynlegt verður að fella úr gildi eða breyta lögum um nokkra lífeyrissjóði og mikil breyting verður á starfsemi sumra þeirra. Hér er um að ræða lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, þ.m.t. deild alþingismanna og ráðherra, Lífeyrissjóð ljósmæðra, Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, Lífeyrissjóð bænda, Lífeyrissjóð sjómanna og Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Þá er í I. kafla kveðið á um, að lögin taki eingöngu til lífeyrissjóða en ekki til sjúkra- eða styrktarsjóða. Gert er ráð fyrir að lífeyrissjóðir séu tvenns konar, þ.e. svonefndir skyldusjóðir og frjálsir sjóðir. Er hinum fyrrnefndu ætlað að veita viðtöku iðgjöldum, svo að uppfyllt séu lagafyrirmæli um tryggingarskyldu í lífeyrissjóðum fyrir alla þá sem hafa tekjur af atvinnu, en frjálsu sjóðunum er ætlað að taka við iðgjöldum og veita réttindi umfram það sem mönnum er tryggt í hinu tvíþætta skyldukerfi almannatrygginga og skyldulífeyrissjóða. Flest ákvæði frumvarpsins taka jafnt til skyldusjóða og frjálsra sjóða. Ákvæði II. kafla um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og III. kafla um lífeyrisréttindi taka þó eingöngu til skyldusjóða.

Í **II. kafla** eru tillögur um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og iðgjöld til lífeyrissjóða. Hér er lagt til að ákvæði um skyldutryggingu, sem nú eru í lögum nr. 55/1980, verði felld inn í lög um starfsemi lífeyrissjóða. Að þessu leyti eru ákvæði II. kafla efnislega hin sömu og gildandi ákvæði. Á hinn bóginn er hér að tvennu leyti gengið mun lengra en í gildandi lögum og í reglugerðum lífeyrissjóða, þar sem í frv. þessu eru gerðar tillögur um hvort tveggja, að iðgjöld til allra skyldusjóða verði greidd með sama hætti af öllum greiddum launum og iðgjaldshlutfall verði hið sama að lágmarki hjá öllum sjóðum, eða 10%. Þessar tillögur eru að hluta reistar á þeim samningi, sem ASÍ, VSÍ og VMS gerðu með kjarasamningi sínum í lok febrúar 1986 þess efnis, að iðgjaldsstofn skyldi aukinn í áföngum úr því að miðast við dagvinnulaun hjá flestum sjóðum nú í það að miðast við öll laun. Fyrsti áfangi þessa samnings tók gildi 1. janúar 1987 og frá og með 1. janúar 1990 á hann að taka gildi að fullu og iðgjöld að greiðast af öllum launum.

Rétt er að vekja athygli á, að lagt er til að kveðið sé á um lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs. Í þessu felst að heimilt verður að semja um hærra iðgjald og þar með tilsvarandi meiri réttindi en gert er ráð fyrir í frv., eða með öðrum orðum um aðra skiptingu þeirra tekna, sem menn fá á starfsævinni og eftir að henni lýkur. Samningar um hærri iðgjöld þyrftu þó ekki að miðast eingöngu við að auka lífeyristekjur heldur gætu einnig beinst að því að möguleiki væri að hefja töku lífeyris fyrr en við hið almenna aldursmark án þess að það kæmi niður á lífeyrisgreiðslum. Reglugerðarákvæði, sem byggðust á slíkum samningum, yrðu hins vegar háð staðfestingu lífeyrissjóðaeftirlitsins skv. VII. kafla og yrðu að byggjast á þeirri meginreglu þessa frv. að sjóðir verði jafnan að geta staðið undir skuldbindingum sínum, þ.e. lífeyrisloforðum, með ávöxtuðum iðgjaldstekjum. Til viðbótar því sem hér hefur verið rakið má benda á, að auk þess sem heimilt verður að semja um hærra iðgjald en gert er ráð fyrir að lágmarki, verður ennfremur heimilt að semja um skiptingu iðgjaldsins milli launþega og atvinnurekenda. Rétt er að menn hafi þetta ríkt í huga við umræður um lífeyrismálefni opinberra starfsmanna, eins og vikið verður að síðar.

Í **III. kafla** er kveðið á um lífeyrisréttindi þau sem lífeyrissjóðum er skylt að veita á móti þeim iðgjöldum, sem kveðið er á um í II. kafla laganna. Hér er lagt til, að með iðgjaldsgreiðslum ávinni menn sér rétt til ellilífeyris, örorkulífeyris, makalífeyris og barnalífeyris, eins og nú er hjá flestum lífeyrissjóðum. Í tillögum III. kafla felast margvísleg nýmæli. Í fyrsta lagi má nefna að lagt er til, að öll sömu ákvæði um lífeyristegundir, lífeyrisaldur, ávinning réttinda, flýtingu eða seinkun á töku lífeyris o.s.frv. gildi fyrir alla sjóði og nái með sama hætti til allra starfandi manna. Lágmarksréttindi sjóðanna eiga því að vera algerlega samræmd þannig að lágmarksiðgjöld greidd sjóðunum eiga að skila sömu lágmarksréttindum, án tillits til þess í hvaða sjóði menn eru og hvort sem iðgjöld þeirra

renna til eins eða fleiri sjóða. Lagt er til að allir sjóðir verði að vera þess megnugir að veita ákveðin lágmarksréttindi ellegar fái þeir ekki að starfa. Auk þess er gert ráð fyrir í III. kafla að sjóðir geti ákveðið að auka réttindi umfram þau lágmörk, sem sett eru, ef fjárhagsstaða þeirra reynist gefa tilefni til þess.

Um lágmarksréttindin sjálf er nánar fjallað í sérstökum kafla hér á eftir en við athugun þeirra tillagna verður að hafa í huga, að hér er um að ræða tillögur um það hvaða réttindum megi að jafnaði ná fyrir 10% iðgjald, þegar litið er til mögulegrar ávöxtunar eigna og gert ráð fyrir að hið nýja kerfi nái strax til allra manna, sem hafa tekjur af atvinnu. Í þessu felst í reynd enginn dómur um það, hvort þau ellilífeyrisréttindi, sem gert er ráð fyrir, séu hæfileg eða fullnægjandi. Þessar tillögur hefur 8-manna lífeyrisnefndin nálgast með þeim hætti að kanna sennilegan kostnað af lífeyrisréttindum og deila því fé, sem líklegt má telja að verði til ráðstöfunar í heild í lífeyrissjóðunum, niður á hinar fjórar tegundir lífeyris. Ein meginniðurstaða athugana 8-manna nefndarinnar er sú, að fyrir lífeyrissjóðakerfið í heild standi 10% iðgjald ekki undir lífeyrisloforðum, eins og þau eru nú. Með þeim réttindum, sem nefndin setur fram í þessu frv., telur hún að gefin sé raunhæf mynd af samhengi iðgjalds og réttinda. Samkvæmt núgildandi reglugerðum flestra lífeyrissjóða á samningssviði ASÍ, FFSÍ, VSÍ og VMS ávinna menn sér í ellilífeyrisréttindi 1,8% af tryggðum tekjum á ári með 30 ára starfi eða skemmra, en 1,575% með 40 ára starfi og 1,44% með 50 ára starfi. Þessar tölur má bera saman við það lágmark ellilífeyrisréttinda, sem hér er gert ráð fyrir, 1,45% á ári. Þetta hlutfall er miðað við 10% iðgjaldshlutfall en ljóst er, að eftir forsendum nefndarinnar mætti ná 1,8% á ári með 12% iðgjaldi. Nefndin telur hins vegar, að ákvörðun iðgjaldshlutfalls sé viðfangsefni kjarasamninga og miðar því tillögur sínar við það iðgjaldshlutfall, sem nú er samningsbundið á almennum vinnumarkaði.

Á sama hátt og hvað lágmarksréttindi snertir eru í III. kafla gerðar tillögur um af lífeyrisaldur verði samræmdur og verði hinn sami í öllum sjóðum. Er lagt til að hið almenna aldursmark verði sett 70 ár, en jafnframt sé heimilt að fresta töku lífeyris og njóta þá hærri lífeyris, eða að hefja töku lífeyris fyrr, en þá yrði hann lægri en ella. Meginreglan er sú, að frestun eða flýting hafi ekki áhrif á útgjöld sjóðanna. Hvað flýtingu varðar er lagt til, að við sérstakar aðstæður megi hefja töku lífeyris allt frá 60 ára aldri, en þá með sömu skilyrðum og áður, þ.e. að lífeyririnn verði þeim mun lægri sem nemur því að hann er greiddur í fleiri ár en ella, að sjóðurinn missir iðgjaldatekjur fyrr en ella og að iðgjöld sjóðfélaga ná minni ávöxtun en ella. Þessi heimild tekur m.a. mið að ákvæðum í lögum um Lífeyrissjóð sjómanna. Á hinn bóginn rekast þær reglur, sem lagt er til að gildi um lækkun lífeyris, sem tekinn er áður en 70 ára aldri er náð, á þessi sömu ákvæði í lögum um Lífeyrissjóð sjómanna svo og á ákvæði um lífeyrisaldur í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sem yrðu þar með ógild og nauðsynlegt verður að breyta. Í þessu sambandi má minna á, eins og áður hefur verið rætt um, að ekkert er því til fyrirstöðu skv. þessu frv. að samið verði um að fá hærri lífeyri fyrr en hér er gert ráð fyrir, svo fremi að slík viðbótarréttindi séu fjármögnuð með viðbótariðgjaldi umfram 10% lágmarkið.

Önnur nýmæli, sem felast í tillögum III. kafla frv. eru þau, að gert er ráð fyrir að lífeyrisréttindi og lífeyrir fylgi breytingum lánskjaravísitölu en ekki kauptöxtum eða launum eins og nú tíðkast. Meginatriði þessarar tillögu er að með þessum hætti verða lífeyrisréttindin tengd með beinum og opinskáum hætti við þá vísitölu, sem verðtrygging eigna lífeyrissjóðanna miðast yfirleitt við. Þannig er reynt að hafa samræmi milli tryggingar á eignum sjóðanna og varðveislu lífeyrisréttinda einstaklinga. Réttindin sjálf eru reiknuð á þessum grundvelli og miðuð við ákveðna raunávöxtun eigna sjóðanna. Tengsl réttinda og launa haldast áfram gegnum iðgjaldsgreiðslur meðan starfsævin varir, en á hinn bóginn eru með þessu rofin þau tengsl sem nú eru milli launabreytinga og lífeyrisgreiðslna eftir að starfsævinni lýkur. Í þessu felst m.a. að lífeyrisþegar munu ekki njóta launahækkana umfram breytingar almenns verðlags eins og þeir eiga að gera nú, en á því er raunar

misbrestur eins og vikið verður að hér á eftir. Aftur á móti verður þeim tryggður alveg ákveðinn kaupmáttur, sem ekki breytist, þótt kaupmáttur launa lækki, eins og svo mörg dæmi eru um frá liðnum árum. Afkoma lífeyrisþega verður með þessu móti mun öruggari en nú er og verður óháð hagsveiflum.

Eins og nú háttar eru lífeyrisréttindi og lífeyrisgreiðslur í mörgum sjóðum miðaðar við ákveðin stig og grundvallarlaun. Þessum grundvallarlaunum er ætlað að fylgja launabreytingum og eiga því lífeyrisgreiðslur að breytast samsvarandi. Á þessu er hins vegar sá hængur að grundvallarlaunum verður jafnaðarlega að breyta í hátt við umsamda lágmarkskauptaxta, þar sem vitneskja um breytingar greiddra launa umfram umsamda eða metna kauptaxta er ekki fyrir hendi fyrr en alllöngu eftir að breytingar verða. Því er óvíst, að lífeyrisgreiðslur fylgi almennum launabreytingum eins og til er ætlast og á þetta kann einmitt að hafa skort nokkuð á undanförnum árum. Samkvæmt tillögum þessa frv. verður horfið frá því að nota ákveðin grundvallarlaun til ákvörðunar ellilífeyrisréttinda og greiðslna og stigaútreikningur verður úr sögunni. Þetta verður að teljast til mikilla bóta. Önnur ástæða þess er ennfremur sú, að grundvallarlaun hafa breyst með mismunandi hætti eftir því hvernig laun hafa þróast í hinum ýmsu atvinnugreinum. Þetta hefur falið í sér mismunun milli félaga í hinum ýmsu sjóðum, sem hefur ekki stafað af mismikilli ávöxtun í eignum sjóðanna. Verðtrygging lífeyris með lánskjaravísitölu hefur aftur á móti þann kost umfram kauptryggingu, að sjóðfélagar njóta allir sömu verðtryggingar lífeyris. Auk þess er miðað við þá vísitölu, sem eignir sjóðanna eru yfirleitt bundnar, enda eru þær allar ávaxtaðar á sama lánsfjármarkaði.

Í umræðum um lífeyrismál hjóna hefur m.a. komið fram sú skoðun, að núverandi makalífeyrisákvæði flestra sjóða séu úrelt orðin. Þessi ákvæði eru fyrst og fremst miðuð við, að annað hjóna annist tekjuöflun heimilisins. Atvinnuþátttaka giftra kvenna hefur hins vegar aukist mjög mikið undanfarin ár og verður nú sífellt algengara að bæði hjóna hafi launað starf utan heimilis og ávinni sér þannig eigin lífeyrisrétt. Í þeim tilvikum getur falist mikil oftrygging í gildandi makalífeyrisákvæðum, enda er makalífeyrir nú mjög dýr og útgjöld sjóðanna til greiðslu makalífeyris fara hraðvaxandi. Þetta hamlar getu þeirra til annarra lífeyrisgreiðslna.

Innan 8-manna lífeyrisnefndarinnar hefur mikið verið rætt um þá tillögu formanns hennar, að fella makalífeyri að verulegu leyti niður en fara í þess stað að skipta áunnum ellilífeyrisréttindum hjóna á milli þeirra við skilnað og/eða dauða. Eftir miklar umræður innan 8-manna nefndarinnar og meðal umbjóðenda hennar hefur niðurstaðan orðið sú, að svo mikil breyting sé ekki að fullu tímabær. Á hinn bóginn hefur verið talið rétt að gera ráð fyrir slíkri breytingu í framtíðinni og stíga fyrstu skrefin nú. Eru því hér gerðar tillögur um að makalífeyrisréttur væri takmarkaður og að farið verði að skipta áunnum ellilífeyrisrétti hjóna jafnt á milli þeirra við skilnað. Tillögurnar um makalífeyri eru að nokkru sniðnar eftir gildandi reglugerðum Lífeyrissjóðs verslunarmanna og Samvinnulífeyrissjóðsins. Er hér miðað við að makalífeyririnn gangi fyrst og fremst til þess að vega á móti þeirri tímabundnu röskun á fjárhag heimila, sem dauði annars hjóna hlýtur að valda, þannig að heimilunum gefist tími til að laga tekjuöflun sína að breyttum aðstæðum. Á hinn bóginn er jafnframt lagt til, að makalífeyrir verði jafnan greiddur hafi makinn barn á framfæri sínu, sé hann öryrki eða fæddur fyrir 1940. Fyrir þá sem fæddir eru árin 1920–1939 er makalífeyririnn þó skertur og eykst skerðingin eftir því sem fólkið er yngra. Þessar tillögur eru miðaðar við þær þjóðfélagsbreytingar, sem áður var getið. Hvað varðar fólk sem fætt er eftir 1940 er talið, að yfirleitt megi gera ráð fyrir að bæði hjóna hafi launað starf utan heimilis en að það sé ekki eins algengt meðal þeirra sem eldri eru. Aldursmörkin, sem gert er ráð fyrir, eru hin sömu og beitt hefur verið um nokkurt skeið hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna.

Auk þessara tillagna um makalífeyri er lagt til að við skilnað verði þeim ellilífeyrisréttindum, sem áunnust meðan á hjónabandinu stóð, skipt jafnt á milli hjónanna. Eins og nú

háttar eru ellilífeyrisréttindi beinlínis tengd þeirri persónu, sem aflað hefur tekna og greitt af þeim iðgjald enda þótt önnur eignamyndun af tekjum hjóna teljist hjúskapareign þeirra og henni skipt við slit hjúskapar. Auk þess að vera réttlætismál hefur sú tillaga, sem hér er gerð um skiptingu réttinda við skilnað, þann kost að tekjuöflun hjónanna hefur ekki áhrif á myndun ellilífeyrisréttinda þeirra, þ.e. að ekki skiptir máli hvernig hjón hafa valið að skipta með sér störfum og að skipta tekjuöflun heimilisins. Í þessari tillögu felst m.a. að menn geta eignast réttindi í sjóðum, sem þeir hafa aldrei greitt til. Þetta kann að hafa vissa framkvæmdaörðugleika í för með sér fyrst í stað, en á þó ekki að skipta neinu öðru máli en því, að bókhald og réttindaskráning sjóðanna verður heldur viðameiri en ella.

Loks má nefna, varðandi tillögur um fjárhæðir makalífeyris og barnalífeyris, að þær eru miðaðar við þær tekjur sem viðkomandi heimili fær frá tryggingakerfinu í heild sinni, og er þá tekið mið af núverandi bótum almannatrygginga. Hvað elli- og örorkulífeyrinn snertir eru tillögurnar um réttindi fyrst og fremst miðaðar við hvað 10% iðgjald af launum getur borið við ákveðin ávöxtunarskilyrði. Í þessu sambandi verður að hafa í huga, að afkoma heimila lífeyrisþega ræðst ekki einungis af lífeyri frá lífeyrissjóðum heldur einnig af lífeyri frá almannatryggingum og af skattlagningu lífeyris. Komi tillögur þessar til framkvæmda munu þær smám saman breyta samhengi þessara þátta og því er nauðsynlegt að það verði tekið til grundvallarendurskoðunnar. Á það skal minnt, að frv. þetta gerir ráð fyrir tvíþættu kerfi lífeyristrygginga, þ.e. kerfi grunntrygginga almannatrygginga sem greiði lífeyri, sem sé óháður tekjum manna á starfsævinni, og kerfi viðbótartrygginga, þ.e. lífeyrissjóða, sem greiði lífeyri sem ráðist af tekjum og iðgjaldsgreiðslum á starfsævinni, þ.e. af þvinguðum sparnaði manna. Skattalög verða að miðast við þetta kerfi og þær tekjur sem kerfið gefur, þannig að hér verði í reynd um samfellt kerfi að ræða. Skattaákvæði þyrftu jafnframt að vera þannig úr garði gerð, að þau hvettu til iðgjaldsgreiðslna á starfsævinni og þar með sparnaðar til elliáranna.

Ákvæði í **IV. kafla** um reglugerðir og ávöxtun fjár lífeyrissjóða og **V. kafla** um stjórnir lífeyrissjóða eru yfirleitt í samræmi við eigin reglur lífeyrissjóða eða reglur sem fjármálaráðuneytið hefur sett. Víða er þó gengið lengra og m.a. eru í nokkrum dæmum gerðar tillögur eftir ákvæðum laga um hlutafélög, þar sem um hliðstæð efni hefur verið að ræða. Nýmæli er í 23. gr. þar sem kveðið er á um ávöxtun fjár sjóðanna á þá lund, að þess er krafist að féð sé jafnan ávaxtað með hliðsjón af bestu fáanlegu kjörum á hverjum tíma. Þetta er að fullu í samræmi við þá stefnu, sem mörkuð er með þessu frv., að það sé meginhlutverk sjóðanna að ávaxta iðgjöld, tryggja afkomu lífeyrisþega og greiða sem hæstan lífeyri. Útlán með vildarkjörum samrýmast ekki þessu hlutverki, enda er vart um slíkt að ræða lengur og sjóðirnir hafa á undanförnum árum gjörbreytt útlánastefnu sinni í átt til samræmis við megintilganginn með starfsemi þeirra.

Tillögur **VI. kafla** um ársreikning og endurskoðun eru gerðar til að bæta úr brýnni þörf fyrir fastmótuð og samræmd ákvæði í þessum efnum. Í lífeyrissjóðina safnast miklir fjármunir sem eru eign iðgjaldsgreiðendanna, og því verður skilyrðislaust að gera þá kröfu að reikningshald og endurskoðun sé í sem bestu horfi. Hér er lagt til, að sjóðum sé skylt að fela löggiltum endurskoðanda að hafa eftirlit með bókhaldi, en auk þess skuli hver sjóður hafa tvö kjörna skoðunarmenn. Hlutverk þeirra yrði þá ekki að fylgjast með daglegu bókhaldi heldur og að fylgjast með reikningshaldinu yfirleitt með það fyrir augum að það gefi sem besta mynd af fjárráðstöfunum og stöðu sjóðsins, að fylgjast með að fjárráðstöfun sjóðstjórnar, ávöxtun eigna sjóðsins og staða hans sé í samræmi við lög og reglugerðir sjóðsins. Þessi kafli er saminn í samráði við reikningsskilanefnd Félags löggiltra endurskoðenda og í samræmi við ýmis nýleg lög er þetta varða, t.d. lög um viðskiptabanka, en hefur auk þess að geyma ákvæði er eiga eingöngu við hina sérstöku starfsemi lífeyrissjóða.

Í **VII. kafla** eru gerðar tillögur um eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða. Hér er lagt til að sérstakri stofnun, sem nefnd er lífeyrissjóðaeftirlitið, skuli falið að hafa reglubundið eftirlit

með starfsemi lífeyrissjóða, annast skráningu lífeyrisréttinda og úrskurða í ágreiningsmálum. Lagt er til, að stofnunin heyri undir ráðherra tryggingamála en starfi að öðru leyti sjálfstætt undir stjórn þriggja manna framkvæmdastjórnar og 15 manna eftirlitsráðs, sem skipað verði eftir tilnefningu samtaka launamanna, atvinnurekenda og ríkisvalds. Svo fjölmennt ráð sem hér er gert ráð fyrir, er auðvitað ekki hentugt til að annast daglegan rekstur, en því er ætlað að tryggja með stefnumarkandi ákvörðunum og setningu starfsreglna að samræmis sé gætt, að hagsmunir allra hópa iðgjaldsgreiðenda séu virtir og að sem víðtækast samráð takist um málefni lífeyrissjóðanna.

Gert er ráð fyrir, að lífeyrissjóðaeftirlitið veiti sjóðum starfsleyfi, kanni allar breytingar á reglugerðum þeirra og fylgist sérstaklega með reikningsskilum, tryggingafræðilegum athugunum á stöðu sjóðanna og hag þeirra. Í IX. kafla eru svo sérstök ákvæði um hvernig bregðast skuli við telji lífeyrissjóðaeftirlitið að staða lífeyrissjóða sé ekki nægilega traust.

Nauðsynlegt er, að vel verði vandað til undirbúnings vegna gildistöku þessara laga. Því er í ákvæðum til bráðabirgða lagt til að lífeyrissjóðaeftirlitið taki til starfa eigi síðar en tveimur mánuðum eftir samþykkt þessa frv. til þess að undirbúa setningu reglugerða o.fl. sem nauðsynlegt er að gengið hafi verið frá er lögin taka gildi.

Í VIII. kafla eru sérstök ákvæði um þá sjóði, sem eru starfandi við gildistöku laganna. Hér er m.a. kveðið á um aðlögun að lögunum og fresti til hennar svo og um athugun á fjárhagsstöðu sjóðanna á þeim tíma er iðgjaldsgreiðslur og réttindamyndun skv. hinum nýju lögum hefjast. Gert er ráð fyrir, að sjóðir geti starfað áfram með tvennum hætti. Annars vegar verði sjóðir sem lagi reglugerðir sínar og starfsemi að hinum nýju lögum, taki við iðgjöldum og veiti réttindi skv. þeim auk þess sem þeir standi við skuldbindingar sínar af réttindum, sem myndast hafa fyrir gildistöku laganna. Á hinn bóginn kunna sjóðir að kjósa að takmarka starfsemi sína við réttindi sem myndast höfðu fyrir gildistöku laganna og hætta þar með að veita iðgjöldum viðtöku. Í frv. er gert ráð fyrir, að sjóðirnir fái nokkurn frest til ákvörðunar í þessu efni auk þess sem þeir fái frest til að laga reglugerðir sínar og starfsemi að lögunum. Jafnframt er lagt til að sjóðirnir skuli láta tryggingafræðilega athugun fara fram á fjárhag sínum, eins og hann er við gildistöku laganna. Þessi krafa tengist meginforsendu þeirra tillagna, sem gerðar eru með frv. þessu, þ.e. að ávaxtaðar iðgjaldstekjur verði að standa að fullu undir skuldbindingum. Því er nauðsynlegt að komast að því hver sé raunveruleg staða sjóðanna þegar þeir hefja starfsemi skv. hinum nýju lögum. Þeir eiga þá að byrja frá grunni og frá núlli ef svo má að orði komast. Því er gerð krafa um að eldri réttindum og hinum nýrri verði haldið reikningslega aðskildum. Það er vel kunnugt, að mikill vafi leikur á um greiðslugetu margra lífeyrissjóða vegna rýrnunar eigna af völdum verðbólgu og ónógrar ávöxtunar á liðnum tíma, einkum á áttunda áratugnum. Í tillögum VIII. kafla felst, að ekki verður mögulegt fyrir hlutaðeigandi sjóði að blanda saman skuldbindingum fyrir og eftir gildistöku laganna, sem fyrr eða síðar hlyti að leiða til þess að þeir yrðu að ganga á þau lífeyrisloforð, sem þeir heita með því að taka við iðgjöldum skv. lögunum. Rétt er í þessu sambandi að vekja sérstakalega athygli á ákvæðum 42. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir, að ef eign sjóðs við gildistöku laganna er ekki næg til að standa undir skuldbindingum vegna fyrri tíma, verði viðkomandi sjóður að grípa til sérstakra ráðstafana til úrbóta, en sjóðnum slitið ella. Í þessu frv. er ekki að finna lausnir á þeim vanda, sem hér kann að vera um að ræða, en um þetta atriði er fjallað nánar í sérstökum kafla hér á eftir.

IX. kafli kveður á um afturköllun starfsleyfa, slit lífeyrissjóða og sameiningu. Hér er fjallað um hvernig með skuli fara í þeim tilvikum, er sjóðir eru taldir vanhæfir til áframhaldandi starfsemi, ýmist vegna þess að þeir eru ekki gjaldhæfir, rekstri þeirra er ábótavant eða þeir starfa í andstöðu við lög og reglugerðir. Er gert ráð fyrir, að í þessum tilvikum gefi lífeyrissjóðaeftirlitið fyrirmæli um úrbætur og veiti til þess hæfilega fresti, en verði nauðsynlegar úrbætur ekki gerðar verði starfsleyfi hlutaðeigandi sjóðs afturkallað og honum skipuð skilanefnd er undirbúi slit sjóðsins. Þessi ákvæði eru í rökréttu samhengi við

þær tillögur, sem gerðar eru í frv. þessu, að haft verði virkt eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða til þess að tryggja sem best þá fjármuni sem sjóðunum er trúað fyrir. Óhjákvæmilegt þykir að um það séu skýr ákvæði, að reynist sjóðir ekki þessa trausts verðir eða að gjaldþoli þeirra sé ábótavant þannig að útlit sé fyrir að þeir fái ekki staðið við lífeyrisloforð sín, verði þeir að hætta starfsemi. Gert er ráð fyrir að til slita geti komið með tvennum hætti, þ.e. að leitað verði samninga um sameiningu sjóðs við annan eða aðra sjóði eins og dæmi eru um, eða þeim verði slitið með svipuðum hætti og félögum, með gjaldþrotaskiptum. Í síðara tilvikinu er lagt til að eignir hlutaðeigandi sjóðs renni í Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda og að réttindi sjóðfélaga verði metin til réttinda í Söfnunarsjóðnum í sama hlutfalli og er milli eigna sjóðsins og lífeyrisskuldbindinga hans.

Í **X. kafla** er fjallað um skráningu lífeyrisréttinda. Ákvæði þessa efnis eru nú í samnefndum lögum nr. 91/1980, en hér er lagt til að þau ákvæði verði tekin inn í heildarlöggjöf þá sem frv. þetta gerir ráð fyrir. Sú eina tillaga er gerð um breytingu á gildandi ákvæðum, að skráningin verði falin lífeyrissjóðaeftirlitinu í stað þess að vera á vegum fjármálaráðuneytisins, eins og nú er.

Í **XI. kafla** eru ákvæði um brot gegn lögunum, setningu reglugerða, gildistöku laganna og niðurfellingu þeirra ákvæða í gildandi lögum, sem tekin eru upp í frv. þetta. Loks er lagt til, að felld verði úr gildi öll lög um einstaka lífeyrissjóði, þó þannig að í ákvæðum til bráðabirgða er kveðið á um að þau gildi áfram vegna lífeyrisréttinda, sem áunnist hafa fram að gildistöku þessara laga. Hér þykir rétt að við gildistöku hinna nýju laga verði skilyrði allra lífeyrissjóða eins, enda gerir frv. þetta ráð fyrir að setja verði öllum lífeyrissjóðum reglugerðir að nýju vegna starfsemi þeirra eftir gildistöku laganna og í samræmi við ákvæði þeirra.

Að lokum eru í frv. þessu gerðar tillögur um þrenn ákvæði til bráðabirgða. Í fyrsta lagi er kveðið á um að innan tveggja mánaða frá samþykkt þessa frv. skuli skipa í eftirlitsráð og framkvæmdastjórn lífeyrissjóðaeftirlitsins og það skuli þá þegar hefjast handa við að undirbúa gildistöku hinna nýju laga. Önnur bráðabirgðaákvæðin, sem hér eru gerðar tillögur um, varða lífeyrismál opinberra starfsmanna og annarra er nú njóta hliðstæðra réttinda og ábyrgðar atvinnurekenda á lífeyrisréttindum. Þeim ákvæðum, sem hér er lagt til að sett verði, er ætlað að tryggja að opinberir starfsmenn og aðrir, sem hér eiga í hut, haldi rétti sínum óskertum. Hér er fyrst og fremst um það að ræða að tryggja, að eftir gildistöku laganna renni til viðkomandi lífeyrissjóða jafnmiklir fjármunir frá núverandi ábyrgðaraðilum sjóðanna og verið hefði að óbreyttri tilhögun þessara mála. Skv. frumvarpinu verður að skilgreina þessa fjármuni sem iðgjald atvinnurekenda sem greiðist til lífeyrissjóðs með reglubundnum hætti, en ekki sem ótiltekna ábyrgð á lífeyrisloforðum eins og nú er. Lögunum er hins vegar á engan hátt ætlað að skerða þessar greiðslur atvinnurekenda og þykir nauðsynlegt að tryggja það sérstaklega, m.a. með ákvæðum um sérstakan gerðardóm til að meta núverandi lífeyrisréttindi til iðgjalds, sem launagreiðendur skuli bera. Um þetta er fjallað ítarlega í sérstökum kafla hér á eftir og í athugasemdum við þessi bráðabirgðaákvæði. Þriðju bráðabirgðákvæðin fela loks í sér, að þrátt fyrir að felld séu úr gildi lög um einstaka lífeyrissjóði skulu ákvæði þeirra laga engu að síður halda gildi sínu vegna lífeyrisréttinda, sem áunnist hafa fram að gildistöku laganna.

Vandi lífeyrissjóða og lífeyrisþega vegna fortíðarinnar.

Í frv. því sem hér er flutt eru fyrst og fremst gerðar tillögur um framtíðarskipan lífeyrismála. Á hinn bóginn er líklegt, að á næstu árum muni koma upp á yfirborðið veruleg fjárhagsvandamál hjá mörgum lífeyrissjóðanna svo og hjá ýmsum hópum lífeyrisþega vegna fortíðar viðkomandi sjóða eða manna. Í frv. eru ekki gerðar tillögur um það, hvernig þessi vandi skuli leystur, enda er hann í reynd svo margþættur, að vafasamt er að hann geti lotið

einni allsherjarreglu eða allsherjarlausn, eins og vikið er að nánar hér á eftir. Í frv. er hins vegar lagt til, að við gildistöku laganna verði öllum lífeyrissjóðum skylt að láta fara fram úttekt á fjárhagsstöðu sinni. Markmiðið með þessari úttekt er tvíþætt. Annars vegar á að tryggja að fjárhagur sjóðs við gildistöku laganna blandist ekki saman við fjárhaginn eftir að sjóðirnir eru farnir að starfa skv. nýjum lögum, þannig að ekki sé hætta á að slök staða við upphaf hins nýja kerfis geti haft áhrif á framtíðarlífeyrisréttindi skv. lögum þessum. Hins vegar er það svo markmiðið með úttekt á lífeyrissjóðunum að meta á raunverulega stöðu sjóða og umfang vandans vegna fortíðarinnar. Telja verður óhjákvæmilegt að slíkt mat liggi fyrir áður en ákveðið verður hvernig bregðast eigi við þessum vanda auk þess sem ljóst er, að vandi sjóða og lífeyrisþega á sér ýmsar orsakir, sem kunna að gera kröfur til mismunandi lausna.

Fortíðarvanda lífeyrissjóða má fyrst og fremst rekja til eignarýrnunar sjóðanna af völdum verðbólgu, einkum á áttunda áratugnum. Þessi eignarýrnun stafaði af því, að sjóðirnir vörðu lengi vel meirihluta ráðstöfunarfjár síns á ári hverju til óverðtryggðra lána, einkum til sjóðfélaga. Þessi lán voru ýmist með föstum, mjög lágum nafnvöxtum eða síðar með breytilegum nafnvöxtum, sem voru mun lægri en svaraði til verðbreytinga. Féð sem þannig var bundið, eyddist því að miklu leyti í hinni miklu verðbólgu áttunda áratugarins. Í þessu sambandi verður að hafa í huga, að á þessum árum voru lán peningastofnana yfirleitt óverðtryggð og í reynd var verðtrygging fjárskuldbindinga almennt óheimil fram á árið 1979, þótt frá því væru veigamiklar undantekningar.

Á árinu 1964 hóf ríkissjóður að gefa út verðtryggð spariskírteini skv. sérstökum lögum. Lífeyrissjóðirnir munu þó almennt ekki hafa keypt þessi skírteini. Á árinu 1973 hóf Framkvæmdasjóður Íslands að gefa út verðtryggð skuldabréf til fjármögnunar fjárfestingarlánasjóða. Voru bréfin ætluð til sölu til lífeyrissjóða og var tilmælum beint til sjóðanna um að þeir keyptu þessi bréf. Á árinu 1974 hóf svo ríkissjóður að afla Byggingarsjóði ríkisins lánsfjár með sölu skuldabréfa til lífeyrissjóða. Þessi lánsfjáröflun var byggð á sérstöku samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins þess efnis, að lífeyrissjóðir á samningssviði þeirra verðu a.m.k. 20% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á þessum skuldabréfum. Með lögum nr. 82, 31. desember 1977 var svo í fyrsta skipti kveðið á um skyldu lífeyrissjóða til að verja tilteknu hlutfalli af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á verðtryggðum skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða. Í lögunum var þetta hlutfall ákveðið 40% og hefur svo verið allt fram á árið 1986. Með lögum um stjórn efnahagsmála o.fl. frá árinu 1979 var verðtrygging fjárskuldbindinga peningastofnana og sjóða heimiluð almennt, og eftir það fóru lífeyrissjóðirnir yfirleitt að áskilja að lán til sjóðfélaga væru með fullri verðtryggingu.

Þannig má segja, að það sé fyrst á árinu 1973, sem lífeyrissjóðirnir hafi almennt farið að verðtryggja einhvern hluta eigna sinna. Skuldabréfakaupin voru þó ekki veruleg fyrst í stað og þrátt fyrir að í lögum væri kveðið á um að lífeyrissjóðirnir verðu tilteknu hlutfalli til kaupa á verðtryggðum bréfum, hefur raunverulegt kauphlutfall aldrei náð lögbundnu marki.

Fram til ársins 1977 vörðu lífeyrissjóðirnir á ári hverju miklum meiri hluta af ráðstöfunarfé sínu til lána til sjóðfélaga, en á árunum 1979 og 1980 fór hlutfall lána til sjóðfélaga niður í 45% af ráðstöfunarfé. Þessi lán voru sem fyrr segir óverðtryggð allt fram til ársins 1979 og báru mjög neikvæða raunvexti miðað við þá verðbólgu, sem þá geisaði.

Eftirfarandi tafla sýnir hve miklum hluta ráðstöfunarfjár sjóðirnir vörðu til kaupa á verðtryggðum skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða og til útlána til sjóðfélaga. Tölurnar eru unnar úr skýrslum Seðlabanka Íslands.Tekið skal fram, að sá hluti ráðstöfunarfjárins, sem hér er ekki sýndur, hefur oftast verið á bilinu 15–20% af heildinni. Í þessum hluta hafa innstæðu- og sjóðsbreytingar yfirleitt vegið þyngst, en hér eru einnig meðtalin lán til atvinnufyrirtækja, ríkissjóðs og ríkisstofnana svo og bæjar- og sveitarfélaga.

Útlán lífeyrissjóða til sjóðfélaga og fjárfestingarlánasjóða í hlutfalli við ráðstöfunarfé þeirra.

Ár	Lán til sjóðfélaga	Kaup skuldabréfa fjárfestingar-lánasjóða	Ár	Lán til sjóðfélaga	Kaup skuldabréfa fjárfestingar-lánasjóða
1973	65,1	12,5	1979	44,2	35,4
1974	60,5	20,9	1980	46,3	34,6
1975	64,5	21,0	1981	53,6	29,5
1976	67,4	24,4	1982	56,3	28,8
1977	64,6	24,4	1983	49,4	32,4
1978	50,9	28,4	1984 brb.	71,7	27,8
			1985 áætl.	40,6	34,4

Til marks um áhrif þeirrar fjárráðstöfunar, sem hér hefur verið nefnd, má nefna nokkrar tölur úr skýrslum Seðlabanka Íslands um eignir og útlán lífeyrissjóða. Samkvæmt þessum skýrslum er áætlað að heildareignir lífeyrissjóðanna hafi numið 7 milljörðum króna í árslok 1982. Eignir sjóðanna í útlánum og skuldabréfum námu þá alls 6,2 milljörðum króna en þar af voru 2,8 milljaðar í útlánum til sjóðfélaga. Til samanburðar við þessar tölur má nefna, að heildarútlán og skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna árin 1970–1982 má meta til 10,5 milljarða króna á verðlagi í árslok 1982 og þar af nema lán til sjóðfélaga 6,7 milljörðum króna. Hefur þá verið ætlað gróflega fyrir afborgunum af lánum og miðað við 20 ára lánstíma. Áhersla skal á það lögð að hér er engan veginn um neina nákvæmni að ræða en þessi samanburður gefur þó vísbendingu um eignatap sjóðanna á þessum tíma.

Frá því sjóðirnir hófu almennt að veita lán við verðtryggingu á árinu 1980 má telja að eignir, sem mynduðust í sjóðunum frá þeim tíma, hafi verið vel tryggðar. Jafnframt hafa vextir á skuldabréfum og spariskírteinum verið háir, en sjóðirnir hafa hins vegar lánað sjóðfélögum fé með lægri vöxtum. Frá því á árinu 1982 og fram á árið 1984 nutu sjóðirnir sérlega ríkulegrar ávöxtunar á eignum sínum í samanburði við vöxt lífeyrisskuldbindinga sinna. Á þessum tíma hækkaði lánskjaravísitala, sem verðtrygging eignanna er almennt miðuð við, mun meira en kauptaxtar, sem skuldbindingar sjóðanna miðast við, og auk þess voru vextir allháir. Á árinu 1986 hafa laun hins vegar hækkað mun meira en verðlag og þótt vextir hafi verið háir hafa þeir að líkindum ekki náð að brúa bilið milli hækkunar launa og lánskjaravísitölu. Verðtrygging eigna sjóðanna og góð ávöxtun eigna þeirra nokkur undanfarin ár nægir ekki til að bæta það tjón, sem sjóðirnir urðu fyrir á áttunda áratugnum. Skerðing á eignum sjóðanna þá hefur því leitt til rýrnunar á gjaldþoli þeirra, sem fyrr eða síðar hlýtur að koma fram í skertum lífeyri til sjóðfélaga.

Við þetta er þó tvennt að athuga. Í fyrsta lagi eru sjóðirnir misvel á sig komnir. Þannig eru til dæmi um sjóði, sem hafa frá upphafi aðeins lánað fé við verðtryggingu. Í öðru lagi verður að hafa í huga, að í reglugerðum margra sjóða er kveðið á um greiðslu lífeyris í hlutfalli við tiltekin meðallaun síðustu árin áður en taka lífeyris hefst. Lífeyrisréttindin eru því óverðtryggð í þessum sjóðum en um verðtryggingu gilda bráðabirgðaákvæði. Þetta á einkum við þá sjóði, sem eru aðilar að samkomulagi því sem aðilar vinnumarkaðarins gerðu um verðtryggingu eða greiðslu uppbóta á lífeyri, en það samkomulag var fyrst gert á árinu 1976. Í þessu felst, að þótt sjóðirnir hafi tapað talsverðum hluta eigna sinna kynnu þeir samt að geta staðið formlega við meginákvæði reglugerða sinna um greiðslu lífeyris. Slíkur lífeyrir yrði hins vegar yfirleitt ákaflega rýr. Sé miðað við verðtryggingu lífeyris, eins og t.d. er kveðið á um í bráðabirgðaákvæðum SAL-sjóðanna, er ljóst að hjá mjög mörgum sjóðanna mun mikið skorta á, að eignir nægi fyrir skuldbindingum.

Annað atriði má einnig nefna, sem hefur haft áhrif á fjárhagsstöðu lífeyrissjóða, þ.e. að iðgjald til sjóðanna hefur haldist óbreytt um árabil, 10% af tryggðum tekjum, enda þótt að ýmsar aðstæður hafi breyst svo, að hæpið er að ávaxtaðar iðgjaldstekjur dugi til að mæta skuldbindingum skv. reglugerðum margra sjóða. Hér kemur e.t.v. þrennt til fyrst og fremst. Í fyrsta lagi hafa lífslíkur breyst talsvert undanfarin ár, meðalævin hefur lengst. Þannig má nefna, að af fjölda þeirra, sem urðu tvítugir árið 1935, náðu 63% karla að verða sjötugir og 75% kvenna. Af þeim sem urðu tvítugir 1920 náðu 55% karla og 69% kvenna sjötugsaldri, en af þeim sem urðu tvítugir 1910 náðu 54% karla og 62% kvenna sjötugu. Þá má geta þess, að ólifuð meðalævi þeirra, sem urðu sjötugir á árunum 1984–85 var 14,9 ár fyrir konur en 12,4 ár fyrir karla, en sambærilegar tölur fyrir árin 1966–70 voru 12,8 og 11,3 ár. Í öðru lagi má nefna, að bótaákvæði sjóðanna voru ekki upphaflega miðuð við, að lífeyrir fylgdi launum á hverjum tíma, eins og verðtryggingarreglur margra sjóða kveða nú á um. Þetta gerir meiri kröfur til iðgjalda eða ávöxtunar þeirra en gert var ráð fyrir í upphafi. Hafa verður í huga, að við núverandi aðstæður er lífeyrir tryggður miðað við laun en ekki verðlag og sé gert ráð fyrir vaxandi kaupmætti launa þegar til lengri tíma er litið, verður ávöxtun eigna lífeyrissjóðanna mun minni í samanburði við laun en í samanburði við verðlag. Í þriðja lagi má nefna að greiðslur örorkulífeyris í ýmsum sjóðum hafa reynst meiri en gert var ráð fyrir í upphafi.

Niðurstaða þess, sem hér hefur verið rakið, er sú að líklegt sé að á næstu árum muni koma í ljós, að mjög margir lífeyrissjóðanna geti ekki staðið við skuldbindingar sínar og greitt mannsæmandi lífeyri til þeirra, sem innt hafa af hendi greiðslur iðgjalda til sjóðanna svo árum skiptir. Þessi vandi er vitaskuld ekki vandi sjóðanna sem slíkra, heldur vandi lífeyrisþega næstu ár og áratugi. Ljóst er að við þessu verður að snúast og kann þetta að kalla á fjárráðstöfun af almannafé og tekjuöflun til slíkrar ráðstöfunar. Hið síðastnefnda kynni að reynast ásættanlegt og einfalt í framkvæmd. Á hinn bóginn gæti reynst örðugra að setja haldgóðar og réttlátar reglur um úthlutun fjárins. Í þessu efni eru ýmsar flækjur, sem hér verður reynt að rekja að nokkru leyti:

1. Umfang vandans er ekki þekkt og þar með ekki þörfin fyrir sérstakar ráðstafanir.
2. Gjaldþol sjóða er vafalaust mjög mismunandi og þörfin fyrir uppbætur á lífeyri því að sama skapi misjöfn. Sumir sjóðir hafa farið ákaflega vel með eignir sínar og fest þær að mestu eða öllu leyti í verðtryggðum bréfum með tiltölulega háum vöxtum. Aðrir hafa lítið eða ekkert skeytt um tryggingu eigna. Með hliðsjón af hinum fyrrnefndu hlyti hugsanleg krafa hinna síðarnefndu um aðstoð af almannafé vegna skerts gjaldþols að vera reist á veikum grunni.
3. Ein meginástæðan fyrir skertu gjaldþoli sjóða er sú, að sjóðfélagar hafa fengið óverðtryggð lán úr sjóðunum með mjög neikvæðum raunvöxtum. Tölurnar sem áður voru tilgreindar sýna hve þetta var gert í miklum mæli á síðasta áratug, og raunar má segja að hér hafi lengi vel fremur verið litið á lífeyrissjóðina sem lánastofnanir en lífeyrisstofnanir. Í þessu hefur falist, að þeir sjóðfélagar sem fengu lán við þessi kjör, hafi fengið tækifæri til að mynda varanlegar eignir með lánsfé við gjafvirði. Þeir hafa því í reynd eytt ellilaunum sínum fyrir fram. Hér á því hið sama við og fyrr, að hugsanlega kröfu um uppbætur á lífeyri þeirra, sem notið hafa lána við gjafvirði, hlyti að verða að meta með hliðsjón af stöðu hinna sem ekki hafa notið slíkra lána.
4. Loks má nefna, að auk þess sem hér hefur verið rakið, má ætla að næstu ár og áratugi verði hópur manna, sem fái takmarkaðar eða engar greiðslur úr lífeyrissjóði vegna þess að þessir menn hafa ekki greitt iðgjald til lífeyrissjóða, þrátt fyrir að þeir hafi stundað launaða atvinnu eða haft tekjur af starfsemi. Hér má fyrst nefna ýmsa menn, sem hafa valið að annast sjálfir sparnað til elliáranna með því að kaupa sjálfir verðtryggð skuldabréf í stað þess að greiða í lífeyrissjóð. Ætla má, að staða þessara manna sé

yfirleitt ágæt. Þeir eru þó líklega mun fleiri sem hvorki hafa sparað sjálfir eða greitt iðgjald til lífeyrissjóðs. Hér gæti m.a. verið um að ræða menn, sem telja að þeir hafi ekki haft möguleika á aðild að lífeyrissjóðum. Þessi skoðun er þó hæpin, einkum eftir 1974 er lög voru sett um starfskjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, og hún stenst engan veginn eftir að lög voru sett um skylduaðild að lífeyrissjóðum árið 1980 og Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda var stofnaður. Þá er hér jafnframt um að ræða ýmsa sjálfstæða atvinnurekendur, einkum með lítil fyrirtæki, sem eiga ekki sjálfsagða aðild að ákveðnum lífeyrissjóðum og hafa ekki hirt um að gerast aðilar að sjóði og greiða þangað iðgjöld. Loks má nefna ýmsa, sem hafa skirrst við að greiða iðgjöld til lífeyrissjóða, enda þótt það væri innifalið í töxtum þeirra eða vinnulaunum. Í þessum hópi er talið að séu ýmsir sjálfstætt starfandi iðnaðarmenn, stjórnendur vinnuvéla og bílstjórar, sem átt hafa atvinnutæki sín sjálfir, sérfræðingar við eigin rekstur o.fl. Enn gildir hið sama og áður var nefnt, að réttur þessara aðila til lífeyris af almannafé í stað lífeyris frá lífeyrissjóðum hlýtur að vera takmarkaður, auk þess sem eðlilegt er að hann verði metinn með hliðsjón af rétti hinna, sem skilað hafa iðgjöldum svo árum skiptir og e.t.v. ekki einu sinni notið vildarlána úr lífeyrissjóðum.

Þau atriði, sem hér hafa verið nefnd, sýna að naumast verður auðvelt að komast að ásættanlegri eða réttlátri niðurstöðu um hvernig skuli borgið fjárhag þeirra lífeyrisþega, sem eiga mjög lítinn eða takmarkaðan rétt í lífeyrissjóðum. Eins og áður hefur komið fram eru ekki gerðar tillögur í þessu frv. um hvernig þessi vandi skuli leystur heldur er reiknað með að áfram verði unnið að því máli. Ljóst er að vandinn verður ekki leystur í einu vetfangi heldur verður að fjalla um hann í víðtæku samráði stjórnvalda og hagsmunaaðila. Þó er í frv. gerð tillaga um fyrsta skrefið í því efni, þ.e. að gerð skuli úttekt á sjóðunum við gildistöku nýrra laga. Slík úttekt er óhjákvæmileg ef gefa á þessu máli nánari gaum, og ekki þykir tímabært að setja fram beinar tillögur um úrlausn fyrr en fyrir liggur hve miklir fjármunir hér eru í húfi.

Í þessum efnum má þó nefna nokkra möguleika. Einn kostur er sá, að reyna að leysa málið á vettvangi lífeyrissjóðanna sjálfra með öflun viðbótariðgjalds og greiðslu uppbóta af samtímatekjum. Hætt er við, að þörfin fyrir slíkt viðbótariðgjald muni reynast mjög mismikil og að erfitt verði að ná samningum innan einstakra stétta eða starfshópa um slíka skattlagningu. Önnur leið gæti verið sú, að afla tekna til greiðslu uppbóta á skertan lífeyri með almennri skattlagningu. Þriðji kosturinn gæti svo loks verið sá, að leysa málið á sviði almannatryggingakerfisins og greiða uppbætur á lífeyri, þ.e. tekjutrygginguna sem svo er nefnd, skv. 19. gr. almannatryggingalaga. Í því sambandi má minna á, að löngu er orðið tímabært að taka til endurskoðunar samhengið milli greiðslna ellilífeyris og tekjutryggingar frá almannatryggingum, greiðslna eftirlauna frá lífeyrissjóðum og skattlagningar þessara greiðslna.

Að lokum skal lögð áhersla á það, að ljóst er að vandi sjóðanna og lífeyrisþeganna er margbrotinn og líklegt að lausnir verði að sama skapi margþættar. Meðal annars verður að tryggja að þeir sem skilvíslega hafa greitt í lífeyrissjóði njóti þess fram yfir hina, sem hafa hliðrað sér hjá greiðslum. Þá verður einnig að líta til þess, hvernig mismunandi staða sjóðanna skýrist af útlánakjörum til sjóðfélaga svo aðeins sé vikið að tveimur þáttum málsins.

Áætlanir um iðgjaldstekjur og kostnað af lífeyrisréttindum.

Eins og komið hefur fram hér á undan er í frv. þessu lagt til, að lífeyrissjóðirnir starfi framvegis á grundvelli fullrar sjóðsöfnunar. Tillögur frv. um lífeyrisréttindi eru við þetta miðaðar. Gengið er út frá því, að sjóðirnir veiti viðtöku iðgjöldum, sem nemi ákveðnu hlutfalli af atvinnutekjum allra þeirra er stunda launuð störf eða starfa við eigin

atvinnurekstur, og ávaxti þau uns lífeyrisaldri er náð. Jafnframt er lagt til að lífeyrisréttindi verði verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu í stað þess að vera kauptryggð, eins og nú er. Loks eru tillögur frv. reistar á ákveðnum útreikningum um ávöxtun iðgjaldstekna og kostnað af þeim lífeyrisréttindum, sem frv. gerir ráð fyrir.

Um fyrsta atriðið, þ.e. forsenduna um fulla sjóðmyndun hefur þegar verið fjallað hér á undan og verður ekki rætt frekar hér. Um tillöguna um að lífeyrir verði verðtryggður miðað við lánskjaravísitölu er rætt annars staðar í þessum athugasemdum svo og í athugasemd við 13. gr. frv. — Í því sem hér fer á eftir verður því einkum fjallað um útreikninga á kostnaði af þeim lífeyrisréttindum, sem frv. gerir ráð fyrir.

Alllangur tími er nú um liðinn frá því 8-manna nefndin hóf að kanna kostnað af mismunandi lífeyriskerfum og lét í því skyni semja reiknilíkan til nota við þær athuganir. Í fyrstu vann að því verki dr. Sigurður B. Stefánsson, hagfræðingur. Síðar tók dr. Pétur H. Blöndal, tryggingastærðfræðingur, þetta verk að sér fyrir 8-manna nefndina. Samdi hann nýtt reiknilíkan og hefur síðan annast margháttaða útreikninga fyrir nefndina auk þess sem hann hefur veitt nefndinni sérfræðilega aðstoð við mat á mismunandi réttindareglum og túlkun á niðurstöðum. Bjarni Þórðarson, tryggingastærðfræðingur, hefur og veitt nefndinni mikla aðstoð við gerð og mat kostnaðarreikninga en jafnframt hefur nefndin notið margháttaðrar hjálpar af hálfu Bjarna um flest efnisatriði frv.

Í skýrslu formanns endurskoðunarnefndar lífeyriskerfisins til fjármálaráðherra frá árinu 1985 er birt greinargerð um útreikninga á áhrifum lífeyriskerfa og ýmissa kosta í lífeyrismálum. Þar er gerð grein fyrir könnunarreikningum og birtar niðurstöður nokkurra kostnaðarreikninga. Þá eru birt allmörg línurit, sem ætlað er að sýna meginniðurstöður útreikninga á kostnaði af mismunandi lífeyriskerfum og kosta í lífeyrismálum. Loks fylgir lýsing dr. Péturs H. Blöndals á reiknilíkani því, sem hann samdi til að meta stöðu lífeyriskerfa ár fyrir ár. Kemur þar fram hvernig líkanið vinnur og hverjar séu helstu sameiginlegu forsendur þess. Um frekari skýringar á útreikningsaðferðum og sameiginlegum forsendum (um dánarlíkur, örorkulíkur, endurhæfingarlíkur, meðaltekjur, atvinnuþátttöku o.fl.) vísast til þeirrar greinargerðar.

Eins og áður hefur komið fram, eru þær tillögur, sem gerðar eru í frv. þessu um lífeyrisréttindi og iðgjald, í meginatriðum niðurstöður athugana 8-manna nefndarinnar. Hugmyndir 8-manna nefndarinnar hafa verið alllengi í mótun og hefur verið fjallað um þær víða, ekki síst hjá umbjóðendum nefndarinnar. Þessar hugmyndir eru flestar reifaðar ítarlega í ofangreindri skýrslu til fjármálaráðherra frá því í maí 1985. Tillögur þær um lífeyrisréttindi, sem hér eru settar fram, voru samdar í 8-manna nefndinni á fyrstu mánuðum ársins 1986 í tengslum við gerð kjarasamninga ASÍ,VSÍ og VMS. Tillögurnar voru þá samþykktar í meginatriðum af samningsaðilum og staðfestar i kjarasamningi þeirra 26. febrúar 1986.

Við gerð hinna endanlegu tillagna má segja að staðið hafi verið öðruvísi að verki en áður að nokkru leyti. Fyrir lá, að samkomulag væri um breytingu á iðgjaldsstofni, eins og þegar hafði verið gert ráð fyrir í hugmyndum lífeyrisnefndanna. Jafnframt var samkomulag um að iðgjald til lífeyrissjóðs skyldi vera sama hlutfall af tryggðum tekjum og verið hafði eða 10%. 8-manna nefndin varð því sammála um, að athuganir hennar og tillögugerð skyldu miðast við að kanna hvaða réttindum slíkt iðgjald gæti staðið undir.

Auk þess sem tillögurnar um lífeyrisréttindi voru gerðar með hliðsjón af 10% iðgjaldi af öllum launum sem hámarki, eins og áður var rakið, lágu ýmis sjónarmið til grundvallar tillögunum. Í fyrsta lagi var fullt samkomulag um að reyna ætti að ná eins mikilli myndun ellilífeyrisréttinda og unnt væri.

Í öðru lagi var samstaða um, að yfirleitt skyldu örorkulífeyrisréttindi vera hliðstæð ellilífeyrisréttindum, eins og verið hefur. Hins vegar voru menn sammála um, að reynt skyldi að girða fyrir ýmsa möguleika til misnotkunar á örorkulífeyri, t.d. þeirrar tilhneigingar sem

virðist fara vaxandi, að þegar menn fara að nálgast hið almenna aldursmark fyrir ellilífeyri sækist þeir eftir örorkulífeyri í stað þess að flýta töku ellilífeyris. Jafnframt varð hér að gæta samræmis milli ákvæða um flýtingu á töku ellilífeyris og ákvæða um örorkulífeyri, sem menn geta fengið úrskurðaðan á sama aldri.

Í þriðja lagi var full samstaða um það sjónarmið, að í gildandi ákvæðum um makalífeyri hjá flestum lífeyrissjóðanna fælist í mörgum tilvikum töluverð oftrygging vegna stóraukinnar atvinnuþátttöku giftra kvenna. Af þessum sökum varð niðurstaðan sú að leggja til, annars vegar að ellilífeyrisréttindi hjóna skiptist á milli þeirra við skilnað, en hins vegar að dregið yrði mjög úr makalífeyri til þeirra, sem nú eru innan við miðjan aldur, svo fremi að þeir hafi ekki mikla framfærslubyrði eða eigi við örorku að stríða. Nefndin telur, að með þessum tillögum náist tvennt, meira samræmi milli ellilífeyrisréttinda, makalífeyrisréttinda og raunverulegra aðstæðna í þjóðfélaginu en nú er, og um leið mikil lækkun á kostnaði af makalífeyrisréttindum sem nýta má til greiðslu hærri ellilífeyris en ella væri unnt. Leggja verður áherslu á það, að við þær aðstæður, sem nú ríkja, og skoðanir manna almennt á því hvert sé skynsamlegt hámark á iðgjaldi í lífeyrissjóð, er ekki unnt að auka myndun einstakra tegunda lífeyrisréttinda án þess að dregið sé um leið úr öðrum réttindum.

Í fjórða lagi má nefna, að nefndin var sammála um að auka barnalífeyri til muna. Eru tillögur um makalífeyri og barnalífeyri gerðar með hliðsjón af þeim heildargreiðslum, sem rétthafar eiga að njóta frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum.

Þá varð nefndin sammála um að leggja til, að lífeyrir yrði verðtryggður miðað við lánskjaravísitölu fremur en kauptryggður miðað við laun eða kauptaxta. Forsendur um ávöxtun á eignum sjóðanna voru því miðaðar við ákveðna vexti á eignum tryggðum við lánskjaravísitölu, eins og nú er algengast á fjármagnsmarkaði hér innanlands. Viðmiðun lífeyris við sömu vísitölu og verðtrygging eigna hefur þá augljósu kosti, að raunverulega ávöxtun á eignum sjóðanna má bera beinlínis saman við þá raunvexti sem kostnaðarreikningur og iðgjald miðast við.

Við athuganir sínar tók 8-manna nefndin mið af misháum vöxtum til að kanna hvaða áhrif ávöxtunin hefði á iðgjaldsþörf. Í útreikningum um kostnað af þeim tillögum, sem nefndin varð sammála um og felast í frv. þessu, var miðað við 3,5% raunávöxtun eigna. Til samanburðar má nefna ýmsar vaxtatölur. Fyrst eftir að sjóðirnir fóru að veita sjóðfélögum verðtryggð lán, voru vextir yfirleitt 2%, en voru síðan hækkaðir í hátt við bankavexti. Vextir af nýjum útlánum sjóðanna til sjóðfélaga voru fyrri hluta ársins 1988 yfirleitt á bilinu 7–9,5%. Þá má nefna, að meðalávöxtun lána — annarra en spariskírteina — sem Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna hafa tekið hjá lífeyrissjóðum, var síðari hluta ársins 1986 4,7%, en 5,7% að meðtöldum spariskírteinum.Vextir af skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins, sem samtök lífeyrissjóða og fjármálaráðuneytið sömdu um í september og október 1986, voru 6,5% á lánum veittum til ársloka 1986, en 6,25% á lánum ársins 1987. Jafnframt var þá samið um að vextir á eldri bréfum, sem voru lægri en 4,2%, yrðu hækkaðir í það mark. Í september 1987 var aftur samið við lífeyrissjóðina um kjör á þessum skuldabréfum og voru vextir þá ákveðnir 7% fyrir skuldabréf keypt árið 1988, 6,5% árið 1989 og 6,1% árið 1990. Loks má nefna, að vextir af verðtryggðum bankalánum voru um og yfir 5% árin 1984–1986, en hækkuðu síðan í 7,7% að meðaltali 1987 og í 9,5% undir lok þess árs.

Þrátt fyrir að vextir hafi verið mjög háir að undanförnu er ljóst, að 3,5% meðalávöxtunarkrafa er allhá þegar litið er til langs tíma. Í þessu sambandi er þó á það að líta, að úreikningarnir um kostnað af lífeyrisréttindum eru miðaðir við að hið nýja kerfi nái til allra þegar í stað. Það felur í sér mun meiri kostnað fyrst um sinn en síðar verður, vegna þess hve iðgjöld þeirra, sem nú eru komnir um og yfir miðjan aldur, standa stutt við í sjóðunum.

Í þessu sambandi má einnig minna á, að fram til þessa hefur ekki alltaf verið skýrt, hvað menn hafa átt við í umræðum um nauðsynlega ávöxtun í lífeyrissjóðum. Sé lífeyrir tryggður

miðað við laun hefur í reynd þurft að bera ávöxtun eignanna saman við vöxt rauntekna. Hefur þá niðurstaðan um ávöxtunarþörf í raun og veru verið háð forsendum manna um aukningu kaupmáttar þegar til lengri tíma hefur verið litið. Síðustu áratugi hefur kaupmáttur atvinnutekna á mann aukist um 2% á ári til jafnaðar, eða með öðrum orðum tekjur hafa aukist um 2% umfram hækkun verðlags á ári. Sé miðað við svipaða aukningu kaupmáttar í framtíðinni felst í 3,5% ávöxtunarkröfunni, sem útreikningar eru hér miðaðir við, að eignir séu ávaxtaðar sem nemur 1,5% umfram vöxt rauntekna.

Sem fyrr segir voru hinir mismunandi möguleikar um tilhögun lífeyrisréttinda, sem til umræðu voru, kannaðir jafnharðan með útreikningum um kostnað með aðstoð dr. Péturs H. Blöndals. Endanleg niðurstaða um kostnað af tillögunum, sem samstaða varð um og koma fram í frv. þessu, er eftirfarandi:

	Nauðsynlegt iðgjald, til að standa undir lífeyrisréttindum skv. tillögum frv. í % af tryggðum tekjum
1. Ellilífeyrir	7,1
2. Örorkulífeyrir	1,3
3. Makalífeyrir	1,0
4. Barnalífeyrir	0,2
1.-4. Lífeyrir alls	9,6
5. Rekstrarkostnaður	0,4
1.-5. Iðgjaldsþörf alls	10,0

Auk þeirra forsendna fyrir þessum útreikningum, sem fram koma í tillögunum sjálfum í 13.–16. gr. frv. er rétt að ítreka að þessar niðurstöður eru miðaðar við eftirfarandi forsendur:

1. Að eignir séu að jafnaði ávaxtaðar við 3,5% vexti umfram lánskjaravísitölu.
2. Að kerfið taki strax til allra starfandi manna.

Ljóst er, að með tillögum frv. um lífeyrisréttindi í heild kann að vera teflt á tæpasta vað um greiðslugetu sumra sjóða. Hafa þarf í huga, að aldursskipting í einstökum lífeyrissjóðum er nú mjög misjöfn og ætla má að ýmsir sjóðir muni jafnvel ekki ráða við þau réttindi, sem hér er gert ráð fyrir, vegna skamms ávöxtunartíma iðgjalda. Á hinn bóginn er ljóst að meðalávöxtunartíminn lengist tiltölulega fljótt og þar með eykst geta sjóðanna til að veita réttindi. Auk þess er ávöxtun fjár lífeyrissjóðanna mjög góð um þessar mundir þegar miðað er við lánskjaravísitölu. Reynist einhverjir sjóðir þess ekki megnugir að veita þessi réttindi, vegna óhagstæðrar aldurssamsetningar, verða þeir að grípa til sérstakra ráðstafana skv. ákvörðun lífeyrissjóðaeftirlitsins, eins og gert er ráð fyrir í frv., t.d. tímabundinnar hækkunar iðgjalds, ella verða þeir að leggja niður starfsemi sína skv. ákvæðum frumvarpsins.

Ellilífeyrisréttindi samkvæmt frumvarpi þessu.

Eins og áður hefur komið fram, eru tillögur um lífeyrisréttindi gerðar í III. kafla þessa frv. Í athugasemdum um þennan kafla hér á undan er gerð almenn grein fyrir þessum tillögum og í athugasemdum við einstakar greinar er fjallað nánar um þær fjórar tegundir lífeyris, sem frv. gerir ráð fyrir að menn ávinni sér rétt til með greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóða. Hér á eftir verður hins vegar fjallað sérstaklega um tillögur frv. um ellilífeyri og tekin dæmi af greiðslum, útreikningi þeirra og samanburði við tryggðar tekjur. Loks eru sýnd sérstök dæmi um heildarlífeyri, þ.e. af lífeyri frá lífeyrissjóðum skv. frv. og frá almannatryggingum.

Megintillögur frv. um myndum ellilífeyrisréttinda eru eftirfarandi:

1. Að árlegur ellilífeyrir manns, sem byrjar að taka lífeyri er hann stendur á sjötugu, skuli fyrir hvert iðgjaldsgreiðsluár vera að lágmarki 1,45% af uppfærðum iðgjaldsstofni.
2. Að uppfærsla iðgjaldsstofns skuli miðast við breytingar lánskjaravísitölu.

Til þess að meta þessar tillögur er nauðsynlegt að hafa þrennt í huga. Í fyrsta lagi er óhjákvæmilegt að athuga megintillögurnar tvær í samhengi. Í öðru lagi er nauðsynlegt að ellilífeyririnn sé metinn út frá mismunandi forsendum um framvindu kaupmáttar næstu áratugi. Í þriðja lagi er sá lífeyrir sem gert er ráð fyrir í frv. miðaður við 10% iðgjald til lífeyrisjóða, en það er nú algengast og yfirleitt samningsbundið á almennum vinnumarkaði, auk þess sem miðað er við ákveðna ávöxtun þegar til lengri tíma er litið.

Eins og vikið er að í kaflanum hér á undan er tillagan um réttindahlutfallið, 1,45% fyrir hvert iðgjaldsgreiðsluár, í reynd fundin með þeim hætti, að hún er niðurstaða útreikninga á því, hve hlutfallið geti orðið hæst þegar tekið er tillit til kostnaðar af öðrum tegundum lífeyris og rekstrarkostnaðar, þegar miðað er við 10% iðgjald og reiknað með að unnt verði að ná til jafnaðar sem nemur 3,5% ársávöxtun á eignir.

Í framhaldi af þessum atriðum er rétt að gefa dæmi um ellilífeyri skv. tillögum frv. með hliðsjón af forsendum um mismunandi kaupmáttarþróun. Í fyrstu má taka dæmi af myndun og útreikningi ellilífeyrisréttinda miðað við að kaupmáttur vaxi ekki heldur haldist óbreyttur alla starfsævina. Dæmið varðar sjóðfélaga, sem hefur að jafnaði 500.000 kr. í árstekjur alla starfsævina. Þessi sjóðfélagi ávinnur sér 1,45% af þessari fjárhæð á hverju ári, eða 7.250 kr. á ári. Sé starfsævi þessa manns 40 ár fæst árlegur ellilífeyrir hans frá sjötugsaldri með því að leggja saman réttindi allra áranna, eða í þessu dæmi með því að margfalda meðalréttinda-ávinninginn 7.250 kr. með árunum 40. Ellilífeyrir þessa manns er því 290.000 kr. á ári (24.167 kr. á mánuði) eða 58,0% af þeim tekjum, sem iðgjald hefur að jafnaði verið greitt af á starfsævinni, þ.e. af tryggðum tekjum. Á sama hátt er ellilífeyrir af sömu meðaltekjum á 50 ára starfsævi 362.500 kr. á ári (30.208 kr. á mánuði) eða 72,5% af tryggðum tekjum.

Áhrif kaupmáttaraukningar má athuga í svipuðu dæmi. Sem fyrr er miðað við 500.000 kr. árstekjur í upphafi 40 ára starfsævi, en í stað óbreytts kaupmáttar er nú gert ráð fyrir að þær tekjur vaxi til jafnaðar um 1% á ári vegna aukningar kaupmáttar. Í þessu dæmi greiðir sjóðfélaginn 10% iðgjald af stighækkandi launum ár frá ári og ávinnur sér 1,45% af þessum hækkandi launum. Eftir 40 ára greiðslu og við sjötíu ára aldur er lífeyrir hans í þessu dæmi rösklega 354 þús. kr. á ári, tekjurnar sem greitt var af og hækkuðu til jafnaðar um 1% á ári, hafa að meðaltali numið um 611 þús. kr. þessi 40 ár og lífeyririnn er því 58,0% af þeim tekjum, sem greitt var af. Á hinn bóginn eru tekjurnar, sem upphaflega voru 500 þús. kr. á ári, orðnar 737 þús. kr. eftir að hafa vaxið um 1% á ári í 40 ár eða til þess tíma, sem sjóðfélaginn hefur töku lífeyris. Árlegur lífeyrir mannsins, 354 þús. kr., nemur því 48% af tryggðum tekjum, eins og þær eru orðnar er hann byrjar að taka lífeyri. Haldi kaupmáttur áfram að aukast um 1% á ári verður lífeyrir sjóðfélagans 10 árum eftir að hann hóf töku lífeyris 43% af tryggðum tekjum eins og þær eru þá orðnar.

Á sama hátt og hér er gert má reikna ýmis dæmi um hlutfall lífeyris af tryggðum tekjum miðað við mislangan iðgjaldsgreiðslutíma og mismunandi forsendur um árlega meðal-aukningu kaupmáttar þegar til langs tíma er litið. Nokkur slík dæmi eru sýnd í eftirfarandi töflu. Taflan sýnir ellilífeyri sjötugs sjóðfélaga sem hlutfall af tryggðum tekjum síðasta starfsárs. Miðað er við, að tekjur sjóðfélagans hafi breyst árlega yfir starfsævina eins og lánskjaravísitala, ýmist við óbreyttan kaupmátt eða að viðbættum árlegum meðalvexti kaupmáttar, um 1 eða 2%. Taflan sýnir einnig lífeyrinn tíu árum síðar sem hlutfall af tekjum eins og þær væru þá orðnar eftir sömu kaupmáttaraukningu á ári.

Ellilífeyrir sem hlutfall af tryggðum tekjum.

Iðgjalds-greiðslutími	Árleg kaupmáttaraukning 0 Lífeyrir í byrjun %	0 Lífeyrir 10 árum síðar %	1% Lífeyrir í byrjun %	1% Lífeyrir 10 árum síðar %	2% Lífeyrir í byrjun %	2% Lífeyrir 10 árum síðar %
25 ár	36,25	36,25	32,25	29,05	28,88	23,45
30 ár	43,50	43,50	37,80	34,05	33,12	26,91
35 ár	50,75	50,75	43,07	38,80	36,97	30,03
40 ár	58,00	58,00	48,09	43,32	40,46	32,86
45 ár	65,25	65,25	52,86	47,62	43,62	35,43
50 ár	72,50	72,50	57,40	51,71	46,48	37,75

Þótt þessi dæmi sýni, að það er að hluta undir þróun kaupmáttarins komið, hve hátt hlutfall lífeyririnn verður af tryggðum tekjum er nauðsynlegt að hafa hugfast, að verðgildi hans er jafnvel tryggt í öllum dæmunum, þar sem hann breytist eins og lánskjaravísitala. Kaupmáttur áunninna réttinda og lífeyris helst þannig stöðugur en fylgir ekki breytingum kaupmáttar tekna. Í þessu felst einkum munurinn á því að láta lífeyrisréttindi fylgja breytingum launa og breytingum verðlags, eða m.ö.o. munurinn á kauptryggingu og verðtryggingu lífeyris. Í fyrra tilvikinu er sjóðfélögum heitið ákveðnu hlutfalli af tekjum hvað sem líður þróun þeirra, en í síðara tilvikinu er þeim heitið ákveðnum kaupmætti.

Áður en lengra er haldið er rétt að bera réttindi skv. frv. saman við algeng ellilífeyrisloforð eins og þau eru nú. Hjá sjóðum innan SAL gilda þær reglur, að með iðgjaldsgreiðslum vinna menn sér inn ákveðin stig á ári hverju. Hefji sjóðfélaginn töku ellilífeyris við 70 ára aldur er lífeyririnn reiknaður á þann hátt að samanlagður stigafjöldi 30 bestu ára hlutaðeigandi og helmingur stiga annarra ára er margfaldaður með 1,8. Þetta þýðir í reynd, að ellilífeyrir sem hlutfall af tryggðum tekjum er 63% eftir 40 ára starf, 67,5% eftir 45 ára starf og 72% eftir 50 ára starf. Eftir 50 ára starf er hlutfallið svipað og skv. tillögum frv. en sé starfsævin skemmri eru þessi hlutföll hjá SAL-sjóðunum heldur hærri en skv. þessu frv. sé miðað við óbreyttan kaupmátt yfir tímann. Ef kaupmáttur eykst lækkar ellilífeyririnn skv. þessu frv. sem hlutfall af tryggðum tekjum og munurinn á gildandi ellilífeyrisloforðum SAL-sjóðanna og tillögum frv. verður því meiri sem kaupmáttaraukningin er meiri.

Fyrir opinbera starfsmenn gildir hins vegar að ellilífeyrir er greiddur frá 65 ára aldri og er þá 2% fyrir hvert iðgjaldsgreiðsluár allt að 32 árum. Umfram 32 ár bætist við 1% fyrir hvert ár til 65 ára aldurs og 2% fyrir hvert ár frá 65 ára til 70 ára aldurs. Sé miðað við töku ellilífeyris frá 70 ára aldri er hann 77% af tryggðum tekjum eftir 40 ára starf, 82% eftir 45 ára starf og 87% eftir 50 ára starf. Hér er þannig lofað mun ríkulegri ellilífeyri en bæði skv. tillögum frv. og skv. reglugerðum SAL-sjóðanna.

Hér er hins vegar á það að líta, að útreikningar sýna, að 10% iðgjald hrekkur ekki til að mæta þessum lífeyrisloforðum, og er þá átt við þann lífeyri sem sjóðirnir greiða annan en barnalífeyri. Hversu mikið skortir á að iðgjöld dugi, fer eftir ávöxtun eigna. Hvað réttindi SAL-sjóðanna snertir virðist nauðsynlegt iðgjald vera 12%, ef unnt er að ávaxta eignir sjóðanna sem nemur til jafnaðar 2% á ári umfram launabreytingar allan iðgjaldsgreiðslutímann. Við 1% ávöxtun umfram laun virðist nauðsynlegt iðgjald vera nær 17% en 23% ef ávöxtun eigna svarar nákvæmlega til launabreytinga. Þessar tölur eru miðaðar við kostnað af réttindum eins árgangs, en iðgjaldið þyrfti að vera enn hærra ef miðað væri við núverandi

aldursskiptingu í sjóðunum. Réttindareglur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eru loks taldar vera um 70% dýrari en reglur SAL-sjóða.

Við þann samanburð á ellilífeyri skv. gildandi reglum og tillögum frv., sem áður var tæpt á, þarf að hafa í huga, að hann er í reynd miklum vandkvæðum bundinn. Þetta stafar einkum af því, að eins og nú háttar eru iðgjöld til lífeyrissjóða yfirleitt greidd af dagvinnulaunum en algengt er að þau séu ekki nema 60% af öllum launum, eða jafnvel enn lægra hlutfall. Tillögur frv. gera hins vegar ráð fyrir að iðgjöld séu greidd af öllum launum. Samkvæmt tillögum frv. mun réttindamyndun og lífeyrisgreiðslur því miðast við öll laun í stað þess að miðast við dagvinnulaun eins og nú er yfirleitt gert hjá lífeyrissjóðunum.

Í tillögum frv. um verðtryggingu fremur en kauptrygginu lífeyris felst ekki síst, að sá kostur er valinn, sem þykir háður minni óvissu og tryggja betur en ella að unnt sé þegar til lengdar lætur að standa við lífeyrisloforð. Í þessu sambandi þarf ekki síður að hafa í huga, að ef gert væri ráð fyrir að lífeyrir fylgdi launum fremur en verðlagi, þyrfti við ákvörðun lífeyrishlutfalls að gefa sér ákveðnar forsendur um breytingu kaupmáttar til langs tíma. Miðað við óbreyttar forsendur um ávöxtun eigna og óbreytt iðgjald, hefði tenging lífeyris við laun og forsendur um t.d. 1–2% kaupmáttaraukningu í för með sér, að réttindin, sem menn áynnu sér á ári hverju, yrðu að vera lægra hlutfall af launum en í tillögum frv. Tenging við laun, og forsenda um 2% aukningu kaupmáttar á ári, þýddi t.d., að árleg myndun réttinda yrði nær 1% fyrir hvert ár í stað 1,45% í tillögum frv.

Í því sem hér hefur verið rakið hefur m.a. verið reynt að sýna fram á innbyrðis samhengi megintillagnanna um ellilífeyri svo og samhengi þeirra og forsendna um þróun kaupmáttar. Ein meginniðurstaða þessarar umræðu er þá jafnframt sú, að við gefnar forsendur um ávöxtun eigna skipti ekki máli um fjárhæð ellilífeyris hvort lífeyrir er verðtryggður eða kauptryggður. Vilji menn gera tillögur um ríflegri ellilífeyri en í þessu frv., verða menn jafnframt að leggja til að hærra iðgjald verði greitt til lífeyrissjóða en hér er lagt til eða að aðrar tegundir lífeyris verði skertar frá því sem frv. gerir ráð fyrir.

Að lokum má minna á, að þótt í þeim útreikningum, sem liggja til grundvallar tillögum frv. þessa, sé gengið út frá ákveðinni ávöxtun eigna umfram verðlag, felst engu að síður í því forsenda um ávöxtun umfram breytingar launa. Tillögur frv. um lífeyrisréttindi eru sem fyrr segir miðaðar við 3,5% árlegan vöxt eigna umfram verðlag. Sé miðað við árlega kaupmáttaraukningu til langs tíma, t.d. 2%, felst í ávöxtunarforsendunni að eignir vaxi til jafnaðar um 1,5% umfram breytingu launa. Með öðrum orðum er hér gert ráð fyrir, að meðalraunvextir í útlánum sjóða verði til jafnaðar 1,5% hærri en nemur árlegri aukningu kaupmáttar. Það virðist afar hæpið til langs tíma litið, að treysta á slíka forsendu en hana yrðu menn að gefa sér að óbreyttum forsendum um ávöxtun umfram verðlag og um kaupmátt, ef þeir teldu að fremur ætti að tengja lífeyri við laun en við verðlag. Þótt e.t.v. sé ekki mikið að marka reynslu undanfarinna missera má minna á að vextir hafa verið taldir háir á árinu 1986, en meðalávöxtun veittra lána lífeyrissjóða það ár, sem gæti orðið 6–7%, er þó minni en nemur áætlaðri aukningu kaupmáttar atvinnutekna á árinu. Meðalávöxtun allra eigna sjóðanna á árinu 1986 er svo auðvitað mun lægri vegna mun lægri raunvaxta á útlánum á síðustu árum.

Það skal að endingu ítrekað, að með tillögu frv. um verðtryggingu réttinda og lífeyris miðað við sömu vísitölu og yfirleitt ræður verðuppfærslu á eignum lífeyrissjóðanna er leitast við að ná sem mestu öryggi um lífeyrisloforð í framtíðinni. Með þessu er reynt að forðast að lagt verði upp með lífeyrisréttindakerfi, sem reynast kynni óraunhæft þannig að við loforð yrði ekki staðið í framtíðinni. Er þá haft í huga að vafalaust verður auðveldara að auka lífeyrisréttindi ef framvindan næstu áratugina verður fjárhag sjóðanna hagfelldari en tillögur miðast við heldur en að ganga á loforð og skerða réttindi, eins og raunin gæti orðið ef ekki er gætt raunsæis við ákvörðun réttindanna í upphafi.

Áhrif frumvarpsins á lífeyrismál opinberra starfsmanna, bankamanna o.fl.

Þegar fjallað er um frv. þetta verður jafnan að hafa í huga, að auk þess sem það hefur þann tilgang að tryggja öryggi þeirra fjármuna, sem safnast í lífeyrissjóðum — og þar með lífeyri manna að starfsævinni lokinni, má segja að frv. hafi tvö meginmarkmið:

1. Að tryggja ákveðinn lágmarkslífeyri fyrir alla menn, sem hafa tekjur af atvinnu.
2. Að samræma lágmarksákvæði um iðgjöld og réttindi þannig að allir sitji við sama borð í þessum efnum.

Eftir sem áður er ekkert því til fyrirstöðu að hin mörgu samtök launþega og atvinnurekenda semji um aðra skiptingu æviteknanna milli starfsævinnar og lífeyrisævinnar — ef svo má að orði komast — en frv. gerir ráð fyrir. Slíkum samningum eru aðeins sett tvenns konar skilyrði í frv:

1. Að ekki sé samið um lægri iðgjöld og réttindi en frv. gerir ráð fyrir.
2. Að ekki sé samið um meiri réttindi en unnt á að vera að standa undir með ávöxtuðum iðgjaldstekjum sjóðanna.

Eins og nú háttar og áður er vikið að, er staða lífeyrissjóða nú mjög misjöfn. Að einu leyti má segja, að lífeyrissjóðasafnið skiptist í tvo hópa. Annars vegar eru sjóðir verkalýðsfélaga, sem verða að mæta skuldbindingum sínum að fullu og öllu með eignum sínum; dugi eignirnar ekki verður að skerða lífeyrisgreiðslur. Hins vegar eru svo sjóðir opinberra starfsmanna og bankamanna, sem eiga það sameiginlegt að atvinnurekendur, þ.e. ríki, sveitarfélög og bankarnir, hafa ábyrgst lífeyrisloforð og tryggja þannig að heita má lífeyrinn án tillits til þess hversu vel eignir sjóðanna duga til að mæta honum.

Þessu frv. er ekki stefnt gegn opinberum starfsmönnum eða bankamönnum og því er heldur ekki ætlað að koma í veg fyrir, að þessir aðilar semji sérstaklega við atvinnurekendur um skiptingu æviteknanna. Í framhaldi af þessu er rétt að fjalla nánar um áhrif frv. — ef af lögum verður — á lífeyrismál opinberra starfsmanna og bankamanna.

Í fyrsta lagi má benda á, að engin ákvæði þessa frv. eru afturvirk. Með öðrum orðum er hvergi gert ráð fyrir, að hróflað verði við þeim réttindum, sem opinberir starfsmenn hafa þegar áunnið sér, og gildir þá einu hvort menn hafa þegar hafið töku lífeyris eða eru enn í starfi.

Í öðru lagi er hvergi hróflað við samningsfrelsi þessara stétta nema á þann hátt sem frv. takmarkar samningsfrelsi allra stétta, þ.e. með ákvæðum um lágmarksiðgjöld og réttindi. Á sama hátt eru settar þær skorður við samningum um lífeyrismál, að ekki á að vera heimilt að menn semji um meiri réttindi en ætla má að unnt sé að standa undir með umsömdum iðgjöldum, verðtryggðum og ávöxtuðum.

Ef frv. þetta verður að lögum verða megináhrifin á lífeyrissjóði opinberra starfsmanna og bankamanna þau, að ekki verður heimilt að lífeyrisréttindi starfsmanna verði óháð greiðslugetu sjóða þeirra eins og nú er og að atvinnurekendur standi undir réttindum með öðru en umsömdu mótframlagi sínu. Hins vegar eru engar skorður settar við samningum um iðgjöld og hluta atvinnurekenda í þeim. Hér er vitaskuld aðeins átt við réttindi, sem myndast eftir að lögin taka gildi. Þetta hefur í för með sér, að samtök opinberra starfsmanna og bankamanna og atvinnurekendur þeirra verða að semja sérstaklega um lífeyrismál sín. Þeir samningar snúast um skiptingu æviteknanna, þ.e. hvernig skipta eigi heildarlaunum starfsmanna milli þess tíma, sem menn eru í starfi og tímans eftir starfslok. Með öðrum orðum, það yrði að semja um allt í senn, lífeyrisréttindi, lífeyrisiðgjöldin, sem standa eiga undir þeim, og vitaskuld einnig um launin á starfsævinni.

Þessu frv. er á engan hátt ætlað að skerða launakjör opinberra starfsmanna né breyta heildarkjörum þeirra, en hins vegar leiðir af frv., að menn verða að semja um þau kjör með

öðrum og opinskárri hætti hvað varðar lífeyrisréttindi en nú er gert. Niðurstaða slíkra samninga, sem gerðir yrðu beinlínis af þessu tilefni, ætti að vera óbreytt heildarkjör fyrir starfsmenn. Munurinn er fyrst og fremst sá, að kostnaðurinn af ábyrgð launagreiðenda á lífeyri, verður annað hvort að koma beinlínis fram sem iðgjöld atvinnurekenda á móti iðgjöldum starfsmanna, ef ekki verður samið um minni lífeyrisréttindi en nú er gegn hærri starfslaunum en nú eru greidd.

Ljóst er, að samningar eins og þeir, sem hér um ræðir, verða ákaflega vandasamir og viðamiklir. Hér eru mjög miklir hagsmunir í húfi og því verður að leitast við að tryggja stöðu og réttindi starfsmanna sem best. Þykir rétt að ekki sé treyst um of á að slíkir samningar takist þegar í upphafi. Því eru í ákvæðum til bráðabirgða gerðar sérstakar tillögur um hvernig að skuli fara ef samningar takast ekki. Er lagt til, að þá skuli skipaður sérstakur gerðardómur til að meta til iðgjalds lífeyrisréttindi þau sem launagreiðendur hafa ábyrgst fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna sem starfa skv. sérstökum lögum. Kveðið er á um að launagreiðandi skuli bera iðgjald þetta að frádregnum hinum samningsbundna hluta starfsmanna, sem nú er 4%. Jafnframt er svo gert ráð fyrir að niðurstaða þessa mats verði fyrirmynd fyrir þá starfsmenn aðra, sem búa við hliðstæð lífeyrisréttindi og kjör, þ.e. bankamenn og starfsmenn sveitarfélaga.

Athygli er vakin á því, að til þess að taka af öll tvímæli hefur þótt rétt að kveða sérstaklega á um það í þessari grein, að ákvæði laganna raski ekki þeim lífeyrisréttindum sem opinberir starfsmenn hafa áunnið sér eða myndast hafa fyrir gildistöku laganna, né þeirri ábyrgð sem launagreiðendur hafa tekist á hendur vegna þessara réttinda. Þetta ákvæði er vitaskuld óþarft í sjálfu sér, þar sem tillögur frv. þessa fela hvergi í sér skerðingu né röskun þessara réttinda, en ákvæðið þykir réttmætt til að draga úr óvissu og eyða tortryggni um markmið og efni þeirra laga, sem hér er lagt til að sett verði.

Að endingu er rétt að ítreka, að verði ekki samkomulag um annað hefur samþykkt frumvarps þessa aðeins þau áhrif á lífeyrismálefni opinberra starfsmanna, að formlega verður ákveðið annað og hærra iðgjaldshlutfall, sem ríkissjóður og aðrir hlutaðeigandi launagreiðendur greiða til viðkomandi sjóða en nú gildir. Þetta er í samræmi við þá almennu stefnumörkun frumvarpsins, að sjóðsöfnun sé nauðsynleg, eigi lífeyriskerfið að fá staðist til lengri tíma, svo og þá stefnu, sem hér er mörkuð, að sjóðir verði að standa undir lífeyrisútgjöldum sínum með uppsöfnuðum og ávöxtuðum iðgjöldum. Um þetta efni vísast til almennra athugasemda með frumvarpinu, en þó er rétt að fjalla nokkru nánar um þessi atriði.

Samkvæmt frv. er þess krafist, að útgjöld ríkissjóðs og annarra hlutaðeigandi launagreiðenda vegna ábyrgðar á lífeyri starfsmanna verði skilgreind sem ákveðið iðgjald, sem greiðist af launum hvers og eins starfsmanns, í stað þess sem nú er, að útgjöldin eru óskilgreind og ótiltekin og tengjast lífeyrisgreiðslum fremur en iðgjöldum og launum. Þessa tillögu má rökstyðja með ýmsu móti. Í fyrsta lagi er þetta óhjákvæmilegt til þess að unnt sé að meta gjaldhæfi sjóða á hverjum tíma og taka ákvarðanir um fjárráðstafanir þeirra á þekktum fjárhagsgrundvelli. Í öðru lagi leiðir þetta af þeirri stefnu frv. að allir menn, sem hafa tekjur af atvinnu, sitji við sama borð í lífeyrismálum og ávinni sér sambærileg réttindi með sömu hlutfallslegum iðgjaldsgreiðslum. Þetta auðveldar einnig allan samanburð á launum og starfskjörum hinna ýmsu stétta og ætti að auðvelda launasamninga og að unnt sé að fylgja markvissri tekjustefnu. Í þriðja lagi verður að gera þá kröfu til fjármálastjórnar ríkis, sveitarfélaga og banka að framtíðarskuldbindingar þessara aðila séu jafnan ljósar og komi með glöggum hætti fram í reikningum þeirra. Þetta er sérstaklega brýnt að því er varðar minnstu sveitarfélögin og þá aðila aðra, sem bjóða starfsmönnum sínum svipuð launa- og lífeyriskjör og ríkið gerir. Benda má á, að kröfur í nýrri bankalöggjöf ganga til sömu áttar og nýleg dæmi árétta enn mikilvægi þess, að allar kröfur og ábyrgðir

bankastofnana, sem og annarra fyrirtækja, séu færðar upp til raungildis í reikningum þeirra á hverjum tíma og séu þar skýrar og skiljanlegar.

Dæmi um ellilífeyri í heild.

Í tengslum við þær tölur um ellilífeyri, sem hér hafa verið tilfærðar, er nauðsynlegt að minna á, að við þær þarf að bæta ellilífeyri almannatrygginga til þess að fá tölur um heildarlífeyri. Hér á eftir eru sýnd nokkur dæmi um þetta miðað við mismunandi langa starfsævi, tekjur á starfsævinni og vöxt kaupmáttar.

Starfsævi, ár	40	50	40	50	40	50	40	50
Mánaðartekjur í upphafi, kr.	30.000		40.000		60.000		100.000	
A. Engin kaupmáttaraukning								
1. Frá lífeyrissjóði	17.400	21.750	23.200	29.000	34.800	43.500	58.000	72.500
2. Ellilífeyrir almannatrygginga	7.581	7.581	7.581	7.581	7.581	7.581	7.581	7.581
3. Tekjutrygging almannatrygginga	8.765	6.220	5.371	1.977	–	–	–	–
1.-3. Lífeyrir alls	33.746	35.551	36.152	38.558	42.381	51.081	65.581	80.081
4. Lífeyrir sem hlutfall af tryggðum tekjum	112,5	118,5	90,4	96,4	70,6	85,1	65,6	80,1
B. 1% árleg kaupmáttaraukning								
Mánaðartekjur síðasta árs, kr.	44.224	48.850	58.965	65.134	88.447	97.701	147.412	162.835
1. Frá lífeyrissjóði	21.266	28.041	28.354	37.389	42.531	56.083	70.885	93.472
2. Ellilífeyrir almannatrygginga	11.287	12.468	11.287	12.468	11.287	12.468	11.287	12.468
3. Tekjutrygging almannatrygginga	15.641	14.658	11.452	9.188	3.072	–	–	–
1.-3. Lífeyrir alls	48.194	55.168	51.093	59.045	56.891	68.551	82.172	105.939
4. Lífeyrir sem hlutfall af tryggðum tekjum	109,0	112,9	86,6	90,7	64,3	70,2	55,7	65,1
C. 2% árleg kaupmáttaraukning								
Mánaðartekjur síðasta árs, kr.	64.942	79.164	86.590	105.552	129.885	158.329	216.474	263.881
1. Frá lífeyrissjóði	26.275	36.792	33.778	47.525	52.550	73.584	87.583	122.640
2. Ellilífeyrir almannatrygginga	16.739	20.405	16.739	20.405	16.739	20.405	16.739	20.405
3. Tekjutrygging almannatrygginga	26.154	29.038	21.676	22.631	10.471	7.077	–	–
1.-3. Lífeyrir alls	69.168	86.235	72.192	90.562	79.759	101.066	104.322	143.045
4. Lífeyrir sem hlutfall af tryggðum tekjum	106,5	108,9	83,4	85,8	61,4	63,8	48,2	54,2

Við athugun þessara dæma þarf að hafa eftirfarandi í huga:

1. Miðað er við tillögur frv. um ellilífeyri frá lífeyrissjóðum og við gildandi reglur um ellilífeyri og tekjutryggingu.
2. Gert er ráð fyrir að lífeyrir frá almannatryggingum breytist eins og laun.
3. Þótt gert sé ráð fyrir greiðslum skv. gildandi reglum almannatrygginga nú, má minna á, að í athugasemdum frv. er bent á nauðsyn þess að endurskoða samhengið milli lífeyris frá almannatryggingum og frá lífeyrissjóðum svo og skattlagningar þessara greiðslna.
4. Tölur um ellilífeyri og tekjutryggingu miðast við júní 1987 en skerðing tekjutryggingar við gildandi hlutföll í júní 1986 m.v. hækkun „frítekjumarks" í hátt við launabreytingar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI
Gildissvið o.fl.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um gildissvið laganna. Þau skulu ná til allra stofnana er gegna því hlutverki að veita lífeyri vegna elli, örorku eða dauða, með þeim undantekningum sem getur í þessari grein og 2. gr. Lögunum er ætlað að gilda jafnt um þá lífeyrissjóði sem sérlög hafa verið sett um sem aðra. Verði frv. þetta að lögum verða því flutt sérstök frumvörp til laga um breytingu á lögum allra lögbundnu sjóðanna, svo að tryggja megi, að öll ákvæði laga um einstaka lífeyrissjóði verði innan þess ramma sem frumvarp þetta heimilar. Meginmunur á lögbundnum sjóðum og öðrum verður þá formlega sá, að um þau atriði sem ákveðin eru almennt í reglugerðum lífeyrissjóðanna, verður kveðið á í lögum um hina lögbundnu sjóði.

Hafa verður þó í huga að lögformleg staða hinna lögbundnu lífeyrissjóða gerir það að verkum að ýmis ákvæði í þessum lögum geta ekki átt beinlínis við um þá. Þannig má nefna, að ráðherra getur ekki án atbeina Alþingis afturkallað starfsleyfi lögbundins sjóðs og skipað skilanefnd til að slíta honum skv. 45. gr. Svipaðar athugasemdir má og gera um ýmis önnur ákvæði laganna. Verður því að túlka ákvæði laganna með hliðsjón af valdmörkum löggjafar- og framkvæmdarvalds að því er hina lögbundnu sjóði varðar. Í ýmsum þessara tilvika yrði það því hlutverk ráðherra að gera á Alþingi þær tillögur til breytinga á löggjöf um viðkomandi sjóð er hann telur nauðsynlegar.

Starfsemi vátryggingafélaga og almannatrygginga er svo frábrugðin rekstri lífeyrissjóða að naumast kemur til greina að skipa málum þessara aðila með einum og sömu lögunum. Um þessa starfsemi er og fjallað í sérstökum lögum, sbr. lög nr. 50/1978, um vátryggingarstarfsemi, og lög nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Í 2. mgr. er greint á milli skyldusjóða og frjálsra lífeyrissjóða. Aðgreining þessi er nauðsynleg, m.a. vegna þess, að eðlilegt er að ríkisvaldið hafi meiri afskipti af skyldusjóðum en þeim síðarnefndu. Um þessa tvo flokka lífeyrissjóða vísast til almennra athugasemda hér að framan.

Um 2. gr.

Enda þótt ákvæði laganna gildi ekki um Tryggingastofnun ríkisins, undanþiggur það lífeyrissjóð að sjálfsögðu ekki neinum ákvæðum þeirra þó Tryggingastofnunin annist framkvæmd tiltekinna þátta í starfsemi sjóðsins, t.d. bókhald og greiðslur lífeyris. Ákvæði laga þessara taka ekki til beinna greiðslna úr opinberum sjóðum eða frá einkafyrirtækjum til fyrrverandi starfsmanna eða ekkna þeirra ef þessar greiðslur eru ákveðnar einhliða af greiðanda og byggjast ekki að neinu leyti á iðgjaldagreiðslum móttakanda.

Auk þess að undanþiggja Tryggingastofnun ríkisins og sjúkrasamlög er hér kveðið svo á, að lögin taki ekki til sjúkrasjóða atvinnustétta, starfshópa og fyrirtækja. Lengi hafa starfað sjúkrasjóðir á vegum ýmissa stéttarfélaga, en hlutverk þeirra er ekki markað í lögum. Ekki eru heldur í lögum ákvæði um réttarstöðu sjúkrasjóða né opinbert eftirlit með starfsemi þeirra. Sjúkrasjóðir eru nú margir enda er atvinnurekendum skylt að greiða tiltekinn hundraðshluta af útborguðu kaupi í sjúkrasjóð viðkomandi stéttarfélags, sjá 7. gr. laga nr. 19/1979, sbr. 6. gr. laga nr. 55/1980. Sjúkrasjóðir stéttarfélaga eru um flest ólíkir lífeyrissjóðum og eiga ákvæði um þá ekki heima í löggjöf um lífeyrissjóði.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Lífeyrissjóðir eru tryggingastofnanir sem ætlað er að standa undir skuldbindingum sínum langt fram í tímann, m.a. með góðri og traustri ávöxtun fjár, og þykir það ekki samræmast hlutverki þeirra að þeir taki þátt í atvinnurekstri, sem hefur í för með sér áhættu. Ekki þykir heldur rétt að hafa í lögum sérstaka heimild fyrir lífeyrissjóði til þess að reka fasteignir. Telja verður að það samrýmist meginreglum frumvarpsins, að lífeyrissjóður eigi og reki það húsnæði sem hann þarf á að halda fyrir starfsemi sína. Hins vegar má telja, að kaup lífeyrissjóða á húseignum og rekstur slíkra eigna umfram það sem áður segir, sé vart samræmanlegt hlutverki lífeyrissjóða.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

II. KAFLI

Skyldutrygging lífeyrisréttinda. Iðgjöld til lífeyrissjóða.

Um 6. og 7. gr.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að ákvæði um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, sem nú eru í lögum nr. 55/1980, verði felld inn í lög um starfsemi lífeyrissjóða. Í 6. og 7. gr. er gert ráð fyrir að komi helstu ákvæði um skyldutryggingu með þeim breytingum, sem leiða af öðrum tillögum þessa frumvarps. Þá er hér ennfremur gerð tillaga um aldursmörk iðgjaldsgreiðenda. Í stað þess að greiðsla iðgjalds falli niður er taka lífeyris hefst, eins og nú er hjá mörgum lífeyrissjóðum, er hér lagt til að iðgjald sé greitt af öllum launum manna frá og með 16 ára aldri og uns 75 ára aldri er náð. Þessi tilhögun hefur m.a. þann kost í för með sér, að ákvæði um iðgjaldsgreiðsluskyldu eru mun skýrari og ákveðnari en verið hefur.

Í 7. gr. segir, að tryggingarskyldu skuli fullnægt með þátttöku í lífeyrissjóðum samkvæmt reglum einstakra sjóða og/eða kjarasamninga um sjóðsaðild. Í þessu sambandi er rétt að benda á, að hér gæti komið upp nokkur óvissa um hvort beri heldur að fara eftir ákvæðum reglugerða eða kjarasamninga ef þau stangast á. Ljóst er að í flestum tilvikum, þegar lögbundnir sjóðir eiga ekki í hlut, eru reglugerðir reistar á kjarasamningum, en ákvæði reglugerða hljóta þó, eðli málsins samkvæmt, að verða nákvæmari og fyllri en ákvæði kjarasamninga. Það er miklum erfiðleikum bundið að koma við ákvæðum er tryggja, að sjóðfélagar geti haft bein áhrif á ákvarðanir og reglugerðir lífeyrissjóða og er því reiknað með, að þau áhrif komi fyrst og fremst fram með óbeinum hætti fyrir atbeina verkalýðsfélaga og í kjarasamningum þeirra og vinnuveitenda. Tilvísun til kjarasamninga í 7. gr. er í samræmi við þetta og þykir eðlileg, jafnvel þótt gert sé ráð fyrir að reynt verði að gæta þess við staðfestingu reglugerða að ákvæði þeirra stangist ekki á við þá kjarasamninga, sem þeir eru reistir á.

Í niðurlagi 7. gr. er tekið fram að úrskurður lífeyrissjóðaeftirlitsins um iðgjaldagreiðslur sé fullnaðarúrskurður. Rétt er að taka fram, að í þessu felst að um málskot til æðsta stjórnvalds verður ekki að ræða, en á hinn bóginn er með þessu ekki verið að svifta menn rétti til að skjóta málum til dómstóla.

Um 8. gr.

Í þessari grein er iðgjaldsstofn skilgreindur. Eru helstu nýmæli þau, að gert er ráð fyrir að allir lífeyrissjóðir miði við sams konar iðgjaldsstofn en skilgreini hann ekki með ýmsu móti eins og nú er, og að iðgjöld verði greidd af öllum launum, en hjá flestum lífeyrissjóðum er nú miðað við dagvinnulaun sem meginreglu. Í þessu sambandi verður bæði að hafa í huga að oft er mikið álitamál hvað átt er við með hugtakinu dagvinnulaun og að verulegur hluti launa ýmissa stétta telst ekki til dagvinnulauna jafnvel þótt vinnan sé unnin á dagvinnutíma.

Hér er m.a. um að ræða bónus-, ákvæðis- og álagsgreiðslur af ýmsu tagi. Þá má og nefna að yfirvinna skiptir oft miklu um tekjur heimila. Af þessum ástæðum er eðlilegt að iðgjöld séu greidd af öllum launum, þannig að lífeyrisréttindi manna, og þar með tekjur þeirra eftir að starfsævinni lýkur, miðist við sömu tekjur og ráðið hafa afkomu þeirra á starfsævinni.

Í 8. gr. er gert ráð fyrir, að iðgjaldsstofn sé í meginatriðum miðaður við bein greidd laun fyrir atvinnu. Af hagkvæmisástæðum þykir rétt að undanskilja laun sem greidd eru í hlunnindum, svo og þann hluta tekna sem ætlað er að vera greiðsla eða endurgjald fyrir útlagðan kostnað fremur en bein laun, en mörkin þar á milli eru í mörgum tilvikum óljós.

Skilgreining iðgjaldsstofnsins í 8. gr. er miðuð við þá sundurliðun tekna sem fram kemur á skattframtali. Orðalagið „heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar starf eða þjónustu" vísar beint til þeirra tekna allra, sem taldar eru í 21. reit á skattframtali 1987 og orðin „reiknaðs endurgjalds vegna vinnu við eigin atvinnurekstur" vísa til reitar 24 á skattframtali. Frá þeirri fjárhæð skal draga verkfæra- og hljóðfærakostnað vegna atvinnu (reitur 35 á skattframtali) sbr. 6. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Til að taka af allan vafa þykir rétt að taka beinlínis fram, að til iðgjaldsstofns teljast ekki lífeyrisgreiðslur og eftirlaun, né ökutækjastyrkur, dagpeningar, ferðapeningar, risnufé svo og öll laun greidd í hlunnindum. Um fjóra síðasttöldu liðina gildir, að hér er ýmist fyrst og fremst um endurgreiðslu á útlögðum kostnaði að ræða eða, að því er hlunnindatekjur snertir, að þær eru mjög vandmetnar og því ekki heppilegur grundvöllur reglubundinna iðgjaldsgreiðslna. Í þessu sambandi má benda á, að séu hlunnindatekjur verulegur hluti heildartekna einhvers manns ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að hann gæti ákveðið í samráði við lífeyrissjóð sinn að miða iðgjaldsgreiðslur við hlunnindatekjur, þótt yfirleitt þyki heppilegra að undanþiggja slíkar tekjur iðgjaldsskyldu. Þá má taka fram, að atvinnuleysistryggingabætur teljast ekki lífeyrisgreiðslur og er gert ráð fyrir að af þeim greiðist iðgjald í lífeyrissjóð, eins og nú gildir skv. 23. gr. laga nr. 64/1981, um atvinnuleysistryggingar. Að öðru leyti en hér hefur verið nefnt verður að reikna með, að iðgjaldsgreiðslur geti verið háðar samningum við hlutaðeigandi lífeyrissjóði. Þannig má nefna, að þótt laun sem greidd eru starfsmönnum hjá alþjóðastofnunum séu ekki talin til iðgjaldsstofns, er ekkert því til fyrirstöðu, að menn semji við lífeyrissjóði sína um að greiða iðgjald af slíkum launum, eins og mörg dæmi eru um. Loks má nefna, að námsmenn eiga þess nú kost að tekið sé tillit til greiðslu lífeyrisiðgjalds við ákvörðun námslána og iðgjald greitt vegna þeirra í Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Er ekkert því til fyrirstöðu að svo verði gert áfram.

Í 2. mgr. 8. gr. er kveðið á um hvernig háttað skuli breytingum á iðgjaldsstofni þeirra, sem miða iðgjaldsgreiðslur við reiknað endurgjald fyrir störf við eigin rekstur. Um þetta atriði er erfitt að setja haldgóða reglu, þar sem ætla má, að raunverulegt endurgjald geti verið allbreytilegt frá einu ári til annars. Í 2. mgr. er gert ráð fyrir, að milli þess sem endurgjaldið er ákvarðað árlega í skattframtali eða af skattstjóra breytist það í hátt við almennar launabreytingar eftir reglum sem lífeyrissjóðaeftirlitið birtir. Þessi ákvæði ættu þó ekki að koma í veg fyrir, að menn geti samið við lífeyrissjóði sína um aðrar breytingar á iðgjaldsgreiðslum ef afkoma af rekstri þeirra og þar með endurgjald af því hafi breyst til muna með öðrum hætti en laun yfirleitt. Þá er í niðurlagi 2. mgr. 8. gr. lagt til, að kveðið verði á um ákveðið lágmark fyrir iðgjaldsstofn sjálfstæðra atvinnurekenda, þannig að stofninn verði aldrei lægri en viðmiðunartekjur í viðkomandi atvinnugrein, sem ákveðnar eru af ríkisskattstjóra. Þetta er til að tryggja að sjálfstæðir atvinnurekendur eignist jafnan lífeyrisréttindi eins og launafólk, og sú réttindamyndun sé ekki að fullu háð afkomu rekstrarins.

Við gerð kjarasamninga í febrúar 1986 sömdu Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna um að iðgjaldsstofni skyldi

breytt í áföngum úr því að miðast við dagvinnulaun í það að vera öll laun. Frá 1. janúar 1990 skal því greiða iðgjald í lífeyrissjóð af öllum launum á samningssviði þessara aðila.

Um 9. gr.

Hér er að finna ákvæði um lágmarksiðgjald, greiðslu iðgjalds og útreikning endanlegs iðgjalds. Lagt er til að iðgjald verði ekki lægra en 10% af öllum launum. Um nánari skýringar á iðgjaldi og samspili iðgjalds og réttinda vísast til almennra athugasemda hér að framan.

Í 9. gr. eru ennfremur ákvæði um skyldu launagreiðenda til að halda eftir af launum starfsfólks iðgjaldshluta þess og til skila á iðgjöldum til lífeyrissjóðs. Þetta er í samræmi við gildandi samningsákvæði og tilhögun í þessum efnum. Hins vegar felur tillaga 2. mgr. 9. gr. í sér nýmæli, en þar er gert ráð fyrir að launagreiðendum og sjálfstæðum atvinnurekendum, sem staðið hafa lífeyrissjóði skil á iðgjöldum, sé skylt að tilkynna sjóðnum ef þeim ber ekki lengur að greiða iðgjöld til hans. Þessi tillaga er gerð með hliðsjón af þeirri óvissu, sem nú er við að etja þegar launagreiðandi eða sjálfstæður atvinnurekandi hættir að greiða fé til lífeyrissjóðs án nokkurra skýringa, eins og mjög oft er. Í slíkum tilvikum getur sjóðurinn ekki dæmt um hvort um vanskil sé að ræða eða hvort menn hafi látið af störfum eða starfsemi verið lögð niður. Oft er erfitt að ná til viðkomandi aðila til að fá skýringar og því getur þessi óvissa leitt til þess að sjóður hefji innheimtuaðgerðir, sem reynast svo á misskilningi byggðar þegar málavextir eru að fullu upplýstir. Í þessu sambandi má minna á, að ákvæði um tilkynningaskyldu svipuð þeim, sem hér er gert ráð fyrir, eru í lögum um söluskatt.

Í 4. mgr. 9. gr. er kveðið á um endanlegan útreikning iðgjalds, sem skal byggjast á launaframtölum launagreiðenda og skattframtali. Þá er hér lagt til, að endanlegt uppgjör á iðgjaldi og þar með réttindum fyrir hvern starfandi mann fari fram á skattframtali. Er þá reiknað með, að iðgjaldsstofn verði þar skilgreindur nákvæmlega og hverjum og einum verði gert að reikna út iðgjald sitt og bera saman við raunverulega greiðslu. Með þessu ákvæði er stefnt að því, að fólki gefist kostur á að skilja til hlítar tengsl iðgjaldsgreiðslna og réttindamyndunar og fylgjast með iðgjaldsgreiðslum. Jafnframt verður nú fyrst mögulegt að koma við raunhæfu eftirliti með því að ákvæði laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda séu haldin, en það hefur verið illmögulegt til þessa, einkum vegna mismunandi iðgjaldsstofns hjá sjóðunum. Loks er hér gert ráð fyrir að setja megi nánari reglur um útreikning og innheimtu endanlegra iðgjalda, m.a. að heimilt verði að gera launagreiðendum að skila sérstökum yfirlitum um innheimtu og greiðslur iðgjalda í tengslum við skil launaframtala og skattskil.

Í 4. mgr. 9. gr. er ennfremur gert ráð fyrir að vangoldin iðgjöld skuli innheimt hjá launagreiðendum og sjálfstæðum atvinnurekendum. Þegar iðgjöld vegna launþega eiga í hlut þykir eðlilegt að innheimtan beinist að launagreiðandanum vegna skyldu hans til að halda eftir iðgjaldshluta launþegans og standa lífeyrissjóði skil á honum ásamt eigin mótframlagi. Launagreiðandinn getur svo átt endurkröfurétt á hendur hlutaðeigandi launþega að því marki sem iðgjaldshluti launþegans kann að vera vangreiddur.

Um 10. og 11. gr.

Þessi ákvæði eru efnislega samhljóða ákvæðum 7.–9. gr. laga nr. 55/1980. Hvað varðar ákvæði 11. gr. um bann við endurgreiðslu iðgjalda til sjóðfélaga má nefna að í 17. gr. er gert ráð fyrir, að ekki megi skerða eða fella niður áunnin réttindi þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldsgreiðslum til sjóðsins og í 18. gr. er gert ráð fyrir, að menn geti átt réttindi í fleiri en einum skyldusjóði án þess að það hafi áhrif á heildarréttindi þeirra. Rétt þykir að halda þeirri heimild, sem nú er í 5. gr. laga nr. 55/1980 um færslu réttinda á milli sjóða, en ýmsar hagkvæmisástæður geta valdið því að heppilegt sé að einn eða a.m.k. fáir sjóðir haldi utan

um réttindi og annist lífeyrisgreiðslur eins manns, þótt hann kunni að eiga réttindi í mörgum sjóðum.

Eðlilegt er, ef ekki eru milliríkjasamningar um annað, að iðgjöld, sem greidd eru af launum útlendinga, sem hafa atvinnu um tíma hér á landi, séu endurgreidd þeim er þeir flytjast af landi brott. Er þá vitaskuld átt við allt iðgjaldið án tillits til skiptingar þess í hluta launþega og hluta atvinnurekanda. Í 11. gr. er gert ráð fyrir að í reglugerðum verði kveðið á um heimild til slíkra endurgreiðslna. Slík heimild ætti þó ekki að ná til þeirra, sem hafa áunnið sér umtalsverð réttindi hér á landi, svo sem með greiðslu iðgjalda í tvö til þrjú ár. Þá virðist eðlilegt að ekki verði heimild til endurgreiðslu iðgjalda til útlendinga, sem þegar eru byrjaðir að taka lífeyri, þótt þeir flytji af landi brott.

III. kafli
Lífeyrisréttindi.

Um 12. gr.

Hér er kveðið á um, að með iðgjaldsgreiðslum ávinni menn sér rétt til ellilífeyris, örorkulífeyris, makalífeyris og barnalífeyris. Álitamál er, hvort allar þessar lífeyristegundir eigi heima í lífeyrissjóðakerfi er greiðir tekjutengdan lífeyri og sérstaklega virðist koma til greina að almannatryggingar annist einar greiðslur makalífeyris og barnalífeyris. Þá má minna á, að þjóðfélagshættir hafa á undanförnum árum breyst svo, að ekki er sama ástæða nú til greiðslu makalífeyris og áður var. Í frumvarpi þessu er þó tekin sú stefna að enn um sinn greiði lífeyrissjóðir makalífeyri, sem þó er talsvert skertur m.v. núverandi reglugerðarákvæði flestra lífeyrissjóða, og barnalífeyri. Hins vegar má ætla, að viðhorf til þessara atriða taki breytingum á næstu árum og er nauðsynlegt, að þeim verði gefinn gaumur í framtíðinni.

Í 12. gr. er jafnframt leitast við að skilgreina hvenær lífeyrisréttur stofnast. Lagt er til, að meginreglan verði sú, að réttur til lífeyris reiknist frá þeim tíma sem iðgjald er greitt til lífeyrissjóðs. Í flestum tilvikum eru iðgjöld greidd til lífeyrissjóða með reglubundnum hætti og er þá enginn skilgreiningarvandi fyrir hendi að þessu leyti. Hins vegar er nauðsynlegt að tekin séu af tvímæli um þetta þegar um vangoldin iðgjöld er að ræða. Hér er lagt til, að gagnvart þeim sem bera sjálfir ábyrgð á greiðslum eigin iðgjalda, gildi meginreglan um reikning réttinda frá þeim tíma er greiðslan fer fram. Með hliðsjón af samningsákvæðum svo og tillögu þessa frv. um skyldu launagreiðanda til að halda eftir iðgjaldshluta launþega og að standa lífeyrissjóði skil á honum ásamt eigin mótframlagi, þykir eðlilegt að rýmri regla gildi um það frá hvaða tíma lífeyrisréttur launþega stofnast. Hér er því lagt til, að sé um vangoldin iðgjöld vegna launþega að ræða, reiknist lífeyrisréttur frá eindaga viðkomandi greiðslu, enda hafi lífeyrissjóði borist vitneskja um að greiðsluna hefði átt að inna af hendi innan 9 mánaða frá eindaga. Í þessu sambandi má benda á, að í 19. gr. er lagt til að lífeyrissjóðum sé skylt að senda sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld vegna þeirra eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti. Með þessu er sú skylda jafnframt lögð á sjóðfélagana að þeir fylgist með iðgjaldsgreiðslum og tilkynni hlutaðeigandi lífeyrissjóði ef þeir telja að iðgjöld hafi ekki verið greidd af launum þeirra. Í reynd hefur því launþegi 2–3 mánuði til að tilkynna lífeyrissjóði, að iðgjald, sem launagreiðandi hefur dregið af launum hans, hafi ekki skilað sér til sjóðsins. Þegar lífeyrissjóði hefur borist vitneskja um iðgjaldskröfu er honum rétt og skylt að hefjast handa um innheimtu, en réttur launþegans er tryggður fyrir allt að 9 mánuði og það þótt krafa tapist, t.d. vegna gjaldþrots. Með þessu eru lagðar skyldur á lífeyrissjóði til að meta iðgjaldskröfu til réttinda fram yfir það, sem gildandi reglur kveða á um. Sú breyting gerir hins vegar kröfu til þess, að réttur lífeyrissjóðs til að koma fram iðgjaldskröfu við gjaldþrot verði gerður tryggari, t.d. með því að rýmka tímamörk að því er varðar iðgjaldskröfur lífeyrissjóðs gagnvart ríkisábyrgð á launum, t.d. úr 18 mánuðum í 24 mánuði.

Um 13. gr.

Í 13. gr. er kveðið á um myndun og tryggingu ellilífeyrisréttinda og ákvörðun ellilífeyris. Í þessari grein felst eitt helsta nýmæli þessa frumvarps, að gert er ráð fyrir að lífeyrisréttindi og lífeyrisgreiðslur séu tryggð m.v. lánskjaravísitölu. Um meginatriði þessa vísast til almennra athugasemda hér á undan.

Í 1. mgr. er kveðið á um lífeyrisaldur og frestun eða flýtingu á töku lífeyris. Er yfirleitt gert ráð fyrir að unnt sé að hefja töku ellilífeyris fimm árum áður eða eftir að hinu almenna aldursmarki er náð við sjötugt. Þó er gert ráð fyrir, að við sérstakar aðstæður megi hefja töku ellilífeyris við 60 ára aldur. Hér er m.a. haft í huga, að af hálfu ýmissa verkalýðsfélaga hefur á undanförnum árum verið lögð áhersla á að gefa fólki kost á að hefja töku lífeyris snemma, einkum ef það hefur stundað erfiðisvinnu. Ákvæði af þessu tagi eru nú m.a. í lögum um Lífeyrissjóð sjómanna. Á hinn bóginn er í 3. mgr. 13. gr. sett sú regla, að flýting eða frestun á töku lífeyris skuli að jafnaði ekki hafa í för með sér útgjaldabreytingu fyrir viðkomandi lífeyrissjóð. Er hér fylgt einu því meginsjónarmiði frv. þessa, að greiðslur iðgjalds og myndun réttinda skuli standast á, eins og nánar er rakið í almennum athugasemdum við frv. Í 3. mgr. er gert ráð fyrir, að lífeyrissjóðaeftirlitið setji um þetta nákvæmar reglur, sem miðist við lífslíkur iðgjaldsgreiðenda og ávöxtun iðgjalda. Þess má geta, að í reglugerðum ýmissa sjóða eru nú ákvæði um að réttindi skerðist eða aukist um 0,5% fyrir hvern mánuð sem á vantar að 70 ára aldri sé náð eða líður frá því að hinu almenna aldursmarki er náð. Þessi tala er þó ekki raunhæf lengur og ætla má að nærri láti, að lífeyrir ætti að skerðast skv. framansögðu um 0,6% er sjóðfélaginn er 65–69 ára og 0,3–0,4% er hann er 60–64 ára en aukast um 0,8–1,2% fyrir hvern mánuð sem sjóðfélaginn seinkar töku lífeyris eftir að 70 ára aldri er náð og uns hann verður 75 ára.

Þá er í 3. mgr. gert ráð fyrir að lífeyrissjóðaeftirlitið setji sérstakar reglur um skerðingu réttinda sem ávinnast kunna eftir að menn hafa hafið töku lífeyris. Í því sambandi er rétt að minna á, að í þessu frv. hefur verið tekin sú stefna að í stað þess að greiðsla iðgjalds falli niður er taka lífeyris hefst, eins og nú er hjá mörgum lífeyrissjóðum, er lagt til, að iðgjald sé greitt af öllum launum manna til 75 ára aldurs. Af þessu leiðir og vegna þess að lífeyrisréttur manns, sem hefur hafið töku lífeyris, er miðaður við áætlaðan ávöxtunartíma greiddra iðgjalda alla starfsævina, verður að gera ráð fyrir að réttindi sem ávinnast eftir að taka lífeyris er hafin, verði mun minni en þau réttindi sem lífeyrisþeginn hefur áunnið sér með ávöxtuðum iðgjaldsgreiðslum alla starfsævina. Með öðrum orðum má segja, að þær iðgjaldsgreiðslur sem hér um ræðir, standi stutt við í sjóðum, nái því lítilli ávöxtun og geti þar af leiðandi aðeins veitt takmörkuð réttindi.

Ákvæði 1. og 3. mgr. tengjast jafnframt ákvæðum 4. mgr. en þar er gert ráð fyrir, að haldi sjóðfélagi, sem hefur hafið töku lífeyris, áfram að greiða iðgjald til lífeyrissjóðs, eigi hann rétt á að fá ellilífeyrisréttindi sín endurmetin á fimm ára fresti eftir að hann hóf töku ellilífeyrisins svo og við 75 ára aldur, en eftir það getur ekki orðið um neina réttindamyndum að ræða. Með þessu er verið að tryggja ákveðinn lágmarkstíma, sem iðgjöldin standa við í sjóði, sem aftur mun skila sér í ríflegri réttindum en ella.

Í 2. mgr. er kveðið á um myndun ellilífeyrisréttinda en um þetta vísast einkum til almennra athugasemda. Hér er m.a. að finna allítarleg ákvæði um uppfærslu réttinda. Gert er ráð fyrir, að þau verði færð upp árlega þannig að iðgjaldsgreiðendur geti jafnan fylgst með réttindamyndun sinni. Í þessu sambandi má benda á, að í mörgum lífeyrissjóðum er réttindamyndun og lífeyrir miðaður við ákveðin stig og grundvallarlaun. Samkvæmt tillögum þessa frv. er horfið frá þessari aðferð og verður það að teljast til bóta. Hér kemur ekki síst til að ákvörðun og breyting grundvallarlauna eða viðmiðunarlauna fyrir stigaútreikning og ellilífeyrisgreiðslur er ýmsum annmörkum háð, einkum vegna þess að vitneskja um breytingar greiddra launa umfram metna kauptaxta er ekki fyrir hendi nema með mikilli töf.

Jafnframt má nefna, að eigi að vera um samræmt lífeyrissjóðakerfi að ræða þyrftu grundvallarlaun helst að vera eins í öllum sjóðum þannig að stig í einum sjóði væri jafnmikið stigum í öðrum sjóðum. Loks má benda á, að það fyrirkomulag sem hér eru gerðar tillögur um, er mun einfaldara en núgildandi ákvæði margra sjóða um grundvallarlaun, stigaávinning og loks ákveðna margföldun stiganna með tilteknum stuðli til þess að reikna hlutfall ellilífeyris af grundvallarlaunum.

Í 5. mgr. eru ákvæði um myndun ellilífeyrisréttinda örorkulífeyrisþega og eru þetta hliðstæð ákvæði þeim sem nú eru í gildi hjá flestum lífeyrissjóðanna.

Í 6. mgr. eru loks ákvæði um hvernig fara skuli með ellilífeyrisréttindi hjóna. Eins og nú háttar eru ellilífeyrisréttindi hjóna beinlínis tengd þeirri persónu, sem greiðir iðgjald, enda þótt önnur eignamyndun af tekjum hjónanna hvors um sig sé talin hjúskapareign þeirra og komi til skipta við slit hjúskapar. Hér er hins vegar lagt til, að með myndun ellilífeyrisréttinda verði farið sem hverja aðra eignamyndun hjóna meðan það hjónaband stendur og komi réttindi til skipta við skilnað. Jafnframt er lagt til, að um skipti þessara eigna við skilnað gildi ævinlega að þau deilist jafnt niður á hjónin. Hér er um töluvert réttlætismál að ræða og auk þess hefur þessi háttur þann kost, að myndun lífeyrisréttindanna hefur ekki áhrif á tekjuöflun hjónanna, þ.e. að komi til skilnaðar skiptir ekki máli hvernig þau hafa valið að skipta tekjuöflun heimilisins á milli sín. Í núverandi fyrirkomulagi felst hins vegar mismunun ef annað hjónanna hefur aflað meiri hluta teknanna eins og algengt er. Gallinn við þessa tillögu er þó sá, að hún kann að hafa vissa framkvæmdaörðugleika í för með sér í kerfi margra sjóða, einkum fyrst í stað. Í þessu felst m.a. að menn geta eignast réttindi í sjóðum, sem þeir hafa aldrei greitt til. Þetta á raunar ekki að skipta neinu máli öðru en því, að bókhald og réttindaskráning sjóðanna verður talsvert viðameiri en ella. Rétt er að taka fram, að ákvæðin um skiptingu ellilífeyrisréttinda hjóna eiga vitaskuld einungis við þau réttindi sem stofnast á grundvelli ákvæða þessa frv. ef það verður að lögum og þá aðeins frá þeim tíma.

Um 14. gr.

Ákvæði um örorkulífeyri í 14. gr. eru að flestu leyti sniðin eftir gildandi reglugerðarákvæðum ýmissa sjóða, einkum innan SAL. M.a. er miðað við sama örorkustig og við svipaðan framreikning réttinda. Á hinn bóginn er lagt til að réttur til örorkulífeyris stofnist með greiðslum iðgjalds til lífeyrissjóða í a.m.k. 12 mánuði á undanfarandi 24 mánuðum áður en sjóðfélaginn varð fyrir orkutapi. Jafnframt er þó gert ráð fyrir sérákvæðum fyrir iðgjaldsgreiðendur, sem ekki ná að uppfylla þau skilyrði vegna þess að þeir hafi áður en þeir urðu fyrir orkutapinu verið tímabundið utan vinnumarkaðar vegna náms, veikinda eða annarra sambærilegra ástæðna, enda hafi þeir áður verið reglubundnir greiðendur til lífeyrissjóðs. Þá er ennfremur gert er ráð fyrir, að örorkumatið sé fyrstu þrjú árin miðað við vanhæfni sjóðfélagans til að gegna því starfi, sem hann gegndi áður, en eftir það skuli miða við vanhæfi hans til almennra starfa. Hvað framreikning réttinda varðar er lagt til, að framreikningsréttindi þeirra, sem fá úrskurðaðan örorkulífeyri vegna minna en fulls orkutaps og eru orðnir fimmtugir, verði skert nokkuð frá því sem nú er. Þeir sem svo er ástatt um fengju réttindi sín framreiknuð m.v. iðgjaldsgreiðslur til 65 ára aldurs, en hinir sem verða að fullu öryrkjar eða verða fyrir örorkutapinu áður en þeir verða 50 ára, fá réttindi sín reiknuð m.v. iðgjaldsgreiðslur til 70 ára aldurs. Þessi tillaga er gerð í því skyni að hamla gegn því að í stað þess að flýta töku ellilífeyris með þeirri skerðingu, sem því fylgir, reyni menn að fá úrskurðaðan örorkulífeyri, sem óskertur yrði meiri en ellilífeyririnn, sem sami maður fengi áður en almenna aldursmarkinu er náð. Í 3. mgr. 14. gr. er lagt til, að réttur til framreiknings skerðist eða falli niður, ef örorkan stafar af ástæðum, sem sjóðfélagi á sjálfur sök á. Ákvæði þetta vísar fyrst og fremst til óreglu og eiturlyfjaneyslu og er í fullu samræmi við gildandi ákvæði í reglugerðum flestra lífeyrissjóða. Hliðstætt ákvæði er einnig

að finna í lögum um atvinnuleysistryggingar nr. 64 frá 1981. Þá má nefna, að í 4. mgr. er gert ráð fyrir að það þak verði sett á örorkulífeyrinn, að samanlagður lífeyrir vegna örorkunnar (þ.e. bæði frá lífeyrissjóðum og almannatryggingum) ásamt barnalífeyri skv. 16. gr., verði aldrei hærri en nemur tekjumissi sjóðfélagans vegna örorkunnar.

Um 15. gr.

Tillögur um makalífeyri í 15. gr. eru um margt sniðnar eftir gildandi ákvæðum í reglugerðum Samvinnulífeyrissjóðsins og Lífeyrissjóðs verslunarmanna, en þau réttindi eru að hluta minni en skv. reglugerðum SAL-sjóðanna. Í meginatriðum er hér gengið út frá þeim þjóðfélagsbreytingum sem orðið hafa undanfarin ár og m.a. hafa falist í mun almennari atvinnuþátttöku giftra kvenna en áður var. Er nú áætlað að fjórar af hverjum fimm giftum konum hafi árlega tekjur er svari til fjórðungsstarfs eða meira. Jafnframt má ætla, að atvinnuþátttaka ungra kvenna sé að jafnaði mun meiri en roskinna kvenna. Af þeim sökum er hér gert ráð fyrir sömu aldursmörkum fyrir makalífeyri og verið hafa hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna um nokkurra ára skeið. Auk þess er lagt til að makalífeyrir lækki úr því að svara til 56% í 50% af framreiknuðum ellilífeyri hins látna. Í þessu sambandi verður að hafa í huga hve makalífeyririnn, eins og hann er hjá SAL-sjóðunum, er dýr svo og að í honum getur falist töluverð oftrygging. Í 15. gr. er reynt að greina úr þau tilvik þar sem greiðsla makalífeyris til lengri tíma á fullan rétt á sér, svo sem ef eftirlifandi maki er öryrki eða hefur barn á framfæri. Jafnframt er gert ráð fyrir, að makalífeyrir geti að hluta stofnast að nýju við 70 ára aldur.

Um 16. gr.

Ákvæði 16. gr. þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því, að þær fjárhæðir, sem þar er gerð tillaga um, eru settar fram með hliðsjón af gildandi bótareglum almannatrygginga og tillögum þessa frumvarps um makalífeyri og örorkulífeyri. Í þessari tillögu um barnalífeyri felst mikil hækkun frá því sem nú er. Hér er lagt til, að barnalífeyrir vegna eins barns verði 4.000 kr. á mánuði, 8.000 kr. vegna tveggja barna og 3.000 kr. á mánuði vegna hvers barns umfram tvö. Þessar fjárhæðir eru miðaðar við lánskjaravísitölu 1. janúar 1986, sem var 1.364 stig. Til samanburðar má geta þess, að barnalífeyrir hjá mjög mörgum lífeyrissjóðum er nú miðaður við hálfan barnalífeyri almannatrygginga ef annað foreldra hefur fallið frá, og var í ársbyrjun 1986 1.688 kr.

Um 17. gr.

Í II. kafla þessa frv. er gert ráð fyrir, að menn greiði að lágmarki 10% iðgjald til lífeyrissjóðs. Í 13.–16. gr. eru svo ákvæði um þau lífeyrisréttindi, sem sjóðunum er ætlað að standa undir með ávöxtuðum iðgjaldstekjum. Er þá að jafnaði gert ráð fyrir, að vilji lífeyrissjóður veita meiri réttindi en þar er kveðið á um, verði á móti að koma meiri iðgjaldsgreiðslur, þ.e. hærra iðgjaldshlutfall en það sem skilgreint er sem lágmark í 9. gr. Í IX. kafla eru tillögur um hvernig með skuli fara ef sjóður reynist þess ekki megnugur að standa við lífeyrisloforð, en þá er gert ráð fyrir að sjóðurinn verði að grípa til sérstakra ráðstafana en honum slitið ella.

Í 17. gr. er hins vegar gert ráð fyrir, að velstæðum sjóðum sé heimilt að auka lífeyrisréttindi sín umfram þau mörk, sem kveðið er á um í 13.–16. gr. Í þessu sambandi þarf að hafa í huga, að tillögur frv. eru reistar á útreikningum, sem miðast við alla sjóði og alla iðgjaldsgreiðendur. Auk þess er gert ráð fyrir, að hið nýja kerfi taki strax til allra. Vegna þessa og þar sem aldursskipting í einstökum lífeyrissjóðum er nú mjög misjöfn og kann að verða það áfram, má ætla að staða sjóðanna geti orðið talsvert misjöfn, vegna mislangs ávöxtunartíma iðgjaldstekna. Þá má reikna með, að sjóðirnir muni njóta nokkuð mismikillar ávöxtunar af eignum sínum. Sjóðirnir ávaxta nú eignir sínar að mestu á sama fjármagnsmarkaði en það kann að breytast er eignir þeirra vaxa. Þá er ljóst að

fjárráðstafanir þeirra svo og þau starfsskilyrði sem þeim eru búin, m.a. af hálfu stjórnvalda, skipta meginmáli um ávöxtun eignanna. Eðlilegt er að ætla að sjóðirnir muni kosta kapps um að ná sem mestri ávöxtun að teknu tilliti til nauðsynlegra tryggingarsjónarmiða. Í tillögu 17. gr. felst veruleg hvatning í þessum efnum. Loks er að því að gæta, að sú meðalávöxtun, sem sjóðirnir ná, fer að hluta eftir því hve miklu fé þeir verja til rekstrar í hlutfalli við iðgjaldstekjur. Í tillögu 17. gr. felst því jafnframt hvatning til þess að sjóðirnir haldi rekstrarkostnaði í lágmarki.

Eðlilegt þykir, að heimild sjóðstjórna til að auka lífeyrisréttindi umfram þau lágmörk, sem frv. gerir ráð fyrir, séu háð samþykki lífeyrissjóðaeftirlitsins. Áskilið er, að ákvarðanir þessar séu teknar á grundvelli þeirra árlegu tryggingafræðilegu athugana, sem um getur í 40. gr. Loks má nefna að gert er ráð fyrir því að skilyrði fyrir aukningu réttinda verði skilgreint miðað við meginreglu þá, sem fram er sett í 39. gr. Þar segir að hrein eign sjóðs ásamt framtíðariðgjaldstekjum verði á hverjum tíma að vera að lágmarki jafnhá verðmæti lífeyrisútgjalda, sem þegar áunnin réttindi og framtíðariðgjaldsgreiðslur hafa í för með sér. Sjóðir þurfa að uppfylla þetta skilyrði til þess að fá að starfa, og gera talsvert betur ef þeir vilja auka réttindi sín umfram lágmark.

Um 18. gr.

Með ákvæðum 1. mgr. 18. gr. er verið að tryggja rétt manna sem hætta iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóðs og geyma innstæðu sína þar. Samkvæmt ákvæðum þessum er óheimilt að láta aðra og óhagstæðari skilmála gilda um þann rétt er slíkar innstæður veita en um réttindi almennra sjóðfélaga. Gildir þetta bæði með tilliti til lágmarksgreiðslutíma iðgjalda og verðtryggingar lífeyris. Ákvæði þessarar greinar gera nauðsynlegt að breyta bótaákvæðum ýmissa sjóða, sem nú mismuna þeim sjóðfélögum sem hætta iðgjaldagreiðslum, einkum með tilliti til verðtryggingar lífeyris og örorkulífeyrisréttinda.

Milli fjölmargra lífeyrissjóða eru nú í gildi samningar sem tryggja sjóðfélögum, er greitt hafa iðgjöld til fleiri en eins sjóðs, sömu réttindi og þeir hefðu haft með greiðslu til eins og sama sjóðs allan iðgjaldsgreiðslutíma sinn. Eru þá að jafnaði fastar reglur um flutning réttinda milli sjóða í tilteknum tilvikum, og er það þá ekki á valdi hlutaðeigandi sjóðfélaga að ákveða hvernig með réttindi skuli farið. Í 2. mgr. 18. gr. er kveðið á um, að lífeyrissjóðaeftirlitið setji almennar reglur um þessi samskipti lífeyrissjóðanna í því skyni að tryggja að menn hvorki tapi á því né hagnist að eiga réttindi í fleiri en einum sjóði.

Um 19. gr.

Í grein þessari er kveðið á um lágmarksupplýsingar um þá menn sem eiga iðgjaldsinnstæður í hlutaðeigandi lífeyrissjóði eða réttindi áunnin á annan hátt, svo og um lífeyrisþega sem skylt er að halda skrá um. Í þessu sambandi er rétt að benda á að skv. X. kafla þessara laga skal heildarskráning lífeyrisréttinda allra landsmanna fyrst og fremst byggjast á upplýsingum frá lífeyrissjóðunum.

Í 2. mgr. er lagt til, að lífeyrissjóðum verði skylt að senda sjóðfélögum sínum yfirlit um iðgjaldsgreiðslur eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti, um mitt ár og um áramót. Þetta er gert í því skyni að sjóðfélagar hafi sjálfir eftirlit með því að iðgjöld vegna þeirra komist til skila. Rétt þykir að tímasetja yfirlit þessi nákvæmlega og er það einkum gert með hliðsjón af gerð skattframtala, en þá verður öllum framteljendum nauðsynlegt að hafa upplýsingar um iðgjaldsgreiðslur og bera þær saman við útreiknað endanlegt iðgjald. Í þessu sambandi má benda á, að margir lífeyrissjóðir senda sjóðfélögum sínum yfirlit um iðgjaldsgreiðslur og réttindi með reglubundnu millibili. Hér er m.a. um að ræða Lífeyrissjóð verslunarmanna og lífeyrissjóði innan Sambands almennra lífeyrissjóða (SAL). SAL-sjóðirnir hafa sem kunnugt er með sér mikið samstarf og reka m.a. sameiginlega reiknistofu, sem bókar allar iðgjaldsgreiðslur, gefur yfirlit yfir þær og reiknar út lífeyrisgreiðslur. Þegar fram líða stundir

gæti komið til álita að lífeyrissjóðaeftirlitið ræki sameiginlega reiknistofu fyrir alla lífeyrissjóði, sem sæi þá um alla upplýsingagjöf til sjóðfélaga.

IV. KAFLI

Reglugerðir lífeyrissjóða og ávöxtun fjár þeirra.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Í þessari grein er kveðið á um efni reglugerða lífeyrissjóða.

Hér eru talin upp þau atriði sem nauðsynlegt er að kveðið sé á um í reglugerð lífeyrissjóðs. Um sum þessara atriða eru nánari ákvæði í öðrum greinum frumvarpsins. Frumvarpið er ekki því til fyrirstöðu að í reglugerð séu tekin frekari ákvæði, að því tilskildu að þau fjalli almennt um gerð og rekstur viðkomandi sjóðs og samrýmist frumvarpinu að öðru leyti.

Um 22. gr.

Í 1. mgr. er kveðið svo á að orðið „lífeyrissjóður" skuli vera í heiti allra lífeyrissjóða. Í heiti langflestra starfandi sjóða kemur orðið „lífeyrissjóður" fyrir, en þó er nokkuð um það, að orðið „eftirlaunasjóður" sé notað í heitum sjóða í stað orðsins „lífeyrissjóður". Heiti tveggja starfandi sjóða brýtur í bága við óundanþægar kröfur 2. mgr. þessarar greinar, þar eð orðið trygging kemur fyrir í heiti þeirra, og verður því að breyta nafni þeirra sjóða nái frumvarp þetta fram að ganga.

Um 23. gr.

Hér er ávöxtun á fé lífeyrissjóðanna settur rammi. Fyrri málsgreinin lýtur að ávöxtunarkjörum og er tilgangur hennar að stuðla að sem bestri ávöxtun á fé lífeyrissjóða. Þar sem ákvörðun í þeim efnum hlýtur jafnan að ráðast af mörgum matskenndum þáttum, t.d. líklegri verðlagsþróun á komandi árum, áhættu tengdri fjárfestingu, bindingartíma fjárins o.s.frv., er mjög erfitt að orða almennar kröfur sem gera verður til lífeyrissjóðsstjórna í þessu sambandi. Er því látið við það sitja að krefjast þess að fjárfest sé í eignum sem líklegar eru til að bera vexti eða arð umfram almenna verðlagsþróun, ef slíkar eignir eru í boði, en að öðru leyti er gerð sú almenna krafa til lífeyrissjóðsstjórna að þær hagi eignaráðstöfunum á þann hátt sem besta ávöxtun gefur á hverjum tíma. Þá verður að ætla að lán til sjóðsfélaga verði áfram nokkur þáttur í ávöxtun fjár flestra lífeyrissjóða. Verður það þá hlutverk sjóðsstjórnar að meta, innan ramma löggjafar á hverjum tíma, m.a. með hliðsjón af öðrum ávöxtunarmöguleikum, hve mikinn hluta af eignum sjóðs hún telur fært að binda í slíkum lánum og með hvaða kjörum.

Síðari málsgreinin lýtur að þeim eignarformum sem heimilt er að nota til ávöxtunar á fé lífeyrissjóða. Tilgangur hennar er að stuðla að því að fé sé ávaxtað á sem áhættuminnstan hátt. Er ákvæðið hliðstætt þeim reglum er gilt hafa um þetta efni skv. 34. gr. reglugerðar nr. 245/1963, sbr. reglugerð nr. 307/1968 og reglugerð nr. 167/1970. Í 4. tölul. er hert á kröfum um veðhæfi. Er lagt til að hámarkið verði fært úr 75% í 65% af brunabótamati húseigna og auk þess gert ráð fyrir að miðað verði við sérstakt mat sé brunabótamat talið óraunhæfur mælikvarði á söluverð fasteigna. Í allmörgum tilvikum verður að telja að brunabótamat gefi ekki rétta mynd af líklegu söluverði húseigna og sé því full ástæða til að fara varlega í þessum efnum. Ef verðtryggð lán hvíla á fasteigninni ber að sjálfsögðu að miða við uppfærðar eftirstöðvar þeirra. Varðandi lóðir er hámarkið fært úr 75% af fasteignamati þeirra niður í 50%, en þá ber að hafa í huga að fasteignamat fylgir nú mun betur almennu verðlagi en það gerði þegar 75% mörkin voru ákveðin á sínum tíma. Í 5. tölul. er lagt til, að ávöxtun í skuldabréfum þeirra stofnana er þar um getur verði háð viðurkenningu Seðlabanka Íslands

og er það nýmæli. Forsenda viðurkenningar af hálfu Seðlabankans í þessu sambandi yrði að sjálfsögðu mat á gjaldhæfni viðkomandi stofnunar og yrði viðurkenning einungis veitt ef telja mætti fullvíst að viðkomandi stofnun gæti staðið við skuldbindingar sínar. Þar sem þessar forsendur geta að sjálfsögðu breyst yrði viðurkenning tímabundin eða afturkallanleg. Þá er ennfremur gert ráð fyrir heimild til handa lífeyrissjóðum til að festa fé í fyrirtækjum með hlutabréfakaupum að nokkru marki. Takmörkuð heimild til slíkra kaupa er nú í reglugerðum einstakra lífeyrissjóða. Sú takmörkun á heimild til hlutabréfakaupa, sem gert er ráð fyrir í 6. tölul. miðast fyrst og fremst við það að tryggja, að fé sjóðanna sé ávaxtað með sem áhættuminnstum hætti. Af því leiðir að gerðar eru strangar kröfur til þeirra fyrirtækja, sem hlut geta átt að máli. Því er þess krafist að hlutabréf fyrirtækisins séu skráð á Verðbréfaþingi Íslands. Skráning á markaðsvirði hlutabréfa hefur ekki enn hafist en stefnt er að því að svo verði. Til að takmarka áhættu lífeyrissjóðanna enn frekar er sett hámark við því, hversu stórum hluta af árlegu ráðstöfunarfé verði heimilt að ráðstafa með þessum hætti og eins því, að lífeyrissjóður bindi ekki óeðlilegan hlut í einu fyrirtæki. Þótt heimildir lífeyrissjóða til beinnar þátttöku í atvinnurekstri séu takmarkaðri skv. frumvarpinu en almennt gerist í nálægum löndum standa ákvæði frv. ekki í vegi fyrir því, að fé sjóðanna nýtist til atvinnuuppbyggingar með lánveitingum, sbr. 3., 4. og 5. tölul. greinarinnar.

Um 24. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

V. KAFLI

Stjórnir lífeyrissjóða.

Um 25. gr.

Samkvæmt 5. tölul. 21. gr. frumvarpsins skal kveðið á um fjölda stjórnarmanna og varastjórnarmanna og kjörtímabil þeirra í reglugerðum lífeyrissjóða. Með þessari grein eru ákvæðum reglugerðanna þó sett þau mörk að eigi skuli stjórnarmenn vera færri en þrír og að ekki megi kveða á um lengri kjörtímabil en fjögur ár. Að öðru leyti hafa lífeyrissjóðirnir frjálsar hendur um að ákveða þessi atriði í reglugerðum sínum, enda samrýmist reglugerðarákvæðin góðri venju um þetta efni. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 26. gr.

Grein þessi, sem svarar að miklu leyti til 54. gr. hlutafélagalaga, þarfnast ekki skýringa.

Um 27. gr.

Grein þessi er að verulegu leyti sambærileg 55. gr. hlutafélagalaga.

Um 28. gr.

Grein þessi, er kveður á um hlutverk framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs, á sér hliðstæðu í 2. mgr. 52. gr. hlutafélagalaga.

Um 29. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

VI. KAFLI
Ársreikningur og endurskoðun.

Um 30., 31. og 32. gr.

Í þessum greinum er fjallað um gerð ársreiknings og endurskoðun hjá lífeyrissjóðum. Þær tillögur, sem felast í þessum greinum, eru m.a. gerðar með hliðsjón af sambærilegum ákvæðum í öðrum lögum, einkum lögum um viðskiptabanka. Auk þess er leitast við að taka sérstaklega tillit til sérstöðu lífeyrissjóðanna. Þannig er m.a. krafist að glögglega sé leitt í ljós hvernig meðferð og ráðstöfun fjármuna sjóðs hefur verið háttað og hvaða ávöxtunar hann hefur notið. Þá er gert ráð fyrir, að skoðunarmönnum sé skylt að gera stjórn sjóðsins svo og lífeyrissjóðaeftirlitinu viðvart telji þeir ágalla vera á rekstri sjóðs, t.d. hvað snertir innra eftirlit, innheimtu iðgjalda, tryggingar útlána, meðferð fjármuna o.fl. Þess skal getið, að tillögur þessa kafla eru gerðar í samráði við reikningsskilanefnd Félags löggiltra endurskoðenda.

VII. KAFLI
Eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða, veiting starfsleyfa til nýrra sjóða o.fl.

Um 33. og 34. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að sérstök stofnun, lífeyrissjóðaeftirlitið, sem heyri undir tryggingaráðherra, fari með málefni lífeyrissjóða í stað fjármálaráðuneytisins nú.

Um lífeyrissjóði fara miklir fjármunir og þar skapast veigamikil réttindi fólks. Þess vegna þykir rétt að sérstakur aðili annist eftirlit með starfsemi þeirra. Má í þessu sambandi vísa til bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, sem annast eftirlit með bönkum og sparisjóðum, og tryggingaeftirlitsins, sem annast eftirlit með starfsemi tryggingarfélaga.

Rétt þykir að málefni lífeyrissjóða heyri undir tryggingaráðherra fremur en fjármálaráðherra eins og nú er. Þar með væru öll málefni, sem varða lífeyristryggingar hjá einum og sama ráðherranum, eins og nauðsynlegt þykir til að unnt sé að gæta þeirra heildarhagsmuna, sem hér eru í húfi.

Flestir lífeyrissjóðir í landinu eru orðnir til með kjarasamningum samtaka launafólks og atvinnurekenda og veigamestu breytingar í lífeyrismálum á síðustu áratugum hafa orðið fyrir tilstuðlan þessara samtaka. Því þykir rétt að skapaður sé vettvangur fyrir þessi samtök ásamt fulltrúum ráðherra til að fylgjast með framkvæmd og ræða breytingar á löggjöf um starfsemi lífeyrissjóðanna. Er þessu meðal annars ætlað að tryggja að ákvarðanir og reglur eftirlitsins um lífeyrissjóði og starfsemi þeirra séu settar með hliðsjón af hagsmunum allra hópa iðgjaldsgreiðenda og lífeyrisþega og víðtækt samráð og samkomulag takist um þau atriði sem hér um ræðir. Þá er gert ráð fyrir að þriggja manna framkvæmdastjórn fari með daglega starfsemi eftirlitsins. Loks er hér lagt til, að kostnaður af starfsemi eftirlitsins sé borinn af lífeyrissjóðunum sjálfum.

Í þessu sambandi og til þess að tryggja sem best, að kostnaður við starfsemi lífeyrissjóðaeftirlitsins verði ekki óhóflegur, er jafnframt kveðið á um, að árlega skuli gerð fjárhagsáætlun fyrir starfsemina og skal eftirlitsráðið fjalla um hana og samþykkja auk þess sem ráðinu er ætlað að samþykkja ársreikninga eftirlitsins. Með þessu er reynt að stuðla að raunverulegu aðhaldi að umfangi og starfsemi lífeyrissjóðaeftirlitsins.

Um 35.–38. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 39. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skyldu lífeyrissjóða til að standa undir skuldbindingum sínum eins og þær eru metnar á hverjum tíma. Er gert ráð fyrir fullri sjóðmyndun til að tryggja að sjóðir standi við þær skuldbindingar sem bótaákvæði þeirra hafa í för með sér. Við mat á eignum og skuldbindingum skal í því sambandi taka tillit til væntanlegra iðgjaldagreiðslna vegna starfandi sjóðfélaga og þeirra skuldbindinga er af þeim hljótast. Gert er ráð fyrir að lífeyrissjóðaeftirlitið setji reglur um þann reiknigrundvöll sem nota skal við slíkt mat. Þótt þær reglur hljóti að miðast við langtímahorfur er óhjákvæmilegt að þær taki breytingum í framtíðinni í samræmi við horfur um ávöxtun, lífslíkur og aðra þætti sem máli skipta, og er því ekki talið rétt að kveða nánar á um þær í sjálfum lagatextanum.

Í 43. gr. er fjallað um kröfur sem gerðar eru til lífeyrissjóða, sem starfandi eru við gildistöku laganna, vegna réttinda er áunnin eru fyrir gildistökuna.

Um 40. gr.

Í flestum reglugerðum þeirra lífeyrissjóða er nú starfa eru ákvæði um að með reglubundnum hætti skuli fara fram tryggingafræðileg athugun á hag sjóðsins. Er venjulega kveðið á um að slík athugun eigi sér stað á fimm ára fresti, en nokkur misbrestur mun á því að þeim tímamörkum sé fylgt í framkvæmd.

Í 1. mgr. er lagt til að sett verði óundanþægt ákvæði um að slík athugun eigi sér stað árlega. Til skamms tíma hafa slíkar athuganir farið fram sjaldnar og verið mjög tímafrekar auk þess sem skortur hefur verið á sérmenntuðu fólki á þessu sviði. Með tilkomu tölvubókhalds og þróun tölvukerfa til úttekta á stöðu sjóða sem þegar er talsverð reynsla af, þykir nú ekkert því til fyrirstöðu að gera ráð fyrir reglubundnum tryggingafræðilegum athugunum, sem fram færu árlega. Í 9. tölul. 21. gr. er jafnframt mælt svo fyrir að ákvæði um slíka athugun skuli vera í reglugerð hvers sjóðs.

Auk þeirra gagna um hag lífeyrissjóða sem lífeyrissjóðaeftirlitinu berast með reglubundunum hætti skv. 1. mgr. þessarar greinar og skv. 38. gr. er því nauðsynlegt, sem eftirlitsaðila, að geta aflað frekari gagna um hag og starfsemi sjóðs ef sérstök ástæða þykir til að kanna nánar einstaka þætti í rekstri hans. Með þessari grein eru veittar heimildir til eftirlits í þessu skyni.

VIII. KAFLI

Lífeyrissjóðir er starfa við gildistöku laga þessara.

Um 41. gr.

Í þessari grein er fjallað um bráðabirgðastarfsleyfi til handa lífeyrissjóðum sem starfandi eru við gildistöku laganna og hyggjast halda áfram fullri starfsemi. Gera má ráð fyrir að þeir sjóðir, sem nú eru starfandi, muni við gildistöku laganna skiptast í þrjá hópa. Í fyrsta lagi verða sjóðir sem óska að halda að fullu áfram starfsemi sinni, í öðru lagi sjóðir sem kjósa að takmarka starfsemi sína við réttindi áunnin fyrir gildistöku laganna, en um þá er fjallað í 44. gr., og í þriðja lagi verða sjóðir sem reynt verður að sameina öðrum sjóðum. Samkvæmt þessari grein skulu sjóðir, sem hyggjast starfa að fullu áfram, sækja um bráðabirgðastarfsleyfi og gera nauðsynlegar breytingar á reglugerðum sínum. Um þessa sjóði þykir nauðsynlegt að áskilja að eldri réttindum verði jafnan haldið reikningslega aðgreindum frá hinum nýju réttindum.

Um 42. gr.

Í þessari grein er kveðið á um tryggingafræðilega athugun, miðað við gildistökudag laganna, á fjárhag allra lífeyrissjóða sem hyggjast starfa áfram, hvort sem um er að ræða fulla starfsemi, sbr. 1. mgr. 41. gr., eða takmarkaða, sbr. 44. gr. Þó leiðir af eðli máls að

grein þessi getur ekki átt við séreignarsjóði, sem ekki taka á sig aðrar skuldbindingar en að endurgreiða inneignir einstakra sjóðfélaga. Sama á við um sjóði sem ekki eiga lengur neinn höfuðstól en greiða lífeyri með sérstökum framlögum vinnuveitenda.

Uppgjör skv. 42. gr. er annars eðlis en hinar reglubundnu tryggingafræðilegu athuganir skv. 40. gr. Tilgangurinn með fyrrnefnda uppgjörinu er fyrst og fremst sá að leiða í ljós raunverulega fjárhagsstöðu sjóðs við gildistöku laganna og tryggja með því að halli vegna starfsemi fyrir gildistöku laganna verði þess ekki valdandi að sjóður verði ófær um að standa við skuldbindingar sínar vegna réttinda sem áunnin eru eftir gildistökuna.

Í 3. mgr. er fjallað um þær ráðstafanir, sem grípa skal til þegar niðurstöður uppgjörs samkvæmt 1. mgr. eru kunnar. Komi í ljós að eignir hrökkvi ekki fyrir skuldbindingum er gert ráð fyrir ráðstöfunum til úrbóta í samræmi við ákvæði þar að lútandi í reglugerð hvers sjóðs fyrir sig. Slíkar ráðstafanir geta verið fólgnar í aukningu eigna, skerðingu réttinda eða öflun tekna með gegnumstreymi.

Um 43. gr.

Í reglugerðum margra lífeyrissjóða eru ákvæði til að tryggja að ekki verði gerðar á þeim breytingar af lítilli yfirvegun eða á fámennum fundum. Þótt aðilar, er að lífeyrissjóði standa, séu sammála um breytingar, getur tekið alllangan tíma að fá þær samþykktar með löglegum hætti, en þar að auki geta samningaviðræður um breytingar tekið talsverðan tíma. Í 43. gr. er því gert ráð fyrir tímabundnu bráðabirgðastarfsleyfi, ef reglugerð hefur ekki verið komið í það horf sem lögin krefjast, eða lífeyrissjóðaeftirlitið telur þörf sérstakrar könnunar á einhverjum þáttum í starfsemi sjóðsins.

Um 44. gr.

Hér er kveðið á um þá sjóði, sem ákveða að hætta að veita viðtöku iðgjöldum eftir gildistöku laganna. Þeir starfa þó áfram til greiðslu á lífeyri og umsýslu eigna vegna fyrri tíma. Þótt starfsemi þessara sjóða verði þannig takmörkuð þykir engu að síður eðlilegt að hún verði háð ákvæðum laganna eftir því sem við getur átt. Þetta á m.a. við ákvæði 42. gr. um tryggingafræðilega úttekt til að kanna stöðu sjóðanna og tryggja þar með, að ef á þeim reynist halli verði gripið til ráðstafana, sem snertu eigendur að réttindum sjóðsins með samræmdum hætti.

IX. KAFLI

Afturköllun starfsleyfa, slit lífeyrissjóða og sameining.

Um 45. gr.

Mikilvægt er að skýrt sé kveðið á í lögum til hverra úrræða skuli grípa, ef lífeyrissjóður fer ekki að lögum. Í grein þessari er lífeyrissjóðaeftirlitinu fengið víðtækt vald í þessu efni. Jafnframt er með ákvæðum um skilanefnd stefnt að því að framhald á rekstri lífeyrissjóðs, sem hlut á að máli, verði með eðlilegum hætti, ef fært þykir að halda honum áfram. Tvenns konar starfsemi er þó hugsanleg í þessu sambandi, annars vegar fullur rekstur með áframhaldandi réttindavinnslu og hins vegar rekstur, er miðast einvörðungu við þegar áunnin réttindi, sbr. ákvæði 3. mgr. 41. gr. um sjóði sem starfandi eru við gildistöku laganna.

Fyrirmæli þessarar greinar eru sniðin eftir 43. gr. laga nr. 50/1978, um vátryggingarstarfsemi.

Um 46.–47. gr.

Í þessum greinum er kveðið á um slit lífeyrissjóða. Gert er ráð fyrir að í reglugerð lífeyrissjóða séu ákvæði um það hvernig háttað skuli ákvörðun um slit hans. Ef slík ákvæði skortir í reglugerð er vald til slíkrar ákvörðunar í höndum sjóðsstjórnar skv. 46. gr. Ef ákveðið er að slíta sjóði með því að sameina hann algerlega öðrum sjóði eiga ákvæði 3. mgr.

46. gr. við. Í öðrum tilvikum yrði ákvæðum 47. gr. beitt. Sjóðfélagar teljast að sjálfsögðu ekki til lánardrottna í merkingu 46. og 47. gr.

Í 3. mgr. 46. gr. er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðaeftirlitinu skuli tilkynnt um það ef lífeyrissjóði er slitið með því að sameina hann öðrum sjóði, en sameiningin er ekki háð samþykki eftirlitsins. Í greininni eru ekki ákvæði til verndar sjóðfélögum þess sjóðs sem betur stendur fjárhagslega. Hins vegar mundi sameining oft hafa í för með sér breytingar á reglugerð þess sjóðs er við skuldbindingunum tæki, og einnig gæti sameiningin talist til meiri háttar breytinga á starfsemi sjóðsins og fallið þannig undir ákvæði 37. gr. Þá gæti samkomulag um sameiningu veitt tilefni til að 2. mgr. 40. gr. yrði beitt.

Í 47. gr. er gert ráð fyrir mismunandi meðferð á eignum sjóðs sem eftir standa þegar skuldir hafa verið greiddar, eftir því hvort um er að ræða frjálsan sjóð eða skyldusjóð. Þessum eignum hins frjálsa sjóðs skal úthluta til sjóðfélaga og annarra rétthafa. Þær eignir skyldusjóðs, sem eftir standa, renna hins vegar til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda og mynda þar grundvöll undir lífeyrisréttindi sjóðfélaganna. Væri það algjörlega andstætt tilgangi með ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda að heimila úthlutun til sjóðfélaga á þessum eignum skyldusjóðsins.

X. KAFLI

Skráning lífeyrisréttinda.

Um 48.–53. gr.

Hér er gert ráð fyrir að komi þau ákvæði sem nú eru í lögum nr. 91/1980, óbreytt að öðru leyti en því, að gert er ráð fyrir að lífeyrissjóðaeftirlitið annist skráningu í stað fjármálaráðuneytis nú.

XI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

Um 54. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um 55. gr.

Ljóst er að móta þarf framkvæmdareglur um fjöldamörg atriði varðandi frumvarp þetta ef að lögum verður. Er eðlilegast að um margar hinar mikilvægari þeirra verði sett reglugerðarákvæði. Meðal þessara atriða mætti nefna nánari ákvæði um efni og form ársreikninga, gögn er fylgja skulu umsókn lífeyrissjóðs um starfsleyfi, reglur um framkvæmd tryggingafræðilegrar athugunar, hvernig lífeyrisréttindi skulu metin við slit sjóðs o.s.frv.

Um 56. gr.

Nauðsynlegt er að lögin taki gildi í byrjun árs og einnig verður að ætla nokkuð rúman tíma frá samþykkt laganna til gildistöku, ekki skemmri en 6 mánuði.

Í 2. mgr. 56. gr. eru ákvæði um niðurfellingu laga nr. 91/1980, um skráningu lífeyrisréttinda, og þeirra greina í lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, sem lagt er til að felld verði inn í lög um starfsemi lífeyrissjóða. Loks er lagt til, að felld verði úr gildi öll lög um einstaka lífeyrissjóði, þó þannig að í ákvæðum til bráðabirgða sé kveðið á um að þau gildi áfram vegna lífeyrisréttinda, sem áunnist hafa fram að gildistöku þessara laga með þeim skilyrðum, sem öllum sjóðum eru sett í VIII. kafla laganna, sbr. einkum 42. gr. þeirra. Hér þykir rétt, að við gildistöku hinna nýju laga verði skilyrði allra lífeyrissjóða eins, enda gerir frv. þetta ráð fyrir

að setja verði öllum lífeyrissjóðum reglugerðir að nýju vegna starfsemi þeirra eftir gildistöku laganna og í samræmi við ákvæði þeirra. Nefna má að ekki virðist nauðsynlegt, að sett verði sérstök lög um þá sjóði, sem nú starfa skv. sérstökum lögum, heldur er nægjanlegt að þeim verði settar reglugerðir. Þetta á þó ekki við um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, þar sem áfram verður í lögum að kveða á um hlutverk hans sem sjóðs er taki við og ávaxti iðgjöld þeirra, sem ekki eiga vísa aðild að öðrum lífeyrissjóðum. Þau lög ættu hins vegar einungis að innihalda meginákvæði þess efnis svo og ákvæði um skipun stjórnar hans, en önnur ákvæði, svo sem um lífeyrisiðgjöld og réttindi, eru fremur efni reglugerðar en laga.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um I. ákvæði til bráðabirgða.

Ljóst er, að gildistaka laga þessara krefst mikils undirbúnings við setningu reglugerða og ýmissa reglna skv. ákvæðum laganna. Því þykir eðlilegt að lífeyrissjóðaeftirlitið taki til starfa við undirbúning vegna gildistöku laganna sem fyrst eftir samþykkt þeirra.

Um II. ákvæði til bráðabirgða.

Í þessum ákvæðum eru tillögur um hvernig fara skuli með lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna og annarra sem nú njóta hliðstæðra lífeyrisréttinda. Ástæða þess að nauðsynlegt þykir að hafa um þetta sérstök ákvæði er sú, að lífeyrisréttindi skv. lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna og skv. reglugerðum lífeyrissjóða sveitarfélaga eru ekki einvörðungu háð iðgjaldsgreiðslum starfsmanna og launagreiðenda, eins og gildir um flesta aðra lífeyrissjóði, heldur hafa ríkissjóður og aðrir hlutaðeigandi launagreiðendur ábyrgst greiðslu lífeyris og greitt meginhluta af kostnaði af verðtryggingu lífeyris, sbr. 20. og 25. gr. laga nr. 29/1963 og 18. gr. laga nr. 16/1965. Þessi ábyrgð launagreiðenda, sem í hlut eiga, er vitaskuld niðurstaða kjarasamninga og ákvarðana um skiptingu heildarlauna starfsmanna í þann hluta, sem starfmenn bera úr býtum meðan þeir eru í starfi, og hinn hlutann, sem þeir hafa valið að geyma til tímans eftir lok starfsævinnar. Þar sem það er ekki tilgangur lagasetningar um starfsemi lífeyrissjóða að skerða heildarkjör eða ganga á samninga, þykir nauðsynlegt að setja ótvíræð ákvæði um meðferð á lífeyrisréttindum og iðgjöldum opinberra starfsmanna og annarra sem njóta hliðstærða lífeyrisréttinda.

Í 1. mgr. er kveðið á um, að ákvæði laganna raski ekki áunnum réttindum opinberra starfsmanna né ábyrgð launagreiðenda á þeim. Þessi ákvæði eru vitaskuld óþörf í sjálfu sér. Hins vegar þykir rétt að setja slíka yfirlýsingu til að eyða óvissu og koma í veg fyrir tortryggni.

Ljóst er, að verði frv. þetta að lögum, þurfa ríkisstarfsmenn og fjármálaráðuneytið að meta lífeyrisréttindi starfsmanna og kostnaðarhluta ríkissjóðs í þeim og semja um hvernig réttindum og iðgjöldum skuli fyrir komið í framtíðinni. Í þessu sambandi þykir nauðsynlegt að setja sérstök öryggisákvæði til að tryggja hag starfsmanna ef ekki tekst að ná sameiginlegri niðurstöðu um kostnaðarmatið. Því eru í 3., 4. og 5. mgr. sérstök ákvæði um skipan og störf gerðardóms sem skal annast þetta mat, náist samningar ekki fyrir tilskilinn tíma. Dómurinn skal meta kostnað af öllum þáttum lífeyrisréttinda, skv. lögum nr. 29/1963 og 16/1985. Þennan kostnað skal reikna til iðgjalds miðað við iðgjaldsstofn þann sem gildir fyrir lagasetninguna. Ljóst er, að ávinnsla lífeyrisréttinda félaga í þeim sjóðum sem hér um ræðir, er mun meiri en svarar til þess 10% iðgjalds, sem starfsmenn og launagreiðendur greiða nú, og ábyrgjast launagreiðendur mismuninn, sbr. 20. og 25. gr. laga nr. 29/1963 og 18. gr. laga nr. 16/1985. Á sama hátt er þeim ætlað að bera það viðbótariðgjald sem ofangreint mat leiðir í ljós, að þeir hefðu þurft að bera við óbreytt lög og miðað við þá einu

breytingu, að ábyrgð þeirra yrði skilgreind sem ákveðið iðgjald í hlutfalli af launum fremur en að hún haldist ótiltekin eins og nú er. Með þessum hætti er tryggt, að heildarkjör starfsmanna raskist ekki við setningu laganna.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir að iðgjaldsstofni verði breytt frá því að miðast við dagvinnulaun, eins og nú er algengast, yfir í það að miðast við heildarlaun. Því er nauðsynlegt, að iðgjaldið og iðgjaldshækkunin, sem gerðardómurinn skal meta, verði jafnframt umreiknað yfir í samsvarandi iðgjald miðað við breyttan iðgjaldsstofn. Þessu til skýringar má taka einfaldað dæmi: Sé t.d. gengið út frá því, að heildariðgjald verði metið 25% miðað við gildandi iðgjaldsstofn og iðgjaldsauki ríkissjóðs og annarra hlutaðeigandi launagreiðenda sé því 15% og sé ennfremur gert ráð fyrir, að gildandi iðgjaldsstofn (dagvinnulaun auk vaktaálags) sé 75% af iðgjaldsstofni (heildarlaunum) skv. frv. þessu, fást eftirfarandi niðurstöður:

1. Heildariðgjald verður 18,75% af öllum launum í stað 25,0% af dagvinnulaunum.
2. Iðgjaldsauki launagreiðenda verður 11,25% af öllum launum í stað 15% af dagvinnulaunum.

Hafa verður í huga, að það getur verið nokkurt álitamál hvernig meta eigi hutfall iðgjaldsstofnins fyrir gildistöku laganna og iðgjaldsstofnsins skv. lögum. Þetta hlutfall hefur að líkindum verið breytilegt eftir vægi eftirvinnu og aukalauna í heildarlaunum á hverjum tíma. Því þykir rétt að kveða á um að hafa skuli hliðsjón af hlutfalli tryggðra launa og heildarlauna sl. 10 ár þannig að staða þessa hlutfalls á þeim tíma, sem matið fer fram, verði ekki allsráðandi um niðurstöður matsins.

Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir, að heimilt verði að semja um iðgjaldið eins og frv. þetta gerir ráð fyrir, einungis að því tilskildu að það sé ekki lægra en 10% af öllum launum. Í þessu sambandi má benda á samning ASÍ, VSÍ og VMS, sem um er rætt í athugasemdum hér á undan, þess efnis að iðgjald skuli frá árinu 1990 greitt af öllum launum en iðgjaldshlutfall haldast óbreytt, 10%. Ekki hefur verið gerður þess háttar samningur fyrir ríkisstarfsmenn, en nefna má að ef sams konar samingur yrði gerður, yrði heildariðgjald í dæminu hér á undan ekki 18,75% heldur 21,25%, þ.e. hinn venjulegi hluti starfsmanna og ríkissjóðs yrði 10% og iðgjaldsaukinn 11,25%. Þá er rétt að hafa í huga, að niðurstaða gerðardómsins er aðeins bindandi þangað til um annað semst, eins og ítrekað er í 4. mgr. Þannig geta aðilar t.d. samið um breytta skiptingu iðgjalds eða að iðgjald verði lækkað og greidd laun hækkuð að sama skapi. Slíkir samningar yrðu ekki háðir öðrum skilyrðum en hinum almennu sem sett eru í 39. gr. og varða alla sjóði, þ.e. að lífeyrissjóðir skuli standa undir lífeyrisskuldbindingum sínum með ávöxtuðum iðgjaldstekjum þannig að hreinar eignir sjóðs ásamt framtíðariðgjaldstekjum verði á hverjum tíma a.m.k. jafnháar verðmæti lífeyrisútgjalda, sem þegar áunnin réttindi og nefndar iðgjaldsgreiðslur hafa í för með sér í framtíðinni.

Í 6. mgr. er kveðið á um hvernig með skuli fara er aðilar hafa samið skv. 2. mgr. eða niðurstöður gerðardómsins liggja fyrir. Þarf þá að koma til samninga milli aðila sjóðanna og setja þeim reglugerðir í samræmi við ákvæði laganna. Rétt er að benda á, að skv. 41. gr. skal þess gætt, að réttindum og eignum, sem myndast hafa fyrir gildistöku þessara laga ásamt greiðslum og tekjum sem tilheyra þeim réttindum, sé haldið reikningslega aðskildum frá þeim réttindum og eignum, sem myndast eftir gildistöku laganna, ásamt greiðslum og tekjum af þeim. Þá verða reglugerðir að vera við það miðaðar, að eftir gildistöku laga þessara standi iðgjaldstekjur undir réttindamyndun, sbr. 39. gr. laganna. Í reglugerð verður vitaskuld að kveða á um lífeyrisréttindin skv. lögunum svo og þau réttindi umfram lágmarkið, sem iðgjald umfram 10% veitir svigrúm til, og þykir rétt að taka það fram beinlínis. Þau viðbótaréttindi eru ekki háð neinum kvöðum öðrum en þeim að undir þeim sé staðið með iðgjöldum. Í þessu felst því beinlínis að svo fremi að hlutaðeigandi lífeyrissjóður

bjóði ekki lakari rétt en lögin mæla fyrir um að lágmarki, má haga réttindunum að vild, t.d. hvað snertir lífeyrisaldur, lífeyrishlutfall o.s.frv. Sjóðirnir þurfa því einungis að gæta lágmarksákvæða þessara laga um réttindi, en geta að öðru leyti haldið óbreyttum réttindum ef því er að skipta, svo lengi sem menn vilja kosta þau með iðgjaldsgreiðslum.

Loks er í 7. mgr. kveðið á um, að sú málsmeðferð og það mat á réttindum og iðgjöldum, sem kveðið er á um í II. ákvæði til bráðabirgða, skuli vera fyrirmynd að lausn sams konar mála hjá þeim starfsmönnum banka, sveitarfélaga og annarra aðila, sem njóta hliðstæðra réttinda og starfsmenn ríkisins. Hér á að vera unnt að styðjast við matsniðurstöður gerðardómsins eða hagnýta þær beinlínis. Rétt þykir þó til öryggis að kveða á um að ef til ágreinings komi, skuli sami gerðardómur skera úr honum. Á sama hátt og kveðið er á um í 6. mgr. þarf svo loks að koma til samninga og reglugerðarsetningar fyrir viðkomandi sjóði. Niðurstöður þessara samninga gætu þá vitaskuld orðið misjafnar eftir mismunandi viðhorfum og áherslum samtaka starfsmanna, hvað snertir skiptingu heildarkjara, einstök lífeyrisréttindi, lífeyrisaldur o.s.frv.

Að lokum er rétt að benda á, að sú lagasetning, sem hér er gerð tillaga um, mun hafa talsverð áhrif á fjárhag ríkissjóðs og annarra hlutaðeigandi launagreiðenda, t.d. sveitarfélaga og banka, næstu árin, þótt greiðslubyrði þeirra breytist ekki þegar litið er til langs tíma. Þetta stafar af því, að auk þess sem ríkissjóður og aðrir launagreiðendur, sem hafa ábyrgst lífeyrisréttindi starfsmanna, halda áfram að hafa útgjöld af ábyrgð sinni af áunnum réttindum, bætast nú við iðgjaldsgreiðslur vegna réttinda, sem ávinnast eftir gildistöku laganna. Þessar iðgjaldsgreiðslur falla til jafnóðum en koma hins vegar í stað þess kostnaðar sem áframhaldandi ábyrgð af lífeyri hefði ella leitt til. Útgjöldum ríkissjóðs og annarra hlutaðeigandi launagreiðenda er því flýtt að þessu leyti. Á hinn bóginn munu útgjöldin jafnast er fram líða stundir og verða þá eingöngu háð launagreiðslum. Með niðurfellingu ábyrgðar ríkissjóðs, sveitarfélaga og banka á réttindum, sem ávinnast eftir gildistöku laganna, er jafnframt eytt mikilli óvissu um skuldbindingar og útgjöld þessara aðila í framtíðinni.

Um III. ákvæði til bráðabirgða.

Um athugasemdir við þessi ákvæði vísast til athugasemda við 56. gr. Þó má nefna, að tilvísun til VIII. kafla laganna varðar almenn ákvæði um sjóði, sem eru starfandi við gildistöku þessara laga og þau skilyrði, sem þar eru sett um áframhaldandi starfsemi þeirra. Rétt er að vekja athygli á ákvæðum 42. gr., sem hér verður meðal annars að gæta, þar sem kveðið er á um uppgjör á eignum og skuldbindingum vegna tímans fyrir gildistöku laganna og hvernig með skuli fara ef hrein eign sjóðs dugar þá ekki til að mæta skuldbindingum. Þessi ákvæði eiga við alla sjóði, hvort sem þeir hafa starfað skv. sérstökum lögum ekki.

Fylgiskjal I.

Nefndarmannatal

Formaður
*+ Jóhannes Nordal

Frá fjármálaráðuneyti
* Höskuldur Jónsson
Þorsteinn Geirsson
Árni Kolbeinsson
+ Sigurgeir Jónsson
Snorri Olsen
Indriði Þorláksson

Frá Alþýðusambandi Íslands
* Björn Jónsson
* Eðvarð Sigurðsson
*+ Guðmundur H. Garðarsson
Snorri Jónsson
Ásmundur Stefánsson
+ Benedikt Davíðsson
+ Jóhannes Siggeirsson

Frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna
*+ Skúli Pálmason

Frá Bandalagi háskólamanna
* Ómar Árnason
Már Pétursson
Haraldur Steinþórsson
Guðríður Þorsteinsdóttir
Sigmundur Stefánsson
+ Birgir Björn Sigurjónsson

Frá Landssambandi lífeyrissjóða
* Bjarni Þórðarson
+ Pétur Blöndal

Frá Sambandi bankamanna
* Helgi Hólm
+ Hinrik Greipsson

Varaformaður
* Jón Sigurðsson
+ Hallgrímur Snorrason

Frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti
*+ Páll Sigurðsson
*+ Guðjón Hansen
Jón Ingimarsson

Frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands
* Ingólfur Ingólfsson
+ Bolli Héðinsson

Frá Vinnuveitendasambandi Íslands
* Jón H. Bergs
*+ Gunnar J. Friðriksson
Páll Sigurjónsson
+ Þórarinn V. Þórarinsson

Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja
*+ Kristján Thorlacius
Haraldur Steinþórsson
Björn Arnórsson

Frá Stéttarsambandi bænda
* Pétur Sigurðsson
+ Stefán Pálsson

Ritarar
* Hallgrímur Snorrason
*+ Steingrímur Pálsson
+ Sigurður Snævarr

---

* eru þeir sem skipaðir voru í Endurskoðunarnefndina í upphafi. Við forföll hafa þeir sjálfir eða samtök þeirra yfirleitt tilnefnt staðgengla til að sitja einstaka fundi ellegar til frambúðar.

+ eru þeir sem skipuðu nefndina þegar hún lauk störfum.

Fylgiskjal II.

Endurskoðunarnefnd lífeyriskerfis

Reykjavík, 4. júní 1987

Hr. Þorsteinn Pálsson,
fjármálaráðherra
fjármálaráðuneytinu
Arnarhváli

Hér með fylgir frumvarp til laga um starfsemi lífeyrissjóða, sem samið hefur verið af Endurskoðunarnefnd lífeyriskerfis. Í meginatriðum er frumvarp þetta samhljóða þeim drögum, sem samin voru af lífeyrisnefnd ASÍ, FFSÍ og vinnuveitenda og send Endurskoðunarnefnd með bréfi dags. 20. nóvember 1987 og fylgir það hér með. Nokkrar breytingar hafa þó verið gerðar eftir umræður í nefndinni og eru hinar helstu þær, að samin hafa verið sérstök ákvæði um lífeyrismál opinberra starfsmanna. Þetta var gert í samráði við fulltrúa þeirra í nefndinni og í fullu samkomulagi við fulltrúa BSRB í henni.

Frumvarpið var samþykkt á fundi nefndarinnar 29. maí sl. Að samþykktinni stóðu allir nefndarmenn nema fulltrúi Launamálaráðs Bandalags háskólamanna, en hann hefur lýst sig andvígan mörgum meginákvæðum frumvarpsins. Fylgja athugasemdir hans hér með. Nefnarmenn áskilja sér engu að síður fyrirvara um einstaka liði frumvarpsins við síðari umfjöllun.

Með afgreiðslu meðfylgjandi frumvarpsins telur Endurskoðunarnefndin að lokið sé meginverkefni því, sem henni henni var falið samkvæmt erindisbréfi dags. 20. júlí 1976.

Virðingarfyllst,
Jóhannes Nordal
formaður

Fylgiskjal III.

Lífeyrisnefnd ASÍ, FFSÍ, VSÍ og VMS **20. nóvember 1986**

Formaður 17-manna lífeyrisnefndar
Jóhannes Nordal
Seðlabanka Íslands
Reykjavík

Eins og yður er kunnugt hefur lífeyrisnefnd ASÍ, FFSÍ, VSÍ og VMS — 8-manna nefndin svonefnda — unnið undanfarin misseri að gerð tillagna um ákvæði um lífeyrisréttindi og iðgjöld í frumvarp til laga um starfsemi lífeyrissjóða. Nefndin varð í byrjun þessa árs ásátt um megintillögur í þessu efni og voru þær lagðar fyrir umbjóðendur nefndarinnar við gerð kjarasamninga í febrúar sl. Samhliða kjarasamningunum féllust ASÍ, VSÍ og VMS í meginatriðum á tillögur 8-manna nefndarinnar og staðfestu þá stefnumörkun í kjarasamningi sínum 26. febrúar 1986.

8-manna nefndin hefur lokið frágangi tillagna sinna svo og gerð heildstæðs frumvarps til laga um starfsemi lífeyrissjóða. Stofn þessa frumvarps er tillaga starfshóps 17-manna nefndarinnar frá árinu 1983. Við samningu athugasemda við frumvarpið hefur nefndin ennfremur notfært sér það efni, sem fyrir lá í skýrslu formanns endurskoðunarnefndar

lífeyriskerfis til fjármálaráðherra frá því í maí 1985. Efnislega hefur frumvarpið og athugasemdir þess hins vegar tekið talsverðum breytingum frá drögum starfshópsins, sérstaklega vegna tillagna nefndarinnar um lífeyrisréttindi og iðgjöld.

Við skil þessa frumvarps vill 8-manna nefndin sérstaklega taka fram eftirfarandi:

1. Að frumvarp þetta felur í sér tillögu um framtíðarskipan lífeyrissjóðakerfis. Hins vegar eru ekki gerðar tillögur um hvernig leysa skuli aðsteðjandi vanda lífeyrissjóða og lífeyrisþega vegna rýrnunar á gjaldþoli margra sjóða, aðallega af völdum verðbólgu á sl. áratug þegar eignir sjóðanna voru yfirleitt óverðtryggðar. Um þetta er fjallað sérstaklega í greinargerð frumvarpsins. Nefndin telur að áfram verði að vinna að lausn þessa máls í víðtæku samráði stjórnvalda og hagsmunaaðila. Í þessu sambandi þarf að taka sérstaklega til þess vanda, sem upp kemur þegar lögin um eftirlaun til aldraðra falla úr gildi í árslok 1989. Nefndin leggur til í frumvarpinu að fyrsta skrefið í þessu efni verði úttekt á lífeyrissjóðum við gildistöku laga um starfsemi lífeyrissjóða. Slík úttekt er óhjákvæmileg en ekki þykir tímabært að setja fram tillögur um úrlausn fyrr en fyrir liggur hve miklir fjármunir hér eru í húfi.
2. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóða verði 10% af atvinnutekjum eins og þegar hefur verið samið um af ASÍ, FFSÍ, VSÍ og VMS. Tillögur nefndarinnar um lágmarksréttindi eru miðaðar við þetta lágmarksiðgjald. Nefndin álítur, að með þessu sé gefin raunhæf mynd af samhengi iðgjalds og réttinda, en í tillögum felst að öðru leyti ekki dómur um hvað séu hæfileg eða fullnægjandi réttindi. Af þessu leiðir, að séu gerðar kröfur um meiri lágmarksréttindi en frv. þetta gerir ráð fyrir, verður þeim ekki fullnægt nema með iðgjaldshækkun. Það er hins vegar skoðun nefndarinnar að slíkar ákvarðanir séu viðfangsefni kjarasamninga.
3. Nefndin telur, að greiðslur lífeyrissjóðsiðgjalda eigi að vera að fullu frádráttarbærar til skatts til þess að sem mest verði hvatt til þess að fólk greiði iðgjöld sín og tryggi sér með því tekjur eftir að starfsævinni lýkur.
4. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir tvíþættu kerfi lífeyristrygginga, þ.e. grunntrygginga almannatrygginga, sem greiði lífeyri sem sé óháður tekjum manna á starfsævinni, og kerfi lífeyrissjóða, sem greiði lífeyri sem ráðist af iðgjaldsgreiðslum af tekjum á starfsævinni. Afkoma lífeyrisþega ræðst því ekki einungis af lífeyri frá lífeyrissjóðum heldur einnig af lífeyri frá almannatryggingum svo og af skattlagningu lífeyris. Í þessu sambandi má minna á, að löngu er orðið tímabært að taka til endurskoðunar samhengið milli greiðslna ellilífeyris og tekjutryggingar frá almannatryggingum, greiðslna eftirlauna frá lífeyrissjóðum og skattlagningar þessara greiðslna.

Hér með sendir 8-manna nefndin yður frumvarp til laga um starfsemi lífeyrissjóða. Þess er óskað, að frumvarp þetta verði tekið fyrir í 17-manna nefndinni sem fyrst.

Virðingafyllst

Hallgrímur Snorrason
formaður

Benedikt Davíðsson — Gunnar J. Friðriksson

Bolli Héðinsson — Jóhannes Siggeirsson

Guðmundur H. Garðarsson — Skúli J. Pálmason

Þórarinn V. Þórarinsson

Fylgiskjal IV.

BBS 29. maí 1987
Álitsgerð fulltrúa BHMR í 17-manna nefnd um tillögur fulltrúa ASÍ, VSÍ og fleiri um frumvarp til laga um starfsemi lífeyrissjóðanna

1. Almennt

BHMR tekur undir þau sjónarmið, sem virðast liggja til grundvallar tillögum fulltrúa ASÍ, VSÍ og fleiri, að nauðsynlegt er að setja lög um starfsemi þeirra lífeyrissjóða sem ekki eru lögbundnir í þeim tilgangi að tryggja réttarstöðu sjóðfélaga og eðlilega starfsemi þessara lífeyrissjóða.

BHMR getur fallist á það sjónarmið fulltrúa ASÍ, VSÍ og fleiri, að setja beri fremur rammalöggjöf um starfsemi almennra lífeyrissjóða en að setja lög fyrir hvern sjóð fyrir sig. Slík rammalöggjöf á hins vegar aðeins að taka til almennra atriða eins og samsetningar lágmarksréttinda, skipulags einstakra sjóða, bókhalds og uppgjörs, eftirlits og meðferðar ágreiningsmála. BHMR getur hins vegar ekki fallist á, að rammalöggjöf af þessu tagi eigi að taka til lögbundinna lífeyrissjóða.

Þeir lífeyrissjóðir, sem lög hafa verið sett um, einkum Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, skera sig úr, hvað varðar réttindamál sjóðfélaga, skipulag starfseminnar og bókhald, þar sem um þá gilda lög sem taka til allra þessara þátta á skýran hátt. BHMR telur fráleitt að almenn rammalöggjöf af því tagi sem hér er rædd þurfi að koma í stað gildandi laga til þess að koma á góðum bókhaldsvenjum eða virku skipulagi.

2. Áhrif af tillögum ASÍ, VSÍ o.fl. á stöðu opinberra starfsmanna

Tillögur fulltrúa ASÍ, VSÍ og fleiri fela í sér þrjár mikilvægar breytingar á stöðu opinberra starfsmanna.

Í fyrsta lagi er lagt til að lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins verði breytt, þannig að aðeins megi fjármagna lífeyrisréttindi með iðgjöldum. Stór hluti lífeyris opinberra starfsmanna er í dag greiddur með beinum framlögum launagreiðenda. Þetta fyrirkomulag er niðurstaða áratuga samningsstarfs stéttarfélaga opinberra starfsmanna. Ef þessi lagabreyting nær fram að ganga eru opinberir starfsmenn settir að nýju að samningsborði um atriði sem um langan tíma hafa verið talin sjálfsagður og lögbundinn hluti starfskjara og Kjaradómur hefur metið til launalækkunar í dómum sínum. Opinberir starfsmenn hafa því ekki aðeins greitt lengi og skilvíslega sinn hluta iðgjalds í opinbera lífeyrissjóði heldur einnig verulegan iðgjaldsauka í formi lægri launa og með því að lána ríkissjóði fé lífeyrissjóðanna á lágum vöxtum eða jafnvel án vaxta.

Í öðru lagi er lagt til að felld verði úr lögum um opinbera lífeyrissjóði ákvæði um ábyrgðir launagreiðenda opinberra starfsmanna á lífeyrisgreiðslum sjóðfélaga. Einnig þetta ákvæði er árangur af ströngu samningsstarfi stéttarfélaga opinberra starfsmanna sem hefur gert starfskjör þeirra álitlegri en ella þrátt fyrir lág laun. Nú er gerð tillaga um að opinberir starfsmenn verði sviptir þessum réttindum.

Í þriðja lagi er gerð tillaga um að sett verði á laggirnar stofnun, Lífeyrissjóðaeftirlit, sem lúti framkvæmdastjórn ASÍ og VSÍ ásamt einum fulltrúa ráðherra. Þessi stofnun skal í senn hafa eftirlitshlutverk eins og stjórnvald með framkvæmd laga um starfsemi lífeyrissjóðanna og úrskurðarhlutverk eins og dómsvald í öllum mikilvægum ágreiningstilefnum og jafnvel vald til að gefa efnislega fullnaðarúrskurði. BHMR getur ekki treyst þeim aðilum sem geta með ofangreindum hætti vegið að grundvallarhagsmunum opinberra starfsmanna fyrir slíku eftirlits- og úrskurðarhlutverki. En það er einnig skoðun BHMR að slíkt sé í hrópandi ósamræmi við almennt réttarfar í landinu, þar sem framkvæmdarvald fer með almennt eftirlitshlutverk af þessu tagi (sbr. Tryggingaeftirlitið) og almennir dómstólar með úrskurðarhlutverk.

BHMR telur óeðlilegt að vald til að gefa út reglugerðir sé með þessum lögum fengið öðrum en ráðherra. Slíkt myndi stríða gegn venju. Staðfesting á starfsleyfi eða afturköllun á því ætti að vera á hendi ráðherra eða opinberrar eftirlitsstofnunar. Ennfremur telur BHMR óeðlilegt að veita lífeyrissjóðum eða stofnun þeirra beinan aðgang að skattagögnum (t.d. launamiðum eða launaframtölum launagreiðenda) en mælir með því að sjóðirnir geti aflað sér staðfestingar skattstjóra á því hvort iðgjaldsstofn sé í samræmi við skattagögn.

3. Tillaga BSRB og BHMR og um bráðabirgðaákvæði III

Ég hef sem fulltrúi BHMR ásamt fulltrúa BSRB lagt fyrir 17-manna nefndina tillögu þess efnis að fyrirliggjandi tillögur fulltrúa ASÍ, VSÍ og fleiri um rammalöggjöf um starfsemi lífeyrissjóðanna nái ekki til lífeyrissjóða opinberra starfsmanna. Af hálfu BHMR voru forsendur þeirrar tillögu þau atriði sem ég hef rakið hér að ofan en einnig sú grundvallarforsenda að opinberir starfsmenn eigi að hafa fullan samningsrétt um starfskjör sín, þar á meðal lífeyrisréttindi, og um þau mál eigi ekki að semja á öðrum samningsvettvangi en milli stéttarfélaga opinberra starfsmanna og vinnuveitenda þeirra. Viðbrögð fulltrúa ASÍ og FFSÍ voru neikvæð og virðist afstaða þeirra til tillögu BHMR og BSRB hafa mótast af því að þeir telji að samningar um starfskjör opinberra starfsmanna sé ekki mál stéttarfélaga opinberra starfsmanna og viðsemjenda þeirra sérstaklega heldur eigi þar fleiri hlut að máli, t.d. 17-manna nefnd.

Formaður 17-manna nefndar hefur síðar lagt fram tillögu að samkomulagsgrundvelli sem nefnd er „Bráðabirgðaákvæði III“ við tillögur ASÍ, VSÍ og fleiri. Efnislega gengur ákvæðið út á eftirfarandi: (1) Áunnin réttindi skerðast ekki og eru á ábyrgð launagreiðenda (Innskot: enda væri annað brot á lögum); (2) Aðilar að opinberum lífeyrissjóðum setjist að samningum við gildistöku laganna um fyrirkomulag á lífeyris- og launamálum opinberra starfsmanna en heildarkjör opinberra starfsmanna skulu ekki raskast við lagasetninguna; (3) Takist ekki samkomulag skal sérstakur gerðardómur („kjaradómur“) skipaður af Hæstarétti meta iðgjaldsþörf vegna lífeyrisréttinda opinberra starfsmanna og skulu opinberir vinnuveitendur greiða í lífeyrissjóð þann iðgjaldsauka sem þarf til að fjármagna þessi réttindi; (4) Eftir að aðilar hafa náð samkomulagi eða gerðardómur kveðið upp úrskurð sinn skal setja opinberum lífeyrissjóðum reglugerðir á þeim grundvelli og í samræmi við rammalöggjöfina.

Fulltrúi BSRB hefur fallist á þessa málsmeðferð fyrir hönd opinberra starfsmanna innan BSRB og hefur lýst því yfir að hann telji að 17-manna nefndin eigi að skila af sér tillögum ASÍ, VSÍ og fleiri ásamt bráðabirgðaákvæðum til fjármálaráðherra.

4.

Þegar tillögur ASÍ, VSÍ og fleiri voru fyrst til umræðu í 17-manna nefnd eftir að BHMR skipaði fulltrúa í nefndina mátti skilja af umræðunni að tilgangur tillagna þessara aðila væri alls ekki sá að skerða lífeyirsréttindi opinberra starfsmanna heldur sá að setja samræmda löggjöf um starfsemi lífeyrissjóðanna, þannig að öllum verði tryggð tiltekin lágmarksréttindi og lífeyrissjóðirnir starfi samkvæmt vissri löggjöf undir stöðugu eftirliti.

Með tilvísun til þessara röksemda vann Lífeyrisnefnd BHMR upp tillögur að löggjöf um starfsemi lífeyrissjóðanna. Í þessum tillögum var gert ráð fyrir að löggjöfin tæki til lágmarksréttinda, fjármögnunar þeirra, skipulags sjóðanna og eftirlits með þeim, bókhalds og uppgjörs, og meðferðar ágreiningsmála. Tillögur um lágmarksréttindi voru keimlíkar tillögum ASÍ, VSÍ og fleiri en tillögurnar um fjármögnun tóku mið af aðstæðum, annað tveggja greiðist framlög í sjóðina einungis með iðgjöldum eða með þeim ásamt kerfisbundnum framlögum sem samið er um milli aðila, sbr. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins. Tillögur Lífeyrisnefndar BHMR um bókhald og uppgjör ársreikninga voru svipaðir fyrri tillögum. Hins vegar telur BHMR að eftirlit með framkvæmd laganna eigi heima hjá stjórnvöldum og dómsvald í ágreiningsefnum eigi að vera í höndum almennra dómstóla. Með þessu er þó ekki

komið í veg fyrir að samstarfsnefnd lífeyrissjóða hafi „siðanefnd" til að skapa eins konar innra eftirlit.

Tillögur Lífeyrisnefndar BHMR voru settar fram sem útrétt hönd til sátta. Í þeim var tekið tillit til flestra sjónarmiða fulltrúa annarra launþegasamtaka í 17-manna nefnd hvað varðar starfsemi annarra lífeyrissjóða en hinna lögbundnu og ekki var sett fram nein krafa um endurskoðun á ákvæðum um tekjutryggingu og fleira sem opinberir starfsmenn njóta ekki en eru mjög kostnaðarsöm fyrir ríkið. Ekki var þó fallist á skerðingar á réttindum og starfskjörum opinberra starfsmanna. Viðbrögð fulltrúa annarra stéttarfélaga við þessari tilraunasmíð sýna að forsendur Lífeyrisnefndar BHMR voru rangar. Eitt mikilvægasta sjónarmiðið á bak við tillögur ASÍ, VSÍ og fleiri er og hefur alltaf verið:

> „að hætt verði að halda upp, m.a. af almannafé, ýmsum sérréttindum einstakra hópa í lífeyrismálum, sem koma nú fram í mun hærri lífeyrisgreiðslum en svarar til iðgjaldsgreiðslna, lægri lífeyrisaldri, takmörkun á iðgjaldsgreiðslum o.fl." (Úr tillögum 8-manna nefndar ASÍ, VSÍ, FFSÍ og VMSÍ, dagsett 20. nóv. 1986, bls. 17).

Höfuðtilgangur þeirra varðaði lífeyrissjóði opinberra starfsmanna en ekki aðra lífeyrissjóði. Fyrir þeim eru seint komnar ævitekjur opinberra starfsmanna (í formi lífeyris) í samanburði við aðra launþega „sérréttindi" sem haldið er uppi „af almannafé". Af hálfu BHMR hefur það alltaf verið höfuðmarkmið að tryggja háskólamenntuðum ríkisstarfsmönnum sambærilegar ævitekjur og háskólamenn hljóta annars staðar og í því samhengi teljast það sérréttindi háskólamanna á almennum markaði að fá bæði meiri tekjur og fyrr en starfsbræður hjá ríkinu.

5. Niðurstaða

Frá sjónarhóli BHMR liggja fyrir 17-manna nefnd tvær tillögur. Í báðum er gert ráð fyrir skipulagslegum endurbótum á lífeyrissjóðakerfinu. Tillaga Lífeyrisnefndar BHMR byggir á því að samningsaðilar á hverjum vettvangi geti breytt fyrirkomulagi á fjármögnum lífeyris en tillögur ASÍ, VSÍ og fleiri gera hins vegar ráð fyrir að opinberir starfsmenn verði að endursemja um fjármögnun á lífeyri sínum, enda þótt gildandi lög í þeim efnum og kjarasamningar um áratugi hafi tekið sérstakt tillit til þeirra réttinda sem nú eru nefnd „sérréttindi".

Ég er viss um að ég mæli fyrir munn mikils fjölda ríkisstarfsmanna, a.m.k. innan BHMR og Kennarasambands Íslands, sem ekki á hér fulltrúa, þegar ég lýsi því yfir að við munum alls ekki una því að dýrkeypt lífeyriskjör verði strikuð út, ábyrgðir opinberra launagreiðenda á Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins felldar niður og lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna settir undir allsherjareftirlit ASÍ og VSÍ.

Birgir Björn Sigurjónsson
fulltrúi BHMR í 17-manna nefnd.

Ed. 940. Frumvarp til laga [543. mál]

um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn fræðsluskrifstofa, starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana er þeim tilheyra og sérstakan fjárhag hafa, starfsmenn landshlutasamtaka sveitarfélaga, starfsmenn stofnana í sameign ríkis og sveitarfélaga sem sérstakan fjárhag hafa, starfsmenn Sinfóníuhljómsveitar Íslands, starfsmenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamanna, svo og starfsmenn aðildarfélaga bandalaganna ásamt starfsfólki sparisjóða, samnorrænna stofnana og uppeldis- og heilbrigðisstofnana sem reknar eru af sjálfstæðum styrktar- og líknarfélögum, svo og starfsmenn stjórnmálaflokka sem voru í starfi árið 1971 eða hófu starf síðar enda séu uppfyllt skilyrði 3. gr. I. a. um ráðningartíma og aðalstarf.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 61 31. maí 1989, um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Til þess að skýra þær breytingar, sem hér eru lagðar til á 4. gr. laganna, er nauðsynlegt að reifa nokkuð ítarlega forsögu málsins.

Um vorið 1987 varð ágreiningur um aðild hljóðfæraleikara og annarra starfsmanna Sinfóníuhljómsveitar Íslands að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Til þess að höggva á þann hnút var leitað eftir álitsgerð Arnljóts Björnssonar prófessors.

Í greinargerð hans segir svo m.a. um 4. gr. laganna: „. . . í henni er allvíðtæk heimild til handa stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins til að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn ýmissa opinberra stofnana og fleiri stofnana, samtaka og félaga. Þeir sem hér koma til álita eru aðeins „starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana er þeim tilheyra og sérstakan fjárhag hafa“. Sinfóníuhljómsveit Íslands er, eins og áður kom fram, sjálfstæð stofnun sem rekin er af ríkissjóði, einni ríkisstofnun og tveimur bæjarfélögum. Hljómsveitin verður ekki talin stofnun sem tilheyrir bæjarfélagi eða bæjarfélögum. Eftir orðanna hljóðan nær heimild 4. gr. því ekki til starfsmanna hljómsveitarinnar.

Hitt er annað mál að lagarök eru vandfundin fyrir því að stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sé óheimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn stofnunar sem er í sameign ríkis og sveitarfélaga þegar stjórnin má veita aðild starfsmönnum samtaka stéttarfélaga ríkisstarfsmanna, stjórnmálaflokka og fleiri félagasamtaka utan ríkiskerfisins. Hvað sem því líður virðist mér ljóst að ótvíræð lagaheimild til þess að taka starfsmenn Sinfóníuhljómsveitarinnar í lífeyrissjóðinn er ekki fyrir hendi. Þessu verður ekki breytt án atbeina löggjafans.“

Þegar þetta álit lá fyrir beitti stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sér fyrir því að samin yrðu drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Í þeim frumvarpsdrögum var m.a. gert ráð fyrir að 4. gr. laganna yrði breytt í þá veru sem hér er lagt til. Ekki varð ágreiningur innan stjórnarinnar um þær breytingar. Jafnframt var lagt til að ýmsum öðrum ákvæðum laganna yrði breytt. Full samstaða náðist hins vegar ekki um þær breytingartillögur innan stjórnarinnar.

Þessi ágreiningur hafði það í för með sér að frumvarpsdrögin, sem stjórnin lét semja, voru aldrei færð í frumvarpsbúning.

Hins vegar voru ákvæði tekin úr þessum frumvarpsdrögum sem stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins hafði látið semja og færð í frumvarpsbúning og þannig lögð fyrir Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988–89, að frumkvæði fjármálaráðherra.

Í greinargerð með því frumvarpi kemur fram að markmiðið með því sé m.a. „að færa til betri vegar ýmis ákvæði laganna sem sum hver eru orðin úrelt eða erfið í framkvæmd með því að þau eru óljós og órökrétt.

Verki þessu varð ekki að fullu lokið, m.a. vegna þess að ekki náðist full samstaða um öll þau atriði sem æskilegt þótti að breyta.

Þótt staðan sé enn óbreytt hvað málið í heild varðar er talin nauðsyn á að gera nú þegar breytingar á skilyrðum fyrir aðild að sjóðnum. Stafar það m.a. af því að eftir athugun lögfróðs aðila, er stjórn sjóðsins leitaði til, er talið að aðild starfsmanna Sinfóníuhljómsveitar Íslands samrýmist ekki ákvæðum laganna. Breyti þá engu þótt þau kveði á um skylduaðild ríkisstarfsmanna og heimili aðild starfsmanna sveitarfélaga. Verður að telja eðlilegt að hið sama gildi um starfsmenn stofnana sem ríkið og sveitarfélög eiga að reka í sameiningu.“

Frumvarp þetta náði hins vegar aldrei fram að ganga í heild sinni, nánast dagaði uppi. Ákvæði 3. gr. frumvarpsins um breytingu á 4. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins fékk af þeim sökum ekki nægilega efnislega umfjöllun.

Starfsmenn Sinfóníuhljómsveitar Íslands héldu hins vegar áfram að vinna að framgangi mála sinna með þeim afleiðingum að samþykkt voru á Alþingi vorið 1989 lög nr. 61/1989, um breytingu á lögum nr. 29/1963.

Í greinargerð með þeim lögum segir m.a. að fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar hafi haft til athugunar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Við umfjöllun nefndarinnar um málið kom í ljós að fulltrúar stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins höfðu ýmsar veigamiklar athugasemdir fram að færa við sum ákvæði frumvarpsins.

Einn þátt í frumvarpinu var þó nefndin og sjóðstjórnin sammála um að nauðsynlegt yrði að lögfesta. Sá þáttur varðaði Sinfóníuhljómsveit Íslands, en í greinargerð með frumvarpinu segir m.a. orðrétt: „Starfsmenn hljómsveitarinnar hafa árum saman átt aðild að sjóðnum en á síðasta ári var lögð fram álitsgerð lögfróðs manns þess efnis að aðild starfsmanna Sinfóníuhljómsveitarinnar samrýmdist ekki ákvæðum laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Í álitsgerðinni kom fram að það breyti engu þótt lögin kveði á um skylduaðild ríkisstarfsmanna og heimili aðild starfsmanna sveitarfélaga. Verður að telja eðlilegt að hið sama gildi um starfsmenn stofnana sem ríkið og sveitarfélög eiga að reka í sameiningu. Nefndin telur því brýnt að lögfest verði ótvíræð heimild til handa sjóðstjórn að taka starfsmenn Sinfóníuhljómsveitar Íslands í tölu sjóðfélaga. Í því skyni flytur nefndin frumvarp til laga þess efnis að sett

verði bráðabirgðaákvæði um aðild starfsmanna Sinfóníuhljómsveitarinnar meðan lögin um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eru í frekari athugun."

Þó að fram komi í greinargerð með frumvarpinu að eðlilegt sé að starfsmenn stofnana, sem ríki og sveitarfélög reki í sameiningu, skuli eiga þess kost að gerast aðilar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins að fengnu samþykki sjóðstjórnar var slíkt ákvæði ekki lögfest.

Það hefur m.a. haft í för með sér að stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins hefur ákveðið að taka ekki við nýjum starfsmönnum Landsvirkjunar í sjóðinn og hefur aðild núverandi starfsmanna Landsvirkjunar, sem eru sjóðsmeðlimir, til athugunar, en þeir hafa margir hverjir átt aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins í allt að 25 ár og á þeim tíma hefur aldrei verið talið að vafi gæti leikið á um aðild þeirra að sjóðnum. Sömu sjónarmið eiga við um starfsmenn Orkubús Vestfjarða og Hitaveitu Suðurnesja, en stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins hefur ákveðið að taka ekki við iðgjöldum nýrra starfsmanna frá og með 1. apríl 1990, en starfsmenn þessara fyrirtækja hafa verið aðilar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Með hliðsjón af ofansögðu er lagt hér til að 4. gr. laganna verði breytt í þá veru að heimild fáist til að veita starfsmönnum stofnana í sameign ríkis og sveitarfélaga aðild að sjóðnum. Telja verður óeðlilegt að heimild til aðildar starfsmanna og hljóðfæraleikara Sinfóníuhljómsveitar Íslands að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins byggist á bráðabirgðaákvæði. Því er lagt til að sú heimild verði jafnframt lögfest í 4. gr.

Nd. 941. Frumvarp til laga [544. mál]

um opinbera réttaraðstoð.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið opinberrar réttaraðstoðar er að veita almenningi ráðgjöf á sviði lögfræði og jafnframt leitast við að tryggja að réttindi einstaklinga glatist ekki sökum lítilla efna. Dómsmálaráðherra hefur umsjón með opinberri réttaraðstoð sem skiptist í:

a. almenna ráðgjöf,
b. aðstoð í einstökum málum,
c. réttargæslu fyrir brotaþola í opinberum málum,
d. gjafsókn og gjafvörn fyrir dómstólum.

2. gr.

Menn, sem hafa fasta búsetu hér á landi, eiga rétt til opinberrar réttaraðstoðar.

II. KAFLI

Almenn ráðgjöf.

3. gr.

Almenn ráðgjöf er fólgin í munnlegum leiðbeiningum um réttarreglur og lagaúrræði varðandi tiltekið lögfræðilegt álitaefni hvort sem réttarágreiningur er orðinn eða ekki. Í ráðgjöfinni felst hvorki aðstoð við bréfaskriftir né gerð skjala eða skriflegra álitsgerða.

4. gr.

Einstakir lögmenn eða samtök lögmanna, sem ráðherra gerir samning við, láta almenna ráðgjöf í té gegn fastri þóknun sem greiðist úr ríkissjóði. Þar sem ekki er kostur á þjónustu starfandi lögmanna eða fulltrúa þeirra getur ráðherra samið við aðra lögfræðinga um að veita ráðgjöfina.

III. KAFLI

Aðstoð í einstökum málum.

5. gr.

Aðstoð í einstökum málum felst í venjubundinni lögfræðiráðgjöf, einfaldri skjalagerð, bréfaskiptum, umsóknum, kærum og mótum hjá opinberum stofnunum eða sýslunarmönnum vegna:

1. sifja-, erfða- og persónuréttarmálefna,
2. skaðabóta utan samninga,
3. vátryggingasamninga,
4. vinnusamninga,
5. kaup- eða leigusamninga um íbúðarhúsnæði,
6. lausafjárkaupa,
7. stjórnsýslukæru,
8. kvörtunar til umboðsmanns Alþingis,
9. umsóknar um gjafsókn eða gjafvörn.

6. gr.

Sýslumaður getur í einstökum tilvikum heimilað að aðstoð skv. 5. gr. skuli veitt umfram það sem þar segir, enda sé líklegt að hún leiði til lausnar ágreiningsefna án málshöfðunar eða sérstakar ástæður mæla með því.

Á sama hátt getur sýslumaður einnig í sérstökum tilvikum heimilað aðstoð samkvæmt þessari grein til manns sem á í verulegum fjárhagsörðugleikum, en vill freista þess að koma nýrri skipan á fjármál sín, sbr. 7. gr. gjaldþrotalaga nr. 5 frá 5. maí 1978.

7. gr.

Ráðherra ákveður árlega í samráði við Lögmannafélag Íslands hvaða starfandi héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn láti í té aðstoð í einstökum málum sem lög þessi ná til. Skal birta opinberlega lista með nöfnum lögmannanna og er þeim skylt að veita aðstoðina. Þeir geta þó synjað um aðstoð í einstökum tilvikum ef þeir telja málefni þess eðlis að aðstoðin sé bersýnilega þarflaus, hún brjóti í bága við siðareglur lögmanna.

8. gr.

Rétt til aðstoðar í einstökum málum hafa einstaklingar eða hjón með tekjur og eignir undir nánar tilgreindum fjárhæðum, enda sé aðstoðin ekki tengd atvinnurekstri þeirra. Fjárhæðir þessar skulu ákveðnar með reglugerð.

Aðstoð skv. 1. mgr. verður ekki veitt oftar en einu sinni á hverju almanaksári. Sýslumaður getur þó heimilað undantekningu þar frá ef sérstaklega stendur á.

9. gr.

Fyrir veitta aðstoð skv. 5. gr. greiðist föst þóknun og skal upphæð hennar ákveðin í reglugerð. Ríkissjóður greiðir ¾ hluta þóknunar, en skjólstæðingur ¼ hluta.

Fyrir veitta aðstoð skv. 6. gr. greiðist þóknun og má hún nema allt að þrefaldri þóknun skv. 1 mgr. Ríkissjóður greiðir helming þóknunar, en skjólstæðingur helming. Sýslumaður í því umdæmi, sem aðstoð er veitt í, úrskurðar um fjárhæð þóknunar samkvæmt þessari málsgrein eftir málsatvikum hverju sinni. Kæra má slíkan úrskurð til ráðuneytisins.

10. gr.

Lögmaður, sem veitir aðstoð skv. 5. gr., skal fá greiddan kostnaðarhluta ríkissjóðs hjá embætti sýslumanns í því umdæmi sem aðstoð er veitt, sbr. 9. gr., enda leggi hann fram umsókn um að ríkissjóður taki þátt í kostnaði við lögfræðiaðstoð ásamt reikningi sínum. Umsókn skal undirrituð af þeim sem aðstoðar beiðist og þeim sem hana veitir.

Í reglugerð skal nánar ákveða hvaða upplýsingar og yfirlýsingar skuli fylgja umsókn skv. 1. mgr., þar á meðal upplýsingar um tekjur og eignir þess sem aðstoðar beiðist og yfirlýsing um að sýslumanni sé heimilt að afla staðfestingar skattyfirvalda um að rétt sé frá skýrt.

Nú synjar sýslumaður um kostnaðarþátttöku fyrir aðstoð og má þá skjóta synjuninni til úrskurðar ráðuneytisins.

IV. KAFLI

Réttargæsla fyrir brotaþola.

11. gr.

Í málum, sem varða brot á 190. og 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, skal þegar við upphaf lögreglurannsóknar kveðja til réttargæslumann fyrir þann sem ætla má að fyrir broti hafi orðið.

Í málum, sem varða brot á 195.–203. gr. og 206. gr. almennra hegningarlaga, er rannsóknaraðila eða dómara heimilt að kveðja til réttargæslumann fyrir þann sem ætla má að fyrir broti hafi orðið ef sá ber fram ósk um það. Skal brotaþoli inntur eftir því hvort hann óski eftir réttargæslumanni.

Einnig er heimilt, ef nauðsynlegt þykir að mati rannsóknaraðila eða dómara, að kveðja réttargæslumann til á sama hátt fyrir þann sem ætla má að fyrir broti hafi orðið er varðað getur við 218. eða 226. gr. almennra hegningarlaga.

12. gr.

Kostnað við réttargæslu brotaþola skv. 11. gr. skal greiða úr ríkissjóði, en endurkrefja skal kostnaðinn fyrir dómi ef til saksóknar kemur.

V. KAFLI

Um gjafsókn og gjafvörn.

13. gr.

Orðið gjafsókn nær bæði til gjafsóknar og gjafvarnar vegna reksturs einkamála fyrir dómi.

14. gr.

Ráðherra skal skipa nefnd þriggja löglærðra manna, gjafsóknarnefnd, til fjögurra ára í senn. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu Lögmannafélags Íslands. Nefndin skal veita umsögn um gjafsóknarbeiðnir og móta starfsreglur um veitingu gjafsóknarleyfa.

15. gr.

Ráðherra veitir gjafsóknarleyfi samkvæmt umsókn þar að lútandi, að fenginni umsögn gjafsóknarnefndar. Skilyrði gjafsóknarleyfis er að málstaður umsækjanda gefi nægilegt tilefni til málsóknar og að efnahag hans sé svo háttað að kostnaður málsins verði honum fyrirsjáanlega ofviða, hvort tveggja að mati gjafsóknarnefndar.

Ráðherra setur ákvæði í reglugerð um viðmiðunarfjárhæðir tekna og eigna þeirra sem gjafsóknar geta notið. Við mat á efnahag umsækjanda skal einnig taka tillit til tekna og eigna maka eða sambúðarmanns og til tekna og eigna foreldra ef umsækjandi um gjafsókn er undir 18 ára aldri.

16. gr.

Ráðherra getur, ef sérstaklega stendur á, veitt gjafsókn enda þótt skilyrðum 15. gr. sé ekki fullnægt. Til álita koma einkum mál þar sem tekist er á um grundvallaratriði við lagatúlkun, fjallað er um mikilvæga hagsmuni almennings eða málið hefur verulega þýðingu fyrir atvinnu- og félagslega stöðu umsækjanda. Gjafsóknarleyfi verður ekki veitt á grundvelli þessarar túlkunar nema gjafsóknarnefnd hafi fjallað um umsókn og mælt með því að gjafsókn verði veitt.

17. gr.

Gjafsóknarleyfi skuldbindur ríkissjóð til greiðslu málskostnaðar skv. 18. gr. eftir því sem kveðið er á í dómi að svo miklu leyti sem fjárskuldbinding ríkissjóðs er ekki takmörkuð í leyfinu.

Nú vinnur gjafsóknarhafi mál sitt fyrir héraðsdómi að hluta eða að öllu leyti, en gagnaðili skýtur málinu til Hæstaréttar og nær leyfið þá einnig til málskostnaðar sem þar er dæmdur, þar á meðal í gagnsök fyrir Hæstarétti.

Í gjafsóknarleyfi skal skýrt koma fram til hvaða máls leyfi taki, hver sé lögmaður leyfishafa og fyrir hvaða dómstigi málið sé rekið.

18. gr.

Málskostnaður samkvæmt lögum þessum telst:

1. Réttargjöld við þær dómsathafnir sem leyfi nær til og kostnaður við afrit þeirra skjala er embættis- eða sýslunarmenn afgreiða til afnota við dómsathafnirnar.
2. Ferðakostnaður og annar útlagður kostnaður.
3. Kostnaður við birtingar og tilkynningar, er málið útheimtir og dómsathafnir í sambandi við það, þóknun til þingvotta, vitna, mats- og skoðunarmanna og önnur slík gjöld.
4. Þóknun lögmanns fyrir málflutning samkvæmt dómi.

Takist dómsátt um málið skal dómari engu að síður ákveða málskostnað.

Gjafsóknarleyfi nær bæði til aðalmáls og aukamála í sambandi við það, svo sem vitnamála og matsmála auk lögbanns- og kyrrsetningargerða og fullnustugerða, nema takmarkanir séu gerðar í leyfisbréfi.

Gjafsóknarleyfi fellur ekki niður við andlát leyfishafa.

Afturkalla má gjafsóknarleyfi ef í ljós kemur að það hefur verið veitt að ófyrirsynju eða hagur leyfishafa breytist svo að þess er ekki lengur þörf. Við afturköllun fellur greiðsluskylda ríkissjóðs niður.

Gjafsóknarleyfi nær einungis til þess kostnaðar sem gjafsóknarhafi hefur af málarekstri sínum, en haggar í engu skyldu hans til greiðslu málskostnaðar til gagnaðila síns samkvæmt dómi eða dómsátt.

Sé gagnaðili dæmdur til greiðslu málskostnaðar skal ekki taka mið af því að gjafsóknarleyfi hefur verið veitt. Skal málskostnaður renna í ríkissjóð. Hafi gjafsóknarhafi sjálfur haft kostnað af málinu skal ákveðið í dómi hver hluti dæmds málskostnaðar skuli renna til gjafsóknarhafa og hver hluti skuli renna í ríkissjóð.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

19. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Viðmiðunarfjárhæðum, sem settar eru í reglugerðinni skv. 8., 9. og 15. gr. laganna, skal breyta árlega í samræmi við almennar verðbreytingar og skal í janúar ár hvert auglýsa breyttar viðmiðunarfjárhæðir.

20. gr.

Lög þessi taka gildi sem hér segir: I.–II. og IV.–V. kaflar laganna taka gildi 1. janúar 1991 og jafnframt fellur þá úr gildi XI. kafli laga nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði. III. kafli laganna tekur gildi 1. júní 1992.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fram til gildistöku laga nr. 92 1. júní 1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, fara sýslumenn, bæjarfógetar og borgarfógetaembættið í Reykjavík með þau verkefni sem falin eru sýslumönnum skv. 5., 6., 9. og 10. gr. laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem Jón Sigurðsson dómsmálaráðherra skipaði í maímánuði 1988, en í nefndinni sátu Björn Friðfinnsson, þáverandi aðstoðarmaður dómsmálaráðherra, Atli Gíslason hæstaréttarlögmaður og Björn Þ. Guðmundsson prófessor. Haustið 1989 bættist Sigurður Jónsson, núverandi aðstoðarmaður dómsmálaráðherra, í nefndina. Ritari nefndarinnar hefur frá upphafi verið Skúli Guðmundsson skrifstofustjóri.

Lögfræðiaðstoð við almenning hefur áður verið verið á dagskrá hér á landi og má minna á tillögu til þingsályktunar, sem Ragnar Arnalds og Svava Jakobsdóttir fluttu á Alþingi veturinn 1974–75, um lögfræðiaðstoð fyrir efnalítið fólk. Tillögunni var vísað til ríkisstjórnarinnar. Haustið 1978 skipaði Ólafur Jóhannesson dómsmálaráðherra starfshóp til að huga að lagareglum um ókeypis lögfræðiþjónustu fyrir efnalítið fólk undir forustu Eiríks Tómassonar, þáverandi aðstoðarmanns dómsmálaráðherra, en aðrir nefndarmenn voru Björn Þ. Guðmundsson prófessor, Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður, Magnús Thoroddsen, þáverandi borgardómari, og Ólöf Pétursdóttir, þáverandi fulltrúi í dómsmálaráðuneytinu. Starfshópurinn skilaði tillögum að frumvarpi og á þeim var byggt frumvarp til laga um

lögfræðiaðstoð sem flutt var sem stjórnarfrumvarp á 101. löggjafarþingi 1978–79 og aftur á 102. löggjafarþingi veturinn 1979–80.

Löggjöf um lögfræði- eða réttaraðstoð við almenning er nú víðast hvar í gildi í nágrannaríkjum okkar og hefur nefndin haft hliðsjón af því fyrirkomulagi sem þar tíðkast við samningu ákvæðanna í II. og III. kafla frumvarpsins.

Á síðustu árum hafa komið fram raddir um nauðsyn lögfræðilegrar aðstoðar við brotaþola í málum sem varða kynferðislegt ofbeldi og líkamsárásir af öðru tagi. Sem dæmi um slíkt má nefna niðurstöður nefndar sem fjallaði um nauðgunarmál, afleiðingar þeirra og aðgerðir gegn þeim, en nefndin skilaði áliti síðla árs 1988.

Í XI. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, eru reglur um gjafsókn og gjafvörn. Eru þær reglur nú orðnar úreltar um margt og hefur oft verið rætt um endurskoðun þeirra. Alþingi samþykkti 17. apríl 1989 svohljóðandi þingsályktun: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða ákvæði laga um gjafsókn í ljósi fenginnar reynslu með það fyrir augum að auðvelda efnalitlu fólki að ná rétti sínum að lögum."

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er reynt að sameina ákvæði um lögfræðilega aðstoð við almenning, aðstoð við brotaþola og ákvæði um gjafsókn og gjafvörn í einum lagabálki. Upphaflega hugðist nefndin einnig fella ákvæði um réttargæslumenn grunaðra manna og sökunauta í frumvarpið, en frá því var horfið að ábendingu réttarfarsnefndar, en endurskoðuð ákvæði um það efni er að finna í nýju frumvarpi til laga um meðferð opinberra mála.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Nefndin hefur rætt mikið um nafn frumvarpsins, en fyrra frumvarp bar nafnið „frumvarp til laga um lögfræðiaðstoð". Hér er hins vegar um víðtækari aðstoð hins opinbera að ræða en þar var lögð til og var það niðurstaða nefndarinnar að „réttaraðstoð" væri heppilegt samheiti þeirrar aðstoðar, sbr. retshjælp á dönsku og retthjelp á norsku.

Í greininni er gerð grein fyrir skiptingu frumvarpsins í fjóra þætti sem síðar er fjallað sérstaklega um í II.–V. kafla.

Um 2. gr.

Hér er miðað að við að allir þeir einstaklingar, sem fasta búsetu hafa hér á landi, eigi rétt til opinberrar réttaraðstoðar. Það felur í sér að erlendir ríkisborgarar með lögheimili hér á landi njóti að þessu leyti sömu réttinda og íslenskir ríkisborgarar.

Um II. kafla.

Í kaflanum er fjallað um almenna ráðgjöf við almenning, en samkvæmt frumvarpinu er hér um að ræða munnlegar leiðbeiningar sem veittar eru af lögmönnum eða á vegum samtaka lögmanna. Fyrirkomulagið er á þann veg að dómsmálaráðherra semur við lögmenn eða samtök þeirra um að skipuleggja slíka ráðgjöf á ákveðnum tímum, t.d. einu sinni til tvisvar sinnum í viku, 2–3 klst. í hvert sinn. Ráðgjöf þessi er veitt að kostnaðarlausu fyrir þá sem hana nýta sér, en ekki er gert ráð fyrir að hún kosti ríkissjóð mikið fé. Í nágrannalöndunum hafa samtök lögmanna víða tekið að sér slíka ráðgjöf gegn mjög vægri þóknun.

Um 3. gr.

Í þessari grein er nánar skilgreint í hverju almenn ráðgjöf samkvæmt frumvarpinu sé fólgin. Er um að ræða munnlegar leiðbeiningar um réttarreglur og lagaúrræði varðandi tiltekið lögfræðilegt álitaefni hvort sem deilumál er komið upp eða ekki. Aðstoð við bréfaskriftir eða gerð skriflegra álitsgerða eða annarra skjala er ekki innifalin í ráðgjöfinni.

Um 4. gr.

Hér er nánar gerð grein fyrir því fyrirkomulagi að ráðherra semji við lögmenn eða samtök lögmanna um að þessir aðilar taki að sér að láta í té almenna ráðgjöf. Þar sem ekki er kostur á þjónustu starfandi lögmanna eða fulltrúa þeirra getur ráðherra samið við aðra lögfræðinga um að veita almenna lögfræðiráðgjöf til almennings.

Um III. kafla.

Í þessum kafla frumvarpsins er fjallað um aðstoð hins opinbera í einstökum málum og er framkvæmd þeirra ákvæða sá þáttur frumvarpsins sem mestan kostnað mun hafa í för með sér. Erfitt er að áætla fyrir fram hver kostnaður af slíkri aðstoð muni verða. Þótt slík aðstoð sé aðeins veitt fólki með tekjur undir ákveðnum mörkum er ekki fyrir fram hægt að áætla hvað margir muni notfæra sér hana. Gert er ráð fyrir að í samráði við samtök lögmanna verði ákveðið af ráðherra hvaða lögmenn láti aðstoð í té og skal birta lista um nöfn þeirra. Þeir sem leita aðstoðar snúa sér til lögmanna sem skráðir eru á listann og þeir kynna sér hvort um er að ræða aðila sem á rétt á aðstoð. Aðstoðin er síðan látin í té og lögmaðurinn snýr sér svo til sýslumanns og leggur þar fram umsókn um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs. Sýslumaður úrskurðar svo um greiðslu og í ákveðnum tilvikum getur hann úrskurðað um frekari aðstoð. Fyrirkomulagi er hagað á þann hátt að sem auðveldast verði fyrir þann sem aðstoðar nýtur, en síðan verður að gera ráð fyrir úrtakskönnunum á efnahag þeirra sem fengið hafa aðstoðina í því skyni að veita aðhald um rétta upplýsingagjöf.

Aðstoð, eins og hér greinir, er veitt í nágrannaríkjunum og er gerð nánari grein fyrir því í fylgiskjali með frumvarpinu.

Um 5. gr.

Í þessari grein eru talin upp þau svið sem aðstoðina skal veita á, en með aðstoð er átt við venjubundna lögfræðiráðgjöf, einfalda skjalagerð, bréfaskipti, samningu umsókna, kærur og mót hjá opinberum stofnunum.

Ef um er að ræða flókin mál, sem krefjast verulegrar vinnu lögmanns falla þau utan aðstoðar samkvæmt þessari grein, en hægt er að leita heimildar sýslumanns fyrir viðbótaraðstoð, sbr. 6. gr. Tekið skal fram að aðstoðin nær ekki til opinberra mála (refsimála), en hins vegar nær aðstoðin bæði til einkamála sem útkljáð yrðu af dómstólum og mála sem lúta úrslausnar stjórnsýsluaðila.

Um 6. gr.

Hér er fjallað um viðbótaraðstoð ef lágmarksaðstoð skv. 5. gr. nægir ekki. Ekki er gert ráð fyrir að aðstoð samkvæmt lögum þessum geti fullnægt þörfinni fyrir lögfræðiaðstoð í flóknum eða erfiðum málum, en þóknun fyrir viðbótaraðstoð má nema allt að þrefaldri þóknun fyrir aðstoð skv. 5. gr., sbr. 9. gr. Á móti greiðir sá sem aðstoðar nýtur sjálfur hærri hluta kostnaðar.

Um 7. gr.

Samkvæmt þessari grein ákveður ráðherra árlega í samráði við Lögmannafélag Íslands hvaða starfandi héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn láti í té aðstoð við almenning samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Gera verður ráð fyrir að Lögmannafélag Íslands kanni áhuga lögmanna til þess að starfa að aðstoð í einstökum málum sem greidd er að hluta af hinu opinbera samkvæmt lögum þessum og að ráðherra ákveði síðan í samráði við það hvaða lögmenn veiti aðstoðina.

Um 8. gr.

Aðstoð samkvæmt þessum kafla er bundin við efnalítið fólk og er gert ráð fyrir að hún verði takmörkuð við þá sem hafi tekjur og eignir undir mörkum sem ákveðin verði í reglugerð. Samkvæmt 19. gr. skal endurskoða viðmiðunarfjárhæðir einu sinni á ári til samræmis við verðbreytingar.

Gert er ráð fyrir að hver aðili geti eigi notið aðstoðar samkvæmt þessum kafla oftar en einu sinni á hverju almanaksári, en sýslumaður getur þó heimilað undantekningu þar frá í sérstökum tilvikum.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir að þóknun fyrir aðstoð skv. 5. gr. sé ákveðin í reglugerð og greiðir sá sem aðstoðar nýtur ¼ hluta þóknunarinnar, en ¾ hlutar greiðast af ríkissjóði. Sé um viðbótaraðstoð að ræða skv. 6. gr. úrskurðar sýslumaður um fjárhæð þóknunar sem nema má allt að þrefaldri grunnþóknun, en þá greiðir sá sem hennar nýtur helming þóknunarinnar en ríkissjóður hinn helminginn.

Þetta er sama regla og gildir í Danmörku, en þar nam þóknun fyrir venjulega aðstoð 610 dönskum krónum árið 1988, þ.e. 500 kr. + 110 kr. í virðisaukaskatt og greiddi hið opinbera ¾ hluta kostnaðar. Þóknun fyrir viðbótaraðstoð nam allt að 1.830 dönskum krónum og þar af greiddi hið opinbera helming fjárhæðarinnar.

Sýslumaður úrskurðar um þóknun lögmanns fyrir viðbótaraðstoð samkvæmt þessari grein og má kæra slíkan úrskurð til dómsmálaráðuneytisins.

Um 10. gr.

Í þessari grein er fjallað um greiðslufyrirkomulag til lögmanns. Gert er ráð fyrir að lögmaður, sem veitt hefur aðstoð, leggi fram við embætti sýslumanns umsókn sem undirrituð er af þeim sem aðstoðar nýtur og þeim sem látið hefur hana í té. Í reglugerð skal ákveða nánar hvaða upplýsingar og yfirlýsingar skuli fylgja umsókn, þar á meðal yfirlýsing um að sýslumanni skuli heimilt að afla staðfestingar skattyfirvalda um að rétt sé frá skýrt. Er þetta gert til þess að auðvelda úrtakskannanir á því hvort aðstoð sé gefin á réttum forsendum.

Lögmenn, sem veita aðstoð samkvæmt þessum kafla, þekkja vel þær reglur sem fylgt er um tekjur og eignir fólks og þær verklagsreglur sem skapast munu varðandi viðbótaraðstoð. Verður því að gera ráð fyrir að ekki komi upp mörg ágreiningsmál varðandi greiðslur, en synjun sýslumanns um kostnaðarþátttöku má skjóta til úrskurðar dómsmálaráðuneytisins.

Um IV. kafla.

Eins og áður er vikið að er hér um nýmæli að ræða, en nauðsyn þykir bera til þess að þeir sem orðið hafa fyrir tilteknum refsiverðum brotum njóti lögmannsaðstoðar við kærumeðferð og gerð bótakröfu. Þetta á við um ýmis kynferðisafbrot, meiri háttar líkamsárásir eða ólögmæta frelsisskerðingu.

Um 11. gr.

Í 190. gr. almennra hegningarlaga, sem vísað er til í greininni, er fjallað um sifjaspell og í 194. gr. er fjallað um nauðgun. Lagt er til að í þessum tilvikum báðum verði skylt að kveðja til réttargæslumann fyrir brotaþola.

Í 195.–203. gr. og í 206. gr. almennra hegningarlaga er fjallað um ýmis önnur kynferðisafbrot. Er þá heimilt að kveðja til réttargæslumann fyrir brotaþola ef hann ber fram ósk um það og skal brotaþoli inntur eftir því hvort hann óski eftir réttargæslumanni. Það er

hins vegar látið í vald rannsóknaraðila eða dómara að meta þörfina á slíku, en hún er mismunandi eftir atvikum.

Í 218. gr. er fjallað um meiri háttar líkamsárás og 226. gr. um ólögmæta frelsisskerðingu og er þá rannsóknaraðila eða dómara heimilt á sama hátt að kveðja til réttargæslumann fyrir brotaþola.

Um 12. gr.

Lagt er til að kostnaður við réttargæslu brotaþola verði greiddur úr ríkissjóði, en endurkrafinn fyrir dómi ef mál leiðir til ákæru eða ef heimilað er að ljúka því með dómsátt. Með þessu ákvæði er brotaþola spöruð fyrirhöfn af innheimtu réttargæslukostnaðarins hjá þeim sem brotið framdi og ríkissjóður tekur á sig ábyrgð á greiðslu hans.

Um V. kafla.

Ákvæði um gjafsókn og gjafvörn í XI. kafla laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, verður að teljast að mörgu leyti úrelt og er hér leitast við að endurskoða þau í ljósi breyttra aðstæðna. Lagt er til að veiting gjafsóknarleyfis sé miðuð við efnahag umsækjanda eins og nú er aðalreglan, en formlegri reglur verði settar um tekju- og eignarmörk. Einnig skal taka tillit til annarra atriða og er lagt til að sérstök nefnd verði sett á fót til þess að veita umsagnir um gjafsóknarbeiðnir og til að móta starfsreglur um veitingu gjafsóknarleyfa.

Felld eru niður ákvæði um gjafsókn til kirkna, skóla, sjúkrahúsa, hreppsfélaga o.fl. aðila og um skilyrði fyrir gjafsóknarleyfi til erlendra ríkisborgara.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Hér er um nýmæli að ræða, en lagt er til skipuð verði þriggja manna nefnd til fjögurra ára í senn sem veita skal umögn um gjafsóknarbeiðnir og móta starfsreglur um veitingu gjafsóknarleyfa. Einn nefndarmanna skal skipaður samkvæmt tilnefningu Lögmannafélags Íslands.

Um 15. gr.

Lagt er til að ráðherra veiti gjafsóknarleyfi samkvæmt umsókn þar að lútandi og að fenginni umsögn gjafsóknarnefndar. Nefndin á m.a. að gefa umsögn um hvort málstaður umsækjanda gefi nægilegt tilefni til málsóknar og að efnahag hans sé svo háttað að kostnaður málsins verði honum fyrirsjáanlega ofviða. Um fyrrnefnda atriðið segir í núgildandi ákvæðum „að athuga skuli málstað umsækjanda eftir föngum, áður en gjafsókn er veitt“ og í samsvarandi dönskum ákvæðum segir m.a. um skilyrði fyrir gjafsókn að veita megi gjafsókn ef umsækjandi „skönnes at have rimelig grund til at føre proces“. Um síðarnefnda atriðið mun nefndin fara eftir tekju- og eignarmörkum sem ákveðin verða í reglugerð og lagt verður mat á önnur þau atriði sem þar eru talin.

Um 16. gr.

Hér er fjallað um heimild ráðherra til að veita gjafsókn af sérstöku tilefni enda þótt ákvæðum 14. gr. sé ekki fullnægt. Þar koma einkum til álita mál þar sem tekist er á um grundvallaratriði við lagatúlkun, fjallað er um mikilvæga hagsmuni almennings eða mál hefur verulega þýðingu fyrir atvinnu og félagslega stöðu umsækjanda. Í slíkum tilvikum kann að vera ósanngjarnt að umsækjandi leggi í mikinn kostnað vegna málsins og kemur því til greina

að veita gjafsókn sem bæði getur náð til alls kostnaðar eða verið takmörkuð við ákveðna fjárhæð, sbr. 1. mgr. 17. gr. Lagt er til að leitað sé umsagnar gjafsóknarnefndar um útgáfu gjafsóknarleyfis í slíku tilviki.

Um 17. gr.

Hér er kveðið á um að gjafsóknarleyfi skuldbindi ríkissjóð til greiðslu málskostnaðar skv. 18. gr. eftir því sem kveðið er á um í dómi, að svo miklu leyti sem fjárskuldbinding ríkissjóðs er ekki takmörkuð í leyfinu. Ef gjafsóknarhafi vinnur mál sitt fyrir héraðsdómi, en gagnaðili skýtur málinu til Hæstaréttar, nær gjafsóknarleyfið einnig til kostnaðar við málsvörn og hugsanlega höfðun gagnsakar fyrir Hæstarétti. Tapi gjafsóknarhafi hins vegar máli sínu fyrir héraðsdómi nær gjafsóknarleyfi hans ekki til áfrýjunar til Hæstaréttar. Í slíku tilviki þarf að sækja um gjafsóknarleyfi á nýjan leik. Þetta er sama regla og beitt hefur verið hér á landi og sem í gildi er í nágrannaríkjunum, t.d. í Danmörku.

Loks er í greininni ákvæði um að í gjafsóknarleyfi skuli skýrt koma fram til hvaða máls leyfi taki, hver sé lögmaður leyfishafa og fyrir hvaða dómstigi málið sé rekið.

Um 18. gr.

Í þessari grein er nánar fjallað um innihald gjafsóknarleyfis, þ.e. til hvaða kostnaðar það taki ef ekki eru gerðar sérstakar takmarkanir í leyfinu.

Gjafsóknarleyfi nær til aðalmáls og aukamála í sambandi við það, svo sem vitna- og matsmála, auk lögbanns- og kyrrsetningargerða og fullnustugerða, nema takmarkanir hafi verið gerðar í leyfinu. Greinin hindrar ekki að veitt sé sérstakt gjafsóknarleyfi í kærumáli, þ.e. ef ákvörðun eða úrskurður eru kærð til æðra dóms.

Gjafsóknarleyfi fellur ekki niður við andlát leyfishafa, en afturkalla má gjafsóknarleyfi við aðstæður sem raktar eru í greininni.

Gjafsóknarleyfi nær einungis til þess kostnaðar sem gjafsóknarhafi hefur haft af málarekstri sínum, en haggar í engu skyldu hans til greiðslu málskostnaðar til gagnaðila síns, en um þetta atriði hefur stundum ríkt misskilningur.

Um VI. kafla.

Um 19. gr.

Hér er fjallað um reglugerðarheimild og lagt til að ákvæði verði í reglugerð um framreikning viðmiðunarfjárhæða í samræmi við verðbreytingar í þjóðfélaginu. Skal auglýsa ný fjárhæðarmörk í janúar ár hvert.

Um 20. gr.

Lagt er til að lög þessi taki gildi 1. janúar 1991 að undanteknum III. kaflanum.

Ljóst er að erfitt verður að áætla kostnað af framkvæmd III. kaflans og því er lagt til að hann taki gildi 1. júní 1992. Áætlun um kostnað af framkvæmd III. kaflans á árinu 1992 verður ónákvæm eðli málsins samkvæmt, en við gerð fjárlaga ársins 1993 yrði hægt að styðjast við reynslu nokkurra mánaða af framkvæmd hans.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, fellur niður starfsheiti bæjarfógeta og borgarfógeta í Reykjavík, en sýslumaður verður sameiginlegt starfheiti. Fram til þess tíma verður að taka tillit til núverandi heita á embættum bæjar- og borgarfógeta.

Fylgiskjal.

Fyrirkomulag lögfræðiaðstoðar við almenning í nokkrum nágrannaríkjum.

Reglur um réttaraðstoð við tekjulítið fólk er að finna í flestum nágrannaríkjum okkar. Rétt þykir að gefa hér stutt yfirlit um opinbera réttaraðstoð annars staðar á Norðurlöndum og í Bretlandi.

Danmörk.

Ákvæði um réttaraðstoð fyrir efnalítið fólk hafa verið lögfest í Danmörku frá árinu 1969. Núgildandi ákvæði byggja á því að ríkissjóður greiði fyrir þjónustu sem sjálfstætt starfandi lögmenn veita og er gerður greinarmunur á venjulegri réttaraðstoð (almindelig retshjælp) og aukinni réttaraðstoð (udvidet retshjælp) á sama hátt og gert er í frumvarpi þessu.

Þeir lögmenn, sem veita réttaraðstoð, þurfa að hafa hlotið sérstaka viðurkenningu til þess að taka slíka aðstoð að sér. Réttaraðstoðin er takmörkuð við sérstaka málaflokka, þ.e. persónumálefni, sifjamálefni, erfðarétt, bætur utan samninga sem ekki eru tengdar atvinnurekstri þess sem aðstoðar leitar, tryggingamálefni, mál vegna húsaleigusamninga, vinnusamninga og orlofsmál.

Í Danmörku eru einnig reglur um opinbera aðstoð við ráðgjafarskrifstofur sem einstakir opinberir aðilar eða félagasamtök koma á fót í því markmiði að sinna fólki sem á rétt til opinberrar aðstoðar á þessu sviði. Þessar skrifstofur veita einungis ráðgjöf og er ekki skilyrði að ráðgjafarnir séu lögmenn. Yfirleitt eru þeir þó lögfræðingar, laganemar og í sumum tilvikum félagsráðgjafar sem veita slíka ráðgjöf.

Danska lögmannafélagið hefur einnig sett upp vaktir lögmanna sem veita almenna ráðgjöf á sama hátt og gert er í II. kafla frumvarps þessa. Ráðgjöfin er ókeypis fyrir þiggjendur og felst hún einkum í að greina vandamál og gefa leiðbeiningar um hvert skuli leita um lausn á því.

Þeir sem njóta venjulegrar réttaraðstoðar í Danmörku greiða 1/4 hluta kostnaðar, en þeir sem njóta aukinnar réttaraðstoðar greiða helming kostnaðar á sama hátt og gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu.

Finnland.

Í Finnlandi tóku reglur um almenna réttaraðstoð fyrst gildi 1. september 1973. Hið opinbera hefur komið á fót lögfræðiskrifstofum til þess að láta í té opinbera réttaraðstoð. Sveitarfélög sjá um rekstur skrifstofanna, en ríkissjóður greiðir 50–90% af rekstrarkostnaði þeirra. Aðstoð starfsfólks skrifstofanna felst fyrst og fremst í almennri ráðgjöf. Fólk, sem óskar eftir aðstoð, þarf að snúa sér til lögfræðiskrifstofu hins opinbera á heimabyggð sinni. Sé hins vegar engin slík skrifstofa starfandi má snúa sér til sjálfstætt starfandi lögmanns.

Tekjumörk þeirra, sem rétt hafa til aðstoðarinnar, eru misjöfn eftir sveitarfélögum. Ráðstöfunartekjur eru lagðar til grundvallar, þ.e. föst útgjöld heimilis vegna tiltekinna kostnaðarliða eru dregin frá brúttótekjum.

Svíþjóð.

Réttarreglur um opinbera réttaraðstoð í Svíþjóð tóku fyrst gildi 1. júlí 1973. Í Svíþjóð er réttaraðstoðin veitt að hluta af sjálfstætt starfandi lögmönnum gegn greiðslu frá hinu opinbera en að hluta er henni sinnt af sérstökum skrifstofum þar sem lögmenn starfa á föstum launum og reknar eru af hinu opinbera. Svíar skilja ekki á milli réttaraðstoðar í dómsmálum og lögfræðistoðar utan réttar. Sá sem nýtur aðstoðarinnar getur sjálfur valið hvort hann leitar til sjálfstætt starfandi lögmanns eða til lögmannsstofu hins opinbera. Svíar hafa sérstök ákvæði um aðstoð í málum sem lúta að röskun á friðhelgi einkalífs og í sifjamálum. Þeir sem aðstoðar njóta samkvæmt þessum sérákvæðum njóta ekki ekki jafnframt aðstoðar samkvæmt hinum almennu reglum. Sama má segja um sakborninga í refsimálum, en þeir njóta aðstoðar samkvæmt ákvæðum í lögum um meðferð opinberra mála.

Tekjumörk þeirra, sem rétt eiga til almennrar réttaraðstoðar í Svíþjóð, eru áttfaldur grunnframfærslueyrir sænsku almannatrygginganna.

Noregur.

Í Noregi tóku lögin um „fri rettshjelp" gildi árið 1980. Samkvæmt þeim greiðir ríkissjóður að hluta til eða að fullu réttaraðstoð til handa efnalitlu fólki. Aðstoðin er fyrst og fremst látin í té af starfandi lögmönnum. Lögmönnum er skylt að benda efnalitlu fólki á rétt sinn í þessu efni. Ríkissjóður greiðir þóknun fyrir aðstoðina eftir ákveðnum reglum sem settar eru með reglugerð. Aðstoðin er fyrst og fremst veitt einstaklingum, en þó má veita hana lögaðilum ef sérstaklega stendur á.

Miðað er við ákveðin tekju- og eignarmörk fyrir þá sem notið geta aðstoðarinnar og eru tekjumörkin ákveðið margfeldi af grunnfjárhæð almannatrygginga.

Um opinbera réttaraðstoð á Norðurlöndum.

Í Noregi var reynslan sú þremur árum eftir að farið var að veita opinbera réttaraðstoð að sex íbúar af hverjum 1.000 nutu hennar á ári. Um svipað leyti nutu 13 íbúar af hverjum 1.000 opinberrar réttaraðstoðar í Svíþjóð og 14 af hverjum 1.000 íbúum í Finnlandi. Í öllum ríkjunum eru sifja- og erfðamál þeir málaflokkar sem algengast er að beðið sé um leiðsögn í.

Á Norðurlöndum tíðkast að opinber réttaraðstoð sé veitt af starfandi lögmönnum og einnig að hún sé veitt af sérstökum lögfræðiskrifstofum sem reknar eru af hinu opinbera.

Aðstoðin er fyrst og fremst veitt til einstaklinga sem hafa tekjur og eignir undir ákveðnum mörkum, en mörkin eru mismunandi eftir ríkjum.

Bretland.

Árið 1973 var komið á fót opinberri lögfræðiráðgjöf fyrir almenning í Bretlandi. Byggjast þau á lögum sem nefnast „Legal Aid Act". Skiptast þau í tvo kafla og fjallar annar þeirra um ráðgjöf og aðstoð, en hinn kaflinn fjallar um gjafsókn. Samkvæmt þeim getur efnalítið fólk fengið réttaraðstoð ýmist endurgjaldslaust eða gegn litlu endurgjaldi.

Sjálfstætt starfandi lögmenn láta ráðgjöfina í té, en einnig eru dæmi þess að hún sé veitt í sérstökum lögfræðistofun (Law Centers).

Aðstoðin er fólgin í munnlegum leiðbeiningum, bréfaskriftum, samningu alls konar skjala og löggerninga og aðstoð við að koma á sátt í deilumálum sem ekki hafa verið borin undir dómstóla.

Lögmaður, sem réttaraðstoðina veitir, reiknar sjálfur út á sérstöku eyðublaði, ráðstöfunartekjur umsækjanda. Eigi umsækjandi rétt á ráðgjöf gegn greiðslu hluta kostnaðar ber honum að inna strax sinn hluta af hendi til lögmannsins. Lögmaður sendir síðan reikning til viðkomandi yfirvalds. Í upphafi var það breska lögmannafélagið sem sá um yfirstjórn þessara mála, en yfirstjórnin hefur nú verið flutt til stjórnsýslu hins opinbera.

Talið er að helmingur af íbúum Bretlands eigi rétt á réttaraðstoð þar eð tekjur þeirra séu neðan viðmiðunarmarka. Kostnaður hins opinbera er og mjög hár og er talið að á árinu 1989 hafi hann numið a.m.k. 500 milljónum sterlingspunda. Viðmiðunarmörkin hafa nú verið endurskoðuð og reynt hefur verið að draga úr þessum kostnaðarlið með uppstokkun á stjórnsýslu réttaraðstoðarinnar. Um 59% þeirra sem njóta opinberrar réttaraðstoðar í Bretlandi fá aðstoð vegna sifjamála.

Nd. 942. Frumvarp til laga [545. mál]

um breyting á barnalögum, nr. 9 15. apríl 1981.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

Í stað „56“ í 4. mgr. 6. gr. komi: 58.

2. gr.

Á eftir „sitt“ í 1. mgr. 8. gr. komi: skriflega.
Í stað „feðrað“ í 3. mgr. 8. gr. komi: ófeðrað.

3. gr.

2. mgr. 10. gr. orðist svo:
Ákvæði IX. kafla gilda um mál þessi eftir því sem við getur átt.

4. gr.

Í stað „51“ í 5. mgr. 12. gr. komi: 53.

5. gr.

Við 1. mgr. 15. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Framlög þessi verða þó ekki ákvörðuð lengra aftur í tímann en sex mánuði frá því að beiðni var sett fram, nema alveg sérstakar ástæður leiði til annars.

6. gr.

Í stað „nafnnúmer“ í 1. mgr. 16. gr. komi: kennitölu.

7. gr.

Í stað 3. málsl. 1. mgr. 17. gr. komi tveir málsliðir, svohljóðandi: Framlag til menntunar eða starfsþjálfunar ungmennis er heimilt að ákveða samkvæmt kröfu þess allt til þess er það nær 20 ára aldri. 2. málsl. 1. mgr. 15. gr. á hér við að sínu leyti.

8. gr.

2. mgr. 20. gr. orðist svo:
Ákvörðun um framfærslueyri, sem eindagaður er áður en beiðni er uppi höfð, verður þó ekki breytt nema alveg sérstakar ástæður leiði til þess.

9. gr.

Við 22. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Ákvæði 2. mgr. 20. gr. á hér við að sínu leyti.

10. gr.

a. Í stað „laga nr. 95/1947“ í 1. mgr. 23. gr. komi: lögræðislaga, nr. 68/1984.
b. 2. mgr. 23. gr. orðist svo:

Sá sem stendur straum af útgjöldum vegna framfærslu barns getur krafist þess að framfærslueyrir sé ákveðinn og innheimtur, enda hafi viðkomandi forsjá barns eða hafi haft hana er forsjárskyldu lauk, eða hafi síðar innt af hendi framfærsluframlag vegna ungmennis allt til þess aldurs er greinir í 1. mgr. 17. gr. Hinu sama gegnir um þann sem hefur barn í fóstri samkvæmt lögmætri skipan. Nú hefur verið innt af hendi framfærsluframlag af hendi almannavalds og hefur þá viðkomandi stjórnvald eða stofnun rétt þann sem greinir í þessari málsgrein.

11. gr.

24. gr. orðist svo:

Ákvörðun á framfærslueyri með börnum við slit óvígðrar sambúðar eða skilnað foreldra hlítir ákvæðum þessa kafla eftir því sem við getur átt, þar á meðal um breytingu á ákvörðunum um framfærslueyri.

12. gr.

Á eftir „samkv." í 2. málsl. 1. mgr. 28. gr. komi: 17.

13. gr.

29. gr. orðist svo:

Tryggingastofnun ríkisins er skylt að greiða foreldri barns sem á framfærslurétt hér á landi og öðrum þeim aðiljum, er greinir í 31. gr., framfærslueyri (meðlag) með barni, skilgetnu eða óskilgetnu, samkvæmt yfirvaldsúrskurði eða staðfestum samningi, þó innan þeirra marka um fjárhæð og aldur barns er greinir í almannatryggingalögum, svo sem þau mæla fyrir um þetta atriði á hverjum tíma.

Kröfu foreldris til Tryggingastofnunar ríkisins skal fylgja meðlagsúrskurður löglega birtur eða samkomulag um meðlagsgreiðslur, staðfest af valdsmanni. Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar skal greiða barnalífeyri þegar skilríki liggja fyrir um að barn verði ekki feðrað og á sama hátt getur barnsmóðir fengið meðlag með barni þegar eftir að barnsfaðernismál er höfðað, hvort tveggja svo sem lög um almannatryggingar segja fyrir um.

Hafi foreldrar barns fengið skilnað erlendis og svo háttar til að því foreldri, sem ekki hefur forsjá barns, hefur verið gert að greiða lægra meðlag með því en nemur barnalífeyri almannatrygginga eða hefur ekki verið gert að greiða meðlag með því, getur valdsmaður úrskurðað meðlag til forsjárforeldris á hendur Tryggingastofnun ríkisins á grundvelli erlends skilnaðarleyfis, skilnaðardóms eða úrskurðar. Ríkissjóður endurgreiðir þessar fjárhæðir, en Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir þær eftir því sem fært reynist.

Um kröfu skv. 2. mgr., svo og endurgreiðslu hennar gilda að öðru leyti ákvæði laga um almannatryggingar, þar á meðal um endurgreiðslu ríkissjóðs á meðlögum er Tryggingastofnun ríkisins greiðir vegna barnsfeðra sem framfærslurétt eiga erlendis.

14. gr.

30. gr. orðist svo:

Um aðgang barnsmóður að Tryggingastofnun ríkisins vegna framfærslueyris, sbr. 1. mgr. 25. gr., fer svo sem segir í lögum um almannatryggingar.

Foreldri á aðgang að Tryggingastofnun ríkisins um þær greiðslur, sem greinir í 19. gr., og barnsmóðir um greiðslur skv. 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 26. gr. þessara laga. Ungmenni, sem í hlut á, hefur aðgang að Tryggingastofnun ríkisins vegna úrskurðaðra framlaga skv. 17. gr. eftir því sem almannatryggingalög mæla fyrir um, sbr. lög nr. 23/1987.

Með reglugerð, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið setur, má ákveða hámarksgreiðslur sem Tryggingastofnun ríkisins innir af hendi skv. 1. og 2. mgr.

15. gr.

Í stað „24. gr. laga nr. 95/1947" í 3. mgr. 35. gr. komi: 26. gr. lögræðislaga, nr. 68/1984.

16. gr.

Við 2. mgr. 36. gr. bætist: eða í staðfestu samkomulagi þeirra, sbr. 38.–40. gr.

17. gr.

Í stað „Umsjá" í 3. mgr. 37. gr. komi: Um.

18. gr.

38. gr. orðist svo:

Nú slíta giftir foreldrar samvistir án þess að slíta hjúskap sínum og geta þeir þá ákveðið hvort þeirra fari með forsjá barns, nema ákvörðun komi í bága við þarfir barnsins.

Forsjármálum skal ávallt skipa þegar leyfi er veitt til skilnaðar að borði og sæng og til lögskilnaðar, svo og við slit óvígðrar sambúðar, sbr. 2. mgr. 8. gr. og 6. mgr. 35. gr. Ákveða foreldrar þá hvort þeirra fari með forsjá barns nema ákvörðun þeirra komi í bága við þarfir barnsins. Ákvæði 40. gr. á við um samkomulag skv. 1. og 2. mgr.

Þegar foreldra greinir á um skipan forsjár skal ráða máli til lykta eftir því sem barni er fyrir bestu með úrlausn dómsmálaráðuneytisins eða dómstóls, ef dómur gengur um kröfu til skilnaðar. Dómsmálaráðuneytið leitar umsagnar barnaverndarnefndar áður en það ræður máli til lykta með úrskurði. Nú er hvorugt foreldra talið hæft til að fara með forsjá barns og skal forsjá þá skipað eftir því sem barni er fyrir bestu.

Í ágreiningsmálum, sbr. 3. mgr., getur dómsmálaráðuneytið eða dómstóll ákveðið til bráðabirgða hvernig fara skuli um forsjá barns. Ákvæði 3. mgr. eiga hér við að sínu leyti. Breyta má þessum ákvörðunum vegna breyttra aðstæðna. Ákvörðun til bráðabirgða bindur ekki hendur úrskurðarvalds þegar skipa skal forsjá barns til frambúðar.

Ákvörðun dómsmálaráðuneytisins um forsjá skal vera skrifleg og rökstudd. Gefa skal aðilum máls kost á að tjá sig áður en mál er tekið til úrskurðar.

Gefa skal barni, sem náð hefur 12 ára aldri áður en úrskurður er kveðinn upp, kost á að gera grein fyrir afstöðu sinni í forsjármáli, nema telja megi að slíkt geti haft skaðvænleg áhrif á barnið eða sé þýðingarlaust við úrlausn málsins.

19. gr.

Ný grein, 39. gr., orðist svo:

Foreldrar geta samið um breytingu á forsjá barns frá fyrri skipan, sbr. 38. gr., þannig að forsjá flytjist frá öðru foreldri til hins. Ákvæði 40. gr. á við um samning samkvæmt þessari málsgrein.

20. gr.

Ný grein, 40. gr., orðist svo:

Samningur foreldra um forsjá barns er því aðeins gildur að valdsmaður staðfesti hann og skal samningurinn staðfestur nema telja verði að hann sé barni eigi fyrir bestu. Úrlausn valdsmanns má skjóta til dómsmálaráðuneytisins innan fjögurra vikna frá dagsetningu hennar.

21. gr.

39.–58. gr. verði 41.–60. gr.

22. gr.

1. mgr. 39. gr. (verður 41. gr.) orðist svo:

Dómsmálaráðuneytið getur breytt samningi foreldra um forsjá barns, sbr. 38.–40. gr., ef foreldrar eru sammála um að ráðuneytið leysi úr málinu. Að öðrum kosti heyrir mál undir dómstóla. Breyting skal því aðeins á gerð að slíkt teljist réttmætt vegna breyttra aðstæðna og með tilliti til þess sem barni er fyrir bestu.

23. gr.

40. gr. (verður 42. gr.) orðist svo:

Nú er forsjá barns í höndum annars foreldris og á barnið þá rétt á umgengni við hitt foreldra sinna, enda er foreldri skylt að rækja umgengni og samneyti við barn og hlíta nánari skilmálum er að því lúta. Ef sérstök atvik valda því að mati valdsmanns að umgengni barns við

foreldri sé andstæð hag þess og þörfum getur hann kveðið svo á að umgengnisréttar njóti ekki við.

Ef foreldrar verða sammála um hvernig skipa skuli umgengnisrétti skal eftir því farið nema sú skipan komi í bága við hag og þarfir barnsins að mati valdsmanns. Ef foreldra greinir á um þetta efni getur valdsmaður kveðið á um inntak þess réttar og hversu honum verði beitt nema hann telji rétt að synja um umgengnisrétt eins og á stendur, sbr. 1. mgr. Nú er annað foreldra barns látið eða bæði og geta þá nánir ættingjar látins foreldris krafist þess að valdsmaður mæli fyrir um umgengnisrétt þeirra við barn. Valdsmaður ræður máli til lykta eftir því sem barni þykir koma best.

Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar þegar ástæða þykir til þess, svo og liðsinnis hennar eða sérstaklega tilnefnds tilsjónarmanns í sambandi við framkvæmd umgengnisréttarins.

Valdsmaður í umdæmi því er barn býr í leysir úr máli með úrskurði, að undangenginni sáttatilraun, nema hún þyki bersýnilega þýðingarlaus. Valdsmaður getur breytt ákvörðun sinni þyki það barni fyrir bestu.

Aðilar þeir er greinir í 2. mgr. geta skotið úrskurði valdsmanns um umgengnisrétt til dómsmálaráðuneytisins innan þriggja mánaða frá því úrskurður gekk. Ákvörðun ráðuneytisins er fullnaðarúrlausn máls.

Ef þeim, sem umgengnisréttar nýtur við barn samkvæmt úrskurði, er tálmaður sá réttur, getur valdsmaður að kröfu hans skyldað þann, sem með forsjá barnsins fer, til að láta af tálmunum, að viðlögðum dagsektum að fjárhæð allt að 2.000 kr. Dagsektir verða eigi lagðar á fyrr en úrskurður ráðuneytisins er genginn eða að liðnum málskotsfresti þeim er greinir í 5. mgr. Dagsektir skal ákveða með úrskurði, en gefa skal þeim, sem með forsjá barnsins fer, kost á að tala máli sínu áður en hann er kveðinn upp. Dagsektir skulu ákveðnar til allt að þriggja mánaða í senn fyrir hvern dag, sem líður frá uppkvaðningu úrskurðar, þar til látið er af tálmunum. Dagsektir falla niður þegar barnaverndarnefnd eða sérstaklega tilnefndur tilsjónarmaður tilkynnir valdsmanni að sá, sem með forsjá fer, hafi látið af tálmunum. Samkvæmt kröfu valdsmanns má taka dagsektir lögtaki og renna þær í ríkissjóð. Hámarksfjárhæð dagsekta samkvæmt framansögðu skal taka breytingum í samræmi við lánskjaravísitölu janúarmánaðar 1991. Öðrum lagaúrræðum verður ekki beitt til framdráttar umgengnisrétti.

Þar til lög nr. 92/1989 taka gildi teljast valdsmenn samkvæmt þessari grein vera sýslumenn og bæjarfógetar utan Reykjavíkur, í Reykjavík yfirborgarfógeti, en eftir gildistöku þeirra laga sýslumenn, hver í sínu umdæmi.

24. gr.

1. mgr. 41. gr. (verður 43. gr.) orðist svo:

Nú hefur forsjármáli eigi verið ráðið til lykta og getur dómsmálaráðuneytið eða dómstóll, eftir því hvar forsjármál er til úrlausnar, lagt svo fyrir að eigi megi að svo vöxnu fara með barnið úr landi.

Í stað „dómsmálaráðuneyti“ í 2. mgr. 41. gr. komi: valdsmann.

25. gr.

1. mgr. 42. gr. (verður 44. gr.) orðist svo:

Foreldrar geta falið öðrum barn sitt til umönnunar og uppeldis (fósturs) að nokkru eða öllu, sbr. og 35. gr. laga nr. 53/1966. Þeir geta þó hvenær sem er fengið barnið til sín að nýju, nema almannavald telji barninu fyrir bestu að ráðstöfun haldist, sbr. lög nr. 53/1966, 3. mgr. 36. gr. Ákvæði þetta á ekki við um ættleiðingu.

26. gr.

Í stað „44“, „45“, „49“, „51“, „52“, „53“, „54“ og „55“ í 2. mgr. 56. gr. (verður 58. gr.) komi: 46, 47, 51, 53, 54, 55, 56 og 57.

27. gr.

Í stað „54“ á tveimur stöðum í 2. mgr. 58. gr. (verður 60. gr.) komi: 56.

28. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1991.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi ákvæði 47., 48. og 53. gr. laga um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60 29. maí 1972.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella ákvæði þeirra, svo og ákvæði laga nr. 44 24. júní 1985, inn í meginmál barnalaga, nr. 9 15. apríl 1981, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sifjalaganefnd samdi að meginstefnu til frumvarp það sem hér er flutt. Í henni áttu þá sæti dr. Ármann Snævarr, fyrrverandi hæstaréttardómari, formaður, Auður Auðuns, fyrrverandi dómsmálaráðherra, Baldur Möller, fyrrverandi ráðuneytisstjóri og Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttardómari. Ritari nefndarinnar var Drífa Pálsdóttir deildarstjóri. Frumvarp sifjalaganefndar var upphaflega lagt fram á Alþingi 1987, en hlaut ekki afgreiðslu þá.

Nokkrar veigamiklar breytingar er að finna í þessu frumvarpi frá því sem var í hinu upphaflega frumvarpi sifjalaganefndar 1987. Hafa breytingar þessar verið gerðar í dómsmálaráðuneytinu í samráði við sifjalaganefnd.

Í fyrsta lagi eru ákvæði fyrra frumvarpsins um sameiginlega forsjá ekki í þessu frumvarpi. Áður en lagt verður fram frumvarp um sameiginlega forsjá þykir rétt að aflað verði ítarlegra gagna frá grannríkjunum um framkvæmd þessa réttarúrræðis. Einkum þykir nauðsynlegt að afla upplýsinga frá Danmörku þar sem ákvæði frumvarpsins frá 1987 um sameiginlega forsjá voru að meginstefnu byggð á þeim grunni sem dönsk lagaákvæði um þetta efni eru reist á. Þykir eðlilegt að greiða fyrir öðrum breytingum sem nauðsynlegar þykja á barnalögunum með því að leggja frumvarpið fram í þessari mynd.

Í öðru lagi eru felld brott, að svo stöddu, ákvæði fyrra frumvarpsins um umsagnarhlutverk Barnaverndarráðs Íslands varðandi forsjárdeilumál. Með þessu er þó í engu lagt til að umsagnarhlutverki ráðsins verði breytt frá því sem verið hefur.

Í þriðja lagi er þau nýmæli að finna í þessu frumvarpi, sem ekki voru í hinu fyrra, að lagt er til að reglum um úrlausn ágreiningsmála varðandi umgengni barns og forsjárlauss foreldris verði breytt frá því sem nú er samkvæmt gildandi barnalögum. Lagt er til að ágreiningsmál varðandi þessi efni sæti úrlausn valdsmanns í fyrstu atrennu, en ekki dómsmálaráðuneytisins eins og nú er, sbr. 40. gr. barnalaga, og að heimilt verði að skjóta úrlausn valdsmanns til dómsmálaráðuneytisins. Ef frumvarp þetta verður að lögum mun það flýta framkvæmd þeirra breytinga á stjórnsýslu ríkisins í héraði, að þessu leyti, sem fyrirhugaðar eru við aðskilnað framkvæmdarvalds og dómsvalds 1. júlí 1992, sbr. lög nr. 92/1989.

Frumvarpið felur í sér, eins og fyrr sagði, ýmsar breytingar á barnalögunum. Byggt er á reynslu þeirri sem fengist hefur undanfarin ár. Í flestum tilvikum er verið að færa orðalag til betri vegar, skýra atriði er óljós þykja og samræma lögin innbyrðis og annarri löggjöf á þessu sviði, einkum lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60/1972. Lögin ættu með breytingum þeim er frumvarpið felur í sér að verða aðgengilegri jafnt lærðum sem leikum, auk þess að fela í sér réttarbætur þær sem greint hefur verið frá.

Hér á eftir fara athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins. Þar sem mælt er fyrir um endurútgáfu laganna eru tilvitnanir í ákvæði barnalaga miðaðar við væntanlega endurútgáfu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Töluröð greina í barnalögum breytist, sbr. 19. gr. frumvarpsins, og þarf því að breyta tilvitnun til samræmis.

Um 2. gr.

1. mgr. er breytt þannig að skriflega yfirlýsingu barnsföður þarf til þegar faðernisviðurkenning er gefin fyrir presti eða valdsmanni. Vafi hefur þótt leika á, í einstaka tilvikum, hvort faðernisviðurkenning hafi átt sér stað skv. 1. málsl. 1. mgr. 8. gr. Þykir því tryggilegra að slík viðurkenning sé gerð skriflega, m.a. vegna sönnunar. Er það og í samræmi við norrænan rétt. Er þetta viðbót við upphaflegt frumvarp sifjalaganefndar.

Leiðrétt er prentvilla sem varð í lokatexta barnalaga í 3. mgr. 8. gr.

Um 3. gr.

Þetta ákvæði er orðað hér til að taka af hugsanlegan vafa, en rétt þykir að mál, þar sem reynt er að fella úr gildi viðurkenningu á barnsfaðerni, hlíti í megindráttum sömu reglum og barnsfaðernismál, enda eru þessi mál samtengd á ýmsa vegu.

Um 4. gr.

Breytt er tilvitnun til greinatölu í lögunum til samræmis við frumvarpið.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að setja því skorður hversu langt aftur í tímann framlög skv. 1. mgr. 15. gr. barnalaga verði ákvörðuð. Er mikilvægt að stuðla að því að kröfur um framfærslueyri komi fram hið fyrsta. Þykir sex mánaða frestur hæfilegur tími, m.a. vegna hagsmuna hins framfærsluskylda. Er tími sá, sem úrskurða má aftur í tímann samkvæmt grein þessari, styttur frá því sem var í fyrra frumvarpi.

Um 6. gr.

Orðinu nafnnúmer er breytt í kennitölu í samræmi við hið nýja kerfi Hagstofunnar um tölugreiningu manna.

Um 7. gr.

Vafi hefur leikið á um það hver eigi aðild að kröfugerð skv. 1. mgr. 17. gr. að því er varðar framlög til menntunar eða starfsþjálfunar. Ætlunin var að það væri ungmenni það, sem í hlut ætti, er kröfuna gerði, og er hér lagt til að þetta verði lögfest. Ef unglingurinn er sviptur fjárræði gerir lögráðamaður kröfuna. Kröfu gagnvart Tryggingastofnun getur viðkomandi ungmenni haft uppi, svo sem lagt er til í 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins. Lagt er til að sömu tímafrestir gildi um kröfur samkvæmt þessari grein, eins og um kröfur skv. 15. gr., og er það viðbót við frumvarp sifjalaganefndar.

Um 8. gr.

Lagt er til að ákvæði 2. mgr. 20. gr. barnalaga verði orðað með þessum hætti til að leggja áherslu á að sérstakar ástæður þurfi að koma til svo ákvörðun um eindagaðan framfærslueyri verði breytt. Verður valdsmaður að meta hverju sinni hvort hann telur slíkar ástæður vera fyrir hendi. Ekki er mælt fyrir um hve langt aftur í tímann breyta má ákvörðun um framfærslueyri, heldur metur valdsmaður það. Ætla má að í flestum tilvikum verði stuðst við meginreglu barnalaga um sex mánaða afturvirkni. Þetta ákvæði var ekki í upphaflegu frumvarpi sifjalaganefndar.

Um 9. gr.

Hér er lagt til að sömu tímaskorður verði lögmæltar um kröfu skv. 22. gr. laganna sem skv. 2. mgr. 20. gr.

Um 10. gr.

Í a-lið er breytt tilvitnun til lögræðislaga, en lög nr. 68/1984 tóku gildi eftir að barnalög voru sett. Í þeim er vitnað til eldri lögræðislaga.

Í sambandi við 2. mgr. 23. gr. barnalaga geta risið vandamál um unglinga 16 og 17 ára gamla þegar svo hagar til að unglingur flyst frá því foreldri er hann dvaldist hjá allt til 16 ára aldurs og til hins foreldrisins. Hið síðarnefnda getur þá krafist þess að skylda þess til greiðslu meðlags sé niður felld. Ef þetta foreldri óskar þess að meðlagsúrskurður sé kveðinn upp á hendur hinu foreldri, sem unglingurinn dvaldist áður hjá, þá tekur orðalag 2. mgr. 23. gr. ekki beint til þess því að það einskorðar sig við tímabilið fram til þess að forsjárskyldu lauk (það er uns barn verður sjálfráða, 16 ára). Þessi heimild felst að vísu í 1. mgr. 15. gr. barnalaga. Gleggra þykir að geta þess sérstaklega í 2. mgr. 23. gr. Er hér bætt við í frumvarpið á eftir orðunum „er forsjárskyldu lauk“ orðunum „eða hafi síðar innt af hendi framfærsluframlag vegna ungmennis allt til þess aldurs, er greinir í 1. mgr. 17. gr.“, þ.e. til 18 ára aldurs. Með þessu orðalagi er ætlandi að vafa sé eytt sem hér kynni að vakna.

Um 11. gr.

Rétt þykir að fella undir 24. gr. slit á óvígðri sambúð, enda eðlilegt að sömu reglur gildi að þessu leyti. Þetta ákvæði er viðbót við frumvarp sifjalaganefndar.

Um 12. gr.

Hér er lagt til að úrskurðuð framlög skv. 17. gr. barnalaga verði lögtakskræf, svo sem er um ýmis önnur úrskurðuð framlög samkvæmt barnalögum.

Um 13. gr.

Í 29. gr. barnalaga er allvíða vísað til einstakra ákvæða í lögum um almannatryggingar. Vegna tíðra breytinga á þeim lögum verða slíkar tilvitnanir oft úreltar. Hér er lagt til að ekki verði yfirleitt vísað til einstakra ákvæða almannatryggingalaga, heldur laganna í heild sinni.

Ákvæði 3. mgr. 29. gr. var bætt við greinina með lögum nr. 44/1985. Ákvæðið er einskorðað við það tilvik er því foreldri, sem ekki hefur forsjá barns, hefur ekki verið gert að greiða meðlag með því, t.d. vegna fjárhagsörðugleika. Nú ber við að í erlendum meðlagsúrskurðum sé því að vísu ekki hafnað að gera meðlagsskyldum að greiða nokkurt meðlag, en fjárhæð þess er lægri en nemur barnalífeyri almannatrygginga. Í 3. mgr. 11. gr. er lagt til, að einnig í því tilviki geti valdsmaður úrskurðað meðlag til forsjárforeldra á hendur Tryggingastofnun ríkisins. Er þetta nauðsynleg viðbót. Að öðru leyti felst ekki efnisbreyting í þessari málsgrein.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að sams konar breyting verði gerð, að því er varðar tilvísun til almannatryggingalaga, eins og greinir í athugasemd við 13. gr.

Í 2. mgr. er einnig um hið sama að ræða, en þar er enn fremur ákvæði um aðgang að Tryggingastofnun ríkisins vegna úrskurðaðra framlaga skv. 17. gr. barnalaga, sbr. og 7. gr. frumvarpsins. Um kröfur með stoð í 17. gr. vísast sérstaklega til laga nr. 23/1987.

Í 3. mgr. er lagt til að þargreind reglugerð verði sett af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Um 15. gr.

Í þessari grein er tilvitnun til lögræðislaga færð til samræmis við nýju lögræðislögin, nr. 68 1984.

Um 16. gr.

Grein þessi er til samræmis við reglurnar um forsjá í 18.–20. gr. frumvarpsins, er verða 38.–40. gr. laganna.

Um 17. gr.

Hér er leiðrétt prentvilla í 3. mgr. 37. gr. barnalaga.

Um 18. gr.

Ákvæði 38. gr. núgildandi barnalaga eru umorðuð í því skyni að gera þau skýrari. Þó eru 1., 2. og 3. mgr. 38. gr. óbreyttar efnislega.

Í 3. mgr. er sú breyting á gerð að mælt er fyrir um úrlausnarvald dómstóla, þegar svo háttar til að skilnaðar er krafist fyrir dómi. Er það í samræmi við ákvæði laga nr. 60/1972.

Í 5. mgr. er mælt fyrir um að ákvörðun ráðuneytisins skuli vera skrifleg og rökstudd. Rökstuðningur í úrskurðum ráðuneytisins um forsjá er lögfesting á þeirri framkvæmd sem ráðuneytið hefur tekið upp í málum varðandi forsjá barna í samræmi við álit Umboðsmanns Alþingis um tiltekið forsjármál. Ætti lögfesting þessa að fela í sér aukið réttaröryggi og vandaðri málsmeðferð, auk þess sem rökstuðningur forsjárákvörðunar auðveldar meðferð máls ef fram koma kröfur um breytingu á fyrri ákvörðun.

Í 6. mgr. er að finna nýmæli. Lagt er til að lögmæltur sé réttur barns, sem náð hefur tólf ára aldri, til þess að tjá sig um ágreiningsmál varðandi forsjá þess áður en úrskurður gengur. Þykir eðlilegt að lögfesta rétt barna, sem náð hafa nokkrum þroska, til að fá að lýsa skoðun sinni og vilja, enda varðar úrlausn ágreinings um forsjá fyrst og fremst hagsmuni þeirra. Þykir tólf ára aldur hæfileg viðmiðun í þessu sambandi, sbr. hér til hliðsjónar 6. gr. ættleiðingarlaga, nr. 15/1978. Lagt er til að gera megi á þessu undantekningar ef sýnt þykir að umsögn barns sé þýðingarlaus við úrlausn máls eða slíkt geti haft skaðvænleg áhrif á barn. Þykir eðlilegt að slá þennan varnagla vegna hagsmuna barns. Með tólf ára aldursmörkunum er í engu mælt með breytingu á þeirri framkvæmd forsjármála að könnuð sé afstaða yngri barnaþegar nauðsyn þykir bera til þess. Er slíkt yfirleitt gert með óbeinum hætti, t.d. með tengslaprófum sem sálfræðingar leggja fyrir börn. Gert er ráð fyrir að viðtöl við börn samkvæmt þessari grein fari yfirleitt fram á vegum barnaverndarnefnda við könnun forsjármáls og verði eftir atvikum tekin af starfsmönnum nefndanna. Rétt er að geta þess að í sáttmála hinna Sameinuðu þjóða um réttindi barnsins er kveðið á um rétt barna til að tjá sig áður en ákvörðun er tekin um málefni sem varðar hagsmuni þeirra. Sáttmáli þessi hefur verið undirritaður af hálfu Íslands og mun væntanlega verða fullgiltur síðar.

Ákvæði 5. og 6. mgr. voru ekki í fyrra frumvarpi sifjalaganefndar. Auk þess er orðalagi greinarinnar breytt sökum þess að ákvæði um sameiginlega forsjá eru felld niður í þessu frumvarpi eins og fyrr greinir.

Um 19. gr.

Greininni er breytt frá upphaflegu frumvarpi sifjalaganefndar, vegna ákvæða í frumvarpi nefndarinnar um sameiginlega forsjá sem felld eru niður hér. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 20. gr.

Lagt er til að samningar foreldra um forsjá barna skuli staðfestir af valdsmanni til að þeir öðlist gildi. Þykir eðlilegt að sömu reglur gildi að þessu leyti um þessar mikilsverðu ákvarðanir og um samninga foreldra um meðlagsgreiðslur með börnum. Þetta leiðir til þess að foreldrar verða að bera samninginn undir valdsmann sem þá getur metið hann samkvæmt því sem mælt er fyrir um í niðurlagi 1. málsl. 1. mgr. Gert er ráð fyrir að úrlausn valdsmanns megi skjóta til dómsmálaráðuneytisins innan fjögurra vikna frá dagsetningu hennar. Þykir rétt að hafa kærufrest skamman til að tryggja að festa komist á um forsjá barns hið fyrsta.

Um 21. gr.

Töluröð greina er breytt til samræmis við nýja greinaskipan samkvæmt frumvarpi þessu.

Um 22. gr.

Grein þessi er sama efnis og 1. mgr. 39. gr. barnalaga, en orðalagi er breytt.

Greininni er breytt frá því sem var í frumvarpi sifjalaganefndar 1987 þannig að ákvæði hennar um sameiginlega forsjá eru felld brott.

Um 23. gr.

Þeim breytingum, sem mælt er fyrir um hér, varðandi flutning ágreiningsmála samkvæmt barnalögum um umgengni barns og forsjárlauss foreldris frá ráðuneyti til valdsmanna er ætlað að hafa aukið réttarhagræði í för með sér. Þær fela það í sér að úrlausn mála þessara færist heim í hérað. Ætti þetta að leiða til aukins hagræðis fyrir þá aðila sem deila um umgengni þar sem þeir geta leitað til valdsmanns í umdæmi því sem þeir eru búsettir í.

Lagt er til að úrlausn mála þessara verði í því umdæmi sem barn býr í, en sú regla er skýr og barni hagfelld.

Sáttaumleitanir í umgengnismálum verða vafalítið auðveldari og vænlegri til árangurs, einkum í þeim málum þar sem aðilar eru búsettir á landsbyggðinni, en slík mál hafa iðulega verið rekin skriflega sökum fjarlægðar frá Reykjavík.

Flutningur þessara mála til valdsmanna leiðir auk þess til meira samræmis í barnalögum því samkvæmt þeim lúta flest önnur ágreiningsefni á því sviði, er þau taka til, úrlausn þeirra, ef undan er skilinn ágreiningur um forsjá.

Með þessari breytingu er unnt að fjalla um umgengnismál á tveimur stjórnsýslustigum í stað eins, svo sem gildandi barnalög gera ráð fyrir.

Enn skal bent á að mál þessi hefðu færst til sýslumanna við aðskilnað dómsvalds og framkvæmdarvalds árið 1992 og er því í raun verið að flýta þeirri breytingu. Flutningur þeirra nú hefur þann kost í för með sér, auk þeirra er að framan greinir, að nauðsynleg reynsla og þjálfun verður til staðar þegar aðskilnaður gengur í garð.

Gert er ráð fyrir að málsaðilar geti skotið úrlausn valdsmanns til dómsmálaráðuneytisins. Felur það í sér réttaröryggi fyrir aðila og stuðlar að samræmi í réttarframkvæmdinni, auk þess að veita úrlausnaraðila aðhald.

Um 24. gr.

Hér er lagt til að efni 1. mgr. 41. gr. barnalaga verði nokkuð rýmkað. Jafnaðarlega mundi ráðuneytið eigi hefjast handa í þessu efni, nema krafa annars foreldris kæmi fram, en þó getur verið þörf á frumkvæði ráðuneytisins. Er ákvæðið við það miðað.

Mælt er fyrir um vald dómstóls til að kveða á um kyrrsetningu barns þegar svo háttar til að mál er þar til úrlausnar og er þar um breytingu frá fyrra frumvarpi sifjalaganefndar að ræða.

Í samræmi við ákvæði 23. gr. frumvarpsins um flutning umgengnismála til valdsmanna þykir eðlilegt að valdsmaður fjalli einnig um kröfur um kyrrsetningu barns samkvæmt þessari grein, sem ráðuneytið hefur nú með höndum, samkvæmt gildandi barnalögum.

Um 25. gr.

Rétt þykir að breyta orðalagi ákvæðis 1. mgr. 42. gr. þannig að það sé hlutlaust gagnvart þeirri spurningu hvort foreldrar hafi forsjá barns eftir að þeir hafa ráðstafað því til umönnunar og uppeldis til annarra (oftast fósturforeldra). Í reynd hlýtur forsjá barns að verða að verulegu leyti í höndum þess eða þeirra sem annast uppeldi þess (fósturforeldra). Þetta þarf þó ekki að fela í sér að með slíkri ráðstöfun foreldra séu þeir sviptir hinni lagalegu forsjá barnsins, eins og e.t.v. mætti túlka 1. mgr. 42. gr. Ljóst er að ýmsar lagaheimildir, þar á meðal 2. mgr. 42. gr. standa til þess að svipta foreldra forsjá barnsins.

Um 26. og 27. gr.

Breytt er tilvitnun til greinatölu í lögunum til samræmis við frumvarpið.

Um 28. gr.

Lagt er til að frumvarpið öðlist lagagildi 1. janúar 1991. Gefst þá nokkur tími til undirbúnings fyrir þær breytingar, sem frumvarpið mælir fyrir um, einkum varðandi flutning umgengnismála til valdsmanna.

Þá er lagt til að 47., 48. og 53. gr. laga nr. 60/1972 verði felldar úr gildi, en þær varða skipan forsjármála o.fl. við skilnað. Er ekki sýnilegt, að þessi ákvæði hafi sjálfstætt lagagildi eftir að barnalög hafa mælt fyrir um þessi efni. Lagaskilin verða skýrari ef ákvæði þessi eru numin úr lögum.

Mælt er fyrir um endurútgáfu barnalaga þar sem ákvæði frumvarps þessa, ef lögleidd verða, munu felld inn í texta barnalaganna. Er texti frumvarpsins miðaður við þetta.

Ed. 943. Frumvarp til laga [546. mál]

um flokkun og mat á gærum og ull.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

I. KAFLI
Um flokkun, meðferð og sölumat á gærum.

1. gr.

Flokkun gæra.

Allar gærur, sem selja á, skulu flokkaðar við móttöku fjár í sláturhúsi. Skal flokkunin lögð til grundvallar útreikningi á verði gæranna til einstakra framleiðenda eftir því sem sundurliðun á verðlagsgrundvelli gefur tilefni til. Við flokkun gæra skal taka tillit til ástands, eðlisgæða og litar þeirra samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

2. gr.

Meðferð og sölumat gæra.

Sláturleyfishöfum er skylt að hlíta fyrirmælum gærumatsmanna um fyrirristu, fláningu, kælingu, söltun, frágang, geymslu og afhendingu gæra. Við afhendingu skal tilgreina tölu og flokk saltaðra gæra. Gærumatsmaður skal yfirfara gærur við móttöku þeirra í sútunarverksmiðju, meta ástand þeirra og gefa vottorð þar um. Nánari ákvæði um meðferð, meðhöndlun og framkvæmd sölumats og gerð vottorðs skal setja í reglugerð.

II. KAFLI
Um flokkun, meðferð og sölumat á ull.

3. gr.

Mat á óþveginni ull.

Öll óþvegin ull, sem framleidd er í landinu og selja á, skal flokkuð og metin eftir lit og gæðum samkvæmt flokkunar- og matsreglum sem landbúnaðarráðherra setur í reglugerð að fengnum tillögum ullarmatsnefndar.

Framleiðendur ullar skulu skila ullinni í merktum umbúðum og er kaupanda eða umboðsaðila skylt að meta ullina sem fyrst eftir móttöku. Framleiðanda skal send skýrsla um matið.

4. gr.

Mat á þveginni ull.

Öll þvegin ull, sem selja á, skal metin af ullarmatsmönnum ef kaupandi eða seljandi óskar þess. Landbúnaðarráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um útflutning ullar.

III. KAFLI
Um starfsmenn við gæru- og ullarmat.

5. gr.

Löggilding matsmanna gæra og ullar.

Um löggildingu matsmanna fer eftir ákvæðum í reglugerð og er þar heimilt að ákveða að afurðastöð og söluaðilar (þar með taldar sútunarverksmiðjur) skuli á sinn kostnað hafa í þjónustu sinni matsmenn til að framkvæma mat samkvæmt lögum þessum. Þá eina má skipa eða löggilda sem matsmenn er hafa góða þekkingu á gærum og ull og reynslu á öllu er varðar meðferð vörunnar og mat á þeim.

Afurðastöðvum og öðrum, sem selja gærur og ull, er skylt að sjá matsmönnum fyrir aðstöðu til að framkvæma matið.

6. gr.

Yfirmat á gærum og ull.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna gærumatsnefnd. Skal einn nefndarmaður tilnefndur af Landssambandi sláturleyfishafa, annar af gærukaupendum og sá þriðji án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna ullarmatsnefnd. Skal einn tilnefndur af Stéttarsambandi bænda, annar af ullarkaupendum og sá þriðji án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Landbúnaðarráðherra ræður eftirlitsmann með ullarmati samkvæmt tillögu ullarmatsnefndar. Skal hann hafa aflað sér þekkingar á ullarmati og meðferð ullar, t.d. með því að hafa áður starfað að ullarmati.

Ágreiningi út af ullar- og gærumati er heimilt að skjóta til nefndar skv. 1. eða 2. mgr. sem fellir úrskurð innan 30 daga frá því að erindi barst nefndinni. Að öðru leyti skal hlutverk nefndanna vera að veita fræðslu um flokkun, meðferð og framkvæmd mats á gærum og ull og er matsmönnum skylt að hlíta mati í samræmi við fyrirmæli viðkomandi nefndar.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að setja nánari ákvæði um starfssvið gæru- og ullarmatsmanna, eftirlitsmanna skv. 3. mgr. og nefnda skv. 1. og 2. mgr.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

7. gr.

Kostnaður.

Kostnaður af starfi gæru- og ullarmatsnefnda og eftirlitsmanns ullar greiðist úr ríkissjóði en kostnaður af starfi matsmanna greiða viðkomandi afurðastöðvar.

8. gr.

Refsiákvæði, gildistaka.

Brot á ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1990. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 21 21. apríl 1976, um flokkun og mat ullar, og lög nr. 22 10. maí 1976, um flokkun og mat á gærum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög um flokkun og mat á gærum eru nr. 22 10. maí 1976 og lög um flokkun og mat ullar nr. 21 21. apríl 1976. Með frumvarpi þessu er lagt til að ákvæði um þetta efni verði felld saman í ein lög. Byggir frumvarpið á tillögum tveggja starfshópa sem gert hafa tillögur til landbúnaðarráðherra um breytingar á nefndum lögum og hefur landbúnaðarráðuneytið samkvæmt tillögum hópanna fellt þær saman í eitt frumvarp. Slíkt verður að telja til hægðarauka við umfjöllun frumvarpsins.

Breyting sú, sem lögð er til á lögum um flokkun og mat ullar, er talin þýðingarmikil af starfshópi um bætta meðferð og nýtingu á ull, en í honum hafa starfað fulltrúar bænda, ullariðnaðarins og fulltrúi stjórnvalda.

Helstu nýmæli og breytingar frumvarpsins eru:

A. Gærur.

1. Mat á gærum er fært frá sláturleyfishöfum til sútunarverksmiðja.
2. Yfirstjórn gærumats er falin þriggja manna nefnd sem landbúnaðarráðherra skipar, m.a. samkvæmt tilnefningu Landssambands sláturleyfishafa og gærukaupenda.
3. Felld eru niður ákvæði gildandi laga um gærumatsformann og yfirgærumatsmenn er starfa í hverjum landsfjórðungi.

B. Ull.

1. Felld eru niður ákvæði laga nr. 21/1976, um flokkun framleiðenda á ull, en það mun aldrei hafa komist til framkvæmda eins og ráð var fyrir gert vegna þess að því fylgdi of mikill kostnaður.
2. Gert er ráð fyrir einum eftirlitsmanni með ullarmati er hafi það hlutverk að sjá um eftirlit, leiðbeiningar og ráðgjöf varðandi mat og meðferð ullar um land allt undir yfirstjórn ullarmatsnefndar í stað fjögurra yfirullarmatsmanna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. gr. laga nr. 22 10. maí 1976 og þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um skyldur sláturleyfishafa til að hlíta fyrirmælum matsmanna um meðferð gæra, þ.e. fyrirristu, fláningu, kælingu, söltun o.fl. Þá er það nýmæli í greininni að gærur skulu yfirfarnar við móttöku í sútunarverksmiðju, en ekki við afhendingu hjá sláturleyfishafa eins og kveðið er á um í gildandi lögum.

Um 3. gr.

Fyrri málsgrein greinarinnar er samhljóða 1. gr. laga nr. 21 21. apríl 1976. Í 2. mgr. felst hins vegar sú breyting að ekki er lengur gerð sú krafa að framleiðendur ullar annist sjálfir flokkun hennar. Þetta er lagt til vegna þess að ekki hefur tekist að samræma flokkun ullar hjá einstökum framleiðendum og vegna of mikils kostnaðar sem þessu hefur fylgt.

Um 4. gr.

Greinin er samhljóða 3. gr. laga nr. 21 21. apríl 1976 og þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Greinin er hliðstæð ákvæðum 1. mgr. 4. gr. laga nr. 21/1976 og 3. gr. laga nr. 22/1976, um skipan gæru- og ullarmatsmanna. Gert er ráð fyrir þeim möguleika að skylda afurðastöðvar og söluaðila til að kosta og hafa í þjónustu sinni matsmenn sem framkvæma mat samkvæmt lögunum. Fordæmi er fyrir slíku fyrirkomulagi varðandi mat á öðrum landbúnaðarafurðum.

Um 6. gr.

Ákvæðin í 1. og 2. mgr. greinarinnar um gæru- og ullarmatsnefndir eru nýmæli í lögum. Hlutverk nefnda þessara er rakið í 4. mgr. Er nefndunum ætlað að taka við ágreiningsmálum sem rísa út af gæru- og ullarmati, svo og að veita fræðslu um flokkun, meðferð og framkvæmd á mati og meðferð á gærum og ull. Þá er það nýmæli í 3. mgr. að gert er ráð fyrir að við ullarmat starfi sérstakur eftirlitsmaður, en hann kemur í stað þeirra fjögurra yfirullarmatsmanna sem starfa samkvæmt gildandi lögum um flokkun og mat ullar og að hluta í stað ullarmatsformanns. Gert er ráð fyrir að kveðið sé nánar á um hlutverk og starfssvið eftirlitsmanns ullar, svo og ullar- og gærumatsnefnda í reglugerð.

Um 7. gr.

Greinin kveður á um að ríkissjóður greiði kostnað af störfum eftirlitsmanns ullar og ullar- og gærumatsnefnda. Gera má ráð fyrir að sú breyting, sem felst í frumvarpi þessu, á gæru- og ullarmati hafi ekki aukinn kostnað í för með sér, heldur þvert á móti minni heildarkostnað ríkissjóðs. Núverandi fyrirkomulag varðandi matið samsvarar einu og hálfu stöðugildi, en samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir einu föstu stöðugildi eftirlitsmanns ullar, svo og tveimur þriggja manna nefndum sem hafa það meginhlutverk að skera úr ágreiningsmálum út af ullar- og gærumati eins og áður er vikið að.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Ed. 944. Frumvarp til laga [547. mál]

um Héraðsskóga.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að ræktun nytjaskóga á Fljótsdalshéraði og umhirðu þess skóglendis sem þar er fyrir og treysta með því byggð og efla atvinnulíf á Héraði.

Héraðsskógar merkja í lögum þessum sjálfstætt skógræktarverkefni um ræktun nytjaskóga á bújörðum á Fljótsdalshéraði samkvæmt sérstakri áætlun.

2. gr.

Kostnaður við starfsemi Héraðsskóga greiðist úr ríkissjóði með sérstakri fjárveitingu sem færð er undir landbúnaðarráðuneytið.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna stjórn Héraðsskóga til tveggja ára í senn. Skal einn stjórnarmanna tilnefndur af Félagi skógarbænda á Fljótsdalshéraði, annar af Skógrækt ríkisins og sá þriðji skipaður án tilnefningar. Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn Héraðsskóga og samþykkir starfs- og fjárhagsáætlanir verkefnisins. Hún ræður framkvæmdastjóra og setur honum erindisbréf.

3. gr.

Gera skal sérstaka áætlun, Héraðsskógaáætlun, um nýtingu þess lands á Fljótsdalshéraði sem er vel fallið til skógræktar. Áætlunin skal ná yfir 40 ár, skipt í 10 ára tímabil, og taka til allt að 15.000 ha lands.

Gera skal samninga, sem landbúnaðarráðherra staðfestir, við alla þátttakendur í Héraðsskógum. Samningarnir skulu taka til afmörkunar lands sem tekið er undir ræktun í hverju tilviki, kveða á um kostnaðarþátttöku ríkisins, hlutdeild ríkissjóðs í væntanlegum afrakstri skógræktarinnar og annað sem þurfa þykir.

4. gr.

Ríkissjóður greiðir kostnað við Héraðsskóga sem hér segir: Undirbúnings- og rekstrarkostnað verkefnisins, laun stjórnar og fastra starfsmanna. Enn fremur 100% samþykkts kostnaðar við skógrækt á jörðum í ábúð og 80% á eyðijörðum. Landbúnaðarráðuneytið samþykkir skógræktarkostnað að fengnum tillögum Skógræktar ríkisins.

5. gr.

Af heildarframleiðsluverðmæti trjáviðar úr skógunum skulu allt að 5% lögð á endurnýjunarreikning í vörslu Héraðsskóga. Þeim fjármunum skal innan fimm ára frá skógarhöggi varið til endurnýjunar skóglendis á viðkomandi jörð. Þetta gjald skal nánar ákveðið í reglugerð með hliðsjón af kostnaði við endurnýjun skóglendis á hverjum tíma. Af hreinum hagnaði skulu 15% greidd í ríkissjóð og skal því fé varið til ræktunar nýrra skóga.

Undanþegin ákvæðum 1. mgr. er fyrsta grisjun, enda sé hún skóginum nauðsynleg að mati Skógræktar ríkisins og verði hagnaður af fyrstu grisjun skal hann renna óskiptur á endurnýjunarreikning jarðarinnar.

6. gr.

Ábúendur jarða, sem teknar eru til skógræktar samkvæmt samningi við Héraðsskóga, skulu hafa forgang að vinnu á vegum verkefnisins á þeim jörðum er þeir sitja. Forgang að annarri vinnu á vegum Héraðsskóga skulu þeir bændur hafa sem láta af sauðfjárrækt samhliða aðild sinni að Héraðsskógum. Að þeim frágengnum hafa aðrir bændur, sem aðild eiga að Héraðsskógum, forgang að vinnu við verkefnið.

Þá skulu ábúendur jarða, sem aðild eiga að Héraðsskógum, eftir því sem við verður komið hafa forgang að vinnu sem tengist skógræktinni, svo sem ýmiss konar þjónustustörfum eða úrvinnslu úr afurðum skóganna.

7. gr.

Stjórn Héraðsskóga eða framkvæmdastjóri í umboði hennar annast daglegan rekstur. Skógrækt ríkisins veitir Héraðsskógum aðstoð og faglegar leiðbeiningar samkvæmt samstarfssamningi er aðilar gera þar um.

8. gr.

Ársskýrsla og ársreikningar Héraðsskóga skulu samþykkt af stjórn og staðfest af landbúnaðarráðherra. Þar komi m.a. fram staða framkvæmda á hverjum tíma og yfirlit yfir ráðstöfun fjármuna.

Reikninga Héraðsskóga skal birta í *Stjórnartíðindum*, endurskoðaða af Ríkisendurskoðun.

9. gr.

Að öðru leyti en greinir í lögum þessum fer um ræktun og meðferð Héraðsskóga eftir ákvæðum skógræktarlaga nr. 3/1955 eftir því sem við á.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði er nauðsynleg þykja um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Til viðbótar fjárveitingu yfirstandandi árs er heimilt að veita allt að 15 milljónum króna til plöntuuppeldis og fleiri verkefna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Alþingi samþykkti 11. maí 1988 ályktun þar sem landbúnaðarráðherra er falið að láta semja tíu ára áætlun um eflingu skógræktar á Fljótsdalshéraði og skyldi áætlunin m.a. taka til ræktunar nytjaskóga og viðhalds og hirðingar skóglendis sem fyrir er. Í ágúst sama ár skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til þess að vinna að framgangi ályktunarinnar og skilaði nefndin skýrslu í nóvember 1988. Hinn 7. mars 1989 skipaði ráðherra síðan verkefnisstjórn um eflingu skógræktar á Fljótsdalshéraði sem tók við af fyrrgreindri nefnd.

Fyrstu tillögur verkefnisstjórnar lágu fyrir í maí og 27. maí 1989 samþykkti ríkisstjórnin eftirfarandi:

„Ríkisstjórnin ákveður að hrinda í framkvæmd stórátaki í ræktun nytjaskóga á Fljótsdalshéraði sem miði að því að fullnýta skógræktarland þar á næstu 40 árum. Á þessu ári verður varið 12 milljónum króna til undirbúningsvinnu og byrjunarframkvæmda, svo sem kortlagningar, áætlanagerðar, undirbúnings plöntuframleiðslu, hirðingar skóglendis og undirbúnings að flutningi aðalstöðva Skógræktar ríkisins.

Stefnt skal að því að frumáætlun um ræktun og kostnað liggi fyrir 1. október nk."

Þegar fyrrgreind samþykkt lá fyrir var hafist handa við undirbúningsvinnu og nánari tillögugerð af hálfu verkefnisstjórnar, sjá fskj. I. Verkefnisstjóri var ráðinn í ágúst og í september voru tillögur um fyrirkomulag skógræktarátaksins, „Héraðsskóga", kynntar ráðherra og sendar á alla bæi í hreppunum sex sem ætlað er að átakið nái að einhverju leyti til, sjá fskj. II. Frumáætlun um ræktun og kostnað næstu 10 árin var síðan lögð fyrir fjárveitinganefnd Alþingis í nóvember. Áætlunin var endurskoðuð í mars, sjá fskj. III. Nú liggja fyrir drög að samningum milli einstakra bænda og Héraðsskóga og byggja þau á því að frumvarp þetta verði að lögum, sjá fskj. IV.

Markmiðið með ræktun Héraðsskóga er að rækta, þar sem skilyrði eru til á Fljótsdalshéraði, nytjaskóg, þ.e. skóg sem skilar afurðum í framtíðinni, jafnframt því að bæta aðstæður annarra atvinnugreina og ræktunar og þar með efla atvinnulíf og treysta byggð á Héraði.

Tilgangur sérstakrar lagasetningar um Héraðsskóga er að marka stefnu og heildaráætlun um þetta átaksverkefni í skógrækt. Um er að ræða verkefni sem yrði byggt á langtímasamningum fjölmargra einstaklinga við ríkisvaldið og því nauðsynlegt að umboð þeirra sem frá málum ganga fyrir hönd ríkisins sé sem skýrast og einstakir bændur hafi sem öruggastan grunn að byggja á er þeir taka ákvarðanir sem binda nýtingu jarða þeirra í framtíðinni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin skýrir tilgang og markmið frumvarpsins og skilgreinir hvað Héraðsskógar eru.

Um 2. gr.

Greinin kveður á um fjármögnun Héraðsskóga og stjórn og hlutverk hennar.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að unnin verði 40 ára áætlun um ræktun nytjaskóga á Fljótsdalshéraði. Áætlunin skiptist í 10 ára tímabil en af hálfu sérfræðinga Skógræktar ríkisins er lögð áhersla á að heildaráætlun nái til a.m.k. 40 ára þar sem við ræktun nytjaskóga er nauðsynlegt að eðlileg hringrás náist í ræktuninni svo að nýting timburs úr skógunum verði hagkvæm. Gera verður sérstaka áætlun fyrir hverja jörð sem gerist aðili að Héraðsskógum.

Ræktun skóganna er ætlað að byggja á samningum sem hver einstakur eigandi eða ábúandi með samþykki eiganda gerir við Héraðsskóga og landbúnaðarráðherra staðfestir fyrir hönd ríkisins. Tekin eru fram helstu atriði sem nauðsynlegt er að fram komi í samningunum. Samningarnir mega í heild ná til ræktunar 15.000 ha lands á 40 ára tímabili og takmarkast heimild landbúnaðarráðherra til staðfestingar samninga við þá landstærð.

Um 4. gr.

Greinin kveður á um þann kostnað við Héraðsskóga sem greiðast skal úr ríkissjóði. Annars vegar er um að ræða almennan rekstrarkostnað, þ.e. undirbúning verkefnisins og síðan rekstur og laun stjórnar og fastra starfsmanna. Gera verður ráð fyrir að til að byrja með verði um nokkurn undirbúningskostnað að ræða meðan verkefnið er að komast á skrið, t.d. vegna gagnasöfnunar, þróunarvinnu og áætlanagerðar. Af föstum starfsmönnum er fyrst og fremst reiknað með framkvæmdastjóra, en þar sem gert er ráð fyrir að Héraðsskógar hafi ætíð í sinni þjónustu skógfræðimenntaðan mann gæti komið til þess að um tvo starfsmenn yrði að ræða. Ljóst er að þörf fyrir faglega aðstoð við bændur verður umtalsverð fyrst um sinn á meðan verkþekking í þessari nýju búgrein er að eflast. Erfiðara er að spá um framhaldið en það getur m.a. ráðist af þróun í úrvinnslu afurða skóganna.

Hins vegar er tekið fram að skógrækt á jörðum, sem eru í ábúð, verði greidd að fullu úr ríkissjóði, en 80% kostnaðar við skógrækt á eyðijörðum. Ljóst er að bændur á þessu svæði hafa fæstir bolmagn til þess að leggja af takmörkuðum launum sínum í fjárfestingu sem ekki er að vænta að skili arði í búskapartíð þeirra. Margir hverjir hafa engan eða mjög lítinn fullvirðisrétt til sauðfjár- eða mjólkurframleiðslu og þurfa því á öðrum verkefnum að halda sem skila reglubundum tekjum.

Á eyðijörðum er aftur á móti ekki talin ástæða til 100% fjármögnunar af hálfu ríkissjóðs þar sem eigendur þeirra hafa væntanlega sínar tekjur annars staðar og ekki er um það að ræða að verið sé að gera mönnum kleift að halda jörðum í byggð. Engu að síður er mikilvægt að eyðijarðir, einkum þær sem falla innan samfelldra skógræktarsvæða, séu þátttakendur í ræktuninni til þess að jaðaráhrif verði í lágmarki auk þess sem ætla má að í mörgum tilfellum skapi ræktun þar atvinnu fyrir bændur.

Í öllum tilvikum er gert ráð fyrir að um sé að ræða samþykktan kostnað, þ.e. kostnað sem byggir á mati Héraðsskóga og Skógræktar ríkisins á eðlilegum útgjöldum við einstaka ræktunarþætti og samþykkt hefur verið af landbúnaðarráðuneytinu. Sem dæmi má nefna að gert er ráð fyrir að vinna við skógræktina verði greidd samkvæmt kjarasamningum ASÍ. Gert er ráð fyrir að ræktunarkostnaður verði greiddur af Héraðsskógum þar til fyrstu grisjun hvers ræktunaráfanga er lokið.

Um 5. gr.

Í greininni er sagt fyrir um hvernig fara skuli með tekjur af skógunum eftir að fyrstu grisjun er lokið. Gert er ráð fyrir að hver jörð hafi sérstakan sjóð eða endurnýjunarreikning í vörslu Héraðsskóga og þeim fjármunum, sem þangað koma, verði varið til endurnýjunar skóglendis á viðkomandi jörð. Eins og sakir standa er ekki reiknað með að fyrsta grisjun skóganna skili tekjum umfram gjöld, en fari svo er þeim hagnaði ætlað að renna óskiptum á endurnýjunarreikning jarðarinnar. Þegar að síðari grisjunum og skógarhöggi kemur skulu allt að 5% af heildartekjum lögð á endurnýjunarreikninginn. Þetta gjald skal nánar ákveðið í reglugerð með hliðsjón af kostnaði við endurnýjun skóglendis á hverjum tíma. Verði um að ræða tekjuafgang að öllum kostnaði greiddum skulu 15% af honum greidd til ríkissjóðs. Því fé, sem fellur til ríkissjóðs með þessum hætti, skal varið til ræktunar nýrra skóga á Íslandi.

Ógerlegt er að segja fyrir um framtíðararðsemi væntanlegra Héraðsskóga, þar verður einungis byggt á líkum. Nokkrar tilraunir hafa þó verið gerðar til þess að meta arðsemi íslenskrar nytjaskógræktar. Má þar nefna grein Baldurs Þorsteinssonar frá 1968, „Útreikningur á kapítalverðmæti lerkis“, sem gefur til kynna 4–6% arðsemi og einnig skýrslu Einars Gunnarssonar og Ragnars Árnasonar til landbúnaðarráðuneytisins í janúar 1987, en þar eru innri vextir fjárfestingar í greni- og asparskógi áætlaðir 2–3%.

Um 6. gr.

Þessi grein kveður á um forgang að vinnu við Héraðsskóga. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að ábúendur jarða eigi alltaf forgang að þeirri vinnu sem í boði er á jörðinni. Í öðru lagi er gert ráð

fyrir að vinna, sem ábúendur nýta sér ekki sjálfir, standi fyrst til boða þeim bændum sem hætta sauðfjárrækt samhliða því að þeir gerast þátttakendur í Héraðsskógum. Að þessum tveimur atriðum uppfylltum skulu aðrir bændur, sem gert hafa ræktunarsamninga við Héraðsskóga, hafa forgang að vinnu við verkefnið, sem og vinnu sem því tengist, verði því við komið. Þegar um forgang til vinnu er að ræða er gert ráð fyrir að allir þeir, sem lögheimili og búsetu hafa á jörðum sem hér er vísað til, falli undir forgangsákvæðin, en ekki bara skráður ábúandi.

Um 7. gr.

Hér kemur fram að Héraðsskógar og Skógrækt ríkisins skulu gera með sér samstarfssamning þar sem aðstoð og faglegar leiðbeiningar og önnur afskipti Skógræktar ríkisins af Héraðsskógum verða ákvarðaðar nánar.

Um 8. gr.

Greinin kveður á um gerð ársskýrslu og ársreikninga og hvernig með þá skuli farið.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi fjárhags- og framkvæmdaáætlun, sjá fskj. III, byggir framkvæmdahraði verkefnisins á því að nægar plöntur verði til gróðursetningar á hverjum tíma. Fáist 15 m.kr. viðbót við fjárveitingu ársins 1990 verða reist gróðurhús þannig að gróðursetning næði settu markmiði árið 1992.

Fylgiskjal I.

HÉRAÐSSKÓGAR

Yfirlit um undirbúning verkefnisins.

(Mars 1989 – mars 1990.)

Kynning tillagna og könnun á áhuga bænda.

Í lok ágúst hélt verkefnisstjóri fjóra fundi sem boðaðir voru öllum bændum í Eiða-, Egilsstaða-, Valla-, Skriðdals-, Fljótsdals- og Fellahreppi og kynnti sér þar sjónarmið bænda í þessu máli.

Í lok september voru tillögur um fyrirkomulag Héraðsskóga, sem kynntar höfðu verið landbúnaðarráðherra, sendar á alla bæi í hreppunum sex.

Í nóvember og desember hafði verkefnisstjóri samband við alla bæina, annaðhvort með heimsóknum eða símleiðis, og kannaði áhuga ábúenda á þátttöku í verkefninu. Á um 50 jörðum var lýst áhuga á þátttöku og fyrstu hugmyndir gáfu til kynna að um 3.000 ha lands stæðu til boða.

Samkvæmt könnun verkefnisstjóra nú snemma í mars hafa umráðaaðilar um 80 jarða gefið sig fram til þátttöku í verkefninu og um 5.600 ha lands standa til boða í byrjun.

Gróðurkortagerð, landamerkjaskráning, birkikönnun.

Sumarið 1989 fór vinnuflokkur frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins um fyrirhugað skógræktarsvæði og safnaði gögnum til þess að gera gróðurkort upp að 300 m hæð yfir sjó. Samhliða þeirri vinnu var á vegum Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins á Mógilsá gerð könnun á ástandi birkilenda á svæðinu og Gylfi Már Guðbergsson prófessor tók að sér skráningu landamerkja og færði á kort.

Í febrúar 1990 gekk RALA frá gróðurkorti af hluta svæðisins, þar sem m.a. eru færð inn landamerki jarðanna, og kortinu fylgir skrá yfir stærðir lands, flokkaðar eftir jörðum og gróðurlendum. Þar sem örar breytingar hafa orðið á möguleikum RALA til tölvuvinnslu korta á síðustu mánuðum er ætlunin að kort af þeim hluta svæðisins sem eftir er verði tölvuunnin á næstu vikum.

Áætlana- og kortagerð.

Í desember 1989 gengu Héraðsskógar frá kaupum á tölvubúnaði til þess að nota við áætlanagerð fyrir verkefnið og færa jafnóðum á kort það land sem plantað er í. Verkefnisstjóri Héraðsskóga og áætlanafulltrúi Skógræktar ríkisins hafa síðan unnið að því að taka þennan búnað í notkun en hann er grundvöllurinn að áætlanagerð fyrir einstakar jarðir, ásamt gróðurkortunum.

Plöntuframleiðsla.

Grunnforsenda þess að Héraðsskógar vaxi upp er að til verði nógar plöntur. Sumarið 1989 kannaði og ræddi verkefnisstjórn ýmsa möguleika til þess að afla plantna. Fyrir lá að ef aðstaða til plöntuframleiðslu yrði ekki bætt fyrir vorið 1990 stæðu Héraðsskógum vart til boða sumarið 1991 aðrar plöntur en hægt er að framleiða við núverandi aðstæður á Hallormsstað, sem eru 400–500 þúsund stk. Niðurstaða verkefnisstjórnar varð sú að fljótvirkasta og ódýrasta leiðin til þess að auka plöntuframleiðsluna væri að lengja þau tvö gróðurhús sem nú eru notuð til framleiðslu á Hallormsstað. Í ljósi þess var ákveðið að Héraðsskógar greiddu 730.000 kr. sem fyrstu greiðslu fyrir væntanlegar plöntur frá Hallormsstað, svo hægt væri að ganga þar frá sökklum fyrir veturinn og húsin yrðu síðan lengd vorið 1990.

Frekari aukning plöntuframleiðslu á Héraði hefur ekki verið ákveðin en verið er að kanna eftirfarandi möguleika:

a. Byggja eina plöntustöð sem framleiði u.þ.b. 1 milljón fræplantna á ári.
b. Byggja gróðurhús á nokkrum bændabýlum og framleiða þar plöntur upp af fræi og/eða græðlingum (ösp).
c. Breyta loðdýrahúsum í gróðurhús og nota, sbr. b.

Af hálfu verkefnisstjórnar hefur verið lögð áhersla á að viðbótarframleiðsla plantna verði eftir því sem við verður komið í eigu og rekstri bænda.

Hirðing skóglendis.

Í október til desember 1989 vann 10 manna flokkur á vegum Héraðsskóga að grisjun skóga sem fyrir eru. Verkið hófst með námskeiði í grisjun á Hallormsstað og auk vinnuflokksins tóku þátt í því nokkrir skógarbændur úr Fljótsdal. Allir þátttakendur í grisjuninni eru búsettir á bæjum á fyrirhuguðu skógræktarsvæði.

Starf verkefnisstjórnar.

Verkefnisstjórn hefur haldið 13 bókaða fundi auk fjölmargra vinnufunda einstakra stjórnarmanna. Einnig hefur stjórnin öll eða einstakir meðlimir hennar fundað með ýmsum aðilum, svo sem sérfræðingum sem haft hefur verið samstarf við og stjórn Félags skógarbænda á Héraði.

„Ársreikningur“ 1989.

1. GRISJUN

Sagir, hlífðarfatnaður, keðjur, þjalir o.fl.	1.161.456
Stofnkostnaður samtals	1.161.456
Rekstur véla	251.499
Laun og launatengd gjöld	1.760.000
Rekstrarkostnaður samtals	2.011.499
Stofnkostnaður	1.161.456
Rekstrarkostnaður	2.011.499
Framhald grisjunar	1.347.045
Samtals	4.520.000

2. GRÓÐURKORT

Kostnaður vegna vinnu RALA	2.000.000
Kostnaður vegna landamerkja	113.000
Samtals	2.113.000

3. STÆKKUN GRÓÐURHÚSS Á HALLORMSSTAÐ

Stofnkostnaður	730.000
Samtals	730.000

4. FLUTNINGUR AÐALSTÖÐVA

Framlag til flutnings	1.250.000
Samtals	1.250.000

5. STJÓRNUN

Tölva	879.256
Stofnkostnaður samtals	879.256
Laun og launatengd gjöld	718.859
Rekstrarkostnaður annað	240.266
Rekstrarkostnaður samtals	959.125
Stofnkostnaður	879.256
Rekstrarkostnaður	959.125
Samtals stjórnun	1.838.381

Samtals kr. af fjárlögum 1989	10.451.381

Fylgiskjal II.

HÉRAÐSSKÓGAR Á FLJÓTSDALSHÉRAÐI

Greinargerð send bændum 28. september 1989.

1. AF HVERJU FLJÓTSDALSHÉRAÐ?

Skógrækt á Fljótsdalshéraði á sér langa sögu, ekki aðeins á Hallormsstað, heldur hafa bændaskógar í Fljótsdalsáætlun verið að vaxa þar til nytja þennan og síðasta áratug. Enginn vafi leikur á að aðstæður á Fljótsdalshéraði, samfara nálægð við Hallormsstað, með þeirri ágætu reynslu af skógrækt sem þar er fengin, leiða styrk rök að því að Fljótsdalshérað sé flestum stöðum ákjósanlegra til að hefja skipulagða nytjaskógrækt bænda.

Með þessu er hafin framleiðsla á mikilvægu hráefni og stefnt að fjölbreyttara atvinnu- og mannlífi. En vegna þess ástands sem skapast hefur í atvinnumálum á Fljótsdalshéraði á síðustu árum, einkum í sauðfjárrækt, hefur þörfin fyrir nýjar atvinnugreinar orðið æ brýnni og athygli heimamanna því mjög beinst að nytjaskógrækt sem atvinnu- og tekjugjafa.

Héraðsskógar, en svo hefur verkefni þetta verið nefnt, er því tilboð stjórnvalda til bænda á Fljótsdalshéraði, til að gefa þeim kost á að hefja nytjaskógrækt á jörðum sínum, einkum þeim sem láta af eða draga úr hefðbundinni sauðfjárrækt.

2. HAGSMUNAFÉLAG SKÓGARBÆNDA

Þegar hefur verið stofnað Félag skógarbænda á Héraði er hyggst vinna að ræktun nytjaskóga. Samkvæmt könnun sem félagið hefur gengist fyrir hafa um 60 býli þegar lýst áhuga á skógrækt og hluti af þeim stefnir að búháttabreytingum, þ.e. að hverfa frá sauðfjárrækt yfir til skógræktar.

3. UNDIRBÚNINGUR HÉRAÐSSKÓGA ÁRIÐ 1989

3.1. Verkefnisstjórn og ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Ríkisstjórn Íslands ákvað á fundi í maí sl. að hrinda í framkvæmd átaki í ræktun nytjaskóga á Fljótsdalshéraði. Áætlunin miðar að því að fullnýta skógræktarland þar á næstu 40 árum. Allur undirbúningur hefur verið í höndum verkefnisstjórnar. Í henni eiga sæti eftirtaldir aðilar:

Tilnefnd af Félagi skógarbænda á Héraði, Edda Björnsdóttir, formaður verkefnisstjórnar, tilnefndur af Skógrækt ríkisins, Jón Loftsson skógarvörður, tilnefndur af Byggðastofnun, Kristófer Oliversson skipulagsfræðingur, tilnefndur af Búnaðarsambandi Austurlands, Páll Sigbjörnsson ráðunautur, frá landbúnaðarráðuneytinu, Álfhildur Ólafsdóttir, aðstoðarmaður ráðherra. Verkefnisstjóri hefur verið ráðinn Hermann Ottósson.

Verkefnisstjórnin hefur markað eftirfarandi meginlínur í viðræðum við bændur um framgang þessa verkefnis og fyrirkomulag skógræktarátaksins:

Tillaga verkefnisstjórnar.

„Verkefnisstjórn stefnir að því að þeim bændum sem afsala sér fullvirðisrétti í sauðfé verði tryggð atvinna við skógrækt eftir því sem umfang verkefnisins gefur tilefni til. Forgangur til vinnu verði veittur með hliðsjón af eftirfarandi:

1. Þeir bændur sem afsala sér öllum fullvirðisrétti í sauðfé.
2. Þeir bændur sem eru reiðubúnir til að fækka sauðfé verulega og girða af það fé sem þeir halda eftir.
3. Bændur sem hafa fasta búsetu á jörðum sínum.

Tilboðið felist í ofangreindum tillögum um forgang til vinnu, auk þess sem verkefnið greiði 80 – 100% kostnaðar við skógrækt á jörðum þeirra bænda sem taka þátt í verkefninu og stuðli þannig að verðmætaaukningu jarðanna.“

Hér verður að hafa í huga að skv. gildandi lögum um skógrækt, nr. 76/1984, er hámarksstyrkur ríkissjóðs við ræktun nytjaskóga á bújörðum 80% af kostnaði. Í frumvarpi til laga um skógvernd og skógrækt, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi, er aftur á móti gert ráð fyrir: „Þar sem eigendur samliggjandi landa koma sér saman um að girða land af og rækta á því skóg, eftir samþykktri áætlun, greiðir ríkissjóður allan stofnkostnað að frátöldum kostnaði við girðingar.“ Tillaga verkefnisstjórnar getur því ekki orðið raunin að óbreyttum lögum en er sett fram þar sem verkefnisstjórnin telur raunhæft að við skógræktarátak á borð við Héraðsskóga greiði ríkissjóður 80% samþykkts kostnaðar við ræktun á eyðijörðum og allt að 100% á jörðum sem eru í ábúð.

Einnig leggur verkefnisstjórn áherslu á að skógurinn verði **eign jarðarinnar og óaðskiljanlegur hluti hennar** en með kvöð um endurnýjun þegar að skógarhöggi kemur. Í því skyni skal taka 3% gjald af heildarsöluverðmæti afurða úr skógunum, sem renni í sérstakan sjóð til að tryggja endurnýjun skóglendisins. Verði hreinn hagnaður af skógræktinni, að greiddum öllum tilkostnaði við skógarhöggið, renni 20% hans til ríkissjóðs sem ráðstafi honum til endurnýjunar skóglendis og ræktunar nýrra skóga. Miða skal við að sá skógur sem felldur er til nytja, sé endurnýjaður.

Það ber að undirstrika að í tillögunni felst, að búháttabreyting frá sauðfjárframleiðslu til skógræktar á viðkomandi jörð tryggir viðkomandi ábúanda rétt til vinnu við skógræktina eftir því sem umfang verkefnisins gefur tilefni til.

Mikil óvissa ríkir um framtíð fullvirðisréttarins. Hann er í raun aðeins hlutdeild hvers bónda í samningi um það magn af kindakjöti og mjólk sem ríkið hefur ábyrgst að greiða bændum í landinu fullt verð fyrir fram til 31. ágúst 1992. Engin trygging er fyrir að um slíkan samning verði að ræða til frambúðar, né þá hversu mikið magn yrði samið um, en því miður verður að segja að markaðsstaða kindakjöts gefur ekki tilefni til annars en búast við áframhaldandi samdrætti í sauðfjárrækt.

Í ljósi þessa er lagt til að:

Ekki verði um að ræða beinan umreikning fullvirðisréttar til sauðfjárframleiðslu yfir í einhvers konar skógræktarrétt, heldur forgang af því tagi sem að ofan greinir.

4. FUNDIR MEÐ BÆNDUM, AÐLÖGUN HÉRAÐSSKÓGA AÐ RÍKJANDI AÐSTÆÐUM

Á tímabilinu 29. ágúst til 1. september sl. hélt verkefnisstjóri fundi með bændum. Tilgangur fundanna var að ræða sem flestar hliðar nytjaskógræktarinnar og fá fram tillögur og áform bænda í þeim sex hreppum sem vænta má að muni hefja skógrækt í einhverjum mæli.

Í stuttu máli er hægt að segja að árangur fundanna var góður, þótt misjafnlega hafi verið mætt. Umræður voru fjörlegar og fjöldi góðra ábendinga kom fram.

Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri komu síðan saman til fundar 5. sept. sl. til að ræða og ganga frá tillögum og greinargerð til bænda um Héraðsskóga.

Landbúnaðarráðherra hefur þegar kynnt sér þessa greinargerð og tillögur og lýst sig samþykkan því að þær verði sendar til bænda á Fljótsdalshéraði.

5. FJÓRIR 10 ÁRA ÁFANGAR

Lagt er til að verkefninu verði skipt í fjóra samhangandi 10 ára áfanga og verði fyrir hönd Héraðsskóga gerðir sérstakir samningar við jarðeigendur og ábúendur við upphaf hverrar 10 ára áætlunar.

Jarðeigendum/ábúendum verði boðið að taka til nytjaskógræktar á næstu 40 árum allt það land sem til þess er fallið að mati sérfræðinga. Gerð verði skógræktaráætlun fyrir hverja jörð, m.a. á grundvelli þeirra gróðurkorta sem fljótlega munu liggja fyrir, og unnið samkvæmt henni undir eftirliti sérfróðra skógræktarmanna.

Þessi vinna mun hefjast strax og ljóst er hvaða og hve mikið land bændur vilja taka til skógræktar.

Fyrsti 10 ára samningur verði gerður milli jarðeiganda/ábúanda og Héraðsskóga um ræktun nytjaskóga í landi þeirra í byrjun árs 1990. Gildi samningurinn frá undirskriftardegi.

Þeim ábúendum sem afsala sér öllum fullvirðisrétti í sauðfé verður tryggð atvinna við Héraðsskóga eftir umfangi verkefnisins, svo sem við umhirðu, útplöntun, plöntuuppeldi og girðingavinnu, en munu óhjákvæmilega vinna talsverðan hluta vinnu sinnar við grisjun á vegum Héraðsskóga á landi í umsjón Skógræktar ríkisins.

Árið 2000 verði gerður annar samsvarandi samningur við bændur á Fljótsdalshéraði um áframhald nytjaskógræktar á landi þeirra, umhirðu og viðhald bændaskóga, grisjun og umhirðu skóglendis í umsjón Skógræktar ríkisins.

Árið 2010 verði gerður þriðji samningur við bændur á Fljótsdalshéraði um áframhald plöntunar og umhirðu, grisjun og viðhald bændaskóga og lands í umsjón Skógræktar ríkisins.

Árið 2020 verði gerður fjórði og síðasti samningur í þessari áætlun um nytjaskóga á Fljótsdalshéraði um umhirðu, plöntun, grisjun og skógarhögg fyrsta áfanga nytjaskóga.

5.1. Af hverju áfangaskipting?

Þessi áfangaskipting byggir á þeim staðreyndum að planta verður skógi í áföngum, vissu magni á ári hverju, þannig að samfelld atvinna haldist og að skógurinn verði ekki allur felldur í einu, heldur í áföngum. Þannig er tryggð hringrás sú við nytjaskógrækt á Fljótsdalshéraði, sem er til staðar alls staðar í heiminum þar sem skógrækt er stunduð sem alvöru atvinnugrein.

Því er **beint samhengi** milli stærðar þess lands sem tekið er til ræktunar, með öðrum orðum þess lands sem jarðeigendur/ábúendur ákveða að taka til skógræktar, og þeirrar vinnu sem unnin verður á vegum Héraðsskóga við nytjaskógana.

6. SKIPULAG OG STJÓRNUN

Lagt er til að Héraðsskógar verði algerlega sjálfstætt verkefni með sérstaka fjárveitingu á fjárlögum. Þannig standi verkefnið algerlega sjálfstætt fyrir utan Skógrækt ríkisins og hagsmunafélög bænda.

Lagt er til að landbúnaðarráðherra skipi þrjá menn í stjórn Héraðsskóga til tveggja ára í senn. Verði einn tilnefndur af Félagi skógarbænda á Héraði og annar af Skógrækt ríkisins en sá þriðji skipaður án tilnefningar.

Verkefnisstjóri skal í samráði við stjórn sjá um skipulagningu verkefnisins og framkvæmd áætlana um nytjaskógrækt á Héraði. Skal í skipunarbréfi stjórnarmanna kveða skýrt á um skyldu þeirra við að stuðla að sjálfstæði og hlutleysi verkefnisins.

Mikilvægi þess að Héraðsskógar verði ætíð sjálfstætt, hlutlaust verkefni felst m.a. í því að ágreiningur og óeining um markmið og leiðir getur hæglega komið upp ef þeir sem beinna hagsmuna eiga að gæta hafa óeðlileg áhrif á gang verkefnisins. Þar með yrði öllum áætlunum hætt komið og hallað gæti á þá aðila er síst skyldi.

7. GRUNDVÖLLUR NYTJASKÓGRÆKTAR OG MARKMIÐ

Grundvöllur þessa verkefnis er samvinna og samstaða heimamanna og velvilji stjórnvalda. Verkefnisstjórn hefur lagt sig fram við að taka tillit til mismunandi sjónarmiða þannig að samstaða skapist og verkefnið fái það brautargengi sem til þarf. Markmiðið hlýtur að vera

að Héraðsmenn taki sem mest land til skógræktar, þannig að í framtíðinni verði Fljótsdalshérað eins konar íslenskur Guðbrandsdalur. Með þetta í huga hafa eftirfarandi tillögur verið lagðar fram:

7.1. Jarðir í ábúð.

Lagt er til að plöntun nytjaskóga verði skipt milli jarða í ábúð á Fljótsdalshéraði og greiði þar Héraðsskógar 100% samþykkts kostnaðar. Plantað verði í það land sem talið er af skógfræðingum hæft til útplöntunar, eftir hlutfalli þess lands sem hæft verður talið á hverri jörð fyrir sig. Verði framkvæmdir á ári hverju, í fyrstu 10 ára áætluninni, skipulagðar af verkefnisstjórn miðað við heildarumfang þess lands sem talið er hæft til ræktunar og þá miðað við 40 ára áætlunina.

DÆMI:

Jörð x land til skógræktar	100 ha árleg ræktun 2,5 ha
Jörð z land til skógræktar	40 ha árleg ræktun 1,0 ha

7.2. Eyðijarðir.

Lagt er til að plöntun nytjaskóga verði með sama hætti og á jörðum í ábúð nema Héraðsskógar greiða 80% kostnaðar við skógrækt. Eigandi eyðijarðar geti greitt sín 20% með eigin vinnu við útplöntun o.fl. og fái hann þá þær plöntur afhentar frá Héraðsskógum sem hann treystir sér til að planta á ári hverju, þó aldrei fleiri en ræktunaráætlun jarðarinnar segir til um. Ef eigandi kýs að láta Héraðsskóga sjá alfarið um skógrækt á jörðinni skal hann greiða Héraðsskógum 20% kostnaðar við hana. Enginn vinnuréttur fylgi eyðijörðum.

8. VINNA VIÐ HÉRAÐSSKÓGA

Verkefnisstjórn hefur í vinnu sinni við að móta tilboð til nytjaskógræktar á Héraði komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé æskilegt að um verði að ræða beinan umreikning fullvirðisréttar til sauðfjárframleiðslu yfir í einhvers konar skógræktarrétt. Eins og fram kom hér að framan er fullvirðisréttur engin frambúðaratvinnutrygging og því væri vafasamt að framlengja hann inn í atvinnugrein sem vonandi á eftir að vara í áratugi eða aldir, ekki síst þar sem skipting hans manna á milli er ójöfn og byggð á umdeilanlegum grunni.

Engu að síður er það ljóst að sá bóndi sem leggur niður umtalsverða sauðfjárrækt er í meiri þörf fyrir nýja atvinnu en sá sem sinnt hefur öðrum verkefnum hingað til, og því leggur verkefnisstjórn til að fyrrverandi sauðfjárbændum verði tryggður fyrsti forgangur að þeirri vinnu sem skapast við ræktun Héraðsskóga.

Með þessar forsendur í huga hafa verkefnisstjórn og verkefnisstjóri mótað eftirfarandi tillögur:

8.1. Afsal alls fullvirðisréttar til framleiðslu sauðfjár.

Þeim ábúendum sem breyta búháttum frá framleiðslu sauðfjár til nytjaskógræktar verður tryggð vinna við Héraðsskóga eftir því sem umfang verkefnisins leyfir.

Miðað er við að fulla vinnu veiti **allur** núverandi fullvirðisréttur jarðarinnar í sauðfé, þó minnst 130 ærgildi. Afsal framleiðsluréttar í sauðfé yfir 130 ærgildi vegur til tryggrar atvinnu við verkefni Héraðsskóga, eftir því sem umfang verkefnisins leyfir. Þannig er full búháttabreyting miðuð við allan fullvirðisrétt jarðarinnar, eða minnst 130 ærgildi.

Vinnuréttur, og allar skuldbindingar til nytjaskógræktar, fylgir jörðinni og er háður búsetu, þannig að jarðeigandi/ábúandi getur ekki flutt hann með sér annað.

Þeir jarðeigendur/ábúendur sem ætla að notfæra sér þann vinnurétt sem þeim ber, verða að tilkynna verkefnisstjóra Héraðsskóga þar um fyrir 1. nóvember árið áður en hann skal nýta ella verður honum ráðstafað til annarra bænda til eins árs.

8.2. Réttur annarra jarða í ábúð til nytjaskógræktar.

Þeir ábúendur sem ekki hyggja á fullar búháttabreytingar en hugsa sér að taka land til skógræktar fái 100% kostnaðar greiddan við skógræktina. Þessir ábúendur hafi forgang að vinnu á eigin landi.

Einnig hafi þessir aðilar forgang til að nýta vinnurétt þeirra bænda sem breyta búháttum að fullu, en ekki nýta allan vinnurétt sinn. Fyrsta forgang að þeim rétti hafi þó þeir bændur sem hafa fækkað sauðfé verulega.

Stefnt er að því að skapa 15–20 ársverk við Héraðsskóga, en eins og allt annað í áætlanagerð og markmiðssetningu er þessi tala háð því hvert umfang verkefnisins verður.

9. FYRIRKOMULAG VINNU OG LAUN

9.1. Vinnufyrirkomulag.

Hvað varðar vinnutilhögun verður leitast við að koma til móts við bændur eins og kostur er. Ef það reynist mögulegt gætu t.d. einstaka verkþættir Héraðsskóga verið metnir sem ákveðin kostnaðarstærð og bændum gefinn kostur á að vinna þá verkþætti algerlega sjáfstætt innan vissra tímamarka, á svipaðan hátt og í ákvæðisvinnu. Ljóst er að reynslan verður að leiða í ljós besta fyrirkomulagið í þessum efnum.

En hvort sem verður um að ræða ákveðna greiðslu fyrir verkþætti eða tímavinnu, verður bændum þeim sem breyta búháttum og uppfylla skilyrðin hér að framan, tryggð atvinna eftir umfangi verkefnisins, en það umfang ræðst m.a. af bændum sjálfum.

9.2. Laun.

Ýmsir möguleikar eru til að ákvarða laun vegna vinnu við Héraðsskóga. Ekki er óeðlilegt að tveir þeirra verði skoðaðir sérstaklega.

Möguleiki 1.

Notast má við launalið í verðlagsgrundvelli fyrir sauðfjárbú. Grundvöllurinn 1. sept. 1989 var 1.388.037 kr. Vinnustundafjöldi í þessum grundvelli var 3.680. Þessar forsendur samsvara tímalaunum 377,18 kr. á klst. Innifalið í þessum tímalaunum er 26,5% álag vegna helgidagavinnu, 4,3% vegna frídaga, 10,17% orlof og fast sjúkragjald, sem er 1.145,25 kr. Ef tekið er frá álag vegna helgidagavinnu og álag vegna frídaga verður tímakaup við framleiðslu sauðfjár samkvæmt uppgefnum grundvelli 1. sept. 1989 265,31 kr. á klst.

Flestum er ljóst að ef miðað er við þennan grundvöll verður vart hægt fyrir bændur að hafa framfæri sitt af þeim launum sem hér er miðað við. Þess vegna er rétt að stilla upp öðrum möguleika sem gefur aðra mynd.

Möguleiki 2.

Laun til bænda við nytjaskógræktina verði miðuð við launataxta Vegagerðar ríkisins og Skógræktar ríkisins, og ætíð miðað við 12 ára starfsreynslu sem er hæsti mögulegi flokkur fyrir sérþjálfaða verkamenn. Allar hækkanir á þessum taxta fylgi almennum umsömdum launahækkunum í þessum launaflokki.

Laun miðuð við þennan flokk voru 1. sept. 1989 302,46 kr. á klst. í dagvinnu eða 52.425 kr. mánaðarlaun. Yfirvinna var 544,43 kr. á klst.

Einnig mundu Héraðsskógar sjá um að greiða eitthvert akstursgjald til að jafna aðstöðu manna til vinnu. Sömuleiðis yrði séð fyrir aðstöðu þar sem starfsmenn gætu neytt nestis.

Héraðsskógar munu mæla með möguleika tvö, sérstaklega þar sem það mundi einfalda alla hluti fyrir báða aðila. Einnig er framtíðin óljós varðandi launalið verðlagsgrundvallar, ekki víst að hann verði til í núverandi mynd um langa framtíð.

10. TRYGGING BÆNDA FYRIR ÁFRAMHALDANDI FRAMKVÆMDUM

Á þeim fundum sem vitnað hefur verið til hér að framan, hefur komið berlega í ljós að bændur vantreysta stjórnvöldum til að standa við áform sín varðandi nytjaskógræktina. Til að koma á móts við bændur og setja tryggingu fyrir framkvæmdum og áætlunum um nytjaskógrækt á Fljótsdalshéraði til framtíðar, er eftirfarandi sett fram:

10.1. Trygging frá ríkinu.

Héraðsskógar verði sjálfstætt verkefni með sjálfstætt framlag til framkvæmda á fjárlögum hvers árs. Þannig verði ekki ákveðið framlag bundið samkvæmt samningi landbúnaðarráðherra, heldur skuldbindi ríkið sig til að greiða ákveðna verkþætti samkvæmt 10 ára áætlunum fyrir hvert ár.

Þetta þýðir í raun að landbúnaðarráðherra geri samning við verkefnið Héraðsskóga sem feli í sér að Héraðsskógum verði tryggð fjárveiting á fjárlögum hvers árs til greiðslu á samþykktum kostnaði vegna eftirtalinna verkþátta við ræktun alls skógræktarsvæðis á Fljótsdalshéraði á næstu 40 árum og þá miðað við hvern tíu ára áfanga:

1. Greiðslu á launum til þeirra aðila sem vinna við verkefnið samkvæmt framkvæmdaáætlunum hvers árs og þeim búháttabreytingum sem orðið hafa.
2. Fullrar greiðslu á girðingum sem nauðsynlegar eru samkvæmt framkvæmdaáætlunum hvers árs, efni og vinnu, ásamt hliðum, efni, vinnu og vélavinnu.
3. Kaupa á þeim fjölda plantna sem á að planta út samkvæmt framkvæmdaáætlun hvers árs.
4. Kostnaðar við framræslu lands þar sem hún er talin nauðsynleg.
5. Kostnaðar við nauðsynlegar vegagerð um skóglendi.
6. Kostnaðar við útplöntun samkvæmt framkvæmdaáætlun.
7. Kostnaðar við grisjun skóglendis sem Héraðsskógar taka að sér í skóglendi í umsjón Skógræktar ríkisins.
8. Stjórnunarkostnaðar og rekstrar stjórnstöðvar.

Hér yrði því um að ræða samning á milli Héraðsskóga og landbúnaðarráðherra um greiðslu á þessum verkþáttum og kvæði samningurinn á um að tryggð verði fyrsta 10 ára framkvæmdaáætlunin sem er fyrsti áfangi í því að taka allt fram boðið skógræktanlegt svæði á Fljótsdalshéraði til nytjaskóga á næstu 40 árum.

10.2. Trygging bænda frá Héraðsskógum.

Á móti samningi milli Héraðsskóga og landbúnaðarráðherra er lagt til að Héraðsskógar geri samning við hvern jarðeiganda/ábúanda. Samningurinn mundi byggja á skyldum Héraðsskóga við að tryggja framkvæmdir á viðkomandi jörð samkvæmt samningi Héraðsskóga við landbúnaðarráðherra og skyldum bænda við skóginn.

Lagt er til að Héraðsskógar annist og greiði samþykktan kostnað við eftirfarandi:

a. nýjar girðingar, efni og vélar,
b. framræslu lands þar sem það er talið nauðsynlegt,
c. kostnað við gróðursetningu,
d. allar plöntur til útplöntunar,
e. áburðargjöf við útplöntun,
f. kostnað við óhjákvæmilega vegagerð,
g. umhirðu og grisjun,
h. þinglýsingu samnings.

Verkefnið „Héraðsskógar“ mun, í samráði við Skógrækt ríkisins, setja allar reglur um umhirðu og grisjun og ber landeiganda/ábúanda að fara eftir þeim. Væntanlegur samningur mun því að mestu leyti byggjast á gagnkvæmu trausti bænda og ríkisins, með Héraðsskóga sem millilið og framkvæmdaraðila.

11. PLÖNTUN NYTJASKÓGA

Hvað varðar plöntun nytjaskóga er lerki í fyrsta sæti sem nytjaviður. Ástæður þess eru löngu kunnar á Fljótsdalshéraði, góð reynsla við bændaskóga í Fljótsdalsáætlun og á Hallormsstað hefur leitt ágæti þess í ljós.

Hins vegar verður leitast við að hafa plöntunina sem fjölbreyttasta, t.d. er áætlað að planta verulegum fjölda af ösp í land þar sem það er talið hagstætt.

Við plöntun skógar verður tekið fullt tillit til náttúruminja og sögulegra minja.

12. PLÖNTUFRAMLEIÐSLA OG GRÓÐRARSTÖÐVAR

Ljóst er að úr þessu verður ekki byrjað á plöntuframleiðslu af krafti við verkefnið fyrr en á vorinu 1990. Hins vegar mun Skógrækt ríkisins á Hallormsstað geta útvegað á bilinu 300–400 þús. plöntur á næsta ári þannig að hægt verði að byrja útplöntun á árinu 1990.

Hafa verður í huga við plöntuframleiðslu að með nútímatækni er vinnuaflsþáttur plöntuframleiðslu, hvað varðar lerki, mjög lítill. Samkvæmt þeim upplýsingum sem liggja fyrir er gert ráð fyrir að um 3–4 ársverk séu við framleiðslu einnar milljónar plantna.

Einnig er um að ræða mjög sveiflukennda vinnu.

12.1. Framleiðsla á lerkiplöntum.

Verkefnisstjórn hefur lagt til að Skógrækt ríkisins á Hallormsstað framleiði u.þ.b. helming þess plöntufjölda í lerki sem ráðgert er að nota við Héraðsskóga. Þannig lengi Skógræktin á Hallormsstað nýtingartíma þeirra húsa sem þegar eru til staðar og er slíkt mikill kostur, þar sem hægt er að samnýta allan útbúnað sem þegar er til staðar í húsunum, alla aðstöðu og þekkingu aðra á Hallormsstað.

Hvað varðar afganginn af þeim lerkiplöntum sem ráðgert er að nota, er það í alvarlegri athugun að Héraðsskógar gangist fyrir uppbyggingu og rekstri á plöntuuppeldisstöð. Stærð hennar mundi ráðast af umfangi verkefnisins og verður tekin ákvörðun um byggingu hennar strax og fyrir liggur kostnaðaráætlun og áætlun um hve mikið land verður tekið til ræktunar á ári hverju í komandi áföngum.

Hér er því aftur komið að þeim þætti að plöntuframleiðsla á vegum Héraðsskóga mun ráðast af umfangi verkefnisins.

Önnur rekstrarform koma að sjálfsögðu til greina, svo sem hlutafélag bænda að uppfylltum vissum kröfum um faglegt eftirlit.

12.2. Uppeldi á aspargræðlingum.

Ljóst er nú þegar að um talsverða framleiðslu á ösp verður að ræða. Öspinni verður væntanlega plantað í mýrlent eða blautt land þar sem ekki hentar að planta lerki eða öðrum tegundum.

Lagt er til að uppeldi á aspargræðlingum verði í höndum bænda og þegar hafa þrír bændur sýnt því áhuga að hefja framleiðslu á móðurplöntum til stiklingaræktunar. Hins vegar liggur ekki fyrir hve mikið land verður lagt undir asparræktun en það mun koma í ljós um leið og áhugi bænda liggur fyrir og hvar hentar að planta henni.

Einnig er ljóst að asparframleiðslan verður til að byrja með að meira eða minna leyti tilraunaframleiðsla, þar sem reynsla í asparframleiðslu er ekki til staðar á Fljótsdalshéraði nema að litlu leyti.

13. AFURÐIR NYTJASKÓGRÆKTAR

Heppilegasta fyrirkomulag við sölu afurða frá grisjun skóga verður tíminn að leiða í ljós. Óvíst er í dag hvort raunhæft er að ætla að hægt verði að nytja með ágóða annað en borðvið.

Hins vegar verður fylgst með og athugað gaumgæfilega hvaða markaður verður fyrir afurðir úr grisjun skóganna. Í því sambandi hefur verið bent á eftirfarandi:

1. Selja flís eða kurl til stóriðju frá grisjun skóga.

Í 3. og 4. mgr. er skilgreint hlutverk ríkisins annars vegar og sveitarfélaga hins vegar varðandi stofnun og rekstur slíkra heimila. Er við það miðað að ríkisvaldinu sé skylt að reka unglingaheimili, svo og þau meðferðarheimili sem nauðsynlegt er að setja á fót til að sinna hegðunarerfiðleikum barna. Á slíkum heimilum beinist meðferðin fremur að hegðun og erfiðleikum barnsins sjálfs og þykir því eðlilegt að ríkið axli þá ábyrgð. Þykir það sambærilegt við þau verkefni sem ríkið annast á öðrum sviðum, svo sem rekstur geðdeilda fyrir börn og rekstur hvers konar meðferðar og vistheimila fyrir fötluð börn. Ríkið annast þegar rekstur unglingaheimilisins að mestu. Aftur á móti þykir eðlilegt að sveitarfélög annist rekstur vistheimila er veiti börnum viðtöku um stundarsakir vegna aðstæðna á heimilum þeirra. Rekstur slíkra vistheimila tengist starfi barnaverndarnefnda með mjög beinum hætti og því er talið eðlilegt að sveitarfélög beri þá ábyrgð.

Í 5. mgr. er félagasamtökum eða öðrum aðilum heimilað að setja á stofn heimili eða stofnanir til stuðnings börnum eða ungmennum að fengnu leyfi félagsmálaráðherra.

Um 55. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa og á sér hliðstæðu í 37. gr. gildandi laga.

Um 56. gr.

Ákvæði greinarinnar eru efnislega sambærileg ákvæðum í 37. gr. og 39. gr. gildandi laga.

Um X. kafla.

Í þessum kafla er að finna almenn ákvæði til verndar börnum og ungmennum. Til greina þótti koma að fella slík ákvæði út úr lögunum að öllu leyti, enda eru öðrum aðilum samkvæmt lögum falin verkefni á þessu sviði. Hins vegar þykir sýnt að barnaverndarnefndir geti öðrum fremur verið talsmenn barna í samfélaginu sem oft mótast frekar af þörfum og hagsmunum hinna fullorðnu. Á þetta ekki síst við þar sem hætta er á að aðilar leitist við að misnota sér reynslu- eða ístöðuleysi barna eða ungmenna í eiginhagsmunaskyni, svo sem með dreifingu vímuefna eða með því að selja þeim aðgang að skemmtunum sem ætla má að geti verið börnum skaðlegar. Einnig getur verið um að ræða starfsemi sem í sjálfu sér er eðlileg þótt sérstök ástæða geti verið til að gæta hagsmuna barna, svo sem með eftirliti á vinnustöðum og með því að takmarka aðgang að skemmtistöðum er hafa leyfi til áfengisveitinga.

Um 57. gr.

Þegar gildandi lög voru sett voru höfð í þeim ítarleg ákvæði um vinnuvernd barna og ungmenna, enda var þá ekki til að dreifa heildarlöggjöf um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sem síðan hefur verið sett, sbr. lög nr. 46/1980. Samkvæmt þeim lögum fer Vinnueftirlit ríkisins með vinnuvernd barna og ungmenna.

Greinin veitir barnaverndarnefnd möguleika á að fylgjast með einstökum börnum á vinnustað, en að öðru leyti skýrir hún sig sjálf.

Um 58. gr.

Hér er lagt á barnaverndarnefndir að vinna gegn hvers konar vímuefnaneyslu barna og ungmenna í umdæmi sínu. Samkvæmt áfengislögum, nr. 82/1969, er þetta einnig verkefni áfengisvarnanefnda og er eðlilegt að um samvinnu þessara aðila verði að ræða á þeim stöðum þar sem þessar nefndir hafa ekki sameinast í einni nefnd, félagsmálaráði, eins og víða er. Þá þykir einnig rétt að kveða sérstaklega á um að barnaverndarnefndir stuðli að því, eftir því sem við verður komið, að koma lögum yfir þá sem ýta undir vímuefnaneyslu barna og ungmenna.

Um 59. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 43. gr. gildandi laga.

Um 60. gr.

Rétt þykir að taka inn í lögin ákvæði um útivistartíma barna sem hingað til hafa verið í reglugerð, enda er ekki síður ástæða nú til þess að takmarka útivistartíma barna en áður var. Nefndin hefur nokkuð leitað eftir tillögum um önnur aldurs- og tímamörk en hér eru sett, en niðurstöður flestra orðið þær að hér sé um eðlilegar viðmiðanir að ræða.

Um 61. gr.

Grein þessi er að hluta til samhljóða 40. gr. reglugerðar um vernd barna og ungmenna nr. 45 frá 9. júní 1970, en einfölduð mjög. Greinin er og í samhljóðan við reglugerð um löggæslu á skemmtunum nr. 587 23. des. 1987, svo og 20. gr. áfengislaga, nr. 82/1969. Eðlilegt þykir að leggja bann við að ungmenni innan 18 ára aldurs starfi á stöðum sem þau hafa að öðru leyti ekki aðgang að. Þó er gerð undantekning þegar um viðurkennt iðnnám er að ræða, þ.e. matreiðslu- og framreiðslunám.

Um XI. kafla.

Ekki voru aðrar refsiheimildir í fyrstu barnaverndarlögunum frá 1932 en þær sem mæltu fyrir um refsingu fyrir brot á lögunum sjálfum, sbr. 18. gr. laga nr. 43/1932. Í lögum nr. 29 1947, sem komu í stað laga nr. 43/1932, eru refsiákvæði sem eru samsvarandi gildandi refsiákvæðum.

Full ástæða þykir til að börn og ungmenni njóti sérstakrar refsiverndar. Aðstæður barna og unglinga í daglegu lífi eru oft þannig að foreldrar eru uppteknir við eigin störf utan heimila. Börn og unglingar eru því oft og tíðum ýmist í umsjá annarra eða í eigin umsjá. Þau eru háð því að hinir fullorðnu virði þörf þeirra fyrir sérstaka vernd.

Um 62. gr.

Þessi grein er nýmæli. Mikilvægi þess að tilkynningarskylda barnaverndarlaga sé virt er augljóst. En það varðar líka hagsmuni barna og fjölskyldna þeirra að einkalíf þeirra sé virt og að ekki sé vísvitandi komið á framfæri við barnaverndarnefndir röngum eða villandi upplýsingum sem leitt gætu til könnunar máls af hálfu nefndar í samræmi við ákvæði 21. gr. frumvarpsins eða annarra aðgerða, en slíkt getur verið börnum og fjölskyldum þeirra skaðlegt.

Um 63.–69. gr.

Í þessum greinum gætir lítilla efnisbreytinga frá refsiákvæðum gildandi laga, þ.e. 45., 46., 47., 2. mgr. 48. og 49. gr. Uppröðun greinanna er breytt og þeim er fjölgað til þess að gera þær skýrari og orðalagi sumra greina er lítillega breytt.

Um 70. gr.

Greinin er samhljóða 59. gr. gildandi laga.

Um 71. gr.

Miðað er við að lögin taki gildi að loknum sveitarstjórnarkosningum vorið 1990.

Sþ. 946. Tillaga til þingsályktunar [549. mál]

um könnun á alvarlegum fjárhagsvanda fólks og vænlegum aðgerðum til úrbóta.

Flm.: Jóhann A. Jónsson.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að láta kanna án tafar fjárhagsvanda þeirra einstaklinga í landinu sem verst eru settir, einstaklinga með bú, sem hafa verið tekin til gjaldþrotameðferðar, sem sótt hafa um greiðslustöðvun, misst íbúðir sínar á uppboðum eða eiga það á hættu, er hafa sætt lögtaks- eða fjárnámsgerðum eða dómum vegna skuldamála, þar sem ekki er haldið uppi vörnum, og þeirra sem á annan hátt hafa misst tök á fjármálum sínum og sækja eða hafa sótt um opinbera aðstoð vegna þessa.

Kannaður verði fjöldi þeirra sem hafa síðustu ár verið í verulegum fjárhagserfiðleikum eða eru það nú.

Einnig verði kannaðar helstu ástæður fyrir erfiðleikunum og gerðar þær ráðstafanir, sem stjórnvöld hafa tök á, til að auðvelda mönnum að ná tökum á málum sínum.

Athugað verði hvort og hvernig unnt er að koma við ráðgjöf eða námskeiðum fyrir fólk sem vill ná tökum á eigin fjármálum.

Loks verði teknar saman í greinargerð helstu niðurstöður könnunarinnar ásamt þeim úrræðum sem vænlegust eru talin til úrbóta. Skal greinargerðin ásamt þeim lagaúrræðum, sem nauðsynleg verða talin, lögð það tímanlega fyrir næsta Alþingi að tækifæri gefist til afgreiðslu á því þingi.

Greinargerð.

Undanfarin ár hafa verið ár þrenginga og erfiðleika í viðskipta- og atvinnulífi þjóðarinnar þótt ytri viðskiptakjör hafi verið sæmileg og góðæri til lands og sjávar. Gjaldþrot fyrirtækja og einstaklinga hafa verið margfalt tíðari en áður og þeim hefur fylgt mikið tjón, bæði fyrir opinberar stofnanir og aðra viðskiptamenn, en sérstaklega fyrir skuldarana sjálfa. Er auk þess líklegt að fjárhagsleg og félagsleg virkni fólks, sem lendir í verulegum fjárhagsörðugleikum, jafnvel gjaldþroti, bíði hnekki og tjón verði af þeim sökum.

Orsakir fjárhagserfiðleika og gjaldþrota eru vafalaust margar og engan veginn ljósar, en víst má telja að aðgerðir opinberra aðila eigi þar beint og óbeint verulegan þátt. Snöggt fráhvarf þeirra, sem stjórna peningamálum þjóðarinnar, frá strangri stjórnun, sem leiddi til neikvæðra vaxta um langt árabil, til verðtryggingar fjárskuldbindinga, vaxtafrelsis og tekjuskattsfrelsis fjármagnstekna, í mörgum tilvikum, á vafalaust stóran þátt í óáran þjóðlífsins. En fleira kemur til, svo sem söluskattur á lögmannsþjónustu og nú 24,5% virðisaukaskattur sem enn hefur orðið til að þyngja hlut vanskilamanna.

Þingsályktunartillagan miðar að því að kanna hversu margir eiga hér hlut að máli og meginástæður fjárhagserfiðleika einstaklinga og gjaldþrota þeirra. En jafnframt og sérstaklega miðar tillagan að því að nota möguleika opinberra aðila til að aðstoða fólk sem lendir í fjárhagserfiðleikum og upplýsa það um hvaða kosti er um að ræða í óvenjulegum aðstæðum.

Úrræði opinberra aðila eru mörg. Hæst ber auðvitað endurteknar aðgerðir Húsnæðisstofnunar til að auðvelda fólki í fjárhagsörðugleikum að halda eða kaupa íbúðarhúsnæði. Sérstakar fyrirgreiðslur lánastofnana, m.a. vegna tilmæla stjórnvalda, hafa leyst mál margra. Opinberir aðilar hafa því lagt talsvert af mörkum til að aðstoða fólk sérstaklega sem hefur lent í fjárhagserfiðleikum og ber að meta slíkt. En er unnt að gera betur? Flutningsmaður tillögunnar er þeirrar skoðunar.

Við fjármálastjórn fyrirtækja sem einstaklinga ræður þekking og reynsla stjórnandans mestu. Einstaklingar sjá jafnan sjálfir um fjármál sín án aðstoðar eða hjálpar annarra fróðari manna, nema ef til vill bankamanna. Þegar erfiðleikar í fjármálum og umtalsverð vanskil koma til er gjarnan lokað fyrir fyrirgreiðslu og leiðbeiningar bankanna og menn eru oft það illa settir að þeir treysta sér ekki til að leita til lögmanna eða annarra um aðstoð vegna þess að þeir telja að það auki aðeins kostnaðinn sem óvíst er að þeir geti greitt.

Við vanskil, sem leiða til aðgerða fyrir dómstólum, reynir oft á enn frekari sérþekkingu vegna reksturs mála fyrir dómstólum, fjárnáms, uppboða, greiðslustöðvunar og gjaldþrotameðferðar eða nauðasamninga. Á löglærðum starfsmönnum dómstóla hvílir jafnan leiðbeiningarskylda gagnvart ólöglærðu fólki sem á aðild að málum og hefur ekki lögmann. Stundum nýtast þessar leiðbeiningar vel, en oft láta skuldarar ekki sjá sig við fyrirtökur mála sem tengjast þeim og þegar þeir koma er málafjöldinn slíkur að þeim sem gegna dómarastörfum gefst enginn kostur á að sinna nema nauðsynlegustu leiðbeiningum. Galli við slíkar leiðbeiningar, jafnvel þær bestu, er að þær koma seint. Til verulegs kostnaðar hefur verið stofnað sem í mörgum tilvikum mátti komast hjá.

Í velferðarríki hafa opinberir aðilar skyldur við vanskilamenn sem aðra. Þær skyldur að draga úr kostnaði þeirra og áföllum og stuðla að velferð þeirra. Eftir að virðisaukaskattur, 24,5%, var lagður á þjónustu lögmanna hefur hið opinbera enn frekari skyldur við fólk í fjárhagserfiðleikum.

Virkasta og um leið langódýrasta leiðin til að draga úr fjárhagslegum áföllum fólks er ráðgjöf hlutlausra og hæfra manna. Má þannig forðast varhugaverðar fjárfestingar og nýta sér þá möguleika sem hinar margvíslegustu stofnanir og einkaaðilar geta boðið til lausnar á málum. Almenningur þarf að eiga aðgang að hæfu fólki sem ekki hefur persónulegra hagsmuna að gæta til leiðbeiningar um fjármálaleg viðskipti án mikils kostnaðar. Með slíkri starfsemi söfnuðust jafnframt mikilsverðar upplýsingar annars vegar um helstu fjárhagslegar hættur, t.d. vegna íbúðakaupa einstaklinga, og hins vegar um kosti og ókosti opinberrar fyrirgreiðslu.

Vegna mikils fjárhagsvanda fjölda fólks og harðra aðgerða, sem yfir því vofa, er brýnt að afgreiða þingsályktunartillöguna á þessu þingi. Lagt er til að forsætisráðherra verði falið að annast framkvæmd hennar vegna þeirrar yfirsýnar og valds sem fylgir embætti hans og líklegast er að óskir hans og tillögur til aðgerða og úrbóta verði samþykktar.

Sþ. 947. Tillaga til þingsályktunar [550. mál]

um sölu eigna á nauðungaruppboðum.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að undirbúa og leggja fram frumvarp um að fasteignir manna séu ekki seldar langt undir markaðsverði á nauðungaruppboðum heldur

verði þess freistað að selja þær á frjálsum fasteignamarkaði. Verkinu verði lokið fyrir þingbyrjun haustið 1990.

Greinargerð.

Í því slæma efnahagsástandi, sem ríkt hefur að undanförnu, hefur nauðungarsala aukist og meiri harka færst í viðskipti. Þess eru dæmi að fólk hefur misst fasteignir sínar á nauðungaruppboðum fyrir mun lægra verð en fengist hefði með frjálsri sölu á almennum markaði. Fyrir bragðið fá kröfuhafar oft minna í sinn hlut og þolendur sitja eftir með skuldir sínar ógreiddar en eignalausir. Þriðji aðili utan úr bæ fleytir rjómann af þessum viðskiptum og hagnast á kostnað hinna tveggja.

Því er hér lagt til að fógetar og aðrir uppboðshaldarar geti leitað eftir frjálsri sölu á fasteignum ef þau boð sem koma á nauðungaruppboðum eru langt undir sannanlegu og eðlilegu markaðsverði eignar á hverjum tíma.

Sþ. 948. Tillaga til þingsályktunar [551. mál]

um að fella niður nöfn fólks við útgáfu hæstaréttardóma.

Flm.: Ásgeir Hannes Eiríksson.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að breyta útgáfu hæstaréttardóma þannig að felld verði niður nöfn á fólki sem þar kemur við sögu. Breytingarnar taki gildi við útgáfu næstu hæstaréttardóma eftir samþykkt þessarar ályktunar og taki til endurútgáfu eldri rita í framtíðinni.

Greinargerð.

Allir dómar Hæstaréttar eru gefnir út á Íslandi og er sú útgáfa einkum hugsuð sem handbók fyrir lögmenn og dómara og aðra sem vilja kynna sér faglegu hliðina á dómsmálum og lögfræðina á bak við dómana. Útgáfan er því fagleg.

Í hæstaréttardómum eru allir málavextir nákvæmlega raktir, meðferð mála hjá lögreglu og fyrir dómstólum. Fólk er þar kallað til sögunnar undir fullu nafni og heimilisfangi og ítarlega greint oft frá högum hvers og eins. Sakaskrár fólks birtar þar sem við á og aðrar persónulegar upplýsingar. Þannig birtast oft mjög viðkvæmar upplýsingar um fjölda fólks í hæstaréttardómum.

Það færist hins vegar í vöxt að ýmsir lesi hæstaréttardóma til að forvitnast um aðra og hagi þeirra, en ekki til að lesa lögfræðina á bak við dómana. Hér er lagt til að fólk verði verndað fyrir þeirri hnýsni.

Lögfræðin í hæstaréttardómum er jafnskýr þó að nöfn fólks falli niður en það auðkennt á annan hátt. Fordæmi eru reyndar fyrir því í hæstaréttardómum þar sem fólk kemur við sögu í viðkvæmustu málum, svo sem barnsfaðernismálum og nauðgunarmálum. Sú breyting er líka í anda nýrra laga um söfnun persónuupplýsinga með tölvum.

Flutningsmaður þekkir þess dæmi að fólk veigrar sér við að áfrýja málum til Hæstaréttar vegna nafnbirtinga í hæstaréttardómum. Þannig hafa þessar nafnbirtingar áhrif á gang réttvísinnar í landinu og er það miður.

Ed. 949. Frumvarp til laga [366. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 10. apríl.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Alwood, John Nathaniel, tölvufræðingur í Mosfellsbæ, f. 13. september 1958 í Englandi.
2. Amin, Niral B., nemandi í Mosfellsbæ, f. 5. desember 1972 á Indlandi.
3. Anbari, Mostafa, rafeindavirki í Reykjavík, f. 28. júlí 1953 í Marokkó. Fær réttinn 3. október 1990.
4. Andersen, Jakob Andreas, uppeldisfulltrúi í Reykjavík, f. 8. október 1952 í Danmörku.
5. Brynja Dan Gunnarsson, barn í Reykjavík, f. 25. ágúst 1985 á Sri Lanka.
6. Catacutan, Leonardo Dungca, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 22. september 1960 á Filippseyjum.
7. Chudakanthi, Aurangasri, húsmóðir á Ísafirði, f. 24. október 1942 á Sri Lanka.
8. Cummings, Roger, uppeldisfulltrúi í Reykjavík, f. 18. apríl 1950 í Englandi.
9. Eichmann, Kurt Willi, sjómaður í Reykjavík, f. 23. desember 1948 í Þýska alþýðulýðveldinu.
10. Engle, Ilojaylah, forstöðukona í Reykjavík, f. 12. janúar 1955 á Filippseyjum.
11. Fung, Joseph Ka Cheung, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 27. júlí 1955 í Hong Kong. Fær réttinn 7. september 1990.
12. Garside, Christopher Dignus, nemandi í Reykjavík, f. 20. júlí 1969 í Bretlandi.
13. Haugen, Herborg Laufey Ólafsdóttir, verkakona í Reykjavík, f. 10. janúar 1919 á Íslandi.
14. Jón Hannesson, verkamaður í Reykjavík, f. 1. júní 1926 á Íslandi.
15. Krasinska, Ewa Barbara, húsmóðir á Egilsstöðum, f. 12. ágúst 1956 í Póllandi.
16. Kazmi, Syed Zulkernain, verkamaður í Stykkishólmi, f. 16. mars 1962 í Pakistan.
17. Lahham, Hassan al, verkamaður í Reykjavík, f. 9. apríl 1954 í Sýrlandi.
18. Lazarz, Waclaw, tónlistarkennari á Akureyri, f. 23. maí 1950 í Póllandi.
19. Leite, Ana Christina de Oliveira Martins Nobre, húsmóðir í Reykjavík, f. 4. desember 1964 í Portúgal. Fær réttinn 12. september 1990.
20. Lopez, Manuel Fernando Reyes, sjómaður á Akureyri, f. 29. ágúst 1955 í Chile.
21. Manczyk, Dorota, tónlistarkennari á Akureyri, f. 22. janúar 1960 í Póllandi.
22. Mangelsdorf, Craig William, garðyrkjufræðingur í Hafnarfirði, f. 14. desember 1959 á Nýja-Sjálandi.
23. Markarjan, Nawart, nemandi í Reykjavík, f. 22. júní 1947 í Búlgaríu.
24. Medos, Marino, sjómaður í Vestmannaeyjum, f. 13. apríl 1953 í Júgóslavíu.
25. Meiling, David Andrew, verkamaður í Reykjavík, f. 29. júlí 1969 í Reykjavík.
26. Meiling, Ellen Eliza, nemandi í Reykjavík, f. 17. júní 1972 í Reykjavík.
27. Moradi, Hamid Reza Ali Pour, nemandi í Reykjavík, f. 24. apríl 1964 í Íran.
28. Nardini, Tino, matargerðarmaður í Reykjavík, f. 17. ágúst 1953 á Ítalíu.
29. Ng, Kawah, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 17. mars 1960 í Hong Kong. Fær réttinn 16. september 1990.
30. Nicolson, Douglas Malmcolm, lagerstjóri í Reykjavík, f. 4. apríl 1955 í Skotlandi.
31. Pape, Bryndís, nemandi í Reykjavík, f. 14. október 1960 í Bandaríkjunum.
32. Pape, Gréta Hólmfríður, húsmóðir í Reykjavík, f. 25. mars 1961 í Bandaríkjunum.
33. Reedman, Mark Nöel, tónlistarkennari í Reykjavík, f. 17. nóvember 1946 í Suður-Afríku.

34. Rettedal, Alan Ludwig, kennari í Reykjavík, f. 25. janúar 1948 í Bandaríkjunum.
35. Rosdahl, Björn Snorri, barn í Reykjavík, f. 30. október 1978 á Íslandi.
36. Ryan, Michael John, sjómaður í Öngulsstaðahreppi, f. 22. júní 1962 í Englandi.
37. Sahr, Wolfgang, íþróttakennari á Akureyri, f. 5. júní 1958 í Vestur-Þýskalandi.
38. Serdaroglu, Murat, verslunarmaður í Reykjavík, f. 5. mars 1957 í Tyrklandi.
39. Súnal, Ómar Hekim, barn í Garðabæ, f. 1. október 1985 í Svíþjóð.
40. Tbeiaa, Shaban Ashor, næturvörður í Reykjavík, f. 16. júní 1960 í Líbíu.
41. Thomasen, Atli Knútsson, nemandi í Reykjavík, f. 14. mars 1975 í Danmörku.
42. Turner, Roland Wilson, tónlistarkennari í Stykkishólmi, f. 27. september 1953 í Bandaríkjunum.
43. Unabia, Edita Hayag, húsmóðir í Reykjavík, f. 4. ágúst 1953 á Filippseyjum.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 950. Lög [241. mál]

um kyrrsetningu, lögbann o.fl.

(Afgreidd frá Ed. 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 357.

Nd. 951. Frumvarp til laga [420. mál]

um breytingu á lögum nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 10. apríl.)

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Stjórn háskólans er falin háskólaráði, rektor, deildum, deildarforsetum og framkvæmdastjórum stjórnsýslusviða.

Háskólaráð hefur, svo sem lög mæla og nánar segir í reglugerðum, úrskurðarvald í málefnum háskólans og háskólastofnana, vinnur að þróun og eflingu þeirra og markar þeim heildarstefnu. Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan háskólans, nema annað sé ótvírætt tekið fram í lögum eða reglugerðum.

Háskólaráði er heimilt að skipa starfsnefndir sem eru því til ráðgjafar og aðstoða við stefnumótun.

Rektor er yfirmaður stjórnsýslu háskólans og er æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan háskólans og utan. Hann hefur almennt eftirlit með starfsemi háskólans og hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki heildarstefnu í málefnum stofnunarinnar.

Í umboði rektors, og svo sem lög mæla og nánar segir í reglugerðum, hafa framkvæmdastjórar stjórnsýslusviða yfirumsjón og eftirlit með hinni almennu stjórnsýslu háskólans, en deildarforsetar hafa eftirlit með starfi og stjórnsýslu deilda.

Svið hinnar almennu stjórnsýslu skulu vera: Fjármálasvið, samskiptasvið, starfsmannasvið, bygginga- og tæknisvið, rannsóknasvið og kennslusvið. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs ber heitið háskólaritari. Hann hefur í umboði rektors og háskólaráðs heimild til að skuldbinda háskólann og háskólastofnanir fjárhagslega, hefur yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar háskólans og framkvæmd hennar samkvæmt fjárlögum og hefur umsjón með sjóðum hans. Ábyrgðarsvið annarra framkvæmdastjóra stjórnsýslusviða skulu afmörkuð í reglugerð.

Rektor, deildarforsetar og framkvæmdastjórar stjórnsýslusviða leysa úr þeim málum sem þurfa ekki að koma fyrir háskólaráð, háskóladeildir eða stjórnvöld af laganauðsyn eða samkvæmt venju.

Áður en lögum og reglugerðum, er snerta háskólann eða háskólastofnanir, verður breytt eða við þau aukið skal leita umsagnar háskólaráðs um breytingar eða viðauka, svo og um nýmæli. Nú varðar málefni sérstaklega eina deild og skal háskólaráð þá leita álits hennar áður en það lætur uppi umsögn sína.

Háskólinn á stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra.

2. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Í háskólaráði eiga sæti rektor, forsetar háskóladeilda, tveir fulltrúar kjörnir til tveggja ára í senn í skriflegri atkvæðagreiðslu á vegum Félags háskólakennara úr hópi þeirra félagsmanna, sem ekki eru kjörgengir til starfa deildarforseta, og fjórir fulltrúar stúdenta, kjörnir hlutfallskosningu í sérstökum kosningum til tveggja ára í senn. Kjörinn skal einn fulltrúi Félags háskólakennara og tveir fulltrúar stúdenta árlega. Einnig eiga setu á fundum ráðsins háskólaritari og einn kjörinn fulltrúi starfsmanna í stjórnsýslu. Rektor er forseti ráðsins, en varaforseta og ritara kýs ráðið úr hópi deildarforseta til eins árs í senn.

3. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Háskólaráð ræður framkvæmdastjóra stjórnsýslusviða til fimm ára í senn. Rektor ræður annað starfslið almennrar stjórnsýslu eftir því sem fé er veitt til. Deildarforsetar ráða starfslið einstakra deilda að höfðu samráði við rektor og eftir því sem fé er veitt til.

4. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að kveða nánar á í reglugerð um starfssvið og starfshætti háskólaráðs, rektors og framkvæmdastjóra stjórnsýslusviða. Háskólaráð setur öðru starfsliði stjórnsýslu erindisbréf.

5. gr.

Framan við 9. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 8/1985, bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Háskóladeildir eru grunneiningar háskólans. Innan þeirra fer fram kennsla, rannsóknir og stjórnun. Deildir eru sjálfráðar um eigin málefni innan þeirra marka er sameiginlegar reglur háskólans setja. Reglubundið mat skal fara fram á starfi deilda.

Í upptalningu á deildum í 2. mgr. (núverandi 1. mgr.) breytist nafn viðskiptadeildar í viðskipta- og hagfræðideild.

6. gr.

4. og 5. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að ákveða í reglugerð að deild sé skipt í skorir eftir kennslugreinum og fjalli hver skor um málefni kennslugreinarinnar eftir því sem nánar segir í reglurgerð. Enn fremur eiga þar sæti tveir fulltrúar stúdenta í skor þar sem tala annarra, sem rétt hafa til fundarsetu með atkvæðisrétti, er átta eða færri og síðan einn fulltrúi stúdenta fyrir hverja fimm til viðbótar.

Heimilt er að setja ákvæði í reglugerð um stjórnunarnefnd í háskóladeild (deildarráð) og skal þá m.a. kveða á um fjölda nefndarmanna, starfssvið og starfshætti. Í deildarráði skulu sitja tveir fulltrúar stúdenta þar sem tala annarra, sem rétt hafa til fundarsetu með atkvæðisrétti, er átta eða færri og síðan einn fulltrúi stúdenta fyrir hverja fimm til viðbótar. Heimilt er háskóladeild á fundi að afsala sér ákvörðunarvaldi í tilteknum málum eða málaflokkum til slíkrar stjórnarnefndar og afturkalla heimildina að því er varðar mál er eigi hafa hlotið afgreiðslu í nefndinni.

7. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Deildarforseti hefur yfirumsjón með að ákvarðanir deilda og deildarráðs séu framkvæmdar. Hann er yfirmaður stjórnsýslu deildar. Hann hefur frumkvæði að mótun heildarstefnu fyrir deild, gerð fjárhagsáætlunar og forgangsröð verkefna. Hann hefur eftirlit með notkun fjárveitinga. Hann skal stuðla að samstarfi og samræmingu við aðrar deildir og stjórnsýslusvið.

8. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Hver deild eða námsbraut semur kennsluskrá fyrir sig og skal þar gerð grein fyrir námsefni, kennsluháttum, prófkröfum, stjórn deildar- og námsbrautamála og félagsmálum stúdenta. Við hverja deild, skor og námsbraut skulu starfa ráðgefandi námsnefndir sem jafnmargir kennarar og nemendur eiga sæti í. Hlutverk námsnefnda er að fjalla um tillögur um námsefni í hverri kennslugrein, semja umsagnir og tillögur um námsskipan og kennslufyrirkomulag greinar.

9. gr.

Við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Deildarforsetar eiga rétt á að vera leystir undan skyldum í sínu fasta starfi að nokkru eða öllu leyti. Rektor ákveður með samþykki menntamálaráðherra hvernig ráðstafa skuli starfsskyldum þeirra.

10. gr.

Á eftir 3. mgr. 36. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 8/1985, bætast tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Heimilt er háskólaráði, að fenginni staðfestingu menntamálaráðherra, að starfrækja endurmenntunarstofnun er hafi að meginhlutverki að standa fyrir endurmenntun háskólamanna. Slík endurmenntunarstofnun starfi í nánum tengslum við allar deildir háskólans. Háskólaráð getur heimilað að félög háskólamanna og aðrir skólar á háskólastigi taki þátt í stjórn stofnunarinnar, að fengnu samþykki menntamálaráðherra. Nánar skal kveðið á um starfssvið og stjórn slíkrar stofnunar í reglugerð.

Við Háskóla Íslands skal starfrækt námsráðgjöf sem sérstök háskólastofnun. Háskólaráð setur reglur um stjórn stofnunarinnar og starfsemi.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skal þá fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Sþ. 952. Fyrirspurn [552. mál]

til menntamálaráðherra um samkomulag við námsmenn um málefni Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Frá Halldóri Blöndal.

1. Hvert var efni þess samkomulags sem menntamálaráðherra gerði við námsmenn í febrúar 1989 um málefni Lánasjóðs íslenskra námsmanna?
2. Hverjar hafa efndirnar orðið?

Sþ. 953. Fyrirspurn [553. mál]

til menntamálaráðherra um úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Frá Birgi Ísl. Gunnarssyni.

1. Hvert var efni þeirra breytinga sem gerðar voru á úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna 29. mars sl.?
2. Voru þær breytingar gerðar í samkomulagi við samtök námsmanna?

Sþ. 954. Fyrirspurn [554. mál]

til fjármálaráðherra um launakjör fangavarða og lögregluþjóna.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hverjar eru ástæður fyrir þeim mismun sem er á launakjörum fangavarða og lögregluþjóna?
2. Eru áform um að samræma launakjör þessara stétta?

Sþ. 955. Fyrirspurn [555. mál]

til menntamálaráðherra um fræðsluvarp.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Hvers vegna var fræðsluvarpið lagt niður?
2. Til hvers verður sú fjárveiting notuð sem fræðsluvarpi var ætluð á síðustu fjárlögum, að upphæð 8,4 millj. kr.?
3. Hvers vegna var skipuð ný framkvæmdanefnd um fjarkennslu? Hvert er hlutverk hennar?
4. Hyggst menntamálaráðherra beita sér fyrir því að fræðsluvarp eða eitthvert annað form á fjarkennslu verði tekið upp aftur? Ef svo er, þá hvenær?

Sþ. 956. Tillaga til þingsályktunar [556. mál]

um könnun á fjárveitingum úr Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins.

Flm.: Eggert Haukdal, Hreggviður Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram könnun á því hvort ákvæði um Mannvirkjasjóð Atlantshafsbandalagsins eða önnur ákvæði heimili fjárveitingar til bættra

samgangna, vega, stórbrúa og jarðgangagerðar sem nauðsynlegs hluta varnarkerfis landsins. Jafnframt verði kannað hvort fordæmi eru fyrir fjárveitingum í öðrum ríkjum bandalagsins til samgangna, fjarskipta og flugvallargerðar af hálfu þess.

Greinargerð.

Nú liggur fyrir Alþingi breytingartillaga við vegáætlun fyrir árið 1990 sem samþykkt var síðastliðið vor. Með þeirri breytingu eru framlög til vegamála stórskert frá því sem ákveðið var fyrir réttu ári.

Við samþykkta vegáætlun fyrir árin 1990–1992 mátti una án breytinga og hún gaf vonir um betri tíð. Sá niðurskurður á henni fyrir árið 1990, sem nú liggur fyrir, boðar því miður ekki góð tíðindi fyrir byggðir landsins. Á sama tíma og þetta gerist er talað um að flýta ýmsum samgönguframkvæmdum og er það vissulega vel ef hægt er. Það eru hins vegar alveg ný sannindi ef hægt er að stórflýta framkvæmdum í samgöngumálum á sama tíma og fé er skorið niður til vegamála.

Með langtímaáætlun í vegamálum frá 1982 setti Alþingi fram ákveðin markmið sem stefnt skyldi að. Við fjárveitingar samkvæmt þeirri áætlun hefur aldrei verið staðið, en þrátt fyrir það hafa mikil stórvirki verið unnin. Nú þyrfti að taka á að nýju og standa við upphaflegu fyrirheitin í stað þess að renna af leið. Og til þess þarf aukið fjármagn.

Flestir þeir sérfræðingar, sem um alþjóðamál fjalla, eru þeirrar skoðunar að sú mikla og merkilega þróun, sem átt hefur sér stað í ríkjum Austur-Evrópu síðasta missirið, muni ekki leiða til þess að varnarbandalög álfunnar verði lögð niður. Hlutverk þeirra muni hins vegar verða annað og breytt í framtíðinni. Þannig má gera ráð fyrir því að með aukinni afvopnun stórveldanna á höfunum verði enn meiri þörf en nú er á virku eftirliti með því að slíkir alþjóðasamningar verði haldnir. Mikilvægi Norður-Atlantshafsins í þessum efnum mun ekki fara minnkandi. Eftir sem áður verður það mikilvægasta birgðaflutningaleiðin milli Ameríku og Evrópu. Hlutverk Íslands mun því að margra dómi verða enn þýðingarmeira en áður við eftirlitsstörf með umsvifum þeirra þjóða sem hér eiga í hlut. Atlantshafsbandalagið fær hér nýtt og aukið hlutverk á þessu sviði og engin ástæða er til að ætla að það hverfi af sjónarsviðinu af þessum sökum um alllanga framtíð. Aðild okkar að því mun áfram tryggja varnar- og öryggishagsmuni okkar í þeirri afvopnunarþróun sem nú er sem betur fer að hefjast.

Enn er rétt að minnast á eitt mikilvægt atriði sem styður meginmarkmið þessarar þingsályktunartillögu. Það er nauðsyn þess að byggja upp hér á landi virkar og traustar almannavarnir. Þær eru nauðsynlegar hvort sem er vegna náttúruhamfara eða vegna ófriðarástands. Hins vegar höfum við Íslendingar vanrækt þann þátt öðrum þjóðum fremur og er það mjög miður. Góðar samgöngur eru einn mikilvægasti þáttur almannavarna, svo sem viðurkennt er af öllum sem til þekkja. Þess vegna er rökrænt samband milli varna landsins og almannavarna sem snúa beint að hagsmunum fólksins sem byggir landið allt. Hér er því fær leið til þess að efla og treysta almannavarnir landsins, styrkja byggðirnar og færa fólkið nær hvert öðru.

Fylgiskjal I.

Helgi Hallgrímsson:

MANNVIRKJAÞING 1990
Vegir, brýr og jarðgöng.

Mér er ætlað að fjalla um framkvæmdir í vegagerð í víðasta skilningi, þar með taldar brýr og jarðgöng. Ég verð í upphafi að setja nokkurn fyrirvara á þær tölulegu upplýsingar sem hér fara á eftir. Þó að fjórðungur ársins sé liðinn hefur vegáætlun fyrir árið enn ekki verið afgreidd og því ekki ljóst á þessari stundu hverjar verða niðurstöðutölur hennar að lokum. Þær tölur, sem hér verða settar fram, ber því að skoða sem mat ræðumanns á því hvað líklegt sé í þessum efnum.

Við skulum byrja á að líta á heildarfjármagn til framkvæmda hjá Vegagerðinni.

Áætlað fjármagn í m.kr. til framkvæmda 1990:

Nýjar framkvæmdir	2.200
Sumarviðhald	1.240
Vetrarþjónusta	480
Annað	150
	4.070

Á föstu verðlagi er þetta heldur minna en var á síðasta ári. Á hinn bóginn er þetta miklu minna en vera átti á þessu ári, 1990, samkvæmt vegáætlun sem samþykkt var á Alþingi sl. vor. Raunminnkun er um 1 m.kr. og veldur hún miklum höfuðverk hjá alþingismönnum um þessar mundir, en þeir þurfa að beita hnífnum óspart. Enn fremur veldur þetta miklum vanda hjá þeim sem undirbúa, skipuleggja og framkvæma eiga verkin.

Séu nýframkvæmdir skoðaðar og skipting þeirra á landshluta kemur eftirfarandi í ljós.

Skipting nýrra framkvæmda á kjördæmi, upphæðir í m.kr.:

Suðurland	230
Reykjanes	300
Vesturland	230
Vestfirðir	300
Norðurland vestra	180
Norðurland eystra	650
Austurland	310
	2.200

Áður en við lítum nánar á þessar tölur ber að geta þess að framlög til þjóðvega í þéttbýli eru ekki talin með hér. Þessi framlög nema um 360 m.kr. alls. Af þeirri upphæð fær höfuðborgarsvæðið um 60% eða um 210 m.kr. Þessum framlögum er sleppt hér vegna þess að sveitarfélögin annast sjálf um framkvæmdirnar og telja þær fram sem sínar.

Langmest fjármagn fer til Norðurlands eystra og valda þar mestu jarðgöng í Ólafsfjarðarmúla sem lokið verður á árinu. Þau munu taka til sín um hálfan milljarð á þessu ári og eru langstærsta verkefnið hjá Vegagerðinni. Af öðrum stórum verkefnum má nefna brú og veg um Arnarneshæð, en kostnaður við þá framkvæmd verður um 290 m.kr. á árinu, svo og veg og brú yfir Dýrafjörð, en það er verk sem á að vinnast á þessu og næsta ári og mun alls kosta um 300 m.kr. Önnur verkefni eru smærri en nokkur þeirra kosta þó um og yfir 50 m.kr.

Áætluð skipting á framkvæmdaraðila í m.kr.:

Verkútboð og samningar	1.550
Eigin framkvæmdir	1.550
Efniskaup	200
Aðkeypt vélaleiga	770
	4.070

Hér er sett fram skipting á framkvæmdaraðila og er þá miðað við svipuð hlutföll og verið hafa á allra síðustu árum. Útboð og verksamningar er svipað að magni og eigin framkvæmdir Vegagerðarinnar (hvor liður tæplega 40%). Munurinn er hins vegar sá að útboðin eru að miklum meiri hluta í nýjum framkvæmdum, en eigin verk eru að miklum meiri hluta í þjónustu, rekstri og viðhaldi. Leiga vinnuvéla og vörubifreiða er um helmingur af stóru liðunum eða tæplega 20%. Loks eru efniskaup um 5%.

Rétt er að taka fram að mikið af verkefnum ársins hefur þegar verið boðið út þrátt fyrir óvissu í fjármálum. Það sem eftir er verður boðið út á næstu vikum eða eins fljótt og unnt er.

Til að fjármagna verkefnin, sem hér eru til umræðu, svo og önnur þau sem Vegagerðin þarf að sinna, eru henni markaðir tekjustofnar með lögum. Þessir tekjustofnar eru bensíngjald og þungaskattur af dísilbifreiðum. Standa þessir tekjustofnar undir öllum útgjöldum til vegamála. Nokkuð er þó um að tekin séu skammtímalán til að ljúka verkum eða verkáföngum. Þessi lán eru yfirleitt greidd af fjárveitingum næsta árs eða næstu ára. Í tölunum hér á undan hefur verið reynt að taka tillit til líklegra skammtímalána á árinu.

Þrátt fyrir lögbundna tekjustofna gengur ekki alltof vel að skapa festu í fjármálin. Stundum ákveður Alþingi að nota peningana í annað þrátt fyrir lögin, stundum skirrast menn við að hækka stofnana í takt við verðlagsþróun. Þetta skeður þótt vegáætlun sé æ ofan í æ samþykkt með þeirri stefnumörkun að nýta skuli tekjustofna til fulls og ráðast í nýja fjárfreka verkefnaflokka. Ein slík stefnumörkun var samþykkt við afgreiðslu vegáætlunar á Alþingi sl. vor. Þar var ákveðið að ráðast af auknum krafti í ýmis stórverkefni, svo sem jarðgöng, stórbrýr og vegagerð á höfuðborgarsvæðinu. Miðað var við að fjármagn ykist að því marki að almenn vegagerð og bundin slitlög héldu sínum hlut að mestu.

Var það reyndar grundvallaratriði vegna þess hve mikið er þar enn ógert. Þessi aukning skilar sér ekki á þessu ári eins og fram kom hér á undan. Væru tekjustofnar fullnýttir gæfu þeir 500–700 m.kr. í viðbót við það fjármagn sem nú er til umráða.

Tilgangur þessa mannvirkjaþings er að fá yfirlit um líklegar framkvæmdir á árinu 1990. Mig langar þó í lokin að skyggnast aðeins lengra. Í Vegagerðinni höfum við reynt að meta þörf fyrir fjárfestingu í vegamannvirkjum á næstu 20 árum.

Áætlaður kostnaður í ma. kr. við uppbyggingu vegakerfisins:

Höfuðborgarsvæðið	15
Jarðgöng	14
Stórbrýr og fjarðarþveranir	3
Stofnbrautir, önnur verkefni	21
Þjóðbrautir	16
	69

Sum þessara verkefna eru mjög brýn og öll æskileg. Sé miðað við að ljúka þessu á 20 ára tímabili þarf um 3,5 m.kr. á ári. Hafa ber einnig í huga að útgjöld vegna þjónustu í vegakerfinu, reksturs þess og viðhalds munu fara vaxandi á næstu árum. Ljóst er því að nýta verður núverandi tekjustofna til fulls. Jafnframt verður að huga að nýjum tekjuöflunarleiðum. Má þar nefna veggjald eins og verið hefur til umræðu í Hvalfirði eða svæðisbundið bensíngjald eins og rætt hefur verið í tengslum við jarðgöng á Vestfjörðum. Í hugum okkar Vegagerðarmanna er ekki vafi á því að kröfur til vegakerfisins og þjónustunnar þar munu fara vaxandi á næstu árum. Til að standast þær kröfur þarf verulega aukið fjármagn.

Fylgiskjal II.

Vegagerð ríkisins:

NOKKUR STÓR VERKEFNI

Þegar stórverkefni voru til umræðu við afgreiðslu vegáætlunar 1989 voru teknir saman listar yfir nokkur helstu verkefnin í jarðgöngum og stórbrúm þó að ekki væru þeir tæmandi. Þessi verkefni eru talin hér á eftir og lauslega metin og kostnaður tilgreindur á áætluðu verðlagi 1990 (vísitala vegagerðar 4.300).

Stórbrýr með tilheyrandi vegum, kostnaður í m.kr.:

Kúðafljót á Suðurlandsvegi, V-Skaft.	280
Markarfljót á Suðurlandsvegi, Rang.	290
Laxá í Kjós á Vesturlandsvegi, Kjós.	260
Botnsvogur um Þyrilsey, Kjós.	380
Gilsfjörður, Dalas. — A-Barð.	690
Dýrafjörður, V-Ísafj.	260
Vesturós Héraðsvatna, Skagaf.	150
Skjálfandafljót í Köldukinn, S-Þing.	140
Jökulsá á Dal á Austurlandsvegi, N-Múl.	130
Breiðdalsá á Austurlandsvegi, S-Múl.	130
Jökulsá í Lóni á Austurlandsvegi, A-Skaft.	140
Samtals	2.850

Jarðgöng, kostnaður í m.kr.:

Ólafsfjarðarmúli — verður lokið í ár	—
Botnsheiði og Breiðadalsheiði	3.100
Austfjarðagöng (tengja Seyðisfj. og Neskaupst.) . . .	5.500
Samtals	8.600

Höfuðborgarsvæðið, kostnaður í m.kr.:

Tekin voru með verkefni sem ljúka þyrfti á fjórum árum (1989–1992) samkvæmt sérstakri skýrslu	2.900

Auk þeirra verkefna, sem hér eru talin, er fjöldi stórra og brýnna verkefna í þjóðvegakerfinu, en í mörgum tilvikum má skipta þeim í áfanga sem taka má í not jafnóðum og þeim lýkur. Tenging undir Hvalfjörð var ekki tekin með í þetta, enda hefur verið miðað við að hún yrði fjármögnuð utan vegáætlunar.

Sþ. 957. Tillaga til þingsályktunar [557. mál]

um byggingu nýrrar áburðarverksmiðju.

Flm.: Egill Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefjast þegar í stað handa um undirbúning að byggingu áburðarverksmiðju í stað þeirrar sem starfrækt er í Gufunesi.

Verksmiðjunni verði valinn staður á landsbyggðinni þar sem unnt er að koma við ítrasta öryggi, sérstaklega með tilliti til hugsanlegra náttúruhamfara.

Greinargerð.

Í annað sinn á tveimur árum fer nú fram í þjóðfélaginu allvíðtæk umræða um áburðarverksmiðjuna í Gufunesi vegna áhrifa hennar á næsta umhverfi ef óhapp ber að höndum vegna bilunar í rekstri hennar. Í fyrra sinnið var áhættan metin á grundvelli þess að innihald geymisins, ammoníakið, verður að geyma undir miklum þrýstingi. Ef ammoníak, sem þannig er geymt, kemst í umtalsverðum mæli út í andrúmsloftið hlýst af hvellsuða, ammoníakmengað ský myndast sem er lífshættulegt þeim er fyrir verða.

Eftir ítarlega umfjöllun og að höfðu víðtæku samráði var ákveðið að byggja nýjan ammoníaksgeymi sem að styrkleika stæðist fyllstu öryggiskröfur. Hann yrði tvöfaldur og einangraður og búnaður hans þannig gerður að kleift yrði að geyma ammoníak við hátt hitastig svo ekki hlytist af hætta þótt það bærist út í andrúmsloftið. Til enn frekara öryggis yrði byggð þró umhverfis geyminn til að taka við innihaldinu ef óhapp yrði.

Sú umræða, sem nú fer fram um Áburðarverksmiðju ríkisins, er á margan hátt ólík hinni fyrri, enda tilefnið að eldur varð laus við dælingu ammoníaks á gamla geyminn, algerlega óvænt, og enn hafa ekki fengist skýringar á hvað óhappinu olli. Þess vegna m.a. virðast þær tillögur, sem lúta að stöðvun á rekstri áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi, eiga verulegan hljómgrunn, m.a. hjá yfirvöldum Reykjavíkurborgar sem rekstur þessi heyrir aðallega undir. Af því sem að framan er greint hlýtur sú spurning að vera áleitin hver sé framtíð áburðarframleiðslu hér á landi.

Í fylgiskjali I eru birtar helstu niðurstöður nefndar sem landbúnaðarráðherra skipaði árið 1986 til að kanna hagkvæmni áburðarframleiðslu hér á landi. Niðurstöður nefndarinnar sýna ótvírætt að framleiðsla áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi sé að verði til samkeppnishæf við

innfluttan áburð. Frá því að þessi niðurstaða fékkst hefur rekstur Áburðarverksmiðju ríkisins haldið áfram að batna. Mikil hagræðing hefur átt sér stað sem leitt hefur til fækkunar starfsmanna í verksmiðjunni. Nýjungar í tækni hafa verið teknar upp, m.a. við stjórn á framleiðslunni og pökkun og frágang áburðarins, en með þeim breytingum er rýrnun á framleiðslu verksmiðjunnar úr sögunni. Með samningum við kaupendur, sem m.a. byggjast á ákvörðun viðskiptabanka, hefur áburðarverksmiðjan tryggingar fyrir skilvísum greiðslum, enda eru afföll vegna greiðsluerfiðleika viðskiptaaðila nánast úr sögunni. Þetta mikilvæga hagræðingarstarf ber að þakka þeim sem hafa forustu fyrir daglegum rekstri áburðarverksmiðjunnar og traustum starfsmönnum sem margir hverjir eiga langan starfsferil að baki. Raunar væri ástæða til að íhuga hvort þá reynslu, sem fengin er við endurskipulagningu verksmiðjunnar í Gufunesi, sé ekki unnt að nýta til eftirbreytni fyrir önnur fyrirtæki í hliðstæðum rekstri.

Um þjóðhagslegt gildi áburðarframleiðslu í landinu þarf ekki að fara mörgum orðum. Þótt auðlindir Íslendinga til lands og sjávar, sem afkoma, og raunar tilvera þjóðarinnar, byggist á, séu miklar eru þeim þó takmörk sett eins og best sést á minnkandi afrakstri fiskimiðanna. Þess vegna hefur sérstaklega verið horft til þeirra auðlinda sem felast í orku landsins, fallvötnum til orkuframleiðslu og heitu vatni. Sú framleiðsla, sem þannig nýtir innlendar auðlindir, er þáttur í lífsafkomu þjóðarinnar. Gott dæmi í þessum efnum er starfsemi áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi sem grundvallar rekstur sinn á innlendum aðföngum. Nánar vísast um þessi efni í fylgiskjal II.

Þegar áburðarverksmiðjan í Gufunesi var reist var eftir því leitað af yfirvöldum Reykjavíkur að hún yrði innan borgarmarkanna, enda voru viðbrögð borgarinnar mjög í þá veru að auðvelda uppbyggingu þessa nýja fyrirtækis. Þannig var verksmiðjunni látin í té góð hafnaraðstaða og mikið landrými á góðum leigukjörum.

Þær aðstæður, sem nú hafa skapast vegna afstöðu borgaryfirvalda um að áburðarframleiðslu í Reykjavík verði hætt, eiga rætur í breyttum þjóðlífsháttum. Byggðin í landinu er að breytast. Fólkið yfirgefur landsbyggðina í vaxandi mæli en byggðin í Reykjavík vex að bæjarveggnum í Gufunesi. Hér hefur þjóðin því orðið vitni að harðri en hollri áminningu um hættur sem verða til við tilfærslu á byggð í landinu. Þetta verða menn að hafa í huga við staðsetningu á orku- og iðjuverum.

Í athyglisverðri grein eftir dr. Sigurð Þórarinsson jarðfræðing sem birtist í ritverkinu *Saga Íslands* I kemst höfundur m.a. að þeirri niðurstöðu að dreifð byggð í landinu hafi verið von þjóðarinnar í baráttunni við lífshættuleg náttúruöfl, eldgos og jarðskjálfta. Þessi ritsmíð er birt í fylgiskjali III. Við þá þjóðfélagsumræðu,sem nú fer fram, á boðskapur þessarar greinar sérstakt erindi til íslensku þjóðarinnar því að í henni felst viðvörun um þann háska sem felst í að þjappa byggðinni saman. Það er nauðsynlegt að menn átti sig á þessu áður en náttúruhamfarir, t.d. af völdum jarðskjálfta, sannfæra menn um þá niðurstöðu.

Fylgiskjal I.

Úr skýrslu nefndar sem landbúnaðarráðherra skipaði til að kanna hagkvæmni í rekstri Áburðarverksmiðju ríkisins.
(9. júní 1988.)

Í ársbyrjun 1988 lagði starfshópur, sem þáverandi félagsmálaráðherra skipaði árið 1986, fram tillögur um úrlausn vandamála vegna ammoníaksgeymis Áburðarverksmiðju ríkisins í

Gufunesi. Í skýrslu nefndarinnar er fjallað um möguleika á skyndilegum leka í ammoníaksgeymi áburðarverksmiðjunnar og alvarlegum afleiðingum þess. Ríkisstjórnin ákvað að grípa þegar í stað til fyrirbyggjandi ráðstafana, m.a. að byggja nýjan og öruggari geymi.

Jafnframt ákvað ríkisstjórnin að láta fara fram úttekt á hagkvæmni í rekstri Áburðarverksmiðju ríkisins með hliðsjón af því hvort rétt þyki að halda starfrækslu verksmiðjunnar áfram og jafnframt kanna möguleika á nýrri staðsetningu verksmiðjunnar. Með bréfi dags. 22. mars sl. skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að gera þá úttekt. Í nefndina voru skipaðir: Gunnlaugur M. Sigmundsson viðskiptafræðingur, sem var skipaður formaður nefndarinnar, dr. Vilhjálmur Egilsson hagfræðingur og Kristinn Ó. Magnússon verkfræðingur. Starfsmaður nefndarinnar var Halldór Árnason, skrifstofustjóri í Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Nefndin hélt alls 16 fundi. Nefndin aflaði gagna og ræddi við ýmsa aðila sem rekstur áburðarverksmiðjunnar varðar. Á fund nefndarinnar komu m.a. stjórnendur og fulltrúi starfsfólks verksmiðjunnar, fulltrúi frá Reykjavíkurborg, fulltrúar frá Landsvirkjun og forstjóri Vinnueftirlits ríkisins, en hann var formaður þess starfshóps félagsmálaráðherra sem að ofan er getið.

Hér á eftir fylgja helstu niðurstöður nefndarinnar:

— Áætluð eftirspurn eftir framleiðslu Áburðarverksmiðju ríkisins er um 50 þús. tonn af áburði á ári. Miðað við núverandi söluverð á áburði og fyrirsjáanlegan framleiðslukostnað er framlag til afskrifta og vaxta áætlað um 16,2% af sölutekjum, eða um 115 m.kr. á ári. Þessi upphæð nægir til þess að standa undir fyrirsjáanlegri endurnýjun á verksmiðjunni, greiðslu vaxta auk þess sem unnt er að lækka nokkuð núverandi skuldir. Framlag til vaxta og afskrifta er háð verði á áburði og framleiðslukostnaði, þar með taldri gengisþróun, hráefnisverði og raforkuverði. Lækki framlagið sem einhverju nemur mun verksmiðjan safna skuldum.
— Meginniðurstaða nefndarinnar varðandi samanburð á innflutningi og innlendri framleiðslu er sú að ekki sé hægt að staðfesta að innfluttur áburður sé ódýrari en innlend framleiðsla.
— Þegar reistur hefur verið nýr og öruggari ammoníaksgeymir er talið að Áburðarverksmiðja ríkisins fullnægi í aðalatriðum öllum öryggiskröfum sem gerðar eru til hennar, en þær eru strangar. Því er af öryggisástæðum ekkert því til fyrirstöðu að athafnasvæði nái alveg að lóð verksmiðjunnar.
— Eigi að reisa verksmiðjuna á öðrum stað kostar það mun meiri fjárfestingar en nemur endurnýjunarfjárfestingum í núverandi verksmiðju og niðurgreiðslu þeirra lána sem á henni hvíla. Ekki er sjáanlegt að rekstrarkostnaður yrði minni á nýjum stað.

Fylgiskjal II.

Lausleg athugun á framleiðsluverðmæti, raforkukaupum og vinnuaflsnotkun hjá Áburðarverksmiðju ríkisins, upphæðir í þús. kr.
(17. apríl 1990.)

Framleiðsluverðmæti 1990	1.144.000
Framleiðsluverðmæti 1955–1990 (verðlag 1990)	27.005.418
Raforkukaup 1990 (áætluð)	96.000
Raforkukaup 1955–1990 (verðlag 1990)	2.903.830

Fjöldi ársverka 1989:147

Fylgiskjal III.

Sigurður Þórarinsson:

Sambúð lands og lýðs í ellefu aldir.
Jarðskjálfti.
(Úr *Sögu Íslands*, 1. bindi, bls. 84–88. Rvík. 1974.)

Ísland á það sammerkt mörgum virkum eldfjallalöndum, að jarðskjálftar eru þar tíðir. Ekki ber þó að líta á þá yfirleitt sem afleiðingar eldvirkninnar, heldur leita orsakar hvorstveggja í jarðfræðilegri byggingu og legu landsins. Raunar fylgja venjulega einhverjar jarðhræringar eldsumbrotum, en þær hræringar eru sjaldan svo sterkar, að verulegu tjóni valdi. Stærstu* jarðskjálftarnir verða vegna höggunar í jarðskorpunni án nokkurs beins sambands við eldvirkni. Þó eru upptök flestra jarðskjálfta hérlendis á jarðeldasvæðum þeim, sem virk hafa verið á jökultíma og nútíma, en þeir eru einnig nokkuð tíðir á blágrýtissvæðinu milli Skjálfanda og Skaga.

Kortið á bls. 86 sýnir þau svæði á Íslandi, þar sem um verulega jarðskjálftahættu er að ræða. Aðaljarðskjálftasvæðið er Suðurlandsundirlendið og þar hafa orðið stærstu jarðskjálftar, sem vitað er um hérlendis, sumarið 1784 og haustið 1896. Mun stærð mesta kippsins 1784 hafa verið yfir 7.5 á Richterskvarða og nærri 7.5 í verstu hrinunum 1896. Þó týndu aðeins 3 manneskjur lífi í fyrri jarðskjálftanum, en 4 í þeim síðari. En styrkleikur í þessum jarðskjálftum mun hafa komizt í a. m. k. 10 Mercalli stig. Hafa jarðskjálftar á Íslandi yfirleitt orðið fáum að aldurtila og hefur strjálbýlið ráðið þar mestu um. Mannskæðasti jarðskjálfti, sem sögur fara af, varð fyrir sunnan land, 7. júlí 1211, ef til vill á Reykjanesi, og samfara miklum eldsumbrotum á Eldeyjarsvæðinu. Samkvæmt fornum annálum og Guðmundar sögu hinni elztu urðu í þessum jarðskjálfta 13—18 menn undir húsum. Samanlagt er vitað um nálægt 100 manneskjur, er farizt hafa hérlendis í jarðskjálftum síðan sögur hófust. En tjón á mannvirkjum hefur oft verið ærið og þó miklu mest í þeim tveim

* Munur er á stærð og styrkleika jarðskjálfta. Styrkleikinn er háður hraðaaukningu jarðskjálftabylgnanna og minnkar með vaxandi fjarlægð frá upptökum skjálftans. Styrkleiki er mældur í stigum með tilliti til áhrifa skjálftans á menn og mannvirki og umhverfi almennt, á svipaðan hátt og vindstig eru ákveðin, og er venjulega notaður 12 gráðu styrkleikastigi, kenndur við Mercalli. Stærð jarðskjálfta er hinsvegar mælikvarði á orku hans og er metin eftir útslagi á jarðskjálftalínuritum og jarðskjálftar flokkaðir eftir svokölluðum Richterskvarða frá 1 upp í 8.0 og táknar aukning um eitt stig hundraðfalda aukningu orku.



Skipting landsins í svæði með tilliti til jarðskjálftahættu.

jarðskjálftum á Suðurlandsundirlendinu, sem fyrr getur, og hefur ekki orðið meira eignatjón af öðrum náttúruhamförum hérlendis, nema af völdum gossins á Heimaey 1973. Samkvæmt skýrslu Hannesar biskups Finnssonar lögðu jarðskjálftarnir 14. og 16. ágúst 1784 um 400 bæi í Árnes- og Rangárvallasýslum meira og minna í rúst, þar af um 100 nær algjörlega. Ein afleiðing þessara jarðskjálfta var, að Skálholt lagðist af sem biskupssetur. Í jarðskjálftunum 26. ágúst til 6. september 1896 varð tjónið ekki minna. Á 75 bæjum í Árnessýslu og 86 í Rangárvallasýslu féll meira en helmingur húsa, en á 80 bæjum í Árnes- og 75 í Rangárvallasýslu fjórðungur til helmingur, og eitthvert tjón varð á 971 býli af þeim 1287, sem þá voru í þessum sýslum. Samanlagt urðu þó jarðskjálftarnir 1784 og 1896 ekki nema 7 manneskjum að bana, svo sem fyrr getur. Á því sem af er 20. öld hefur verulegt tjón orðið í tveimur jarðskjálftum: á Heklusvæðinu 6. maí 1912, en stærð hans var um 7 á Richterskvarða, og Dalvíkurjarðskjálftanum 2. júní 1934, er lagði Dalvík í rúst að heita mátti, en stærð hans var 6¼.

TAFLA IV.

JARÐSKJÁLFTAR Á NORÐURLANDI SVO STERKIR AÐ BÆIR HRUNDU

Ár	Eyjafjarðarsvæðið	Skjálfandasvæðið	Axarfjarðarsvæðið
1260	..	+	..
1584	(+)	..	..
1618	..	+	..
1755	+	+	..
1838	+	+	..
1867	..	+	..
1872	..	+	..
1885	..	..	+
1934	+	..	..
Samtals	4	6	1

(Sigurður Þórarinsson)

TAFLA V. JARÐSKJÁLFTAR Á SUÐURLANDI SVO STERKIR AÐ BÆIR HRUNDU

Ár		Þingvellir	Krísuvík Selvogur	Ölfus	Flói	Gr.nes	Skeið	Biskupstungur Laugardalur	Hreppar	Holt	Land	Rangárvellir	Hvolhreppur	Fljótshlíð	Landeyjar	Eyjafjöll	Dauðsföll
1164		..	..	(+)	(+)	+	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	19
1182		..	..	?	?	?	..	..	..	..	?	?	..	..	..	..	11
1211		..	..	?	?	?	..	..	..	..	?	?	..	..	..	..	18
1294		..	..	..	..	..	..	..	..	..	(+)	+	..	+	..	..	..
1300		..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	+	..	..	..	..	..
1308		..	..	?	?	?	..	..	..	..	?	?	..	..	.	..	6
1339		..	..	..	+	..	+	..	..	+	..	+	+	..	..	..	..
1370		..	..	+	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	6
1391		..	..	+	+	+	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	5
1510		..	..	..	..	..	..	..	..	..	(+)	(+)	..	..	..	..	..
1546		..	..	+	..	..	..	..	..	..	(+)	(+)	..	..	..	..	..
1581		..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	+	+	..	..	..	..
1597		..	..	+	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..
1614		..	..	(+)	(+)	(+)	+	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..
1624		..	..	..	+	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..
1630		..	..	..	..	..	..	..	..	(+)	+	+	..	..	..	..	6
1633		..	..	+	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..
1657		..	..	..	+	..	..	..	..	..	..	..	..	+	..	..	..
1663		..	+	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..
1671		..	..	+	..	+	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	5
17v6		..	..	+	+	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	4
1724		..	+	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..
1725		..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	+	..	..	..	..	..
1726		..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	+	..	..	..	..	..
1732		..	..	..	..	..	..	..	+	..	+	+	..	..	..	..	..
1734		..	..	+	+	+	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	9
1749		..	..	+	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..
1752		..	..	+	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..
1757		..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	+	..	..	..
1766		..	..	+	..	..	..	..	..	+	+	..	..	..	..	..	..
1784		+	..	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+	..	+	3
1789		(+)	+	+	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..
1828		..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	+	+	..	1
1829		..	..	..	..	..	..	..	..	..	+	+	..	..	..	..	..
1876		..	+	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..
1889		..	+	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..
1896		..	..	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+	4
1912		..	..	..	..	..	..	..	..	..	+	+	..	+	..	..	1
Samtals	+	1	5	14	8	6	4	2	3	4	7	12	4	7	2	2	..
	(+)	1	..	2	2	1	..	..	..	1	3	2	..	..	..	..	..
	?	..	..	3	3	3	..	..	..	..	3	3	..	..	..	..	..
Samtals		2	5	19	13	10	4	2	3	5	13	17	4	7	2	2	98

Grjóthrun og skriðuföll fylgja miklum jarðskjálftum, svo og breytingar á hverasvæðum, og má nefna, að líklegt er talið að konungur goshvera, Geysir í Haukadal, hafi til orðið í jarðskjálfta 1294. Ekki er vitað til, að granni hans, Strokkur, hafi gosið fyrr en í jarðskjálftum þeim, er hófust í Árnessýslu 10. júní 1789. Í þeim sömu jarðskjálftum grynnkaði Þingvallavatn að sunnan, en norðan vatns seig spildan milli Almannagjár og Hrafnagjár rúma alin, með þeim afleiðingum, að Þingvöllur varð blautlendari en áður var, og varð þessi jarðskjálfti eitt af tilefnum þess, að Alþingi var flutt frá Þingvöllum.

(Sigurður Þórarinsson)

Í töflum IV og V eru dregnar sama upplýsingar um þá jarðskjálfta á Íslandi, sem valdið hafa hruni bæja. Plúsmerki táknar, að þess sé beinlínis getið í skráðum heimildum, að bær hafi hrunið í viðkomandi sveit, en sama merki innan sviga merkir, að sveitin sé ekki nefnd á nafn, en að næstum örugglega sé um téða sveit að ræða. Spurningarmerki táknar, að meiri óvissa sé um svæðin, en víst sé, að jarðskjálftarnir hafi verið á Suðurlandi og allmiklir.

Nd. 958. Nefndarálit [363. mál]

um frv. til l. um Listskreytingasjóð ríkisins.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og borist um það umsagnir frá borgarstjóranum í Reykjavík, stjórn Listskreytingasjóðs ríkisins og Listasafni Íslands. Umsagnir þeirra tveggja fyrst nefndu eru birtar sem fylgiskjöl með áliti þessu.

Um leið og nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins vill hún leggja á það áherslu að hún telur mikilvægt að lögbundin framlög til sjóðsins séu ekki skert í fjárlögum.

Árni Gunnarsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. apríl 1990.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr.	Guðmundur G. Þórarinsson.
Ragnhildur Helgadóttir.	Pétur Bjarnason.	Þórhildur Þorleifsdóttir.

Fylgiskjal I.

Bréf frá borgarstjóranum í Reykjavík, Davíð Oddssyni, til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.
(4. apríl 1990.)

Á fundi borgarráðs í gær var lögð fram umsögn framkvæmdastjóra lögfræði- og stjórnsýsludeildar frá 2. þ.m. um frumvarp um Listskreytingasjóð ríkisins.

Borgarráð samþykkti umsögnina sem fylgir í ljósriti.

Umsögn til borgarráðs frá Hjörleifi B. Kvaran, lögfræði- og stjórnsýsludeild Reykjavíkurborgar.
(2. apríl 1990.)

Óskað hefur verið umsagnar minnar um frumvarp til laga um Listskreytingasjóð ríkisins, sem menntamálanefnd neðri deildar Alþingis sendi borgarstjórn til umsagnar með bréfi dags. 22. mars sl.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að listskreytingar komi einungis til þegar um er að ræða byggingar sem ríkissjóður fjármagnar að öllu leyti eða nokkru.

Vakin skal athygli á að með lögum um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem samþykkt voru á síðasta ári urðu verulegar breytingar á þátttöku ríkisins í stofnkostnaði bygginga á vegum sveitarfélaga. Ríkissjóður tekur t.d. ekki lengur þátt í kostnaði við byggingu grunnskóla eða dagvistarheimila.

Samkvæmt 10. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að þegar um er að ræða byggingar sem sveitarfélög standa að ásamt ríkinu geti stjórn Listskreytingasjóðs bundið framlag úr sjóðnum skilyrði um mótframlag úr viðkomandi sveitarsjóði. Í þeim tilvikum sem ríki og sveitarfélög standa saman að byggingarframkvæmdum er kostnaðarskiptingin lögbundin og því er þeirri

athugasemd komið á framfæri að komi til þess að sveitarfélög verði krafin um mótframlag þá verði það að hámarki bundið við kostnaðarhlutdeild sveitarfélagsins í stofnkostnaði viðkomandi byggingar.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið.

Fylgiskjal II.

Umsögn Árna Gunnarssonar í stjórn Listskreytingasjóðs ríkisins send menntamálanefnd neðri deildar Alþingis.
(4. apríl 1990.)

Stjórn Listskreytingasjóðs ríkisins hefur borist bréf menntamálanefndar neðri deildar Alþingis, dags. 22. mars, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um Listskreytingasjóð ríkisins, 363. mál.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið er það reist á tillögum fyrrverandi stjórnar Listskreytingasjóðs sem menntamálaráðuneytið fól að vinna að endurskoðun gildandi laga um sjóðinn, nr. 34/1982, sbr. ákvæði til bráðabirgða í þeim lögum. Frumvarpið felur ekki í sér stórfelldar breytingar frá gildandi lögum, en núverandi sjóðstjórn telur fyrir sitt leyti að þau nýmæli, sem um er að ræða, séu til bóta.

Það sem fyrst og fremst hefur háð starfi Listskreytingasjóðs ríkisins þau ár, sem liðin eru frá stofnun hans, er að ekki hefur verið staðið við ákvæði laganna um framlög til sjóðsins í fjárlögum ár hvert. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir efnislegum breytingum á þessum ákvæðum, sem verða að teljast hófsamleg að því er varðar kröfur til ríkissjóðs. Að meginstefnu má segja að í þeim felist sú viðmiðun að unnt sé að verja til listskreytingar byggingar sem svarar einum hundraðshluta af stofnkostnaðarframlagi ríkisins að jafnaði. Mundi það þó augljóslega duga skammt til viðamikilla verkefna í mörgum tilvikum. Miðað við fjárlagameðferð á sjóðnum hingað til mundi það hins vegar reynast honum veruleg lyftistöng ef tekinn yrði upp sá háttur að láta hann njóta lögboðinna framlaga óskertra. Sem dæmi um þá fjárþörf sem sjóðurinn þarf að bregðast við má nefna tvær einstakar umsóknir sem nú liggja fyrir, önnur um 8,7 m.kr. en hin um 4,4 m.kr. Fjárveiting til sjóðsins á þessu ári er hins vegar einungis 10 m.kr.

Rétt er að vekja athygli á því að í lögum nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, er gert ráð fyrir að stofnkostnaður grunnskóla greiðist af sveitarfélögum án þátttöku ríkissjóðs. Engu að síður segir í 36. gr. laganna að um listskreytingu skólamannvirkja fari „eftir lögum nr. 34/1982, um Listskreytingasjóð ríkisins". Örðugt er að gera sér grein fyrir hvernig framkvæma beri þetta ákvæði að því er varðar grunnskólabyggingar sem reistar verða eftir gildistöku verkaskiptingarlaganna og þar með án þátttöku ríkissjóðs, þar sem lögin um Listskreytingasjóð gera ótvírætt ráð fyrir að framlag úr sjóðnum sé háð því að ríkið hafi lagt fé til hlutaðeigandi byggingar. Það er að sjálfsögðu mikilvægt að búið verði í haginn fyrir listskreytingu grunnskólahúsa ekki síður en annarra skólabygginga, en eigi að leggja skyldur á Listskreytingasjóð ríkisins í því efni þarf augljóslega að finna leið til að hann fái framlög í því skyni. Jafnframt þyrfti þá að breyta þeim greinum laganna sem binda starfsemi sjóðsins við byggingar sem ríkið á kostnaðaraðild að.

Sþ. 959. Svar [292. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Helgadóttur um starfsmannafjölda banka og sparisjóða hér á landi og á Norðurlöndum á árunum 1980–1990.

1. *Hver hefur orðið aukning á starfsmannafjölda banka og sparisjóða hér á landi og á Norðurlöndum á árunum 1980–1990?*

Á tíu ára tímabili hefur samkvæmt upplýsingum bankaeftirlits Seðlabanka Íslands stöðugildum í störfum hjá bönkum og sparisjóðum fjölgað um tæp 70%, úr 1843 árið 1979 í 3126 árið 1988, en tölur þessar eru unnar úr ársskýrslum banka og sparisjóða. Til samanburðar fjölgaði bankastarfsmönnum álíka á næsta 10 ára tímabili þar á undan eða um 66%. Á árinu 1989 fækkaði hins vegar stöðugildum hjá bönkum og samkvæmt bráðabirgðatölum er áætlað að starfsmannafjöldi í lok síðasta árs hafi verið 2.990, sem er rúmlega 4% lækkun milli ára. Búast má við áframhaldandi fækkun bankastarfsmanna á þessu ári og er það afleiðing af víðtækri sameiningu banka. Meðalfjöldi íbúa á hvern afgreiðslustað banka hefur lítið breyst á síðustu árum, en hann var 1.406 árið 1984, en 1.398 árið 1989. Nú má hins vegar búast við að íbúum á afgreiðslustað fjölgi að meðaltali verulega í kjölfar hagræðingar í bankakerfinu.

Annars staðar á Norðurlöndum er fjöldi íbúa að meðaltali á afgreiðslustað um 1.400 í Finnlandi (sama hlutfall og hér á landi), 1.524 í Danmörku, 2.077 í Noregi og 2.455 í Svíþjóð.

Reikna má út fjölda bankamanna á hverja 1.000 íbúa á Norðurlöndum (þjónustustig bankanna) og bera saman milli landa og á milli tímabila. Á árabilinu 1980 til 1989 hækkaði þetta þjónustustig í öllum ríkjunum, en mismikið. Á Íslandi hækkaði það mest eða um 59%, en á bilinu 17% til 41% í hinum ríkjunum.

Samkvæmt tölum frá Sambandi íslenskra bankamanna voru árið 1989 um 15 bankamenn á hverja 1.000 íbúa hér á landi, en í hinum ríkjunum var meðaltalið 7,2 bankamenn á 1.000 íbúa á sama tíma (frá 5,6 til 9,7). Til samanburðar voru hér á landi 9,5 bankamenn á 1.000 íbúa árið 1980, en meðaltal í hinum ríkjunum var þá 5,8.

Framangreindan samanburð verður að taka með þeim fyrirvara að nokkur munur er á bankaþjónustu hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum. Munar þar mestu að notkun póstgírókerfis er þar mun algengari og kemur það í stað víðtækrar greiðslumiðlunar innlánsstofnana hér á landi. Þá er tékkanotkun hlutfallslega meiri hér.

2. *Hver áhrif hefur tölvuvæðing haft á fjölda starfsmanna?*

Bankaviðskipti hafa stórlega vaxið síðustu árin og ný og fyrirferðarmikil verkefni fallið bankakerfinu í hlut. Þótt starfsmannafjöldi hafi jafnframt aukist er það mat kunnugra að sú aukning hafi ekki verið í hlutfalli við aukin verkefni og megi þakka það tölvuvæðingu bankanna.

Þannig fjölgaði útgefnum tékkum í viðskiptalífinu um 87% á tímabilinu 1980–1988. Sparisjóðsviðskipti uxu um 103% á tímabilinu 1983–1988, færslufjöldi varðandi skuldabréf tvöfaldaðist á fjórum árum (1984–1989), afgreiðslur vegna viðskipta á innlendum gjaldeyrisreikningum tvöfölduðust á fimm árum (1983–1989), fjöldi greiðslukortanóta fjórfaldaðist á þremur árum (1985–1989) og þannig mætti áfram telja.

Það er því ljóst að verulegum hluta af auknum þjónustuumsvifum banka hefur verið mætt með tölvuvæðingu starfa. Ef litið er á færslufjölda reiknistofu bankanna eru þar gerðar að meðaltali um 300 þús. færslur á hverjum afgreiðsludegi banka og sparisjóða sem er meira en ein færsla á hvern landsmann. Er þar um geysihátt hlutfall að ræða í samanburði við önnur ríki.

3. Hvert er samræmi milli starfsmannafjölda og aukinna verkefna, t.d. aukinna innheimtustarfa og annarra verkefna?

Vísað er til framangreindra upplýsinga.

4. Sé um meiri aukningu starfsfólks að ræða hér á landi en á Norðurlöndum, hvaða skýringu hefur ráðherra á því?

Ekki er hægt að gefa einhlíta skýringu á þessu enda skortir rannsóknir til þess að byggja niðurstöðu á. Það að aukningin varð meiri en annars staðar á Norðurlöndum byggist á ýmsum breytingum í þjónustu íslenskra banka sem ekki voru samstiga við þær breytingar sem á sama tíma urðu þar.

Hitt er athyglisverðara að hér eru mun fleiri bankastarfsmenn á hverja 1.000 íbúa en annars staðar á Norðurlöndum þar sem hlutfallið er þó talið nokkuð hátt í samanburði við stærri iðnríki. Kemur hér vafalaust til skipting íslenska bankakerfisins í smáar einingar sem hver um sig hefur þó reynt að veita fullkomna bankaþjónustu.

Með þeirri sameiningu bankastofnana, sem nú er orðin hér á landi eða unnið er að, má búast við stóraukinni hagræðingu í starfsemi og einnig má búast við að aukin samkeppni frá erlendum bankastofnunum muni á næstu áratugum knýja íslensku bankana til þess að halda kostnaði og þar með starfsmannahaldi í lágmarki.

Nd. 960. Frumvarp til laga [558. mál]

um brottnám líffæra og krufningar.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

I. KAFLI

Brottnám líffæra.

1. gr.

Hver, sem orðinn er 18 ára, getur gefið samþykki til brottnáms líffæris eða lífrænna efna úr eigin líkama til nota við læknismeðferð annars einstaklings. Lífi og heilsu líffæragjafa má þó aldrei stofna í augljósa hættu með slíkri aðgerð.

Áður en væntanlegur líffæragjafi veitir samþykki sitt skal læknir veita honum upplýsingar um eðli aðgerðar og hugsanlegar afleiðingar hennar. Læknir skal ganga úr skugga um að væntanlegur líffæragjafi skilji þessar upplýsingar.

Blóðgjöf og notkun blóðs er undanþegin lögum þessum.

2. gr.

Nú liggur fyrir samþykki einstaklings og má þá, að honum látnum, nema brott líffæri eða lífræn efni úr líkama hans til nota við læknismeðferð annars einstaklings.

Liggi slíkt samþykki ekki fyrir er heimilt að fjarlægja líffæri eða lífræn efni úr líkama látins einstaklings ef fyrir liggur samþykki nánasta vandamanns hans og slíkt er ekki talið brjóta í bága við vilja hins látna.

Með nánasta vandamanni er átt við maka (sambýlismann eða sambýliskonu), börn, ef hinn látni átti ekki maka, foreldra, ef hinn látni var barnlaus, eða systkini, ef foreldrar hins látna eru einnig látnir.

Eftir því sem kostur er skal tilkynna vandamönnum hins látna um andlát hans áður en líffæri eða lífræn efni eru numin brott úr líkama hans til nota við læknismeðferð annars einstaklings.

3. gr.

Brottnám líffæra skv. 2. gr. er óheimilt ef kryfja þarf hinn látna réttarkrufningu og brottnámið gæti haft áhrif á niðurstöður krufningarinnar.

4. gr.

Áður en líffæri eða lífræn efni eru numin brott, sbr. 2. gr., skal andlát staðfest af tveimur læknum. Skulu það ekki vera sömu læknar og annast brottnám líffæranna.

Á sjúkrahúsum skal halda sérstaka skrá um brottnám líffæra. Í skrána skal rita andlátsstund, dánarorsök, nöfn þeirra lækna sem staðfestu andlát og hvaða viðmiðun var beitt til að staðfesta andlátið.

Læknir, sem annaðist hinn látna síðast fyrir andlátið, má ekki annast brottnám líffæra eða lífrænna efna.

II. KAFLI

Krufningar.

5. gr.

Nú liggur dánarorsök ekki fyrir svo fullnægjandi sé talið og er þá heimilt að kryfja líkið, enda hafi hinn látni eða nánasti vandamaður, sbr. 3. mgr. 2. gr., samþykkt krufninguna.

Þurfi að afla samþykkis nánasta vandamanns fyrir krufningu skal læknir veita upplýsingar um tilgang og markmið krufningarinnar.

Vandamönnum er heimilt að krefjast krufningar ef í ljós kemur að ekki er af hálfu læknis hins látna fyrirhugað að óska eftir krufningu.

6. gr.

Krufningu skv. 5. gr. má ekki framkvæma ef ástæða er til að ætla að réttarkrufningar verði krafist.

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

7. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglur um framkvæmd laga þessara, m.a. um frágang líka að lokinni krufningu.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Heilbrigðisráðherra skipaði 10. október 1989 nefnd sem fékk það verkefni að gera tillögur að reglum um brottnám líffæra. Í nefndina voru skipuð: Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, formaður, Ólafur Ólafsson landlæknir, Páll Ásmundsson yfirlæknir, Sigþrúður Ingimundardóttir hjúkrunarfræðingur, Sigfinnur Þorleifsson sjúkrahúsprestur, Þórður Harðarson prófessor og Dögg Pálsdóttir lögfræðingur sem jafnframt var ritari nefndarinnar.

Niðurstaða nefndarinnar varð sú að ólíklegt sé að ígræðslur, aðrar en hornhimnuígræðslur, verði stundaðar hér á landi í náinni framtíð vegna smæðar þjóðarinnar. Við bestu aðstæður hér á landi mun hins vegar verða unnt að nema brott líffæri sem send yrðu utan til ígræðslu. Þó ólíklegt sé að slík líffæri nýttust í íslenska sjúklinga mundu íslenskir sjúklingar, sem bíða líffæraflutninga, eiga meiri möguleika á slíku. Í gegnum starfsemi norrænu líffæraflutningastofnunarinnar, Scandiatransplant, hafa íslenskir sjúklingar þegið nýru úr nýlátnum einstaklingum frá árinu 1971. Íslendingar hafa á sama tíma ekkert líffæri lagt af mörkum. Leggja

verður áherslu á að Íslendingar eiga starfsemi Scandiatransplant mikla skuld að gjalda í þessum efnum.

Nefndin telur nauðsynlegt að lögfesta skýr ákvæði um brottnám líffæra til ígræðslu. Jafnframt telur nefndin að nauðsynlegt sé að setja skýrar reglur um hvenær krufning sé heimil.

Nefndin hefur því samið frumvarp til laga um brottnám líffæra og krufningu og skipt því í tvo meginkafla, hinn fyrri er um brottnám líffæra og hinn síðari um krufningar.

Almennt um ígræðslur.

Fyrsta meginregla líffæraflutninga er að þeim mun meira samræmi sem er milli vefjagjafa og vefjaþega þeim mun síður hafnar líkami þega hinu ígrædda líffæri. Er hér einkum átt við samræmi svokallaðra vefjamótefnavaka (HLA antigen). Enda þótt lyf á borð við cyclosporin, sem vinnur gegn höfnun ígræddra líffæra, hafi dregið úr mikilvægi vefjasamræmingar eru áhrif hennar samt ljós.

Best samræmi getur fengist milli systkina en helmingssamræmi er jafnan milli foreldra og afkvæma. Ígræðslur líffæra úr lifandi ættingjum varða fyrst og fremst nýru þótt reynt hafi verið með nokkrum árangri að flytja hluta lifrar og briss milli skyldmenna.

Til að tryggja að líffæri úr nýlátnum einstaklingi nýtist með sem mestu vefjasamræmi eru til orðin svæðasamtök sem dreifa líffærum til hentugustu þiggjenda. Scandiatransplant, sem vikið var að hér að framan, eru dæmi um slík samtök.

Önnur meginregla líffæraflutninga er sú að þeim mun skemmri tími sem líður frá því að hjarta væntanlegs gjafa hættir að slá þar til líffæri til ígræðslu er numið úr honum þeim mun lífvænlegra er líffærið. Best er að fjarlægja líffæri meðan hjartað slær enn og er það raunar forsenda þess að nýta megi hjörtu og lungu til ígræðslu. Lög, sem miða dauða við að heilastarfsemi sé hætt og heimila að líffæri til ígræðslu séu fjarlægð úr látnum áður en slökkt er á öndunarvélum, eru þannig líffæraígræðslum til mikils framdráttar.

Líffæraígræðslur í Íslendinga.

Ígræðslur einstakra líffæra í íslenska sjúklinga til þessa (á árunum 1989–1990) eru sem hér segir:

Nýrnaígræðslur: Allar ígræðslur úr nýlátnum hafa verið á vegum Scandiatransplant utan ein. Það var árið 1970 sem nýra var í fyrsta sinn grætt í Íslending og var nýrað úr lifandi gjafa. Í árslok 1989 höfðu samtals 50 nýru verið grædd í 46 sjúklinga. Af þeim voru 35 nýru (70%) úr nýlátnum en 15 (30%) úr lifandi ættingjum. Af þessum nýrnaþegum voru 28 enn á lífi.

Hjarta- og lungnaígræðslur: Tveir ungir karlmenn hafa þegið hjarta og hjarta og lunga. Báðir eru á lífi.

Lifrarígræðslur: Þrír íslenskir sjúklingar hafa þegið lifur og eru tveir þeirra á lífi.

Hornhimnuígræðslur: Ígræðsla hornhimna úr nýlátnum einstaklingum hafa verið framkvæmdar hér á landi um árabil. Eðli þessara líffæra er slíkt að þær eru ekki eins háðar vefjasamræmi og dauðastundu og aðrar ígræðslur.

Árleg þörf Íslendinga á líffærum til ígræðslu.

Miðað við reynslu Norðurlandaþjóða væri þörfin sem hér segir: 2–3 hjörtu, 3–4 lifrar, 1–2 bris (gæti breyst), 10–12 nýru. Samkvæmt okkar eigin reynslu er þörf á 8–10 nýrum á ári.

Ígræðslur líffæra á Norðurlöndum.

Til fróðleiks fylgja hér með nokkrar töflur úr skýrslu Scandiatransplant um starfsemi samtakanna árið 1988. Hjartaígræðslur í Svíþjóð tóku kipp við gildistöku nýrra laga um dauðaskilgreiningu í ársbyrjun 1988. Þá má benda á að Danir stunda hvorki hjarta- né lifrarígræðslur enda viðurkenna dönsk lög ekki að stöðvun á starfsemi heila jafngildi dauða.

Tafla 1. Nýrnaflutningar á Norðurlöndum 1956–1988.

	Íbúar (millj.)	Fjöldi	FJÖLDI NÝRNAFLUTNINGA Úr nýlátnum	Lifandi gjafi	% LG
Danmörk	5.1	3.020	2.797	233	7,3
Finnland	4.8	2.084	1.857	227	10,8
Noregur	4.1	2.118	1.347	771	36,4
Svíþjóð	8.3	4.954	3.960	987	19,9
Samtals	22.3	12.176	9.961	2.208	18,1

Tafla 2. Ígræðslustarfsemi á Norðurlöndum 1974–1988.

	Bris	Lifur	Hjarta	Hjarta-lungu
Danmörk	21	0	0	0
Finnland	0	35	17	1
Noregur	60	29	78	2
Svíþjóð	187	100	34	0
Samtals	268	164	129	3

Ígræðslustarfsemi Scandiatransplant 1988.

	Hjarta	Lifur	Bris	Nýrnagjafi nýlátinn	lifandi
Svíþjóð	31	42	40	268	87
Noregur	23	13	9	104	66
Danmörk	0	0	11	125	21
Finnland	10	16	0	140	16
Samtals	64	71	60	637	190

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að einstaklingur sé orðinn 18 ára til að geta gefið samþykki til brottnáms líffæris eða lífrænna efna úr eigin líkama til nota við læknismeðferð annars einstaklings. Læknir skal ætíð gefa væntanlegum líffæragjafa upplýsingar um eðli aðgerðar og hugsanlegar afleiðingar hennar. Hann skal auk þess ganga tryggilega úr skugga um að væntanlegur líffæragjafi hafi skilið upplýsingarnar. Aldrei má stofna lífi og heilsu væntanlegs líffæragjafa í hættu.

Gert er ráð fyrir að blóðgjöf og notkun blóðs verði undanþegið ákvæðum laganna.

Um 2. gr.

Sé fyrirhugað að nema brott líffæri eða lífrænt efni úr nýlátnum einstaklingi er þess krafist að einstaklingurinn hafi fyrir andlátið gefið samþykki sitt til slíkrar aðgerðar. Vottur þarf að geta staðfest munnlegt samþykki.

Liggi samþykki ekki fyrir er gert ráð fyrir að brottnám líffæra eða lífræns efnis sé engu að síður heimilt ef fyrir liggur samþykki nánasta vandamanns og slíkt er ekki talið brjóta í bág við vilja hins látna.

Með nánasta vandamanni er fyrst og fremst átt við maka (sambýlismann eða sambýliskonu). Hafi hinn látni ekki átt maka skal afla samþykkis barna og hafi hann verið barnlaus þá samþykkis foreldra. Séu foreldrar hins látna ekki á lífi teljast systkini hans nánustu vandamenn. Þetta þýðir að ekki má nema brott líffæri eða lífrænt efni úr einstaklingi sem á ekki svo nána vandamenn sem greinin telur upp nema hann hafi gefið samþykki áður en hann lést.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að óheimilt sé að nema brott líffæri til ígræðslu ef framkvæma þarf réttarkrufningu og brottnámið gæti haft áhrif á niðurstöður.

Um 4. gr.

Talin er ástæða til að andlát sé staðfest með enn tryggilegri hætti en venja er ef nema á brott líffæri úr hinum látna til ígræðslu. Þannig er hér gert ráð fyrir að andlát verði staðfest af tveimur læknum sem skulu vera aðrir en þeir sem nema brott líffærin. Þá er gert ráð fyrir að um brottnám líffæra verði haldin sérstök skrá þar sem skráð verði andlátsstund, dánarorsök, nöfn læknanna sem staðfesta andlát og viðmiðun sem beitt var við staðfestingu andláts. Þá er og gert ráð fyrir að læknir, sem annaðist hinn látna síðast fyrir andlátið, megi ekki annast brottnám líffæranna.

Um II. kafla.

Ákvæði 11. gr. laga nr. 64/1962, um dánarvottorð, hafa verið túlkuð svo að yfirlækni sé heimilt að krefjast krufningar. Í reynd munu lík þó ekki krufin nema fyrir liggi samþykki nánustu vandamanna hins látna nema um réttarkrufningu sé að ræða.

Samkvæmt lögum nr. 42/1913, um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum, telst það mannskaði ef maður deyr voveiflega. Voveiflegur dauðdagi samkvæmt lögunum er bráður bani er hlýst af einhverri annarri orsök en undanförnum sjúkdómi hvort heldur um slys er að ræða, sjálfsmorð eða manndráp.

Ef maður deyr voveiflega skal tilkynna það lögreglu tafarlaust og skal lögreglumaður rannsaka svo fljótt sem verða má hvernig dauða hefur borið að höndum. Hann skal kveðja lækni með sér og skulu þeir báðir í senn skoða líkið og læknir því næst kryfja það ef þörf gerist. Lögreglumaður ræður hvort líkið er krufið, en það skal hann jafnan fyrirskipa ef nokkur minnsti vafi getur leikið á því hvað varð manninum að bana. Til eru leiðbeiningar um réttarlæknisskoðun á líkum frá árinu 1936 og er enn við þær stuðst.

Samkvæmt lögunum frá 1913 er óþarfi að kalla til lögreglu þó að einstaklingur deyi í heimahúsi ef ljóst er að viðkomandi hafi dáið úr undanfarandi sjúkdómi. Lögregla er þannig oft af óþörfu tilkvödd þegar einstaklingur deyr í heimahúsi.

Jafnljóst er að ætíð skal gera lögreglunni viðvart ef um er að ræða fundið lík, manndráp, sjálfsvíg, slys, þegar dánarorsök er óviss eða ef önnur atvik gefa tilefni til rannsóknar.

Sýnist full ástæða til að ganga skilmerkilega frá leiðbeiningum bæði til lækna og lögreglu um það hvenær kalla þarf til lögreglu og hvenær ekki.

Um 5. gr.

Hér er sett fram sú meginregla að krufningu megi ekki gera nema hinn látni hafi samþykkt hana eða vandamenn hans í þeim tilvikum þegar ekki er vitað um vilja hins látna. Jafnframt er lögð sú skylda á lækni sem telur krufningu nauðsynlega að hann kynni vandamönnum tilgang og markmið krufningarinnar. Þá er gert ráð fyrir að komi í ljós að læknir, sem hefur haft hinn látna til meðferðar, hyggst ekki óska krufningar geti vandamenn sett fram ósk um krufningu.

Jafnframt er vandamönnum heimilt að krefjast krufningar.

Um 6. gr.

Krufningu má ekki framkvæma ef ætla má að krafist verði réttarkrufningar.

Um III. kafla.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að ráðherra verði heimilt að setja sérstakar reglur um frágang líka að lokinni krufningu. Nauðsynlegt þykir að slíkar reglur eigi sér skýra stoð í lögum.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 961. Frumvarp til laga [559. mál]

um ákvörðun dauða.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

Það er hlutverk læknis að ákvarða um dauða manns og rita dánarvottorð. Honum ber að beita reynslu sinni og þeirri þekkingu sem hverju sinni er tiltæk til þessa verks.

2. gr.

Maður telst vera látinn þegar öll heilastarfsemi hans er hætt og engin ráð eru til að heilinn starfi á ný.

3. gr.

Staðfesta má dauða manns ef hjartsláttur og öndun hafa stöðvast svo lengi að öll heilastarfsemi er hætt.

Hafi öndun og hjartastarfsemi verið haldið við með vélrænum hætti skal ákvörðun um dauða byggjast á því að skoðun leiði í ljós að öll heilastarfsemi sé hætt.

4. gr.

Heilbrigðisráðherra skal setja reglur um það hvaða rannsóknum skuli beita til þess að ganga úr skugga um að öll heilastarfsemi sé hætt. Reglur þessar skulu vera í samræmi við tiltæka læknisfræðilega þekkingu á hverjum tíma.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðustu árum hefur mikið verið rætt um skilgreiningu dauða í nágrannalöndunum. Ástæða þess er m.a. sú að með aukinni tækni í læknisfræði, ekki síst með tilkomu öndunarvéla, er unnt að halda við öndun og hjartslætti sjúklings þó að heilastarfsemi sé sannanlega og endanlega hætt. Þetta hefur kallað á víðtækari skilgreiningu á dauða en hina hefðbundnu sem gerir ráð fyrir að maður sé látinn þegar hjarta hans hættir að slá og öndun hans hættir. Frekari sannanir andláts hafa verið dauðateikn eins og líkblettir.

Fjölmörg lönd, bæði austan hafs og vestan, hafa af þessum sökum skilgreint dauðahugtakið að nýju á þann veg að maður teljist látinn ef heilastarfsemi hans er hætt og fullljóst að

heilastarfsemin getur ekki hafist á ný. Danir og Íslendingar eru einu þjóðirnar í Vestur Evrópu sem ekki hafa endurskoðað dauðahugtakið með þessum hætti. Lengi hefur verið ljóst að þörf væri á því að kanna hvort ástæða væri til að fylgja fordæmi annarra þjóða.

Heilbrigðisráðherra skipaði 10. október 1989 nefnd sem fékk það verkefni að gera tillögur að löggjöf um skilgreiningu dauða. Í nefndinni áttu sæti: Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, formaður, Ólafur Ólafsson landlæknir, Páll Ásmundsson yfirlæknir, Sigfinnur Þorleifsson sjúkrahúsprestur, Sigþrúður Ingimundardóttir hjúkrunarfræðingur, Þórður Harðarson prófessor og Dögg Pálsdóttir lögfræðingur sem jafnframt var ritari nefndarinnar.

Íslensk löggjöf og skilgreining dauða.

Í gildandi lögum er hvergi að finna skilgreiningu á því hvenær maður telst látinn ef undan eru skilin ákvæði laga nr. 44/1981, um horfna menn. Samkvæmt þeim er unnt að ákveða með dómi að horfinn maður skuli talinn látinn.

Víða í lögum er hins vegar vikið að því hvað gera skuli er einstaklingur deyr. Lög nr. 3 1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl., mæla svo fyrir að þegar maður deyr skuli tafarlaust, eða svo fljótt sem kostur er, tilkynna það skiptaráðanda eða hreppstjóra. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 64/1962, um dánarvottorð, skal rita dánarvottorð fyrir hvern mann er deyr hér á landi. Við andlát einstaklings skal beita ákvæðum erfðalaga, nr. 8/1962, með síðari breytingum, um skiptingu eigna hins látna.

Við ákvörðun dauða hefur verið stuðst við hina hefðbundnu dauðaskilgreiningu um stöðvun hjartsláttar og öndunar.

Norrænar reglur um skilgreiningu dauða.

Í norskum lögum frá árinu 1973 (nr. 6) er fjallað um líffæraflutninga, sjúkrahúskrufningar o.fl. Í lögunum er ekki að finna nein ákvæði um skilgreiningu dauða. Árið 1977 var sett reglugerð um skilgreiningu dauða með stoð í lögunum frá 1977. Samkvæmt henni telst einstaklingur látinn þegar ljóst er að öll heilastarfsemi, stóraheila, litlaheila og heilastofns, er stöðvuð. Í reglugerðinni er að finna nákvæm fyrirmæli um það hvaða aðferðum skuli beita til að ganga úr skugga um að öll heilastarfsemi sé stöðvuð. Eiga þær aðferðir við þau tilvik þegar öndun og hjartslætti er viðhaldið með vélrænum hætti. Gerðar eru ríkari kröfur til dánarvottorða þegar andlát er staðfest með þessum hætti. Andlátið er miðað við þann tíma þegar stöðvun heilastarfsemi er staðfest. Hafi hjartslætti og öndun ekki verið viðhaldið með vélrænum hætti skal staðfesta andlát eftir venjulegum reglum.

Í Svíþjóð gengu í gildi 1. janúar 1988 ný lög um dauðaskilgreiningu (SFS 1987:269). Samkvæmt lögunum telst einstaklingur látinn þegar heilastarfsemi er hætt. Læknar skulu staðfesta andlát í samræmi við þá þekkingu og reynslu sem tiltæk er hverju sinni. Dauða má staðfesta þegar öndun og hjartsláttur hafa stöðvast svo lengi að vafalaust er að heilastarfsemi er hætt. Ef öndun og hjartslætti er viðhaldið með vélrænum hætti skal staðfesta dauða ef rannsóknir sýna með vissu að heilastarfsemi sé hætt.

Ítarlegar reglur og leiðbeiningar með lögunum um dauðaskilgreiningu (SOSFS 1987:32) gengu og í gildi í Svíþjóð 1. janúar 1988. Reglurnar hafa að geyma athugasemdir með einstökum greinum laganna ásamt leiðbeiningum um hvaða rannsóknir skuli gera á heilastarfsemi áður en unnt er að staðfesta andlát. Á það við um þau tilvik þegar öndun og hjartslætti er viðhaldið með vélrænum hætti.

Lög um brottnám líffæra og vefja í læknisfræðilegum tilgangi gengu í gildi í Finnlandi 1. september 1985. Lögin komu í stað laga frá 1957 um notkun vefja úr látnum. Með stoð í lögunum frá 1957 voru settar reglur árið 1971. Samkvæmt þeim telst maður látinn ef heilastarfsemi er hætt. Í reglunum er að finna fyrirmæli um hvernig ganga skuli úr skugga um að heilastarfsemin sé hætt.

Norsku, sænsku og finnsku leiðbeiningarnar um aðferðir, sem beita skal við ákvörðun um það hvort heilastarfsemi sé hætt, eru um flest svipaðar. Reglurnar í fylgiskjali með frumvarpinu, sem hér er lagt fram, eru sniðnar eftir þessum reglum og leiðbeiningum.

Í byrjun janúar 1990 voru lögð fram í danska þjóðþinginu tvö lagafrumvörp. Annars vegar er frumvarp til laga um líkskoðun, krufningu, líffæraflutninga o.fl., lagt fram af dómsmálaráðherra. Hins vegar er frumvarp til laga um skilgreiningu dauða, líffæraflutninga o.fl., lagt fram af fjórum þingmönnum. Stjórnarfrumvarpið gerir ráð fyrir að unnt sé að staðfesta andlát ef öndun og hjartsláttur hafa stöðvast eða ef heilastarfsemi hefur stöðvast. Heilbrigðisyfirvöld skulu setja nákvæmar reglur um þær rannsóknir sem gera á til að unnt sé að staðfesta andlát vegna stöðvunar heilastarfsemi. Frumvarpinu fylgja drög að reglum um staðfestingu stöðvunar á heilastarfsemi. Þingmannafrumvarpið gerir ráð fyrir að andlát megi staðfesta þegar hjartsláttur, öndun og heilastarfsemi hafa stöðvast. Gert er ráð fyrir að sérstök vottorð verði gefin út þegar starfsemi heila hefur stöðvast. Læknir skal gefa þetta vottorð út og þar skal tilgreina sjúkdóma eða slys sem valdið hafa stöðvun heilastarfsemi. Heilbrigðisráðherra skal setja nánari reglur um útgáfu þessara vottorða.

Eftir vandlega athugun mælir nefndin með að sett verði lög um ákvörðun dauða og þar staðfest að maður teljist látinn þegar öll heilastarfsemi hans er hætt og engin ráð eru til að heilinn starfi á ný. Nefndin hefur samið frumvarp til laga um ákvörðun dauða sem hér fylgir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér eftir sem hingað til er það hlutverk læknis að ákvarða um dauða manna og rita dánarvottorð. Við ákvörðun um andlát skal læknir nota þá þekkingu og beita þeim ráðum sem tiltæk eru til þeirra verka hverju sinni.

Um 2. gr.

Í þessu ákvæði felst að lýsa skal einstakling látinn þegar öll starfsemi heila er hætt. Þannig verður stöðvun heilastarfsemi sú viðmiðun sem notuð er, jafnvel þótt stuðst sé við hin hefðbundnu dauðaskilmerki, stöðvun hjartsláttar og öndunar, þegar maður er lýstur látinn.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er við það miðað að andlát sé staðfest með hefðbundinni aðferð. Langflest dauðsföll ber að með þeim hætti að 1. mgr. eigi við.

Í 2. mgr. er kveðið á um að staðfesta megi dauða þótt öndun og hjartslætti sé viðhaldið með vélrænum hætti ef sýnt verður fram á að heilastarfsemi sé hætt. Í fylgiskjalinu, sem 4. gr. mælir fyrir um, er nánar lýst þeim aðferðum sem beita skal í þessum tilvikum og vísast til fylgiskjalsins um þær. Gera má ráð fyrir að innan við 20 dauðsföll á ári verði staðfest með þeim hætti sem 2. mgr. tilgreinir.

Um 4. gr.

Heilbrigðisráðherra skal setja reglur með fyrirmælum um það hvaða rannsóknum skuli beita til að ganga úr skugga um að öll heilastarfsemi sé hætt. Á hverjum tíma skulu reglur þessar vera í samræmi við tiltækna læknisfræðilega þekkingu. Með frumvarpinu fylgja drög að slíkum reglum.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Drög að reglum um skilmerki dauða.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. . . ./19.. um ákvörðun dauða telst maður látinn ef heilastarfsemi er hætt. Skv. 3. gr. sömu laga er hægt að ákvarða dauða með tvennum hætti:

1. mgr. 3. gr. laga nr. . . ./19.. er svohljóðandi:

Staðfesta má dauða manns ef hjartsláttur og öndun hafa stöðvast svo lengi að öll heilastarfsemi er hætt.

Í langflestum tilfellum má ákvarða dauða samkvæmt þessu ákvæði. Með skoðun (hlustun, þreifingu slagæðar, hjartariti) er staðfest að öndun og hjartsláttur hafi stöðvast. Venjulega stöðvast öll heilastarfsemi um það bil 20 mínútum eftir að hjartað hættir að slá.

Sé líkamshiti manns verulega lægri en eðlilegt er skal skoða hann af mikilli gaumgæfni áður en hann er úrskurðaður látinn. Við slíkar aðstæður eru hjartsláttur og öndun svo hæg að auðveldlega má yfirsjást. Þá er og heilastarfsemi mjög hæg, en dæmi eru þess að hún hafi komist í eðlilegt horf, þótt hjartsláttur og öndun hafi virst stöðvuð í allt að klukkustund.

Sé um nýfætt barn að ræða og þá sérstaklega fyrirburа ber að fylgjast mun lengur með barninu en fullorðnum eftir að hjartsláttur og öndun stöðvast áður en barnið er úrskurðað látið.

Hafi endurlífgun verið beitt án árangurs má staðfesta dauða strax og lífgunaraðgerðum linnir.

2. mgr. 3. gr. laga nr. . . ./19.. er svohljóðandi:

Hafi öndun og hjartastarfsemi verið haldið við með vélrænum hætti skal ákvörðun um dauða byggjast á því að skoðun leiði í ljós að öll heilastarfsemi sé hætt.

Til að staðfesta að heilastarfsemi sé hætt er beitt tvenns konar greiningaraðferðum:

a. Ætíð skal beita taugaskoðun og heilariti.
b. Leiki vafi á greiningu skal taka röntgenmyndir af heilaæðum (cerebral angiography). Slíkar myndir skal ætíð taka ef nema skal brott líffæri úr hinum látna til ígræðslu.

a. Taugaskoðun og heilarit:

Til að staðfesta megi dauða með taugaskoðun og heilariti þarf að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Útiloka skal eitrun, kulnun og miklar truflanir á saltbúskap og efnaskiptum líkamans. Stórir skammtar af vissum geðlyfjum og svefnlyfjum geta sljóvgað svo heilastarfsemi að það líkist því að starfsemi heilans sé hætt. Hið sama á sér stað við mikla kælingu líkamans. Til að taugaskoðun og heilarit séu marktæk verður líkamshiti að vera hærri en 33°C. Þá geta truflanir á saltbúskap, sýrujafnvægi og efnaskiptum truflað mjög taugaskoðun.
2. Áverki eða sjúkdómur í heilabúi er þekktur. Þegar svo háttar verður heilaskemmdin að geta leitt til svo mikillar þrýstingshækkunar í heila að hún hindri blóðrennsli til heilans. Dæmi slíks eru heilablæðing, heilaæxli eða heilaáverki.

Ef skilyrðum 1 og 2 hér að framan er fullnægt er unnt að staðfesta dauða ef:

- meðvitundarleysi er algjört,
- sjálfkrafa öndun er hætt,
- ekkert eftirtalinna taugaviðbragða fæst: sjáaldursviðbragð, hornhimnuviðbragð, augn-hlustarviðbragð, kokviðbragð, viðbragð við sársaukaáreiti í andliti eða útlimum,
- heilarit sýnir engin rafhrif í heila (flatt rit).

Taugaskoðun og heilarit skulu tvítekin með tveggja tíma millibili.

b. Röntgenmyndir af heilaæðum:

Sé einhverju framangreindra skilyrða ekki fullnægt eða leiki vafi á um eitthvert þeirra skal taka röntgenmyndir af heilaæðum. Þær skal ætíð taka ef nema skal brott líffæri úr hinum látna. Sé blóðflæði um heila hætt sést ekki skuggaefnisflæði í heilaæðum. Þess er krafist að sjáanlegt sé flæði skuggaefnis í greinar ytri hálsslagæðar (a. carotis externa) eigi rannsóknin að teljast marktæk.

Hafi dauði manns verið staðfestur skv. 2. mgr. 3. gr. má hætta aðgerðum sem viðhalda öndun og hjartslætti. Lækni ber að fræða vandamenn sem best um ástand sjúklingsins og um dauða hans. Honum er ekki skylt að fara að óskum vandamanna um áframhald meðferðar þegar staðfest er að sjúklingurinn sé látinn.

Ef í hlut á látin kona sem gengur með lífvænlegt barn þá skal viðhalda öndun og hjartslætti þar til barnið hefur verið tekið með keisaraskurði.

Ef nema skal brott líffæri úr hinum látna til ígræðslu er heimilt að halda áfram aðgerðum til að viðhalda hjartslætti og öndun í takmarkaðan tíma. Mikilvægt er að tryggja blóðflæði og næringu til slíkra líffæra allt þar til þau eru numin brott. Sé fullnægt skilyrðum laga um brottnám líffæra og krufningar má halda við öndun og hjartslætti á meðan líffæri eru numin brott, en það skal gera svo fljótt sem unnt er.

Sþ. 962. Svar [171. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Hreggviðs Jónssonar um skráningu íbúðarhúsnæðis á Norðurlöndum.

Félagsmálaráðuneytið óskaði eftir því með bréfi dags. 2. nóvember 1989 að Fasteignamat ríkisins annaðist öflun upplýsinga vegna fyrirspurnarinnar. Þar sem svör við fyrirspurninni voru ekki tiltæk hjá Fasteignamati ríkisins þurfti að leita til hlutaðeigandi stofnana á Norðurlöndum. Erfitt reyndist að fá skrifleg svör við þessum yfirgripsmiklu spurningum. Svör bárust ekki í öllum tilfellum þrátt fyrir ítrekun og sum þeirra voru ekki fullnægjandi. Félagsmálaráðuneytinu bárust hjálagðar upplýsingar frá Fasteignamati ríkisins með bréfi dags. 11. apríl 1990.

1. Með hvaða hætti er íbúðarhúsnæði skráð í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð?

1.1. Danmörk.

Húsnæðisráðuneytið (Boligministeriet) safnar upplýsingum um allt húsnæði, þ.e. íbúðarhús, atvinnuhúsnæði og bændabýli. Upplýsingarnar eru skráðar í tölvu. Tölvuskráin er í stöðugri endurnýjun og notuð m.a. við mat á fasteignum.

1.2. Finnland.

Hagstofa Finnlands safnar upplýsingum um allt húsnæði í tölvuskrá á svipaðan hátt og gert er í Danmörku.

1.3. Noregur.

Í Noregi er nú unnið að heildarskráningu húsnæðis í tölvuskrár. Nú hefur verið aflað upplýsinga um 15% alls húsnæðis í landinu. Þessari fasteignaskrá er ætlað að vera grunnur að fasteignamati húsnæðis þar í landi.

1.4. Svíþjóð.

Allt húsnæði í Svíþjóð er tölvuskráð. Upplýsingar skrárinnar eru endurskoðaðar á sex ára fresti í tengslum við það að á þessu árabili fer fram endurmat fasteigna.

2. Hvaða upplýsingar koma fram í þessum skrám í hverju landi fyrir sig ef þær eru til?

2.1. Danmörk.

Svör bárust ekki við fyrirspurninni. Samkvæmt heimildum sem aflað var eftir öðrum leiðum er safnað upplýsingum um eftirtalin atriði: Fasteignaskráningareinkenni, hvar eignin er, eiganda, lóðarstærð, íbúðarstærð, byggingarefni, byggingarár, meiri háttar endurbætur (ártal), hreinlætisbúnað og leigutekjur ef þær eru fyrir hendi.

2.2. Finnland.

Eftirtalin atriði eru í skránni: Fasteignaskráningarauðkenni, hvar eignin er, eignarhald lóðar, eigandi húsnæðisins, byggjandi húsnæðisins, áhvílandi húsnæðislán, stærð húsnæðisins, byggingarefni, byggingarár, meiri háttar endurbætur (ártal), hreinlætisbúnaður, tenging við vatn, frárennsli, síma, rafmagn, gas og fyrirkomulag upphitunar. Enn fremur eru skráðar upplýsingar um hvaða kirkjusókn og grunnskólasvæði viðkomandi húsnæði tilheyrir.

2.3. Noregur.

Upplýsingum er safnað um fasteignaskráningarauðkenni, lóðarstærð, hvar eignin er, eiganda húsnæðis, byggjanda húsnæðis, stærð húsnæðis, byggingarefni, byggingarár, meiri háttar endurbætur (ártal), hreinlætisbúnað, tengingu við vatn, frárennsli, síma, rafmagn og hvernig upphitun er háttað. Enn fremur eru skráðar upplýsingar um hvaða kirkjusókn og grunnskólasvæði viðkomandi húsnæði tilheyrir.

2.4. Svíþjóð.

Í skránni eru upplýsingar um fasteignaskráningarauðkenni, lóðarstærð, hvar eignin er, eiganda húsnæðis, stærð húsnæðisins, byggingarefni, byggingarár, viðhald og endurbætur, hitaeinangrun og upphitun, frágang gólfa, gerð glugga, hreinlætisbúnað, tengingu við vatn, frárennsli, rafmagn og gas.

3. Ef fram kemur verðmæti þessara eigna í skránum, hvernig eru þau þá fundin og hve oft eru eignirnar endurmetnar í hverju landi fyrir sig?

3.1. Danmörk.

Í hinum eiginlegu íbúðaskrám kemur verðmæti eignanna ekki fram heldur eru gerðar sérstakar fasteignamatsskrár sem einnig eru tölvuskrár. Fasteignamatsskrárnar liggja frammi í prentuðu formi á skrifstofum sveitarfélaga. Aðalfasteignamat er framkvæmt á fjögurra ára fresti en þess á milli er matinu breytt til samræmis við verðþróun á fasteignamarkaði.

3.2. Finnland.

Upplýsingar bárust ekki.

3.3. Noregur.

Verðmæti eigna kemur ekki fram í þeim tölvuskrám sem nú eru til í Noregi.

3.4. Svíþjóð.

Í hinum eiginlegu íbúðaskrám kemur verðmæti eigna ekki fram. Aðalfasteignamat, sem miðast við markaðsverð, fer fram á sex ára fresti.

Sþ. 963. Svar [423. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Þorvalds Garðars Kristjánssonar um fjárfestingu í íbúðarbyggingum og lánveitingar til þeirra.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Hve mikil er fjárfesting í íbúðarbyggingum sl. 10 ár?*
2. *Hve mikil eru lán á vegum Húsnæðisstofnunar ríkisins sl. 10 ár?*

3. *Hvert er hlutfall fjárfestingar í íbúðarbyggingum sl. 10 ár af*
   a. *þjóðarframleiðslu,*
   b. *heildarfjármunamyndun í landinu?*
   Tilgreint verði fyrir hvert ár
   a. *heildarupphæð fjárfestingar,*
   b. *fjöldi íbúða sem fjárfest er í,*
   c. *rúmmetrafjöldi íbúða sem fjárfest er í,*
   d. *heildarupphæð lánveitinga,*
   e. *fjöldi íbúða sem lán eru veitt til,*
   f. *rúmmetrafjöldi íbúða sem lán eru veitt til,*
   g. *hlutfall fjárfestingar af þjóðarframleiðslu,*
   h. *hlutfall fjárfestingar af heildarfjármunamyndun.*
   Greint verði í öllu á milli annars vegar
   a. *íbúðarbygginga sem ekki eru á félagslegum grundvelli og hins vegar*
   b. *félagslegra íbúðarbygginga sem verði sundurliðaðar eftir lánaflokkum.*

Leitað var upplýsinga vegna þessarar fyrirspurnar hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, Þjóðhagsstofnun og Fasteignamati ríkisins.

1. Fjárfesting í íbúðarbyggingum.

Samkvæmt upplýsingum Húsnæðisstofnunar og Þjóðhagsstofnunar er fjárfesting í íbúðarbyggingum tímabilið 1980–1989 eftirfarandi. Allar fjárhæðir eru í milljónum króna. Við uppreikning fjárhæða er stuðst við að meðaltal byggingarvísitölu hvers árs eins og hún er skráð í riti Seðlabanka Íslands, *Hagtölum mánaðarins*. Gögn Þjóðhagsstofnunar og Fasteignamats ríkisins greina ekki á milli félagslegra íbúða og annarra íbúða.

ÁR	Fjárfesting í íbúðarbyggingum á verðlagi hvers árs	Fjárfesting í íbúðarbyggingum m.v. verðlag í mars 1990
1980	964	15.897
1981	1.317	14.236
1982	2.251	15.671
1983	3.495	14.127
1984	4.714	15.581
1985	5.380	13.587
1986	5.770	11.565
1987	7.752	13.212
1988	10.106	14.603
1989	12.450*	14.716*

* Áætlaðar fjárhæðir.

2. Útlán Húsnæðisstofnunar ríkisins 1980–1989.

ÁR	Útlán Húsnæðisstofnunar á verðlagi hvers árs	Útlán Húsnæðisstofnunar m.v verðlag í mars 1990
1980	233	3.839
1981	399	4.309
1982	624	4.344
1983	1.101	4.488
1984	1.961	6.482
1985	2.803	7.078
1986	3.938	7.893
1987	5.951	10.142
1988	7.727	11.166
1989	10.429	12.327

ÁR	Útlán Byggingarsjóðs ríkisins á verðlagi hvers árs	Útlán Byggingarsjóðs ríkisins m.v verðlag í mars 1990
1980	216	3.554
1981	287	3.106
1982	393	2.737
1983	692	2.820
1984	1.552	5.130
1985	2.031	5.129
1986	2.844	5.700
1987	4.733	8.067
1988	5.858	8.465
1989	7.511	8.878

ÁR	Útlán Byggingarsjóðs verkamanna á verðlagi hvers árs	Útlán Byggingarsjóðs verkamanna m.v verðlag í mars 1990
1980	17	285
1981	111	1.203
1982	231	1.608
1983	409	1.668
1984	409	1.352
1985	772	1.950
1986	1.094	2.193
1987	1.218	2.076
1988	1.869	2.701
1989	2.916	3.447

Útlán Byggingarsjóðs verkamanna til félagslegra íbúða eftir lánaflokkum.
(A = m.kr. á verðlagi hvers árs; B = á verðlagi í mars 1990.)

	Lán til verkamanna-bústaða og leiguíb.		Lán vegna eigendaskipta í verkamannabústöðum		Lán til félagslegra kaupleiguíbúða	
Ár	A	B	A	B	A	B
1980	15	254	2	31		
1981	87	940	24	259		
1982	182	1.266	49	341		
1983	333	1.358	76	310		
1984	284	939	125	413		
1985	538	1.359	234	591		
1986	722	1.447	372	746		
1987	837	1.427	381	649		
1988	1.468	2.121	395	571	6	9
1989	2.246	2.655	549	649	121	143

Húsnæðisstofnun ríkisins: Fjöldi íbúða sem lán voru veitt til.

Ár	Byggingarsjóður ríkisins	Byggingarsjóður verkamanna	Húsnæðisstofnun Samtals
1980	4.401	95	4.496
1981	3.950	381	4.331
1982	4.209	481	4.690
1983	3.586	314	3.900
1984	4.481	333	4.814
1985	6.153	374	6.527
1986	6.330	433	6.763
1987	3.943	649	4.592
1988	3.323	753	4.076
1989	4.221	670	4.891

Byggingarsjóður verkamanna: Fjöldi íbúða sem lán voru veitt til.

Ár	Fjöldi verkamanna-bústaða og leiguíb. A	Fjöldi eigendaskipta í verkamannabústöðum A	Fjöldi félagslegra kaupleiguíbúða A
1980	74	21	
1981	205	176	
1982	304	177	
1983	158	156	
1984	181	152	
1985	176	198	
1986	238	195	
1987	428	221	
1988	432	308	13
1989	337	273	60

3. Hlutfall fjárfestingar í íbúðarbyggingum 1980–1989 sem hlutfall af

ÁR	a. þjóðarframleiðslu. Fjárfesting í íbúðarbyggingum sem hlutfall af þjóðarframleiðslu	b. heildarfjármunamyndun. Fjárfesting í íbúðarbyggingum sem hlutfall af heildarfjármunamyndun
1980	6,39 %	1,49 %
1981	5,60 %	2,05 %
1982	6,14 %	3,50 %
1983	5,57 %	6,07 %
1984	5,68 %	7,77 %
1985	4,74 %	8,71 %
1986	3,79 %	9,70 %
1987	3,73 %	11,08 %
1988	3,97 %	14,56 %
1989	4,24 %	19,33 %

Ár	Hlutfall íbúðar-bygginga af heildarfjármunamyndun	Hlutfall útlána Bygg-ingarsjóðs ríkisins af heildarfjármunamyndun	Hlutfall útlána Bygg-ingarsjóðs verkamanna af heildarfjármunamyndun
1980	24,55 %	5,49 %	0,44 %
1981	22,21 %	4,85 %	1,88 %
1982	24,33 %	4,25 %	2,50 %
1983	24,74 %	4,90 %	2,90 %
1984	25,68 %	8,46 %	2,23 %
1985	22,00 %	8,30 %	3,16 %
1986	19,44 %	9,58 %	3,69 %
1987	18,89 %	11,53 %	2,97 %
1988	21,04 %	12,20 %	3,89 %
1989	22,84 %	13,78 %	5,35 %

ÁR	b. Fjöldi fullgerðra íbúða. Fjöldi fullgerðra íbúða	c. Stærð nýrra íbúða (rúmmetrar). Stærð nýrra íbúða (rúmmetrar)
1980	2.237	919
1981	1.623	782
1982	1.924	917
1983	1.711	849
1984	1.601	813
1985	1.601	727
1986	1.515	722
1987	1.541	702
1988	1.728	782
1989	*	*

* Upplýsingar vantar.

Sþ. 964. Tillaga til þingsályktunar [560. mál]

um Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Guðmundur H. Garðarsson,
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Eyjólfur Konráð Jónsson,
Ásgeir Hannes Eiríksson.

Alþingi samþykkir að fela ríkisstjórninni að hætta rekstri Áburðarverksmiðju ríkisins á þéttbýlasta svæði landsins án tafar.

Jafnframt fari fram ítarleg könnun á hagkvæmni slíkrar verksmiðju áður en ákveðið verður hvort hana skuli starfrækja annars staðar á landinu.

Greinargerð.

Miklum óhug sló á íbúa höfuðborgarsvæðisins er sá atburður varð í Gufunesi sunnudaginn 15. apríl sl. að eldur varð laus á þaki ammoníaksgeymis þar á staðnum. Ljóst er að litlu munaði að þarna yrði stórslys þó að engin áhætturannsókn hefði sýnt líkur á atviki sem þessu, enda er ekki vitað þegar þetta er skrifað hvað eldinum olli.

Hætta sú, sem af verksmiðju þessari stafar, hefur lengi verið þekkt. Í fyrstu töldu menn hættu einkum stafa af hugsanlegum sprengingum í köfnunarefnisáburði þeim sem þarna er framleiddur og geymdur var ósekkjaður um árabil. Lengi var það gert að skilyrði af hálfu borgaryfirvalda að byggð væri ekki nær verksmiðjusvæðinu en í 1.800 metra fjarlægð. Seinna var hætt að geyma áburðinn ósekkjaðan og þá töldu menn að óhætt væri að færa byggð nær verksmiðjunni. Nú er leyft að byggja í 1.200 metra fjarlægð frá svæðinu og er þegar risin mörg hundruð íbúða byggð skammt frá því.

Mikil umræða varð á sínum tíma um þetta byggingasvæði þar sem slökkviliðsstjórinn í Reykjavík hafði með bréfi dags. 4. júní 1980 varað borgaryfirvöld við að reisa byggð nálægt verksmiðjunni. Menn töldu þá ekki ástæðu til að óttast svo mjög óhöpp í verksmiðjunni og verjandi væri að reisa byggð í nágrenni hennar. Þó hefur mönnum aldrei verið rótt vegna verksmiðjunnar á þessu þéttbýlasta svæði landsins og öðru hverju hafa orðið umræður um öryggismál á svæðinu.

Árið 1985 lét borgarráð Reykjavíkur gera úttekt á áhættuþáttum í starfsemi verksmiðjunnar. Það verk unnu dr. Ágúst Valfells og Rúnar Bjarnason slökkviliðsstjóri. Í áliti þeirra kemur fram uggur um að umtalsverð hætta stafi af geymslu ammóníaks í fljótandi formi í kúlugeymi þeim sem nú kviknaði eldur á. Yrði eitthvert óhapp á verksmiðjusvæðinu töldu þeir hættu á að ammóníakssky bærist yfir borgina og kynni að valda stórslysum. Tekið var fram að þar væri ekki einungis um hættu að ræða í nánasta umhverfi verksmiðjunnar, heldur og í öðrum hverfum borgarinnar eftir því hvernig vindar blésu.

Í desember 1985 sendi Vinnueftirlit ríkisins félagsmálaráðherra skýrslu sem það nefndi *Hættumat vegna ammoníaksgeymis Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi*. Niðurstöður Vinnueftirlitsins gáfu félagsmálaráðherra tilefni til að skipa starfshóp til að fara yfir ástand þessara mála og tók hann til starfa á árinu 1986 og skilaði skýrslu í ársbyrjun 1988. Jafnframt lét ríkisstjórnin fara fram hagkvæmniskönnun á rekstri verksmiðjunnar og athugun á því hvort verjandi væri að halda rekstrinum áfram. Niðurstaðan er öllum kunn: Ákveðið var að reisa nýjan og öruggari ammoníaksgeymi og halda rekstrinum áfram í landi Reykjavíkurborgar þar eð talið var að með tilkomu hins nýja geymis væri öryggi tryggt.

Eftir það sem gerðist 15. apríl sl. þegar eldur varð laus á þaki ammoníaksgeymis verksmiðjunnar verður mönnum æ ljósara að engin sú tækni er til sem að fullu komi í veg fyrir

stórslys. Engin áhætturannsókn hafði leitt í ljós að hætta væri á atviki sem þessu og má það teljast til einstakrar slembilukku að ekki fór ver. Veigra víst flestir íbúar höfuðborgarsvæðisins sér við því að hugsa þá hugsun til enda hvað hefði getað gerst ef illa hefði farið. Og við þennan atburð hafa augu manna opnast fyrir því að rekstur verksmiðjunnar í bæjarlandinu er áhætta sem ekki er verjandi að taka hvaða tækni sem menn kunna að kjósa til að auka öryggi. Óbrigðult öryggi gagnvart stórslysi í verksmiðjunni er ekki til.

Þær skýrslur, sem fyrir liggja nú þegar um þennan atburð, leiða í ljós að um áratuga skeið hefur rekstur áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi verið ógnun við líf íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Því er það mikill ábyrgðarhluti að halda slíkum rekstri áfram. Flutningsmenn tillögu þessarar telja engan kost annan færan en leggja reksturinn niður áður en hörmungar hljótast af en litlu munaði að svo færi sl. sunnudag. Samkvæmt þessari tillögu er skorað á ríkisstjórn og borgaryfirvöld að hefjast nú þegar handa um lausn þessa máls.

Ed. 965. Nefndarálit [355. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7/1975, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, sbr. lög nr. 56/1986.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt án breytinga.
Danfríður Skarphéðinsdóttir var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. apríl 1990.

Jón Helgason, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Salome Þorkelsdóttir.	Jóhann Einvarðsson.	Ey. Kon. Jónsson.

Nd. 966. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um lögheimili.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um það Hallgrím Snorrason hagstofustjóra.

Eftir að hafa rætt málið við hagstofustjóra og fengið svör við ýmsum spurningum um frumvarpið voru nefndarmenn sammála um að mæla með samþykkt þess eins og efri deild afgreiddi það á þskj. 864.

Alþingi, 20. apríl 1990.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Geir H. Haarde.
Jón Kristjánsson.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Eggert Haukdal.
	Alexander Stefánsson.	

Sþ. 967. Breytingartillaga [560. mál]

við till. til þál. um Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi.

Frá Guðmundi G. Þórarinssyni.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi samþykkir að fela ríkisstjórninni, í kjölfar þess atviks er eldur kom upp á ammoníaksgeymi Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi, að:

1. ráða viðurkennda sérfræðinga, erlenda ef þörf krefur, til þess að annast öryggisgreiningu á einstökum þáttum í starfsemi verksmiðjunnar og hættumat vegna hugsanlegra slysa eða óhappa er hent gætu; við öryggisgreiningu og hættumat skal taka mið af íbúðarbyggð á höfuðborgarsvæðinu,
2. skipa nefnd sérfræðinga helstu stofnana á sviði öryggismála og almannavarna hérlendis til þess að fylgjast með og fylgja eftir þeirri vinnu sem tilgreind er í 1. tölul.,
3. leita samkomulags við borgaryfirvöld í Reykjavík um að ríkisstjórn og borgaryfirvöld fjalli sameiginlega um framtíð verksmiðjunnar þegar öryggisgreining og hættumat liggja fyrir.

Sþ. 968. Fyrirspurn [561. mál]

til utanríkisráðherra um jöfnunargjald.

Frá Friðriki Sophussyni.

Telur utanríkisráðherra það samræmast fríverslunarsamningum Íslands við aðrar þjóðir að halda áfram álagningu og innheimtu jöfnunargjalds eftir að virðisaukaskattur var tekinn upp um síðustu áramót?

Sé svo, hve lengi?

Sþ. 969. Fyrirspurn [562. mál]

til forsætisráðherra um kaup Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina á B-hlutdeildarskírteinum Hlutafjársjóðs Byggðastofnunar.

Frá Friðriki Sophussyni.

Hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir því að Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina breyti útistandandi lánum sínum hjá einstökum fyrirtækjum í B-hlutdeildarskírteini Hlutafjársjóðs Byggðastofnunar?

Sé svo:

a. Hve mörg fyrirtæki eiga í hlut?
b. Um hve háa upphæð er að tefla?
c. Er ætlun ríkisstjórnarinnar að beita sér fyrir því að breyta fleiri útlánum Atvinnutryggingarsjóðs í hlutdeildarskírteini?

Sþ. 970. Fyrirspurn [563. mál]

til forsætisráðherra um afstöðu stjórnar Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina til kaupa á B-skírteinum Hlutafjársjóðs.

Frá Friðriki Sophussyni.

1. Hver er skoðun stjórnar Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina á því að breyta útistandandi lánum sínum hjá einstökum fyrirtækjum í B-hlutdeildarskírteini Hlutafjársjóðs Byggðastofnunar?
2. Verða slík skírteini afskrifuð í reikningum Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina?

Ed. 971. Breytingartillögur [415. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 109/1988 og nr. 76/1989, og brtt. á þskj. 917.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar (MF, JE, KSG, VS).

1. Við 6. tölul. á þskj. 917.
   a. Á eftir 2. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:
      Auk ákvæða 1. og 2. mgr. er Byggingarsjóði verkamanna heimilt að breyta vöxtum á láni íbúðareiganda frá þeim tíma sem íbúðin var leigð út án heimildar þannig að vextir frá þeim tíma verði þeir sömu og gilda um lán til almennra kaupleiguíbúða.
   b. Í stað orðanna „1. og 2. mgr.“ í 3. mgr. komi: 1.–3. mgr.
2. Við 3. gr., ss-lið (95. gr.).
   Í stað orðanna „fimm ára“ í fyrri málslið fyrri málsgreinar komi: þriggja ára.
3. Við 3. gr., uu-lið (97. gr.).
   a. Í stað orðsins „varasjóð“ í 1. mgr. komi: Tryggingarsjóð vegna byggingargalla.
   b. Í stað orðsins „varasjóður“ í 2. mgr. komi: sjóðurinn.
   c. Í stað orðsins „varasjóð“ í 3. mgr. komi: sjóðinn.
   d. Í stað orðsins „Varasjóður“ í fyrirsögn greinarinnar komi: Tryggingarsjóður vegna byggingargalla.

Ed. 972. Nefndarálit [415. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 86/1988, sbr. lög nr. 109/1988 og nr. 76/1989.

Frá minni hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á sex fundum og sent það til umsagnar ýmissa aðila.

Hér er um þýðingarmikið mál að ræða sem varðar hverja fjölskyldu í landinu. Málið hefði því þurft lengri tíma og ítarlegri umfjöllun í nefndinni en raun ber vitni, ekki síst þegar haft er í huga að ekki var leitað breiðrar samstöðu við undirbúning frumvarpsins og áttu þingmenn Sjálfstæðisflokksins þess ekki kost að kynna sér frumvarpið fyrr en það var lagt fram á Alþingi.

Þó að ýmis atriði frumvarpsins séu til bóta miðað við núgildandi lög þá eru margir óvissuþættir sem orka tvímælis og ekki liggur ljóst fyrir hver áhrif þess verða á lánakerfið í heild, m.a. á fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Ein

veigamesta breytingin varðar skipan í húsnæðisnefndir sveitarfélaga. Samkvæmt frumvarpinu bera sveitarstjórnir í landinu alfarið fjárhagslega og framkvæmdalega ábyrgð á félagslega húsnæðiskerfinu. Þess vegna ber að tryggja það með lögum að meiri hluti sveitarstjórna eigi ávallt meiri hluta í húsnæðisnefndum. Ekki náðist samstaða um það atriði í nefndinni.

Minni hl. nefndarinnar ítrekar að nauðsynlegt hefði verið að nefndin fengi lengri tíma og ítarlegri upplýsingar til að vinna að málinu. Slíkt reyndist ekki unnt. Því treystir minni hl. sér ekki til að taka afstöðu til frumvarpsins á þessu stigi og mun sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. apríl 1990.

Salome Þorkelsdóttir, frsm. Guðmundur H. Garðarsson.

Sþ. 973. Svar [505. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Inga Björns Albertssonar um tóbakssölu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver var nettóhagnaður af tóbakssölu árin 1987, 1988 og 1989, sundurliðað á eftirfarandi hátt:*
   a. *af vindlingum,*
   b. *af vindlum,*
   c. *af reyktóbaki,*
   d. *af neftóbaki?*
2. *Hver var brúttóhagnaður af tóbakssölu árin 1987, 1988 og 1989, sundurliðað á eftirfarandi hátt:*
   a. *af vindlingum,*
   b. *af vindlum,*
   c. *af reyktóbaki,*
   d. *af neftóbaki?*
3. *Hver var brúttósala af tóbaki fyrir sama tímabil, sundurliðað á sama hátt?*
4. *Hver var sundurliðaður rekstrarkostnaður tóbaksdeildar ÁTVR árin 1987, 1988 og 1989? Fram komi m.a. fjármagnskostnaður, dreifingarkostnaður, sölukostnaður, launakostnaður og húsnæðiskostnaður.*
5. *Hver voru tóbaksvörukaup ÁTVR og frá hvaða framleiðanda og íslenskum umboðsaðila árin 1987, 1988 og 1989?*

Ráðuneytið óskaði eftir því að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins tæki saman umbeðnar upplýsingar. Með svari þessu er bréf Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, dags. 20. apríl 1990, þar sem umbeðin svör eru látin í té eftir því sem unnt er:

1. Nettóhagnaður af tóbakssölu:

Árið 1987	1.274.943.368
Árið 1988	1.526.671.912
Árið 1989	1.840.222.727

Ekki liggur fyrir nettóhagnaður af einstökum tegundum. Skrifstofukostnaði og kostnaði við útsölur ÁTVR er ekki skipt á deildir.

2. Brúttóhagnaður af tóbakssölu (sala – vörukaup):

Árið 1987	1.291.923.938
Árið 1988	1.546.466.535
Árið 1989	1.862.646.426

Ekki liggur fyrir brúttóhagnaður af einstökum tegundum.

3. Brúttósala (söluskattur og afsláttur innifaldir):

Árið 1987	2.476.502.364
Árið 1988	2.996.328.592
Árið 1989	3.580.511.640

Ekki liggur fyrir brúttósala einstakra tegunda.

4. Sundurliðaður rekstrarkostnaður tóbaksdeildar ÁTVR:

	1987	**1988**	**1989**
Launakostnaður	8.451.261	10.360.224	12.077.384
Húsnæðiskostnaður	2.411.529	3.100.713	3.403.686
Dreifingarkostnaður	4.512.191	4.052.155	4.305.022
Annar kostnaður	1.605.589	2.281.531	2.637.607
	16.980.570	19.794.623	22.423.699

Skrifstofukostnaði og kostnaði við útsölur ÁTVR er ekki skipt á deildir.

5. Tóbaksvörukaup ÁTVR (tollar, aðflutningsgjöld innifalin):

Árið 1987	558.740.501
Árið 1988	682.713.706
Árið 1989	834.790.968

Ekki hefur unnist tími til að sundurliða frá hvaða framleiðanda tóbaksvörukaup eru.

Hér með fylgja listar yfir tóbakssölu árin 1987, 1988 og 1989. Á lista fyrir árið 1987 koma fram nöfn framleiðanda.

Öll tóbaksvörukaup eru beint frá framleiðendum.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins,
Þór Oddgeirsson.

SALA ÁTVR Á TÓBAKI Á TÍMABILINU JANÚAR TIL DESEMBER 1987

SÉRPANTANIR EKKI TALDAR MEÐ.

Vörunúmer	Vöruheiti			Magn		...eða	
30-1000	Skorið neftóbak	ÁTVR	152.763	7638150	gr.	152763	dósir
30-1001	Skorið neftóbak	"	4.791	4791000	gr.	19164	dósir
30-1010	Fín skorið neftóbak	"	38	38000	gr.	152	dósir
30-2100	Medicated 99 24x5 gr	Joseph & H.Wilson	2	240	gr.	48	dósir
30-2110	Medicated 99 16x25 gr	" " "	1	400	gr.	16	dósir
Samanlagt fyrir vöruflokk 30			157.595	12467790	gr.	172143	dósir
31-1200	Smalskraa	Scandinavian Tobacco	295,00	47200.00	gr.	2950.00	pakkar
Samanlagt fyrir vöruflokk 31			295,00	47200.00	gr.	2950.00	pakkar
32-1002	Half and Half	Pinkerton Tob.Co	10.772,00	5496951.60	gr.	10772.00	dúsín
32-1003	Half and Half	" " "	16,00	3175.20	gr.	16.00	dósir
32-1042	Bourbom Blend	" " "	748,00	381704.40	gr.	748.00	dúsín
32-1082	Sir Walter Raleigh	Brown & Williamson	1708,00	871592.40	gr.	1708.00	dúsín
32-1083	Sir Walter Raleigh	" "	20,00	3969.00	gr.	20.00	dósir
32-1122	Edgeworth	Martin Brothers	431,00	219939.30	gr.	431.00	dúsín
32-1202	Prince Albert	John Middleton	9.713,00	4956543.90	gr.	9713.00	dúsín
32-1203	Prince Albert	" "	58,00	11510.10	gr.	58.00	dósir
32-1243	Top 7 oz	R.J.Reynolds	19,00	3770.55	gr.	19.00	dósir
32-1253	Top 9 oz	" "	394,00	100529.10	gr.	394.00	dósir
32-2220	Dunhill St.mixt.med	Tobacco Exporters	36,00	36000.00	gr.	720.00	dósir
32-2230	Dunhill St. mixt.med	" "	14,00	14000.00	gr.	280.00	dósir
32-3100	Midland Excellent	Douwe Egberts	2.519,00	1309500.00	gr.	26190.00	pakkar
32-3110	Drum	" "	845,00	422500.00	gr.	8450.00	pakkar
32-3300	Sail Regular	Theodorus NIemeyer	1.880,00	1128000.00	gr.	22560.00	pakkar
32-4002	Skaninavik	Scandinavian Tobacco	1.973,00	986500.00	gr.	19730.00	pakkar
32-4012	Skandinavik Mixture	" "	275,00	137500.00	gr.	2750.00	pakkar
32-4050	Sweet Dublin	" "	2.812,00	1406000.00	gr.	28120.00	pakkar
32-4100	Mac Baren Gold.Blend	Harald Halberg	48,00	24000.00	gr.	480.00	pakkar
32-4150	Mac Baren Mixture	" "	368,00	184000.00	gr.	3680.00	pakkar
32-4200	Borkum Riff	Swedish Tobacco Co	970,00	582000.00	gr.	11640.00	pakkar
Samanlagt fyrir vöruflokk 32			35.719,00	18279685.55	gr.		
33-1123	Kool Menthol K.S.F.	Brown & Williamson	162,00	2162.00	mill	108100.00	pakkar
33-1152	Pall Mall K.S.	" "	2.077,00	2077.00	mill	103850.00	pakkar
33-1243	Viceroy K.S.F.	" "	23.599,00	23599.00	mill	1179950.00	pakkar
33-1245	Viceroy Lights F.	" "	2.959,00	2959.00	mill	147950.00	pakkar
33-1260	Lucky Strike R.S.	" "	52,00	52.00	mill	2600.00	pakkar
33-1263	Lucky Strike K.S.F.	" "	8.644,00	8644.00	mill	432200.00	pakkar
33-1393	Kent K.S.F.	" "	4.455,00	4455.00	mill	222750.00	pakkar
33-1395	Kent Lights F.	" "	2.331,00	2331.00	mill	116550.00	pakkar
33-1451	Merit	" "	1,00	1.00	mill	50.00	pakkar
33-1453	Merit Mentol	" "	32,00	32.00	mill	1600.00	pakkar
33-1473	Stanton K.S.F.	" "	26,00	26.00	mill	1300.00	pakkar
33-1480	Camel R.S.	R.J.Reynolds Tob.Co	40.257,00	40257.00	mill	2012850.00	pakkar
33-1483	Camel K.S.F.	" "	8.778,00	8778.00	mill	438900.00	pakkar
33-1485	Camel Lights F.	" "	1.665,00	1665.00	mill	83250.00	pakkar
33-1511	More F.	" "	2.301,00	2301.00	mill	115050.00	pakkar
33-1515	More Menthol F.	" "	2.788,00	2788.00	mill	139400.00	pakkar
33-1543	Salem Menthol K.S.F.	" "	16.395,00	16395.00	mill	819750.00	pakkar
33-1545	Salem Lights F.	" "	35.583,00	35583.00	mill	1779150.00	pakkar
33-1573	Vantage K.S.F.	" "	3.957,00	3957.00	mill	197850.00	pakkar

Vörunúmer	Vöruheiti		Sala	Magn	...eða	
33-1603	Winston K.S.F.	R J.Reynolds Tob.	151.902,00	151902.00 mill	7595100.00	pakkar
33-1604	Winston S.L.F.	" "	8.316,00	8316.00 mill	415800.00	pakkar
33-1605	Winston Lights F.	" "	57.818,00	57818.00 mill	2890900.00	pakkar
33-1606	Winston Ultra	" "	1,00	1.00 mill	50.00	pakkar
33-1613	Gold Cost K.S.F.	" "	18.598,00	18598.00 mill	929900.00	pakkar
33-1615	Gold Coast Lights F.	" "	6.997,00	6997.00 mill	349850.00	pakkar
33-1623	Gold Coasst Menthol F.	" "	2.473,00	2473.00 mill	123650.00	pakkar
33-2050	Players RS		1,00	1.00 mill	50.00	pakkar
33-2153	Dunhill K.S.F.	Tobacco Exporters	332,00	332.00 mill	16600.00	pakkar
33-2203	Rothmans K.S.F.	" "	244,00	244.00 mill	12200.00	pakkar
33-3330	Gauloises R.S.	S.E.I.T.A.	410,00	410.00 mill	20500.00	pakkar
33-3341	Gitanes F.	" "	1,00	1.00 mill	50.00	pakkar
33-3353	Royal F.	" "	14.487,00	14487.00 mill	724350.00	pakkar
33-3355	Royale Lights F.	" "	4.413,00	4413.00 mill	220650.00	pakkar
33-3363	Royale Menthol F.	" "	2.821,00	2821.00 mill	141050.00	pakkar
33-3365	Royale Menthol Lights F.	S.E.I.T.A.	43,00	43.00 mill	2150.00	pakkar
33-4003	S.G.Export F.		3,00	3.00 mill	150.00	pakkar
33-4005	S.G.Lights F.		6,00	6.00 mill	300.00	pakkar
33-4503	Victory F.		8,00	8.00 mill	400.00	pakkar
33-4523	Welcome red F.		15,00	15.00 mill	750.00	pakkar
33-4603	Saga Filter		5,00	5.00 mill	250.00	pakkar
33-5003	HB Crown F.		103,00	103.00 mill	5150.00	pakkar
33-5014	KIM Mild F.	Brown & Williamson	268,00	268.00 mill	13400.00	pakkar
33-5023	KIM Menthol F.	" "	115,00	115.00 mill	5750.00	pakkar
33-5553	Prince K.S.F.	Scandinavian Tob.Co	10.192,00	10192.00 mill	509600.00	pakkar
33-5555	Prince Lights F.	" "	3.749,00	3749.00 mill	187450.00	pakkar
Samanlagt fyrir vöruflokk 33			441.383,00	441383.00 mill	22069150.00	pakkar
34-1002	Grenadiers		260,00	8892.00 gr.	1560.00	stykki
34-1091	Tiparillo	General Cigars Co	10.597,00	143059.50 gr.	52985.00	stykki
34-1098	Tiparillo	" "	7,00	945.00 gr.	350.00	stykki
34-1131	King Edw. Cigarillos	Martin Brothers	4.160,00	56992.00 gr.	20800.00	stykki
34-1141	King Edw.Imperial	" "	5.270,00	197098.00 gr.	26350.00	stykki
34-1326	Tueros	R.J.Reynolds	303,00	64766.25 gr.	7575.00	stykki
34-2003	Cerut 30	Scandinavian Tobacco	87.577,00	2758675.50 gr.	875770.00	stykki
34-2023	Polo	" "	2.000,00	46000.00 gr.	20000.00	stykki
34-2106	Caminante	" "	301,00	40108.25 gr.	7525.00	stykki
34-2108	Caminante	" "	131,00	34911.50 gr.	6550.00	stykki
34-2113	Danitas	" "	18.153,00	448379.10 gr.	181530.00	stykki
34-2123	Fauna	" "	333.889,00	8013336.00 gr.	3338890.00	stykki
34-2151	Apostolado	" "	1.575,00	67331.25 gr.	7875.00	stykki
34-2203	Churchill Cerut	" "	9.536,00	376672.00 gr.	95360.00	stykki
34-2216	Churchill Corona	" "	697,00	141142.50 gr.	17425.00	stykki
34-2233	Petit Cigarillos	" "	440,00	4180.00 gr.	4400.00	stykki
34-2303	Cigill	" "	98.160,00	1501848.00 gr.	981600.00	stykki
34-2323	Manne	" "	490,00	19600.00 gr.	4900.00	stykki
34-2403	Advocat Cerut	" "	1.120,00	45920.00 gr.	11200.00	stykki
34-2423	Evergreen	" "	11.675,00	175125.00 gr.	116750.00	stykki
34-2513	Bagatello	" "	202.940,00	2638220.00 gr.	2029400.00	stykki
34-2556	Flora Danica	" "	771,00	110060.25 gr.	19275.00	stykki
34-2558	Flora Danica	" "	105,00	29977.50 gr.	5250.00	stykki
34-2563	London Docks	" "	343.658,00	10825227.00 gr.	3436580.00	stykki
34-2568	London Docks	" "	4.379,00	689692.50 gr.	218950.00	stykki
34-2583	Rosa Danica	" "	53.349,00	2137309.00 gr.	533490.00	stykki
34-2588	Rosa Danica	" "	522,00	107010.00 gr.	26100.00	stykki
34-3006	Agio Gouden Oogst	Agio Sigarenfab.	233,00	43244.80 gr.	5825.00	stykki

Vörunúmer	Vöruheiti		Sala	Magn	...eða	
34-3018	Agio Golden Hav	Agio Sigarenfabr.	30,00	5568.00	gr.	750.00 stykki
34-3023	Agio Junior Tip	" "	3.100,00	35650.00	gr.	31000.00 stykki
34-3033	Agio Mehari s	" "	10,00	300.00	gr.	100.00 stykki
34-3053	Agio Petitos	" "	30.078,00	938433.60	gr.	300780.00 stykki
34-3058	Agio Petitos	" "	166,00	25232.00	gr.	8300.00 stykki
34-3066	Agio Success	" "	209,00	34564.42	gr.	5225.00 stykki
34-3156	Bjarni frá Vogi	Cadena Claassen	1.463,00	212135.00	gr.	36575.00 stykki
34-3163	Bjarni frá Vogi Cigaril.	" "	1.440,00	46080.00	gr.	14400.00 stykki
34-3206	Hofnar Ambassador	Hofnar Cigarenfabr.	484,00	74778.00	gr.	12100.00 stykki
34-3213	Hofnar Half Time	" "	1.653,00	22315.50	gr.	16530.00 stykki
34-3218	Hofnar Half Time	" "	208,00	14040.00	gr.	10400.00 stykki
34-3223	Hofnar Puck	" "	73.510,00	1624571.00	gr.	735100.00 stykki
34-3233	Hofnar Sen.Special	" "	125,00	3837.50	gr.	1250.00 stykki
34-3241	Hofnar Wilde Havana	" "	795,00	12262.75	gr.	3975.00 stykki
34-3248	Hofnar Wilde Havana	" "	219,00	33835.50	gr.	10950.00 stykki
34-3253	Hofnar Lilliput	" "	755,00	9588.50	gr.	7550.00 stykki
34-3503	Ritm.Brasil Cigaril.	Gebr.Ritmeester	1.160,00	16820.00	gr.	11600.00 stykki
34-3513	Ritm.Brasil sen.	" "	1.575,00	49612.50	gr.	15750.00 stykki
34-3533	Ritm.Cocarde	" "	17.530,00	245420.00	gr.	175300.00 stykki
34-3543	Ritm. Tips Regular	" "	50,00	600.00	gr.	500.00 stykki
34-3563	Ritm.Pikeur	" "	4,00	122.00	gr.	40.00 stykki
34-3573	Ritm.Livarde	" "	930,00	13020.00	gr.	9300.00 stykki
34-3576	Ritm.Ones	" "	70,00	9625.00	gr.	1750.00 stykki
34-3716	Mulata	Schimmelphennick Cig.	97,00	17702.50	gr.	2425.00 stykki
34-3723	Nostra	" "	150,00	1575.00	gr.	1500.00 stykki
34-3903	Café Creme	Henri Wintermans Cig.	67.506,00	648057.60	gr.	675060.00 stykki
34-3913	Café Creme Tipped	" "	5.161,00	50577.80	gr.	51610.00 stykki
34-3923	Café Creme mild	" "	1.410,00	13254.00	gr.	14100.00 stykki
34-3931	Special mild	" "	620,00	4309.00	gr.	3100.00 stykki
34-3933	Mini Havana	" "	1.290,00	12255.00	gr.	12900.00 stykki
34-5003	Mercator Jupiter	Vander Elst	2.900,00	92800.00	gr.	29000.00 stykki
34-5053	Mercator Junior	" "	5.530,00	128296.00	gr.	55300.00 stykki
34-7023	Villiger Kiel mild	Villiger Söhne	10.291,00	319021.00	gr.	102910.00 stykki
Samanlagt fyrir vöruflokk 34			1.422.817,00	35492002.07	gr.	14411395.00 stykki

Sala tóbaks fyrir tímabilið janúar til desember árið 1988.
Lager : Allir lagerar

Vörunúmer	Vöruheiti	Sala	Magn	...eða	
30-1000	Skorið neftóbak	154.622,00	7731100.00	gr.	154622.00 dósir
30-1001	Skorið neftóbak	4.370,00	4370000.00	gr.	17480.00 dósir
30-1010	Fín skorið neftóbak	62,00	62000.00	gr.	248.00 dósir
Samanlagt fyrir vöruflokk 30		159.054,00	12163100.00	gr.	172350.00 dósir
31-1200	Smalskraa	302,00	48320.00	gr.	3020.00 pakkar
Samanlagt fyrir vöruflokk 31		302,00	48320.00	gr.	3020.00 pakkar
32-1002	Half and Half	10.888,00	5556146.40	gr.	10888.00 dúsin
32-1042	Bourbom Blend	945,00	482233.50	gr.	945.00 dúsin
32-1082	Sir Walter Raleigh	2.358,00	1203287.40	gr.	2358.00 dúsin
32-1122	Edgeworth	589,00	300566.70	gr.	589.00 dúsin
32-1202	Prince Albert	5.675,00	2895952.50	gr.	5675.00 dúsin
32-1203	Prince Albert	2,00	336.90	gr.	2.00 dósir
32-2220	Dunhill St.mixt.med	31,00	31000.00	gr.	620.00 dósir
32-2230	Dunhill St. mixt.med	14,00	14000.00	gr.	280.00 dósir
32-3100	Midland Excellent	2.280,00	1140000.00	gr.	22800.00 pakkar
32-3110	Drum	1.048,00	524000.00	gr.	10480.00 pakkar
32-3300	Sail Regular	1.677,00	1006200.00	gr.	20124.00 pakkar
32-4002	Skandinavik	2.201,00	1100500.00	gr.	22010.00 pakkar
32-4012	Skandinavik Mixture	218,00	109000.00	gr.	2180.00 pakkar
32-4050	Sweet Dublin	3.376,00	1688000.00	gr.	33760.00 pakkar
32-4100	Mac Baren Gold.Blend	24,00	12000.00	gr.	240.00 pakkar
32-4150	Mac Baren Mixture	333,00	166500.00	gr.	3330.00 pakkar
32-4200	Borkum Riff	1.120,00	672000.00	gr.	13440.00 pakkar
Samanlagt fyrir vöruflokk 32		32.779,00	16901783.40	gr.	
33-1123	Kool Menthol K.S.F.	2.089,00	2089.00	mill	104450.00 pakkar
33-1152	Pall Mall K.S.	1.165,00	1165.00	mill	58250.00 pakkar
33-1243	Viceroy K.S.F.	23.190,00	23190.00	mill	1159500.00 pakkar
33-1245	Viceroy Lights F.	2.967,00	2967.00	mill	148350.00 pakkar
33-1260	Lucky Strike R.S.	78,00	78.00	mill	3900.00 pakkar
33-1263	Lucky Strike K.S.F.	7.114,00	7114.00	mill	355700.00 pakkar
33-1393	Kent K.S.F.	4.036,00	4036.00	mill	201800.00 pakkar
33-1395	Kent Lights F.	2.522,00	2522.00	mill	126100.00 pakkar
33-1403	Capri Mentol	429,00	429.00	mill	21450.00 pakkar
33-1405	Capri Light	367,00	367.00	mill	18350.00 pakkar
33-1480	Camel R.S.	36.027,00	36027.00	mill	1801350.00 pakkar
33-1483	Camel K.S.F.	10.519,00	10519.00	mill	525950.00 pakkar
33-1485	Camel Lights F.	1.705,00	1705.00	mill	85250.00 pakkar
33-1511	More F.	2.463,00	2463.00	mill	123150.00 pakkar
33-1515	More Menthol F.	2.733,00	2733.00	mill	136650.00 pakkar
33-1543	Salem Menthol K.S.F.	16.867,00	16867.00	mill	843350.00 pakkar
33-1545	Salem Lights F.	37.805,00	37805.00	mill	1890250.00 pakkar
33-1573	Vantage K.S.F.	3.904,00	3904.00	mill	195200.00 pakkar
33-1603	Winston K.S.F.	152.516,00	152516.00	mill	7625800.00 pakkar
33-1604	Winston S.L.F.	11.090,00	11090.00	mill	554500.00 pakkar
33-1605	Winston Lights F.	60.542,00	60542.00	mill	3027100.00 pakkar
33-1613	Gold Cost K.S.F.	12.817,00	12817.00	mill	640850.00 pakkar
33-1615	Gold Coast Lights F.	5.517,00	5517.00	mill	275850.00 pakkar
33-1623	Gold Coasst Menthol F.	1.815,00	1815.00	mill	90750.00 pakkar
33-2153	Dunhill K.S.F.	286,00	286.00	mill	14300.00 pakkar
33-2203	Rothmans K.S.F.	212,00	212.00	mill	10600.00 pakkar
33-3330	Gauloises R.S.	363,00	363.00	mill	18150.00 pakkar
33-3353	Royal F.	9.700,00	9700.00	mill	485000.00 pakkar

Sala tóbaks fyrir tímabilið janúar til desember árið 1988.
Lager : Allir lagerar

Vörunúmer Vöruheiti	Sala	Magn	...eða	
33-3363 Royale Menthol F.	2.137,00	2137.00 mill	106850.00	pakkar
33-3365 Royale Menthol Lights F.	26,00	26.00 mill	1300.00	pakkar
33-4603 Saga Filter	117,00	117.00 mill	5850.00	pakkar
33-5014 KIM Mild F.	119,00	119.00 mill	5950.00	pakkar
33-5023 KIM Menthol F.	71,00	71.00 mill	3550.00	pakkar
33-5553 Prince K.S.F.	10.534,00	10534.00 mill	526700.00	pakkar
33-5555 Prince Lights F.	4.003,00	4003.00 mill	200150.00	pakkar
Samanlagt fyrir vöruflokk 33	431.377,00	431377.00 mill	21568850.00	pakkar
34-1091 Tiparillo	8.777,00	118489.50 gr.	43885.00	stykki
34-1098 Tiparillo	7,00	945.00 gr.	350.00	stykki
34-1131 King Edw. Cigarillos	4.710,00	64527.00 gr.	23550.00	stykki
34-1141 King Edw. Imperial	4.991,00	186663.40 gr.	24955.00	stykki
34-1326 Tueros	242,00	51727.50 gr.	6050.00	stykki
34-2003 Cerut 30	79.760,00	2512440.00 gr.	797600.00	stykki
34-2023 Polo	1.750,00	40250.00 gr.	17500.00	stykki
34-2106 Caminante	390,00	51967.50 gr.	9750.00	stykki
34-2108 Caminante	39,00	10393.50 gr.	1950.00	stykki
34-2113 Danitas	14.136,00	349159.20 gr.	141360.00	stykki
34-2123 Fauna	323.683,00	7768392.00 gr.	3236830.00	stykki
34-2151 Apostolado	1.555,00	66476.25 gr.	7775.00	stykki
34-2203 Churchill Cerut	9.373,00	370233.50 gr.	93730.00	stykki
34-2216 Churchill Corona	456,00	92340.00 gr.	11400.00	stykki
34-2233 Petit Cigarillos	360,00	3420.00 gr.	3600.00	stykki
34-2303 Cigill	91.690,00	1402857.00 gr.	916900.00	stykki
34-2323 Manne	387,00	15480.00 gr.	3870.00	stykki
34-2403 Advocat Cerut	842,00	34522.00 gr.	8420.00	stykki
34-2423 Evergreen	11.160,00	167400.00 gr.	111600.00	stykki
34-2513 Bagatello	227.141,00	2612121.50 gr.	2271410.00	stykki
34-2556 Flora Danica	561,00	80082.75 gr.	14025.00	stykki
34-2558 Flora Danica	56,00	15988.00 gr.	2800.00	stykki
34-2563 London Docks	309.964,00	9763866.00 gr.	3099640.00	stykki
34-2568 London Docks	3.799,00	598342.50 gr.	189950.00	stykki
34-2583 Rosa Danica	51.554,00	2113714.00 gr.	515540.00	stykki
34-2588 Rosa Danica	519,00	106395.00 gr.	25950.00	stykki
34-2591 Royal Award	1.711,00	56035.25 gr.	8555.00	stykki
34-3006 Agio Gouden Dogst	116,00	21529.60 gr.	2900.00	stykki
34-3023 Agio Junior Tip	2.760,00	31740.00 gr.	27600.00	stykki
34-3053 Agio Petitos	29.460,00	919152.00 gr.	294600.00	stykki
34-3058 Agio Petitos	155,00	23560.00 gr.	7750.00	stykki
34-3066 Agio Success	191,00	31587.58 gr.	4775.00	stykki
34-3156 Bjarni frá Vogi	1.086,00	157470.00 gr.	27150.00	stykki
34-3163 Bjarni frá Vogi Cigaril.	800,00	25600.00 gr.	8000.00	stykki
34-3206 Hofnar Ambassador	344,00	53148.00 gr.	8600.00	stykki
34-3213 Hofnar Half Time	1.359,00	18346.50 gr.	13590.00	stykki
34-3218 Hofnar Half Time	199,00	13432.50 gr.	9950.00	stykki
34-3223 Hofnar Puck	69.824,00	1543110.40 gr.	698240.00	stykki
34-3241 Hofnar Wilde Havana	549,00	8482.05 gr.	2745.00	stykki
34-3248 Hofnar Wilde Havana	172,00	26574.00 gr.	8600.00	stykki
34-3253 Hofnar Lilliput	777,00	9867.90 gr.	7770.00	stykki
34-3503 Ritm. Brasil Cigaril.	705,00	10222.50 gr.	7050.00	stykki
34-3513 Ritm. Brasil sen.	645,00	20317.50 gr.	6450.00	stykki
34-3533 Ritm. Corarde	15.660,00	219240.00 gr.	156600.00	stykki
34-3543 Ritm. Tips Regular	320,00	3840.00 gr.	3200.00	stykki
34-3573 Ritm. Livarde	125,00	1750.00 gr.	1250.00	stykki
34-3576 Ritm. Ones	45,00	6187.50 gr.	1125.00	stykki
34-3716 Mulata	36,00	6570.00 gr.	900.00	stykki
34-3723 Nostra	270,00	2835.00 gr.	2700.00	stykki
34-3903 Café Creme	66.740,00	640704.00 gr.	667400.00	stykki

Sala tóbaks fyrir tímabilið janúar til desember árið 1988.
Lager : Allir lagerar

Vörunúmer Vöruheiti	Sala	Magn	...eða
34-3923 Café Creme mild	1.200,00	11280.00 gr.	12000.00 stykki
34-3931 Special mild	230,00	1598.50 gr.	1150.00 stykki
34-3933 Mini Havana	830,00	7885.00 gr.	8300.00 stykki
34-5003 Mercator Jupiter	1.950,00	62400.00 gr.	19500.00 stykki
34-5053 Mercator Junior	5.240,00	121568.00 gr.	52400.00 stykki
34-7023 Villiger Kiel mild	5.279,00	287649.00 gr.	52790.00 stykki
Samanlagt fyrir vöruflokk 34	1.365.160,00	32985779.88 gr.	13788830.00 stykki
36-1000 Mascotte	53,00	0.00 gr.	53.00 kassar
36-1100 Drum	180,00	0.00 gr.	180.00 kassar
36-2000 Golden Tip	35,00	0.00 gr.	35.00 pakkar
Samanlagt fyrir vöruflokk 36	268,00	0.00 gr.	
Samanlögð sala fyrir alla vöruflokka	1.988.940,00		

Sala tóbaks fyrir tímabilið janúar til desember árið 1989.
Lager : Allir lagerar

Vörunúmer	Vöruheiti	Sala	Magn	...eða	
30-1000	Skorið neftóbak	151.288,00	7564400.00 gr.	151288.00	dósir
30-1001	Skorið neftóbak	3.950,00	3950000.00 gr.	15800.00	dósir
30-1010	Fín skorið neftóbak	38,00	38000.00 gr.	152.00	dósir
Samanlagt fyrir vöruflokk 30		155.276,00	11552400.00 gr.	167240.00	dósir
31-1200	Smalskraa	264,00	42240.00 gr.	2640.00	pakkar
Samanlagt fyrir vöruflokk 31		264,00	42240.00 gr.	2640.00	pakkar
32-1002	Half and Half	8.344,00	4257943.20 gr.	100128.00	pakkar
32-1042	Bourbom Blend	671,00	342411.30 gr.	8052.00	pakkar
32-1082	Sir Walter Raleigh	1.545,00	788413.50 gr.	18540.00	pakkar
32-1122	Edgeworth	406,00	207181.80 gr.	4872.00	pakkar
32-1202	Prince Albert	10.009,00	5107592.70 gr.	120108.00	pakkar
32-2220	Dunhill St.mixt.med	24,00	24000.00 gr.	480.00	dósir
32-2230	Dunhill St. mixt.mild.	9,00	9000.00 gr.	180.00	dósir
32-3100	Midland Excellent	1.879,00	939500.00 gr.	18790.00	pakkar
32-3110	Drum	942,00	471000.00 gr.	9420.00	pakkar
32-3300	Sail Regular	1.364,00	818400.00 gr.	16368.00	pakkar
32-4002	Skaninavik	1.546,00	773000.00 gr.	15460.00	pakkar
32-4012	Skandinavik Mixture	8,00	4000.00 gr.	80.00	pakkar
32-4050	Sweet Dublin	2.902,00	1451000.00 gr.	29020.00	pakkar
32-4150	Mac Baren Mixture	254,00	127000.00 gr.	2540.00	pakkar
32-4200	Borkum Riff	1.004,00	602400.00 gr.	12048.00	pakkar
Samanlagt fyrir vöruflokk 32		30.907,00	15922842.50 gr.		
33-1123	Kool Menthol K.S.F.	2.148,00	2148.00 mill	107400.00	pakkar
33-1152	Pall Mall K.S.	697,00	697.00 mill	34850.00	pakkar
33-1243	Viceroy K.S.F.	22.775,00	22775.00 mill	1138750.00	pakkar
33-1245	Viceroy Lights F.	3.190,00	3190.00 mill	159500.00	pakkar
33-1260	Lucky Strike R.S.	158,00	158.00 mill	7900.00	pakkar
33-1263	Lucky Strike K.S.F.	7.999,00	7999.00 mill	399950.00	pakkar
33-1393	Kent K.S.F.	3.604,00	3604.00 mill	180200.00	pakkar
33-1395	Kent Lights F.	2.753,00	2753.00 mill	137650.00	pakkar
33-1403	Capri Mentol	909,00	909.00 mill	45450.00	pakkar
33-1405	Capri Light	779,00	779.00 mill	38950.00	pakkar
33-1480	Camel R.S.	32.610,00	32610.00 mill	1630500.00	pakkar
33-1483	Camel K.S.F.	11.859,00	11859.00 mill	592950.00	pakkar
33-1485	Camel Lights F.	1.710,00	1710.00 mill	85500.00	pakkar
33-1511	More F.	2.152,00	2152.00 mill	107600.00	pakkar
33-1515	More Menthol F.	2.352,00	2352.00 mill	117600.00	pakkar
33-1543	Salem Menthol K.S.F.	17.070,00	17070.00 mill	853500.00	pakkar
33-1545	Salem Lights F.	37.197,00	37197.00 mill	1859850.00	pakkar
33-1573	Vantage K.S.F.	3.607,00	3607.00 mill	180350.00	pakkar
33-1603	Winston K.S.F.	146.247,00	146247.00 mill	7312350.00	pakkar
33-1604	Winston S.L.F.	13.372,00	13372.00 mill	668600.00	pakkar
33-1605	Winston Lights F.	56.191,00	56191.00 mill	2809550.00	pakkar
33-1613	Gold Cost K.S.F.	11.665,00	11665.00 mill	583250.00	pakkar
33-1615	Gold Coast Lights F.	5.551,00	5551.00 mill	277550.00	pakkar
33-1623	Gold Coast Menthol F.	2.073,00	2073.00 mill	103650.00	pakkar
33-2153	Dunhill K.S.F.	265,00	265.00 mill	13250.00	pakkar
33-2203	Rothmans K.S.F.	214,00	214.00 mill	10700.00	pakkar
33-3330	Gauloises R.S.	389,00	389.00 mill	19450.00	pakkar
33-3353	Royal F.	8.225,00	8225.00 mill	411250.00	pakkar
33-3355	Royale Lights F.	2.927,00	2927.00 mill	146350.00	pakkar
33-3363	Royale Menthol F.	1.910,00	1910.00 mill	95500.00	pakkar
33-3365	Royale Menthol Lights F.	6,00	6.00 mill	300.00	pakkar

Sala tóbaks fyrir tímabilið janúar til desember árið 1989.
Lager : Allir lagerar

Vörunúmer Vöruheiti	Sala	Magn	...eða	
33-4603 Saga Filter	76,00	76.00 mill	3800.00	pakkar
33-5023 KIM Menthol F.	19,00	19.00 mill	950.00	pakkar
33-5553 Prince K.S.F.	11.126,00	11126.00 mill	556300.00	pakkar
33-5555 Prince Lights F.	4.476,00	4476.00 mill	223800.00	pakkar
Samanlagt fyrir vöruflokk 33	418.301,00	418301.00 mill	20915050.00	pakkar
34-1091 Tiparillo	7.498,00	101223.00 gr.	37490.00	stykki
34-1098 Tiparillo	4,00	540.00 gr.	200.00	stykki
34-1131 King Edw. Cigarillos	4.200,00	57540.00 gr.	21000.00	stykki
34-1141 King Edw.Imperial	3.620,00	135388.00 gr.	18100.00	stykki
34-1326 Tueros	181,00	38688.75 gr.	4525.00	stykki
34-2003 Cerut 30	68.120,00	2145780.00 gr.	681200.00	stykki
34-2023 Polo	1.491,00	34293.00 gr.	14910.00	stykki
34-2106 Caminante	371,00	49435.75 gr.	9275.00	stykki
34-2113 Danitas	13.830,00	341601.00 gr.	138300.00	stykki
34-2123 Fauna	317.199,00	7612776.00 gr.	3171990.00	stykki
34-2151 Apostolado	1.665,00	71178.75 gr.	8325.00	stykki
34-2203 Churchill Cerut	7.570,00	299015.00 gr.	75700.00	stykki
34-2216 Churchill Corona	360,00	72900.00 gr.	9000.00	stykki
34-2233 Petit Cigarillos	1.550,00	14725.00 gr.	15500.00	stykki
34-2303 Cigill	91.148,00	1394564.40 gr.	911480.00	stykki
34-2403 Advocat Cerut	1.000,00	41000.00 gr.	10000.00	stykki
34-2423 Evergreen	8.960,00	134400.00 gr.	89600.00	stykki
34-2513 Bagatello	267.829,00	3080033.50 gr.	2678290.00	stykki
34-2556 Flora Danica	533,00	76085.75 gr.	13325.00	stykki
34-2558 Flora Danica	2,00	571.00 gr.	100.00	stykki
34-2563 London Docks	280.884,00	8847846.00 gr.	2808840.00	stykki
34-2568 London Docks	3.489,00	549517.50 gr.	174450.00	stykki
34-2583 Rosa Danica	46.112,00	1890592.00 gr.	461120.00	stykki
34-2588 Rosa Danica	353,00	72365.00 gr.	17650.00	stykki
34-2591 Royal Award	865,00	28328.75 gr.	4325.00	stykki
34-3006 Agio Gouden Oogst	85,00	15776.00 gr.	2125.00	stykki
34-3023 Agio Junior Tip	2.460,00	28290.00 gr.	24600.00	stykki
34-3053 Agio Petitos	22.857,00	713138.40 gr.	228570.00	stykki
34-3058 Agio Petitos	101,00	15352.00 gr.	5050.00	stykki
34-3066 Agio Success	137,00	22657.06 gr.	3425.00	stykki
34-3156 Bjarni frá Vogi	762,00	110490.00 gr.	19050.00	stykki
34-3163 Bjarni frá Vogi Cigaril.	740,00	23680.00 gr.	7400.00	stykki
34-3206 Hofnar Ambassador	301,00	46504.50 gr.	7525.00	stykki
34-3213 Hofnar Half Time	1.400,00	18900.00 gr.	14000.00	stykki
34-3218 Hofnar Half Time	93,00	6277.50 gr.	4650.00	stykki
34-3223 Hofnar Puck	54.998,00	1215455.80 gr.	549980.00	stykki
34-3241 Hofnar Wilde Havana	384,00	5932.80 gr.	1920.00	stykki
34-3248 Hofnar Wilde Havana	163,00	25183.50 gr.	8150.00	stykki
34-3253 Hofnar Lilliput	470,00	5969.00 gr.	4700.00	stykki
34-3503 Ritm.Brasil Cigaril.	365,00	5292.50 gr.	3650.00	stykki
34-3533 Ritm.Cocarde	14.100,00	197400.00 gr.	141000.00	stykki
34-3573 Ritm.Livarde	545,00	7630.00 gr.	5450.00	stykki
34-3576 Ritm.Ones	23,00	3162.50 gr.	575.00	stykki
34-3903 Café Creme	60.911,00	584745.60 gr.	609110.00	stykki
34-3913 Café Creme Tipped	3.480,00	34104.00 gr.	34800.00	stykki
34-3923 Café Creme mild	1.333,00	12530.20 gr.	13330.00	stykki
34-3931 Special mild	30,00	208.50 gr.	150.00	stykki
34-3933 Mini Havana	1.209,00	11485.50 gr.	12090.00	stykki
34-5003 Mercator Jupiter	1.670,00	53440.00 gr.	16700.00	stykki
34-5053 Mercator Junior	5.080,00	117856.00 gr.	50800.00	stykki
34-6001 Perfector Filter	374,00	2599.30 gr.	1870.00	stykki
34-7023 Villiger Kiel mild	8.315,00	257765.00 gr.	83150.00	stykki
Samanlagt fyrir vöruflokk 34	1.311.220,00	30632213.81 gr.	13228515.00	stykki

Sala tóbaks fyrir tímabilið janúar til desember árið 1989.
Lager : Allir lagerar

Vörunúmer Vöruheiti	Sala	Magn	...eða
36-1000 Mascotte	1,00	0.00 gr.	1.00 kassar
36-1100 Drum	194,00	0.00 gr.	194.00 kassar
36-2000 Golden Tip	26,00	0.00 gr.	26.00 pakkar
Samanlagt fyrir vöruflokk 36	221,00	0.00 gr.	

Sþ. 974. Svar [217. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Einarsdóttur og Danfríðar Skarphéðinsdóttur um niðurstöður milliþinganefndar um húsnæðislánakerfið.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverjar voru niðurstöður milliþinganefndar um húsnæðislánakerfið hvað varðar tekju- og eignarviðmiðun við ákvörðun vaxtabóta?

Óskað er eftir að birt verði sérálit einstakra nefndarmanna ef einhver eru.

Ákvæði tekjuskatts- og eignarskattslaga um vaxtabætur var ekki með formlegum hætti vísað til milliþinganefndar þeirrar um húsbréfakerfið sem félagsmálaráðherra skipaði sumarið 1989. Í erindisbréfi nefndarinnar var ekki gert ráð fyrir að nefndin fjallaði um eða skilaði niðurstöðum varðandi vaxtabætur. Fulltrúi fjármálaráðuneytisins í framkvæmdanefnd um húsbréfamál lagði þó fram lögin um vaxtabætur til kynningar á einum fyrsta fundi hennar að beiðni formanns hennar. Í nefndinni voru einnig lagðir fram útreikningar á áhrifum vaxtabótakerfisins, m.a. frá hagfræðideild Seðlabankans og dr. Pétri Blöndal. Í nefndinni fóru fram umræður um þessi mál. Sömu gögn voru lögð fram í samráðshópi um undirbúning húsbréfakerfisins sem fulltrúar þingflokkanna áttu sæti í. Umræður fóru fram sem höfðu áhrif á þær breytingar sem gerðar voru á lögunum í haust. Í fjármálaráðuneytinu er ekki hægt að finna að ráðuneytinu hafi borist erindi frá Alþingi, eða frá fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar, um að vísa frumvarpinu um vaxtabætur til milliþinganefndar um húsbréfamál. Þrátt fyrir það voru fyrrgreind gögn lögð fram í nefndinni og rædd þar.

Sþ. 975. Svar [359. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ólafs Þ. Þórðarsonar um verðbreytingarfærslur Landsvirkjunar.

Þar sem Landsvirkjun er undanþegin tekjuskatti og eignarskatti, sbr. 16. gr. laga nr. 42 1983, hafa skattyfirvöld ekki undir höndum upplýsingar til þess að svara þeim spurningum sem fram koma í fyrirspurninni. Af þessum sökum óskaði ráðuneytið eftir því við Landsvirkjun að umbeðnar upplýsingar yrðu látnar í té. Með svari þessu fylgir bréf Landsvirkjunar, dags. 11. þ.m., þar sem umbeðin svör eru látin í té eftir því sem unnt er.

Í bréfi sínu til Landsvirkjunar, dags. 28. mars 1990, fer fjármálaráðuneytið þess á leit að Landsvirkjun veiti ákveðnar upplýsingar um verðbreytingarfærslu fyrirtækisins í tilefni af

fyrirspurn Ólafs Þ. Þórðarsonar alþingismanns. Fara umbeðnar upplýsingar hér á eftir, en spurningarnar eru tvær, sú fyrri varðandi verðbreytingarfærsluna sjálfa og sú síðari varðandi verðstuðul til endurmats á varanlegum eignum Landsvirkjunar.

1. Verðbreytingarfærsla Landsvirkjunar.

Hverju munar á þeirri verðbreytingarfærslu sem Landsvirkjun hefur beitt á þeim árum sem slíkar færslur hafa verið notaðar og þeirrar sem ríkisskattstjóri hefur gefið út á sama tímabili?

Áður en gerð er tölulega grein fyrir þeim mun sem fram kemur við samanburð á verðbreytingarfærslu Landsvirkjunar og þeirri færslu sem miðast við fyrirmæli skattalaganna er rétt að skýra í örfáum orðum tilgang þessarar færslu og hvers vegna fyrirtækið notar ekki aðferð skattalaganna við útreikning á henni.

Aðaltilgangur færslunnar í tilviki Landsvirkjunar er að eyða endurmati á langtímaskuldum í formi gengismunar og verðbóta í því skyni að draga fram raunvaxtakostnað af lánum fyrirtækisins. Útreikningi færslunnar er þannig hagað að tekið er mið af peningalegri stöðu fyrirtækisins í upphafi og lok hvers árs, auk þess sem tekið er tillit til breytinga á stöðunni á viðkomandi ári. Miðað er við verðbreytingarstuðul fyrirtækisins sem byggist á úttekt á kostnaði við mannvirkjagerð í orkuiðnaði, en sá stuðull er einnig notaður við framreikning á kostnaðarverði mannvirkja. Stuðullinn miðast að einum þriðja við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar, en að tveimur þriðju hlutum við breytingar á gengi SDR að viðbættri veginni verðbólgu í þeim löndum sem skráning á SDR miðast við.

Afkomuhugtak fyrirtækisins miðast samkvæmt þessu við að ekki komi fram hagnaður á rekstrarreikningi nema starfsmáttur fyrirtækisins hafi aukist.

Samkvæmt fyrirmælum skattalaga miðast verðbreytingarfærslustuðullinn við meðaltalsverðbreytingar á milli ára og er í því sambandi miðað við vísitölu byggingarkostnaðar. Af þessu má ráða að stuðull skattalaganna miðast við annað tímabil en rekstrarreikningar fyrirtækja taka til sem yfirleitt eru fyrir almanaksárið. Eins og útreikningi verðstuðuls skattalaga er hagað tekur hann til verðbreytinga frá u.þ.b. 1. júní á einu ári til 1. júní á næsta ári. Á undanförnum árum hefur misvægi í breytingum á verðlagi innan ára og á milli ára verið talsvert, en það hefur þau áhrif að útreikningur skattalaga á verðbreytingarfærslunni getur verið mjög villandi. Af þessum sökum var verðstuðli skattalaganna hafnað við afkomumælingar Landsvirkjunar. Raunar hafa nú flest stór og meðalstór fyrirtæki í landinu hafnað útreikningi skattalaganna í þessu efni við reikningagerð sína. Við útreikninga á sköttum er þó að sjálfsögðu miðað við fyrirmæli skattalaga þótt þau séu gölluð.

Stuðull Landsvirkjunar tekur mið eins og að framan greinir bæði af innlendum og erlendum verðbreytingum. Það hefur þau áhrif að dregið er úr því misvægi sem annars vegar er á milli verðbreytinga innan og á milli ára og hins vegar á milli verðbreytinga innan árs og gengisbreytinga fyrir sama tíma. Með þessum hætti er dregið úr þeim ávinningi eða tapi sem fyrirtæki virðast verða fyrir á tilteknum tímabilum, en á hins vegar ekki við þegar til nokkurra ára er litið. Sveiflurnar jafnast út.

Hér á eftir fer tafla sem sýnir verðbreytingarfærsluna fyrir síðastliðin fimm ár. Eins og ráða má af tölum fyrir árið 1989 hefði orðið umtalsvert tap á rekstrarreikningi fyrir árið ef reglum skattalaganna hefði verið beitt. Verðbreytingarfærsla samkvæmt ákvæðum laganna hefði orðið 6,2 milljarðar króna, en er skráð 9,0 milljarðar króna í ársreikningi fyrirtækisins. Í stað hagnaðar að fjárhæð um 714 milljónir króna hefði orðið tap að fjárhæð um 2 milljarðar króna á árinu. Slík niðurstaða fengi ekki staðist þegar litið er til annarra atriða í afkomu fyrirtækisins.

	Landsvirkjun M.kr.	Skattalög M.kr.
1989	9.074	6.262
1988	5.322	4.336
1987	2.046	4.027
1986	2.262	5.516
1985	3.700	4.722
1984	4.000	3.186
1983	4.745	4.319
1982	2.656	1.440

Landsvirkjun tók upp nýjar reikningsskilaaðferðir á árinu 1982 í samráði við Alþjóðabankann sem er umsagnaraðili um reglur fyrirtækisins í þessum efnum. Verðbreytingarfærslur tíðkuðust hins vegar fyrst á árinu 1979 í reikningsskilum skattskyldra fyrirtækja hér á landi.

2. Endurmat varanlegra rekstrarfjármuna.

Hve mikið hefði bókfærð eiginfjárstaða Landsvirkjunar aukist ef verðbreytingarfærslum ríkisskattstjóra hefði verið beitt á umræddu tímabili og hver var aukning á bókfærðri eiginfjárstöðu Landsvirkjunar á sama tímabili?

Ljóst er að verðbreytingarfærslan, eins og henni er lýst hér á undan, hefur ekki áhrif á bókfært eigið fé. Hér skiptir aðeins máli hvernig að endurmati varanlegra fjármuna er staðið. Samkvæmt reglum Landsvirkjunar miðast endurmatið við stuðul sem felur í sér innlendar og erlendar verðbreytingar eins og nánar er vikið að í lið 1 hér að framan. Endurmatið miðast sem sé ekki við verðbreytingarstuðul á grundvelli byggingarvísitölu einnar sér eins og skattalög gera ráð fyrir. Samtals er stuðull fyrirtækisins nánast sá sami og stuðull skattalaganna fyrir það tímabil sem samanburðurinn beinist að, þ.e. frá 1982. Stuðull fyrirtækisins er 9,64, en skattstuðullinn er 9,44. Framreiknaða kostnaðarverðið yrði því nánast það sama. Á hinn bóginn er bókfært verð fastafjármuna fyrirtækisins, og þar með eigin fjár, mun hærra en það hefði orðið samkvæmt fyrirmælum skattalaganna þar sem afskriftahlutföll skattalaganna eru talsvert hærri en fyrirtækið notar.

Þar sem það mundi krefjast nokkurra mánaða vinnu að bera nákvæmlega saman það endurmat sem fram kæmi samkvæmt ákvæðum skattalaganna og endurmat samkvæmt reglum fyrirtækisins gefst ekki tími til að svara með neinni nákvæmni þeirri spurningu sem hér er til umfjöllunar. Hins vegar skal ítrekað að lítill munur er á stuðlunum samtals yfir umrætt tímabil og ljóst er að bókfært verð eigin fjár fyrirtækisins að hætti skattalaga yrði milljörðum króna lægra en það er samkvæmt bókum fyrirtækisins sem skýrist aðallega af því hve afskriftahlutföll skattalaga eru eins og áður segir hærri en þau sem fyrirtækið býr við og teljast eðlilegri með tilliti til endingartíma eigna virkjanafyrirtækis þó að önnur atriði geti líka haft þar áhrif.

Virðingarfyllst,
Halldór Jónatansson,
forstjóri.

Sþ. **976. Svar** [389. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Ágústssonar um frest skattstjóra til að úrskurða kærur.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hefur orðið misbrestur á framkvæmd ákvæða 1. mgr. 99. gr. laga nr. 75/1981 um að skattstjórar úrskurði kærur innan tveggja mánaða frá lokum kærufrests?*
2. *Hafa skattstjórar einhvern viðbótarfrest sem ekki er getið um í lögunum?*
3. *Hversu margar kærur höfðu ekki verið úrskurðaðar um sl. áramót vegna gjaldársins 1989? Voru einhverjar kærur vegna fyrri gjaldára enn óafgreiddar um sl. áramót?*

   Sundurliðun óskast eftir skattumdæmum þar sem fjöldi óafgreiddra kæra um sl. áramót er tilgreindur. Jafnframt er óskað eftir því að fram komi sundurliðun eftir gjaldárum og gerð sé grein fyrir því hvort um einstaklinga án rekstrar sé að ræða, einstaklinga með rekstur eða lögaðila.
4. *Komi í ljós misbrestur á framkvæmd laganna að þessu leyti, hvað hyggst fjármálaráðherra þá gera til úrbóta?*

Samkvæmt 1. mgr. 99. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, skulu skattstjórar hafa úrskurðað kærur innan tveggja mánaða frá lokum kærufrests. Samkvæmt 118. gr. sömu laga er fjármálaráðherra heimilt að breyta fresti skattstjóra til að úrskurða kærur ef brýna nauðsyn ber til. Fjármálaráðherra hefur falið ríkisskattstjóra að sjá um að veita slíkan frest. Hafa skattstjórar sótt til ríkisskattstjóra skriflega um heimildir til að veita frest, eftir því sem þeir hafa tilefni til, og fengið þann frest sem þeir hafa sýnt fram á að þeir þurfi á að halda.

Leitað hefur verið til skattstjóra um svör við 3. tölul. í fyrirspurninni. Fylgja svör þeirra þessu svari ásamt yfirliti um þær upplýsingar sem fram koma í svörunum.

	1 Óafgr. kærur um áramót sl.	2 Gjaldár 1989 og upptökumál v/eldri ára	3 Óafgr. frá 1988	4	5	6	7	8	9	Athugasemdir
				Einstaklingar án rekstrar		Einstaklingar með rekstur		Lögaðilar		
				1989	1988	1989	1988	1989	1988	
Reykjavík	1.020	905	115	0	0	550	28	355	87	
Vesturlandsumd.	34	34	0	16*	0	11		7	0	* V.húsnæðisbóta 13.
Vestfjarðaumd.	74	69	5					14	2	Sundurliðun skv. dálkum 4-7 óljós.
Norðurlumd. vestra	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
Norðurlumd. eystra	16	16	0	2*	0	7	0	7	0	* Tengjast lögaðila.
Austurlandsumd.	346	346	0	93?	0	?	0	?	0	Sundurliðun skv. dálkum 4, 6 og 8 óljós.
Suðurlandsumd.	ca 50	50	0	?	0	?	0	?	0	Nær allt tengt atvinnurekstri.
Vestmannaeyjar	11	9	2	0	0	6	0	3	2	
Reykjanesumd.	ca 850	ca 850	0	?	0	?	0	?	0	Brbk. ekki meðt. Sundurliðun ekki f. hendi.
SAMTALS	2.401	2.279	122							

Sþ. **977. Svar** [176. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Inga Björns Albertssonar um áætlaðan risnu- og ferðakostnað ráðuneyta og ríkisfyrirtækja árið 1990.

Vakin er athygli á því að í fylgiriti með ríkisreikningi hverju sinni eru m.a. upplýsingar um sundurliðaðan risnu- og ferðakostnað einstakra ráðuneyta og ríkisstofnana i A- og B-hluta ríkissjóðs.

1. *Hver er áætlaður risnukostnaður ráðuneyta annars vegar og ríkisfyrirtækja hins vegar á árinu 1990?*

Við vinnslu fjárlagafrumvarps hverju sinni skiptir Fjárlaga- og hagsýslustofnun ekki áætluðum rekstrarútgjöldum niður á einstaka liði, nema sérstök ástæða gefi tilefni til slíks. Upplýsingar um áætlaðan risnukostnað ráðuneyta og stofnana ríkisins er því ekki að finna í gögnum sem liggja að baki frumvarpi til fjárlaga. Samkvæmt upplýsingum ráðuneyta taka áætlanir um risnukostnað að mestu mið af hliðstæðum kostnaði árið áður. Meðfylgjandi eru upplýsingar frá Ríkisbókhaldi um risnukostnað á árinu 1989 hjá aðalskrifstofu ráðuneyta annars vegar og þeim ríkisstofnunum sem eru í bókhaldsþjónustu Ríkisbókhalds. Þess ber þó að gæta að risnukostnað rúmlega 80 stofnana í A-hluta ríkissjóðs, sem skila ársreikningi fyrir árið 1989 til ríkisbókhalds, er ekki að finna í þessum gögnum.

2. *Hver er áætlaður ferðakostnaður ráðuneyta annars vegar og fyrirtækja í ríkiseign hins vegar á árinu 1990? Hvernig skiptist áætlunin milli ferðakostnaðar innan lands og kostnaðar við utanlandsferðir? Hvað er gert ráð fyrir mörgum utanlandsferðum?*

Hið sama gildir um áætlaðan ferðakostnað og um áætlaðan risnukostnað að yfirleitt er hann ekki sérgreindur í gögnum Fjárlaga- og hagsýslustofnunar við fjárlagagerð hverju sinni. Fjármálaráðuneytið gaf út á árinu 1973 reglur um greiðslu kostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins. Í 3. mgr. 4. gr. þeirra reglna kemur fram að „Áður en ferð til útlanda hefst, ber að afla skriflegrar heimildar viðkomandi ráðuneytis. Í heimildinni sé tilgreindur fjöldi ferðadaga.“ Í dreifibréfi Ríkisendurskoðunar frá október sl. sem fjallar um frágang risnu- og ferðareikninga er þetta ákvæði áréttað. Hins vegar er óalgengt að stofnanir sendi ráðuneyti í upphafi árs upplýsingar um áætlaðar utanferðir. Hér á því hið sama við og í svari við fyrstu spurningu að upplýsingar um áætlaðan ferðakostnað ráðuneyta og ríkisstofnana á árinu 1990 verður að byggja á gögnum Ríkisbókhalds um ferðakostnað á árinu 1989. Meðfylgjandi eru upplýsingar frá Ríkisbókhaldi um ferðakostnað á árinu 1989 hjá aðalskrifstofum ráðuneyta annars vegar og þeim ríkisstofnunum sem eru í bókhaldsþjónustu Ríkisbókhalds eftir þeirri skiptingu sem um er beðið. Þess ber þó að gæta að ferðakostnaður rúmlega 80 stofnana í A-hluta ríkissjóðs, sem skila ársreikningi fyrir árið 1989 til ríkisbókhalds, er ekki að finna í þessum gögnum.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun:

Aðalskrifstofur ráðuneyta, risnu- og ferðakostnaður 1989.

Fjárhæðir í þúsundum króna	Risnukostnaður		Ferðakostnaður		
	Fastur	Annar	Innan-lands	Utan-lands	Ferðakostn. samtals
Æðsta stjórn ríkisins	2.164	1.889	2.061	4.264	6.325
Forsætisráðuneyti	22	4.433	141	5.293	5.434
Menntamálaráðuneyti	-	10.214	2.596	8.774	11.370
Utanríkisráðuneyti	-	11.219	1.417	55.345	56.762
Landbúnaðarráðuneyti	-	1.773	1.461	2.730	4.191
Sjávarútvegsráðuneyti	-	3.355	908	3.127	4.035
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	-	4.753	852	4.098	4.950
Félagsmálaráðuneyti	-	1.841	971	3.760	4.731
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	-	2.966	928	7.648	8.576
Fjármálaráðuneyti	-	3.068	514	6.212	6.726
Samgönguráðuneyti	30	4.066	663	4.293	4.956
Iðnaðarráðuneyti	-	857	329	3.480	3.809
Viðskiptaráðuneyti	-	1.787	104	4.104	4.208
Hagstofa Íslands	124	643	41	2.388	2.429
Fjárlaga- og hagsýslustofnun	-	290	125	1.316	1.441
Samtals	2.340	53.154	13.111	116.832	129.943

Stofnanir ráðuneyta í bókhaldsþjónustu Ríkisbókhalds*, risnu- og ferðakostnaður 1989.

Fjárhæðir í þúsundum króna	Risnukostnaður		Ferðakostnaður		
	Fastur	Annar	Innan-lands	Utan-lands	Ferðakostn. samtals
Æðsta stjórn ríkisins	-	6.921	1.647	1.831	3.478
Forsætisráðuneyti	-	288	143	797	940
Menntamálaráðuneyti	50	6.196	28.548	26.010	54.558
Utanríkisráðuneyti	12.159	3.924	2.838	13.174	16.012
Landbúnaðarráðuneyti	-	523	5.743	3.442	9.185
Sjávarútvegsráðuneyti	67	1.303	14.889	3.215	18.104
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	321	4.435	64.587	14.445	79.032
Félagsmálaráðuneyti	200	1.098	11.959	6.460	18.419
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	-	1.103	7.125	10.411	17.536
Fjármálaráðuneyti	-	2.549	10.586	2.371	12.957
Samgönguráðuneyti	-	892	1.082	1.536	2.618
Iðnaðarráðuneyti	-	2.691	27	5.692	5.719
Viðskiptaráðuneyti	-	-	-	-	-
Hagstofa Íslands	-	-	-	-	-
Fjárlaga- og hagsýslustofnun	-	-	-	-	-
Samtals	12.797	31.923	149.174	89.384	238.558

* Hér vantar nálega 80 stofnanir í A hluta ríkissjóðs sem skila ársreikningi fyrir árið 1989 til Ríkisbókhalds.

Sþ. **978. Svar** [339. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Þórhildar Þorleifsdóttur um kostnað við upptöku virðisaukaskatts.

1. *Hver var kostnaður fjármálaráðuneytisins árið 1989 af kynningu, fræðslu og auglýsingum við upptöku virðisaukaskatts:*
   a. *sundurgreint eftir fjölmiðlum,*
   b. *bæklingar, veggspjöld o.fl.,*
   c. *annað?*

Kynning skattkerfisbreytingarinnar meðal gjaldenda og almennings var eitt meginviðfangsefnanna við undirbúning þess að virðisaukaskatturinn leysti söluskatt af hólmi um síðustu áramót. Kynningin síðari hluta árs fór fram í sérstöku samstarfi fjármálaráðuneytisins og embættis ríkisskattstjóra. Kynningarstarfið var afar margvíslegt og verður ekki allt saman metið nákvæmlega í fjárhæðum, m.a. vegna þess að það blandaðist óhjákvæmilega daglegum störfum í fjármálaráðuneyti, hjá ríkisskattstjóra og á skattstofum í umdæmunum.

Um er að ræða kerfisbreytingar á einum veigamesta tekjustofni ríkisins sem samkvæmt fjárlögum er ætlað að skila í ríkissjóð 38.650.000.000 kr. árið 1990, eða 40,6% áætlaðra tekna.

Kostnaður við kynningar-, fræðslu- og auglýsingastarf við skattkerfisbreytinguna á árinu 1989 nam samtals 27.055.037 kr. á árinu 1989. Þar er talinn kostnaður við auglýsingar í dagblöðum og sjónvarpi, við útgáfu og dreifingu tveggja upplýsingarita í samtals 64 þúsund eintaka upplagi og við fundarferðir og námskeið starfsmanna embættis ríkisskattstjóra, en á hans vegum voru haldnir um 90 fundir með samtals 4.500 fundarmönnum.

a. Auglýsingar í fjölmiðlum.

Kynningu og fræðslu um virðisaukaskattsbreytinguna var m.a. komið á framfæri með auglýsingum í sjónvarpi, dagblöðum og héraðsfréttablöðum.

Auglýsingar í sjónvarpi voru þrenns konar:

Í fyrsta lagi var leikin sjónvarpsauglýsing, 46 sekúndna, birt í lok september og byrjun október, og var megininntak hennar að minna á skattkerfisbreytinguna fram undan og hvetja gjaldendur og aðra til að kynna sér inntak hennar.

Í öðru lagi voru birtar fimm stuttar teiknaðar auglýsingar, hver u.þ.b. 15 sekúndna, í nóvember og í byrjun desember. Þessum auglýsingum var ætlað að skýra út eðli nýja skattkerfisins og kosti þess fyrir íslenskt viðskipta- og efnahagslíf. Þær byggðu mjög á blaðaauglýsingum um svipað leyti.

Í þriðja lagi voru birtar skjáauglýsingar í lok október um tilkynningarskyldu virðisaukaskattskyldra aðila.

Auglýsingar í blöðum voru ýmiss konar og samtals fimmtán, flestar heilsíðuauglýsingar.

Fyrstu auglýsingarnar miðuðust eins og leikna sjónvarpsauglýsingin við að vekja athygli á skattkerfisbreytingunni, skýra í stuttu máli gangverk virðisaukaskattsins og virkni, kynna hugtök á borð við innskatt og útskatt og gera grein fyrir helstu breytingum frá söluskattskerfinu. Þessar auglýsingar voru birtar í fyrri hluta október. Þær voru þrjár og höfðu fyrirsagnirnar: *Hvað? Hvernig? Hvers vegna virðisaukaskattur?, Hvað breytist?, Hvernig er frádráttarheimildin í virðisaukaskatti?*

Næstu auglýsingar fólust í hvatningu og áminningu til gjaldenda um að tilkynna starfsemi sína. Tvær auglýsingar, *Tilkynna þarf skattskylda starfsemi fyrir 31. október* og *Fresturinn er runninn út*, voru birtar síðari hluta október og í byrjun nóvember.

Á þessum tíma og fram í desember voru birtar auglýsingar sem samsvöruðu stuttu teiknuðu sjónvarpsauglýsingunum. Markmið þeirra var að kynna eðlismun virðisaukaskatts og söluskatts, skýra þær ástæður sem lágu að baki skattkerfisbreytingunum og hvetja gjaldendur og almenning til að leita sér frekari fræðslu um virðisaukaskattinn. Fyrirsagnir þessara sex auglýsinga voru: *Bætt staða íslenskrar framleiðslu á erlendum mörkuðum, Íslensk framleiðsla styrkist á heimamarkaði, Betri skattskil koma öllum til góða, Jafnari staða íslenskra atvinnugreina, Ný aðferð sem kemur í veg fyrir uppsöfnun skatts í vöruverði, Aðferð sem hefur gefist vel í helstu viðskiptalöndum okkar.*

Síðari hluta nóvember og í desember var vakin athygli á bókhaldsreglum og frágangi reikninga með tveimur auglýsingum: *Bókhaldsskylda í virðisaukaskatti* og *Löglegur reikningur er skilyrði fyrir frádrætti.* Þá var á sama tíma vakin almenn athygli á breytingunni og einstökum þáttum hennar með auglýsingunum: *Virðisaukaskattur 1. janúar, Hefur þú kynnt þér breytinguna?* og *Virðisaukaskattur frá 1. janúar.* Þessar auglýsingar birtust einnig nokkrum sinnum í byrjun janúar og er kostnaður við þær talinn með kostnaði 1989 hér að neðan.

Í langflestum auglýsinganna var vakin athygli á upplýsingasíma sem sérstaklega var settur upp hjá embætti ríkisskattstjóra og helgaður spurningum og svörum um virðisaukaskattinn. Þessi upplýsingasími var geysimikið nýttur af gjaldendum og almenningi.

Kostnaður vegna auglýsinga í fjölmiðlum var samtals 20.265.770 kr. Þar af er kostnaður við birtingu auglýsinga 15.716.624 kr., en kostnaður við hönnun og gerð samtals 4.549.146 kr. Í þeirri tölu er einnig talinn kostnaður við ýmsa smávægilegri hönnun og framleiðslu, svo sem við gerð „vsk.-merkis".

Skipting birtingarkostnaðar milli einstakra fjölmiðla er þessi (í krónum):

Alþýðublaðið/Pressan	1.649.438
Dagur	1.299.395
DV	2.174.769
Morgunblaðið	4.592.753
Sjónvarpið	1.252.884
Stöð 2	852.556
Tíminn	1.508.457
Þjóðviljinn	1.456.946
Héraðsfréttablöð og tímarit	929.426

Þau héraðsfréttablöð og tímarit sem hér um ræðir eru *Austri* Egilsstöðum, *Austurland* Neskaupstað, *Borgfirðingur* Borgarnesi, *Bæjarblaðið* Keflavík, *Bæjarins besta* Ísafirði, *Bæjarpósturinn* Dalvík, *Dagskrá* Selfossi, *Dagskrá* Vestmannaeyjum, *Eystrahorn* Höfn, *Feykir* Sauðárkróki, *Fjarðarpósturinn* Hafnarfirði, *Fréttir* Vestmannaeyjum, *Hafnfirska fréttablaðið*, *Kópavogsblaðið*, *Reykjanes* Keflavík, *Skagablaðið* Akranesi, *Vestfirska fréttablaðið* Ísafirði, *Víkurblaðið* Húsavík, *Víkurfréttir* Keflavík, *Þjóðólfur* Selfossi, *Bændablaðið*, *Landsbyggðin* og *Neytendablaðið*.

Þess skal getið að fræðsla og kynning fór að sjálfsögðu fram í fjölmiðlum með venjulegum fréttaflutningi, sem m.a. byggðist á upplýsingaöflun í fjármálaráðuneyti og embætti ríkisskattstjóra. Viðtæk umræða í fjölmiðlum og í samfélaginu hjálpaði hér einnig til, en hún átti sér m.a. forsendu í ofannefndri auglýsingakynningu.

b. Bæklingar og veggspjöld.

Árið 1989 voru gefin út tvö upplýsingarit um virðisaukaskattinn og skattkerfisbreytinguna.

Hið fyrra bar nafnið *Virðisaukaskattur — í stuttu máli!*, 24 síður litprentaðar í A4-broti. Það kom út í lok september í um 37 þúsund eintökum. Þar er fjallað á einfaldan og auðskiljanlegan hátt um skattkerfisbreytinguna og helstu þætti virðisaukaskattskerfisins.

Í desember kom síðan út bæklingurinn *Virðisaukaskattur — leiðbeiningar*, um 50 síður í bókarbroti. Upplag var 27 þúsund eintök. Það geymir leiðbeiningar um alla almenna þætti virðisaukaskattskerfisins fyrir gjaldendur og áhugamenn.

Báðum upplýsingaritunum var dreift til um 25 þúsund væntanlegra gjaldenda í pósti. Þeir fengu einnig sérstaka orðsendingu með útkomnum reglugerðum og er sá dreifingarkostnaður talinn með að neðan.

Kostnaður við prentun og hönnun þessara bæklinga er 3.875.880 kr. og dreifingarkostnaður er 2.616.927 kr., samtals 6.492.807 kr.

c. Annað.

Kostnaður vegna funda, námskeiða og kynnisferða starfsmanna embættis ríkisskattstjóra á árinu 1989 er 296.469 kr.

Verulegur hluti kynningar og fræðslu um skattkerfisbreytingarnar fór fram með fundahöldum þar sem starfsmenn ríkisskattstjóra, einstakra skattstofa og fjármálaráðuneytisins héldu fyrirlestra, svöruðu fyrirspurnum og dreifðu kynningarefni. Starfsmenn ríkisskattstjóra komu frá lokum september og út árið á yfir 90 slíka kynningarfundi og voru fundarmenn samtals hátt á fimmta þúsund. Þar við bætast fundir skattstofumanna og starfsmanna fjármálaráðuneytisins.

2. Hver er áætlaður kostnaður við kynningu og fræðslu um virðisaukaskatt árið 1990?

Beinni kynningu vegna skattkerfisbreytingarinnar er að mestu lokið. Þó á eftir að gefa út kynningar- og leiðbeiningarrit fyrir ýmsa hópa og endurútgáfa annarra er einnig nauðsynleg. Þá er fræðsla og kynning nauðsynlegur þáttur í sjálfum rekstri skattkerfisins og nær til allra þátta þess.

Í fjárlögum fyrir 1990 er gert ráð fyrir kostnaði vegna þessa í 4. gr., á liðum 09-212, 1 01 og 1 02, en áætlun liggur ekki fyrir um það hver hlutur kynningar og fræðslu af þessum liðum verður.

Fylgiskjal.

Fundir starfsmanna RSK vegna kynningar á virðisaukaskatti.
(Haustið 1989.)

Dags.	Fundarboðendur	Fjöldi
22.9.	Samtök fiskvinnslustöðva, Vestmannaeyjum	100
22.9.	Endurskoðun hf., Rvík	11
28.9.	Námsstefna með blaðamönnum, Rvík	10-14
29.9.	Starfsfólk á skattstofum, Rvík	18
2.10.	Félag ísl. stórkaupmanna, Rvík	10
3.10.	Búnaðarfélagið, Rvík	5
4.10.	Kerfi hf., Rvík	150
4.10.	Sýslumenn, Rvík	32
5.10.	Félag ísl. bókaútgefenda, Rvík	100
6.10.	Vinnuveitendasambandið, Rvík	20
9.10	Félag ráðgefandi verkfræðinga, Rvík	6
9.10.	Sendibílstjórar, Rvík	11
10.10.	Póstur og sími, Rvík	3
11.10.	Samtök seljenda skipatækja, Rvík	12
12.10.	Kaupmannasamtökin, Rvík	30
12.10.	Vörubílstjórar á Þrótti, Rvík	10
17.10.	Ökukennarafélagið, Rvík	7
18.10.	Félag fasteignasala, Rvík	55
18.10.	Trausti, félag sendibílstjóra, Rvík	200
19.10.	Skattstjórar, Rvík	11
19.10.	Vörubílstjórar á Þrótti, Rvík	140
23.10.	Kópavogskaupstaður	25
25.10.	Félag ísl. stórkaupmanna, Rvík	400
25.10.	Félag ísl. hljómlistarmanna, Rvík	40
25.10.	Kaupmannasamtökin, Rvík	100
25.10.	Samband ísl. samvinnufélaga, Rvík	35
26.10.	Kristján Ó. Skagfjörð hf., Rvík	10
26.10.	Rotary, Keflavík	40
27.10.	Búnaðarráðunautar, Rvík	30
30.10.	Flugleiðir hf., Rvík	12
30.10.	Endurskskrifst. Björns E. Árnasonar, Rvík	10
1.11.	Eimskip hf., Rvík	5
2.11.	Nýtt starfsfólk á skattstofum, Rvík	15
4.11.	Félag atvinnusölumanna, Rvík	20-30
6.11.	Samband ísl. auglýsingastofa, Rvík	35
7.11.	Verkfræðistofan Strengur, Rvík	15
7.11.	Vörubílstjórar á Suðurnesjum, Keflavík	40
8.11.	Meistarafélag iðnaðarmanna, Rvík	50
9.11.	Tölvubankinn, Rvík	7
9.11.	Vörubílstjórar á Selfossi og nágrenni	50
10.11.	Samband málm- og skipasmiðja, Rvík	90
11.11.	Landssamband bakara, Rvík	40
11.11.	Landvari - vörubifreiðaeigendur, Rvík	40
11.11.	Landssamband skósmiða, Rvík	15

14.11.	Kaupfélag Árnesinga, Selfossi	40-50
14.11.	Dómtúlkar og skjalaþýðendur, Rvík	20
15.11.	Félag ísl. prentiðnaðarins, Rvík	50
16.11.	Bókhaldarar, Rvík	50
16.11.	Félag sláturleyfishafa, Rvík	70-80
16.11.	Kiwanis, Rvík	40
17.11.	KEA, Akureyri	25
17.11.	Landssamband veiðarfæragerðarm., Rvík	25
17.11.	Endurskoðunarmiðst. N. Mancher, Rvík	12
18.11.	Félag ísl. stórkaupmanna, Akureyri	25
18.11.	Ferðaþjónusta bænda, Selfossi	10
21.11.	Innheimtumenn ríkissjóðs, Rvík	90
22.11.	Samband veitinga- og gistihúsa, Rvík	100
23.11.	KRON, Rvík	50
23.11.	Trúnaðarmannaráð Dagsbrúnar, Rvík	50
23.11.	Félag viðskiptafræðinema, Rvík	40
24.11.	Fjármálastefna sveitarfélaga, Rvík	360
24.11.	Rotary, Seltjarnarnesi	50
24.11.	Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðárkróki	30
24.11.	Ymis fyrirtæki á Sauðárkróki	30
24.11.	Félag löggiltra endurskoðenda, Rvík	130
25.11.	Apótekarafélagið, Rvík	40
25.11.	Vörubílstjórar á Akranesi og nágr.	15
27.11.	Ríkisútvarpið, Rvík	20
28.11.	Lögmannafélagið, Rvík	80
4.12.	Iðnþróunarfélag Þingeyinga, Húsavík	35
4.12.	Lions, Selfossi	30
5.12.	Almennur fundur í Hafnarfirði	50
6.12.	Olíufélögin, Rvík	10
7.12.	Tækniskólinn, Rvík	12
7.12.	Almennur fundur á Höfn	20
7.12.	Almennur fundur á Höfn	30
8.12.	Almennur fundur á Höfn	30
11.12.	Almennur fundur á Blönduósi	45
11.12.	Almennur fundur á Blönduósi	85
13.12.	Húsgagna- og innréttingaframl., Rvík	30
14.12.	Fél. húsg.- og innanhússarkitekta, Rvík	15
14.12.	Félag ísl. iðnrekenda, Rvík	70
15.12.	Fjórðungssamband Norðurlands	40
18.12.	Héraðsráðunautar bænda, Rvík	20
19.12.	Félag vinnuvélaeigenda, Rvík	80
20.12.	Tollstjóri ríkisins, Rvík	80
20.12.	Iðntæknistofnun, Rvík	7
21.12.	Rotary, Hafnarfirði	50
21.12.	Ríkisspítalar, Rvík	15
28.12.	Sjávarafurðadeild Sambandsins, Rvík	12

Samtals voru haldnir 90 fundir með um 4300 manns á þessum rúmu þremur mánuðum. Hér eru einungis taldir fundir starfsmanna ríkisskattstjóra, ekki fundir sem starfsmenn einstakra skattstjóra eða starfsmenn fjármálaráðuneytisins sóttu. Kynningarfundir héldu áfram fram eftir janúarmánuði.

Sþ. 979. Svar [308. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Friðriks Sophussonar um könnun á áhrifum lögbundinna forréttinda.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hvað líður könnun á áhrifum lögbundinna forréttinda, sbr. þingsályktun frá 22. apríl 1986? Hvenær verður niðurstaðan kynnt Alþingi?

Ályktun Alþingis er frá 22. apríl 1986 og hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna áhrif lögbundinna forréttinda, m.a. einkaréttar, til tiltekinna starfa eða atvinnurekstrar. Í könnun þessari skal einkum leitast við að varpa ljósi á þýðingu einkaréttar eða lögbundinna forréttinda á stöðu þeirra er slíks réttar njóta, áhrif þessa á verðlag og hagsmuni neytenda. Könnuninni skal einnig ætlað að leiða í ljós áhrif lögbundinna takmarkana af þessu tagi á tækniþróun, hagvöxt og atvinnustig. Skýrsla um niðurstöðu könnunarinnar skal lögð fyrir Alþingi."

Með bréfi dags. 11. júlí 1986 fól forsætisráðuneytið Þjóðhagsstofnun umsjón með könnun þeirri sem lýst er í ályktuninni. Þjóðhagsstofnun fór þess á leit við Þráin Eggertsson, prófessor við Háskóla Íslands, í byrjun árs 1987 að hann tæki saman greinargerð um þetta efni og var þá áætlað að hún lægi fyrir um mitt það ár. Verkskil drógust af ýmsum ástæðum en nú hefur forsætisráðuneytinu borist greinargerð dr. Þráins Eggertssonar sem hér er birt sem fylgiskjal.

Í greinargerð dr. Þráins er fjallað um fræðilegar hliðar þessa máls í samhengi við íslenskra aðstæður og vitnað í ýmsar kenningar fræðimanna og kannanir erlendis á afmörkuðum sviðum sem þessu tengjast. Greinargerðinni er skipt í eftirfarandi sex þætti; inngang, lögbundin forréttindi, stöðu þeirra sem njóta forréttinda, áhrif á verðlag og hagsmuni neytenda, áhrif á tækniþróun, hagvöxt, atvinnustig og niðurstöðu. Í niðurstöðu segir m.a.:

„Í mörgum tilvikum er vandasamt að mæla í krónum og aurum þann kostnað sem neytendur bera af lögbundnum forréttindum. Ef gera á úttekt á hagkerfinu í heild sinni er um að ræða urmul af lögum og reglum sem lúta að atvinnurekstri og vinnu. Ýmsar reglur stjórnvalda lækka viðskiptakostnað og stuðla að hagkvæmum rekstri, en erlendar rannsóknir sýna að hagsmunasamtökum hefur oft tekist að skrumskæla hagkvæmar reglur og sveigja þær sérhagsmunum. Oft þarf því mjög nákvæma og flókna athugun til þess að greina sauðina frá höfrunum, hagkvæmar reglur frá forréttindum einokrarans. Afnám forréttinda getur bætt stöðu neytenda eftir ýmsum leiðum sem oft er erfitt að sjá fyrir. Það er ekki einungis um að ræða verðlækkun, heldur getur aukin samkeppni stuðlað að ýmsum nýjungum, bæði nýjum vörum og þjónustu.

Með allt þetta í huga er ljóst að úttekt á öllum reglum er lúta að íslensku viðskiptalífi í þeim tilgangi að meta áhrif reglnanna á rekstrarhagkvæmni þjóðarbúskaparins er verk sem mun taka hóp röskra manna mörg ár að framkvæma. Í ýmsum tilvikum yrði trúlega ekki unnt að setja fram óyggjandi niðurstöðu.

Eigi að síður er mikilvægt að hefjast handa við að grisja frumskóg íslenskra reglugerða, en margt bendir til þess að á Íslandi séu forréttindi og viðskiptahömlur algengari en í mörgum nálægum löndum. Úttekt á reglum atvinnulífsins er verk sem skynsamlegt er að vinna í áföngum. Rétt væri að rannsaka fyrst umgerðina um stærstu greinar hagkerfisins og jafnframt skoða stöðu greina þar sem grímulaus forréttindi blasa við. Tiltölulega auðvelt er að finna fjölmörg dæmi um forréttindi sem augljóslega hafa það hlutverk eitt að einoka markaðinn. Í öðrum tilvikum þarf að rétta reglur sem að hluta eru hagkvæmar en að hluta skaðlegar."

Mat Þjóðhagsstofnunar er að könnunin, eins og hún er orðuð í þingsályktuninni, sé ákaflega viðamikil og í sumum atriðum nokkuð óljós. Könnun sem taki á öllum atriðum þingsályktunarinnar og geri þeim viðhlítandi skil sé afar kostnaðarsöm og óhjákvæmilegt að ákveða til hennar sérstaka fjárveitingu. Telur Þjóðhagsstofnun varlegt að áætla þrjár til fjórar milljónir króna til þess í upphafi.

Ástæða þykir til að geta þess hér að ríkisstjórnin hefur ákveðið að skipa nefnd til þess að samræma löggjöf um löggildingu starfsstétta og lögverndun starfsheita m.a. með tilliti til þróunar á vinnumarkaði á Norðurlöndum og annars staðar í Evrópu. Nefndin verður skipuð fulltrúum forsætisráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis, menntamálaráðuneytis og utanríkisráðuneytis. Tilnefningar hafa þegar borist frá ráðuneytunum og þess að vænta að nefndin verði skipuð á næstu dögum.

Fylgiskjal.

Þráinn Eggertsson:

Áhrif lögbundinna forréttinda til atvinnurekstrar og vinnu.

1. Inngangur

Engin þjóð getur náð miklum afköstum í framleiðslu og búið við góð lífskjör nema með mikilli sérhæfingu og verkaskiptingu í atvinnulífinu. Verkaskipting og viðskipti haldast í hendur og margbrotin viðskipti milli vandalausra eru illframkvæmanleg vegna mikils *viðskiptakostnaðar* nema ríkið greiði fyrir viðskiptunum. Ríkið lækkar kostnað við viðskipti með því að staðla mál og vog, með skýrum reglum um eignarrétt, samninga og viðskipti og ekki síst með því að koma fram sem óháður þriðji aðili, þegar deilt er um eignarrétt og viðskipti.

Hin síðari ár hefur þeirri skoðun vaxið fylgi, að hár viðskiptakostnaður sé meginorsök afdrifaríkrar stöðnunar í atvinnulífi þróunarlanda og getuleysis þessara ríkja við að hagnýta afkastamiklar aðferðir í framleiðslu. Hár viðskiptakostnaður hamlar á móti fjárfestingu, sérhæfingu og viðskiptum og er til merkis um, að stjórnvöld hafi brugðist hlutverki sínu. North og Thomas (1973) hafa fært rök fyrir þeirri hugmynd, að efnahagslegar framfarir ríkis séu komnar fyrst og fremst undir réttarfarinu í landinu, en í bók þeirra, *The Rise of the Western World*, er sú tilgáta sett fram, að rætur atvinnubyltingarinnar miklu í Norðvestur-Evrópu megi rekja til réttarbóta á eignarrétti.[1]

Ríkið getur skaðað hagkerfið og stuðlað að vannýtingu framleiðsluaflanna á tvo vegu: Annars vegar með vanrækslu, það er að segja, með því að vanrækja að gefa út og fylgja eftir reglum sem setja skorður undir viðskipti á ýmsum sviðum og draga úr áhættu viðskiptaaðila (til dæmis, með því að láta undir höfuð leggjast að semja vandaðar leikreglur fyrir verðbréfamarkaðinn). Hins vegar getur ríkið skaðað

---

[1] North, Douglass C. og Thomas, Robert Paul (1973). *The Rise of The Western World: A New Economic History.* Cambridge: Cambridge University Press.

atvinnulífið með því að setja reglur, oft skýrar og nákvæmar, sem beinlínis er ætlað að koma í veg fyrir hagkvæma nýtingu framleiðsluaflanna. Ríkið setur reglur, sem draga úr framleiðslu og skerða lífskjör, ekki af helberri óskynsemi, heldur vegna þess að ráðamenn sjá sér hag í því að þóknast voldugum en oft tiltölulega fámennum hagsmunahópum.

Hagsmunahópar geta hagnast á því að fá hjá ríkinu lögbundin forréttindi sem auðvelda að einoka viðskipti og minnka samkeppni, en gróðinn verður til við það, að einokarinn dregur úr framboði og hækkar verð á afurð sinni. Það er almenn niðurstaða í hagfræði, að gróði einokarans sé ávallt minni en samsvarandi tap neytenda og þess vegna sé hreint þjóðhagslegt tap af einokun. Fámennir sérhagsmunahópar ná fram vilja sínum í lýðræðisríki sökum þess, að tap neytenda vegna lögbundinna forréttinda dreifist oft á svo marga aðila, að hver þeirra tapar aðeins lítilli fjárhæð. Vegna þess að tap hvers neytanda er lítið, enda þótt tap heildarinnar sé mikið, telja menn það ekki svara kostnaði að bindast samtökum og leita pólitískra leiða til að afnema lögbundin forréttindi. Helst er von á hörðum viðbrögðum, ef forréttindi eins hagsmunahóps ganga þvert á hagsmuni einhvers annars hagsmunahóps, sem er vel skipulagður og á greiðan aðgang að stjórnvöldum.

Mancur Olson (1982) vakti heimsathygli með bók sinni, *The Rise and Decline of Nations*, en þar er því haldið fram, að vöxtur og viðgangur sérhagsmunahópa geti auðveldlega leitt til þess, að hagkerfið stirðni og staðni og lífskjör versni.[2] Olson telur, að friðsæl lýðræðisríki séu berskjölduð gegn slíkri þróun, enda þótt hann vari við því, að kenningin um þrýstihópa sé notuð til að útskýra alla þjóðfélagsþróun.

---

[2] Olson, Mancur (1982). *The Rise and Decline of Nations. Economic Growth, Stagflation, and Social Rigidities.* New Haven: Yale University Press.

Mikið hefur verið ritað um það, hvers vegna fámennir hagsmunahópar geti fengið stjórnvöld í lýðræðisríkjum til liðs við sig, þar sem pólitískar ákvarðanir séu teknar í atkvæðagreiðslu og vilji meirihlutans ráði. Ein skýring, sem fram kom að ofan, er sú að oft sé ekki mikið í veði fyrir einstaka kjósendur en dýrt að stofna fjöldahreyfingu um hvert mál sem er á dagskrá. Önnur skýring er sú, að hagsmunahópar dreifi oft röngum eða villandi upplýsingum til almennings. Þar er því yfirleitt haldið fram, að afnám lögbundinna forréttinda skaði almenning á ýmsa vegu, til dæmis, sökum þess,

að frjáls innflutningur grafi undan innlendum greinum og þjóðin geti því ekki bjargað sér á styrjaldartímum -- (ef innflutningur á matvælum og skófatnaði er leyfður, þá verður hvorki til matur né stígvél handa hernum, þegar stríðið skellur á, segja talsmenn þrýstihópanna eða "bændur telja hættulegt að vera upp á aðrar þjóðir komnar um áburð"[3]);

að frjáls aðgangur að starfsgreinum og atvinnugreinum opni flóðgáttir fyrir fúskara, og léleg vinnubrögð þeirra stofni í hættu lífi, limum og eignum almennings -- (ef símtæki eru seld á frjálsum markaði, eykst hættan á því að starfsmenn símafélagsins og almennir notendur fái raflost, þegar þeir eiga við símtólin, var sagt í Bandaríkjunum);

að frjáls aðgangur að atvinnugreinum orsaki óeðlilega samkeppni, offramboð og endanlega vöntun á þeirri vöru og þjónustu sem greinin framleiðir -- (frjáls samkeppni skipafélaga eða flugfélaga kemur ólagi á samgöngur á sjó og í lofti og getur endað með algerri einokun risafyrirtækja).

---

[3] Talsmaður Stéttarsambands bænda í Morgunblaðinu 18. apríl 1990.

Það er því æríð verkefni fyrir almenning að sía sannleikann úr því flóði upplýsinga sem hellist yfir hann. Einnig er þess að geta, að afnám forréttinda skerðir hlut þeirra sem notið hafa slíkrar aðstöðu. Oft er um að ræða starfshópa, atvinnugreinar eða jafnvel heil byggðarlög, sem njóta samúðar hjá almenningi. En því eru takmörk sett, hve lengi er unnt að veita lögbundin forréttindi í góðgerðarskyni. Því lengur sem nauðsynlegri aðlögun í atvinnulífinu er frestað, þeim mun þungbærara verður hið endanlega og óhjákvæmilega uppgjör.

2. Lögbundin forréttindi

Lögbundin forréttindi til atvinnurekstrar og vinnu geta verið margbrotin og tekið á sig ýmsar myndir, en hér verður reynt að einfalda og gefa stutt yfirlit yfir helstu tegundir slíkra réttinda.

Starfsgreinar:

Fyrst er að geta forréttinda, sem takmarka aðgang að starfsgrein, en þar er um þrennt að ræða:

a) útgáfu leyfa til að bera starfsheiti

b) útgáfu starfsleyfa

c) kröfur um lágmarkshæfni

Útgáfa leyfa til að bera starfsheiti hindrar ekki aðgang að störfum, en getur hins vegar lækkað upplýsingakostnað þeirra sem njóta þjónustu viðkomandi sérgreinar. Til dæmis, er það ákveðið í íslenskum lögum hverjir mega kalla sig hagfræðinga og viðskiptafræðinga, en lögin gera kröfu um háskólamenntun í þessum fræðum. Hins vegar er öllum heimilt, hver sem menntun þeirra og reynsla er, að ganga í störf hagfræðinga og viðskiptafræðinga. Óþarft er því að amast við

lögum af þessu tagi, þar sem þau geta létt viðskiptakostnaði af mönnum og veita ekki forréttindi til að einoka markaðinn.

Útgáfa starfsleyfa hefur nær ávalt það markmið að fækka starfskröftum í viðkomandi sérgrein og hækka verð á þjónustu þeirra sem þar starfa. Ef aðgangur að starfsgrein er skertur á þennan máta, þá er fólk reiðubúið að greiða nokkra fjárhæð til að fá aðgang að greininni.' Markaðsverð á starfsleyfi ákveðst af hækkun launa í greininni umfram laun á frjálsum markaði. Kaupandi starfsleyfis áætlar þennan launamun yfir væntanlega starfsævi sína og reiknar til núvirðis. Ef samkeppni er um að komast inn í lokaða starfsgrein, er markaðsverð leyfisins jafngilt hreinum ábata af því að starfa í viðkomandi grein.

Af þessu má sjá, að þeir sem kaupa starfsleyfi og borga markaðsverð fyrir njóta ekki einokunargróða, þótt þeir starfi í lokaðri starfsgrein. Hins vegar hirðir seljandi leyfisins (til dæmis, ríkið) allan einokunargróðann, en neytendur bera kostnaðinn í hærra afurðaverði. Ef ríkið afhendir einstaklingum verðmæt starfsleyfi og tekur ekki gjald fyrir, þá er um að ræða gjöf til leyfishafa. Við þessi skilyrði keppast menn um að eignast ókeypis starfsleyfi frá ríkinu og líkur aukast á mútum og pólitískum hrossakaupum.

Deilt er um það, hvort hagkvæmt sé að ríkið geri kröfur til ýmissa starfsstétta um lágmarkshæfni. Þeir sem mæla með lögbundnum lágmarkskröfum færa þau rök fyrir máli sínu, að í mörgum sérgreinum geti fúskarar valdið neytendum miklu tjóni, sem oft komi ekki í ljós fyrr en um síðir. Þess vegna er hagkvæmt, að ríkið geri kröfu til sérfræðinga um lágmarkshæfni og feli síðan sérfróðum aðilum að ganga úr skugga um að öllum skilyrðum sé fullnægt.

Til eru þeir, sem andmæla þessum rökum og telja, að einkaaðilar geti ráðið við þennan mælingarvanda með ýmsum ráðum og óþarft sé að ríkið hafi eftirlit

með gæðum. Ef ekkert opinbert eftirlit er með hæfni manna til starfa, geta sérfræðingar, til dæmis, tekið sig saman og stofnað fyrirtæki og keppt bæði um gæði og verð. Sum fyrirtækin mundu sérhæfa sig í sölu hágæða á háu verði en önnur fyrirtæki bjóða almenn gæði á lægra verði. Ef orð fer af fyrirtæki fyrir hágæði, er orðsporið verðmæt eign sem verður verðlaus á markaðinum, ef fyrirtækið er uppvíst að svikum. Ef eigendur verkfræðistofu íhuga að svíkja mann sem er að reisa einbýlishús, þá er órökrétt að veita manninum lélega þjónustu á þeirri forsendu, að hann muni væntanlega ekki reisa annað einbýlishús um ævina og því séu framtíðarviðskipti stofunnar ekki í veði. Í reynd, mun ganga sífellt verr fyrir fyrirtækið að selja vandaða þjónustu á háu verði, ef það fær orð fyrir léleg vinnubrögð. Þannig veitir markaðurinn sjálfvirkt aðhald með gæðum, segja menn.

Enda þótt deilt sé um nauðsyn þess að ríkið setji kröfur um lágmarkshæfni sérfræðinga, þá er það óumdeilt, að auðvelt er að misnota slíkt eftirlit með starfsgreinum. Félög sérfræðinga, sem ríkið hefur yfirleitt falið eftirlit með gæðum, geta beitt valdi sínu til að einoka markaðinn. Slík hegðun virðist vera algeng og tekur á sig ýmsar myndir. Ein aðferð er að takmarka, formlega eða óformlega, aðgang að skólum og vinnustöðum þar sem sérfræðingar fá menntun sína. Einnig er erlendum og innlendum mönnum bannaður aðgangur að sérgreinum, ef þeir hafa stundað nám við erlendar stofnanir, jafnvel þótt þar sé um að ræða merkustu menntastofnanir heims. Önnur leið er að lengja námið óeðlilega mikið, halda löggildingarpróf sjaldan, og gera þá kröfu að öll verk á viðkomandi sviði, hversu einföld sem þau eru, séu unnin af hálærðum sérfræðingum.

Þegar tekist hefur að einoka starfsgrein og hækka verð þjónustunnar, er rökrétt að vernda þennan árangur með því að hamla gegn samkeppni *innan* greinarinnar. Algengt er að fagsamtök fái heimild hjá ríkinu til að banna eða

takmarka auglýsingar, setja lágmarkstaxta og ákveða hvað mynd þjónustan má taka. Rannsóknir erlendis sýna, að slíkar samkeppnishömlur draga úr fjölbreytni þjónustu og hækka verð hennar og skaða þannig neytendur. Afleiðingar af aðgerðum til að takmarka samkeppni innan greina blasa við í Bandaríkjunum, en þar eru reglur af þessu tagi oft breytilegar frá einu fylki til annars. Benham (1972) komst að þeirri niðurstöðu í frægri rannsókn sem markaði tímamót, að verð á gleraugum var meir en tvisvar sinnum hærra í ríkjum þar sem bannað var að auglýsa gleraugu en þar sem auglýsingar voru leyfðar.[4]

Atvinnugreinar:

Um lögbundin forréttindi til atvinnurekstrar gilda flest hin sömu rök og gilda um lögbundin forréttindi til vinnu. Atvinnurekendur sjá sér hag í því að takmarka fjölda fyrirtækja í sömu grein, en með því að takmarka innstreymi í greinina er unnt að halda uppi hærra verði en ella.

Aðgangshömlur í rekstri taka á sig ýmsar myndir:

(a) Fyrirtæki frá einkaleyfi hjá ríkinu til að framleiða einhverja afurð og stundum er einkaleyfið miðað við landshluta eða fjöldi leyfa ræðst af fólksfjölda í borgum og bæjum.

(b) Fyrirtæki fá einnig einkaleyfi til að flytja út ákveðna vörutegund. Einokun á útflutningi getur hækkað verð til erlendra neytenda, nema varan sé seld á heimsmarkaði þar sem einstakur seljandi ræður engu um verð. Þegar litið er til langs tíma og miðað við frjálsan útflutning, er hætt við að einokun á útflutningi geti skaðað sjálft útflutningslandið þar sem einokurum hættir til að slá slöku við í þróun vöru og leit að nýjum mörkuðum.

(c) Þeir sem framleiða og selja á heimamarkaði geta hagnast á því, að ríkið

---

[4] Benham, Lee (1972). "The Effect of Advertising on the Price of Eyeglasses," *Journal of Law and Economics 15* (október), bls. 337-352.

takmarki innflutning á erlendri vöru og loki þannig útlend fyrirtæki út af markaðinum. Ekki er ágreiningur um það, að innflutningshöft lækka almenn lífskjör.

(d) Loks má geta þess, að í ríkjum þar sem markaður fyrir fjármagn er frumstæður og fé til nýrra framkvæmda kemur aðallega frá opinberum fjárfestingarlánasjóðum er hægt um vik að veita útvöldum fyrirtækjum aðstöðu til einokunar. Í löndum þar sem fjármagn er skammtað gegnum opinberar stofnanir telst aðgangur að lánsfé til forréttinda.

Oft láta fyrirtæki sér ekki nægja að draga úr innstreymi inni í atvinnugrein, heldur er einnig leitað til ríkisvaldsins um ráð til að draga úr samkeppni innan greinar og til að leggja stein í götu framleiðenda samkeppnisvöru. Víða um heim hafa framleiðendur smjörs reynt að takmarka framleiðslu á smjörlíki, og bandarísku járnbrautafélögunum tókst að fá ríkið til að setja reglur um hámarksstærð og þunga vörubíla, svo að dæmi séu tekin. Framleiðendur sem ráðast gegn samkeppnisvöru gera það yfirleitt undir því yfirskini, að verið sé að vernda hagmuni almennings. Til dæmis, er vakin athygli á því að hættuleg aukaefni séu í smjörlíki eða stórir og þungir vörubílar eyði slitlagi á þjóðvegum.

Samkeppni innan greinar má skerða á ýmsa vegu. Oft eru settar reglur um hámarksstærð framleiðslueininga til að forðast hagkvæmni stórra eininga þar sem stórframleiðsla mundi leiða til verðlækkunar og væntanlega fækkunar fyrirtækja í greininni. Komið er upp samráðsnefndum (til dæmis, samráðsnefnd bankanna), sem er falið að ákveða verð og staðla þjónustu fyrir greinina eða sett er reglugerð um opnunartíma sölubúða í samvinnu við samtök kaupmanna og félög afgreiðslufólks. Þegar lengst er gengið, er afurðaverð ákveðið af ríki og hagsmunasamtökum og haft hærra en markaðsverðið, en stjórnvöld ábyrgjast síðan

sölu allrar framleiðslunnar á hinu háa verði, enda þótt ekki finnist kaupendur að henni. Til þess að varan gangi út, þarf ríkið að greiða verð hennar niður innanlands eða greiða útflutningsbætur, en hvort tveggja kallar á aukna skattheimtu.

Vissulega er oft þörf á reglum til að vernda neytendur, til dæmis gegn hættulegum efnum, en vegna þess að óráðlegt er að trúa yfirlýsingum hagsmunaaðila, þá er erfitt að gera sér grein fyrir raunverulegu hlutverki ýmissa reglna nema fram fari rækileg rannsókn. Í mörgum tilvikum er þó strax ljóst hvar fiskur liggur undir steini, svo sem þegar þess er krafist að vörubílar komi ávallt til baka úr langferðum óhlaðnir vöru, en slíkar reglur hafa viðgengist erlendis.

3. Staða þeirra sem njóta forréttinda

Lögbundin forréttindi til atvinnurekstrar og vinnu eru reglur sem auðvelda aðilum að einoka markaðinn, hækka verð og draga úr framleiðslu. Lögbundin forréttindi hækka viðskiptakostnaðinn í atvinnulífinu, en áður hefur komið fram, að lög og reglur geta einnig gegnt mikilvægu hlutverki við að lækka viðskiptakostnað og auka verðmæti framleiðslunnar. Oft er erfitt að greina milli reglna sem stuðla að meiri framleiðslu og velferð neytenda og reglna sem leiða til samdráttar í framleiðslu og neyslu.

Ætla mætti, að reglur sem stuðla að einokun þekktust á því, að þeir sem skýla sér bakvið reglurnar njóti einokunargróða eða, með öðrum orðum, að eignir einokara skili meiri arði en almennt gerist í hagkerfinu. Samkvæmt þessu ættu fyrirtæki sem starfa í skjóli lögbundinna forréttinda að sýna mikinn hagnað og forréttindi sérfræðinga ættu að skila þeim háum tekjum. Algeng aðferð til að meta forréttindi sérfræðinga til fjár er að áætla ávöxtunina, sem þeir fá fyrir

fjárfestingu í menntun. Þá er borið saman annars vegar kostnaður við menntunina (þar með talið launatap meðan á námi stendur) og hins vegar tekjuaukinn sem rekja má til menntunarinnar. Litið er á námskostnaðinn sem fjárfestingu og arðsemi fjárfestingarinnar reiknuð. Erlendis hafa slíkir útreikningar oft sýnt að arðsemi í lokuðum sérgreinum getur verið mjög mikil.

Sá galli er á gjöf njarðar, að arðsemi er varasamur mælikvarði. Mikil arðsemi er oft merki um skammtíma ójafnvægi, merki sem markaðurinn sendir út svo að aðilar streymi inn í greinina uns arðsemin þar er orðin hliðstæð því sem almennt gerist. Á hinn bóginn, ef útreikningar sýna að arðsemi í grein sé rétt við meðaltal, þá segir sú niðurstaða ekkert um það hvort greinin njóti forréttinda eða ekki, og er ástæðan eftirfarandi. Ef sérgrein eða atvinnugrein, sem nýtur forréttinda, býður upp á óvenjulega háar tekjur, þá eru aðilar utan greinar reiðubúnir að leggja á sig kostnað til að öðlast forréttindin og komast á inn í greinina. Til dæmis, eru þeir reiðubúnir að kaupa atvinnuleyfi eða rekstrarleyfi dýrum dómum, leggja á sig óþarflega dýrt og langt nám, stunda um hríð einhverja óarðbæra starfsemi, ef það er skilyrði fyrir inngöngu, og jafnvel múta ráðamönnum.

Kapphlaupið um að komast inn í lokaða grein leiðir þannig af sér kostnað, kostnað sem er hrein sóun fyrir þjóðfélagið. Þessi óþarfi aðgangseyrir getur etið upp umframgróðann í viðkomandi grein uns lokaðar greinar eru ekki lengur arðsamari en opnar greinar, ef allur kostnaður er talinn með. Ætla mætti, að fyrirtæki sem kom sér fyrir í grein áður en henni er lokað, hljóti ávalt að hagnast vel á lokuninni, ekki síst ef greinin er í örum vexti. En svo þarf ekki að vera, eins og dæmið um bandarísku flugfélögin sýnir. Flugfélögin bandarísku nutu þess næstum fjörutíu ár (1938-1976) að nýjum fyrirtækjum var ekki hleypt inn í greinina,

en samt sýndu mörg þeirra ekki umtalsverðan hagnað er tímar liðu.[5] Ein skýring á þessari útkomu er sú, að ýmsir viðskiptaaðilar lögðust á gróða flugfélaganna eins og mý á mykjuskán. Til dæmis, knúðu samtök flugmanna fram miklar launahækkanir og kræktu sér í sneið af einokunargróðanum. Önnur skýring er sú, að fyrirtækin stóðu í samkeppni á ýmsum sviðum þrátt fyrir allt, enda þótt verðsamkeppni væri bönnuð. Samkeppnin snerist um þjónustu, svo sem hve oft var flogið og hve víða höfð viðkoma, svo að neytendur áttu kost á tíðum en dýrum flugferðum í hálftómum flugvélum.

Niðurstaðan er því sú, að óvenjumikill gróði er ekki traustur mælikvarði á það, hvort starfsgrein eða atvinnugrein njóti lögbundinna forréttinda, en það hlýtur að auka vanda þeirra, sem gera úttekt á lögbundnum forréttindum.

4. Áhrif á verðlag og hagsmuni neytenda

Lögbundin forréttindi skaða hagsmuni neytenda. Samkeppnishömlur snerta neytendur á þrjá vegu:

(a) þær leiða framleiðendur út í kapphlaup um forréttindi og í kapphlaupinu er sóað framleiðsluöflum og náttúruauðlindum, sem annars mundu nýtast til að framleiða vöru og þjónustu;

(b) í lokuðum greinum er forréttindum síðan beitt til að hækka verð og minnka framboð á afurðunum;

(c) samhliða því sem framleiðsla minnkar og verð hækkar í lokuðum greinum, er algengt að vöruúrval og fjölbreytni þjónustu sé minni en á

---

[5] Reyndar fækkaði fyrirtækjunum vegna samruna úr 16 í 10 fyrirtæki. Hér er átt við flugfélög sem fljúga milli fylkja en ekki einungis innan fylkis. Kahn, Alfred E. (1983). "Deregulation and Vested Interests: The Case of Airlines. Birtist í ritinu *The Political Economy of Deregulation. Interest Groups in the Regulatory Process*. Ritstj. Roger G. Noll og Bruce M. Owen. Washington: American Enterprise Institute for Policy Research.

frjálsum markaði. Til dæmis, er algengt að ekki sé þjónað sérþörfum þeirra neytenda sem óska eftir ódýrri þjónustu í tiltölulega lágum gæðaflokki.

Erfitt er að meta það nákvæmlega, hvaða áhrif afnám lögbundinna forréttinda hefði á kjör neytenda í hinum ýmsu tilvikum, en reynsla í nálægum löndum sýnir, að afnám hafta hefur oft gjörbreytt stöðu neytenda til hins betra. Þetta hefur gerst nýlega, til dæmis, í samgöngum á landi og í lofti. Reglur, sem veita forréttindi til atvinnurekstrar og vinnu, eru í raun ígildi skatta á almenning og tilfærsla fjár frá neytendum til sérhagsmunahópa. Heildarumfang þessarar skattlagningar hefur ekki verið áætlað á Íslandi. Í Bandaríkjunum hafa De Fina og Weidenbaum áætlað skattinn sem lögbundin forréttindi í nokkrum greinum atvinnulífsins lögðu á neytendur, en aðeins var litið á reglur sem alríkisstjórnin hafði gefið út en ekki reglur fylkja og sveitarfélaga. De Fina og Weidenbaum komust að þeirri niðurstöðu, að árið 1976, um það leyti er Bandaríkjamenn hófu að grisja frumskóg reglugerðanna, þá nam þessi óbeina skattlagning 63 miljörðum bandaríkjadala eða um 1000 dölum á hverja fjögurra manna fjölskyldu.[6] Ekki er ósennilegt, að samkeppnishömlur íþyngi íslenskum heimilum mun meir en þeim bandarísku.

5. Áhrif á tækniþróun, hagvöxt og atvinnustig

Helsta einkenni atvinnuþróunar á tuttugustu öld eru hraðar framfarir í tækni, sem hafa gerbreytt framleiðsluaðferðum í einstökum greinum. Hlutfallslegt mikilvægi einstakra atvinnugreina og starfsgreina hefur ýmist aukist eða minnkað og nýjar greinar vaxið upp. Tæknibreytingar hafa einnig raskað byggð, einkum hefur hlutur hinna dreifðu byggða minnkað.

---

[6] Sjá Weidenbaum, Murray (1987). "The Benefits of Deregulation." St. Louis: Center for the Study of American Business.

Tæknin hefur aukið framleiðni í atvinnulífinu og gerbreytt lífskjörum til hins betra, en þessar breytingar hafa einnig valdið miklu eignatjóni hjá þeim sem fest hafa fé í atvinnutækjum og sérþekkingu sem úreldist vegna óvæntra tæknibreytinga. Ef menn álíta að nýjungar í atvinnulífinu kunni að skaða sig, þá leita þeir oft til ríkisins eftir forréttindum til að koma í veg fyrir breytta atvinnuhætti og til að halda í störf sem ný tækni hefur gert óþörf. Oft er nefnt dæmið um kyndara sem mokuðu kolum á eldinn í járnbrautalestum, en víða sátu þeir sem fastast í störfum sínum fyrst eftir að díselvélar komu til sögunnar.[7]

Áhrif á hagvöxt af beitingu forréttinda til að vernda úreltar greinar og framleiðsluaðferðir eru komin undir því, hve stór þáttur viðkomandi grein er í þjóðarbúskapnum. Unnt er að vernda tiltölulega léttvægar greinar án þess að það hafi veruleg áhrif á hagvöxt, en áhrifin eru augljóslega alvarleg ef stórar greinar eiga í hlut.

En áhrif forréttinda á hagvöxt eru komin undir fleiru en aðgerðum til að koma í veg fyrir nýtingu nýjustu tækni. Almennt má segja, að forréttindi dragi úr hagvexti, ef komið er í veg fyrir að framleiðslukraftarnir leiti þangað sem þeir skila mestum virðisauka í þjóðarbúið. Eitt dæmi um slíka þróun væri það, að nýting sjávarafla réðist ekki af hlutfallsverði á mörkuðum heldur væri nýtingin ákveðin af nefnd í samræmi við pólitíska sérhagsmuni.

Enginn vafi leikur á því, að lögbundin forréttindi hafa áhrif á hagvöxt. Framleiðslutækni tuttugustu aldar er sameign en ekki séreign einstakra þjóða. Vannýting á þeim tækifærum sem tæknin gefur til að bæta lífskjör almennings er fyrst og fremst að kenna lélegu stjórnarfari og lögbundnum forréttindum.

---

[7] Á ensku er sagt, að menn liggi á sæng, ef þeir gegna starfi sem tæknin hefur gert óþarft. Kyndarar á díselvögnum munu hafa lagt til orðið *featherbedding*, en sagt er að þeir hafi ferðast með lestunum sofandi í dúnsæng.

6. Niðurstaða

Lögbundin forréttindi, sem hamla á móti samkeppni og veita rétthöfum vald til að einoka markaðinn, rýra almenn lífskjör. Forréttindi koma í veg fyrir, að auðlindir og starfskraftar beinist að þeim verkefnum sem hámarka virðisaukann í þjóðfélaginu. Ástæðan fyrir því, að aðilar sækjast eftir lögbundnum réttindum til að einoka markaðinn, er sú, að þeir telja sig hafa af því nokkurn ábata. Ábati einokarans er, hins vegar, minni en samsvarandi tap neytenda. Þessi er einnig að geta, að gróði einokarans hverfur oft í kostnaðarsömu kapphlaupi um forréttindi.

Í mörgum tilvikum er vandasamt að mæla í krónum og aurum þann kostnað sem neytendur bera af lögbundnum forréttindum. Ef gera á úttekt á hagkerfinu í heild sinni, er um að ræða urmul af lögum og reglum sem lúta að atvinnurekstri og vinnu. Ýmsar reglur stjórnvalda lækka viðskiptakostnað og stuðla að hagkvæmum rekstri, en erlendar rannsóknir sýna að hagsmunasamtökum hefur oft tekist að skrumskæla hagkvæmar reglur og sveigja þær að sérhagsmunum. Oft þarf því mjög nákvæma og flókna athugun til þess að greina sauðina frá höfrunum. hagkvæmar reglur frá forréttindum einokarans. Afnám forréttinda getur bætt stöðu neytenda eftir ýmsum leiðum sem oft er erfitt að sjá fyrir. Þar er ekki einungis um að ræða verðlækkun, heldur getur aukin samkeppni stuðlað að ýmsum nýjungum, bæði nýjum vörum og þjónustu.

Með allt þetta í huga er ljóst, að úttekt á öllum reglum er lúta að íslensku viðskiptalífi í þeim tilgangi að meta áhrif reglnanna á rekstrarhagkvæmni þjóðarbúskaparins er verk sem mun taka hóp röskra manna mörg ár að framkvæma. Í ýmsum tilvikum yrði væntanlega ekki unnt að setja fram óyggjandi niðurstöðu.

Eigi að síður er mikilvægt að hefjast handa við að grisja frumskóg íslenskra reglugerða, en margt bendir til þess, að á Íslandi séu forréttindi og viðskiptahömlur algengari en í mörgum nálægum löndum. Úttekt á reglum atvinnulífsins er verk sem skynsamlegt er að vinna í áföngum. Rétt væri að rannsaka fyrst umgerðina um stærstu greinar hagkerfisins og jafnframt skoða stöðu greina þar sem grímulaus forréttindi blasa við. Tiltölulega auðvelt er að finna fjölmörg dæmi um forréttindi sem augljóslega hafa það hlutverk eitt að einoka markaðinn. Í öðrum tilvikum þarf að rétta reglur sem að hluta eru hagkvæmar en að hluta skaðlegar. Talsmenn hagsmunasamtaka munu vafalaust halda því fram, að réttarbætur og afnám forréttinda skaði almenning og muni leiða til offramboðs í viðkomandi greinum. En þá er þess að minnast, að offramboð leiðréttist á markaði með verðlækkun til neytenda.

Nd. 980. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til l. um Námsgagnastofnun.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna Jón Torfa Jónasson frá Rannsóknastofnun uppeldismála og Ingvar Sigurgeirsson frá Kennaraháskóla Íslands.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 5. gr. Í stað orðanna „kannanir og rannsóknir“ í 6. mgr. komi: og hefur frumkvæði að könnunum og rannsóknum.

Alþingi, 21. apríl 1990.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr.	Guðmundur G. Þórarinsson.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Sólveig Pétursdóttir.
	Þórhildur Þorleifsdóttir.	

Ed. 981. Nefndarálit [386. mál]

um frv. til l. um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar um nokkurt skeið og sent það til umsagnar allra prófasta, Prestafélags Íslands og leikmannaráðs þjóðkirkjunnar. Auk þess bárust

nefndinni ýmsar athugasemdir og ábendingar frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Fjórðungssambandi Norðlendinga, Árna Sigurðssyni, fulltrúa á kirkjuþingi, og sóknarnefndum Áss- og Breiðabólsstaðarprestakalla.

Nefndin leggur til að nokkrar breytingar verði gerðar á frumvarpinu.

Í kjölfar þróunar, sem orðið hefur í þjóðfélaginu, hafa nokkrum sinnum verið gerðar breytingar á lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma á þessari öld. Þær breytingar hafa verið misjafnlega róttækar og alllangur tími liðið á milli þeirra. Með þessu frumvarpi er verið að gera slíkt einu sinni enn. Jafnframt er tekin upp í ríkari mæli en áður sú stefna að gera skipulag þjóðkirkjunnar í málefnum prestakalla og prófastsdæma sveigjanlegra. Er þá auðveldara fyrir safnaðarfólk, presta, biskup og ráðherra að gera æskilegar breytingar án þess að slíkt þurfi að gera með nýjum lögum. Með breytingartillögum nefndarinnar er þetta sjónarmið ítrekað enn frekar, að slíkar skipulagsbreytingar verði með undangengnu samkomulagi, en ekki samkvæmt valdboði frá Alþingi.

Við 1. gr. frumvarpsins er því lagt til að nokkur prestaköll verði ekki lögð af og gerðar tillögur um að færa til sóknir í nokkrum prestaköllum þannig að skipan þessara prestakalla verði óbreytt miðað við núgildandi lög. Í breytingartillögum við 1. gr. er líka lagt til að nöfn nokkurra prestakalla verði færð aftur í núverandi horf þar sem þau hafa unnið sér ríka hefð í huga fólks. Lögð er áhersla á með breytingartillögum við 4., 6., 21., 22. og 29. gr. frumvarpsins að nánara samstarf verði tekið upp milli presta og á þann hátt mótuð æskileg skipan. Lagt er til að 5. mgr. 8. gr. falli brott þar sem núverandi prestssetur hafa verið byggð með fjárveitingum úr ríkissjóði, enda er gert ráð fyrir að um leið verði prestum fjölgað annars staðar þar sem þarf þá að reisa nýtt hús. Lagt er til að lokaákvæði 42. gr. verði fellt brott þannig að fastbundið verði að vígslubiskupar sitji í Skálholti og á Hólum. Þá er að lokum lagt til að lögin öðlist gildi 1. júlí 1990.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 20. apríl 1990.

Jón Helgason, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Jóhann Einvarðsson.	Salome Þorkelsdóttir.	Ey. Kon. Jónsson.
	Danfríður Skarphéðinsdóttir.	

Ed. 982. Breytingartillögur [386. mál]

við frv. til. l. um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðsins „*Egilsstaðaprestakall*“ í 5. tölul. **I. Múlaprófastsdæmi** komi: *Vallaness-prestakall.*
   b. Í stað orðsins „*Hafnarprestakall*“ í 1. tölul. **III. Skaftafellsprófastsdæmi** komi: *Bjarnanessprestakall.*
   c. Í stað 3. tölul. **III. Skaftafellsprófastsdæmi** komi tveir nýir töluliðir svohljóðandi:
      3. *Kirkjubæjarklaustursprestakall:*
         Kálfafells- og Prestsbakkasóknir.
         Prestssetur: Kirkjubæjarklaustur.

4. *Ásaprestakall:*
   Langholts-, Grafar- og Þykkvabæjarsóknir.
   Prestssetur: Ásar.

d. 1. og 2. tölul. **V. Árnessprófastsdæmi** orðist svo:
   1. *Hrunaprestakall:*
      Hruna- og Hrepphólasóknir.
      Prestssetur: Hruni.
   2. *Stóranúpsprestakall:*
      Stóranúps-, Ólafsvalla-, Hraungerðis- og Villingaholtssóknir.
      Prestssetur: Tröð.

Framkvæmdaraðili hefur kaupskyldu á öllum félagslegum eignaríbúðum og félagslegum kaupleiguíbúðum fyrstu 10 árin frá útgáfu afsals en í fimm ár á almennum kaupleiguíbúðum. Eftir þann tíma hefur framkvæmdaraðili forkaupsrétt á eignaríbúðum og kaupleiguíbúðum sem boðnar eru til sölu.

Þegar íbúðir, sem forkaupsréttur er á, eru til sölu skal eigandi senda tilkynningu þess efnis til viðkomandi aðila. Sveitarstjórn eða annar framkvæmdaraðili skal tilkynna eiganda afstöðu sína skriflega innan 30 daga. Berist tilkynning ekki innan þess tíma telst forkaupsrétti hafnað.

Hafni framkvæmdaraðili forkaupsrétti á félagslegri eignaríbúð eða kaupleiguíbúð eða hafi íbúð verið í eigu sama aðila í 30 ár frá útgáfu afsals er eiganda heimilt að selja íbúðina á almennum markaði enda greiði hann upp skuld við framkvæmdaraðila og Byggingarsjóð verkamanna. Framkvæmdaraðili skal þá gefa út yfirlýsingu um að niður séu fallnar allar kvaðir sem verið hafa á íbúðinni um forkaupsrétt og takmarkanir á ráðstöfunarrétti. Skal yfirlýsingunni þinglýst.

xx. (99. gr.)

Sveitarstjórn hefur kaupskyldu á öllum íbúðum í verkamannabústöðum byggðum eftir gildistöku laga nr. 51/1980 til gildistöku laga þessara við verði, sem tilgreint er í 102. gr., fyrstu 15 árin frá útgáfu afsals. Eftir þann tíma á sveitarstjórn forkaupsrétt að þeim íbúðum sem boðnar hafa verið til sölu. Hafni sveitarstjórn forkaupsrétti að verkamannabústað eða að félagslegri íbúð samkvæmt lögum þessum eða hafi íbúð í verkamannabústað verið í eigu sama eiganda í 30 ár samfellt er eiganda heimilt að selja íbúðina á frjálsum markaði enda greiði hann

upp áhvílandi uppfærðar eftirstöðvar láns Byggingarsjóðs verkamanna. Sveitarstjórn skal þá gefa út yfirlýsingu um að niður séu fallnar allar kvaðir sem verið hafa á íbúðinni um forkaupsrétt og takmarkanir á ráðstöfunarrétti. Skal yfirlýsingunni þinglýst.

yy. (100. gr.)

Nú er íbúð, sem byggð hefur verið samkvæmt þessum lögum eða eldri lögum um verkamannabústaði, seld á nauðungaruppboði og skal sveitarstjórn þá neyta forkaupsréttar síns, sbr. þó 99. gr., og krefjast þess á uppboðsþingi að eignin verði lögð henni út til eignar á því verði sem hæst hefur verið boðið í eignina eða á söluverði skv. 2. mgr. 102. gr. ef það er lægra en hæsta boð. Að fengnu afsali samkvæmt þessu ákvæði skal afmá í veðmálabókum veðbönd og höft á eigninni.

zz. (101. gr.)

Endursala eignaríbúða.

Eigandi félagslegrar íbúðar, sem hyggst selja íbúð sína, skal tilkynna það húsnæðisnefnd (sveitarstjórn) eða öðrum framkvæmdaraðila. Framkvæmdaraðili kaupir íbúðina og selur að nýju samkvæmt ákvæðum þessara laga og reglugerða útgefinna samkvæmt þeim.

Húsnæðisnefnd skal í umboði sveitarstjórnar annast kaup og endursölu félagslegra íbúða á vegum sveitarfélaga sem eru í eigu einstaklinga ef sveitarstjórn neytir forkaupsréttar. Viðkomandi framkvæmdaraðili sér annars um að leysa inn og endurselja íbúðir.

Við kaup íbúðar skal seljandi hennar fá endurgreitt það fjármagn sem hann lagði fram við kaup íbúðarinnar og þær afborganir sem hann hefur greitt af láni Byggingarsjóðs verkamanna frá því kaupsamningur var gerður. Við greiðslur þessar bætast verðbætur samkvæmt vístölu lánskjara frá greiðsludegi til söludags.

Þá skal seljandi íbúðarinnar fá endurgreiddar þær endurbætur sem hann hefur gert á fasteigninni samkvæmt samkomulagi milli aðila eða að mati sérstakra matsmanna.

Frá greiðslu til seljanda skal draga fyrningu, 1,5% fyrstu 20 árin en 0,75% eftir það, af framreiknuðu verði íbúðarinnar fyrir hvert eignarhaldsár.

Vanræksla á viðhaldi íbúðarinnar frá og með gerð kaupsamnings skal einnig koma til frádráttar frá greiðslu seljanda samkvæmt samkomulagi eða að mati sérstakra matsmanna. Sama gildir um lausaskuldir og vangreidd gjöld af íbúðinni.

Kostnað við mat greiðir sá sem óskar eftir því.

þþ. (102. gr.)

Sveitarfélag eða annar framkvæmdaraðili skal annast útreikning á söluverði félagslegra íbúða þar sem kaupskyldu eða forkaupsréttar er neytt, sbr. 98. gr. Húsnæðisstofnun ríkisins skal staðfesta útreikninginn. Ágreiningi milli aðila um verðlagningu íbúðanna skal vísa til húsnæðismálastjórnar sem sker úr um hann með rökstuddri ákvörðun.

Við endursölu íbúðar skal framreikna upphaflegt kostnaðarverð hennar eða síðasta söluverð samkvæmt vísitölu lánskjara frá gerð kaupsamnings til söludags. Frá því verði skal draga 1,5% fyrningu fyrstu 20 árin en 0,75% eftir það fyrir hvert eignarhaldsár. Við framreiknað verð íbúðarinnar má bæta kostnaðarverði endurbóta sem á henni hafa verið gerðar.

Kaupandi íbúðarinnar tekur við eftirstöðvum af láni Byggingarsjóðs verkamanna uppfærðum til söludags. Ef uppfærðar eftirstöðvar lánsins nema lægri fjárhæð en 90% af endursöluverði íbúðarinnar er heimilt að veita lán úr Byggingarsjóði verkamanna þannig að heildarlán sjóðsins nemi því hlutfalli. Heildarlán má þó ekki nema hærri fjárhæð en 90% af kostnaðargrundvelli sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt.

Fyrning á félagslegu húsnæði, byggðu í tíð eldri laga, fer eftir ákvæðum þeirra laga.

4. gr.

VI. kafli laganna (sbr. lög nr. 76/1989), **Forkaupsréttur sveitarfélaga á íbúðum byggðum samkvæmt lögum fyrir gildistöku laga nr. 51/1980,** breytist svo:

a. 98. gr. laganna (verður 103. gr.) breytist svo:

Í stað orðanna „stjórnar verkamannabústaða“ í fyrri málslið 2. mgr. komi: húsnæðisnefndar, og í stað „Stjórnin“ í síðari málslið sömu málsgreinar komi: Nefndin. Í stað orðanna „Stjórnir verkamannabústaða“ í síðari málslið 3. mgr. komi: Húsnæðisnefndir, og í stað orðanna „stjórn verkamannabústaða“ í 2. málsl. 4. mgr. komi: húsnæðisnefnd.

b. 99. gr. laganna (verður 104. gr.) breytist svo:

Í stað orðanna „Stjórn verkamannabústaða“ í 2. mgr. komi: Húsnæðisnefnd.

3. mgr. falli brott.

c. 1. mgr. 100. gr. laganna (verður 105. gr) orðist svo:

Húsnæðisnefnd skal ákveða söluverð íbúða í verkamannabústöðum þar sem kaupskyldu eða forkaupsréttar er neytt. Við ákvörðun söluverðs skal m.a. taka tillit til byggingarkostnaðar íbúða á þeim tíma, sem sala fer fram, áhvílandi lána frá Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna og ástands íbúðar. Húsnæðisnefnd annast sölu íbúða í umboði sveitarstjórnar.

d. 103. gr. laganna (verður 108. gr.) orðist svo:

Húsnæðismálastjórn skal úrskurða um þann ágreining milli seljanda íbúða og húsnæðisnefnda sem til hennar er vísað og varðar útreikning á greiðslu til seljanda skv. 101. gr., svo og ákvarðanir um endursölu íbúða skv. 102. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1990.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara taka húsnæðisnefndir við hlutverki stjórna verkamannabústaða eftir því sem við á. Jafnframt taka húsnæðisnefndir við réttindum og skyldum stjórna verkamannabústaða svo sem nánar verður kveðið á um í reglugerð.

Nd. 990. Lög [131. mál]

um lögheimili.

(Afgreidd frá Nd. 21. apríl.)

Samhljóða þskj. 870 (sbr. 135).

Ed. 991. Nefndarálit [430. mál]

um frv. til l. um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Til viðræðna við nefndina um frumvarpið komu Brynjólfur Sandholt yfirdýralæknir, Guðmundur Pétursson, forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum, Guðmundur Eggertsson, prófessor við raunvísindadeild Háskóla Íslands, og Helgi Valdimarsson, varadeildarforseti læknadeildar Háskólans. Þá var lögð fram, að ósk nefndarinnar, álitsgerð frá ráðgjafarþjónustu Lagastofnunar Háskólans um stöðu forstöðumanns tilraunastöðvarinnar.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því að forstöðumaður tilraunastöðvarinnar verði ráðinn til sex ára í senn með heimild til endurráðningar. Í slíku tilviki þykir nefndinni eðlilegt að sá sem gegnt hefur stöðunni eigi kost á að gegna henni áfram í ákveðinn tíma. Með hliðsjón af þessu er nefndin sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við frumvarpið bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Forstöðumaður tilraunastöðvarinnar, sem starfar þegar lög þessi taka gildi, heldur forstöðumannsstöðunni í allt að sex ár frá gildistöku laganna.

Alþingi, 23. apríl 1990.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Halldór Blöndal.
Salome Þorkelsdóttir.	Skúli Alexandersson.	Jón Helgason.
	Valgerður Sverrisdóttir.	

Sþ. 992. Nefndarálit [25. mál]

um till. til þál. um rannsókn á siglingaleið um Hornafjörð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk um hana umsagnir frá bæjarstjórn Hafnar í Hornafirði, Siglingamálastofnun ríkisins og vita- og hafnamálaskrifstofunni. Þá komu á fund nefndarinnar Hermann Guðjónsson, vita- og hafnamálastjóri, og Gísli Viggóson, forstöðumaður rannsóknardeildar vita- og hafnamálaskrifstofunnar.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 23. apríl 1990.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Jón Kristjánsson, fundaskr.	Guðrún Helgadóttir.
Eggert Haukdal.	Ingi Björn Albertsson.	Kristinn Pétursson.
	Karl Steinar Guðnason.	

Sþ. 993. Breytingartillaga [25. mál]

við till. til þál. um rannsókn á siglingaleið um Hornafjörð.

Frá allsherjarnefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að hlutast til um við Hafnamálastofnun ríkisins að hraðað verði rannsókn á innsiglingunni við Hornafjarðarós og öðrum aðstæðum í tengslum við skipaleiðir um Hornafjörð.

Sþ. 994. Nefndarálit [345. mál]

um till. til þál. um könnun á stofnun alþjóðlegrar björgunarsveitar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk um hana umsagnir frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Flugmálastjórn, Landhelgisgæslunni, Landssambandi flugbjörgunarsveita, samgönguráðuneytinu, Sjómannasambandi Íslands og Slysavarnafélagi Íslands.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingu sem er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 23. apríl 1990.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Jón Kristjánsson, fundaskr.	Guðrún Helgadóttir.
Eggert Haukdal.	Kristinn Pétursson.	Ingi Björn Albertsson.
	Karl Steinar Guðnason.	

Sþ. 995. Breytingartillaga [345. mál]

við till. til þál. um könnun á stofnun alþjóðlegrar björgunarsveitar.

Frá allsherjarnefnd.

Við tillgr. bætist:

Niðurstöður könnunarinnar verði lagðar fyrir sameinað Alþingi á næsta löggjafarþingi.

Sþ. 996. Þingsályktun [159. mál]

um leiðsögumenn og endurskoðun reglugerðar nr. 175/1983, um eftirlit með skipulögðum hópferðum erlendra aðila til Íslands í atvinnuskyni.

(Afgreidd frá Sþ. 23. apríl.)

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd til að endurskoða reglugerð nr. 175/1983, um eftirlit með skipulögðum hópferðum erlendra aðila til Íslands í atvinnuskyni. Í nefndinni eigi sæti fimm fulltrúar skipaðir af eftirfarandi aðilum: samgönguráðuneyti, umhverfisráðuneyti, Félagi leiðsögumanna, Félagi íslenskra ferðaskrifstofa og ferðafélögum áhugamanna. Ný reglugerð öðlist gildi eigi síðar en 1. janúar 1991.

Sþ. 997. Þingsályktun [71. mál]

um athugun á varðveislu ljósvakaefnis.

(Afgreidd frá Sþ. 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 71.

Sþ. 998. Þingsályktun [49. mál]

um tilfærslu verkefna og tekjustofna frá ríki til sveitarfélaga og héraða.

(Afgreidd frá Sþ. 23. apríl.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að kanna skipulega í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga hvernig best verði staðið að frekari tilfærslu á verkefnum og tekjustofnum frá ríkinu til sveitarfélaga og héraða.

Sþ. 999. Nefndarálit [454. mál]

um till. til þál. um staðfestingu rammasamnings um samvinnu á sviði vísinda og tækni milli Íslands og Evrópubandalaganna.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt.

Alþingi, 23. apríl 1990.

Jóhann Einvarðsson, form., frsm.	Hjörleifur Guttormsson, fundaskr.	Karl Steinar Guðnason.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Guðmundur G. Þórarinsson.	Kristín Einarsdóttir.

Ey. Kon. Jónsson.

Sþ. 1000. Nefndarálit [455. mál]

um till. til þál. um fullgildingu Evrópusamnings um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt.

Alþingi, 23. apríl 1990.

Jóhann Einvarðsson, form., frsm.	Hjörleifur Guttormsson, fundaskr.	Birgir Ísl. Gunnarsson.
Ey. Kon. Jónsson.	Karl Steinar Guðnason.	Guðmundur G. Þórarinsson.

Kristín Einarsdóttir.

Sþ. 1001. Nefndarálit [466. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samnings um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt.

Alþingi, 23. apríl 1990.

Jóhann Einvarðsson, form., frsm.	Hjörleifur Guttormsson, fundaskr.	Birgir Ísl. Gunnarsson.
Ey. Kon. Jónsson.	Kristín Einarsdóttir.	Guðmundur G. Þórarinsson.
	Karl Steinar Guðnason.	

Sþ. 1002. Nefndarálit [110. mál]

um till. til þál. um starfsreglur Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna. Á þingi Alþjóðaþingmannasambandsins, sem haldið var í Nikósíu 2.–7. apríl sl., voru gerðar nokkrar breytingar á lögum sambandsins. Vegna þeirra breytinga er nauðsynlegt að fella brott ákvæði 3. mgr. 3. gr. starfsreglnanna. Þá telur nefndin einnig að best fari á því að breyta lítillega 1. gr. reglnanna þar sem vísað er til tilgangs og laga sambandsins. Í ljósi þessa leggur nefndin til að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „tilgang sambandsins, sbr. lög þess sem fylgja með starfsreglum þessum“ komi: lög sambandsins.
2. Við 3. gr. 3. mgr. falli brott.

Alþingi, 23. apríl 1990.

Jóhann Einvarðsson, form., frsm.	Hjörleifur Guttormsson, fundaskr.	Birgir Ísl. Gunnarsson.
Ey. Kon. Jónsson.	Guðmundur G. Þórarinsson.	Kristín Einarsdóttir.
	Karl Steinar Guðnason.	

Sþ. **1003. Svar** [531. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um mengun frá herstöðvum á Straumnes- og Heiðarfjalli.

1. *Hvað liggur fyrir um mengun og úrgang frá herstöðvunum sem eitt sinn voru starfræktar á Straumnes- og Heiðarfjalli?*

Varnarliðið fylgir gildandi íslenskum reglugerðum á hverjum tíma um frágang á sorpi og úrgangi á varnarsvæðum. Þær reglugerðir eru kynntar fyrir varnarliðinu er þær liggja fyrir af hálfu íslenskra stjórnvalda og þegar breytingar verða á.

Eins og tíðkast hefur hjá íslenskum bæjar- og sveitarfélögum var tilfallandi sorp vegna búsetu á Straumnes- og Heiðarfjalli brennt og urðað í námunda við stöðvarnar. Ratsjárstöðvar voru starfræktar á þessum stöðum á árunum 1957–1961. Stöðin á Straumnesfjalli var yfirgefin árið 1961, en fjarskiptastöð var rekin á Heiðarfjalli til ársins 1970. Svæðin voru þá afhent íslenska ríkinu og leigusamningum við landeigendur var sagt upp af þess hálfu. Sala varnarliðseigna sá um yfirborðshreinsun á svæðunum eins og kostur var og bauð til sölu ýmsan búnað og mannvirki sem eftir stóðu. Á annan tug bygginga voru á hvorum stað. Á Heiðarfjalli voru byggingar felldar, að einni undanskilinni, sem notuð var áfram af Pósti og síma. Flestar byggingarnar á Straumnesfjalli standa enn. Varnarmálaskrifstofa stóð að skoðunarferð á fjöllin um mitt sumar 1989 ásamt fulltrúum Náttúruverndarráðs og landeigenda. Náttúruverndarráð gaf skýrslur um ástand staðanna eftir þessar ferðir og gerði tillögur um úrbætur. Kemur þar m.a. fram að nauðsynlegt er að fjarlægja allt laust rusl sem orðið hefur eftir og ganga tryggilega frá landfyllingum, en þær eru tvær á Straumnesfjalli og ein á Heiðarfjalli. Utanríkisráðuneytið hefur lýst sig reiðubúið til að hafa fulla samvinnu við Náttúruverndarráð og landeigendur um fyrirkomulag hreinsunar. Ekki er skjalfest, frekar en á öðrum stöðum á landinu hvað fór í landfyllingar á svæðunum. Af líkum má ráða að þar sé mest um að ræða sorp frá mannabústöðum, en einnig er vitað að verktakar hafi urðað rusl frá byggingarstarfsemi sinni. Eðli starfseminnar á Straumnes- og Heiðarfjalli er slíkt að ekki er ætlað að þar hafi verið hættulegri úrgangur en gerist í nærliggjandi sveitarfélögum. Rannsóknastofa Háskóla Íslands í lyfjafræði mældi ferskvatn í Eiðisvík undir Heiðarfjalli í október 1989 og var niðurstaðan sú að þar finnast engin lífræn leysiefni sem valdið geti mengun. Umhverfisráðherra hefur skipað þriggja manna nefnd til að kanna hugsanlega mengun á svæðunum og gera tillögur um mögulegar hreinsunaraðgerðir.

2. *Hefur verið gengið úr skugga um hvort PCB-efni voru notuð og skilin eftir af hernum á þessum stöðum?*

PCB-efni voru notuð sem aukaefni í kælivökva fyrir spennubreyta. Ekki átti það við um alla spennubreyta og var það algengara í stórvirkum tækjum. Smærri spennubreytar voru við rafmagnsinntak á byggingum á Straumnes- og Heiðarfjalli, eða nálægt 20 spennubreytar á hvorum stað. Ekki hefur verið staðfest að sú tegund spennubreyta, sem þarna var notuð, hafi innihaldið PCB-efni, en algengast var að spennubreytar af þeirri gerð væru svonefndir „þurrspennar" sem innihalda engan kælivökva né önnur skaðleg efni. Rafmagn var fengið frá dísilrafstöð á staðnum þannig að ekki var þörf á stórvirkum spennubreytum til að jafna háspennu. Smærri spennubreytar eru ekki sjaldgæfir í iðnaði og jafnvel við notkun ýmissa heimilistækja. Engin önnur tæki, sem notuð voru til starfseminnar, hefðu getað innihaldið PCB-efni að því er best er vitað.

Við brottför varnarliðs frá Straumnesfjalli árið 1961 og Heiðarfjalli árið 1970 var allur nýtanlegur tækjabúnaður fluttur til Keflavíkurflugvallar. Ýmsir verktakar og Sala varnarliðseigna sáu um að losa önnur verðmæti. Endingartími þeirra spennubreyta, sem notaðir voru í fjögur ár á Straumnesfjalli og 13 ár á Heiðarfjalli, er talinn vera 30 til 50 ár. Engar heimildir eru fyrir því að nokkur þessara spennubreyta hafi lent á sorphaugum við brottför starfsmanna stöðvanna, en ekki er vitað nákvæmlega í hvaða hlutfalli varnarliðið tók þessa spennubreyta til sín og íslenskir aðilar tóku tækin til nýtingar og sölu. Fullvíst þykir þó að með tilliti til endingartíma þeirra hafi þeim verið komið til nýtingar annars staðar.

Í samræmi við bandaríska umhverfislöggjöf hóf varnarliðið könnun á árinu 1983 á tækjabúnaði sínum sem innihaldið gat PCB-efni. Umhverfislöggjöfin kveður á um að fjarlægja beri öll tæki sem innihalda meir en 500 ppm (hlutar af milljón) af PCB. Ákvað yfirstjórn varnarliðsins að fjarlægja tæki miðað við þrengri staðal, eða 50 ppm, þar á meðal spennubreyta sem voru á rafmagnsstaurum. Á árunum 1985–1988 voru tekin sýni af öllum spennubreytum í notkun hjá varnarliðinu og reyndust 24 þeirra innihalda meira en 50 ppm af PCB. Þeir voru teknir út notkun og fluttir til Bandaríkjanna til eyðingar.

3. *Hvaða ákvæði giltu og gilda varðandi umgengni og viðskilnað Bandaríkjahers á svokölluðum „varnarsvæðum" með tilliti til náttúru og umhverfis?*

Í varnarsamningi er ekki kveðið sérstaklega á um umgengni og viðskilnað á varnarsvæðum, en skil á varnarsvæðum hafa farið fram með samkomulagi milli stjórnvalda og varnarliðsins. Yfirleitt hefur náðst gott samkomulag um umgengni á varnarsvæðum, sérstaklega hin síðari ár, og gengið hefur verið eftir því að varnarliðið fylgi íslenskum reglugerðum þar að lútandi. Í ársbyrjun 1986 var heilbrigðisfulltrúinn á Suðurnesjum jafnframt skipaður heilbrigðisfulltrúi á varnarsvæðum til þess að sjá um að farið sé eftir íslenskum reglugerðum og til að gera tillögur um úrbætur þegar þess er þörf.

Ed. 1004. Lög [420. mál]

um breytingu á lögum nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 951.

Sþ. 1005. Svar [504. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Eggerts Haukdals um vanskil í viðskiptabönkum árin 1988 og 1989.

Spurt er í fyrsta lagi hverjar hafi verið afskriftir útlána hjá ríkisbönkunum annars vegar og einkabönkunum hins vegar árin 1988 og 1989?

Því er til að svara að framlög á afskriftareikning útlána námu 485 milljónum króna hjá ríkisbönkunum 1988 og 374 milljónum króna hjá hlutafélagsbönkunum. Á árinu 1989 námu samsvarandi framlög 979 og 735 milljónum króna.

Í öðru lagi er spurt hvort um hafi verið að ræða önnur vanskil sem ekki voru afskrifuð og hver var þá upphæð þeirra?

Ekki hefur tekist að afla upplýsinga um vanskil útlána hjá viðskiptabönkunum í samræmdu formi á þeim stutta tíma sem til ráðstöfunar hefur verið til að undirbúa svar við

fyrirspurninni. Hins vegar er ljóst að vanskil útlána hjá bönkunum nema margfalt hærri fjárhæðum en árleg framlög á afskriftareikning útlána sem áður er greint. Það verður þá líka að hafa í huga að ekki er hægt að setja jafnaðarmerki milli vanskila og tapaðra útlána.

Ed. 1006. Breytingartillögur [386. mál]

við frv. til l. um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.

Frá Þorvaldi Garðari Kristjánssyni og Karvel Pálmasyni.

Við 1. gr.

1. Fyrirsögn VIII. tölulíðar orðist svo: **Barðastrandar- og Strandaprófastsdæmi.**
2. Aftan við liðinn bætist:
   5. *Árnessprestakall:*
      Árnessókn.
      Prestssetur: Árnes.
   6. *Hólmavíkurprestakall:*
      Kaldrananess-, Drangsness-, Staðar-, Hólmavíkur- og Kollafjarðarnessóknir.
      Prestssetur: Hólmavík.
   7. *Prestsbakkaprestakall:*
      Prestsbakka-, Staðar- og Óspakseyrarsóknir.
      Prestssetur: Prestsbakki.
3. 1.–3. tölul. X. tölul. falli niður. Röð tölulíða breytist í samræmi við það.

Nd. 1007. Frumvarp til laga [564. mál]

um leikskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi taka til starfsemi leikskóla. Leikskólinn skal annast uppeldi barna fram að skólaskyldualdri undir handleiðslu sérmenntaðs fólks í uppeldismálum. Leikskóli er samkvæmt lögum þessum fyrir börn frá hálfs árs aldri — eða frá þeim tíma að fæðingarorlofi lýkur — til sex ára aldurs.

II. KAFLI
Markmið.

2. gr.

Tilgangur laganna er að tryggja börnum rétt til umönnunar og öruggra uppeldisskilyrða.

Leikskólinn skal í samráði við foreldra veita börnum á leikskólaaldri uppeldi og menntun.

Samkvæmt lögum þessum skal meginmarkmið með uppeldisstarfi í leikskóla vera:

— að búa börnunum örugg leikskilyrði og hollt uppeldisumhverfi,
— að gefa börnunum kost á að taka þátt í leik og starfi og njóta fjölbreyttra uppeldiskosta barnahópsins undir leiðsögn fóstra,
— að kappkosta í samvinnu við heimilin að efla alhliða þroska barnanna í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins og leitast við að hlúa að þeim andlega og líkamlega svo að þau fái notið bernsku sinnar,

— að stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barnanna og jafna uppeldisaðstöðu þeirra í hvívetna,
— að efla kristilegt siðgæði barnanna og leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
— að rækta tjáningar- og sköpunarmátt barnanna í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmynd þeirra, öryggi og getu til að leysa mál sín á friðsamlegan hátt.

III. KAFLI

Hlutverk sveitarfélaga. Stofnun og rekstur leikskóla.

3. gr.

Til að tryggja þann rétt barna, sem getið er um í 1. mgr. 2. gr., skal stofna leikskóla. Stofnun leikskóla og rekstur er á ábyrgð sveitarfélaganna en fagleg yfirstjórn málaflokksins samkvæmt lögum þessum er á hendi menntamálaráðuneytis.

Sveitarfélag gerir árlega könnun á því hversu margir foreldrar óska eftir leikskólavistun. Á grundvelli þeirrar könnunar verði gerð áætlun um uppbyggingu leikskóla í viðkomandi sveitarfélagi til a.m.k. tveggja ára í senn. Sveitarfélögum er samkvæmt lögum þessum skylt að hafa forustu um að tryggja börnum þann lögvarða lágmarksrétt til þjónustu sem lög þessi gera ráð fyrir. Til þess að setja á stofn leikskóla þarf starfsleyfi frá menntamálaráðuneytinu. Heimilt er að veita leikskóla starfsleyfi þótt börnin dvelji þar ekki daglega eða einungis hluta úr ári.

4. gr.

Í samráði við hlutaðeigandi sveitarfélag er öðrum aðilum heimilt að reka leikskóla. Skilyrði þessa er að viðkomandi hafi fengið starfsleyfi og meðmæli sveitarfélags og reki leikskólann samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Bygging og rekstur leikskóla skal vera í umsjón sveitarstjórna og skulu þær sjá um framkvæmd þessara laga hver í sínu sveitarfélagi. Félagsmálanefnd, skólanefnd eða sérstök leikskólanefnd fara með stjórn leikskóla.

Sé skólanefnd eða sérstakri leikskólanefnd falin stjórn leikskóla skal starfsfólk leikskóla kjósa einn fulltrúa til setu í nefndinni og skal hann hafa málfrelsi og tillögurétt. Enn fremur kjósa samtök foreldra einn fulltrúa til setu í nefndinni með málfrelsi og tillögurétt.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið skal í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja í reglugerð almenn ákvæði um húsnæði leikskóla: heildarrými, aðstöðu til einstaklingsþjálfunar, leikrými barna, búnað, vinnuaðstöðu starfsfólks svo og útileiksvæði.

Í reglugerðinni skulu einnig vera viðmiðunarákvæði um barnafjölda og starfslið leikskóla.

Enn fremur skal kveða á um það í reglugerð hverjir skulu vera umsagnaraðilar um hönnun og byggingu leikskóla.

IV. KAFLI

Yfirstjórn.

7. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með mál þau er lög þessi taka til. Það veitir leyfi til leikskólarekstrar. Það hefur með höndum eftirlit með því að fullnægt sé ákvæðum sem lög

þessi og reglugerð mæla fyrir um. Það mótar uppeldisstefnu leikskóla, sér um útgáfu uppeldisáætlunar, sbr. 13. gr., sinnir þróunar- og rannsóknarstarfi og er stjórnendum leikskóla til ráðuneytis um starfsemina.

8. gr.

Landinu skal skipt í leikskólaumdæmi. Leikskólaumdæmi skulu vera þau sömu og fræðsluumdæmi samkvæmt grunnskólalögum. Tengja skal starfsemi fræðsluskrifstofa grunnskóla og störf umdæmisfóstra leikskóla, þar með talin starfsemi kennslugagnamiðstöðva fyrir bæði skólastigin.

Leikskólinn skal stuðla að því í samráði við grunnskóla að eðlileg tengsl skapist á milli þessara skólastiga. Menntamálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um samstarf leikskóla og grunnskóla.

9. gr.

Í hverju leikskólaumdæmi skal starfa umdæmisfóstra. Umdæmisfóstra leikskóla skal í samvinnu við rekstraraðila og hlutaðeigandi nefndir sinna ráðgjöf og faglegu eftirliti með uppeldi og menntun í þeim leikskólum umdæmisins þar sem ekki eru aðrir leikskólafulltrúar eða umsjónarfóstrur á vegum sveitarfélaga. Umdæmisfóstra stuðlar að samstarfi leikskóla umdæmisins og samvinnu leikskóla og grunnskóla.

Umdæmisfóstra er starfsmaður ríkisins. Við ráðningu í starf umdæmisfóstru skal taka tillit til starfsreynslu í leikskóla og framhaldsmenntunar. Nánar skal kveðið á um störf umdæmisfóstra í erindisbréfi. Ráðning umdæmisfóstra er ákveðin í fjárlögum hverju sinni.

V. KAFLI

Starfsfólk og foreldrar.

10. gr.

Við hvern leikskóla skal vera leikskólastjóri. Leikskólastjóri og starfslið er annast fóstrustörf skal hafa fóstrumenntun, svo og þeir sem annast faglega umsjón og eftirlit með leikskólum á vegum rekstraraðila.

Leikskólastjóri stjórnar starfi leikskólans í umboði rekstraraðila eftir því sem nánar segir í lögum þessum og reglugerðum er settar verða samkvæmt þeim. Í samráði við rekstraraðila ber leikskólastjóri ásamt starfsfólki ábyrgð á að móta heildarstefnu í uppeldis- og menntamálum leikskólans og að áætlanir þar um séu gerðar í samræmi við 13. gr.

Ársskýrsla um starfsemi leikskólans skal send sveitarstjórn og umdæmisfóstru viðkomandi umdæmis. Sveitarstjórn skal setja starfsfólki erindisbréf í samræmi við lög þessi og reglugerð er sett verði samkvæmt þeim.

11. gr.

Leikskólastjóri skal halda reglulega fundi með starfsfólki um stjórn heimilisins og velferð hvers einstaks barns.

12. gr.

Skylt er rekstraraðila leikskóla að skipuleggja tengsl milli foreldra barnanna og leikskólans í því skyni að efla samstarf þessara aðila um velferð barnsins.

VI. KAFLI

Uppeldisáætlun.

13. gr.

Menntamálaráðuneytið setur leikskólum uppeldisáætlun þar sem m.a. skal kveðið á um uppeldis- og menntunarhlutverk leikskólans og meginstefnu varðandi starfshætti.

Í uppeldisáætlun verði gildi leiksins sem uppeldis- og kennslutækis leiðandi hugtak.

Menntamálaráðuneytið hefur uppeldisáætlun leikskóla stöðugt til endurskoðunar og gerir tillögur um breytingar þegar þörf er talin á.

VII. KAFLI

Réttur leikskólabarna til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar.

14. gr.

Börn á leikskólaaldri, sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, eiga rétt á henni innan leikskólans, undir handleiðslu fóstra, þroskaþjálfa og annarra sérfræðinga. Þjálfunin getur verið einstaklingsbundin og í hópi innan almennrar leikskóladeildar eða á sérhæfðum deildum.

Markmið þjálfunarinnar er m.a. að auka færni barnsins miðað við þroskastig þess. Ákvörðun um þjálfun og tilhögun hennar skal tekin í samráði við foreldra barnsins og ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu leikskólans, að undangenginni greiningu og mati sálfræðiþjónustunnar eða annarra lögboðinna greiningaraðila.

Stefnt skal að því að barnið sæki leikskóla í sínu skólahverfi. Þó skal gefinn kostur á að leita annarra úrræða sem henta barninu betur með tilliti til þjónustu. Fatlað barn, sem sækir skóla utan síns skólahverfis, á rétt á flutningsþjónustu sem greiðist af ríkinu, sbr. lög nr. 41/1983, um málefni fatlaðra.

15. gr.

Leikskólar skulu þannig byggðir og reknir að þeir geti sinnt fötluðum börnum á leikskólaaldri.

Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um starfsemi, húsnæði og starfsmannahald almennra leikskóladeilda vegna veru fatlaðra barna, svo og sérhæfðra deilda.

VIII. KAFLI

Leikskólarannsóknir og þróunarstarf.

16. gr.

Menntamálaráðuneytið stuðlar að þróunar-, tilrauna- og rannsóknarstarfi innan leikskólanna. Í því skyni skal árlega varið fé í þróunarsjóð samkvæmt ákvörðun Alþingis með fjárlögum. Menntamálaráðuneytið afgreiðir umsóknir og ákveður skiptingu fjárins.

17. gr.

Til þess að sinna tímabundnum rannsóknar- og þróunarverkefnum á vegum menntamálaráðuneytisins má ráða sérstaka starfsmenn.

18. gr.

Í rannsókna-, þróunar- og tilraunaskyni er ráðuneytinu heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum laga og reglugerða.

IX. KAFLI

Ráðgjafarþjónusta.

19. gr.

Allir leikskólar eiga rétt á sérhæfðri ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu og skal hún að jafnaði skipulögð í tengslum við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fræðsluumdæmisins, sbr. lög um grunnskóla.

Menntamálaráðuneytið gerir í samráði við umdæmisfóstrur heildaráætlun um framkvæmd þessarar þjónustu.

20. gr.

Hlutverk ráðgjafar- og sálfræðiþjónustunnar er:

— að annast sérfræðilega ráðgjöf og fræðslu starfsfólks leikskóla og foreldra leikskólabarna um uppeldi og umönnun barnanna,
— að annast frumgreiningu og/eða vísa í sérhæfðari greiningaraðila ef þess gerist þörf að mati ráðgjafarþjónustunnar; enn fremur að hafa umsjón og eftirlit með aðstoð og þjálfun barnanna,
— að annast ýmis rannsóknarstörf og athuganir í sambandi við ráðgjafarþjónustuna.

21. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd og starfssvið ráðgjafar- og sálfræðiþjónustunnar.

X. KAFLI

Heilsuvernd og hollustuhættir.

22. gr.

Um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit á leikskólum fer eftir lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi lög nr. 112/1976 að öðru leyti en því er lýtur að skóladagheimilum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili – markmið og leiðir, gefin út af menntamálaráðuneytinu 1985, tekur með lögum þessum gildi sem fyrsta uppeldisáætlun leikskóla.

II.

Stefnt skal að því að sveitarfélög nái markmiðum 3. gr. innan 10 ára með áætlun sem unnin er í samvinnu við sveitarfélögin.

III.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að fela fræðsluskrifstofum að annast þau svæðisbundnu stjórnunarverkefni sem gert er ráð fyrir í IV. kafla laganna þar til skipulag það, sem þar er gert ráð fyrir, er að fullu komið til framkvæmda.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Menntamálaráðherra, Svavar Gestsson, skipaði 25. janúar 1989 nefnd til að endurskoða lög nr. 112/1976 um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn í þeim tilgangi að skapa ramma um nýtt skólastig, „forskólastig“, fyrir börn undir skólaskyldualdri. Nefndinni var einnig falið að gera áætlun um uppbyggingu og rekstur dagheimila og leikskóla næstu 10 ár og um æskilegt fyrirkomulag á stofn- og rekstrarkostnaði.

Í nefndina voru skipaðir: Ásmundur Stefánsson hagfræðingur, Bergur Felixson framkvæmdastjóri, Gerður Óskarsdóttir, ráðunautur menntamálaráðherra, Guðrún Alda Harðardóttir fóstra, Gunnhildur Gísladóttir efnafræðingur, Hallgrímur Guðmundsson bæjarstjóri, Sigríður L. Baldursdóttir eðlisfræðingur, Kristín Á. Ólafsdóttir borgarfulltrúi, Lára V.

Júlíusdóttir lögfræðingur Selma Dóra Þorsteinsdóttir, formaður Fóstrufélags Íslands, Svandís Skúladóttir deildarstjóri og Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður Sóknar. Ólafur Guðmundsson deildarstjóri var starfsmaður nefndarinnar.

Nefndin samdi tvö frumvörp, þ.e. frumvarp til laga um leikskóla og frumvarp til laga um ríkisframlag til sveitarfélaga vegna leikskóla.

Allir nefndarmenn tóku þátt í gerð frumvarpanna en Ásmundur Stefánsson tók þó ekki þátt í samningu frumvarps til laga um leikskóla vegna anna við kjarasamninga fyrr á árinu. Bergur Felixson skilaði séráliti.

Nokkrar breytingar voru gerðar á frumvarpinu um leikskóla í meðförum málsins í ríkisstjórn. Frumvarp um leikskóla eins og nefndin skilaði því fylgir með merkt fylgiskjal III.

Frumvarpið, sem nefndin samdi um ríkisframlag til sveitarfélaga vegna leikskóla, fylgir hér með merkt fylgiskjal I.

Skýringar við frumvarp til laga um leikskóla.

1. Uppeldisstefna.

Frumvarpið byggir á uppeldisstefnu sem menntamálaráðuneytið markaði 1985 varðandi börn undir skólaskyldualdri þegar ráðuneytið gaf út *Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili – markmið og leiðir*. Áætlunin byggir á viðurkenndu markvissu uppeldisstarfi þar sem leikur og sköpun í máli, myndum, tónum og hreyfingu skipar öndvegi og þar sem mið er tekið af þroska og þörfum hvers barns og aðstæðum á heimili þess.

2. Leikskólaheitið.

Nefndin, sem samdi leikskólafrumvarpið, leitaði til Valborgar Sigurðardóttur, fyrrverandi skólastjóra Fósturskóla Íslands, sem sérfræðings um uppeldi og þroska barna á forskólaaldri. Í greinargerð Valborgar til nefndarinnar segir hún meðal annars um gildi leiksins og leikskólaheitið:

„**Gildi leiksins** fyrir þroska barnsins á þessum ungu árum er löngu viðurkennt og staðfest á fræðilegum grundvelli. Leikurinn er lífstjáning barnsins — hið eðlilega tjáningarform þess. Leikurinn er ekki aðeins gleðigjafi, hann er þeim **nám og starf.** Við þurfum að líta á leiki barna sem mikilvægar **náms- og þroskaleiðir** og nýta þá sem slíka.

Oft er þó sagt að börn á dagheimilum og leikskólum læri ekki neitt, „þau bara leiki sér". En í bernsku er það að leika sér sama og að læra og leita sér þekkingar og reynslu.

Uppeldisstofnanir/skólar þessir skulu bera nafnið **leikskólar** í samræmi við meginkjarna þess uppeldisstarfs sem þar fer fram.

Leikskólaheitið skírskotar þannig til þess uppeldisstarfs og inntaks þess. Skiptir hér ekki máli hversu margar stundir á dag börnin dvelja þar. Höfuðatriðið er að þar fari fram leikskólastarfsemi í þess orðs bestu merkingu: markvisst uppeldisstarf byggt á leik og hvers konar sköpun eins og fyrr segir.

Leikskólaheitið lýsir uppeldisstarfinu og minnir á að það sé skóli þar sem lítil börn læra og þroskast gegnum leik. Minna má á hér að latnesk/gríska orðið „schola" þýðir í eiginlegri eða upprunalegri merkingu „tómstundir sem notaðar eru til náms". Í orðinu **leikskóli** felst því heilbrigður metnaður og holl áminning."

Nefndin var sammála um að þetta skólastig skuli kallast leikskólastig og dagvistarheimili verði nefnd leikskólar, burtséð frá lengd dvalartíma barnanna þar.

3. Uppeldisáætlun er starfsrammi.

Rétt þykir að gera hér grein fyrir þeirri uppeldisáætlun sem vísað er til í lagafrumvarpi þessu. Í bréfi, sem Ragnhildur Helgadóttir, fyrrverandi menntamálaráðherra, sendi öllum

dagvistarheimilum á landinu í maí 1985, er gerð grein fyrir uppeldisáætlun sem þá var nýkomin út. Í bréfi Ragnhildar segir meðal annars:

„Í uppeldisáætlun þessari eru sett fram markmið sem nefndin telur að stefna beri að í uppeldisstarfi á dagvistarheimilum og síðan er fjallað um **helstu uppeldissvið, grundvallarviðhorf og meginleiðir** í uppeldi ungra barna.

Uppeldisáætlunin felur ekki í sér neinar grundvallarbreytingar á því starfi sem nú fer fram á dagvistarheimilum í landinu. Miklu fremur er uppeldisáætluninni ætlað það hlutverk að hlúa að því besta í því starfi sem fyrir er, auðga það og styrkja.

Uppeldisáætlunin byggir á „hefðbundnum" vestrænum grundvallarhugmyndum um uppeldi ungra barna, en styðst jafnframt við nýja þekkingu og reynslu á sviði uppeldisfræði og þróunarsálarfræði. Markmið uppeldisstarfsins mótast fyrst og fremst af lýðræðislegu lífsviðhorfi og kristilegu siðgæði. Aðaláhersla er lögð á að örva alhliða þroska barnanna, þ.e. líkams-, tilfinninga-, vitsmuna-, félags-, fagur- og siðgæðisþroska, efla jákvæða sjálfsmynd þeirra og búa þeim vel skipulagt uppeldisumhverfi og örugg leikskilyrði sem jafnframt eru hlýleg og lærdómsrík.

Menntamálaráðuneytið væntir þess að uppeldisáætlun þessi geti orðið forstöðumönnum og fóstrum haldgóður leiðarvísir í uppeldisstarfi í samvinnu við starfsfólk og foreldra. Skoða ber uppeldisáætlunina sem nokkurs konar umgjörð um uppeldisstarfið og sveigjanlegan starfsramma.

Á grundvelli þessa leiðarvísis og með markmiðin í huga *geta forstöðumenn og fóstrur sérhvers dagvistarheimilis gert sínar eigin áætlanir og mótað upeldisstarfið í samræmi við þroska og þarfir barnanna og þær aðstæður sem fyrir hendi eru.*"

Athugasemdir við einstaka kafla og einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Um 1. gr.

Leikskólar eru skv. 1. gr. uppeldisstaðir fyrir yngstu börnin. Þeir eiga að þjóna börnum frá því að fæðingarorlofi foreldra lýkur, það er nú sex mánuðir, þar til þau verða 6 ára og grunnskólaganga hefst.

Þær stofnanir eða heimili, sem ekki starfa samkvæmt lögum þessum, geta ekki borið heitið leikskóli.

Um II. kafla.

Um 2. gr.

Í greininni er lögð áhersla á samráð og samstarf foreldra og leikskóla um uppeldi og menntun barna. Hér er lögð til grundvallar sú meginforsenda fyrir tilvist leikskóla að þeir tryggi börnum umönnun og örugg uppeldisskilyrði og séu fjölskyldum til stuðnings og sjálfsögð viðbót við uppeldi og menntun sem veitt er á einkaheimilum barnanna.

Menntunarhugtakið er túlkað vítt og gengið út frá þeim skilningi að það nái m.a. til uppeldis, umönnunar, þjálfunar og kennslu sem fyrst og fremst fer fram í leik og starfi svo sem hæfir best börnum á leikskólaaldri.

Meginmarkmið leikskólans eru byggð á *Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili – markmið og leiðir* sem gefin var út af menntamálaráðuneytinu árið 1985. Leikskólar eiga að stuðla að og örva alhliða þroska barna. Ákveðin og nægjanlega skýr markmið, svo og fullnægjandi aðbúnaður á leikskólum, ættu að tryggja að uppeldisstarfið sé fjölbreytt og traust.

Um III. kafla.

Um 3. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er stofnun og rekstur leikskóla á ábyrgð sveitarfélaga en menntamálaráðuneytið fer með faglega yfirstjórn málaflokksins.

Með gerð tveggja ára áætlunar á grundvelli árlegrar könnunar er sveitarfélögum ætlað að ná því markmiði að eftirspurn eftir leikskóladvöl verði fullnægt.

Eins og í núgildandi lögum um dagvistarheimili þarf samþykki menntamálaráðuneytisins til þess að setja á stofn leikskóla (dagvistarheimili). Samþykki er gefið í formi starfsleyfis. Starfsleyfið á að tryggja að börn njóti viðhlítandi aðbúnaðar í öllum leikskólum.

Ráðuneytinu er samkvæmt frumvarpinu heimilað að veita starfsleyfi þótt leikskólinn geti ekki boðið börnum daglega skóladvöl allt árið. Reikna má með að leikskólar í dreifbýli þyrftu helst á þessari heimild að halda.

Í upphaflegum drögum að frumvarpi hljóðaði þessi grein svo: „Sveitarfélögum er skylt samkvæmt lögum þessum að reka eða eiga aðild að rekstri leikskóla fyrir börn á leikskólaaldri. Óski foreldrar eða aðrir forráðamenn eftir leikskóladvöl fyrir barn sitt skal hún veitt í 4–9 stundir daglega eftir því sem best hentar barni og fjölskylduaðstæðum þess.“

Við meðferð málsins í ríkisstjórn var sú breyting gerð sem nú kemur fram í 3. gr. frumvarpsins.

Menntamálaráðuneytið er aftur á móti sammála orðalagi 3. gr. eins og hún kom frá leikskólanefndinni því að hún tryggir börnum lögvarinn rétt til umönnunar og öruggari uppeldisskilyrða en kostur er ella. Núverandi dagvistarkerfi getur aðeins þjónað 46% barna á aldrinum 1/2 til 6 ára, annaðhvort á leikskóla eða dagheimili. Í upphaflega frumvarpinu var gert ráð fyrir því að sveitarfélög fengju 10 ára aðlögunartíma til þess að fjölga leikskólum og starfsfólki með viðhlítandi menntun og uppfylltu þar með skyldur til þess að fullnægja eftirspurn. Greinin átti að taka gildi að fullu eftir 10 ára aðlögunartímabil.

Núverandi skipting dagvistarstofnana í leikskóla og dagheimili er afnumin í frumvarpinu eins og það liggur nú fyrir, en sú skipting hefur byggst á mismunandi lengd daglegrar dvalar barnanna. Samheitið fyrir þessar mennta- og uppeldisstofnanir verður leikskóli sem gefur til kynna menntunarleið yngstu barnanna, þ.e. leikinn. Aðgreining í leikskóla og dagheimili er villandi og gefur í skyn að markmið þessara stofnana séu ólík. Með því að afnema skiptinguna er lögð áhersla á að hlutverk leikskóla (dagvistarstofnana) er það sama hvort sem barn dvelur þar 4 eða 9 stundir daglega, þ.e. að búa börnum örugg leikskilyrði undir leiðsögn sérmenntaðs starfsfólks.

Lengd daglegrar dvalar barns á að fara eftir aðstæðum hjá fjölskyldu þess og skulu hagsmunir barnsins lagðir til grundvallar. Vinni foreldrar t.d. utan heimilis allan daginn á að tryggja að barnið geti verið á einum og sama staðnum þann tíma, en þurfi ekki að þeytast á milli margra staða daglega.

Um 4. gr.

Eins og í núgildandi lögum um dagvistarstofnanir er öðrum aðilum en sveitarfélögum heimilt að stofnsetja og reka leikskóla (dagvistarheimili) liggi samþykki menntamálaráðuneytisins og viðkomandi sveitarfélags fyrir.

Um 5. gr.

Með 5. gr. er gert ráð fyrir því að sveitastjórnir ákveði hvort þær fela félagsmálanefnd, leikskólanefnd eða skólanefnd grunnskóla, sem fyrir eru, að sinna málefnum leikskólans í umboði sínu.

Sé skólanefnd eða sérstakri leikskólanefnd falin stjórn leikskóla skal starfsfólk leikskóla kjósa einn fulltrúa til setu í nefndinni og skal hann hafa málfrelsi og tillögurétt. Enn fremur kjósa samtök foreldra einn fulltrúa til setu í nefndinni með málfrelsi og tillögurétt. Fulltrúar starfsmanna leikskóla og foreldrar leikskólabarna kjósa þó ekki fulltrúa í félagsmálanefnd.

Um 6. gr.

Greinin kveður á um þau atriði varðandi húsnæði, búnað, fjölda barna og starfsfólks sem setja skal í reglugerð til þess að tryggja viðhlítandi aðbúnað í öllum leikskólum.

Í greininni er getið sérstaklega um aðstöðu til einstaklingsþjálfunar er nýtast má fötluðum börnum og þeim sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Slík aðstaða þarf að vera rúmgóð og með góðu geymslurými þar sem jafnframt getur verið boðið upp á fjölbreyttari möguleika í leik og starfi leikskólabarna almennt.

Um IV. kafla.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. 3. gr. felst að menntamálaráðuneytið fer með faglega umsjá málaflokksins og veitir leyfi til leikskólarekstrar samkvæmt þessari grein. Enn fremur er hér lagt til að ríkið marki heildarstefnu í uppeldismálum leikskólans og hafi yfirsýn yfir innra starf leikskólanna í landinu til að tryggja sem jöfnust uppeldis- og menntunarskilyrði leikskólabarna, burtséð frá búsetu þeirra og heildaraðstæðum. Með eftirlitshlutverki menntamálaráðuneytisins ætti að safnast á einar hendur sú vitneskja um málefni leikskólans sem nauðsynleg er til að móta heildstæða uppeldisstefnu leikskólans og tryggja markvisst þróunar- og rannsóknarstarf svo að ráðuneytið sé í stakk búið að vera stjórnendum leikskólanna til ráðuneytis um starfsemina eins og segir í greininni.

Um 8. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að landinu verði skipt í sérstök leikskólaumdæmi samkvæmt skiptingu í fræðsluumdæmi eins og ákveðið er í grunnskólalögum hverju sinni. Enda er ráð fyrir því gert í greininni að tengja starfsemi fræðsluskrifstofa grunnskóla og störf umdæmisfóstra leikskóla eins og kostur er til að mynda sem mesta samfellu í uppeldi og menntun barna allt frá upphafi leikskólastigs til loka skólagöngu. Með þessum samtengingaráætlunum má enn fremur ætla að verulegir fjármunir sparist nái þær fram að ganga. Áhersla er lögð á tengsl og samskipti leikskóla og grunnskóla og ráð fyrir því gert að ráðuneytið setji sérstaka reglugerð um samskipti þessara skólastiga.

Um 9. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að í hverju umdæmi sé starfandi umdæmisfóstra á vegum menntamálaráðuneytisins sem sinni umsjónar-, ráðgjafar- og eftirlitsstarfi er lýtur að uppeldi og menntun leikskólabarna.

Grein þessi gerir því ráð fyrir að þjónusta ráðuneytisins verði færð út á landsbyggðina.

Þessi tilhögun er ekki síst mikilvæg fyrir minni sveitarfélög sem ekki hafa í þjónustu sinni umsjónarfóstrur og/eða leikskólafulltrúa.

Leikskólum, sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum, hefur fjölgað ár frá ári og er að finna víða um land. Til að ráðuneytið geti sinnt hlutverki sínu gagnvart börnum í þessum leikskólum er nauðsynlegt að flytja þjónustu ráðuneytisins út í umdæmin.

Eðlilegt er að ráðið verði í stöður umdæmisfóstra í áföngum. Þannig verði þessu ákvæði í greininni fullnægt á nokkrum árum.

Um V. kafla.
Um 10. gr.

Leikskólastjóri gegnir veigamiklu forustuhlutverki í uppeldisstarfi leikskólans jafnframt því sem hann hefur á hendi margþætt stjórnunarstarf.

Greinin tekur einnig til menntunar þeirra er sinna fóstrustörfum og ráðgjafarstörfum á vegum rekstraraðila.

Til að sveitarstjórnir og menntamálaráðuneytið hafi yfirsýn yfir starfsemi leikskólanna í landinu er lagt til að leikskólastjóri ásamt starfsfólki sínu geri ársskýrslu um starfsemi leikskólans og sendi viðkomandi sveitarstjórn og umdæmisfóstru.

Um 11. gr.

Hér er um að ræða sömu ákvæði og í lögum nr. 112/1976, 18. gr., og þarfnast því ekki skýringar.

Um 12. gr.

Eitt af markmiðum leikskólans, sbr. 2. gr. í frumvarpi þessu, er „að kappkosta í samvinnu við heimilin að efla aðhliða þroska barnanna í samræmi við þarfir þeirra . . .“

Grein þessi kveður nánar á um þá skyldu leikskóla að sinna þessu mikilvæga samstarfi við foreldra.

Um VI. kafla.
Um 13. gr.

Grein þessi fjallar um gerð nokkurs konar námsskrár leikskóla sem myndi eins konar umgjörð um starfið eða sveigjanlegan starfsramma.

Allt frá 1985 hafa leikskólar haft *Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili – markmið og leiðir* sem leiðarvísi í sínu leikskólastarfi.

Á grundvelli þessa leiðarvísis og með markmiðin að leiðarljósi getur sérhver leikskóli gert sínar eigin áætlanir í samræmi við þær þarfir og aðstæður sem fyrir hendi eru.

Um VII. kafla.
Um 14. gr.

Hér er lagt til að leikskólinn verði vettvangur þjálfunar og meðferðar fatlaðra barna og þeirra barna sem þurfa einhvers konar aðstoð og þjálfun vegna tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika. Þetta er í anda laga um málefni fatlaðra, nr. 41/1983, en þar segir að dagvistarstofnanir séu einnig stofnanir fyrir fatlaða og að uppbyggingu þeirra og starfsemi skuli vera þannig háttað að þjónusta þeirra nýtist fötluðum til jafns við aðra þjóðfélagsþegna. Þetta er einnig í samræmi við 2. gr. þessa frumvarps en þar segir meðal annars að leikskólinn skuli kappkosta að efla alhliða þroska barnanna. Það er ljóst að til þess að fullnægja þessu markmiði, hvað þennan sérstaka hóp barna varðar, þurfa þau meiri og sérhæfðari þjónustu en önnur börn og mikilvægt er að sú þjónusta sé veitt innan leikskólans. Sem dæmi má nefna þroskaþjálfun, sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talkennslu sem fram fer í samræmi við niðurstöður greiningar á eðli fötlunar og í beinu framhaldi af greiningu.

Þjálfunin skal fara fram inni á almennum leikskóladeildum eða á sérhæfðum deildum og framkvæmd ýmist með einu barni í einu eða í misstórum hópum barna í samræmi við einstaklingsbundnar þarfir þeirra og möguleika. Jafnframt skal auðvelda fötluðum börnum þátttöku í almennu leikskólastarfi svo sem kostur er, meðal annars með því að skipuleggja almennt leikskólastarf einnig á þeirra forsendum. Þetta er þeim mun mikilvægara þar sem í

leikskóla gefst tækifæri til að leggja grundvöll að eðlilegum samskiptum fatlaðra og ófatlaðra í framtíðinni.

Sérhæfðar deildir eru hugsaðar fyrir börn sem fötlunar sinnar vegna geta tímabundið eða varanlega illa nýtt sér starf á almennri leikskóladeild. Starfsemi þessara deilda skal falla sem eðlilegast að heildarstarfi leikskólans. Aðgangur barna af sérhæfðu deildinni að öðrum deildum leikskólans þarf að vera greiður svo og aðgangur að sameiginlegri leikaðstöðu barnanna. Lagt er til að foreldrar og ráðgjafar- og sálfræðiþjónustan taki með hliðsjón af greiningu sameiginlega ákvörðun um hvaða tegund þjálfunar barnið skuli fá og hvers konar leikskóli verði fyrir valinu, þ.e. almenn leikskóladeild eða sérhæfð deild.

Um 15. gr.

Lagt er til að leikskólar verði þannig byggðir og skipulagðir að þeir geti sinnt fötluðum börnum á leikskólaaldri. Hér er m.a. átt við að almennt leikskólastarf taki mið af mismunandi færni barnanna og að það sé þannig skipulagt að fatlaða barnið samlagist hópnum sem best en einangrist ekki. Auk þess þarf að vera til staðar fagþekking, sbr. 14. gr. þessa frumvarps, aðstaða til einstaklingsþjálfunar og aðgengi fyrir fatlaða um lóð og útileiksvæði.

Menntamálaráðuneytinu er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði ef sveitarfélag hefur þegar á að skipa leikskólum sem fullnægja þessu ákvæði og þörfinni er fullnægt.

Um VIII. kafla.

Um 16. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir stofnun sérstaks þróunarsjóðs til að standa straum af þeim kostnaði sem óhjákvæmilega hlýst af þróunar-, tilrauna- og rannsóknarstarfi innan leikskólanna, sbr. þróunarsjóð grunnskóla. Fé er veitt í sjóðinn af fjárlögum hverju sinni, en menntamálaráðuneytið afgreiðir umsóknir og ákveður skiptingu fjárins.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um IX. kafla.

Um 19. gr.

Ekki verður um það deilt að öflug ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta er nauðsynleg til að styrkja það faglega starf sem lögin gera ráð fyrir að fari fram í leikskólum. Einnig er það augljóst hagkvæmnisatriði að þessi þjónusta sé skipulögð í tengslum við þá ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu sem fyrir er innan grunnskólans. Þó er rétt að benda á sérstöðu Reykjavíkurborgar sem hefur skipulagt sérstaka þjónustu eingöngu fyrir dagvistarstofnanir. Vegna umfangs þeirrar þjónustu má ætla að það fyrirkomulag, sem þróast hefur, henti áfram.

Ekki er í frumvarpinu rætt um menntunarkröfur sem gerðar skulu til þeirra sem sinna ráðgjafarstarfi innan leikskólans né heldur hvaða menntun forstöðumaður leikskóladeildar ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu hafi. Varðandi þessi atriði vísast til þess fyrirkomulags sem gildir um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu grunnskólans en þó með sérþarfir leikskólans í huga. Einnig er í frumvarpinu gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið setji sérstaka reglugerð (21. gr.) um framkvæmd og starfssvið ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu og verða þessi atriði væntanlega skilgreind á þeim vettvangi.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um X. kafla.

Um 22. gr.

Með vísan til síðari málsgreinar greinarinnar skal á það bent að manneldisráð hefur látið útbúa matseðla fyrir dagvistarstofnanir þar sem gefnar eru ábendingar um hollan morgunverð, hádegisverð og síðdegishressingu fyrir forskólabörn. Verða þeir tilbúnir til notkunar innan skamms. Rétt er að benda á að ekki er nauðsynlegt út frá næringarfræðilegu sjónarmiði að börnin borði heita máltíð í hádeginu, köld máltíð getur verið jafnholl. Hins vegar er æskilegt að börn borði a.m.k. eina heita máltíð á dag. Fái þau hana ekki heima er mikilvægt að hún standi þeim til boða á leikskólanum.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 23. gr.

Gert er ráð fyrir því að lögin öðlist þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi eldri lög nr. 112/1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, en sá hluti þeirra er tekur til skóladagheimila heldur áfram gildi sínu.

Um ákvæði til bráðabirgða.

I.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

II.

Sjá athugasemdir við 3. gr.

III.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Frumvarp til laga um ríkisframlag til sveitarfélaga vegna leikskóla.

1. grein.

Ríkissjóður greiðir sveitarfélögum styrk til leikskóla fyrir 6 mánaða til 6 ára börn. Styrkurinn miðast við daglegan vistunartíma og greiðist með fastri krónutölu á hverja stund miðað við fjóra til átta tíma á dag. Sé daglegur vistunartími fjórar stundir greiðist x kr. á mánuði. Sé vistunartími lengri greiðist hlutfallslega hærri fjárhæð allt að 2 x kr. vegna átta stunda eða fleiri á dag.

Fjárhæðir skulu endurskoðaðar á þriggja mánaða fresti miðað við hækkun framfærsluvísitölu frá 1. október 1989, í fyrsta sinn ...

2. grein.

Greiðsla skv. 1. gr. skal háð því að leikskólinn uppfylli þær kröfur sem menntamálaráðuneytið gerir til útbúnaðar og reksturs leikskóla.

Greiðsla skv. 1. gr. skal einnig háð því að viðkomandi sveitarfélag verji á árinu að minnsta kosti sömu fjárhæð að raunvirði og árið 1988 til dagvistunar forskólabarna. Í þeim útreikningi skulu lögð saman framlög sveitarfélagsins til reksturs og byggingar dagvistarheimila.

3. grein.

Ríkisframlag til dagvistarþjónustu vegna forskólabarna skal að lágmarki nema x m. kr. samanlagt á ári. Geri sveitarfélögin ekki tilkall til allrar þeirrar fjárhæðar skv. reglum 1. og 2. gr. þessara laga skulu eftirstöðvar eftir því sem óskir berast um ganga til greiðslu stofnkostnaðar við leikskóla samkvæmt forgangsröð sem menntamálaráðuneyti ákveður. Greiðslur stofnkostnaðar má hefja um mitt ár miðað við greiðsluáætlun um rekstrarframlag ársins. Nýtist fjárhæðin ekki öll á árinu skulu eftirstöðvar flytjast til ráðstöfunar á næsta ári.

4. grein.

Þau sveitarfélög, sem veita fullnægjandi þjónustu þannig að ekki sé þörf á að auka hana að mati menntamálaráðuneytisins, skulu njóta óskertra framlaga skv. 1. grein þótt þau verji lægri fjárhæð til dagvistarmála árlega en árið 1988.

5. grein.

Lög þessi taki gildi ...

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem menntamálaráðherra Svavar Gestsson skipaði 25. janúar 1989 til að endurskoða lög nr. 112/1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn.

Í nefndina voru skipaðir: Ásmundur Stefánsson hagfræðingur, Bergur Felixson framkvæmdastjóri, Gerður G. Óskarsdóttir, ráðunautur menntamálaráðherra, Guðrún Alda Harðardóttir fóstra, Gunnhildur Gísladóttir efnafræðingur, Hallgrímur Guðmundsson bæjarstjóri, Sigríður L. Baldursdóttir eðlisfræðingur, Kristín Á. Ólafsdóttir borgarfulltrúi, Lára V. Júlíusdóttir lögfræðingur, Selma Dóra Þorsteinsdóttir, formaður Fóstrufélags Íslands, Svandís Skúladóttir, deildarstjóri og Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður Sóknar. Ólafur Guðmundsson deildarstjóri var starfsmaður nefndarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. grein.

Hér er lýst megintilgangi laganna. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður leggi til leikskóla sveitarfélaganna ákveðna fasta krónutölu á hvert barn og vistunarstund, allt að 8 stundum á dag.

Gert er ráð fyrir að framlag þetta taki breytingum miðað við breytingar á framfærsluvísitölu, og sé endurskoðað á þriggja mánaða fresti.

Um 2. grein.

Hér er fjallað um skilyrði þess að sveitarfélag fái styrk skv. 1. grein. Leikskóli þarf að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til útbúnaðar og reksturs leikskóla af hálfu stjórnvalda.

Í 2. mgr. er það skilyrði sett að greiðsla hins opinbera sé háð því að viðkomandi sveitarfélag verji til dagvistunar forskólabarna á árinu að minnsta kosti sömu fjárhæð að raunvirði og árið 1988. Hér er tekið mið af kostnaði sveitarfélagsins af dagvistarmálum á árinu 1988 bæði rekstrarkostnaði og stofnkostnaði.

Um 3. grein.

Þessi grein fjallar um það hversu hárri fjárhæð ríkið skuli verja árlega til dagvistarþjónustu forskólabarna og með hvaða hætti skuli ráðstafa því fé sem sveitarfélögin gera ekki tilkall til.

Um 4. grein.

Greinin kveður á um það að ríkisframlag skuli einnig greiða þeim sveitarfélögum sem þegar hafa fullnægjandi dagvistarþjónustu.

Um 5. grein.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Athugasemdir með frumvarpi til laga um ríkisframlag til sveitarafélaga vegna leikskóla.

Fjármögnun dagvistunar forskólabarna.

Ríkisframlag til dagvistunar barna.

Sveitarfélögin standa í dag nánast ein að rekstri dagvistarheimila fyrir forskólabörn. Þjónustan hefur verið aukin töluvert á undanförnum árum, en allt of hægt til að mæta vaxandi þörf. Aukið fjármagn til uppbyggingar og rekstrar er nauðsynlegt ef takast á á stuttum tíma að tryggja fullnægjandi dagvistarþjónustu fyrir forskólabörn. Hér er gerð tillaga um ríkisframlag til sveitarfélaga vegna reksturs leikskóla fyrir börn frá 6 mánaða aldri eða frá því að fæðingarorlofi lýkur til 6 ára aldurs.

Tillaga er gerð um að ríkisframlag sé greitt sem föst krónutala á barn og vistunarstund, allt að 8 stundum á dag. Miðað er við að krónutalan sé reiknuð út frá heildarkostnaði við fjárfestingu og rekstur og nægi til þess að ríkið axli alla aukningu á hlut hins opinbera vegna aukinnar þjónustu. Sveitarfélögin bæru þannig sama heildarkostnað og nú. Miðað er við óbreyttar greiðslur foreldra (aðstandenda) barnanna frá því sem nú er, þ.e. óbreytta hlutdeild þeirra í kostnaði.

Tillaga er jafnframt gerð um það að ríkisframlagið sé skilyrt af því að sveitarfélagið dragi ekki úr framlögum sínum til dagvistarmála. Þannig losnar fé til framkvæmda sem ríkisframlaginu nemur. Þannig vinnst hvort tveggja í senn, hröð uppbygging samhliða því sem rekstur verður á traustum grunni. Tillaga er gerð um framlag hins opinbera til sveitarfélaga sem geri sveitarfélögum kleift að fullnægja eftirspurn á dagvistarrými án þess að leggja í viðbótarkostnað við málaflokkinn frá því sem nú er.

Hér á eftir er reynt að meta hver þörfin verður fyrir dagvistarþjónustu að áratug liðnum og hve hátt ríkisframlagið þarf að vera til þess að ná settu marki, þó að tillagan geri ekki ráð fyrir 10 ára átaki í uppbyggingu dagvistarheimila eins og hún er fram sett.

Kostnaður er alfarið metinn samkvæmt upplýsingum um kostnað við dagvistun hjá Reykjavíkurborg. Kostnaðarhlutföll vegna mismunandi vistunartíma á dag og mismunandi aldurs ættu hins vegar að vera svipuð um allt land.

Nefndin hefur ekki sett kostnaðartölur inn í texta frumvarpsins, en bendir á meðfylgjandi valkosti í tillögunni eftir því hve hátt ríkisframlagið er ákveðið. Það er ákvörðun ráðherra hvaða tölur hann setur í lagatexta.

Fjöldi forskólabarna árið 2000.

Til að meta þörfina fyrir dagvistun á næstu árum verður að áætla fjölda barna nokkur ár fram í tímann. Ef stefnt er að því að ná settu þjónustumarki á áratug er eðlilegt að miða við árið 2000. Byggðastofnun hefur áætlað að árið 2000 verði 0–6 ára börn samtals 25.907 eins og fram kemur í eftirfarandi töflu:

Tafla 1. Áætlun Byggðastofnunar um fjölda barna árið 2000.

Aldurshópur	Öll börn	6 mán.– 6 ára	2–6 ára
0–1	4.327	2.163	–
1–2	4.306	4.306	–
2–3	4.309	4.309	4.309
3–4	4.317	4.317	4.317
4–5	4.322	4.322	4.322
5–6	4.326	4.326	4.326
Alls	25.907	23.743	17.274

Þörf fyrir vistun forskólabarna.

Mjög erfitt er að áætla þörf fyrir dagvistun. Í skýrslu Félagsvísindastofnunar haustið 1989 kemur fram að 90% foreldra 4–5 ára barna í Reykjavík óska opinberrar dagvistunar, 75,3% leikskóla og 13,6% dagheimila. Því miður fylgja ekki í skýrslunni tölur um aðra aldurshópa eða aðra landshluta. Þó má gera ráð fyrir því að hlutfallið sé lægra fyrir yngri börnin og þá sérstaklega fyrir börn undir tveggja ára aldri. Einnig má vænta þess að árið 2000 verði fæðingarorlof lengra en nú er. Hlutfallið er væntanlega einnig lægra utan höfuðborgarsvæðisins.

Álykta mætti að leitað yrði eftir dagvistun fyrir 80% 2–6 ára barna og 40% ½ árs – 2 ára barna.

Enn erfiðara er að áætla hvernig skipting yrði á stundafjölda dag hvern. Það getur tæplega verið um annað að ræða en slá fram tölum. Það er gert í eftirfarandi töflu og er fjöldi í hverjum hópi síðan umreiknaður til heilsdagsvistunar skv. stöðlum Reykjavíkurborgar til þess að fá viðmiðun fyrir mat á húsnæðisþörf. Þær dagvistir sem fyrir eru umreiknast á sama hátt til heilsdagsvista til að fá fram hver aukning yrði.

Börn á aldrinum 2–6 ára verða samkvæmt áætlun Byggðastofnunar 17.274 árið 2000. Ef 80% þeirra óska dagvistunar yrði um að ræða 13.820 börn á þeim aldri í dagvistun, sem svarar til 10.350 heilsdagsrýma. Til að ná þeim fjölda þarf að bæta við 4.235 nýjum heilsdagsrýmum

miðað við þær forsendur sem stuðst er við. Samkvæmt upplýsingum úr menntamálaráðuneyti eru 6.535 heilsdagsrými til í landinu, þar af um 420 rými fyrir börn yngri en tveggja ára. Því eru til 6.115 heilsdagsrými fyrir 2–6 ára börn í dag.

Tafla 2.

Fjöldi 2–6 ára barna í dagvistun árið 2000 m.v. að 80% barna séu í leikskóla.
(Í töflunni er reynt að áætla mislangan vistunartíma barna.)

Stundafjöldi	Hlutfall	Fjöldi barna
4 stundir	30%	4.146
5 stundir	15%	2.073
6 stundir	15%	2.073
8 stundir	40%	5.528
Samtals	100%	13.820
Samsvarar í heilsdagsvistun		10.350
Í notkun 1988		6.115
Áætluð viðbót		4.235

Börn á aldrinum hálfs árs til tveggja ára verða skv. áætlun Byggðastofnunar 6.469 árið 2000. Ef 40% þeirra óska eftir dagvistun yrði um að ræða 2.588 börn í dagvistun. Við mat á vistunarþörf er gert ráð fyrir lengri vistun á dag fyrir yngri aldurshópinn en börn 2–6 ára, sbr. töflu 3. Þetta svarar til 2.200 heilsdagsvista ef notuð eru svipuð hlutföll í umreikningi til mats á húsnæðisþörf og notuð eru fyrir 2–6 ára börn.

Dagvistir fyrir þennan aldursflokk eru sárafáar (420 heilsdagsrými) og því er um mikla viðbót við núverandi þjónustu að ræða.

Tafla 3.

Fjöldi ½–2 ára barna í dagvistun árið 200 m.v. að 40% barnanna séu í leikskóla.

Stundafjöldi	Hlutfall	Fjöldi barna
5 stundir	20%	518
6 stundir	20%	518
8 stundir	60%	1.553
Samtals	100%	2.588
Samsvarar í heilsdagsvistun		2.200
Í notkun 1988		420
Áætluð viðbót		1.780

Kostnaður við rekstur dagvistarþjónustu.

Í töflum 4 og 5 er áætlaður kostnaður við rekstur dagvistarheimila hjá Reykjavíkurborg eftir lengd vistunar. Jafnframt því er skráð framlag foreldra samkvæmt gildandi gjaldskrá Reykjavíkurborgar og sýnt hvert framlag ríkisins yrði m.v. ársgreiðslu sem næmi 12.500 kr. á

daglega vistunarstund. Þar sem stutt vistun er hlutfallslega ódýrari en löng vistun leiðir fast framlag á hverja stund til þess að ríkisframlagið vegur hlutfallslega þyngra þegar um stutta vistun er að ræða. Hlutur sveitarfélagsins er það sem eftir stendur þegar foreldrar og ríki hafa greitt sinn hluta rekstrarkostnaðarins. Hlutur sveitarfélagsins lækkar frá því sem nú er sem nemur framlagi ríkisins.

Tafla 4.
Árskostnaður við rekstur dagvistunar forskólabarna í Reykjavík, áætlun 1989.

Stundafj.	Heildarkostn. á barn kr.	Hlutur foreldra kr.	%	Hlutur ríkis kr.	%	Hlutur sveitarf. kr.	%
4 stundir	108.790	47.900	44	50.000	46	10.890	10
5 stundir	136.200	60.275	44	62.500	46	13.425	10
6 stundir	230.000	92.850	40	75.000	33	62.150	27
8 st. einst.	369.150	69.980	19	100.000	27	199.170	54
8 st. giftir	369.150	114.800	31	100.000	27	154.350	42

Rétt er að taka fram að í ofangreindum tölum um kostnað vegna 2–6 ára barna er stuðst við tölur um meðalkostnað við vistun allra forskólabarna í Reykjavík. Börn undir tveggja ára aldri í dagvistun í dag eru hins vegar það fá að það gefur óverulega skekkju að nota tölurnar um 2–6 ára börn.

Það má samkvæmt gögnum Reykjavíkurborgar reikna með því að kostnaður við vistun hálfs árs til tveggja ára barna sé um 30% hærri en kostnaður við vistun 2–6 ára barna.

Stofnkostnaður húsnæðis.

Áætlað er að dagvistarheimili fyrir 60 heilsdagsrými kosti 46–50 m.kr. í Reykjavík. Hér er reiknað með 48 m.kr.

Til þess að þjóna 13.820 börnum 2–6 ára sem nota sem svarar 10.350 í heilsdagsrýmum þyrfti 173 dagvistarheimili. Þá er reiknað með að þau nýttust öll til fulls.

2.588 börn, hálfs árs til tveggja ára, sem nota sem svarar 2.200 heilsdagsrýmum þyrftu á sama hátt 37 dagvistarheimili.

Samanlagt þarf því 210 dagvistarheimili. Í dag eru dagvistarheimilin talin 109 umreiknuð til 60 barna heilsdagsheimila. Það þýðir að bæta þyrfti við 210–109 = 101 nýju heimili. Kostnaður við hvert þeirra er áætlaður 48 m.kr. og heildarkostnaður því 4.848 m.kr. Þar af eru um 70 heimili eða tæplega 3,4 milljarðar króna vegna 2–6 ára barna og um 30 heimili eða 1,4 milljarðar króna vegna hálfs árs til tveggja ára barna. *Til þess að koma upp þeim heimilum sem þörf er á m.v. gefnar forsendur þarf að fjárfesta tæplega 500 m.kr. á ári næstu 10 árin í nýju dagvistarhúsnæði.*

Árlegur kostnaður vegna húsnæðis.

Nýbyggingarverð 210 dagvistarheimila yrði 10,1 milljarður króna.

Ef reiknað er með 10% raunvöxtum á hálfa fjárhæðina, þ.e. meðalfjárhæð á endingartíma heimilisins og 50 ára afskriftatíma, þ.e. að 2% afskrifist á ári, verður fjármagnskostnaður og afskriftir samanlagt 7% eða rúmlega 700 m.kr. á ári. Þar af væru tæplega 600 m.kr. vegna 173 dagheimila 2–6 ára barna og rúmlega 100 m.kr. vegna 37 dagheimila ½ árs – 2 ára barna.

Tafla 5. Heildarkostnaður árið 2000.
Kostnaður við vistun 2–6 ára barna m.v. gefnar forsendur (80%).

Stundir á dag	Fjöldi barna	Heildar-kostn. m.kr.	Hlutur foreldra m.kr.	%	Hlutur ríkis m.kr.	%	Hlutur sveitarf. m.kr.	%
4	4.146	451	199	44	207	46	45	10
5	2.073	282	125	44	130	46	27	10
6	2.073	477	192	40	155	32	130	27
8	5.528	2.041	552	27	553	27	936	46
Samt.	13.820	3.251	1.068	33	1.045	32	1.138	35
Fjármagn og afskr.		600	0	0	192	32	408	68
Samt./ári		3.851	1.060	28	1.237	32	1.546	40

Kostnaður við vistun ½–2 ára barna m.v. gefnar forsendur (40%).

Stundir á dag	Fjöldi barna	Heildar-kostn. m.kr.	Hlutur foreldra m.kr.	%	Hlutur ríkis m.kr.	%	Hlutur sveitarf. m.kr.	%
5	518	92	31	34	33	36	28	30
6	518	155	48	31	39	25	68	44
8	1.553	745	155	21	155	21	435	58
Samt.	2.588	992	234	24	227	23	531	53
Fjármagn og afskr.		100	0	0	23	23	77	77
Samt./ári ½–6 ára börn		1.092	234	21	250	23	608	56
Samt.		4.943	1.302	26	1.487	30	2.154	44

Gert er ráð fyrir því að börn einstæðra foreldra séu einn þriðji hluti barna í fullri dagvistun og börn fólks í sambúð tveir þriðju. Fjármagnskostnaði er skipt þannig að ríki beri sama hlutfall hans og af heildarkostnaði hvers hóps um sig.

Ríkisframlag vegna fjármagnskostnaðar og afskrifta þyrfti að vera sem svarar 18% álagi á framlagið vegna 2–6 ára barna og 10% álagi á framlag vegna ½–2 ára barna.

Auðvitað mætti til einföldunar fella rekstur vegna allra forskólabarna undir eitt, en þá reynist hlutur ríkisins af rekstrarkostnaði vera 30%. Til að bera það hlutfall heildarfjármagns- og afskriftakostnaðar þarf 17% álag á ríkisframlagið. Framlag á hverja stund umreiknað með þeim hætti yrði 14.600 kr.

Til þess að gefa hugmynd um það hve miklu skiptir hvernig börnin skiptast eftir stundafjölda á dag er rétt að nefna að m.v. að 80% 2–6 ára barna njóti dagvistar og skiptingin sé 4 stundir 30%, 5 stundir 20%, 6 stundir 20% og 8 stundir 30% yrði heildarkostnaður við

rekstur 2.993 m.kr. í stað 3.251 m.kr. eins og er í töflunni sem miðaðist við skiptinguna 30%, 15%, 15% og 40%.

Miðað við að 85% 2–6 ára barna njóti dagvistar og skiptingin sé: 30%, 20%, 20%, 30% yrði heildarrekstrarkostnaður 3.181 m.kr.

Kostnaður sveitarfélaganna.

Dagvistunarþjónustan í dag er talin svara til 6.535 heilsdagsrýma. Það skortir hins vegar upplýsingar til að meta nákvæmlega hver heildarútgjöld sveitarfélaganna eru til þessa málaflokks. Hér er gert ráð fyrir því að heildarútgjöld sveitarfélaganna séu í dag um 1.800 m.kr.

Í töflunni hér að framan kemur fram að hlutur sveitarfélaganna yrði m.v. þá þjónustu sem þar er gert ráð fyrir árið 2000 rúmlega 2.150 m.kr. Útgjöld sveitarfélaganna hefðu þá vaxið um 350 m.kr. frá því sem nú er.

Verður ríkið að axla útgjaldaaukningu sveitarfélagsins?

Það er pólitískt mat hvort raunhæft sé að ætla sveitarfélögunum að auka útgjöld sín til þessa málaflokks. Ef talið er óhjákvæmilegt að ríkið axli alla aukningu á hlut hins opinbera er nauðsynlegt að hækka ríkisframlagið um 350 m.kr. miðað við forsendurnar hér að framan. Það samsvarar tæplega 24% hækkun framlagsins að fjármagnskostnaði meðtöldum eða 44% álagi á framlag á hverja stund án fjármagnskostnaðar og afskrifta.

Ef taflan að framan er umreiknuð þannig að ríkisframlagið taki tillit bæði til fjármagnskostnaðar, afskrifta og kostnaðarauka sveitarfélaganna vegna aukinnar þjónustu hækkar framlag ríkisins í 1.831 m.kr. eða 37% heildarkostnaðar.

Rétt er að benda á að þar sem fjármagnskostnaður og afskriftir eru taldar sér í heildarkostnaði, þó gert sé ráð fyrir hlut ríkisins í framlagi til rekstrar, verður hlutur sveitarfélaganna neikvæður hjá 2–6 ára börnum í 4 og 5 stunda vistun. Sveitarfélögin fá þannig framlag til fjármagnskostnaðar og afskrifta. Dagvistun þeirra barna væri þó ekki arðbær rekstur fyrir sveitarfélögin því sá kostnaður yrði langt umfram ríkisframlagið. Þannig er líklegt að vegna 4.146 barna í 4 tíma vistun sé árlegur kostnaður vegna fjármagns og afskrifta um 120 m.kr. en af því greiddi ríkið 46 m.kr. skv. töflunni.

Tafla 6.
Kostnaður við vistun 2–6 ára barna m.v. að ríkið taki á sig allan viðbótarkostnað (80%).

Stundir á dag	Fjöldi barna	Heildar-kostn. m.kr.	Hlutur foreldra m.kr.	Hlutur ríkis m.kr.	Hlutur sveitarf. m.kr.
4	4.146	451	199	298	-46
5	2.073	282	125	187	-30
6	2.073	477	192	223	62
8	5.528	2.041	552	796	693
Samt.	13.820	3.251	1.068	1.504	679
Fjármagn og afskr.		600	0	0	600
Samt./ári		3.851	1.068	1.504	1.279

Skýring á mínustölum er m.a. sú að í þessum tölum er ekki tekið tillit til fjármagnskostnaðar eða afskrifta.

Kostnaður við vistun ½–2 ára barna m.v. gefnar forsendur (40%).

Stundir á dag	Fjöldi barna	Heildar-kostn. m.kr.	Hlutur foreldra m.kr.	Hlutur ríkis m.kr.	Hlutur sveitarf. m.kr.
5	518	92	31	48	13
6	518	155	48	56	51
8	1.553	745	155	223	367
Samt.	2.588	992	234	327	431
Fjármagn og afskr.		100	0	0	100
Samt./ári		1.092	234	327	531
½–6 ára börn					
Samt.		4.943	1.302	18.31	1.810

Uppbygging.

Ef ríkisframlag er tekið upp og skilyrt því að sveitarfélögin dragi ekki úr framlögum sínum til dagvistarmála yrði uppbygging mjög hröð.

Miðað við núverandi þjónustu má reikna með að ríkisframlagið yrði rúmlega 700 m.kr. fyrsta árið og það fé gengi óhjákvæmilega til bygginga eða húsakaupa þar sem heildarframlag sveitarfélaganna héldist óbreytt. Fyrir það fé yrðu byggðir 15 leikskólar fyrir 60 heilsdagsvistir eða samanlagt vistrými fyrir 900 börn.

Ef ríkisframlagið yrði strax sett í væntanlega heildartölu, þ.e. 1.831 m.kr., tæki uppbyggingin örfá ár. Það yrði skortur á lóðum og fólki en ekki fjárskortur sem mundi hamla uppbyggingunni við þær aðstæður því fjárfestingarþörf var metin 4,7 milljarðar króna.

Takmörkun á framlagi ríkisins.

Ef ekki er pólitískur vilji til þess að leggja þessum málaflokki 1.831 m.kr. á fjárlögum er auðvitað hugsanlegt að sett yrði lægra mark um þjónustustig.

Hér að framan er reiknað með að tæplega 70% ½ árs – 6 ára barna njóti dagvistarþjónustu.

Tafla 7.

Kostnaður m.v. mismunandi hlutfall ½–6 ára barna í leikskóla.

Hlutfall barna	Foreldrar m.kr.	Ríki m.kr.	Sveitarf. m.kr.	Samtals m.kr.
69%	1.302	1.831	1.810	4.943
60%	1.131	1.354	1.810	4.295
50%	943	826	1.810	3.579

Á sama hátt er hugsanlegt að takmarka greiðslur til ákveðinna aldurshópa. Þannig lækkar framlag ríkisins um 327 m.kr. ef ekki er greitt vegna ½–2 ára barna og verður 1.504 m.kr.

Hækkun á gjöldum foreldranna hefði einnig þau áhrif að framlag ríkisins gæti orðið minna án þess að hlutur sveitarfélaganna ykist.

Fylgiskjal II.

Tillaga frá forskólanefnd um átak í menntun fóstra.

Nefndin leggur til stórfellda aukningu á leikskólarými hér á landi á næstu 10 árum. Talið er að í landinu þurfi aða vera um 12.550 leikskólarými um næstu aldamót. Miðað við tillögur nefndarinnar um hlutfall barna á fóstru þurfa þá að vera um 1.500 fóstrur í starfi og 740 fóstruliðar.

Ljóst er að til þess að ná þessum markmiðum þarf að stórauka þann fjölda einstaklinga sem lýkur fóstrunámi. Nú útskrifast um 40–70 fóstrur á ári frá Fósturskóla Íslands. Um 34% starfsmanna á dagvistunarstofnunum í landinu eru með fóstrumenntun. Á næstu 10 árum þyrfti því að útskrifast um 140 fóstrur á ári til þess að fullnægja þörfinni.

Nefndin leggur því til að á næstu 10 árum verði gert sérstakt átak til þess að fjölga fullmenntuðum fóstrum.

Það verði gert með eftirfarandi hætti:

Auk hefðbundins náms fóstra verði komið á dreifðri og sveigjanlegri fóstrumenntun á vegum Fósturskóla Íslands (eða Kennaraháskóla Íslands, flytjist fóstrumenntunin þangað á þessu tímabili), sbr. þá dreifðu og sveigjanlegu kennaramenntun sem nú er í undirbúningi á vegum KHÍ, uppeldis- og kennslufræðinám í HÍ, stærðfræðinám fyrir framhaldsskólakennara við HÍ o.fl.

Skipulag.

Námið verði sambærilegt að innihaldi við hefðbundið fóstrunám á hverjum tíma. Námið verði skipulagt í námskeið/áfanga (kúrsa).

Námið verði í formi staðbundinnar kennslu og fjarkennslu. Einnig verði möguleiki á námssamningum:

a. Staðbundin kennsla fari fram í eina eða fleiri vikur í einu utan Reykjavíkur (þar sem flestir þátttakendur eru staðsettir, getur verið á einum eða fleiri stöðum í einu) og í Reykjavík ef henta þykir.
b. Fjarkennsla fari fram í formi símasambands, bréfaskipta, tölvutengsla og e.t.v. með hljóð- og myndböndum.
c. Námssamningur: nemendur geti lokið ákveðnum verkefnum samkvæmt samningi við skólann. Um getur verið að ræða minni eða stærri verkefni sem nemandi vinnur sjálfstætt eða í samvinnu við annan nemanda.

Inntökuskilyrði.

Námið verði bæði opið þeim sem eru starfandi á dagvistarstofnunum og öðrum sem áhuga hafa á að afla sé fóstrumenntunar. Gert verði ráð fyrir sveigjanlegum inntökuskilyrðum og verði umsóknir metnar fyrir hvern einstakling. Um verði að ræða mat skólans. Metið verði fyrra nám og reynsla af starfi á dagvistarstofnunum. Metið verði eftir umsóknum nemenda og persónulegum viðtölum við þá.

Gert verði átak í því að „leita að" fólki í þetta nám á þeim stöðum þar sem skortur er á fóstrum.

Námslengd.

Námslengd verður mismunandi eftir einstaklingum. Sumir nemendur þurfa e.t.v. að stunda aðfaranám í einhverjum framhaldsskóla, t.d. í erlendum tungumálum, aðrir þurfa aðeins að taka hluta námsins, t.d. fólk sem lokið hefur hluta af kennaranámi eða námi í uppeldisfræðum.

Nú tekur fóstrunám þrjú ár. Nefndin gerir ekki tillögur um lengd þessa náms. Mjög líklegt er að það þurfi í mörgum tilfellum að taka lengri tíma en þrjú ár, einkum hjá þeim sem byrja þurfa á aðfaranámi.

Leyfi frá störfum/námslán/styrkir.

Nefndin leggur áherslu á að starfsmenn dagvistarstofnana sem taka vilja þátt í þessu námi fái leyfi á launum, a.m.k. á þeim tíma sem staðbundið nám fer fram og einnig er mikilvægt að dagleg vinnuskylda verði eitthvað styttri en hjá fólki í fullu starfi (án skerðingar á launum). Þetta atriði þarf að athuga við sveitarfélög.

Í þessu sambandi þarf einnig að athuga möguleika námslánakerfisins og starfsmenntunarsjóða.

Fyrstu skref.

Nefndin leggur til að svo fljótt sem unnt er verði ráðinn aðili til að undirbúa nám með þessu formi. Í því starfi verði haft náið samstarf við KHÍ. Þar hafa menn t.d. viðað að sér upplýsingum frá öðrum löndum um nám með þessum hætti og um næstu áramót má búast við að mótaður hafi verið rammi að dreifðri og sveigjanlegri kennaramenntun á vegum skólans.

Fylgiskjal III.

I. KAFLI
Gildissvið.
1. gr.

Lög þessi taka til starfsemi leikskóla. Með leikskóla er átt við skóla sem annast uppeldi barna fram að skólaskyldualdri undir handleiðslu sérmenntaðs fólks í uppeldismálum. Leikskóli er samkvæmt lögum þessum fyrir börn frá hálfs árs aldri — eða frá þeim tíma að fæðingarorlofi lýkur — til sex ára aldurs.

II. KAFLI
Markmið.
2. gr.

Leikskólinn skal í samráði við foreldra veita börnum á leikskólaaldri uppeldi og menntun.

Samkvæmt lögum þessum skal meginmarkmið með uppeldisstarfi í leikskóla vera:

— að búa börnunum örugg leikskilyrði og hollt uppeldisumhverfi,
— að gefa börnunum kost á að taka þátt í leik og starfi og njóta fjölbreyttra uppeldiskosta barnahópsins undir leiðsögn fóstra,
— að kappkosta í samvinnu við heimilin að efla alhliða þroska barnanna í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins og leitast við að hlúa að þeim andlega og líkamlega svo að þau fái notið bernsku sinnar,
— að stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barnanna og jafna uppeldisaðstöðu þeirra í hvívetna,
— að efla kristilegt siðgæði barnanna og leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
— að rækta tjáningar- og sköpunarmátt barnanna í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmynd þeirra, öryggi og getu til að leysa mál sín á friðsamlegan hátt.

III. KAFLI
Hlutverk sveitarfélaga. Stofnun og rekstur leikskóla.

3. gr.

Sveitarfélögum er skylt skv. lögum þessum að reka eða eiga aðild að rekstri leikskóla fyrir börn á leikskólaaldri. Óski foreldrar eða aðrir forráðamenn eftir leikskóladvöl fyrir barn sitt skal hún veitt í 4–9 stundir daglega, eftir því sem best hentar barni og fjölskylduaðstæðum þess.

Til þess að setja á stofn leikskóla þarf starfsleyfi frá menntamálaráðuneytinu. Heimilt er að veita leikskóla starfsleyfi þótt börnin dvelji þar ekki daglega eða einungis hluta úr ári.

4. gr.

Í samráði við hlutaðeigandi sveitarfélag er öðrum aðilum heimilt að reka leikskóla. Skilyrði þessa er að viðkomandi hafi fengið starfsleyfi og meðmæli sveitarfélags og reki leikskólann samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Bygging og rekstur leikskóla skal vera í umsjón sveitarstjórna og skulu þær sjá um framkvæmd þessara laga hver í sínu sveitarfélagi.

Í sveitarfélögum skal sérstök leikskólanefnd eða skólanefnd grunnskóla fara með málefni leikskóla eftir því sem lög þessi og reglugerðir kveða á um. Kjósi sveitarfélag að fela öðrum nefndum eða ráðum málefni leikskóla getur menntamálaráðuneytið heimilað þá skipan tímabundið.

Viðkomandi nefnd skal gera áætlun um uppbyggingu leikskóla í sínu sveitarfélagi/skólahverfi til þriggja ára í senn.

Starfsfólk leikskóla í viðkomandi leikskóla- eða skólahverfi skal kjósa einn fulltrúa úr sínum hópi til setu í nefndinni og skal hann hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum. Enn fremur kjósa samtök foreldra einn fulltrúa til setu í nefndinni með málfrelsi og tillögurétt.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið skal í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja í reglugerð almenn ákvæði um húsnæði leikskóla: heildarrými, aðstöðu til einstaklingsþjálfunar, leikrými barna, búnað, vinnuaðstöðu starfsfólks svo og útileiksvæði.

Í reglugerðinni skulu einnig vera viðmiðunarákvæði um barnafjölda og starfslið leikskóla.

Enn fremur skal kveða á um það í reglugerð hverjir skulu vera umsagnaraðilar um hönnun og byggingu leikskóla.

IV. KAFLI
Yfirstjórn.

7. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála er lög þessi taka til. Það veitir leyfi til leikskólareksturs. Það hefur með höndum eftirlit með því að fullnægt sé ákvæðum sem lög þessi og reglugerð mæla fyrir um. Það mótar uppeldisstefnu leikskóla, sér um útgáfu uppeldisáætlunar, sbr. 13. gr., sinnir þróunar- og rannsóknarstarfi og er stjórnendum leikskóla til ráðuneytis um starfsemina.

8. gr.

Landinu skal skipt í leikskólaumdæmi. Leikskólaumdæmi skulu vera þau sömu og fræðsluumdæmi samkvæmt grunnskólalögum.

Tengja skal starfsemi fræðsluskrifstofa grunnskóla og störf umdæmisfóstra leikskóla, þar með talin starfsemi kennslugagnamiðstöðva fyrir bæði skólastigin.

Leikskólinn skal stuðla að því í samráði við grunnskóla að eðlileg tengsl skapist á milli þessara skólastiga.

Menntamálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um samstarf leikskóla og grunnskóla.

9. gr.

Í hverju leikskólaumdæmi skal starfa umdæmisfóstra. Umdæmisfóstra leikskóla skal í samvinnu við rekstraraðila og hlutaðeigandi nefndir sinna ráðgjöf og faglegu eftirliti með uppeldi og menntun í þeim leikskólum umdæmisins þar sem ekki eru aðrir leikskólafulltrúar eða umsjónarfóstrur á vegum sveitarfélaga. Umdæmisfóstra stuðlar að samstarfi leikskóla umdæmisins og samvinnu leikskóla og grunnskóla.

Umdæmisfóstra er starfsmaður ríkisins. Við ráðningu í starf umdæmisfóstru skal taka tillit til starfsreynslu í leikskóla og framhaldsmenntunar.

Nánar skal kveðið á um störf umdæmisfóstra í erindisbréfi. Ráðning umdæmisfóstra er ákveðin í fjárlögum hverju sinni.

V. KAFLI
Starfsfólk og foreldrar.

10. gr.

Við hvern leikskóla skal vera leikskólastjóri. Leikskólastjóri og starfslið er annast fóstrustörf skal hafa fóstrumenntun, svo og þeir sem annast faglega umsjón og eftirlit með leikskólum á vegum rekstraraðila. Leikskólastjóri stjórnar starfi leikskólans í umboði rekstraraðila eftir því sem nánar segir í lögum þessum og reglugerðum er settar verða samkvæmt þeim. Í samráði við rekstraraðila ber leikskólastjóri ásamt starfsfólki ábyrgð á að móta heildarstefnu í uppeldis- og menntamálum leikskólans og að áætlanir þar um séu gerðar í samræmi við 13. gr.

Ársskýrsla um starfsemi leikskólans skal send sveitarstjórn og umdæmisfóstru viðkomandi umdæmis.

Sveitarstjórn skal setja starfsfólki erindisbréf í samræmi við lög þessi og reglugerð er sett verði samkvæmt þeim.

11. gr.

Leikskólastjóri skal halda reglulega fundi með starfsfólki um stjórn heimilisins og velferð hvers einstaks barns.

12. gr.

Skylt er rekstraraðila leikskóla að skipuleggja tengsl milli foreldra barnanna og leikskólans í því skyni að efla samstarf þessara aðila um velferð barnsins.

VI. KAFLI
Uppeldisáætlun.

13. gr.

Menntamálaráðuneytið setur leikskólum uppeldisáætlun þar sem m.a. skal kveðið á um uppeldis- og menntunarhlutverk leikskólans og meginstefnu varðandi starfshætti.

Í uppeldisáætlun verði gildi leiksins sem uppeldis- og kennslutækis leiðandi hugtak.

Menntamálaráðuneytið hefur uppeldisáætlun leikskóla stöðugt til endurskoðunar og gerir tillögur um breytingar þegar þörf er talin á.

VII. KAFLI
Réttur leikskólabarna til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar.

14. gr.

Börn á leikskólaaldri sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun eiga rétt á henni innan leikskólans, undir handleiðslu fóstra, þroskaþjálfa og annarra sérfræðinga. Þjálfunin getur verið einstaklingsbundin og í hópi innan almennrar leikskóladeildar eða á sérhæfðum deildum.

Markmið þjálfunarinnar er m.a. að auka færni barnsins miðað við þroskastig þess. Ákvörðun um þjálfun og tilhögun hennar skal tekin í samráði við foreldra barnsins og ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu leikskólans, að undangenginni greiningu og mati sálfræðiþjónustunnar eða annarra lögboðinna greiningaraðila.

Stefnt skal að því að barnið sæki leikskóla í sínu skólahverfi. Þó skal gefinn kostur á að leita annarra úrræða sem henta barninu betur með tilliti til þjónustu. Fatlað barn sem sækir skóla utan síns skólahverfis á rétt á flutningsþjónustu sem greiðist af ríkinu, sbr. lög nr. 41 1983, um málefni fatlaðra.

15. gr.

Leikskólar skulu þannig byggðir og reknir að þeir geti sinnt fötluðum börnum á leikskólaaldri.

Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði. Í reglugerð skal kveðið nánar á um starfsemi, húsnæði og starfsmannahald almennra leikskóladeilda vegna veru fatlaðra barna, svo og sérhæfðra deilda.

VIII. KAFLI
Leikskólarannsóknir og þróunarstarf.

16. gr.

Menntamálaráðuneytið stuðlar að þróunar-, tilrauna- og rannsóknarstarfi innan leikskólanna. Í því skyni skal árlega varið fé í þróunarsjóð samkvæmt ákvörðun Alþingis með fjárlögum. Menntamálaráðuneytið afgreiðir umsóknir og ákveður skiptingu fjárins.

17. gr.

Til þess að sinna tímabundnum rannsóknar- og þróunarverkefnum á vegum menntamálaráðuneytisins má ráða sérstaka starfsmenn.

18. gr.

Í rannsókna-, þróunar- og tilraunaskyni er ráðuneytinu heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum laga og reglugerða.

IX. KAFLI
Ráðgjafarþjónusta.

19. gr.

Allir leikskólar eiga rétt á sérhæfðri ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu og skal hún að jafnaði skipulögð í tengslum við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fræðsluumdæmisins, sbr. lög um grunnskóla.

Menntamálaráðuneytið gerir í samráði við umdæmisfóstrur heildaráætlun um framkvæmd þessarar þjónustu.

20. gr.

Hlutverk ráðgjafar- og sálfræðiþjónustunnar er:

— að annast sérfræðilega ráðgjöf og fræðslu starfsfólks leikskóla og foreldra leikskólabarna um uppeldi og umönnun barnanna,
— að annast frumgreiningu og/eða vísa í sérhæfðari greiningaraðila ef þess gerist þörf að mati ráðgjafarþjónustunnar; enn fremur að hafa umsjón og eftirlit með aðstoð og þjálfun barnanna,
— að annast ýmis rannsóknarstörf og athuganir í sambandi við ráðgjafarþjónustuna.

21. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd og starfssvið ráðgjafar- og sálfræðiþjónustunnar.

X. KAFLI
Heilsuvernd og hollustuhættir.

22. gr.

Um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit á leikskólum fer eftir lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

23. gr.

Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili – markmið og leiðir, gefin út af menntamálaráðuneytinu 1985, tekur með lögum þessum gildi sem fyrsta uppeldisáætlun leikskóla.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili - markmið og leiðir, gefin út af menntamálaráðuneytinu 1985, tekur með lögum þessum gildi sem fyrsta uppeldisáætlun leikskóla.

II.

Markmiði 3. gr. þessara laga skulu sveitarfélög ná innan 10 ára frá setningu laganna. Heimilt er að skilgreina áfanga nánar í reglugerð með hliðsjón af stærð sveitarfélaga og þjónustustigi.

III.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að fela fræðsluskrifstofum að annast þau svæðisbundnu stjórnunarverkefni sem gert er ráð fyrir í IV. kafla laganna þar til skipulag það sem þar er gert ráð fyrir er að fullu komið til framkvæmda.

Greinargerð.

Menntamálaráðherra, Svavar Gestsson, skipaði 25. janúar 1989 nefnd til að endurskoða lög nr. 112/1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, í þeim tilgangi að skapa ramma um nýtt skólastig, „forskólastig“, fyrir börn á aldrinum hálfs árs til sex ára. Nefndinni var einnig falið að gera áætlun um uppbyggingu og rekstur dagvistarheimila næstu 10 ár og um æskilegt fyrirkomulag á stofn- og rekstrarkostnaði. Skóladagheimili eru utan verksviðs nefndarinnar.

Í nefndina voru skipaðir: Ásmundur Stefánsson hagfræðingur, Bergur Felixson framkvæmdastjóri, Gerður Óskarsdóttir, ráðunautur menntamálaráðherra, Guðrún Alda Harðardóttir fóstra, Gunnhildur Gísladóttir efnafræðingur, Hallgrímur Guðmundsson bæjarstjóri, Sigríður L. Baldursdóttir eðlisfræðingur, Kristín Á. Ólafsdóttir borgarfulltrúi, Lára V. Júlíusdóttir lögfræðingur, Selma Dóra Þorsteinsdóttir, formaður Fóstrufélags Íslands,

Svandís Skúladóttir deildarstjóri og Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður Sóknar. Ólafur Guðmundsson deildarstjóri var starfsmaður nefndarinnar.

Nefndin hefur samið tvö frumvörp, þ.e. frumvarp til laga um leikskóla og frumvarp til laga um ríkisframlag til sveitarfélaga vegna leikskóla.

Allir nefndarmenn tóku þátt í gerð fyrirliggjandi frumvarpa en Ásmundur Stefánsson tók þó ekki þátt í samningu frumvarps til laga um leikskóla vegna anna við kjarasamninga fyrr á árinu. Bergur Felixson skilaði séráliti sem fylgir hér með á fylgiskjali I.

Athugasemdir við frumvarp til laga um leikskóla.

1. Uppeldisstefna.

Frumvarpið byggir á uppeldisstefnu sem menntamálaráðuneytið markaði 1985 varðandi börn undir skólaskyldualdri þegar ráðuneytið gaf út *Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili – markmið og leiðir.* Áætlunin byggir á viðurkenndu markvissu uppeldisstarfi þar sem leikur og sköpun í máli, myndum, tónum og hreyfingu skipar öndvegi og þar sem mið er tekið af þroska og þörfum hvers barns og aðstæðum á heimili þess.

2. Leikskólaheitið.

Nefndin leitaði til Valborgar Sigurðardóttur, fyrrverandi skólastjóra Fósturskóla Íslands, sem sérfræðings um uppeldi og þroska barna á forskólaaldri. Í greinargerð Valborgar til nefndarinnar segir hún meðal annars um gildi leiksins og leikskólaheitið:

„**Gildi leiksins** fyrir þroska barnsins á þessum ungu árum er löngu viðurkennt og staðfest á fræðilegum grundvelli. Leikurinn er lífstjáning barnsins — hið eðlilega tjáningarform þess. Leikurinn er ekki aðeins gleðigjafi, hann er þeim **nám og starf.** Við þurfum að líta á leiki barna sem mikilvægar **náms- og þroskaleiðir** og nýta þá sem slíka.

Oft er þó sagt að börn á dagheimilum og leikskólum læri ekki neitt, „þau bara leiki sér". En í bernsku er það að leika sér sama og að læra og leita sér þekkingar og reynslu.

Uppeldisstofnanir/skólar þessir skulu bera nafnið **leikskólar** í samræmi við meginkjarna þess uppeldisstarfs sem þar fer fram.

Leikskólaheitið skírskotar þannig til þess uppeldisstarfs og inntaks þess. Skiptir hér ekki máli hversu margar stundir á dag börnin dvelja þar. Höfuðatriðið er að þar fari fram leikskólastarfsemi í þess orðs bestu merkingu: markvisst uppeldisstarf byggt á leik og hvers konar sköpun eins og fyrr segir.

Leikskólaheitið lýsir uppeldisstarfinu og minnir á að það sé skóli þar sem lítil börn læra og þroskast gegnum leik. Minna má á hér að latnesk/gríska orðið „schola" þýðir í eiginlegri eða upprunalegri merkingu „tómstundir sem notaðar eru til náms". Í orðinu **leikskóli** felst því heilbrigður metnaður og holl áminning."

Nefndin er sammála um að þetta nýja skólastig skuli kallast leikskólastig og dagvistarheimili verði nefnd leikskólar, burtséð frá lengd dvalartíma barnanna þar.

3. Hlutverk sveitarfélaga.

Í skipunarbréfi nefndarinnar er tekið fram að nefndin skuli ganga út frá því markmiði „að öll börn öðlist rétt á góðri dagvistun með uppeldi og menntun við hæfi þar til grunnskóli hefst".

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sveitarfélögum sé gert skylt innan tíu ára að byggja og reka leikskóla fyrir þau börn sem óskað er eftir leikskólavist fyrir. Engu barni er skylt að sækja leikskóla. Minni sveitarfélög sem ekki koma til með að reka leikskóla vegna þess hve fá börn búa þar skulu, þar sem því verður við komið, eiga aðild að rekstri leikskóla. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að í sveitarfélögum fari sérstök leikskólanefnd eða skólanefnd grunnskóla með málefni leikskóla. Þó getur menntamálaráðuneytið heimilað sveitarstjórnum að fela öðrum nefndum eða ráðum að fara með málefni leikskólans tímabundið.

4. Hlutverk ríkisins.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið fari með yfirstjórn leikskóla eins og verið hefur. Það skal móta uppeldisstefnu, sinna þróunar- og rannsóknarstarfi, stuðla að samfellu í starfsháttum leikskóla og grunnskóla, annast leyfisveitingar og sjá um að fullnægt sé ákvæðum laga og setja leikskólanum uppeldisáætlun.

5. Uppeldisáætlun er starfsrammi.

Rétt þykir að gera hér grein fyrir þeirri uppeldisáætlun, sem vísað er til í lagafrumvarpi þessu. Í bréfi sem Ragnhildur Helgadóttir, fyrrverandi menntamálaráðherra, sendi öllum dagvistarheimilum á landinu í maí 1985 er gerð grein fyrir uppeldisáætlun, sem þá var nýkomin út. Í bréfi Ragnhildar segir meðal annars:

„Í uppeldisáætlun þessari eru sett fram **markmið** sem nefndin telur að stefna beri að í uppeldisstarfi á dagvistarheimilum, og síðan er fjallað um helstu **uppeldissvið, grundvallarviðhorf** og **meginleiðir** í uppeldi ungra barna.

Uppeldisáætlunin felur ekki í sér neinar grundvallarbreytingar á því starfi sem nú fer fram á dagvistarheimilum í landinu. Miklu fremur er uppeldisáætluninni ætlað það hlutverk að hlúa að því besta í því starfi sem fyrir er, auðga það og styrkja.

Uppeldisáætlunin byggir á „hefðbundnum" vestrænum grundvallarhugmyndum um uppeldi ungra barna, en styðst jafnframt við nýja þekkingu og reynslu á sviði uppeldisfræði og þróunarsálarfræði. Markmið uppeldisstarfsins mótast fyrst og fremst af lýðræðislegu lífsviðhorfi og kristilegu siðgæði. Aðaláhersla er lögð á að örva alhliða þroska barnanna, þ.e. líkams-, tilfinninga-, vitsmuna-, félags-, fagur- og siðgæðisþroska, efla jákvæða sjálfsmynd þeirra og búa þeim vel skipulagt uppeldisumhverfi og örugg leikskilyrði sem jafnframt eru hlýleg og lærdómsrík.

Menntamálaráðuneytið væntir þess að uppeldisáætlun þessi geti orðið forstöðumönnum og fóstrum haldgóður leiðarvísir í uppeldisstarfi í samvinnu við starfsfólk og foreldra. Skoða ber uppeldisáætlunina sem nokkurs konar umgjörð um uppeldisstarfið og sveigjanlegan starfsramma.

Á grundvelli þessa leiðarvísis og með markmiðin í huga *geta forstöðumenn og fóstrur sérhvers dagvistarheimilis gert sínar eigin áætlanir og mótað upeldisstarfið í samræmi við þroska og þarfir barnanna og þær aðstæður sem fyrir hendi eru.*"

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Gildissvið.

Um 1. gr.

Leikskólar eru skv. 1. gr. uppeldisstaðir fyrir yngstu börnin. Þeir eiga að þjóna börnum frá því að fæðingarorlofi foreldra lýkur, en það verður sex mánuðir frá næstu áramótum, þar til þau verða 6 ára og grunnskólaganga hefst.

Þær stofnanir eða heimili sem ekki starfa samkvæmt lögum þessum geta ekki borið heitið leikskóli.

II. KAFLI

Markmið.

Um 2. gr.

Í greininni er lögð áhersla á samráð og samstarf foreldra og leikskóla um uppeldi og menntun barna. Hér er lögð til grundvallar sú meginforsenda fyrir tilvist leikskóla að þeir eigi að vera fjölskyldum til stuðnings og sjálfsögð viðbót við uppeldi og menntun sem veitt er á einkaheimilum barnanna.

Menntunarhugtakið er túlkað vítt og gengið út frá þeim skilningi að það nái m.a. til uppeldis, umönnunar, þjálfunar og kennslu, sem fyrst og fremst fer fram í leik og starfi svo sem hæfir best börnum á leikskólaaldri.

Meginmarkmið leikskólans eru byggð á *Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili – markmið og leiðir* sem gefin var út af menntamálaráðuneytinu árið 1985. Leikskólar eiga að stuðla að og örva alhliða þroska barna. Ákveðin og nægjanlega skýr markmið svo og fullnægjandi aðbúnaður á leikskólum ættu að tryggja að uppeldisstarfið sé fjölbreytt og traust.

III. KAFLI
Hlutverk sveitarfélaga.
Stofnun og rekstur leikskóla.

Um 3. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er sveitarfélögum gert skylt að veita öllum börnum á leikskólaaldri leikskólavist óski foreldrar eða aðrir forráðamenn barns eftir því. Hins vegar er börnum ekki skylt að vera á leikskóla.

Núverandi dagvistarkerfi getur aðeins þjónað 46% barna á aldrinum ½ til 6 ára, annaðhvort á leikskóla eða dagheimili, og því er aðlögunartími nauðsynlegur þar til sveitarfélögin geta farið að því ákvæði þessarar greinar sem skyldar þau til þess að fullnægja eftirspurn. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir 10 ára aðlögunartíma til þess að fjölga leikskólum og starfsfólki með viðhlítandi menntun. Að tímabilinu loknu tekur þessi grein að fullu gildi, sjá einnig bráðabirgðagrein nr. II.

Í þessari grein kemur fram að núverandi skipting dagvistarstofnana í leikskóla og dagheimili er afnumin, en sú skipting hefur byggst á mismunandi lengd daglegrar dvalar barnanna. Samheitið fyrir þessar mennta- og uppeldisstofnanir verður leikskóli, sem gefur til kynna menntunarleið yngstu barnanna, þ.e. leikinn. Aðgreining í leikskóla og dagheimili er villandi og gefur í skyn að markmið þessara stofnana séu ólík. Með því að afnema skiptinguna er lögð áhersla á að hlutverk leikskóla (dagvistarstofnana) er það sama hvort sem barn dvelur þar 4 eða 9 stundir daglega, þ.e. að búa börnum örugg leikskilyrði undir leiðsögn sérmenntaðs starfsfólks.

Lengd daglegrar dvalar barns á að fara eftir aðstæðum hjá fjölskyldu þess og skulu hagsmunir barnsins lagðir til grundvallar. Vinni foreldrar t.d. utan heimilis allan daginn á að tryggja að barnið geti verið á einum og sama staðnum þann tíma, en þurfi ekki að þeytast á milli margra staða daglega.

Eins og í núgildandi lögum um dagvistarheimili þarf samþykki menntamálaráðuneytisins til þess að setja á stofn leikskóla (dagvistarheimili). Samþykki þetta er gefið í formi starfsleyfis. Starfsleyfið á að tryggja að börn njóti viðhlítandi aðbúnaðar á öllum leikskólum.

Ráðuneytinu er skv. frumvarpinu heimilað að veita starfsleyfi, þótt leikskólinn geti ekki boðið börnum daglega skóladvöl allt árið. Reikna má með að leikskólar í dreifbýli þyrftu helst á þessari heimild að halda.

Um 4. gr.

Eins og í núgildandi lögum um dagvistarstofnanir er öðrum aðilum en sveitarfélögum heimilt að stofnsetja og reka leikskóla (dagvistarheimili) liggi samþykki menntamálaráðuneytisins og viðkomandi sveitarfélags fyrir.

Um 5. gr.

Núverandi stjórnun sveitarfélaga á málefnum dagvistarheimila er með misjöfnu móti. Í Reykjavík fer t.d. stjórn Dagvista barna með málaflokkinn en áður var hann vistaður hjá félagsmálaráði. Félagsmálaráð margra sveitarfélaga eru fagnefndir dagvistarheimilanna. Það

fyrirkomulag hefur verið gagnrýnt af ýmsum starfsmönnum heimilanna sem bent hafa á að þannig væri stjórnin of veik og þyrfti oft að víkja fyrir öðrum verkefnum ráðanna. Gagnrýnin hefur einnig falist í því að áhersla á dagvistarheimili sem félagslegt úrræði væri óæskileg og tefði fyrir viðhorfum og þróun í þá veru að hér sé um mennta- og uppeldisstofnanir að ræða engu síður en grunnskólann.

Með 5. gr. er gert ráð fyrir því að sérstakar leikskólanefndir eða þær skólanefndir grunnskóla sem fyrir eru sinni málefnum leikskólans í umboði sveitarstjórna. Fulltrúar starfsmanna leikskóla og foreldra leikskólabarna sitji sem áheyrnarfulltrúar í nefndunum. Kosturinn við að hafa eina og sömu nefndina yfir leikskólum og grunnskólum er sá að tengsl og samfella milli þessara tveggja skólastiga verða betur tryggð. Greinin gerir ráð fyrir því að þær sveitarstjórnir sem kjósa að halda óbreyttu fyrirkomulagi enn um sinn, t.d. að félagsmálaráð fari með málefni leikskólans, geti fengið til þess heimild. Með gerð þriggja ára áætlana um uppbyggingu er skólanefndum ætlað að fylgja eftir því markmiði frumvarpsins að eftirspurn eftir leikskóladvöl verði fullnægt árið 2000.

Um 6. gr.

Greinin kveður á um þau atriði varðandi húsnæði, búnað, fjölda barna og starfsfólks sem setja skal í reglugerð til þess að tryggja viðhlítandi aðbúnað í öllum leikskólum. Í greininni er getið sérstaklega um aðstöðu til einstaklingsþjálfunar er nýtast má fötluðum börnum og þeim sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Slík aðstaða þarf að vera rúmgóð og með góðu geymslurými þar sem jafnframt getur verið boðið upp á fjölbreyttari möguleika í leik og starfi leikskólabarna almennt.

IV. KAFLI
Yfirstjórn.

Um 7. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn leikskólamálefna og veitir leyfi til leikskólarekstrar samkvæmt þessari grein. Enn fremur er hér lagt til að ríkið marki heildarstefnu í uppeldismálum leikskólans og hafi yfirsýn yfir innra starf leikskólanna í landinu til að tryggja sem jöfnust uppeldis- og menntunarskilyrði leikskólabarna, burtséð frá búsetu þeirra og heildaraðstæðum. Með eftirlitshlutverki menntamálaráðuneytisins ætti að safnast á einar hendur sú vitneskja um málefni leikskólans sem nauðsynleg er til að móta heildstæða uppeldisstefnu leikskólans og tryggja markvisst þróunar- og rannsóknarstarf svo að ráðuneytið sé í stakk búið að vera stjórnendum leikskólanna til ráðuneytis um starfsemina eins og segir í greininni.

Um 8. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að landinu verði skipt í sérstök leikskólaumdæmi skv. skiptingu í fræðsluumdæmi eins og ákveðið er í grunnskólalögum hverju sinni. Enda er ráð fyrir því gert í greininni að tengja starfsemi fræðsluskrifstofa grunnskóla og störf umdæmisfóstra leikskóla eins og kostur er til að mynda sem mesta samfellu í uppeldi og menntun barna allt frá upphafi leikskólastigs til loka skólagöngu. Með þessum samtengingaráætlunum má enn fremur ætla að verulegir fjármunir sparist, nái þær fram að ganga.

Áhersla er lögð á tengsl og samskipti leikskóla og grunnskóla, og ráð fyrir því gert að ráðuneytið setji sérstaka reglugerð um samskipti þessara skólastiga.

Um 9. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að í hverju umdæmi sé starfandi umdæmisfóstra á vegum menntamálaráðuneytisins, sem sinni umsjónar-, ráðgjafar- og eftirlitsstarfi er lýtur að uppeldi og menntun leikskólabarna.

Grein þessi gerir því ráð fyrir að þjónusta ráðuneytisins verði færð út á landsbyggðina. Þessi tilhögun er ekki síst mikilvæg fyrir minni sveitarfélög sem ekki hafa í þjónustu sinni umsjónarfóstrur og/eða leikskólafulltrúa.

Leikskólum sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum hefur fjölgað ár frá ári og er að finna víða um land. Til að ráðuneytið geti sinnt hlutverki sínu gagnvart börnum í þessum leikskólum er nauðsynlegt að flytja þjónustu ráðuneytisins út í umdæmin. Eðlilegt er að ráðið verði í stöður umdæmisfóstra í áföngum. Þannig verði þessu ákvæði í greininni fullnægt á nokkrum árum.

V. KAFLI
Starfsfólk og foreldrar.

Um 10. gr.

Leikskólastjóri gegnir veigamiklu forustuhlutverki í uppeldisstarfi leikskólans jafnframt því sem hann hefur á hendi margþætt stjórnunarstarf. Greinin tekur einnig til menntunar þeirra er sinna fóstrustörfum og ráðgjafarstörfum á vegum rekstraraðila.

Til að sveitarstjórnir og menntamálaráðuneytið hafi yfirsýn yfir starfsemi leikskólanna í landinu er lagt til að leikskólastjóri ásamt starfsfólki sínu geri ársskýrslu um starfsemi leikskólans og sendi viðkomandi sveitarstjórn og umdæmisfóstru.

Um 11. gr.

Hér er um að ræða sömu ákvæði og í lögum nr. 112/1976, 18. gr., og þarfnast því ekki skýringar.

Um 12. gr.

Eitt af markmiðum leikskólans, sbr. 2. gr. í frumvarpi þessu, er „að kappkosta í samvinnu við heimilin að efla aðhliða þroska barnanna í samræmi við þarfir þeirra ...“ Grein þessi kveður nánar á um þá skyldu leikskóla að sinna þessu mikilvæga samstarfi við foreldra.

VI. KAFLI
Uppeldisáætlun.

Um 13. gr.

Grein þessi fjallar um gerð nokkurs konar námskrár leikskóla sem myndi eins konar umgjörð um starfið eða sveigjanlegan starfsramma.

Allt frá 1985 hafa leikskólar haft *Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili – markmið og leiðir* sem leiðarvísi í sínu leikskólastarfi.

Á grundvelli þessa leiðarvísis og með markmiðin að leiðarljósi getur sérhver leikskóli gert sínar eigin áætlanir í samræmi við þær þarfir og aðstæður sem fyrir hendi eru.

VII. KAFLI
Réttur leikskólabarna til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar.

Um 14. gr.

Hér er lagt til að leikskólinn verði vettvangur þjálfunar og meðferðar fatlaðra barna og þeirra barna sem þurfa einhvers konar aðstoð og þjálfun vegna tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika. Þetta er í anda laga um málefni fatlaðra, nr. 41/1983, en þar segir að dagvistarstofnanir séu einnig stofnanir fyrir fatlaða og að uppbyggingu þeirra og starfsemi skuli vera þannig háttað að þjónusta þeirra nýtist fötluðum til jafns við aðra þjóðfélagsþegna. Þetta er einnig í samræmi við 2. gr. þessa frumvarps en þar segir meðal annars að leikskólinn skuli kappkosta að efla alhliða þroska barnanna. Það er ljóst að til þess að fullnægja þessu markmiði hvað þennan sérstaka hóp barna varðar þurfa þau meiri og sérhæfðari þjónustu en önnur börn og

mikilvægt er að sú þjónusta sé veitt innan leikskólans. Sem dæmi má nefna þroskaþjálfun, sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talkennslu sem fram fer í samræmi við niðurstöður greiningar á eðli fötlunar og í beinu framhaldi af greiningu.

Þjálfunin skal fara fram inni á almennum leikskóladeildum eða á sérhæfðum deildum og framkvæmd ýmist með einu barni í einu eða í misstórum hópum barna í samræmi við einstaklingsbundnar þarfir þeirra og möguleika. Jafnframt skal auðvelda fötluðum börnum þátttöku í almennu leikskólastarfi svo sem kostur er, meðal annars með því að skipuleggja almennt leikskólastarf einnig á þeirra forsendum. Þetta er þeim mun mikilvægara þar sem í leikskóla gefst tækifæri til að leggja grundvöll að eðlilegum samskiptum fatlaðra og ófatlaðra í framtíðinni.

Sérhæfðar deildir eru hugsaðar fyrir börn sem fötlunar sinnar vegna geta tímabundið eða varanlega illa nýtt sér starf á almennri leikskóladeild. Starfsemi þessara deilda skal falla sem eðlilegast að heildarstarfi leikskólans. Aðgangur barna af sérhæfðu deildinni að öðrum deildum leikskólans þarf að vera greiður svo og aðgangur að sameiginlegri leikaðstöðu barnanna.

Lagt er til að foreldrar og ráðgjafar- og sálfræðiþjónustan taki með hliðsjón af greiningu sameiginlega ákvörðun um hvaða tegund þjálfunar barnið skuli fá og hvers konar leikskóli verði fyrir valinu, þ.e. almenn leikskóladeild eða sérhæfð deild.

Um 15. gr.

Lagt er til að leikskólar verði þannig byggðir og skipulagðir að þeir geti sinnt fötluðum börnum á leikskólaaldri. Hér er m.a. átt við að almennt leikskólastarf taki mið af mismunandi færni barnanna og að það sé þannig skipulagt að fatlaða barnið samlagist hópnum sem best en einangrist ekki. Auk þess þarf að vera til staðar fagþekking, sbr. 14. gr. þessa frumvarps, aðstaða til einstaklingsþjálfunar og aðgengi fyrir fatlaða um lóð og útileiksvæði.

Menntamálaráðuneytinu er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði ef sveitarfélag hefur þegar á að skipa leikskólum sem fullnægja þessu ákvæði og þörfinni er fullnægt.

VIII. KAFLI
Leikskólarannsóknir og þróunarstarf.

Um 16. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir stofnun sérstaks þróunarsjóðs til að standa straum af þeim kostnaði sem óhjákvæmilega hlýst af þróunar-, tilrauna- og rannsóknarstarfi innan leikskólanna, sbr. þróunarsjóð grunnskóla. Fé er veitt í sjóðinn af fjárlögum hverju sinni, en menntamálaráðuneytið afgreiðir umsóknir og ákveður skiptingu fjárins.

Um 17. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 18. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

IX. KAFLI
Ráðgjafarþjónusta.

Um 19. gr.

Ekki verður um það deilt að öflug ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta er nauðsynleg til að styrkja það faglega starf sem lögin gera ráð fyrir að fari fram í leikskólum. Einnig er það augljóst hagkvæmnisatriði að þessi þjónusta sé skipulögð í tengslum við þá ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu sem fyrir er innan grunnskólans. Þó er rétt að benda á sérstöðu Reykjavíkur-

borgar, sem hefur skipulagt sérstaka þjónustu eingöngu fyrir dagvistarstofnanir. Vegna umfangs þeirrar þjónustu má ætla að það fyrirkomulag sem þróast hefur henti áfram.

Ekki er í frumvarpinu rætt um menntunarkröfur sem gerðar skulu til þeirra sem sinna ráðgjafarstarfi innan leikskólans né heldur hvaða menntun forstöðumaður leikskóladeildar ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu hafi til að bera. Varðandi þessi atriði vísast til þess fyrirkomulags sem gildir um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu grunnskólans en þó með sérþarfir leikskólans í huga. Einnig er í frumvarpinu gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið setji sérstaka reglugerð (21. gr.) um framkvæmd og starfssvið ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu og verða þessi atriði væntanlega skilgreind á þeim vettvangi.

Um 20. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 21. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

X. KAFLI

Heilsuvernd og hollustuhættir.

Um 22. gr.

Með vísan til síðari mgr. greinarinnar skal á það bent að manneldisráð hefur látið útbúa matseðla fyrir dagvistarstofnanir, þar sem gefnar eru ábendingar um hollan morgunverð, hádegisverð og síðdegishressingu fyrir forskólabörn. Verða þeir tilbúnir til notkunar innan skamms. Rétt er að benda á að ekki er nauðsynlegt út frá næringarfræðilegu sjónarmiði að börnin borði heita máltíð í hádeginu, köld máltíð getur verið jafn holl. Hins vegar er æskilegt að börn borði a.m.k. eina heita máltíð á dag. Fái þau hana ekki heima er mikilvægt að hún standi þeim til boða á leikskólanum.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Um 23. gr.

Gert er ráð fyrir því að lögin öðlist þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi eldri lög nr. 112/1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, en sá hluti þeirra er tekur til skóladagheimila heldur áfram gildi sínu.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þarfnast ekki skýringar.

II.

Sjá athugasemdir við 3. gr.

III.

Þarfnast ekki skýringar.

Ed. 1008. Nefndarálit [436. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk um það umsagnir frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, bæjarstjórn Akraness, Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, Starfsmannafélagi Sementsverksmiðju ríksins, stjórn Sementsverksmiðju ríkisins og Vinnuveitendasambandi Íslands. Þá komu á fund nefndarinnar Halldór J. Kristjánsson, skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneytinu, Gísli Gíslason, bæjarstjóri á Akranesi, og Sigurgeir Sigurðsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingartillagan er flutt að ósk bæjarstjórnar Akraness.

Eyjólfur Konráð Jónsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. apríl 1990.

Karl Steinar Guðnason, form., frsm.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Þorv. Garðar Kristjánsson, með fyrirvara.
Jón Helgason.	Margrét Frímannsdóttir.	Stefán Guðmundsson.

Ed. 1009. Breytingartillaga [436. mál]

við frv. til l. um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins.

Frá iðnaðarnefnd.

Við 1. gr. Orðin „við stofnun félagsins“ í niðurlagi greinarinnar falli brott.

Ed. 1010. Nefndarálit [453. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67/1988, um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt án breytinga.

Alþingi, 24. apríl 1990.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Guðrún Agnarsdóttir.	Halldór Blöndal.	Eiður Guðnason.

Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 1011. Nefndarálit [496. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Norðurlanda um aðstoð í skattamálum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt án breytinga.

Alþingi, 24. apríl 1990.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Guðrún Agnarsdóttir.	Halldór Blöndal.	Eiður Guðnason.

Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 1012. Nefndarálit [498. mál]

um frv. til l. um Lánasýslu ríkisins.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Eftirtaldir voru kallaðir á fund nefndarinnar: Már Guðmundsson, efnahagsráðunautur fjármálaráðherra, Ingimundur Friðriksson, forstöðumaður alþjóðasviðs Seðlabankans, og Magnús Pétursson ráðuneytisstjóri.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt án breytinga.

Alþingi, 24. apríl 1990.

Guðmundur Ágústsson, form. frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Guðrún Agnarsdóttir.	Halldór Blöndal.	Eiður Guðnason.

Ey. Kon. Jónsson,

með fyrirvara.

Ed. 1013. Nefndarálit [260. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk til viðræðna um efni þess þá Örlyg Geirsson, formann endurbótasjóðs menningarstofnana, og dr. Finnboga Guðmundsson, formann byggingarnefndar Þjóðarbókhlöðu.

Leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt án breytinga.

Alþingi, 24. apríl 1990.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Guðrún Agnarsdóttir.	Halldór Blöndal.	Eiður Guðnason.

Ey. Kon. Jónsson.

Nd. 1014. Frumvarp til laga [565. mál]

um félagsþjónustu sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

I. KAFLI

Markmið laganna.

1. gr.

Markmið félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpar. Skal það gert með því

a. að bæta lífskjör þeirra sem standa höllum fæti,
b. að tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði,
c. að veita aðstoð til þess að íbúar geti búið sem lengst í heimahúsum, stundað atvinnu og lifað sem eðlilegustu lífi,
d. að grípa til aðgerða sem eru til þess fallnar að koma í veg fyrir félagsleg vandamál.

Við framkvæmd félagsþjónustunnar skal þess gætt að hvetja einstaklinginn til ábyrgðar á sjálfum sér og öðrum, virða sjálfsákvörðunarrétt hans og styrkja hann til sjálfshjálpar.

2. gr.

Með félagsþjónustu er í lögum þessum átt við þjónustu, aðstoð o.fl. í tengslum við eftirtalda málaflokka:

1. Félagslega ráðgjöf.
2. Fjárhagsaðstoð.
3. Félagslega heimaþjónustu.
4. Málefni barna og ungmenna.
5. Þjónustu við unglinga.
6. Dagvist barna.
7. Þjónustu við aldraða.
8. Þjónustu við fatlaða.
9. Húsnæðismál.
10. Aðstoð við áfengissjúka og vímugjafavarnir.
11. Atvinnuleysisskráningu og vinnumiðlun.

II. KAFLI

Stjórn og skipulag.

Yfirstjórn.

3. gr.

Félagsþjónusta sveitarfélaga heyrir undir félagsmálaráðuneyti sem hefur eftirlit með því að sveitarfélögin veiti lögboðna þjónustu.

Dagvist barna heyrir undir menntamálaráðuneytið að því er varðar faglega yfirstjórn og uppeldisáætlanir.

Sveitarstjórnir og félagsmálanefndir.

4. gr.

Sveitarfélag ber ábyrgð á félagsþjónustu innan sinna marka og skal með skipulagðri félagsþjónustu tryggja framgang markmiða skv. 1. gr. þessara laga.

5. gr.

Sveitarstjórn skal kjósa félagsmálanefnd eða félagsmálaráð, hér eftir í lögum þessum nefnd félagsmálanefnd, sem fer með stjórn og framkvæmd félagsþjónustu í sveitarfélaginu í umboði sveitarstjórnar.

Félagsmálanefnd skal skipuð þremur fulltrúum hið fæsta. Að öðru leyti ákveður sveitarstjórn fjölda nefndarmanna og setur um starfsemi nefndarinnar reglur sem sendar skulu félagsmálaráðuneyti.

Undirnefndir félagsmálanefnda.

6. gr.

Sveitarstjórn getur í sérstökum tilvikum skipað undirnefndir félagsmálanefndar að tilskildu samþykki hennar. Hver undirnefnd skal skipuð a.m.k. þremur fulltrúum og skal a.m.k. einn þeirra eiga sæti í félagsmálanefnd. Sveitarstjórn skal setja reglur um verksvið og starfshætti slíkra undirnefnda, að fengnum tillögum félagsmálanefndar.

Undirnefnd fer með sérstök verkefni sem afmarkast við málaflokk eða ákveðinn hluta sveitarfélags. Heimilt er að fela undirnefnd ákvörðunarvald og ábyrgð sem félagsmálanefnd fer með samkvæmt lögum þessum og öðrum lagaákvæðum. Þó skal undirbúningur fjárhagsáætlunar og tillögugerð í sambandi við hana ætíð vera á ábyrgð félagsmálanefndar, svo og eftirlit með framkvæmd fjárhagsáætlunar.

Samvinna sveitarfélaga.

7. gr.

Sveitarstjórnir geta falið héraðsnefndum verkefni skv. 2. gr.

Sveitarstjórnir geta ákveðið að vinna saman að einstökum verkefnum á sviði félagsþjónustu á vettvangi byggðasamlaga eftir því sem hentar þykir á hverjum stað. Enn fremur geta einstök sveitarfélög gert með sér sérstakt samkomulag um sameiginlega félagsþjónustu eða einstaka þætti hennar.

Hafi sveitarfélög falið héraðsnefnd öll verkefni félagsmálanefndar, sbr. 1. mgr., eða ákveðið að vinna saman að öllum verkefnum nefndarinnar samkvæmt sérstöku samkomulagi, sbr. 2. mgr., er viðkomandi sveitarfélögum heimilt að skipa sameiginlega félagsmálanefnd. Tekur sú nefnd þá við hlutverki félagsmálanefnda einstakra sveitarfélaga.

Félagsmálastofnanir og starfsmenn félagsmálanefnda.

8. gr.

Heimilt er að fela sérstakri félagsmálastofnun að sjá um framkvæmd félagsþjónustu undir stjórn félagsmálanefndar.

Félagsmálastofnun skal hafa hæfu starfsfólki á að skipa til að sinna þeim verkefnum sem lög þessi kveða á um.

9. gr.

Í þeim sveitarfélögum, þar sem ekki er sérstök félagsmálastofnun, er heimilt að fela stafsmönnum að sjá um framkvæmd félagsþjónustu undir stjórn félagsmálanefndar.

10. gr.

Félagsmálanefnd er heimilt að fela starfsmönnum afgreiðslu ákveðinna mála og skulu um það settar reglur sem sveitarstjórn staðfestir. Ákvörðunum starfsmanna skal þó ætíð unnt að skjóta til félagsmálanefndar.

III. KAFLI

Hlutverk félagsmálanefnda.

11. gr.

Hlutverk félagsmálanefnda er

1. að fara með stjórn og framkvæmd félagsþjónustu í sveitarfélaginu í samræmi við reglur sem sveitarstjórn setur,
2. að hafa yfirsýn yfir félagslega hagi fólks í sveitarfélaginu til þess að tryggja það að félagsleg þjónusta verði sem mest í samræmi við þarfir íbúa,
3. að gera tillögur til sveitarstjórnar um stefnumörkun á sviði félagsþjónustu í sveitarfélaginu,
4. að gera tillögur að fjárhagsáætlun til sveitarstjórnar um útgjaldaliði félagsmála,
5. að vinna með öðrum opinberum aðilum, svo og félögum, félagasamtökum og einstaklingum að því að bæta félagslegar aðstæður og umhverfi í sveitarfélaginu,
6. að veita upplýsingar um félagsþjónustu í sveitarfélaginu,
7. að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð með ráðgjöf, umönnun, fjárhagslegri fyrirgreiðslu og annarri þjónustu,
8. að hafa yfirumsjón með starfsemi og rekstri stofnana á sviði félagsþjónustu í umboði sveitarstjórnar,
9. að beita sér fyrir forvörnum sem eru til þess fallnar að tryggja stöðu einstaklinga og fjölskyldna,
10. að stuðla að þjálfun og menntun starfsliðs, m.a. með námskeiðum.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði um rétt til félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga.

12. gr.

Sveitarfélag skal sjá um að veita íbúum þjónustu og aðstoð samkvæmt lögum þessum og jafnframt tryggja að þeir geti séð fyrir sér og sínum.

Aðstoð og þjónusta skal jöfnum höndum vera til þess fallin að bæta úr vanda og koma í veg fyrir að einstaklingar og fjölskyldur komist í þá aðstöðu að geta ekki ráðið fram úr málum sínum sjálf.

Hafðir skulu í huga jafnt almannahagsmunir sem og velferð þess sem þjónustuna fær.

13. gr.

Með íbúa sveitarfélags er í lögum þessum átt við hvern þann sem lögheimili á í viðkomandi sveitarfélagi.

Verði eigi upplýst um lögheimili manns, er leitar aðstoðar, skal honum veitt aðstoð þar sem hann dvelur.

Flytjist maður milli sveitarfélaga skal hann eiga rétt til þjónustu í því sveitarfélagi er hann flyst til þegar hann hefur tekið sér þar lögheimili. Enginn öðlast þó rétt til þjónustu eða aðstoðar í öðru sveitarfélagi með dvöl sem ekki er ígildi fastrar búsetu, sbr. lög um lögheimili.

14. gr.

Þurfi fólk á aðstoð að halda utan heimilissveitar sinnar sökum slysa, veikinda eða af öðrum brýnum orsökum er dvalarsveit skylt að veita tímabundna aðstoð. Skal um það haft samráð við heimilissveit sem endurgreiðir kostnað að fullu.

15. gr.

Hafi félagsmálanefnd vistað einstakling í annað sveitarfélag öðlast hann eigi rétt til aðstoðar í hinu nýja sveitarfélagi á meðan vistun varir.

16. gr.

Félagsmálaráðuneyti er heimilt að setja reglur sem takmarka aðstoð samkvæmt lögum þessum til ríkisborgara annarra landa, nema samningur við önnur ríki eða alþjóðastofnanir mæli fyrir um annað.

Aðstoð til erlendra ríkisborgara skal veitt í því sveitarfélagi þar sem þeir eiga lögheimli. Verði ekki upplýst um lögheimili skal aðstoð veitt í dvalarsveit.

Ríkissjóður skal endurgreiða sveitarfélagi veitta aðstoð til erlendra ríkisborgara ef þeir eiga ekki lögheimili hér á landi eða hafa dvalið hér skemur en tvö ár.

Veitt aðstoð til íslenskra ríkisborgara hjá umboðsmönnum ríkisins erlendis og kostnaður við heimflutning greiðist úr ríkissjóði.

V. KAFLI

Félagsleg ráðgjöf.

17. gr.

Félagsmálanefndir skulu leitast við að bjóða upp á félagslega ráðgjöf. Markmið hennar er að veita upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál annars vegar og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda hins vegar.

18. gr.

Félagsleg ráðgjöf tekur m.a. til ráðgjafar á sviði fjármála, húsnæðismála, uppeldismála, skilnaðarmála, þar með talin forsjár- og umgengnismála, ættleiðingarmála o.fl. Henni skal ætíð beitt í eðlilegu samhengi við aðra aðstoð samkvæmt lögum þessum og í samvinnu við aðra þá aðila sem bjóða upp á slíka þjónustu, svo sem skóla og heilsugæslustöðvar eftir því sem við á.

19. gr.

Félagsmálanefndir skulu leitast við að hafa á að skipa menntuðu starfsfólki í félagsráðgjöf eða á hliðstæðu sviði til þess að annast félagslega ráðgjöf.

VI. KAFLI

Fjárhagsaðstoð.

20. gr.

Skylt er hverjum manni að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára.

21. gr.

Um skyldur sveitarfélags til að veita fjárhagsaðstoð gilda almenn ákvæði um félagsþjónustu skv. IV. kafla.

22. gr.

Fjárhagsaðstoð á vegum sveitarfélags skal vera svo mikil sem nauðsyn krefur.

Sveitarstjórn setur reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar, að fengnum tillögum félagsmálanefndar.

23. gr.

Fjárhagsaðstoð sveitarfélags getur hvort heldur sem er verið lán eða styrkur. Fjárhagsaðstoð skal veitt sem lán ef umsækjandi óskar þess eða könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt er að gera kröfur um endurgreiðslu með tilliti til eigna og framtíðartekna.

24. gr.

Fjárhagsaðstoð er ekki endurkræf nema það sé ákveðið þegar aðstoðin er veitt og þá með hliðsjón af framtíðarhögum viðkomandi einstaklings. Fjárhagsaðstoð, veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær, er ætíð endurkræf.

25. gr.

Skylt er að veita félagsmálanefndum hverjar þær upplýsingar úr skattskýrslum þeirra sem leita fjárhagsaðstoðar eða hafa fengið hana. Sama gildir um upplýsingar úr skattskýrslum lögskylds framfæranda.

Atvinnurekendum er skylt að láta félagsmálanefndum í té upplýsingar um laun þess sem fjárhagsaðstoðar leitar og framfærenda hans.

26. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um samskipti sveitarfélaga sín á milli og um uppgjör milli ríkisins og sveitarfélaga vegna veittrar fjárhagsaðstoðar skv. IV. kafla laga þessara.

VII. KAFLI

Félagsleg heimaþjónusta.

27. gr.

Sveitarfélag skal sjá um félagslega heimaþjónustu til handa þeim sem búa í heimahúsum og geta ekki séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda, barnsburðar eða fötlunar.

28. gr.

Með félagslegri heimaþjónustu skal stefnt að því að efla viðkomandi til sjálfsbjargar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsum við sem eðlilegastar aðstæður.

29. gr.

Með félagslegri heimaþjónustu er átt við hvers konar aðstoð við heimilishald, persónulega umhirðu, félagslegan stuðning, gæslu og umönnun barna og unglinga.

30. gr.

Áður en aðstoð er veitt skal sá aðili, sem fer með heimaþjónustu, meta þörf í hverju einstöku tilviki. Læknisvottorð skal liggja fyrir þegar um heilsufarsástæður er að ræða.

31. gr.

Sveitarstjórn setur reglur um framkvæmd félagslegrar heimaþjónustu.

VIII. KAFLI

Málefni barna og ungmenna.

32. gr.

Félagsmálanefnd er skylt, í samvinnu við foreldra, forráðamenn og aðra þá aðila sem hafa með höndum uppeldi, fræðslu og heilsugæslu barna og ungmenna, að gæta velferðar og hagsmuna þeirra í hvívetna.

Félagsmálanefnd skal sjá til þess að börn fái notið hollra og þroskavænlegra uppvaxtarskilyrða, þar með sjá til þess að þau fái notið dagvistar, fræðslu og hollrar tómstundaiðju. Einnig skal félagsmálanefnd gæta þess að aðbúnaði barna sé ekki áfátt, hagsmunir þeirra séu virtir og ekki séu þær aðstæður í umhverfi barna sem þeim stafar hætta af.

33. gr.

Sveitarstjórn getur falið félagsmálanefnd verkefni barnaverndarnefndar og fer þá um framkvæmd og meðferð þeirra mála eftir lögum um vernd barna og ungmenna.

IX. KAFLI

Þjónusta við unglinga.

34. gr.

Að tilhlutan sveitarfélaga skal vera skipulagt forvarnastarf í unglingamálum sem miðar að því að beina athafnaþörf æskufólks á heillavænlegar brautir.

35. gr.

Félagsmálanefnd skal sjá um þá þætti unglingaþjónustunnar sem varða málefni einstaklinga, t.d. ráðgjöf, útideildarstarfsemi (leitarstarf) og rekstur unglingaathvarfa eftir því sem þörf er á.

Heimilt er að fela félagsmálanefndum umsjón með æskulýðs- og íþróttamálum í umboði sveitarstjórna, þar á meðal rekstur félagsmiðstöðva, tómstundastarf í skólum og rekstur mannvirkja og aðstöðu fyrir íþróttastarfsemi.

36. gr.

Um önnur atriði, er lúta að þjónustu við unglinga, er vísað í lög um æskulýðsmál, íþróttalög, lög um grunnskóla og lög um vernd barna og ungmenna.

X. KAFLI

Dagvistarmál barna.

37. gr.

Sveitarfélög skulu eftir föngum bjóða upp á dagvist barna þar sem hennar er þörf. Til þess að sú þjónusta verði í sem bestu samræmi við þarfir barna í sveitarfélagi skal það láta fara fram mat á þörfinni eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.

38. gr.

Með dagvist barna er átt við rekstur dagvistarheimila, þ.e. dagheimila, leikskóla og skóladagheimila.

Félagsmálanefnd, skólanefnd grunnskóla eða sérstök leikskólanefnd fara með stjórn dagvista/leikskóla.

Ákvörðun um stjórn dagvista/leikskóla tekur sveitarstjórn.

39. gr.

Samþykki menntamálaráðuneytis og hlutaðeigandi sveitarstjórnar þarf til að setja á stofn dagvist fyrir börn.

40. gr.

Markmið dagvistar skal vera að stuðla að og örva alhliða þroska barna með því að skapa þeim góð uppeldisskilyrði undir handleiðslu fóstra og annars starfsliðs sem sérstaklega er til þess menntað.

Dagvistir skulu reknar samkvæmt sérstökum lögum.

41. gr.

Daggæsla í heimahúsum og rekstur gæsluvalla skulu tengjast rekstri dagvistarheimila og setur félagsmálaráðherra reglugerð um starfsemi og rekstur gæsluvalla og daggæslu í heimahúsum.

XI. KAFLI

Þjónusta við aldraða.

42. gr.

Sveitarstjórn skal stuðla að því að aldraðir geti búið við eðlilegt heimilislíf í umgengni við aðra svo lengi sem verða má. Jafnframt verði tryggð nauðsynleg stofnanaþjónusta þegar hennar er þörf.

43. gr.

Félagsmálanefnd skal leitast við að tryggja öldruðum hentugt húsnæði og jafnframt skipuleggja félagslega heimaþjónustu.

44. gr.

Sveitarstjórn skal sjá um að félagsþjónusta aldraðra sé fyrir hendi í sveitarfélaginu, þ.e. heimaþjónusta, félagsráðgjöf, heimsending matar og önnur eðlileg þjónusta. Jafnframt skal tryggja öldruðum aðgang að félags- og tómstundastarfi við þeirra hæfi. Í því sambandi skal lögð sérstök áhersla á fræðslu og námskeiðahald um réttindi aldraðra og aðlögun að breyttum aðstæðum sem fylgja því að hætta þátttöku á vinnumarkaði.

45. gr.

Leitast skal við að tryggja að aldraðir taki sjálfir þátt í ákvörðunum um málefni sín.

46. gr.

Aldraðir eiga rétt á almennri þjónustu og aðstoð samkvæmt lögum þessum en að öðru leyti fer um málefni þeirra eftir sérlögum um málefni aldraðra.

XII. KAFLI

Þjónusta við fatlaða.

47. gr.

Félagsmálanefnd skal vinna að því að fötluðum, hvort sem heldur er af líkamlegum eða andlegum ástæðum, séu tryggð sambærileg lífskjör og jafnrétti á við aðra þjóðfélagsþegna. Jafnframt skal fötluðum sköpuð skilyrði til að lifa sem eðlilegustu lífi miðað við getu hvers og eins.

48. gr.

Félagsmálanefnd skal skipuleggja félagslega heimaþjónustu fyrir fatlaða og leitast við að tryggja þeim hentugt íbúðarhúsnæði.

49. gr.

Fatlaðir eiga rétt á almennri þjónustu og aðstoð samkvæmt lögum þessum og skal þeim veitt þjónusta á almennum stofnunum eftir því sem unnt er og við á.

Að öðru leyti fer um málefni þeirra eftir sérlögum um málefni fatlaðra.

Samstarf skal sem víðtækast milli svæðisstjórna fatlaðra og einstakra sveitarfélaga um þjónustu við fatlaða.

XIII. KAFLI

Húsnæðismál.

50. gr.

Sveitarstjórnir skulu, eftir því sem kostur er og þörf er á, hafa framboð af leiguhúsnæði, félagslegu kaupleiguhúsnæði og/eða verkamannabústöðum handa þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna.

51. gr.

Félagsmálanefndir skulu sjá til þess að veita þeim fjölskyldum og einstaklingum, sem ekki eru færir um það sjálfir, úrlausn í húsnæðismálum til að leysa úr bráðum vanda á meðan unnið er að varanlegri lausn.

52. gr.

Félagsmálanefnd getur gert tillögur um ráðstöfun félagslegs íbúðarhúsnæðis í umboði sveitarstjórnar.

53. gr.

Sveitarstjórnum er heimilt að fela félagsmálanefndum verkefni húsaleigunefndar, sbr. lög um húsaleigusamninga.

XIV. KAFLI

Aðstoð við áfengissjúka og vímugjafavarnir.

54. gr.

Heimilt er sveitarstjórnum að fela félagsmálanefndum lögbundin verkefni áfengisvarnanefndar, sbr. áfengislög nr. 82/1969, að hluta til eða að öllu leyti.

55. gr.

Félagsmálanefndir skulu stuðla að forvörnum í áfengis- og vímugjafamálum í samstarfi við viðeigandi aðila, svo sem lögreglu, heilbrigðisþjónustu og skóla.

56. gr.

Félagsmálanefndir skulu hlutast til um að áfengissjúkir og þeir sem misnota áfengi eða aðra vímugjafa fái viðeigandi meðferð og aðstoð. Þá skal veita aðstandendum og fjölskyldum áfengissjúkra ráðgjöf og aðstoð eftir því sem við á.

57. gr.

Félagsmálanefndir skulu stuðla að því að áfengissjúkir og misnotendur vímugjafa, sem fengið hafa meðferð og læknishjálp, fái nauðsynlegan stuðning og aðstoð til að lifa eðlilegu lífi að meðferð lokinni.

XV. KAFLI

Atvinnuleysisskráning og vinnumiðlun.

58. gr.

Sveitarstjórnum er skylt að annast atvinnuleysisskráningu og vinnumiðlun, sbr. lög um vinnumiðlun nr. 18/1985.

Stjórn vinnumiðlunar og félagsmálanefnd skulu hafa náið samstarf um atvinnuleysisskráningu og vinnumiðlun.

59. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að fela félagsmálanefnd skráningu atvinnulausra og framkvæmd vinnumiðlunar að hluta til, einkum þjónustu við atvinnuleitendur, þar á meðal unglinga og aldraða.

60. gr.

Að fengnu samþykki sveitarstjórnar er svæðisstjórn um málefni fatlaðra heimilt að fela félagsmálanefndum starfrækslu atvinnuleitar fyrir fatlaða þar sem það á við, sbr. lög um málefni fatlaðra nr. 41/1983.

XVI. KAFLI

Starfshættir félagsmálanefnda.

61. gr.

Um félagsmálanefndir og starfslið sveitarfélaga gilda ákvæði VI. og VII. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, og ákvæði IV. og V. kafla sömu laga eftir því sem við á.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara og reglna sem sveitarstjórnir setja um félagsmálanefndir, starfssvið þeirra og meðferð mála.

XVII. KAFLI

Almennar reglur um meðferð einstakra mála.

62. gr.

Berist félagsmálanefnd umsókn um aðstoð samkvæmt lögum þessum skal nefndin kanna aðstæður umsækjanda eins fljótt og unnt er.

Fái félagsmálanefnd með öðrum hætti upplýsingar um nauðsyn á aðstoð eða aðgerðum skal mál kannað með sama hætti.

63. gr.

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við skjólstæðing og leitað eftir samþykki hans þar sem því verður við komið.

64. gr.

Við meðferð mála og ákvörðunartöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við skjólstæðing eftir því sem unnt er, að öðrum kosti við talsmann, ef hann er fyrir hendi.

Sé talið nauðsynlegt vegna almannahagsmuna eða velferðar viðkomandi einstaklings að hafa uppi þvingunaraðgerðir skal með þau mál farið eftir ákvæðum laga um lögræði, laga um vernd barna og ungmenna og annarra þeirra laga er slíkar heimildir veita.

Kynna skal niðurstöðu mála eins fljótt og unnt er. Ef niðurstaða er umsækjanda óhagstæð skal hún skýrð og rökstudd og tilkynnt honum tryggilega. Í slíku tilviki getur umsækjandi eða talsmaður hans krafist skriflegs rökstuðnings. Sé um skerðingu á réttindum skjólstæðings að ræða skal niðurstaða ávallt rökstudd skriflega og tilkynnt með sérstökum tryggilegum hætti.

65. gr.

Skjólstæðingur á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

66. gr.

Fulltrúar í félagsmálanefndum og starfsmenn skulu varðveita málsgögn, er varða persónulega hagi einstaklinga, með tryggilegum hætti þannig að óviðkomandi fái þar ekki aðgang. Hafi þeir kynnst einkamálum skjólstæðinga í starfi er þeim óheimilt að ræða þau mál við óviðkomandi aðila, nema að fengnu samþykki skjólstæðings eða forráðamanna hans.

67. gr.

Kynna skal aðila sérstaklega rétt hans til málskots.

68. gr.

Opinberir aðilar, sem fást við verkefni eða reka stofnanir á sviði félagsþjónustu sveitarfélaga eða fara með verkefni sem tengjast henni, skulu hafa sem nánasta samvinnu bæði hvað varðar skipulag þjónustu og málefni einstakra skjólstæðinga.

Þegar málefni skjólstæðings er til meðferðar hjá fleiri en einni stofnun skal um það höfð samvinna milli þeirra og veittar gagnkvæmar upplýsingar eftir því sem nauðsynlegt er þó þannig að gætt sé trúnaðar gagnvart skjólstæðingi.

XVIII. KAFLI

Málskot.

69. gr.

Málsaðili getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar til úrskurðarnefndar félagsþjónustu, sbr. 70. gr. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því viðkomanda barst vitneskja um ákvörðun.

Málskot til nefndarinnar frestar ekki framkvæmd hinnar kærðu ákvörðunar nema nefndin ákveði annað.

70. gr.

Úrskurðarnefnd félagsþjónustu fjallar um eftirtalin atriði:

1. Málsmeðferð, sbr. XVII. kafla.
2. Rétt til aðstoðar, sbr. IV. kafla.
3. Hvort samþykkt þjónusta og upphæð fjárhagsaðstoðar er í samræmi við reglur viðkomandi sveitarstjórnar.

71. gr.

Þrír menn eiga sæti í úrskurðarnefnd félagsþjónustu tilnefndir til fjögurra ára í senn. Hæstiréttur skipar oddamann nefndarinnar og varamann hans og skulu þeir hafa lokið embættisprófi í lögfræði. Félagsmálaráðherra skipar einn mann í nefndina og einn til vara. Sama gildir um Samband íslenskra sveitarfélaga.

Nefndin skal taka mál til meðferðar án tafar og kveða upp úrskurð sinn innan þriggja mánaða frá því nefndinni barst mál til úrskurðar. Ef ástæða þykir til getur nefndin mælt fyrir um munnlegan eða skriflegan málflutning.

Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir á sviði stjórnsýslunnar.

Kostnaður af störfum úrskurðarnefndar félagsþjónustu greiðist úr ríkissjóði.

Gildistaka.

72. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1991. Við gildistöku laga þessara eru úr gildi fallin framfærslulög, nr. 80/1947, með síðari breytingum, og lög um heimilishjálp í viðlögum nr. 10/1952, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi skal endurskoða innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Lagafrumvarp þetta er samið af nefnd sem þáverandi félagsmálaráðherra, Alexander Stefánsson, skipaði 23. júlí 1986. Í þá nefnd voru skipuð: Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, formaður Starfsmannafélagsins Sóknar, skipuð af ráðherra, Kristján Benediktsson, fyrrv. borgarfulltrúi, tilnefndur af þingflokki Framsóknarflokksins, Gunnar Jóhann Birgisson lögfræðingur, tilnefndur af þingflokki Sjálfstæðisflokkksins, Ingibjörg Rafnar lögfræðingur, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Rannveig Guðmundsdóttir, forseti bæjarstjórn-

ar Kópavogs, skipuð af ráðherra, Sveinn Ragnarsson félagsmálastjóri, skipaður af ráðherra og Þorgerður Benediktsdóttir deildarlögfræðingur, skipuð af ráðherra, sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Gylfi Kristinsson deildarstjóri var ritari nefndarinnar til ársloka 1987.

Með bréfi félagsmálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, dags. 12. janúar 1988, var nefndinni skipt í tvær nefndir, vinnunefnd og ráðgjafarnefnd. Jafnframt skipaði félagsmálaráðherra tvo nýja fulltrúa í nefndina, þá Braga Guðbrandsson félagsmálastjóra og Ólöfu Thorarensen félagsmálastjóra. Jafnframt var ákveðið að formaður nefndarinnar skyldi einnig vera ritari hennar.

Verkefni vinnunefndar var að afla upplýsinga og heimilda og semja tillögur sem ráðgjafarnefnd legði mat sitt á.

Í vinnunefnd áttu sæti: Bragi Guðbrandsson, Ólöf Thorarensen, Sveinn Ragnarsson og Þorgerður Benediktsdóttir.

Í ráðgjafarnefnd áttu sæti: Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Gunnar Jóhann Birgisson fram til 15. apríl 1988, Ingibjörg Rafnar fram til 3. nóv. 1988, Kristján Benediktsson og Sjöfn Sigurbjörnsdóttir kennari frá og með 21. des. 1987 (í stað Rannveigar Guðmundsdóttur).

Við vinnu sína hafði vinnunefnd m.a. til hliðsjónar:

1. Gögn nefndar, er skipuð var af félagsmálaráðherra 29. desember 1978, er vann að undirbúningi að frumvarpi að lögum um félagslega þjónustu sveitarfélaga.
2. Tillögur og gögn starfshóps, er skipaður var af félagsmálaráðherra 2. desember 1980, er vann að tillögum um stefnumótun um skipan félagslegrar þjónustu sveitarfélaga.
3. Félagsmálalöggjöf í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

Nefndin hafði samráð við fulltrúa frá menntamálaráðuneyti varðandi dagvist barna, fulltrúa frá heilbrigðisráðuneyti um heimaþjónustu og samráð við nefnd, sem vann að endurskoðun barnaverndarlaga á sama tíma og frumvarpið var í undirbúningi, varðandi málefni barna og þjónustu við unglinga.

Nefndin afhenti ráðherra áfangaskýrslu um tillögur sínar í byrjun júní 1988. Í þeirri skýrslu fólust, auk tillagna nefndarinnar, drög að fyrri hluta frumvarps, þ.e. að köflum um markmið laganna, stjórnun og skipulag, fjárhagsaðstoð, félagslega heimaþjónustu, barnavernd og dagvist barna. Skýrslan var kynnt ríkisstjórn og send til umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Aðdragandi og forsendur frumvarpsins.

Nefndinni var í upphafi falið að endurskoða framfærslulög, nr. 80/1947. Eins og gefur að skilja eru þau lög orðin úrelt enda hafa aðstæður í þjóðfélaginu breyst gífurlega frá setningu þeirra. Nægir í þeim efnum að benda á eflingu almannatrygginga og lífeyrissjóða ásamt bættum efnahag almennings. Hins vegar komst nefndin fljótlega að þeirri niðurstöðu að ekki væri rétt að einskorða verkið við framfærslumál þar sem lög, sem byggjast á framfærslusjónarmiðum einum saman, heyri nú sögunni til. Félagsmálaráðherra lýsti sig samþykkan því að rýmka umboð nefndarinnar í samræmi við þá hugmynd.

Þegar á sjöunda áratugnum komu fram hugmyndir þess efnis að setja bæri heildstæða löggjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þau rök lágu að baki að félagsleg aðstoð nútímans feli í sér margþættan stuðning þar sem fjárhagsaðstoð er aðeins eitt atriði í víðtækri aðstoð og þjónustu. Því væri æskilegt að leitast við að tryggja heildarsýn og samræmingu þjónustunnar með því að færa félagsmál sveitarfélaganna undir sameiginlega stjórn félagsmálanefndar. Slík stjórn kæmi í stað hinna mörgu nefnda sem hver um sig fer með einn málaflokk. Þróun á sviði félagsþjónustu sveitarfélaga hafi leitt í ljós ókosti og óhagræði þeirrar sérhæfingar. Því hafi

komið fram kröfur um aukna sameiningu og samræmingu starfa á sviði félagsþjónustunnar og jafnframt óskir um sterkari heildarstjórn þessa málaflokks.

Bent var á nauðsyn þess að yfirstjórn félagsþjónustu sveitarfélaganna væri á einni hendi, þ.e. sama ráðuneyti færi með yfirstjórn málaflokksins í stað þess að hann dreifðist á fleiri en eitt ráðuneyti.

Á árunum 1979–1983 störfuðu tvær nefndir, skipaðar af ráðherra, að því að semja frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga eða tillögur um það efni. Því verki lauk ekki og lá því niðri þar til undirbúningur þessa frumvarps hófst síðla árs 1986.

Auk starfa áðurgreindra nefnda við undirbúning að heildstæðri félagsmálalöggjöf sveitarfélaga bárust félagsmálaráðneyti á áttunda áratugnum ábendingar frá ýmsum aðilum um nauðsyn þess að semja almenn lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, svo sem frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar og Stéttarfélagi félagsráðgjafa.

Með hliðsjón af framangreindu taldi nefndin ljóst að vinna bæri að frumvarpi að heildstæðri löggfjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga. Hér komu tvær leiðir til álita. Önnur sú að leggja til að öll lög um félagsþjónustu sveitarfélaga yrðu felld saman í einn lagabálk, heildarlög. Hin leiðin var sú að vinna að frumvarpi til rammalaga þar sem kveðið yrði stuttlega á um meginreglur en við hlið þeirra laga gildi sérlög auk þess sem sveitarfélög setji sér sjálf reglur.

Við þetta úrlausnarefni vó þungt sú staðreynd að undanfarin ár hefur lagaþróunin verið sú að sett hafa verið sérlög innan félagsmálalöggjafarinnar, svo sem lög um málefni aldraða og lög um málefni fatlaðra. Þróunin hefur þannig ekki stefnt að heildarlöggjöf heldur fremur hið gagnstæða. Hin nýju sveitarstjórnarlög, sem fela í sér áherslur á sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaganna, höfðu ekki síður áhrif á niðurstöðu nefndarinnar. Hún varð því sú að unnið yrði að frumvarpi til rammalaga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Í því frumvarpi til rammalaga um félagsþjónustu sveitarfélaga, sem hér er lagt fram, er kveðið á um nýtt skipulag félagsþjónustunnar og jafnframt um efnisatriði þeirrar þjónustu, hvern málaflokk fyrir sig. Nokkrar þýðingarmiklar forsendur voru lagðar því til grundvallar. Í fyrsta lagi að ekki sé í frumvarpinu hróflað við þeim sérlögum sem í gildi eru. Undantekning er þó sú að lagt er til að elstu lögin, framfærslulögin frá 1947 og lög um heimilishjálp í viðlögum, nr. 10/1952, verði leyst af hólmi með köflum frumvarpsins um fjárhagsaðstoð og félagslega heimaþjónustu. Í öðru lagi hefur við ákvörðun á því hvaða málaflokkar teldust til félagsþjónustu sveitarfélaga verið höfð hliðsjón af 6. gr. sveitarstjórnarlaga annars vegar og þeim venjum sem skapast hafa við framkvæmd félagsþjónustunnar hins vegar. Í þriðja lagi er gengið út frá því að frumvarpið veiti svigrúm til mats miðað við staðbundnar aðstæður á hverjum stað og samrýmist þannig sjónarmiðinu um sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga. Loks gerir frumvarpið ekki ráð fyrir neinum breytingum á fjármögnun þjónustunnar frá því sem lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og lög um tekjustofna sveitarfélaga kveða á um.

Annmarkar á skipan félagsþjónustunnar.

Hér á eftir mun verða gerð grein fyrir helstu annmörkum á núverandi skipan félagsþjónustu sveitarfélaga sem frumvarpinu er ætlað að bæta úr.

1. Eins og fram hefur komið er framkvæmd félagsþjónustu sveitarfélaganna grundvölluð á mörgum sérlögum sem sett hafa verið á mjög löngum tíma. Mörg þessara laga eru fyrir löngu orðin úrelt en önnur skarast með óeðlilegum hætti. Þá er tæplega unnt að sjá innbyrðis tengingu eða skírskotun þessara laga þannig að samræmingar við framkvæmd þjónustunnar sé gætt. Þessi sérhæfingarsjónarmið í löggjöf og framkvæmd orka tvímælis.

2. Sérhæfingarsjónarmiðið felur í sér mikla verkaskiptingu eftir eðli vandamála. Þannig hefur það haft í för með sér mikinn fjölda nefnda sem hver um sig fer með einn málaflokk félagsþjónustunnar. Þetta hefur torveldað heildarsýn og samræmingu við uppbyggingu og rekstur félagsþjónustunnar og getur gert hana óhagkvæma og ómarkvissa. Þjónusta við einstaklinga hefur oft verið sundurlaus og almenningi gert erfiðara fyrir í skiptum sínum við félagsþjónustuna en ella þyrfti.
3. Sérhæfingarsjónarmiðið hefur enn fremur orðið til þess að yfirstjórn félagsþjónustu hefur dreifst á fleiri en eitt ráðuneyti. Slíkt fyrirkomulag byrgir yfirsýn yfir málaflokkinn og getur staðið í vegi fyrir lagasamræmi og samræmdri framkvæmd. Eftirliti með og aðstoð við framkvæmd laga hefur jafnframt verið ábótavant sem rekja má til dreifðrar yfirstjórnar.
4. Hin dreifða yfirstjórn hefur átt verulegan þátt í því að stefnumótun í félagsþjónustunni hefur átt erfitt uppdráttar. Einstakir málaflokkar félagsþjónustunnar hafa orðið að jaðarmálum margra ráðuneyta sem jafnvel hafa ekki haft á að skipa sérstökum starfsmönnum til að sinna þeim. Hin dreifða stjórn félagsþjónustunnar innan sveitarfélaganna hefur enn aukið á erfiðleika við stefnumörkun. Reyndin hefur því orðið sú að ekki er til stefna í félagsmálum sambærileg við stefnu stjórnvalda, t.d. í heilbrigðis- og menntamálum. Í sérlögum má þó finna markmiðslýsingu í einstökum málaflokkum þótt um framkvæmd þeirra markmiða fari með mjög ólíkum hætti.
5. Ekki gætir samræmis varðandi grundvallaratriði í framkvæmd félagsþjónustunnar. Almennt hefur verið gengið út frá því að sveitarfélögin séu grunneining félagsþjónustunnar. Hins vegar eru í veigamiklum málaflokkum lögbundin starfssvæði þar sem sveitarfélögum er skylt að sameinast um þjónustu eða hafa með sér samvinnu um hana. Þessi starfssvæði eru hins vegar ekki þau sömu heldur breytileg eftir því hver málaflokkurinn er. Þannig eiga sveitarfélög að sinna öldrunarþjónustu á grundvelli heilsugæsluumdæma, hafa samstarf í málefnum fatlaðra á vettvangi svæðisstjórna og starfa saman að vinnumiðlun á vettvangi atvinnusvæða. Þrátt fyrir þá annmarka, sem þessu fylgja, eru kostirnir þeir að reynt er að komast hjá þeim takmörkunum sem mannfæð margra sveitarfélaga setur félagsþjónustunni.
6. Flest sveitarfélög í landinu eru of fámenn til þess að geta ein og sér risið undir því að veita félagsþjónustu sem heitið getur. Segja má að þá félagsþjónustu, sem frumvarpið nær til, sé nú nær eingöngu að finna í stærstu sveitarfélögunum. Þetta leiðir óhjákvæmilega til ójafnaðar eftir því hvar fólk býr á landinu.

Breytt skipan félagsþjónustunnar og hlutverk ríkisins.

Ákvæði frumvarpsins um breytta skipan félagsþjónustunnar miða fyrst og fremst að því að sjónarmið heildarsýnar er tekið fram yfir sjónarmið sérhæfingar í stjórnun og skipan félagsþjónustunnar. Í þessu felst að stigin eru skref í átt til þess að á vettvangi ríkisins verði yfirstjórn og eftirlit með framkvæmd félagsþjónustunnar sameinuð í einu ráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, í stað fleiri ráðuneyta eins og nú er. Jafnframt verði stjórn og framkvæmd félagsþjónustunnar sameinuð á vettvangi sveitarstjórna í einni nefnd, félagsmálanefnd. Loks er áhersla lögð á að hvetja sveitarfélög til að sameinast um framkvæmd félagsþjónustu með það fyrir augum að félagsþjónusta standi öllum landsmönnum til boða.

Rammalög veita sveitarfélögum mikið svigrúm til ákvarðana miðað við aðstæður. Þegar af þeirri ástæðu er nauðsynlegt að eftirlit af hálfu framkvæmdarvaldsins sé virkt. Þar hvíli þannig endanleg ábyrgð á því að landsmenn fái sómasamlega félagsþjónustu innan ramma laganna. Gert er ráð fyrir því að hlutverk og ábyrgð viðkomandi ráðuneytis komi fyrst og fremst fram með setningu reglugerða, leiðbeiningarstarfsemi við sveitarfélögin, öflun og miðlun upplýsinga ásamt því að hafa frumkvæði að stefnumótun.

Þar sem hér er um frumvarp að rammalögum að ræða, sem veitir svigrúm til að taka mið af staðbundnum aðstæðum, ber það svipmót málamiðlunar á milli þess að um aðstoð gildi nákvæmar reglur annars vegar og sveigjanleika fyrir staðbundnar ákvarðanir hins vegar. Þessi ríka áhersla, sem lögð er á sveigjanleika, felur í sér að af hálfu hlutaðeigandi ráðuneytis sé látið við það sitja að veita sveitarfélögum leiðbeiningar, aðstoð við skýringar á lögum og stefnumótun ásamt því að fylgjast með framkvæmd laganna. Þessi staðreynd getur leitt til þess, verði frumvarpið að lögum, að þau verði að einhverju leyti framkvæmd mismunandi í einstökum sveitarfélögum og málaflokkum eftir því sem heimilt er innan ramma laganna. Einmitt með þetta í huga er mikilvægt að eftirlit ráðuneytisins verði virkt. Meginhlutverk ráðuneytis hlýtur því að vera að leggja mat á hvort lögunum sé framfylgt, skapa um það traust að lög og reglur séu framkvæmdar með þeim hætti að málefni einstaklinga fái réttmæta meðferð. Til að svo geti orðið verður ráðuneytið að eiga rétt á upplýsingum um framkvæmd félagsþjónustunnar frá sveitarfélögunum, bæði almennar og í einsökum atriðum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að félagsþjónusta sveitarfélaga heyri undir félagsmálaráðuneyti og eftirlit með framkvæmd laganna verði á vegum þess. Þannig er lagt til að nýir málaflokkar færist til þess ráðuneytis ýmist að hluta til eða að öllu leyti. Fyrst og fremst er um að ræða barnaverndarmál sem flytjast frá menntamálaráðuneyti til félagsmálaráðuneytis. Þá er gert ráð fyrir því að ný viðfangsefni félagsmálaráðuneytis verði dagvistarmál, málefni aldraða, málefni áfengissjúkra og vímugjafavarnir án þess þó að þessir málaflokkar færist í heild sinni til félagsmálaráðuneytis. Málefni aldraða og þjónusta við áfengissjúka heyra undir heilbrigðisráðuneyti. Ástæða þess að ekki er lagt til að þessir málaflokkar heyri undir félagsmálaráðuneyti er fólgin í því að þeir eru ekki einvörðungu sveitarstjórnarmál heldur jafnframt ríkis. Auk þess þyrfti að breyta sérlögum í þá veru að aðskilja félagslega og heilsufarslega þætti. Slíkt kæmi niður á heildarsýn innan þeirra málaflokka þannig að ávinningur væri takmarkaður.

Nefndin sem samdi frumvarpsdrögin lagði til að dagvistarmál færðust alveg frá menntamálaráðuneyti til félagsmálaráðuneytis og jafnframt sú nefnd sem skipuð var af ríkisstjórn til að yfirfara þau frumvarpsdrög. Hins vegar hefur komið fram verulega andstaða gegn þeirri tilhögun frá menntamálaráðuneyti og Fóstrufélagi Íslands. Sú andstaða byggist á því sjónarmiði að með því að dagvistarmál færðust til félagsmálaráðuneytis sé samfellt uppeldisstarf leikskóla og grunnskóla rofið, jafnframt því sem slíkt fyrirkomulag gæti komið niður á samræmdu þróunarstarfi í uppeldismálum. Í því skyni að koma til móts við þessi sjónarmið hefur verið fallist á að fagleg umsjón með uppeldisstarfi dagvista heyri undir menntamálaráðuneyti.

Dagvistarmál og barnaverndarmál teljast hvort tveggja til félagsmála sveitarstjórna samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Í flestum sveitarfélögum falla þessir málaflokkar undir hina skipulögðu félagsþjónustu þar sem hún er fyrir hendi. Samkvæmt lögum um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. 87/1989, er numið úr gildi framlag ríkis til uppbyggingar dagvista og er málaflokkurinn því nú að öllu leyti á ábyrgð sveitarfélaga. Ástæða er til að vekja athygli á því að í tillögum nefndar á vegum menntamálaráðuneytis um endurskoðun barnaverndarlaga er jafnframt lagt til að málaflokkurinn færist til félagsmálaráðuneytis.

Samstarf ríkis og sveitarfélaga við framkvæmd félagsþjónustu hefur verið lítið sem ekkert. Með því að færa yfirstjórn félagsþjónustunnar í eitt ráðuneyti má ætla að skipulag félagsþjónustunnar verði fastmótaðra, stefnumótun skýrari og verkaskipting ríkis og sveitarfélaga ljósari. Ætla má að með tilkomu sérstakrar deildar í félagsmálaráðuneyti, sem fer með félagsþjónustu sveitarfélaga, geti samstarf ríkis og sveitarfélaga vegna framkvæmdar félagsþjónustunnar færst í mun betra horf en verið hefur. Ekki síst mun það vera til hagsbóta fyrir sveitarfélögin sem þannig fá aðstoð og leiðbeiningar um meðferð þessara mála.

Heildstæð löggjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga.

a. Rammalöggjöf.

Að vel athuguðu máli varð niðurstaðan sú að rammalöggjöf henti vel þegar um er að ræða löggjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga. Það sem mælir frekast með rammalöggjöf er að hún veitir sveitarfélögum ákveðið frelsi og sjálfræði um val á leiðum og til að ná settum markmiðum. Jafnframt verður félagsþjónustan ekki rígbundin í venjum og vinnuaðferðum. Skapast þá meiri möguleikar til að taka mið af staðbundnum sjónarmiðum og sveigjanleiki verður meiri í félagsþjónustunni. Hins vegar gerir sjálfræði sveitarfélaga, sem fylgir rammalöggjöf, auknar kröfur til löggjafans, sveitarstjórnarmanna og starfsmanna um að tryggja réttaröryggi og jafnan rétt landsmanna hvað varðar félagsþjónustu.

Eftirtalin atriði verða að teljast forsenda fyrir rammalöggjöf:

1. Markmið laga séu vel skilgreind.
2. Eftirlitshlutverk ráðuneytis sé tryggt, vandað verði til leiðbeininga af þess hálfu og málskotsréttur tryggður.
3. Staðgóð þekking sveitarstjórnarmanna og starfsmanna á aðstæðum í sveitarfélaginu og almennri félagsþjónustu.
4. Vönduð vinnubrögð af hálfu sveitarstjórnarmanna og starfsmanna.
5. Stöðugt mat á árangri félagsþjónustu í viðkomandi sveitarfélagi til þess að tryggja að hún komi að sem mestu gagni fyrir sveitarfélagið og íbúa þess.

b. Markmiðslýsing.

Telja verður að það sé grundvallaratriðið við framkvæmd félagsþjónustu að í lögum sé skýr markmiðslýsing. Sú markmiðslýsing getur hins vegar einungis verið almenns eðlis.

Nauðsyn á markmiðslýsingu er einkar brýn þegar um er að ræða löggjöf sem veitir sveitarfélögum frelsi til að velja um úrræði. Ef þau úrræði væru skilgreind nákvæmlega í frumvarpinu væri síður þörf á almennri markmiðssetningu. En af ýmsum ástæðum er ekki mögulegt að tilgreina með tæmandi hætti í lögum öll þau fjölbreytilegu tilvik sem til álita geta komið, síst í rammalögum. Þetta tengist og því að félagslegar þarfir og þær leiðir sem réttar þykja til að mæta þeim eru háðar breytingum í tímans rás.

Stór hluti þeirra félagslegu þarfa, sem glímt er við af hálfu sveitarfélaga, er með þeim hætti að þeim verður ekki fullnægt eftir nákvæmlega tilgreindum aðferðum. Hér kemur því til faglegt mat ef úrræðin eiga að henta hverjum einstaklingi fyrir sig. Skýrt markmið er því ein leið til að koma á pólitísku aðhaldi sem haft geti áhrif á hið faglega mat.

Enda þótt telja verði að um það sé nú pólitísk samstaða að varðveita sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga við framkvæmd félagsþjónustu er jafnframt höfuðatriði að öllum íbúum landsins sé tryggð sambærileg félagsþjónusta. Vega og meta verður þessi tvö markmið sem geta rekist á. Með framangreindu er leitast við að samræma þau.

Markmiðsákvæði geta einnig haft mikilvæga þýðingu við skýringu á lögunum. Þetta á einkum við þegar beitt er ákvæðum sem bjóða upp á matskenndar ákvarðanir. Einnig er markmiðsákvæði í lögum nauðsynlegt ef fært á að vera að meta árangur af þeim aðgerðum sem þar er gert ráð fyrir. Þessi almenna markmiðslýsing er svo betur undirstrikuð með nákvæmari lýsingu á markmiðum í III. kafla þessa frumvarps þar sem fjallað er um hlutverk félagsmálanefnda og vísast þar um til 11. gr. frumvarpsins.

Að öðru leyti vísast um efni markmiðsgreinar til 1. gr. frumvarpsins.

Ný sýn á félagsþjónustu.

Þau viðhorf finnast enn að félagsþjónusta sveitarfélaga sé ætluð afmörkuðum hópi sem orðið hefur undir í lífsbaráttunni. Í frumvarpinu er þessari sýn algjörlega hafnað. Í hennar stað

er litið á félagsþjónustuna sem margháttaða þjónustu sem ætlað er að koma til móts við ólíkar þarfir íbúanna.

Mikilvægt er því að skipan félagsþjónustunnar sé með þeim hætti að ekki sé stuðlað að aðskilnaði á almennri þjónustu og aðstoð við fólk sem á í félagslegum vanda. Slíkt getur leitt til þess að skapa sérstakar „vandamálastofnanir" og er afar niðurlægjandi fyrir þá sem þangað þurfa að leita.

Í frumvarpinu er stuðlað að samskipan almennrar þjónustu og sértækrar aðstoðar eftir því sem kostur er. Þannig er gengið út frá því í þessu frumvarpi að félagsmálanefndum sé ætlað að hafa með höndum rekstur dagvista fyrir öll börn ásamt því að sinna almennri hagsmunagæslu og velferð barna í hvívetna. Á sviði unglingamála er nefndunum ætlað að sinna forvörnum jafnframt aðstoð við þá sem eiga í vanda. Þá taka ákvæði um þjónustu við aldraða og fatlaða til almennra aðgerða sem miða að því að aldraðir og fatlaðir geti lifað eðlilegu lífi og notið samvista við aðra. Loks er sú áhersla, sem lögð er á forvarnir í frumvarpinu, til þess fallin að félagsþjónustan verði almenn velferðarþjónusta sveitarfélaga og með því leitast við að tryggja lífsgæði einstaklinga og fjölskyldna.

Sú samskipan, sem að ofan greinir, gengur gegn hugmyndum um að aðskilja þjónustu tiltekinna þjóðfélagshópa, svo sem barna, aldraðra og fatlaðra.

Sveitarfélagið og ábyrgð þess.

a. Samspil milli ábyrgðar sveitarfélags og einstaklinga.

Enda þótt frumvarp þetta mæli fyrir um margvíslegar skyldur sveitarfélaga til að tryggja félagslega velferð einstaklinga verður að leggja áherslu á það grundvallaratriði að einstaklingum er engu að síður ætlað að bera ábyrgð á sjálfum sér og sínum. Þetta kemur skýrt fram í markmiðslýsingu frumvarpsins svo og einstökum köflum þess þar sem kveðið er á um tiltekna aðstoð, t.d. fjárhagsaðstoð. Enn fremur er mikilvægt að hið opinbera velferðarkerfi dragi ekki úr almennri félagslegri samhjálp sem birtist í umhyggju fyrir öðrum. Þannig er kveðið á um „að hvetja einstaklinginn til ábyrgðar á sjálfum sér og öðrum" í markmiðslýsingu frumvarpsins, jafnframt því sem markmið félagsþjónustunnar er að „virða sjálfsákvörðunarrétt hans og styrkja hann til sjálfshjálpar". Því ber ekki að líta svo á að einstök ákvæði í frumvarpi þessu feli í sér opinbera forsjá á málum einstaklinga eða hópa heldur hið gagnstæða. Í því felst að stuðlað skuli að því að einstaklingnum verði skapað það öryggi og þau skilyrði sem nauðsynleg eru til þess að hann fái lifað og dafnað með eðlilegum hætti í samfélagi við aðra.

Ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt frumvarpinu er einkum þríþætt. Í fyrsta lagi hefur sveitarfélagið sérstakar skyldur gagnvart þeim sem búa við hömlun í einni mynd eða annarri og þarfnast því tiltekinnar aðstoðar svo þeir megi lifa eðlilegu lífi. Í öðru lagi er sveitarfélögum falin sú ábyrgð að stuðla að forvörnum í félagslegu tilliti þannig að dregið sé úr líkum á því að samfélagsleg vandamál skapist. Loks er mælt fyrir um ábyrgð sveitarfélaga er lýtur að því að koma til móts við ýmsar almennar félagslegar þarfir einstaklinga sem eðlilegt er að gert sé í velferðarsamfélagi.

Þrátt fyrir ofangreinda ábyrgð sveitarfélaga eru skyldur þeirra þó ekki svo afdráttarlausar að einstaklingur eigi skilyrðislausan og tafarlausan rétt til tiltekinnar þjónustu eða aðstoðar. Bæði er að félagsþjónusta á Íslandi á langt í land með að rísa undir slíkum kröfum auk þess sem umdeilanlegt er hvort jafn afdráttarlaus réttur sé eðlilegur eða verði nokkurn tíma skilgreindur með lagasetningu svo vit sé í.

b. Samvinna sveitarfélaga.

Í frumvarpi að sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, var reiknað með lögbundnu samstarfi á héraðsgrundvelli á vegum 18 héraðsnefnda. Í upphaflegum tillögum hafði verið reiknað með 11 héraðsþingum. Hvorug tillagan náði fram að ganga.

Í núgildandi sveitarstjórnarlögum er kveðið á um að héraðsnefndir leysi sýslunefndir af hólmi og yfirtaki verkefni þeirra. Verkefni sýslunefnda, sem héraðsnefndir yfirtóku, voru mjög takmörkuð en auk þess er hægt að fela héraðsnefndum önnur verkefni.

Í 97. gr. sveitastjórnarlaga segir að sveitarstjórnir geti haft samvinnu um framkvæmd einstakra verkefna á vettvangi héraðsnefnda, byggðasamlaga og landshlutasamtaka. Samstarf á sviði landshlutasamtaka er frjálst og reyndar einnig á sviði byggðasamlaga, nema skv. 99. gr. sveitarstjórnarlaga. Auk þessara samstarfsaðila á vegum sveitarstjórnar er rétt að geta Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Við vinnu að gerð frumvarpsins kom til álita hvort gera ætti tillögur um svæðabundna félagsþjónustu í formi héraðsþinga eða héraðsnefnda. Með hliðsjón af afgreiðslu Alþingis á nýjum sveitarstjórnarlögum var hins vegar ákveðið að halda sig við þann ramma sem þar var settur. Ákvæði um samstarf sveitarfélaga í frumvarpinu eru því aðeins til þess að minna sveitarfélög á samstarfsmöguleika samkvæmt sveitarstjórnarlögum og hvetja sveitarfélög til þess að nýta þá möguleika. Niðurstaðan varð þessi þó héraðsþing eða héraðsnefndir með lögbundin verkefni og alla burði til að annast þá félagsþjónustu á svæðinu sem einstök sveitarfélög eiga erfitt með hefði verið góður kostur að mati nefndarmanna.

c. Sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaga um skipulag félagsmála og skipan nefnda.

Í frumvarpinu er lagt til að í hverju sveitarfélagi skuli vera félagsmálanefnd. Auk þess eru í gildandi lögum ákvæði um nefndir sem fara með sérstök verkefni á sviði félagsþjónustu sveitarfélaga, t.d. barnaverndarnefnd og áfengisvarnanefnd. Í báðum þeim lögum eru heimildarákvæði um að fela félagsmálaráði, (félagsmálanefnd samkvæmt frumvarpinu), verkefni þeirra að öllu eða nokkru leyti.

Samkvæmt VI. kafla sveitarstjórnarlaga er réttur sveitarfélags í sambandi við skipan nefnda rúmur.

Auk félagsmálanefndar, áfengisvarnanefndar og barnaverndarnefndar eru allmargar aðrar nefndir á sviði félagsmála, sem mælt er fyrir í lögum, t.d. á sviði vinnumiðlunar, málefna aldraða og málefna fatlaðra. Er sveitarfélögum oft á tíðum aðeins ætlað að tilnefna hluta nefndarmanna.

Ákvæði sérlaga falla oft ekki vel að hugmyndafræði um samræmda félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga og þrengja oft sjálfsákvörðunarrétt þeirra um skipulag félagsmála og skipan nefnda.

Heimildarákvæði frumvarpsins um skipan undirnefnda er mjög í samræmi við frjálsræði sveitarstjórna um skipan félagsmála.

Félagsmálanefndir. Heildarsýn innan sveitarfélagsins.

Lagt er til að stjórn og framkvæmd félagsþjónustu í hverju sveitarfélagi hvíli á einni nefnd en dreifist ekki á margar nefndir eins og víða er enn. Sveitarfélögum verði skylt að koma þessu svo fyrir með því að kjósa til þess sérstaka félagsmálanefnd. Litið er svo á að slíkt fyrirkomulag sé forsenda þess að markmið frumvarpsins nái fram að ganga. Rökin fyrir nauðsyn þessa eru fyrst og fremst þau að talið er að heildarsýn yfir félagslega hagi sé skilyrði þess að félagsþjónusta komi fólki að notum. Mörg sveitarfélög hafa þegar tekið þetta skref og fellt mikinn hluta af félagsþjónustu sinni undir eina nefnd, félagsmálaráð, og hefur það gefist vel. Því er lagt til að það fyrirkomulag verði lögfest.

Félagsmálanefnd skal því í umboði sveitarstjórnar vera samnefnari fyrir félagsþjónustu í sveitarfélaginu og sjá til þess að fjármunir sveitarfélagsins nýtist sem best í þess þágu. Þetta er einungis mögulegt með því að yfirlitið yfir félagsþjónustuna sé á einni hendi í sveitarfélaginu. Lagt er til að félagsmálanefndir geti falið starfsmönnum afgreiðslu ákveðinna mála og einnig

geti félagsmálanefndir falið undirnefnd ákveðin verkefni. Þetta gerir félagsmálanefnd fært að einbeita sér að almennum atriðum og leggja línur varðandi forvarnastarf. Félagsmálanefnd hefur einnig mikilvægu hlutverki að gegna við að tryggja réttaröryggi íbúa sveitarfélaga þar sem félagsmálanefnd, sem hinn ábyrgi aðili á framkvæmd félagsþjónustu í sveitarfélaginu, geti tekið allar ákvarðanir starfsmanna til endurskoðunar og með því móti beitt þá aðhaldi.

Með heildarsýn við úrlausn mála á vettvangi félagsþjónustu sveitarfélaga er átt við það að við meðferð mála einstaklinga eða fjölskyldna sé litið á félagslegar þarfir fólks í tengslum við umhverfi þess. Nauðsynin á heildarsýn í þjónustu við einstaklinga er ein af röksemdum fyrir því að talið var nauðsynlegt að samin yrði heildstæð löggjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Með því að hafa heildarsýn í ofangreindri merkingu sem rauðan þráð í frumvarpinu er þar með tekin viss afstaða til þess hvers eðlis félagslegar þarfir eru og á hvern hátt sé best komið til móts við þær. Þannig verði félagslegar þarfir einstaklinga ekki greindar, nema fyrir liggi yfirsýn yfir aðstæður í umhverfi þeirra. Með umhverfi er hér ekki eingöngu átt við fjölskyldu heldur umhverfið í víðara skilningi, svo sem nágranna, skóla, vinnustað o.fl.

Heildarsýnin setur einnig svipmót sitt á það hvernig rétt sé að skipuleggja félagsþjónustuna, ekki sem einangraða þjónustu, heldur sem þjónustu þar sem lögð verði rík áhersla á samvinnu við aðra aðila, svo sem skóla, heilsugæslu, vinnustaði svo örfá dæmi séu tekin.

Segja má að nú ríki um það samdóma álit flestra þeirra, sem fást við félagsþjónustu sveitarfélaga, að leggja beri áherslu á heildarsýn yfir félagslega hagi fólks enda verði að telja kosti hennar auðsæja.

Réttur til félagsþjónustu.

Við athugun á því hvort íbúum sveitarfélaga sé tryggður réttur til félagsþjónustu þarf að liggja ljóst fyrir hvaða skilningur er lagður í það hugtak. Ef réttur fólks er skilgreindur svo að við vissar aðstæður geti fólk krafist ákveðinnar aðstoðar eða þjónustu, sem eigi sér stað án tafar, er réttur í þeim skilningi ekki tryggður með ákvæðum frumvarpsins.

Sá réttur sem íbúum sveitarfélaga er tryggður samkvæmt frumvarpinu er almenns eðlis í samræmi við skyldur þær sem lagt er til í frumvarpinu að sveitarfélögin beri. Útfærsla réttarins í einstökum tilvikum hvílir á herðum hvers sveitarfélags miðað við aðstæður hvers umsækjanda fyrir sig. Þannig er t.d. ekki lagt til að tilgreint sé hver sú fjárhæð (eða lágmarksfjárhæð) skuli vera sem umsækjandi um fjárhagsaðstoð eigi rétt á. Ástæðan er sú að slík afmörkuð skylda mundi stríða gegn þeim skilningi sem nú er lagður í sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga og slíkum rétti yrði varla fullnægt án sérstaks ríkisframlags sem eingöngu væri ætlað þessum málaflokki.

Þótt ekki sé mögulegt, miðað við núverandi aðstæður, að skilgreina rétt fólks til félagsþjónustu með nákvæmum hætti, er ljóst að frumvarpinu er ætlað að tryggja rétt fólks til þjónustu og aðstoðar, tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi fólks, þ.e. rétt þess til ráðgjafar, fjárhagsaðstoðar, félagslegrar heimaþjónustu, dagvistar barna, úrræða í húsnæðismálum o.fl., enda þótt telja verði að það sé verkefni hvers sveitarfélags að útfæra nákvæmlega hver réttur hvers einstaklings er.

Þar sem í frumvarpinu er lagt til að sveitarfélög setji sér reglur um aðstoð og þjónustu, þ.e. um framkvæmd fjárhagsaðstoðar og heimaþjónustu, má segja að réttur einstaklinga sé best tryggður hvað þá tvo málaflokka varðar.

Nokkrar meginreglur og hugtök varðandi félagsþjónustu einstaklinga og fjölskyldna.

a. Sjálfsákvörðunarréttur. Samvinna við skjólstæðing.

Í frumvarpinu er lögð höfuðáhersla á samstarf við íbúa og þjónustu við þá sem byggist á sjálfsákvörðunarrétti þeirra sem þjónustunnar njóta. Í því sambandi er lögð áhersla á að þjónustan verði sem aðgengilegust og án þvingunaraðgerða að svo miklu leyti sem unnt þykir.

Í þessu frumvarpi er því hvergi að finna sjálfstæð ákvæði um valdbeitingu.

b. Forvarnastarf.

Í frumvarpinu er lögð áhersla á skyldur félagsmálanefndar til að halda uppi markvissu forvarnastarfi. Annars vegar með aðgerðum sem hafa almennt varnaðargildi og hins vegar aðgerðum sem eru til þess fallnar að koma í veg fyrir einstaklingsbundin vandamál og grípa á þeim vanda eins fljótt og unnt er.

Skilgreining á forvörnum í félagslegum efnum hefur verið mjög á reiki. Hér er fylgt þeim skilningi sem lagður er í félagslegar forvarnir, m.a. af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni. Greina má forvarnaaðgerðir í þrennt eftir eðli þeirra enda þótt mörkin milli einstakra stiga kunni að vera óljós.

Fyrsta stigs forvörn hefur að markmiði að draga úr líkum á því að vandamál af félagslegum toga verði til. Þannig er fyrsta stigs forvörn fólgin í því að bæta lífsskilyrði fólks almennt og einstakra hópa, t.d. barna og ungmenna sérstaklega. Oftast eru aðgerðir til að styrkja fjölskylduna áhrifaríkastar í þessum efnum þar sem fjölskyldan verður að teljast hornsteinn félagslífs. Dæmi um slíkan félagslegan stuðning eru úrræði á sviði dagvistunar fyrir börn, húsnæðismála og atvinnumála. Önnur viðleitni í þessa veru gæti haft að markmiði að hlúa að félagslegum þörfum á sviði tómstundamála, íþrótta og annarra þroskandi athafna.

Annars stigs forvörn hefur að markmiði að greina og bregðast við félagslegum vanda svo fljótt sem kostur er með það fyrir augum að hindra áframhaldandi þróun. Gengið er út frá því að því fyrr sem tekið er á erfiðleikum, þeim mun meiri líkur séu á árangri. Gjarnan er á þessu stigi unnið að lausn vandamálsins í því umhverfi sem það varð til. Þannig er reynt að forðast vistun á sólarhringsstofnunum sem líta verður á sem neyðarráðstöfun. Dæmi um annars stigs forvarnir má nefna heimaþjónustu fyrir aldraða, leitarstarf meðal unglinga (sjá síðar), stuðningsúrræði í barnavernd og ráðgjöf.

Þriðja stigs forvörn stefnir að því að draga úr líkum á hliðarverkunum félagslegs vanda og að stuðla að endurhæfingu. Þegar hér er komið hefur oft verið gripið til róttækra ráðstafana, t.d. innlagna á stofnanir. Forvarnir á þessu stigi miða oft að því að styðja aðstandendur þess sem í vandanum á eða að undirbúa endurkomu hans í sitt fyrra umhverfi þannig að aðlögun verði án áfalla.

c. Leitarstarf.

Leitarstarf er þýðingarmikill þáttur í forvörnum. Í hugtakinu felst skipulögð upplýsingaleit og/eða starfsemi sem lýtur að aðstæðum tiltekinna hópa og miðar að því að varpa ljósi á félagslegan vanda þannig að unnt verði að ráða á honum bót. Einkum hefur hugtakið verið notað í unglingastarfi og vísar þá til starfsemi sem felst í því að hafa uppi á svokölluðum „áhættuhópum". Í áhættuhópi unglinga eru þá þeir sem búa við þannig aðstæður og/eða sýna slíka hegðun að ætla megi að þeir lendi í verulegum erfiðleikum. Með sama hætti má skilgreina aðra áhættuhópa, t.d. aldraða sem búa við félagslegt og/eða heilsufarslegt óöryggi eða börn foreldra sem lítt eru færir um að sinna þeim með fullnægjandi hætti.

Leitarstarf gerir kröfu til þess að félagsmálanefnd eigi samstarf við ýmsa aðila um öflun upplýsinga og meðferð einstakra mála. Má þar nefna skóla, heilsugæslustöðvar og þá sérstaklega mæðraeftirlit, ungbarnaeftirlit og heilsugæslu aldraðra. Einnig getur samstarf við fræðsluyfirvöld og lögreglu verið nauðsynlegt í þessu skyni. Loks getur leitarstarfið gefið tilefni til samstarfs við frjáls félagasamtök og hagsmunasamtök, t.d. félag einstæðra foreldra, samtök fatlaðra og stéttarfélög.

d. Samskipan – Blöndun.

Eitt þeirra sjónarmiða sem lagt er til grundvallar lagafrumvarpi þessu er samskipan eða blöndun. Samskipan felur í sér að menn virði og viðurkenni hvorn annan þótt þeir séu ólíkir. Samkvæmt þessu lítur hinn ófatlaði á hinn fatlaða eða hinn ungi á hinn aldraða sem manneskju með sína tilteknu eiginleika og því fullverðuga hvar og hvenær sem er. Í þessu sjónarmiði felst

að forðast ber aðskilnað ólíkra þjóðfélagshópa með því að skipa þeim á ákveðinn bás í félagslegu tilliti. Þannig er stuðlað að því, t.d., að koma í veg fyrir ótímabæra stofnanavist með því að gera öldruðum kleift að búa sem lengst á eigin heimili og taka þátt í daglegu lífi. Jafnframt felst í samskipan að þjónusta við fatlað fólk sé veitt á þeim stöðum sem þjóna almennum borgurum eftir því sem unnt er og við á.

Loks skal á það bent að þjónusta á grundvelli samskipunar er oft mun hagkvæmari en sértæk stofnanaþjónusta.

e. Hjálp til sjálfshjálpar.

Í frumvarpinu er lögð áhersla á hjálp til sjálfshjálpar þannig að veitt aðstoð og þjónusta hafi það að markmiði að einstaklingurinn verði sjálfbjarga og fær um að lifa sem eðlilegustu lífi.

Þessi endurhæfingar- eða hæfingarsjónarmið skulu því höfð í hávegum í sambandi við veitta aðstoð, hvort sem hún er fólgin í ráðgjöf, fjárhagsaðstoð eða útvegun atvinnu.

f. Samstarf félagsmálanefndar við aðra opinbera aðila.

Samvinna opinberra aðila er nauðsynleg bæði varðandi heildarstefnumótun og um einstök mál. Félagsþjónustan hefur þörf fyrir upplýsingar og úrræði sem aðrir hafa yfir að ráða. Eflaust eru sömu rök fyrir hendi af hálfu annarra opinberra aðila um samstarf við þá sem fara með félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga. Því þykir rétt í frumvarpi að lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga að leggja áherslu á ýmis þau atriði í starfsemi á vegum félagsmálanefnda sem krefjast náinnar samvinnu og samstarfs við aðrar opinberar stofnanir. Hér er því lögð áhersla á samstarf við opinberar nefndir og stofnanir. Í frumvarpinu er því lagt til að lögbinda ábyrgð félagsmálanefndar um samvinnu við ýmsa opinbera aðila án þess að beinlínis sé verið að tilgreina nánar hvernig skuli staðið að samvinnu.

Samvinna getur annars vegar beinst að áætlanagerð og stefnumótun og hins vegar meðferð mála einstakra skjólstæðinga. Í því sambandi gæti verið æskilegt að koma á samstarfsnefndum og skal þess þó ætíð gætt að slík nefnd sé aðeins viðbótarúrræði, en er ekki ætlað að taka lögbundna ábyrgð frá einstökum samstarfsaðilum.

Markmið slíkrar samvinnu, frá sjónarmiði félagsmálanefnda, er annars vegar að koma í veg fyrir félagsleg vandamál og hins vegar að standa betur að endurhæfingu og meðferð í málum einstakra skjólstæðinga.

Auk almennra ákvæða í frumvarpinu um samstarf opinberra aðila er í ýmsum lögum sérákvæði um samstarf og upplýsingaskyldu opinberra aðila sín á milli.

Helstu opinberir samstarfsaðilar félagsmálanefnda eru ráð, nefndir og stofnanir sem fara með eftirtalda málaflokka: Fræðslu- og skólamál, heilsugæslu og sjúkrahús, æskulýðs- og tómstundamál, skipulagsmál, löggæslu, fangavernd og vinnumiðlun.

g. Samvinna félagsmálanefndar við félög og félagasamtök.

Félög og félagasamtök hafa lengi gegnt umfangsmiklu hlutverki á sviði félagsþjónustu innan sveitarfélaga.

Allt mælir með því að svo verði áfram þar sem starfsemi félaga og félagasamtaka eykur samkennd og styrkir samábyrgð borgaranna og eflir þá jafnframt til sjálfshjálpar. Auk þess hafa félög og félagasamtök oft frumkvæði að og beita sér fyrir nýjungum sem styrkja mjög félagsþjónustu í sveitarfélaginu.

Félögin hafa einnig yfir að ráða vinnuframlagi, fjárframlögum og mikilvægum úrræðum sem létta fjárhagslega á sveitarfélögum.

Því er í lagafrumvarpi þessu lögð áhersla á samstarf og samvinnu við félög og félagasamtök sem hafa haslað sér völl á sviði félagsþjónustu.

Helstu dæmi um slík frjáls félög og samtök eru: Launþegasamtök, æskulýðs- og íþróttafélög, bindindissamtök, félög fatlaðra, félög aldraðra, safnaðarfélög, hverfasamtök og ýmiss konar líknar- og styrktarfélög.

h. Réttaröryggi.

Hugtakið réttaröryggi er margþætt og alloft notað í óljósri merkingu. Meginefni þess felst þó í því að jafnræði gildi við meðferð mála, komið sé í veg fyrir að fólk þoli yfirgang og mismunun af hálfu hins opinbera, hafi möguleika á að vita fyrir fram um réttarstöðu sína og að verja hagsmuni sína.

Ljóst er að reglur um réttaröryggi eru mikilvægastar í þeim lögum, sem heimila þvingunaraðgerðir gagnvart fólki, svo sem barnaverndarlögum og lögum um lögræði svo dæmi séu tekin um lög er snerta skjólstæðinga félagsþjónustunnar. Enda þótt ekki sé gert ráð fyrir því í frumvarpinu að heimilt sé að grípa til þvingunaraðgerða er engu að síður þörf á því að fólki sé tryggt réttaröryggi og gilda að sínu leyti um það sömu sjónarmið og þegar um þvingunarákvæði er að ræða enda þótt ekki séu jafn afdrifaríkir hagsmunir í húfi.

Til þess að fólk njóti réttaröryggis við framkvæmd félagsþjónustu á ákvörðunum um aðstoð eða þjónustu þarf að tryggja vandaða málsmeðferð frá upphafi, fært starfsfólk fari með málefni einstaklinga, ekki sé um vanhæfi að ræða, skjólstæðingar hafi aðstöðu til að kynna sér gögn og koma sjónarmiðum sínum á framfæri, framgangsmáti yfirvalds sé með þeim hætti að hann vekji öryggiskennd hjá fólki og að möguleiki sé til málskots til óháðs aðila.

i. Málskotsréttur.

Einn þáttur í ábyrgð ríkisins á félagsþjónustu sveitarfélaga felst í því að fólki sé veittur réttur til að skjóta málum sínum til aðila á vegum ríkisins.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að gangur mála verði með þeim hætti að meðferð máls hefjist hjá starfsmanni eða félagsmálanefnd. Ákvörðunum starfsmanna megi ávallt vísa til félagsmálanefndar sem ber ábyrgð á framkvæmd félagsþjónustunnar í sveitarfélaginu. Sá sem ekki vill una ákvörðun félagsmálanefndar geti síðan skotið ákvörðun hennar til sérstaks úrskurðaraðila, úrskurðarnefndar félagsþjónustu, og er þar um hið eiginlega málskot að ræða.

Hafi undirnefnd félagsmálanefndar verið falið ákvörðunarvald verður ákvörðun hennar skotið beint til úrskurðarnefndar félagsþjónustu enda vinnur undirnefnd í umboði félagsmálanefndar.

Málskots til óháðs aðila á vegum ríkisins er ein forsenda þess að rammalög um félagsþjónustu sveitarfélaga veiti nægjanlega réttarvernd og vísast um þetta atriði til umfjöllunar um rammalög hér að framan.

Um nánari rök fyrir því að komið verði á fót sérstökum úrskurðaraðila vísast til athugasemda við 69. gr.

Um þvingunarvald í félagsþjónustunni.

Rétt er að vekja athygli á því að enda þótt frumvarp þetta feli ekki í sér heimild til að beita skjólstæðinga þvingunaraðgerðum eru önnur lög sem heimila eða jafnvel skylda félagsmálayfirvöld til að sinna slíkum málum í neyðartilvikum. Annars vegar er um að ræða skyldu til þess að grípa til nauðsynlegra aðgerða til þess að vernda velferð barna náist ekki samvinna við foreldra, sbr. lög um vernd barna og ungmenna. Hins vegar er að finna þá heimild í lögræðislögum að félagsmálastofnun, eða samsvarandi fulltrúi sveitarstjórna, geti verið aðili að þvingunarmáli þegar fullorðnir eiga í hlut. Slíkum úrræðum er aðeins beitt sé einstaklingur talinn hættulegur sjálfum sér eða öðrum.

Fjármögnun.

Frumvarpið felur ekki í sér breytingu á fjármögnun félagsþjónustu miðað við nýsett lög um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. 87/1989. Félagsþjónustan greiðist af sveitarfélögum eins og verið hefur. Til þess að sveitarfélög geti fullnægt skyldum sínum og haldið uppi því þjónustustigi, sem lög þessi kveða á um, verða þeim veitt jöfnunarframlög í samræmi við b-lið 14. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 91/1989.

Við undirbúning reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 542/1989 var höfð hliðsjón af frumvarpi þessu og sér þess stað í 14. gr. reglugerðarinnar þar sem kveðið er á um þjónustuframlög. Þar kemur fram í 3. mgr. að við flokkun sveitarfélaga í þjónustustig skuli höfð hliðsjón af félagslegri þjónustu, svo sem við börn, aldraða og fatlaða, heimaþjónustu og fjárhagsaðstoð. Bent skal á að upptalning þessi er ekki tæmandi.

Hvað varðar bein útgjöld ríkissjóðs í kjölfar frumvarps þessa skal tekið fram að þau eru mjög takmörkuð. Einungis er um að ræða kostnað vegna starfa úrskurðarnefndar félagsþjónustu, svo og nýrrar deildar í félagsmálaráðuneyti. Á móti kemur að kostnaður ríkissjóðs vegna erlendra ríkisborgara lækkar, sbr. 16. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Um 1. gr.

Í íslenskri félagsmálalöggjöf örlar víða á markmiðslýsingu, t.d. í lögum um vernd barna og ungmenna, framfærslulögum, áfengislögum og lögum um málefni aldraðra og málefni fatlaðra. Því nýrri sem löggjöfin er, þeim mun greinilegri og fastmótaðri er markmiðslýsingin. Segja má að markmiðslýsing sé nú nánast viðtekin venja í nútíma félagsmálalöggjöf.

Með því lagafrumvarpi, sem hér er lagt fram, er stefnt að rammalöggjöf sem fyrst og fremst er stefnumótandi fyrir sveitarfélög er hafi mikið valfrelsi og rúman ákvörðunarrétt um það hvernig markmiðum verður náð. Því er brýnt að stefnumótun verði sem skýrust og heildarmarkmiðslýsing laganna nái sem best til hinna ýmsu þátta félagsþjónustu einstakra sveitarfélaga.

Lykilatriði í markmiðsgreininni eru:

— Fjárhagslegt öryggi.
— Félagslegt öryggi.
— Velferð.
— Samhjálp.
— Ábyrgð einstaklings á sjálfum sér.
— Ábyrgð einstaklings á öðrum.
— Sjálfshjálp.
— Sjálfsákvörðunarréttur.

Aðalmarkmið allrar félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi íbúa á grundvelli samhjálpar. Hér er viðurkennt að samfélagið hafi skyldur við einstaklinginn og þurfi að grípa til ráðstafana til að tryggja afkomu hans þannig að grundvallarþörfum í efnahagslegu og félagslegu tilliti sé fullnægt. Aðgerðir samfélagsins í þessa veru geta verið á ýmsa lund en áhersla er á það lögð að velferðarsjónarmið sitji í fyrirrúmi. Hér er átt við að komið sé til móts við ólíkar þarfir einstaklinga og hópa þannig að leitast sé við að stuðla að jöfnuði og bættum lífsgæðum svo þeir megi lifa eðlilegu lífi.

Greinin gerir ráð fyrir því að ofangreindum markmiðum megi ná með tilteknum hætti. Í fyrsta lagi er bent á aðgerðir sem miða að því að bæta lífskjör þeirra sem standa höllum fæti. Vísast í þeim efnum einkum til kafla frumvarpsins um fjárhagsaðstoð og húsnæðismál. Í öðru lagi með því að leitast við að tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði. Hér vísast einkum til kafla um málefni barna, dagvist barna og þjónustu við unglinga. Í þriðja lagi að veita aðstoð til þess

að íbúar geti búið sem lengst í heimahúsum, stundað atvinnu og lifað sem eðlilegustu lífi. Kaflarnir um aðstoð við aldraða, aðstoð við fatlaða, aðstoð við áfengissjúka og vinnumiðlun falla sérstaklega undir þetta atriði. Loks er kveðið á um aðgerðir sem eru til þess fallnar að koma í veg fyrir félagslegan vanda. Hér er um almennt atriði að ræða sem hefur mikla þýðingu við framkvæmd félagsþjónustunnar á öllum sviðum hennar. Í því viðfangi er þó ástæða til að vekja athygli á kafla um félagslega ráðgjöf en forvarnagildi ráðgjafar, sem veitt er einstaklingum, hefur oft mikla þýðingu.

Í greininni er kveðið á um að áhersla skuli lögð á að einstaklingurinn beri ekki aðeins ábyrgð á sjálfum sér heldur einnig meðborgaranum. Opinber félagsþjónusta má ekki verða til þess að deyfa tilfinninguna fyrir ábyrgð einstaklingsins á sjálfum sér og öðrum.

Lögð er áhersla á að félagsþjónustan sé veitt í samráði við skjólstæðinginn og sjálfsákvörðunarréttur hans sé virtur eins og unnt er. Aðeins alvarlegustu mál geta réttlætt þvingunaraðgerðir af hálfu félagsþjónustu sveitarfélaga.

Jafnframt er lögð áhersla á aðstoð sem fólgin er í hjálp til sjálfshjálpar, þ.e. að einstaklingurinn verði fær um að stjórna málum sínum sjálfur en verði ekki háður aðstoðinni.

Um 2. gr.

Við ákvörðun á því hvað teljist til félagsþjónustu sveitarfélaga er annars vegar höfð hliðsjón af 6. gr. sveitarstjórnarlaga og hins vegar af framkvæmd félagsþjónustu eins og hún er nú.

Samkvæmt 6. gr. sveitarstjórnarlaga teljast eftirtaldir málaflokkar til félagsmála:

— Framfærslumál.
— Aðstoð við aldraða og fatlaða.
— Barnaverndarmál.
— Varnir gegn notkun vímugjafa.
— Rekstur dagvista fyrir börn.
— Rekstur dvalarheimila aldraðra.
— Rekstur heimilishjálpar.

Með hliðsjón af ofangreindu ákvæði sveitarstjórnarlaga er rétt að vekja athygli á eftirfarandi:

1. Samkvæmt sérstökum lögum, sem eru í gildi um málefni aldraðra annars vegar og málefni fatlaðra hins vegar, er gert ráð fyrir að stjórn þeirra málaflokka, ýmist í heild eða í einstökum atriðum, sé með öðrum hætti en ætla mætti samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Þannig er stjórn málefna fatlaðra falin sérstökum svæðisstjórnum sem eru að mestu leyti óháðar þeim sveitarfélögum sem eru innan þeirra vébanda. Þá er gert ráð fyrir því í lögum um málefni aldraðra að þjónusta við aldraða teljist til heilbrigðismála en ekki félagsmála og heyri því undir heilbrigðisráðuneytið. Þannig eru heilsugæslumdæmi grunneiningar í skipulagi öldrunarþjónustunnar. En eins og kunnugt er eru oftast mörg sveitarfélög um hvert heilsugæsluumdæmi sem oft falla ekki fyllilega að svæðisskiptingu sveitarstjórnarlaga, t.d. héraðsnefnda.

   Af þessu má ljóst vera að talsverðir annmarkar eru á því að rammalöggjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga taki til málefna aldraðra og fatlaðra. Hins vegar verður ekki horft framhjá því að vissir þjónustuþættir í þessum málaflokkum, t.d. heimaþjónusta aldraðra og fatlaðra og félagsstarf aldraðra, eru mjög veigamiklir í framkvæmd félagsþjónustu sveitarfélaganna og því óhjákvæmilegt að frumvarpið taki til þeirra.
2. Félagsleg ráðgjöf, vinnumiðlun, húsnæðismál og þjónusta við unglinga eru ekki tilgreind sem sérstök verkefni á sviði félagsmála samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Hins vegar er talið eðlilegt að svo verði gert í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

   Félagsleg ráðgjöf er mjög veigamikill þáttur við framkvæmd félagsþjónustunnar nú, þar

sem hún er skipulögð. Segja má að tæplega sé unnt að framkvæma ákvæði þessa frumvarps um félagsþjónustu án þess að félagsleg ráðgjöf sé þar snar þáttur. Um forvarnagildi hennar í málefnum einstaklinga er óþarft að fjölyrða.

Þar sem vinnumiðlunarskrifstofa eða atvinnumiðlun er rekin af sveitarfélögum hefur henni verið markaður bás innan hinnar skipulögðu félagsþjónustu ef Reykjavíkurborg er undanskilin. Þá hníga að því mörg rök, ekki síst er lúta að forvörnum í félagsmálum, að atvinnuleysisskráning og vinnumiðlun séu hluti af félagsþjónustu.

Húsnæðismál eru jafnframt snar þáttur í félagsþjónustu sveitarfélaga og er þá átt við félagslegt íbúðarhúsnæði, þ.e. leiguíbúðir sveitarfélaga, verkamannabústaði og félagslegar kaupleiguíbúðir. Þá má benda á að 1. gr. núgildandi framfærslulaga hefur verið túlkuð þannig að hún taki einnig til húsnæðis.

Loks þykir rétt að sett verði í lög sérstök ákvæði um þjónustu við unglinga enda hafa mörg sveitarfélög rekið mjög umfangsmikla þjónustu á þessu sviði. Nægir í þeim efnum að nefna félagsmiðstöðvar fyrir unglinga, útideildarstarf, unglingaathvörf, svo og ýmsa tómstundastarfsemi sem boðið hefur verið upp á.

Um II. kafla.

Um 3. gr.

Lagt er til að málaflokkurinn heyri undir félagsmálaráðuneyti. Til samræmingar við frumvarp til laga um leikskóla er þó gert ráð fyrir því að fagleg yfirumsjón þess málaflokks, t.d. uppeldisáætlanir, heyri undir menntamálaráðuneyti.

Gert er ráð fyrir því að yfirstjórn ráðuneytis sé fyrst og fremst fólgin í heildarstefnumótun á sviði félagsmála, ráðgjafar- og leiðbeiningarstarfsemi fyrir sveitarfélög, setningu reglugerða, frumkvæði að ýmiss konar könnunum, svo og eftirliti með því að sveitarfélög fullnægi lagaskyldum er varða félagsþjónustuna.

Með því að félagsþjónusta sveitarfélaga heyri sem mest undir eitt ráðuneyti, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, má ætla að skipulag félagsþjónustu verði fastmótaðra, stefnumótun skýrari og verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga ljósari.

Til að sinna þessu viðamikla verkefni er gert ráð fyrir að í félagsmálaráðuneyti verði stofnuð ný deild sem sjái um félagsþjónustuna í heild sinni.

Þar sem lagt er til að félagsþjónusta sveitarfélaga sem heild falli undir félagsmálaráðuneyti leiðir það til þess að þangað verði færð ný verkefni, barnavernd og að hluta dagvist barna, þjónusta við aldraða og áfengissjúka. Eins og áður hefur komið fram er lagt til að faglegi hluti af dagvist barna heyri undir menntamálaráðuneyti. Í því felst fagleg umsjón menntamálaráðuneytis með starfi dagvista í því skyni að koma til móts við það sjónarmið að heildarsýn í uppeldis- og kennslumálum rofni ekki og heyri undir sama ráðuneyti.

Mörg rök hníga að því að yfirstjórn félagsþjónustu sveitarfélaga verði sem mest í einu ráðuneyti. Í fyrsta lagi má benda á að við það að málaflokkurinn dreifist á fleiri en eitt ráðuneyti, reynist torvelt að öðlast heildarsýn og gæta samræmingar hvað upplýsingar og rekstur félagsþjónustunnar áhrærir. Þannig hefur stefnumörkun á þessum vettvangi verið í lágmarki utan þeirrar sem einstök sveitarfélög hafa staðið að. Í öðru lagi hefur ekki verið haft virkt eftirlit með því að lögbundin félagsþjónusta komist í framkvæmd. Í þriðja lagi má benda á að eðlilegt er að dagvistarmál og barnaverndarmál, sem eru lögbundin verkefni sveitarfélaga, heyri undir ráðuneyti sveitarstjórnarmála. Loks er vert að vekja athygli á því að þar sem skipulagða félagsþjónustu sveitarfélaga er að finna hefur dagvistar- og barnaverndarmálum verið markaður vettvangur innan hennar í langflestum tilvikum. Eina umtalsverða undantekningin frá þeirri meginreglu er sú að rekstur Dagvistar barna í Reykjavík er óháður Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar sem einkum má rekja til þess hve rekstur dagvistar barna í höfuðborginni er umfangsmikill.

Um 4. gr.

Í samræmi við sveitarstjórnarlög eru sveitarfélög enn sem fyrr grunneining félagsþjónustu og ber sveitarstjórn ábyrgð á því að lögbundin félagsþjónusta sé fyrir hendi í sveitarfélaginu. Jafnframt ber sveitarfélagið fjárhagslega ábyrgð á framkvæmd félagsþjónustu.

Sveitarfélag beri þannig ábyrgð á því að íbúar þess fái þá félagsþjónustu sem þeir hafa þörf fyrir og eiga rétt til. Ein aðalhindrunin, sem staðið hefur í vegi fyrir því að sveitarfélög veiti íbúum sínum eðlilega félagsþjónustu, er sú að mörg þeirra eru fámenn og vanmegnug. Úr þeim vanda verður ekki leyst með þessu frumvarpi. Hins vegar er í frumvarpinu lögð áhersla á samvinnu sveitarfélaga til að auðvelda þeim að fullnægja lagaskyldum.

Um 5. gr.

Með grein þessari er lagt til að öllum sveitarstjórnum verði skylt að kjósa félagsmálanefnd til þess að sjá um framkvæmd félagsþjónustu í sveitarfélaginu.

Með þessu er verið að leggja áherslu á þýðingu þess að í hverju sveitarfélagi sé starfandi nefnd sem hafi á hendi stjórn félagsþjónustu innan sveitarfélagsins bæði í stefnumarkandi málum og einstaklingsbundinni aðstoð.

Auk þess eru í gildandi lögum ákvæði um nefndir sem fara með sérstök verkefni á sviði félagsþjónustu sveitarfélaga, t.d. barnaverndarnefnd og áfengisvarnanefnd. Í báðum þeim lögum eru heimildarákvæði um að fela félagsmálaráði (félagsmálanefnd samkvæmt frumvarpinu) verkefni þeirra að öllu eða nokkru leyti.

Samkvæmt VI. kafla sveitarstjórnarlaga er réttur sveitarfélags til að ákveða fyrirkomulag nefndarskipana verulegur og heimildarákvæði mörg.

Um 6. gr.

Samkvæmt 5. gr. frumvarps skal sveitarstjórn kjósa félagsmálanefnd eða ráð sem fer með framkvæmd þeirra mála sem flokkast undir félagsþjónustu. Með þessu er lögð áhersla á samræmda stjórn félagsþjónustunnar. Í þessari grein er hins vegar heimilað að skipa undirnefnd(ir) félagsmálanefndar sem í sérstökum tilvikum kann að reynast heppilegt vegna stærðar og umfangs þeirra verkefna sem undir félagsmálanefndir heyra. Hér væri um að ræða nefndir sem gætu farið með sérstök verkefni miðað við málaflokka, tiltekið svið innan málaflokks eða hverfis-/svæðisbundna þjónustu. Sveitarstjórn setji reglur um verksvið og starfshætti undirnefnda, að fengnum tillögum félagsmálanefndar.

Gert er ráð fyrir því að a.m.k. einn fulltrúi úr félagsmálanefnd eigi sæti í undirnefnd og undirnefnd komi á framfæri upplýsingum til félagsmálanefndar eftir því sem félagsmálanefnd telur þurfa og nauðsynlegar eru til þess að hún geti sinnt hlutverki sínu sem yfirstjórnandi. Þá er gert ráð fyrir því að gerð og eftirlit með framkvæmd fjárhagsáætlunar sé ætíð á ábyrgð félagsmálanefndar. Loks skal athygli vakin á því að undirnefnd verður ekki skipuð nema með samþykki félagsmálanefndar, nema lög kveði á um annað (hér má benda á ákvæði laga nr. 82 1989, um málefni aldraða, þar sem fram kemur að öldrunarnefnd skuli vera undirnefnd félagsmálanefndar annars vegar og stjórna heilsugæslustöðva hins vegar). Öll þessi ákvæði miða að því að draga fram á hvern hátt undirnefnd lýtur forsjá félagsmálanefndar.

Hins vegar er talið eðlilegt að þessar undirnefndir geti farið með sjálfstæða ábyrgð í vissum tilvikum. Samkvæmt greininni er því heimilt að fela þeim ákvörðunarvald og ábyrgð sem félagsmálanefnd fer með samkvæmt þessum lögum eða öðrum lagaákvæðum. Dæmi um slíka ráðstöfun mætti nefna þegar félagsmálanefnd væri falið verkefni barnaverndarnefndar samkvæmt barnaverndarlögum. Gæti þá félagsmálanefnd falið sérstakri undirnefnd þau verkefni ásamt öðrum þeim verkefnum félagsmálanefndar sem lúta að einstaklingsmálum, t.d. afgreiðslu fjárhagsaðstoðar og úthlutun húsnæðis. Með slíkri ráðstöfun væri þannig skilið

á milli uppbyggingar og reksturs almennrar þjónustu annars vegar, sem félagsmálanefnd færi með, og hins vegar meðferðar og afgreiðslu einstaklingsmála sem undirnefnd annaðist og bæri óskipta ábyrgð á. Félagsmálanefndin bæri eftir sem áður ábyrgð á fjárhagsáætlun og hefði almenna eftirlitsskyldu með störfum undirnefndarinnar, þó með þeim takmörkunum sem barnaverndarlög kveða á um.

Auk ofangreindra undirnefnda, sem skipaðar eru af sveitarstjórn, getur félagsmálanefnd skipað undirnefndir sem starfa algerlega á ábyrgð félagsmálanefndar sem setur þeim reglur um verksvið og starfshætti. Ekki þótti ástæða til að kveða sérstaklega á um slíkar undirnefndir í frumvarpinu.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. er vakin athygli á héraðsnefndum og hlutverki þeirra, sbr. 6. gr. sveitarstjórnarlaga. Mörg verkefni, sem heyra undir félagsþjónustu sveitarfélaga, eru þess eðlis að þau eru fallin til samstarfs sveitarfélaga í héraðsnefndum og því rétt að gera ráð fyrir að samvinna sveitarfélaga á þeim vettvangi verði vaxandi. Telja verður að efling samvinnu sveitarfélaga á héraðsgrundvelli sé æskileg til þess þess að lög þau, sem hér er unnið að, verði virk um land allt. Hér er því bent á samstarf sveitarfélaga í héraðsnefndum þar sem sveitarfélög geta ekki ein og sér fullnægt lögboðnum skyldum eða samvinna sveitarfélaga er til þess fallin að styrkja eðlilega félagsþjónustu í viðkomandi sveitarfélagi. Jafnframt hefur verið bent á að héraðsnefndir henti vel þegar um barnaverndarmál er að ræða þar sem fámenni í sveitarfélögum torveldar eðlilegt barnaverndarstarf.

2. mgr. er mjög í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga og er til þess fallin að hvetja til samvinnu sveitarfélaga umfram almenna samvinnu á sviði héraðsnefnda. Í héraðsnefndum verður væntanlega aðeins fjallað um lögbundin verkefni eða þau verkefni sem sveitarfélög, sem eiga aðild að héraðsnefnd, sameinast um að fela héraðsnefnd. Aftur á móti geta tvö eða fleiri sveitarfélög á grundvelli ákvæða í sveitarstjórnarlögum myndað byggðasamlög um einstök verkefni. Einnig geta einstök sveitarfélög gert með sér sérstakt samkomulag um sameiginlega félagsþjónustu eða einstaka þætti hennar. Þetta breytir þó engu um lögbundin verkefni héraðsnefnda og hugsanlega þátttöku í byggðasamlögum um einstök verkefni.

Í 3. mgr. er lagt til að sveitarfélögum sé heimilt að skipa sameiginlega félagsmálanefnd enda hafi þau falið félagsþjónustuna héraðsnefnd, sbr. 1. mgr., eða ákveðið sameiginlega félagsþjónustu, sbr. 2. mgr.

Gert er ráð fyrir að það verði samningsatriði milli sveitarfélaga hverju sinni hvert verði vinnulag sameiginlegrar félagsmálanefndar og því ekki talið rétt að lögfesta það nánar.

Um 8. gr.

Félagsþjónusta sveitarfélaga er það umfangsmikil að í öllum stærri sveitarfélögum er nauðsynlegt að ráða starfsmenn til að annast framkvæmd hennar og skipuleggja starfið undir stjórn félagsmálanefndar innan félagsmálastofnunar eða á annan hátt.

Í greininni er heimilað að fela sérstakri félagsmálastofnun framkvæmd félagsþjónustu undir stjórn félagsmálanefndar.

Nú þegar er að finna skipulagða félagsþjónustu í a.m.k. 18 sveitarfélögum og er þá átt við starfsemi innan félagsmálastofnunar eða skrifstofu félagsmálastjóra.

Auk daglegrar afgreiðslu mála, í samræmi við reglur félagsmálanefndar, fara starfsmenn með eftirtalin verkefni:

— Ráðgjöf og leiðbeiningar til íbúa sveitarfélagsins.
— Undirbúning að ákvarðanatöku og gerð tillagna sem lagðar eru fyrir félagsmálanefnd.
— Ákvarðanatöku í einstökum málum í samræmi við heimildir félagsmálanefndar og settar reglur.

Um 9. gr.

Í greininni er kveðið á um að þar sem ekki er sérstök félagsmálastofnun er heimilt að fela starfsmönnum að sjá um framkvæmd félagsþjónustu undir stjórn félagsmálanefndar.

Um 10. gr.

Með þessari grein er félagsmálanefnd heimilað að fela starfsmönnum afgreiðslu ákveðinna mála, þó með því skilyrði að um það hafi verið settar reglur sem sveitarstjórn hefur staðfest. Jafnframt er tekið fram að ákvörðunum starfsmanna verði ætíð hægt að skjóta til félagsmálanefnda.

Væntanlega verður starfsmönnum fyrst og fremst veitt heimild til að afgreiða mál einstakra skjólstæðinga.

Um III. kafla.

Um 11. gr.

Þegar rætt er um hlutverk félagsmálanefndar í frumvarpi þessu er átt við alla starfsemi á vegum félagsmálanefnda sem beint eða óbeint veitir borgurunum þjónustu og miðar að því að ná þeim markmiðum sem starfsemi félagsmálanefnda eru sett með 1. gr. þessa frumvarps.

Verkefnum á vegum félagsmálanefnda sveitarfélaga má skipta í þrjá meginflokka:

— Verkefni sem eru til þess fallin að hafa áhrif á skipulag þjóðfélagsins í þeim tilgangi að bæta lífskjör og umhverfi. Grundvöllur fyrir slíkum aðgerðum er þekking á staðháttum í sveitarfélaginu sem byggist á rannsóknum og könnunum.
— Verkefni sem hafa almennt varnaðargildi og eru til þess fallin að jafna kjör íbúa og gera hópum fólks, sem stendur höllum fæti í lífsbaráttunni, kleift að lifa eðlilegu lífi. Þessar almennu aðgerðir geta verið mjög mismunandi, t.d. upplýsingar um réttindi og skyldur, rekstur þjónustu og stofnana í þágu barna og unglinga, þar með talin dagvistarheimili, orlofsbúðir, æskulýðsstarfsemi, svo og ráðgjafarstarfsemi, vinnumiðlun, heimaþjónusta og ýmiss konar almenn þjónusta fyrir aldraða og öryrkja.
— Aðgerðir sem miða að því að veita einstaklingsmetna aðstoð, t.d. fjárhagsaðstoð og ráðgjöf. Þau úrræði sem nefnd hafa verið hér að framan eru til þess fallin að draga úr þörf fyrir þessa einstaklingsmetnu aðstoð.

Hér á eftir verður fjallað um einstaka töluliði varðandi hlutverk félagsmálanefnda:

1. Stjórn og framkvæmd félagsþjónustu í sveitarfélaginu með hliðsjón af reglum sem sveitarstjórn setur. Hér er vísað til athugasemda við 5. gr. hér að framan. Að öðru leyti skýrir efni töluliðarins sig sjálft.
2. Hér er lögð áhersla á það að félagsmálanefnd hafi þekkingu á félagslegum högum íbúa sveitarfélagsins. Kannanir, rannsóknir og upplýsingasöfnun eru oft grundvöllur fyrir slíkri þekkingu á högum íbúa viðkomandi sveitarfélags og eru líklegar til að tryggja að félagsþjónusta verði í sem bestu samræmi við þarfir íbúa.
3. Hér er lagt ríkt á um frumkvæði félagsmálanefndar að því að koma til sveitarstjórnar hugmyndum um alla stefnumörkun á sviði félagsmála.
4. Samkvæmt þessum tölulið ber félagsmálanefnd að gera tillögur til sveitarstjórnar um fjárhagsáætlun á sviði félagsmála.
5. Hér er lögð áhersla á samvinnu við aðra opinbera aðila, félög og félagasamtök í þeim tilgangi að bæta umhverfi og félagslegar aðstæður.
6. Hér er verið að draga fram mikilvægi þess að sveitarfélög veiti upplýsingar um félagsþjónustu í sveitarfélaginu. Upplýsingar ganga jöfnum höndum til kjörinna fulltrúa, stjórnvalda, samstarfsaðila og ekki síst til þeirra sem þjónustunnar eiga að njóta.
7. Hér er lögð áhersla á aðstoð við einstaklinga og fjölskyldur sem í augum flestra telst vera höfuðverkefni félagsmálanefndar. Aðstoð getur verið fólgin í ráðgjöf, umönnun, fjár-

hagslegri fyrirgreiðslu og annarri þjónustu. Um slíka aðstoð gilda meginreglur fjölskylduverndar um að með mál hvers einstaklings skuli farið með tilliti til nánasta umhverfis og þá sérstaklega þeirrar heildar sem hann er nánast tengdur, þ.e. fjölskyldu hans.

8. Hér er félagsmálanefnd falin yfirumsjón með allri starfsemi og rekstri stofnana á sviði félagsþjónustu í umboði sveitarstjórnar. Með þessu er lögð áhersla á samræmda félagsþjónustu undir einni stjórn. Félagsmálanefnd stjórnar í umboði sveitarstjórnar og þarf því beinlínis ákvörðunar sveitarstjórnar við ef út af er brugðið með yfirumsjón félagsmálanefndar.
9. Með þessum lið er verið að kveða skýrt á um forvarnir sem lykilatriði í félagsþjónustu. Það hlýtur að vera hagstæðara fyrir einstaklinginn, sveitarfélagið og þjóðfélagið að aðstoð og þjónusta sé til þess fallin að koma í veg fyrir félagsleg vandamál.
10. Hér er lögð áhersla á þjálfun og menntun starfsliðs. Vel menntað starfsfólk með reynslu er forsenda fyrir því að félagsþjónusta á vegum sveitarfélaga geti náð þeim markmiðum sem sett eru með frumvarpi þessu. Góð fagmenntun og síðan stöðug þjálfun og símenntun starfsmanna er því brýnt verkefni félagsmálanefndar.

Um IV. kafla.

Um 12. gr.

Greinin fjallar með almennum hætti um skyldu sveitarfélags til þess að veita íbúum þjónustu og aðstoð á vettvangi félagsþjónustunnar.

Skyldur sveitarfélaga miðast annars vegar við að veita þjónustu og aðstoð samkvæmt lögum þessum og hins vegar að tryggja að íbúar geti séð fyrir sér og fjölskyldum sínum.

Lögð er áhersla á það að aðstoð skuli annars vegar vera til þess að bæta úr vanda og hins vegar sem liður í almennum eða einstaklingsbundnum varnaðaraðgerðum.

Í 3. mgr. er lögð áhersla á að jöfnum höndum séu hafðir í huga almannahagsmunir og velferð þess sem þjónustuna fær. Oftast fara þessir hagsmunir saman þegar lengra er litið.

Um 13. gr.

Með greininni er ætlunin að gæta samræmis við lög um lögheimili en slíkt samræmi skortir samkvæmt núgildandi lögum.

Samkvæmt grein þessari fylgir réttur til aðstoðar lögheimili. Samkvæmt lögum um lögheimili er þar lögheimili manns sem hann á heimili. Heimili er aftur á móti sá staður sem hann hefur bækistöð og dvelst að jafnaði í tómstundum og hefur þá hluti sem eru honum persónulega tengdir, t.d. fatnað, húsgögn o.fl.

Óbreytt er frá gildandi lögum að aðstoð skal veitt þar sem maður dvelur ef óljóst er um lögheimili hans.

Í síðari hluta 3. mgr. er tekið fram að enginn öðlist rétt til aðstoðar í sveitarfélagi með dvöl sem ekki er ígildi fastrar búsetu. Hér er fyrst og fremst um að ræða dvöl í skóla, sjúkrahúsi, vinnuhæli eða fangelsi.

Það sama gildir ef viðkomandi dvelur í athvarfi, áfangastað eða öðru skammtímahúsnæði sem rekið er af sveitarfélögum, félögum eða stofnunum og er hugsað sem bráðabirgðadvalarstaður þar til úr rætist með varanlegt húsnæði eða er þáttur í meðferð eftir dvöl á sjúkrahúsum, fangelsum eða meðferðarstofnunum.

Um 14. gr.

Greinin tekur til þeirra tilvika er fólk þarf á skyndihjálp að halda þegar það er statt utan heimilissveitar sinnar. Skyndihjálp getur verið fólgin í fjárhagsaðstoð, t.d. aðstoð til að komast heim eða annarri fyrirgreiðslu samkvæmt samkomulagi við heimilissveit sem ætíð greiðir kostnað að fullu.

Lögð er áhersla á að aðstoð samkvæmt grein þessari skuli vera tímabundin og eingöngu af brýnum ástæðum.

Um 15. gr.

Hér er verið að veita sveitarfélögum vernd þannig að eitt sveitarfélag geti ekki beinlínis vistað fólk í annað sveitarfélag án þess að bera fjárhagslega ábyrgð á viðkomandi.

Á meðan vistun varir sækir sá, sem vistaður er, allan rétt sinn til þess sveitarfélags sem vistað hefur hann.

Um 16. gr.

Samkvæmt grein þessari er félagsmálaráðuneyti heimilt að setja reglur sem takmarka aðstoð samkvæmt lögum þessum til handa útlendingum nema samningar við önnur ríki eða alþjóðastofnanir mæli fyrir um annað.

Með hliðsjón af skyldu ríkisins til endurgreiðslu þykir rétt að slíkt heimildarákvæði sé í höndum ráðuneytis.

Í grein þessari er um verulega breytingu að ræða frá því sem er í gildandi lögum. Samkvæmt framfærslulögum ber ríkissjóði að endurgreiða sveitarfélögum vegna veittrar aðstoðar til erlendra ríkisborgara og er sú endurgreiðsluskylda ríkissjóðs óháð því hversu lengi hinn erlendi ríkisborgari hefur búið á Íslandi. Í frumvarpinu er hins vegar lagt til að skylda ríkissjóðs til endurgreiðslu takmarkist við fyrstu tvö árin sem erlendur ríkisborgari býr hér á landi. Eftir tveggja ára búsetu erlends ríkisborgara á Íslandi þykir eðlilegt að sama regla gildi um hann og aðra íbúa sveitarfélagsins.

Um V. kafla.

Um 17. gr.

Hér er um nýmæli í lögum að ræða. Um er að ræða hvatningu til sveitarfélaga að bjóða upp á félagslega ráðgjöf. Tvennt liggur einkum til grundvallar ákvæði þessu. Annars vegar er sú aðstoð og þjónusta, sem lagafrumvarp þetta fjallar um, þess eðlis að hún verður tæplega veitt öðru vísi en á grundvelli félagslegrar ráðgjafar í einni mynd eða annarri. Í sumum tilvikum getur ráðgjöfin jafnvel vegið þyngra, þegar lengra er litið, en hin eiginlega aðstoð sem mælt er fyrir um, t.d. fjárhagsaðstoð. Því er kveðið á um ráðgjafarhlutverk félagsmálanefnda, sbr. 7. tölul. 11. gr. frumvarps. Hins vegar er ljóst að hið flókna nútímaþjóðfélag kallar á aðgang fólks að ráðgjöf um almenn félagsleg réttindi og leiðbeiningar og ráðgjöf í einkamálum. Ekki síst á þetta við um samskipti fólks við opinbera aðila og aðstoð til þess að leita réttar síns. Þannig getur þörf fyrir félagsráðgjöf verið algjörlega óháð öðrum þáttum félagsþjónustu sveitarfélaga.

Um 18. gr.

Greinin kveður nánar á um inntak félagslegrar ráðgjafar, jafnframt því sem kveðið er á um að hún skuli veitt ein sér eða henni beitt í eðlilegu samhengi við aðra aðstoð samkvæmt frumvarpinu. Þau atriði, sem tiltekin eru um svið félagslegrar ráðgjafar, eru á engan hátt tæmandi heldur er hér aðeins getið þeirra sem algengust eru eða önnur lög fjalla um, sbr. barnalög, lög um stofnun og slit hjúskapar og ættleiðingarlög.

Lögð er áhersla á að félagslegri ráðgjöf sé beitt í eðlilegu samhengi við aðra aðstoð og þjónustu samkvæmt frumvarpinu og að hún sé unnin í samvinnu við aðra þá aðila sem bjóða upp á slíka ráðgjöf, svo sem skóla og heilsugæslustöðvar.

Um 19. gr.

Greinin felur í sér hvatningu til sveitarstjórna um að hafa menntuðu starfsliði á að skipa til að annast félagslega ráðgjöf. Augljóst ert að ráðgjöf verður ekki fagleg nema fagfólk annist hana. Eðlilegast er að leitað sé eftir félagsráðgjöfum til þessara starfa þótt önnur menntun á uppeldis- og félagssviði geti reynst notadrjúg.

Um VI. kafla.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum frumvarpsins er lagt til að framfærslulög, nr. 80/1947, verði felld úr gildi. Í fyrsta lagi eru mörg ákvæði þeirra laga orðin úrelt. Í öðru lagi er kveðið á um ýmis mikilvæg atriði framfærslulaga í öðrum lögum, t.d. lögum um almannatryggingar, sifjalögum og lögum um vernd barna og ungmenna.

Í stað framfærslulaga komi því annars vegar almenn ákvæði þessa frumvarps, sbr. I.–IV. kafla, og skal þar sérstaklega bent á IV. kafla frumvarpsins, og hins vegar sérstakur kafli um fjárhagsaðstoð sem feli í sér ákvæði um framfærsluskyldu fólks annars vegar og skyldur sveitarfélaga til að veita fjárhagsaðstoð hins vegar.

Ein þýðingarmesta breytingin frá núgildandi framfærslulögum er fólgin í því að ákvæði um sveitfesti eru afnumin. Í því felst að sveitarfélög geta ekki lengur krafið hvort annað um endurgreiðslu veittrar fjárhagsaðstoðar á grundvelli sveitfesti.

Þetta endurspeglar breytt viðhorf þannig að fjárhagsaðstoð er ekki lengur ölmusa heldur réttur séu gildar ástæður fyrir því að veita einstaklingi fjárhagsaðstoð.

Um 20. gr.

Í greininni er fjallað um hugtakið framfærsluskyldu. Samkvæmt því er hverjum manni skylt að framfæra sig og maka sinn og börn sín undir 18 ára en lengra nær lögbundin framfærsluskylda einstaklinga ekki.

Hér er því lagt til að felld verði niður framfærsluskylda barna við foreldra sína, svo og framfærsluskylda foreldra við börn eldri en 18 ára. Í stað þeirrar lögbundnu framfærsluskyldu er í frumvarpinu lögð áhersla á ábyrgð einstaklinga á sjálfum sér og samborgurum almennt.

Um 21. gr.

Vísað er til athugasemda við ákvæði IV. kafla frumvarpsins.

Um 22. gr.

Samkvæmt grein þessari skal fjárhagsaðstoð vera svo mikil sem nauðsyn krefur. Mat á þeirri nauðsyn er á vegum sveitarstjórnar eða félagsmálanefndar. Hér er ekki um nýmæli að ræða heldur er ákvæði þetta í samræmi við núgildandi framfærslulög, sbr. 1. gr. laga nr. 80 1947.

Í því skyni að tryggja ákveðna festu við framkvæmd fjárhagsaðstoðar í sveitarfélaginu er lagt til það nýmæli að öllum sveitarfélögum verði skylt að setja ákveðnar reglur um fjárhagsaðstoð til einstaklinga. Með því móti verði tryggt að íbúar sveitarfélagsins eigi í raun rétt á ákveðinni lágmarksaðstoð enda þótt viðmiðunin um lágmark verði ekki tilgreind í lögum.

Um 23. gr.

Núverandi fjárhagsaðstoð er ýmist veitt í formi lána eða styrkja og er lagt til að sú tilhögun gildi óbreytt.

Um 24. gr.

Hér er lagt til að meginreglan verði sú að fjárhagsaðstoð verði aðeins endurkræf við sérstakar aðstæður enda er sú skipan mála í samræmi við núverandi framkvæmd.

Mikilvægt er að ákvörðun um aðstoð í formi lánveitingar verði tekin í upphafi um leið og fjárhagsaðstoð er ákveðin og þá í samvinnu við skjólstæðing. Sú ákvörðun verði hins vegar ekki tekin á síðari stigum.

Um 25. gr.

Ákvæði þetta er að mestu óbreytt frá framfærslulögum. Þó er fellt niður ákvæðið sem skyldar banka til þess að veita sveitarfélögum upplýsingar.

Bent skal á að gert er ráð fyrir því að meginreglan verði sú að upplýsinganna verði ekki leitað án vitneskju umsækjanda, sbr. 63. gr.

Um 26. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að félagsmálaráðherra sé heimilt að setja reglugerð um samskipti sveitarfélaga, svo og uppgjör milli ríkis og sveitarfélaga vegna veittrar fjárhagsaðstoðar.

Um VII. kafla.

Eins og vikið er að í almennum athugasemdum frumvarpsins er lagt til að lög um heimilishjálp í viðlögum nr. 10/1952 verði felld úr gildi. Tvær ástæður liggja þar einkum að baki. Í fyrsta lagi er nú lagt til að sveitarfélögum verði skylt að sjá um heimaþjónustu, en svo er ekki samkvæmt gildandi lögum. Í öðru lagi felur hugtakið félagsleg heimaþjónusta í sér mun fjölbreyttari þjónustu en gert er ráð fyrir í gildandi lögum um heimilishjálp og vísast um það atriði til athugasemda við einstakar greinar þessa kafla.

Um 27. gr.

Hugtakið heimaþjónusta er notað sem samheiti yfir heimahjúkrun, heimilishjálp og aðra þjónustu frá hinu opinbera sem fer fram á heimili þess sem þjónustuna fær.

Heimaþjónusta getur bæði verið heilsufarsleg og félagsleg. Í frumvarpi þessu er aðeins fjallað um hina félagslegu hlið heimaþjónustunnar.

Samkvæmt 6. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, er heimilishjálp tilgreind meðal verkefna sem sveitarfélögum er ætlað að sinna. Í frumvarpinu er lagt til að kveðið verði beinlínis á um að sveitarfélög skulu sjá um hinn félagslega þátt heimaþjónustu. Samkvæmt lögum um málefni aldraða, nr. 82/1989, sem gengu í gildi 1. janúar 1990, er sveitarfélögum skylt að koma á fót heimaþjónustu fyrir aldraða. Um skyldu sveitarfélaga til að sjá um heimaþjónustu ríkir því fullt samræmi milli þessa frumvarps og nýsamþykktra laga um málefni aldraðra. Í því skyni að samræma önnur atriði heimaþjónustunnar milli þeirra tveggja lagabálka, verði frumvarp þetta að lögum, er lagt til í athugasemdum með frumvarpi til laga um málefni aldraðra að ákvæði þeirra laga um heimaþjónustu verði endurskoðuð þegar frumvarp þetta verður að lögum.

Um 28. gr.

Markmið félagslegrar heimaþjónustu er að gera fólki, sem þjónustunnar nýtur, kleift að búa sem lengst í heimahúsum við sem eðlilegastar aðstæður.

Með þessu er annars vegar komið til móts við hagsmuni þeirra sem þjónustunnar njóta og óska eftir því að dveljast sem lengst heima og hins vegar gætt almannahagsmuna til þess að koma í veg fyrir ótímabærar innlagnir á stofnanir sem í flestum tilfellum er mun dýrari kostur og þar af leiðandi þjóðhagslega óhagkvæmari.

Þess skal ætíð gætt að aðstoð sé til þess fallin að efla viðkomandi til sjálfsbjargar þannig að endurhæfingarsjónarmið sé haft í huga þegar þjónustan er veitt.

Um 29. gr.

Félagsleg heimaþjónusta getur verið margvísleg. Má þar nefna aðstoð við heimilishald, daglega umönnun, heimsendingu matar, endurhæfingu og félagslegan stuðning, þar með talin hjálp til að rjúfa einangrun. Einnig getur heimaþjónusta verið fólgin í því að gæta barna í veikindum og aðstoða við umönnun og uppeldi barna og er í því tilviki einn liður í barnavernd.

Um 30. gr.

Greinin gerir ráð fyrir því að þörf fyrir heimaþjónustu sé metin í hverju tilviki fyrir sig enda skuli liggja fyrir læknisvottorð þegar um heilsufarsástæður er að ræða. Um framkvæmd mats vísast til athugasemda við 31. gr.

Athygli skal vakin á því að ekki er kveðið á um hvaða aðili skuli annast mat á þörf fyrir heimaþjónustu. Getur það verið félagsmálanefnd, heilsugæslustöð eða þjónustuhópur aldraðra (samkvæmt lögum um málefni aldraðra) og fer um það eftir aðstæðum. Hins vegar er áhersla lögð á samstarf og samráð félagsþjónustunnar annars vegar og heilsugæslu hins vegar þannig að þjónustan verði samræmd og hnitmiðuð miðað við þarfir hvers og eins.

Um 31. gr.

Nauðsynlegt er að sveitarfélögin setji sér reglur um framkvæmd félagslegrar heimaþjónustu. Þar er m.a. höfð í huga nauðsyn þess að settar séu reglur um það hvernig mat á þörf á þjónustunni skuli fara fram. Slíkt mat er forsenda þess að þjónustan komi einstaklingnum að gagni og að fjármunum sveitarfélagsins til málaflokksins sé vel varið.

Um VIII. kafla.

Um 32. gr.

Greinin kveður á um að félagsmálanefndir skuli vinna að forvörnum í þágu barna og ungmenna eða stuðla að því að aðrir aðilar sinni því. Þannig er félagsmálanefnd falið að hafa eftirlit með því að forvarnastarf eigi sér stað í sveitarfélaginu og lögð skylda á nefndina til að sjá um það ef aðrir sinna því ekki.

Forvarnastarf í málefnum barna og ungmenna miðar að því að bæta þroskaskilyrði og aðstæður barna almennt í samfélaginu, en beinist ekki að einstöku barni.

Sem dæmi um forvarnir í þessum málaflokki má nefna rekstur dagvistarheimila fyrir börn, sem miða að góðum uppeldisskilyrðum, og gæslu sem veitir bæði börnum og foreldrum öryggi. Í því sambandi má nefna góð leiksvæði þar sem börn geta leikið sér óhult, aðstöðu til íþrótta- og tómstundaiðju og framboð á tómstundum við hæfi barna sem allt eins geta verið á hendi frjálsra félagasamtaka. Gætt skal að því að umferðarmálum sé þannig háttað að börn geti farið sinna ferða án slysahættu. Einnig má nefna að skipulag í sveitarfélögum, svo og öll umhverfismál hafa mikil áhrif á að börn og ungmenni fái notið öryggis í uppvexti.

Gengið er út frá því að samvinna sé höfð við foreldra, fræðslu- og heilbrigðisyfirvöld og aðra þá aðila er láta sig hagsmuni barna og ungmenna varða um málefni þeirra og forvarnir í þeirra þágu.

Um 33. gr.

Á sama tíma og undirbúningur þessa frumvarps fór fram vann nefnd á vegum menntamálaráðuneytis að því að endurskoða lög um vernd barna og ungmenna. Samráð var haft við þá nefnd. Þar kom fram að sú nefnd mun leggja til að barnaverndarnefndir verði áfram lögskipaðar nefndir en þó verði heimilt að fela félagsmálanefndum verkefni barnaverndarnefnda þar sem það þykir henta, enda hafi félagsmálanefnd sömu umdæmismörk og barnaverndarnefnd.

Fram hefur komið að fyrrgreind nefnd muni leggja til að í barnaverndarlögum verði ítarleg ákvæði um skyldur barnaverndarnefnda gagnvart einstökum börnum og fjölskyldum þeirra. Einnig verði ítarleg ákvæði um hvaða úrræðum verði beitt til bættrar aðbúðar barna og um meðferð mála.

Gert er ráð fyrir að öll meðferð og framkvæmd barnaverndarmála fari eftir lögum um vernd barna og ungmenna hvort sem sveitarstjórn velur að hafa sérstaka barnaverndarnefnd eða fela félagsmálanefnd verkefni barnaverndarnefndar.

Um IX. kafla.
Um 34. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skyldur sveitarfélaga til þess að annast forvarnastarf í unglingamálum. Með forvarnastarfi er hér einkum átt við starfsemi sem er til þess fallin að draga úr líkum á því að félagsleg vandamál skapist. Forvarnastarf getur einnig vísað til þess að uppgötva og greina félagslegan vanda eins fljótt og auðið er í því augnamiði að koma í veg fyrir að hann þróist áfram.

Á vegum margra sveitarfélaga í landinu, einkum þeirra stærstu, er boðið upp á margvíslega þjónustu fyrir unglinga. Þessi þjónusta er einkum tvíþætt. Annars vegar er um að ræða tómstunda- og íþróttastarfsemi og hins vegar einstaklingsbundna þjónustu, t.d. ráðgöf. Segja má að þessi þjónusta feli í sér þau markmið forvarnastarfs sem að ofan greinir.

Samkvæmt barnaverndarlögum hafa sveitarfélög lengi haft skyldur við æskufólk þótt ekki hafi þeim verið skylt að standa að skipulögðu forvarnastarfi. Því verður að telja þetta ákvæði frumvarpsins nýmæli í lagasetningu. Á hinn bóginn hafa sveitarfélögin í reynd ýmist stutt eða staðið að forvarnastarfi svo sem fyrr er getið, t.d. með stuðningi við íþróttafélög, tómstundastarfi í skólum eða rekstri félagsmiðstöðva fyrir unglinga. Þá skal athygli vakin á því að samkvæmt greininni er sveitarfélögum ekki skylt að annast sjálf rekstur þjónustu við unglinga heldur takmarkast skylda þeirra við að hlutast til um að boðið sé upp á æskulýðsstarf sem hafi forvarnagildi.

Um 35. gr.

Eins og fram kemur í athugasemdum við 34. gr. hefur þjónusta við unglinga á vegum sveitarfélaga verið fólgin í almennu æskulýðs- og íþróttastarfi annars vegar og þjónustu við einstaklinga eða tiltekna hópa ungmenna hins vegar. Gert er ráð fyrir því í þessari grein að félagsmálanefnd sjái um síðarnefnda þáttinn eftir því sem þörf er á. Hér er átt við ráðgjöf til unglinga, einkum til þeirra sem eiga í vanda, svo og starfsemi með eða fyrir einstaka hópa unglinga sem eiga í erfiðleikum. Dæmi um hið síðarnefnda er starfræksla unglingaathvarfa eða leitarstarf (útideild) sem miðar að því að hafa uppi á „áhættuhópum“, þ.e. unglingum sem með hegðun sinni gefa til kynna að þeir eigi við félagslegan vanda að stríða. Í þeim sveitarfélögum þar sem forvarnastarf af þessu tagi er skipulagt heyrir það yfirleitt undir félagsmálaráð.

Í greininni er kveðið á um að heimilt sé að fela félagsmálanefndum umsjón með þjónustu fyrir unglinga að öllu leyti, þar með talin æskulýðs- og íþróttamál. Tilgangurinn er að hvetja til heildarsýnar í þjónustu við unglinga þannig að þjónusta við þennan aldurshóp lúti einni stjórn. Víðast hvar heyra íþrótta- og tómstundamál undir sérstakar nefndir, íþrótta- og/eða tómstundaráð en sjaldnast félagsmálaráð. Vissulega getur slíkt verið eðlilegt, einkum í stórum sveitarfélögum, en rétt er að vekja athygli á þeim kosti að sameina unglingaþjónustuna í undirnefnd félagsmálanefndar samkvæmt frumvarpi þessu þegar það getur átt við.

Um 36. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um X. kafla.
Um 37. gr.

Í greininni er kveðið á um að sveitarfélög skuli eftir föngum reka dagvist fyrir börn þar sem hennar er þörf. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum eru dagvistarmál eitt af lögbundnum verkefnum sveitarstjórna. Því telst eðlilegt að skylda sveitarfélög til að bjóða upp á dagvistir fyrir börn. Í greininni er kveðið svo á um að reglulega skuli kannað hverjar þarfir barna í sveitarfélaginu séu fyrir dagvistun þannig að þjónusta sveitarfélagsins geti verið í sem bestu samræmi við þarfir. Ljóst er að verulega skortir á að þörf barna sé fullnægt með tilliti til fjölda

rýma og sveigjanlegs vistunartíma. Greinin kveður á um skyldur sveitarfélaga til að koma til móts við þarfir í þessum efnum eftir því sem fjárhagslegt bolmagn leyfir og mat á þörfinni segir til um. Athygli skal vakin á því að biðlistar eftir dagvist geta tæplega sagt fyrir um þörf, nema í þeim tilvikum að engar hömlur séu á rétti til dagvistar fyrir börnin.

Um 38. gr.

Í greininni er skilgreint hvað átt er við með dagvist barna. Um er að ræða rekstur dagvistarheimila, þ.e. dagheimila, leikskóla og skóladagheimila. Þannig tekur hugtakið ekki til gæsluvalla eða daggæslu í heimahúsum, sbr. 41. gr. Með því er lögð sérstök áhersla á gildi dagvista í uppeldislegum og félagslegum skilningi og á rétt barna til dvalar á dagvistum.

Gert er ráð fyrir að meginreglan verði sú að sveitarfélög kjósi að fela félagsmálanefndum stjórn dagvista, enda er það í samræmi við þann hátt sem flest sveitarfélög hafa haft á fram til þessa. Til samræmis við frumvarp til laga um leikskóla er þó gert ráð fyrir því að sveitarfélögum sé heimilt að fela málaflokkinn skólanefnd grunnskóla eða sérstakri leikskólanefnd.

Um 39. gr.

Efnislega er greinin samhljóða 2. mgr. 2. gr. gildandi laga um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, nr. 112/1976, eins og sú grein hljóðar nú, sbr. 59. gr. laga um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. 87/1989.

Um 40. gr.

Gert er ráð fyrir því að dagvistir verði áfram starfræktar samkvæmt sérstökum lögum. Að öðru leyti er tiltekið markmið uppeldisstarfs á dagvistum í samræmi við gildandi lög, svo og uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili, útg. af menntamálaráðuneytinu 1985, jafnframt því sem áhersla er lögð á að uppeldisstarf á dagvist sé undir handleiðslu sérmenntaðs starfsliðs. Hér eru fyrst og fremst fóstrur hafðar í huga en einnig aðrir faghópar með uppeldismenntun, svo og þroskaþjálfar o.fl.

Um 41. gr.

Greinin kveður á um að rekstur gæsluvalla og daggæsla í heimahúsum skuli tengjast rekstri dagvista. Átt er við að í framkvæmd skuli umrædd úrræði vera sameinuð enda nýtist fagmenntun fóstra vel í þeim efnum. Í greininni er jafnframt kveðið á um að ráðherra setji reglugerð um starfsemi gæsluvalla og dagmæðra. Óhjákvæmilegt er að þessi starfsemi lúti ákveðnum starfsreglum og eftirliti verði við komið enda skipta þau börn þúsundum sem þessi úrræði nota. Um rekstur gæsluvalla hafa engin lagaákvæði verið til þótt einstök sveitarfélög hafi sett sér reglur um starfrækslu þeirra. Fram til þessa hafa leyfisveitingar til daggæslu í heimahúsum og eftirlit með þeirri starfsemi verið í höndum barnaverndarnefnda samkvæmt heimild í reglugerð settri á grundvelli laga um vernd barna og ungmenna.

Um XI. kafla.

Um 42. gr.

Hér er lögð sú skylda á sveitarstjórn að stuðla að því að aldraðir geti svo lengi sem verða má búið við eðlilegt heimilislíf í umgengni við aðra. Þetta er í fullu samræmi við markmiðsgrein frumvarpsins og þá hugmyndafræði sem viðurkennd hefur verið á undanförnum árum í málefnum aldraðs fólks. Sú hugsun kemur glöggt fram í nýsamþykktum lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989, sem gengu í gildi 1. janúar 1990, þ.e. að aldraðir skuli búa á heimili sínu eins lengi og þeir geta og kjósa.

Einnig segir greinin til um að komi til þess að hinn aldraði geti ekki lengur búið heima hjá sér, þrátt fyrir margvíslegan stuðning, skuli sveitarfélag tryggja möguleika á nauðsynlegri stofnanavist.

Um 43. gr.

Greinin kveður á um að félagsmálanefnd skuli leitast við að tryggja öldruðum hentugt húsnæði. Nauðsynlegt er að húsnæði fyrir aldraða sé vel hannað, m.a. hvað viðvíkur aðgengi innan dyra sem utan.

Einnig segir greinin til um að heimaþjónusta skuli skipulögð, bæði heilsufarsleg og félagsleg. Forsenda þess að aldraðir geti búið á heimilum sínum er að þeir búi við öryggi bæði hvað varðar húsnæði, svo og félags- og heilbrigðisþjónustu.

Um 44. gr.

Hér er ítrekað að þjónusta, er gerir öldruðum kleift að búa heima hjá sér, sé til staðar og einnig er kveðið á um að sveitarfélög bjóði upp á úrræði sem eru til þess fallin að rjúfa einangrun og skapa möguleika fyrir aldraða að umgangast aðra í félagslegu starfi.

Sú breyting, sem á sér stað í lífi aldraðra er þeir hætta þátttöku í atvinnulífi, hefur reynst mörgum erfið. Sumir hætta vinnu þegar vissum aldursmörkum er náð þrátt fyrir að þeir hafi enn mikla starfsorku. Aðrir verða að hætta vegna heilsubrests. Af hvaða orsökum sem starfslok verða er mikilvægt að aldraðir fái aðstoð til þess að aðlagast þeim. Í þessari grein er því einnig kveðið á um fræðslu og námskeiðshald hvað þetta varðar, svo og um réttindamál aldraðra almennt.

Um 45. gr.

Hér er lögð áhersla á það að virkja aldraða til þátttöku í ákvörðunum sem varða þá sjálfa, hvort heldur um er að ræða einstaklinga eða samtök aldraðra.

Um 46. gr.

Hér er lögð áhersla á það að aldraðir eigi rétt á allri almennri aðstoð, er frumvarpið kveður á um, með sama hætti og aðrir landsmenn en hvað varðar ýmis sérmál þeirra fari um þau eftir lögum um málefni aldraðra.

Um XII. kafla.

Um 47. gr.

Greinin kveður á um skyldur félagsmálanefndar til að vinna að því að fötluðum séu tryggð sambærileg lífskjör og jafnrétti á við aðra þjóðfélagshópa jafnframt því sem þeim skulu sköpuð skilyrði til að lifa eðlilegu lífi. Um er að ræða almenna markmiðslýsingu í málefnum fatlaðra sem félagsmálanefndum ber að hafa að leiðarljósi og lögfest hefur verið í lögum um málefni fatlaðra.

Um 48. gr.

Í gildandi lögum um málefni fatlaðra er ekki kveðið skýrt á um rétt fatlaðra til félagslegrar heimaþjónustu. Því er rétt að taka af tvímæli í þeim efnum, enda hafa flest sveitarfélög boðið fötluðum heimaþjónustu til jafns við aldraða. Þá kveður greinin á um að leitast skuli við að tryggja fötluðum hentugt íbúðarhúsnæði. Í lögum um málefni fatlaðra er fjallað um stofnanaþjónustu fyrir fatlaða, t.d. sambýli, en ekki kveðið sérstaklega á um húsnæðismál þeirra. Í lögum um Húsnæðisstofnun eru hins vegar ákvæði um sérstök lán til sveitarfélaga vegna byggingar leiguhúsnæðis fyrir öryrkja og hafa mörg sveitarfélög komið til móts við þarfir fatlaðra með leiguíbúðum. Í greininni er hvatt til þess að sveitarfélögin leitist með þessum hætti við að styrkja fatlaða til þátttöku í eðlilegu lífi.

Um 49. gr.

Greinin felur félagsmálanefndum að sjá til þess að fatlaðir njóti almennrar þjónustu á vegum sveitarfélaga til jafns við ófatlaða eftir því sem framast er unnt. Þannig er gert ráð fyrir rétti fatlaðra til almennrar þjónustu í anda samskipunar og að ekki eigi að grípa til sérúrræða, nema nauðsyn krefji.

Um XIII. kafla.

Um 50. gr.

Greinin er hugsuð sem hvatning til sveitarfélaga um að hafa framboð af félagslegu húsnæði.

Um 51. gr.

Greinin felur í sér skyldu félagsmálanefnda til að útvega þeim íbúum sveitarfélagsins húsnæði sem ekki eru færir um það sjálfir. Ákvæðið er í samræmi við hið almenna ákvæði 11. gr. frumvarpsins um verkefni félagsmálanefndar, en húsnæðismál eru mikilvægur þáttur í þeirri aðstoð sem félagsmálanefndir eiga að veita skv. 7. töluł. 11. gr.

Að baki skyldu félagsmálanefndar hvílir að sjálfsögðu sú forsenda að sveitarfélagið hafi tiltækt húsnæði. Hér er ekki nýmæli á ferðinni þar sem 1. gr. framfærslulaga hefur verið túlkuð og framkvæmd svo að sveitarfélögum beri skylda til að veita fólki úrlausn í húsnæðismálum til að leysa úr bráðum vanda. Sú skylda er í samræmi við ákvæði 12. gr. frumvarpsins þar sem segir að sveitarfélag skuli veita aðstoð hverjum þeim íbúa sem ekki er fær um að sjá fyrir þörfum sínum og fjölskyldu sinnar. Með aðstoð er m.a. átt við hjálp til að útvega húsnæði.

Um 52. gr.

Samkvæmt frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem nú liggur fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir því að ráðstöfun félagslegra íbúða verði í höndum húsnæðisnefnda.

Eðlilegt er að gera ráð fyrir tillögurétti félagsmálanefnda við úthlutun enda eru húsnæðismál snar þáttur í málefnum þess fólks sem leitar til félagsmálastofnana og hafa félagsmálaráð í stærstu sveitarfélögum því annast úthlutun leiguíbúða sveitarfélaga fram til þessa.

Um 53. gr.

Samkvæmt lögum um húsaleigusamninga er skylt að kjósa húsaleigunefnd í hverjum kaupstað. Hlutverk hennar skal vera að fylgjast með framkvæmd húsaleigumála og afla upplýsinga um þau, hlutast til um að úttektarmenn séu dómkvaddir, gefa aðilum leigumála, sem þess óska, leiðbeiningar um ágreiningsefni og leitast við að sætta slíkan ágreining.

Reynslan hefur orðið sú að húsaleigunefndir hafa ekki verið jafn virkar og reiknað var með við setningu laganna og dæmi eru þess að þær hafa jafnvel ekki verið kosnar. Eðlilegt er að verkefni af því tagi, sem lögin kveða á um, séu falin félagsmálanefndum. Bæði er að þekking á leigumarkaði og högum þess hóps, sem háður er framboði á leiguhúsnæði, ætti að vera til staðar hjá félagsmálanefnd eða starfsmönnum hennar. Enda sýnir reynslan að sá hópur er stór sem lendir í erfiðleikum með húsaleigumál sín og leitar með þau mál til félagsmálastofnana.

Um XIV. kafla.

Um 54. gr.

Greinin gerir ráð fyrir því að heimilt sé að fela félagsmálanefndum lögbundin verkefni áfengisvarnanefnda, að hluta til eða að öllu leyti. Samkvæmt áfengislögum skulu áfengisvarnanefndir vera starfandi í öllum hreppum og kaupstöðum landsins. Fer um verksvið þeirra eftir sérstakri reglugerð nr. 595/1982 og nær það m.a. yfir ráðgjöf, forvarnir og aðstoð við drykkjusjúka. Í áfengislögum og reglugerð um áfengisvarnanefndir er hins vegar sérstakt heimildarákvæði til handa sveitarstjórn um að fela félagsmálaráðum hlutverk áfengisvarnanefndar, að fengnu samþykki ráðherra. Allmörg sveitarfélög hafa fært sér þessa heimild í nyt,

t.d. Reykjavík. Í greininni er fólgin hvatning til sveitarstjórna um að fella aðstoð við drykkjusjúka og forvarnastarf í áfengismálum inn í almenna ráðgjöf og þjónustu við einstaklinga og fjölskyldur á vegum félagsmálanefnda.

Um 55. gr.

Greinin kveður á um skyldur félagsmálanefndar til að stuðla að forvörnum í áfengis- og vímugjafamálum. Jafnframt er lögð áhersla á samstarf við aðra þá aðila sem koma að þessum málaflokki, t.d. lögreglu, skóla og heilbrigðisyfirvöld. Félagsmálanefndir eru einkar mikilvægur vettvangur í forvarnastarfi, ekki síst vegna náinna tengsla þeirra við börn og unglinga, auk þeirra sem þjást vegna misnotkunar áfengis.

Um 56. gr.

Greinin kveður á um skyldur félagsmálanefnda til að hlutast til um að misnotendur áfengis eða annarra vímugjafa leiti sér viðeigandi meðferðar, auk þess sem fjölskyldum þeirra sé veitt ráðgjöf og hjálp eftir því sem við á. Vitað er að margir misnotendur vímugjafa leita eftir félagslegri aðstoð og því verður að telja félagsmálanefndir eðlilegan vettvang þess íhlutunarstarfs. Jafnframt fylgja fjölskylduráðgjöf og barnaverndarstarfi félagsmálanefnda vissar skyldur um aðstoð við aðstandendur áfengissjúklinga og misnotendur vímugjafa. Í þessum efnum á ákvæði 55. gr. um samstarf við lögreglu og aðra aðila einnig við, sbr. lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Um 57. gr.

Í greininni er hvatt til þess að félagsmálanefndir veiti þeim áfengissjúklingum og misnotendum vímugjafa, sem fengið hafa meðferð og læknishjálp, stuðning til að lifa eðlilegu lífi. Í því skyni að stuðla að félagslegri endurhæfingu er félagsmálanefndum eða öðrum aðilum heimilt að reka áfangastaði eða sambýli fyrir misnotendur.

Um XV. kafla.

Um 58. gr.

Samkvæmt lögum um vinnumiðlun er öllum sveitarfélögum skylt að annast atvinnuleysisskráningu en hverju sveitarfélagi með 500 íbúa eða fleiri er skylt að annast vinnumiðlun. Jafnframt er kveðið svo á um að þar sem skylt er að reka vinnumiðlun skuli hún lúta sérstakri stjórn. Stjórn vinnumiðlunar skal skipuð a.m.k. þremur fulltrúum sveitarstjórnar ásamt fulltrúum frá samtökum verkafólks og atvinnurekenda. Eru henni ætluð mjög viðtæk verkefni í vinnumarkaðsmálum.

Greinin gerir ráð fyrir því að stjórnum vinnumiðlunar og félagsmálanefndum sé skylt að hafa samstarf og samráð. Þetta er gert með hliðsjón af því, annars vegar að framkvæmd atvinnuleysisskráningar og vinnumiðlunar hefur mikið forvarnagildi fyrir starfsemi félagsþjónustunnar, hins vegar að víðast hvar utan Reykjavíkur, hefur starfsmönnum félagsþjónustunnar verið falin skráning atvinnulausra og vinnumiðlun.

Um 59. gr.

Greinin heimilar sveitarstjórnum að fela félagsmálanefnd skráningu atvinnulausra og framkvæmd vinnumiðlunar að hluta. Hér er einkum um að ræða þjónustu við atvinnuleitendur og sérstaka þjónustu við unglinga, fatlaða og aldraða, sbr. lög um vinnumiðlun. Svo virðist sem óvíða hafi verið komið á fót stjórnum vinnumiðlunar í landinu svo sem vinnumiðlunarlögin gera ráð fyrir. Að svo miklu leyti sem vinnumiðlun er starfrækt hafa sveitarfélögin kosið henni vettvang í tengslum við félagsþjónustuna. Því verður að telja eðlilegt að heimila í löggjöf

þá tilhögun sem sveitarfélögin hafa flest hver í reynd kosið. Margt mælir með slíkri tilhögun. Hluti þeirra sem eru á atvinnuleysisskrá (jaðarhópar á vinnumarkaði) eru gjarnan skjólstæðingar félagsþjónustunnar, auk þess sem vinnumiðlun er oft mjög mikilvægt úrræði í félagsþjónustunni. Atvinnumissi fylgir oft mikil fjárhagsleg og félagsleg röskun sem getur falið í sér þörf fyrir félagsráðgjöf, tímabundna fjárhagsaðstoð eða að félagsleg einangrun sé rofin með þátttöku í skipulögðu félagsstarfi. Þannig getur þjónusta við atvinnuleitendur verið samofin almennri félagsþjónustu svo hagkvæmt er að þjónustan sé ekki aðskilin.

Um 60. gr.

Samkvæmt 22. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 41/1983, er kveðið á um að svæðisstjórnir í málefnum fatlaðra skuli fela sveitarfélögum, þar sem starfrækt er vinnumiðlun m.a. fyrir fatlaða, starfrækslu atvinnuleitar fyrir fatlaða. Greinin heimilar svæðisstjórnum, að fengnu samþykki sveitarstjórnar, að fela félagsmálanefnd umrædda atvinnuleit fyrir fatlaða. Á þetta að sjálfsögðu einungis við, hafi sveitarstjórn fært sér í nyt ákvæði 59. gr. frumvarpsins. Þess má geta að víða hafa svæðisstjórnir falið félagsmálastofnunum sveitarfélaganna starfrækslu atvinnuleitar fatlaðra, t.d. í Kópavogi, Hafnarfirði og á Akureyri.

Um XVI. kafla.

Um 61. gr.

Í greininni felst að um starfshætti og starfslið félagsmálanefnda gildi almenn ákvæði sveitarstjórnarlaga. Einnig gildi ákvæði þeirra laga eftir því sem við á um skyldur og réttindi fulltrúa í félagsmálanefndum.

Að öðru leyti gildi um þessi atriði ákvæði frumvarpsins.

Um starfshætti félagsmálanefnda skal bent á að skv. 5. gr. er sveitarstjórn skylt að setja reglur um starfsemi nefndarinnar.

Um XVII. kafla.

Um 62. gr.

Gert er ráð fyrir því að mál geti borið að félagsmálanefnd með tvenns konar hætti. Í fyrsta lagi að fyrir liggi umsókn frá einstaklingi eða fjölskyldu. Í öðru lagi fái félagsmálanefnd vitneskju á annan hátt um nauðsyn þess að veita fólki aðstoð. Slíkar upplýsingar geta borist með ýmsu móti, einkum frá öðrum opinberum aðilum, t.d. öðrum sveitarfélögum, skólum og aðilum heilbrigðisþjónustunnar en einnig frá öðrum aðilum, svo sem vinnustöðum, einstaklingum o.fl.

Í hvoru tveggja tilvikum skal félagsmálanefnd veita sömu málsmeðferð, þ.e. taka mál til könnunar og athugunar eins fljótt og unnt er.

Um 63. gr.

Áhersla er lögð á það að við öflun gagna og upplýsinga í málinu sé fyrst og fremst leitað til viðkomandi skjólstæðings. Áhersla er lögð á að við öflun gagna og upplýsinga í málinu sé fyrst og fremst leitað til viðkomandi skjólstæðings. Teljist nauðsynlegt að félagsmálanefnd afli sjálf upplýsinga frá öðrum skal skjólstæðingur að jafnaði hafður með í ráðum og samþykkja það.

Hugsanlegt er að hvika þurfi frá ofangreindri meginreglu ef aðstæður skjólstæðings eru með þeim hætti að ekki geti orðið af samvinnu við hann. Er það lagt í vald félagsmálanefnda og starfsliðs þeirra að meta hvenær svo sé.

Um 64. gr.

Með sama hætti og lögð er áhersla á samvinnu við skjólstæðing í upphafi málsmeðferðar, sbr. 63. gr., á það einnig við um meðferð málsins að öðru leyti. Sama gildir um ákvarðanatöku

og er reiknað með því að gert verði samkomulag við skjólstæðing um það hvernig aðstoð til hans skuli háttað, t.d. þegar fjárhagsaðstoð á í hlut. Einnig hér þarf að gera þann fyrirvara að við vissar aðstæður getur e.t.v. ekki orðið af samvinnu við skjólstæðing við málsmeðferð. Sá fyrirvari getur falið það í sér að nauðsynlegt reynist í einstaka tilvikum að hefjast handa í máli einstaklings án vitneskju hans. Hér er haft í huga að félagsmálanefnd eða starfsmenn hennar hafi heimild til að kanna mál og undirbúa þjónustu, svo sem stofnanavist, án samþykkis skjólstæðings, ef þess gerist þörf í neyðartilvikum.

Í 2. mgr. felst að verði talið nauðsynlegt að grípa til þvingunaraðgerða, svo sem innlagnar á sjúkrahús án samþykkis eða ráðstafana í barnaverndarmálum, skal með þau mál farið eftir sérlögum, sem veita slíkar heimildir, þar sem engin slík heimild er fyrir hendi samkvæmt frumvarpinu.

Í 3. mgr. er lögð áhersla á það að skjólstæðingi sé kynnt niðurstaða máls eins fljótt og unnt er. Ef niðurstaða er umsækjanda óhagstæð skal hún skýrð og rökstudd og tilkynnt honum tryggilega. Ekki er lagt til að framgangsmátinn verði lögfestur umfram þetta, heldur lagt undir mat félagsmálanefndar eða starfsmanna að sjá um hvernig rökstuðningur og skýringar komist sem best til skila í hverju máli fyrir sig. Það er þannig ekki talið nauðsynlegt að niðurstaðan sé tilkynnt skriflega nema umsækjandi fari fram á það, enda sé niðurstaða máls honum óhagstæð. Ef um er að ræða skerðingu réttinda skal niðurstaðan hins vegar ávallt vera skrifleg og tilkynnt með sérstökum tryggilegum hætti, t.d. með ábyrgðarbréfi.

Um 65. gr.

Mikilvægt er að lögfesta að skjólstæðingur eigi rétt á upplýsingum úr skráðum gögnum sem varða hans mál. Þó verður að setja þann fyrirvara á að slíkar upplýsingar stangist ekki á við trúnað gagnvart öðrum. Hér er fyrst og fremst um að ræða trúnað við þá sem veitt hafa upplýsingar, m.a. þegar sérfræðingar gefa trúnaðarupplýsingar, t.d. læknar, eða sérstakar ástæður eru til að vernda upplýsingagjafa og stöðu hans gagnvart þeim sem fjallað er um, t.d. börn gagnvart foreldrum.

Um 66. gr.

Í greininni felast tvær mikilvægar reglur til að treysta réttaröryggi skjólstæðinga. Í fyrsta lagi sú að málsgögn, er varða persónulega hagi, séu geymd með þeim hætti að óviðkomandi fái þar ekki aðgang. Í öðru lagi er hér kveðið sérstaklega á um þagnarskyldu fulltrúa félagsmálanefndar og starfsmanna hennar. Enda þótt ljóst sé að fulltrúar félagsmálanefndar eru bundnir þagnarskyldu samkvæmt sveitarstjórnarlögum og lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og starfsmenn félagsmálanefnda þagnarskyldir samkvæmt síðargreindum lögum þótti engu að síður rétt að tilgreina sérstaklega í frumvarpinu þagnarskyldu á vettvangi félagsþjónustu til að leggja áherslu á mikilvægi hennar þar.

Um 67. gr.

Mikilvægt er að starfsmenn félagsmálanefnda upplýsi aðila um rétt hans til málskots. Er þetta sérlega brýnt ekki síst með það í huga að í frumvarpinu er lagt til að skjóta megi ákveðnum málum til sérstakrar úrskurðarnefndar. Er þar um nýmæli að ræða sem kynna þarf sérstaklega í hverju einstöku máli.

Um 68. gr.

Í greininni er kveðið á um nauðsyn samvinnu innbyrðis milli þeirra sem fara með félagsþjónustu sveitarfélaga eða verkefni sem henni tengjast, bæði hvað varðar almenn atriði og mál einstakra skjólstæðinga, til þess að tryggja að sem bestur árangur náist, sbr. einnig 5. tölul. 11. gr. frumvarpsins.

Jafnframt er lögð áhersla á trúnað gagnvart skjólstæðingi.

Um XVIII. kafla.

Um 69. gr.

Hér er lagt til að komið verði á fót sérstökum óháðum úrskurðaraðila, úrskurðarnefnd félagsþjónustu, til þess að treysta réttaröryggi skjólstæðinga félagsþjónustunnar.

Eins og vikið er að í almennum athugasemdum frumvarpsins er ein forsenda rammalöggjafar, sem veita sveitarfélögum svigrúm til mats, sú að veita skjólstæðingum félagsþjónustunnar öruggan málskotsrétt. Með það í huga hve félagsmálaráðuneyti er ætlað veigamikið hlutverk við framkvæmd laganna þykir ekki rétt að ráðuneytið sé einnig úrskurðaraðili við málskot. Er hér einkum höfð í huga sú áhersla sem í frumvarpinu er lögð á leiðbeiningarhlutverk ráðuneytis og virkt eftirlit með framkvæmd félagsþjónustunnar sem ekki er fyrir hendi nú. Ráðuneytið kemur því til með, verði frumvarp þetta að lögum, að hafa það mikil afskipti af málaflokknum að það samræmist ekki grundvallarreglum um réttaröryggi að sá aðili fari einnig með úrskurðarvald við málskot. Því er lagt til að sérstakri nefnd, úrskurðarnefnd félagsþjónustu, verði falið úrskurðarvald í ákveðnum málum. Hér er ekki lagt til að komið verði á fót kostnaðarsamri stofnun heldur einungis nefnd sem hafi starfsaðstöðu í félagsmálaráðuneyti. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði enda litið svo á að það sé skylda ríkisins að treysta réttaröryggi íbúa sveitarfélaga með málskotsrétti til aðila á vegum ríkisins.

Einnig skal í þessu sambandi bent á að við framkvæmd Félagsmálasáttmála Evrópuráðs hefur sú athugasemd komið fram að Ísland fullnægi ekki 13. gr. samningsins þar sem kveðið er á um tryggan málskotsrétt einstaklinga við framkvæmd félagslegrar aðstoðar.

Um 70. gr.

Eðli máls samkvæmt verður ekki öllum atriðum, er varða þjónustu og aðstoð, skotið til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

Með hliðsjón af framangreindu er lagt til að eftirfarandi atriðum verði skotið til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

1. Öllum atriðum er lúta að málsmeðferð, sbr. XVII. kafla frumvarps. Mikilvægt er að sá, sem á hlut að máli, geti ávallt fengið endurmetið hvort rétt hafi verið staðið að ákvörðun og ætti þar einnig að vera um aðhald að ræða fyrir þá sem vinna að félagsþjónustunni og ýta undir vönduð vinnubrögð.
2. Öllum atriðum er varða rétt til þjónustu og aðstoðar skv. IV. kafla. Hér er annars vegar átt við að úrskurðarnefnd félagsþjónustu geti skorið úr um það hvort viðkomandi eigi rétt á aðstoð og/eða þjónustu og hins vegar í hvaða sveitarfélagi sá réttur sé.
   Í þessu felst hins vegar ekki að ráðið geti skorið úr um að málsaðili skuli fá tiltekna aðstoð eða þjónustu, sbr. það sem hér fer á eftir.
3. Hvort samþykkt þjónusta og upphæð fjárhagsaðstoðar er í samræmi við staðbundnar reglur í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að sveitarfélög setji reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar og heimaþjónustu. Snúist umsókn um þá aðstoð eða þjónustu skal úrskurðarnefnd því skera úr um hvort reglum sveitarfélagsins hafi verið framfylgt. Sama á við hafi sveitarfélag sett reglur um aðra málaflokka frumvarpsins enda þótt það sé ekki skylt.

Eins og áður er að vikið er þjónustu oft þannig farið að ekki hefði raunhæfa þýðingu að fela úrskurðaraðila að kveða á um að málsaðili skuli fá tiltekna aðstoð eða þjónustu. Þar verður því að láta við það sitja að ráðið taki til meðferðar hvort um rétt skv. IV. kafla sé að ræða og hvort rétt hafi verið staðið að við meðferð mála skv. XVII. kafla. Þegar um er að ræða úthlutun á íbúðum eða dagvistarrýmum eða öðrum úrræðum, sem skortur er á, verður vali félagsmálanefndar ekki áfrýjað til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

Um 71. gr.

Lagt er til að þrír menn eigi sæti í úrskurðarnefnd félagsþjónustu, einn skipaður af Hæstarétti, sem sé lögfræðingur og oddamaður nefndarinnar, einn skipaður af félagsmálaráðherra og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Til að tryggja að málsmeðferð taki ekki óhóflega langan tíma er lagt til að nefndin kveði upp úrskurð sinn í síðasta lagi innan þriggja mánaða frá því að því barst mál til úrskurðar.

Þar sem gert er ráð fyrir að úrskurðir nefndarinnar séu fullnaðarúrskurðir á sviði stjórnsýslunnar verður þeim ekki skotið til ráðuneytis. Hins vegar verður þeim í öllum tilfellum skotið til almennra dómstóla.

Um 72. gr.

Þar sem frumvarp þetta felur í sér miklar breytingar bæði hvað varðar sveitarfélög og ráðuneyti þykir nauðsynlegt að gildistaka eigi sér ekki stað fyrr en 1. janúar 1991.

Hér er í fyrsta lagi átt við breytingar á nefndaskipan sveitarfélaga. Æskilegt hefði verið að gildistakan miðaðist við sveitarstjórnarkosningar vorið 1990 en sá frestur þykir of skammur. Reiknað er þó með því að við kosningu í nefndir sveitarfélaga vorið 1990 hafi sveitarfélögin hliðsjón af nýmælum frumvarpsins verði það að lögum.

Í öðru lagi eru hér hafðar í huga nauðsynlegar breytingar innan félagsmálaráðuneytis, þ.e. stofnun nýrrar deildar sem hafi málaflokk þennan undir höndum.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er um nýja löggjöf að ræða og þykir því rétt að hún verði endurskoðuð að fimm árum liðnum frá gildistöku til þess að unnt verði að sníða af henni þá agnúa sem í ljós koma. Einnig er hér haft í huga að löggjöf á sviði félagsþjónustu þarf að vera í stöðugri endurskoðun vegna nýrra sjónarmiða sem skjóta ört upp kollinum á þessum vettvangi.

Ed. 1015. Lög [355. mál]

um breytingu á lögum nr. 7/1975, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, sbr. lög nr. 56/1986.

(Afgreidd frá Ed. 24. apríl.)

Samhljóða þskj. 612.

Ed. 1016. Frumvarp til laga [430. mál]

um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 24. apríl.)

1. gr.

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er háskólastofnun sem tengist læknadeild og hefur sérstaka stjórn og sjálfstæðan fjárhag.

Kostnaður af starfsemi tilraunastöðvarinnar greiðist úr ríkissjóði og af sértekjum sem henni er heimilt að afla sér, m.a. samkvæmt gjaldskrá.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar skal vera m.a.:

1. Að stunda grunnrannsóknir í líf- og læknisfræði dýra og manna.
2. Að annast rannsóknir og þjónustu í þágu heilbrigðiseftirlits, sjúkdómsgreininga og sjúkdómsvarna fyrir búfé og önnur dýr í samstarfi við yfirdýralækni og þróa aðferðir í því skyni. Enn fremur að vera yfirdýralækni til ráðuneytis um allt er varðar sjúkdóma í dýrum og varnir gegn þeim.
3. Að þróa, framleiða, flytja inn og dreifa bóluefni og lyfjum gegn sjúkdómum í búfé og öðrum dýrum.
4. Að veita háskólakennurum og öðrum sérfræðingum, sem ráðnir eru til kennslu og rannsókna á sviðum stofnunarinnar, aðstöðu til rannsókna eftir því sem við verður komið.
5. Að annast endurmenntun dýralækna eftir því sem aðstæður leyfa og miðlun upplýsinga til þeirra í samvinnu við yfirdýralækni.
6. Að annast eldi á tilraunadýrum fyrir vísindalegar rannsóknir í landinu.
7. Að taka þátt í rannsóknum og þróunarvinnu í þágu líftækni og líftækniiðnaðar í landinu.

3. gr.

Háskólaráð skipar fimm menn í stjórn tilraunastöðvarinnar til fjögurra ára í senn. Læknadeild Háskóla Íslands tilnefnir einn, raunvísindadeild einn og landbúnaðarráðherra tvo og skal annar þeirra vera úr hópi starfsmanna. Fundur starfsmanna stofnunarinnar tilnefnir einn fulltrúa. Fulltrúi læknadeildar eða raunvísindadeildar skal vera formaður stjórnar samkvæmt ákvörðun háskólaráðs. Forseti læknadeildar eða staðgengill hans er málsvari tilraunastöðvarinnar á fundum háskólaráðs.

4. gr.

Hlutverk stjórnar tilraunastöðvarinnar er m.a.:

1. Að marka stofnuninni stefnu í samráði við forstöðumann og sérfræðinga stofnunarinnar.
2. Að samþykkja starfs- og fjárhagsáætlanir tilraunastöðvarinnar og bera ábyrgð á reikningum hennar.
3. Að fjalla um árlega skýrslu forstöðumanns.

Stjórnin hefur heimild til að skipta starfsemi tilraunastöðvarinnar í rannsóknasvið eða deildir eftir því sem þurfa þykir í samráði við forstöðumann.

5. gr.

Við tilraunastöðina starfar forstöðumaður sem skal hafa lokið háskólaprófi í læknisfræði dýra eða manna, líffræði eða öðrum skyldum greinum sem eru á rannsóknasviði stofnunarinnar. Hann er jafnframt prófessor við læknadeild Háskóla Íslands með takmarkaðri kennsluskyldu samkvæmt nánari ákvörðun háskólaráðs. Hann er ráðinn í starf forstöðumanns til sex ára í senn og má háskólaráð endurráða hann að fengnu áliti stjórnar tilraunastöðvarinnar. Um ráðningu hans fer að öðru leyti eins og segir í háskólalögum um prófessora og getur hann haldið prófessorsembætti þótt hann láti af störfum forstöðumanns. Í dómnefnd um stöðu forstöðumanns eiga sæti fulltrúi læknadeildar og raunvísindadeildar, auk fulltrúa háskólaráðs og menntamálaráðuneytis.

Meginhlutverk forstöðumanns er forusta um vísindastarfsemi stofnunarinnar en hlutverk hans er m.a.:

1. Að koma fram fyrir stofnunina og vera fulltrúi hennar gagnvart stjórnvöldum og hagsmunaaðilum.

2. Að hafa yfirsýn yfir rannsóknir og sjá um að gerðar séu áætlanir um ný rannsóknarverkefni og að áætlanir um eldri verkefni séu endurskoðaðar árlega.
3. Að gera tillögur til stjórnar um breytingu á rekstri stofnunarinnar eftir því sem þörf krefur á hverjum tíma.
4. Að fylgjast með rekstri og fjárreiðum stofnunarinnar og gera árlega skýrslu til stjórnar þar að lútandi.
5. Að ráða starfslið annað en sérfræðinga, svo sem framkvæmdastjóra, bústjóra, sérhæft aðstoðarfólk, tækjavörð og skrifstofufólk, auk annars aðstoðarfólks.

Forstöðumaður skal sitja fundi stjórnar með tillögurétti en án atkvæðisréttar.

6. gr.

Menntamálaráðherra skipar sérfræðinga til rannsóknastarfa við tilraunastöðina á sama hátt og kennara við læknadeild að fengnu áliti dómnefnda sem skipaðar eru samkvæmt háskólalögum og einnig að fengnu áliti forstöðumanns og stjórnar. Kennsla þeirra og önnur störf fyrir Háskóla Íslands eða aðrar stofnanir er háð samkomulagi viðkomandi yfirvalda og stjórnar tilraunastöðvarinnar. Fastráðnir háskólakennarar geta jafnframt verið sérfræðingar við tilraunastöðina.

Heimilt er að ráða sérfræðinga til tímabundinna starfa sem tengjast verkefnum stofnunarinnar. Skulu slíkar stöður veittar að jafnaði til allt að þriggja ára.

7. gr.

Framkvæmdastjóri tilraunastöðvarinnar skal ráðinn af forstöðumanni með samþykki stjórnar. Hlutverk hans er að annast daglegan rekstur tilraunastöðvarinnar í umboði forstöðumanns og sjá um aðföng, skrifstofu- og starfsmannahald. Framkvæmdastjóri aðstoðar forstöðumann við gerð fjárlagatillagna og framkvæmd fjárhagsáætlana og hefur eftirlit með fjárreiðum stofnunarinnar.

8. gr.

Menntamálaráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar, gjaldskrá fyrir stofnunina.

9. gr.

Menntamálaráðherra setur, að fengnum tillögum háskólaráðs, forstöðumanns og stjórnar, reglugerð um nánari tilhögun á starfsemi stofnunarinnar.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1990. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 11 28. febrúar 1947, um Tilraunastöð Háskólans í meinafræði.

11. gr.

Lög þessi skal endurskoða innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

Ákvæði til bráðabirgða.

Forstöðumaður tilraunastöðvarinnar, sem starfar þegar lög þessi taka gildi, heldur forstöðumannsstöðunni í allt að sex ár frá gildistöku laganna.

Ed. 1017. Frumvarp til laga [42. mál]

um breytingu á lögum nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, sbr. lög nr. 59/1988.

(Eftir 2. umr. í Ed., 24. apríl.)

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætist nýr töluliður er verði 13. tölul. og orðist svo:

13. Samráð og samstarf við ferðamálasamtök landshluta og ferðamálanefndir sveitarfélaga um skipulagningu ferðamála á viðkomandi svæði og önnur þau verkefni er tengjast ferðamálum.

2. gr.

a. Á eftir 7. gr. laganna bætist ný grein er verði 8. gr. og orðist svo:

Heimilt er sveitarstjórn, eða sveitarstjórnum sameiginlega, að skipa ferðamálanefnd. Í nefndinni skulu eiga sæti fimm menn þegar hún er skipuð af einu sveitarfélagi en sjö menn ef fleiri sveitarfélög eiga aðild að nefndinni. Nefndin kýs sér formann. Nefndinni er heimilt að kalla til sín áheyrnarfulltrúa sem tengjast ferðamálum þegar ástæða þykir til.

Hlutverk ferðamálanefndar er að skipuleggja ferðamál í umdæmi hennar og önnur þau verkefni sem tengjast þeim málaflokkum sem Ferðamálaráði ber að annast skv. 7. gr. laganna, eftir því sem við getur átt á hverjum stað. Skal nefndin vinna að slíku í samráði og samstarfi við Ferðamálaráð. Enn fremur getur sveitarstjórn falið ferðamálanefnd umsjón tjaldsvæða, stjórn umferðar að fjölsóttum ferðamannastöðum og annan þann rekstur sem æskilegt kann að vera.

Ferðamálanefnd er heimilt að taka sanngjarnt gjald fyrir þá þjónustu sem hún veitir.

b. Greinatala laganna breytist samkvæmt þessu, sbr. og lög nr. 59/1988.

c. Fyrirsögn II. kafla laganna orðist svo: **Ferðamálaráð Íslands og ferðamálanefndir.**

3. gr.

23. grein laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 59/1988, breytist þannig:

a. Í stað orðanna „einkaaðilum og opinberum aðilum“ í 1. og 2. tölul. komi: einkaaðilum, opinberum aðilum, sveitarfélögum og ferðamálanefndum.

b. Í stað orðanna „einkaaðila og opinberra aðila“ í 4. tölul. komi: einkaaðila, opinberra aðila, sveitarfélaga og ferðamálanefnda.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 1018. Frumvarp til laga [167. mál]

um Námsgagnastofnun.

(Eftir 2. umr. í Nd., 24. apríl.)

1. gr.

Hlutverk Námsgagnastofnunar er að sjá grunnskólum fyrir sem bestum náms- og kennslugögnum sem eru í samræmi við uppeldis- og kennslufræðileg markmið laga um grunnskóla og aðalnámsskrár.

Heimilt er að fela Námsgagnastofnun að annast verkefni, hliðstæð þeim sem tilgreind eru í lögum þessum, fyrir tónlistarskóla og framhaldsskóla.

Stofnunin skal hafa samstarf við þá aðila sem vinna að stefnumörkun, rannsóknum og þróunarverkefnum í skólastarfi og menntun kennara.

Námsgagnastofnun heyrir undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Menntamálaráðherra skipar til þriggja ára í senn sjö manna námsgagnastjórn og jafnmarga til vara:

a. einn fulltrúa tilnefndan af Félagi skólastjóra og yfirkennara,
b. tvo fulltrúa tilnefnda af Kennarasambandi Íslands og skulu þeir starfa á grunnskólastigi,
c. einn fulltrúa tilnefndan af Hinu íslenska kennarafélagi og skal hann starfa á framhaldsskólastigi,
d. einn fulltrúa tilnefndan af Kennaraháskóla Íslands,
e. einn fulltrúa tilnefndan af fræðslustjórum,
f. einn fulltrúa tilnefndan af menntamálaráðherra.

Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna og ákveður laun stjórnarinnar.

Landssamtökum foreldrafélaga er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétti í námsgagnastjórn.

3. gr.

Námsgagnastofnun gerir fjárhags- og framkvæmdaáætlanir til allt að fimm ára. Námsgagnastjórn staðfestir áætlanir og fylgist með framkvæmd þeirra. Námsgagnastjórn ber ábyrgð á starfsemi og fjárreiðum stofnunarinnar og ræður starfslið hennar að fengnum tillögum forstjóra, sbr. þó 4. gr. laga þessara.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn að fengnum tillögum námsgagnastjórnar. Hann á sæti á fundum stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti og sér um framkvæmd á ákvörðunum hennar. Forstjóri annast daglega stjórn og fjárreiður stofnunarinnar.

5. gr.

Starfsemi Námsgagnastofnunar skiptist í deildir í samræmi við verkefni hennar, sbr. ákvæði í reglugerð.

Verkefni stofnunarinnar eru í megindráttum þessi:

Stofnunin annast gerð útgáfu, framleiðslu og dreifingu á náms- og kennslugögnum miðað við íslenskar þarfir og aðstæður. Hún kaupir og framleiðir fræðslumyndir eða er aðili að gerð þeirra.

Stofnunin annast kynningar- og fræðslustarfsemi fyrir skóla um námsgögn og kennslutæki.

Hún kaupir, selur og dreifir náms- og kennslugögnum frá öðrum aðilum.

Stofnunin hefur með höndum þróun námsgagna og hefur frumkvæði að könnunum og rannsóknum á gerð þeirra og notkun.

Námsgagnastofnun er heimilt að hafa þau náms- og kennslugögn, sem hún framleiðir, til sölu á frjálsum markaði.

6. gr.

Nemendur í skyldunámi skulu fá ókeypis námsgögn til eignar eða afnota samkvæmt ákvörðun námsgagnastjórnar.

Námsgagnastofnun sér um að námsgögn berist skólum á tilskildum tíma samkvæmt gildandi úthlutunarreglum sem námsgagnastjórn setur.

Afgreiðsla og uppgjör miðast við fjölda nemenda í hverjum aldursflokki samkvæmt opinberum skýrslum.

7. gr.

Kostnaður við starfsemi Námsgagnastofnunar greiðist úr ríkissjóði og af eigin tekjum stofnunarinnar sem eingöngu má verja í þágu þeirra verkefna sem þessi lög mæla fyrir um.

8. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um lög þessi og framkvæmd þeirra.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 45/1979, um Námsgagnastofnun.

Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan ekki eru starfandi landssamtök skal tilnefningu skv. 3. mgr. 2. gr. hagað þannig að samtök foreldrafélaga í hverju fræðsluumdæmi skiptast á um að tilnefna einn áheyrnarfulltrúa til eins árs í senn. Ef ekki eru starfandi foreldrasamtök í fræðsluumdæmi skulu fræðsluráðin hafa tilnefningarréttinn.

Nd. 1019. Nefndarálit [337. mál]

um frv. til l. um viðauka við l. um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., nr. 74 27. apríl 1972.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess óbreytts.

Friðjón Þórðarson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. apríl 1990.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Ólafur G. Einarsson, fundaskr.	Ingi Björn Albertsson.
Guðni Ágústsson.	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.	Sighvatur Björgvinsson.

Nd. 1020. Nefndarálit [366. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Frá því að það var afgreitt úr allsherjarnefnd efri deildar hafa fimm nýjar umsóknir um ríkisborgararétt borist. Uppfylla þær allar þau skilyrði sem allsherjarnefndir hafa sett fyrir veitingu ríkisborgararéttar. Er lagt til að nöfn umsækjenda verði tekin upp í frumvarpið.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins eins og því var breytt í efri deild, ásamt breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 24. apríl 1990.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Ólafur G. Einarsson, fundaskr.	Ingi Björn Albertsson.
Guðni Ágústsson.	Friðjón Þórðarson.	Sighvatur Björgvinsson.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Nd. 1021. Breytingartillögur [366. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:

1. Crowe, Margrét Ann, röntgentæknir í Reykjavík, f. 20. júlí 1954 í Skotlandi.
2. Davis, Daniel Lee, sjómaður í Vestmannaeyjum, f. 21. apríl 1965 í Bandaríkjunum.
3. Kornblueh, Nora Sue, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 18. júlí 1951 í Bandaríkjunum.
4. Mir, Jón Alexander, verkfræðingur í Garðabæ, f. 16. september 1962 í Júgóslavíu.
5. Wang, Chao, hagfræðingur í Reykjvík, f. 22. desember 1959 í Kína. Fær réttinn 26. ágúst 1990.

Nd. 1022. Frumvarp til laga [566. mál]

um breytingu á lögum nr. 7 28. febrúar 1990, um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

Við lög nr. 7/1990 bætist nýr kafli og ný grein, er verður VIII. kafli (17. gr.) með fyrirsögninni: **Áburðarverð**, og orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. laga um Áburðarverksmiðju ríkisins, nr. 43 16. apríl 1971, og ákvörðun meiri hluta stjórnar verksmiðjunnar frá 18. apríl 1990 skal verð á tilbúnum áburði hækka árið 1990 um 12% frá því verði sem lagt var til grundvallar við ákvörðun verðlagsgrundvallar landbúnaðarins 1. júní 1989.

2. gr.

VIII. kafli laganna, **Gildistaka**, verður IX. kafli og 18. gr. verður 19. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í tengslum við kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins frá 1. febrúar 1990 gerðu Stéttarsamband bænda, Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna með sér sérstakt samkomulag um landbúnaðarmál. Byggir samkomulag þetta m.a. á því fyrirheiti ríkisstjórn-

arinnar „að verðhækkun áburðar verði ekki umfram 12% við verðlagningu vorið 1990“, eins og beint kemur fram í 3. tölul. samkomulagsins. Meiri hluti stjórnar Áburðarverksmiðju ríkisins samþykkti hins vegar 18. apríl sl. 18% hækkun áburðarverðs þrátt fyrir ítrekuð tilmæli stjórnvalda um að það hækki ekki meira en 12%. Nái ákvörðun stjórnar verksmiðjunnar um 18% hækkun fram að ganga er raskað forsendum kjarasamninganna frá 1. febrúar 1990 og fyrirheitum ríkisstjórnarinnar um hækkun áburðarverðs.

Í 10. gr. laganna um Áburðarverksmiðju ríkisins, nr. 43 16. apríl 1971, er stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins falið ákvörðunarvald um heildsöluverð á framleiddum og innfluttum áburði, að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið. Þar sem slíkt samráð leiddi ekki til samkomulags að þessu sinni og samninganefnd Stéttarsambands bænda hefur sett fram kröfu um að stjórnvöld standi undanbragðalaust við gefin fyrirheit um að áburðarverð hækki ekki meira en 12% þykir nauðsynlegt að standa nú að ákvörðun um hækkun áburðarverðs á þessu ári með þessum hætti.

Ed. 1023. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [42. mál]

í málinu: Skipulag ferðamála.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Þar eð nefnd skipuð af samgönguráðherra vinnur nú að athugun ferðamála, þar á meðal að endurskoðun laga um ferðamál, telur deildin eðlilegt að efnisatriði þessa máls komi til athugunar við þá heildarendurskoðun og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Sþ. 1024. Skýrsla [567. mál]

Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins um 83. þing sambandsins í Nikósíu á Kípur 2.–7. apríl 1990.

I. Inngangur.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir 83. þingi Alþjóðaþingmannasambandsins (Inter-Parliamentary Union) sem haldið var í Nikósíu á Kípur dagana 2.–7. apríl sl. Þingið á Kípur var sótt af fulltrúum frá 92 þjóðþingum, en aðild að Alþjóðaþingmannasambandinu eiga nú þingmenn á þjóðþingum 113 ríkja. Þá sóttu einnig þingið áheyrnarfulltrúar frá fjölmörgum alþjóðasamtökum, þar á meðal frá ýmsum stofnunum Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðinu og ýmsum svæðisbundnum samtökum þjóðþinga. Samþykkt var á þinginu að veita Norðurlandaráði áheyrnaraðild að þingum sambandsins. Fyrir hönd Íslandsdeildarinnar sóttu þingið alþingismennirnir Geir H. Haarde, formaður Íslandsdeildarinnar, Ólafur Þ. Þórðarson og Sighvatur Björgvinsson, auk Þorsteins Magnússonar, ritara deildarinnar. Einnig sótti Friðrik Ólafsson, skrifstofustjóri Alþingis, fund skrifstofustjóra þjóðþinga innan vébanda Alþjóðaþingmannasambandsins sem haldinn var á sama tíma.

Skýrslan skiptist í fjóra meginþætti. Fyrst er fjallað um störf og ályktanir þingsins. Þá er gerð grein fyrir störfum og ákvörðunum ráðs sambandsins sem fundaði tvívegis meðan á þinginu stóð. Síðan er fjallað um störf óformlegra hópa á þinginu. Að síðustu er rætt um ástand mála á Kípur sem leiðir af skiptingu eyjarinnar.

II. Störf og ályktanir þingsins.

Þing Alþjóðaþingmannasambandsins kemur saman tvisvar á ári til skiptis í aðildarlöndunum. Það mega sækja allt að 8 fulltrúar frá hverri þjóðdeild í ríki með færri en 100 milljónir íbúa og allt að 10 fulltrúar ef íbúarnir eru fleiri en eitt hundrað milljónir. Alþingi hefur

undanfarin ár sent 3 fulltrúa. Atkvæðisréttur er þar misjafn og eftir lagabreytingar sem samþykktar voru á þinginu í Nikósíu, hafa smæstu ríkin 10 atkvæði (áður 8) en hið stærsta 23 atkvæði. Íslendingar höfðu 9 atkvæði en hafa nú 10. Heimilt er að skipta atkvæðum ríkis ef skoðanamunur er í sendinefnd þess um afstöðu til máls sem til meðferðar er. Á dagskrá hvers þings eru ætíð tvö aðalumræðuefni auk almennra umræðna um heimsmálin. Þá getur hvert þing tekið á dagskrá eitt viðbótarumræðuefni og eitt mjög brýnt skyndiumræðuefni sem ákveðin eru á þinginu sjálfu. Yfirleitt er aðeins tekið fyrir viðbótarefni enda þarf að uppfylla mjög ströng skilyrði svo að hægt sé að koma skyndiumræðuefni á dagskrá. Um aðalumræðuefnin og viðbótarefni er fjallað í þingsal og í fastanefndum. Fastanefndirnar gera drög að ályktunum og eiga allar þjóðdeildir rétt á einum fulltrúa í hverri nefnd. Venjan er sú að kjörnar eru undirnefndir með fulltrúum 10–12 ríkja til að fjalla um ályktunardrög og freista þess að ná um þau samstöðu. Takist það eru þau afgreidd án atkvæðagreiðslu á þinginu. Annars koma þau til atkvæða í hlutaðeigandi nefnd og á þinginu sjálfu.

Á dagskrá þingsins í Nikósíu voru að vanda tvö aðalumræðuefni og voru þau annars vegar um aðgerðir til að berjast gegn dreifingu og neyslu fíkniefna í heiminum og hins vegar áhrif tækniþróunar á atvinnumál og starfsmenntun. Fyrir þinginu lágu tillögur um níu viðbótarumræðuefni. Fjórar þessara tillagna voru að lokum dregnar til baka en greidd atkvæði um hinar fimm. Tillaga Kípurdeildarinnar um að fjallað yrði um frið og öryggi á Miðjarðarhafssvæðinu hlaut flest atkvæði. Íslenska sendinefndin greiddi þeirri tillögu atkvæði þegar ljóst var að tillaga Breta (sem Ísland og aðrar Vesturlandaþjóðir höfðu stutt) um að fjallað yrði um þátt þjóðþinga í því að styðja við bakið á lýðræðisþróun í Evrópu og annars staðar í heiminum hafði ekki hlotið nægan stuðning. Næst á eftir Kípurtillögunni að atkvæðamagni kom tillaga Túnis um að fjallað yrði um landnám Gyðinga frá Sovétríkjunum á hernámssvæðum Ísraelsmanna í Palestínu.

Samþykktar voru ítarlegar ályktanir um aðal- og viðbótarumræðuefnið að undangengnum löngum umræðum og umfangsmiklu nefndastarfi. Íslensku þingmennirnir skiptu með sér nefndastörfum í þeim þremur nefndum sem störfuðu á þinginu. Góð samstaða ríkti um þær ályktanir sem þingið gerði um aðalumræðuefnin en til harðra deilna kom um ályktun þingsins um viðbótarefnið um frið og öryggi á Miðjarðarhafssvæðinu eins og vikið verður að hér á eftir.

1. Samstaða um aðalályktanir þingsins.

Fyrir þinginu lágu frá ýmsum þjóðdeildum fjölmargar álitsgerðir og drög að ályktunum um tvö áðurgreind aðalefni sem þingið fjallaði um. Að loknum löngum almennum umræðum um þessi efni var ályktunardrögum og álitsgerðum vísað til hlutaðeigandi nefnda. Með hliðsjón af þeim gögnum gengu nefndirnar frá ályktunardrögum sem samþykkt voru samhljóða á síðasta degi þingsins. Þeim sem áhuga hafa á að kynna sér þessar ályktanir sem og aðrar ályktanir og gögn frá þinginu er bent á að hafa samband við Þorstein Magnússon, ritara Íslandsdeildarinnar, eða Þóru Guðnadóttur sem hefur umsjón með skjalasafni alþjóðanefnda.

Andreotti, forsætisráðherra Ítalíu, sem var fyrir ítölsku sendinefndinni, ávarpaði þingið á fyrsta degi þess og fjallaði sérstaklega um baráttuna gegn dreifingu og neyslu fíkniefna. Þess má geta að það voru Ítalir sem áttu frumkvæði að því að fíkniefnamálin voru tekin til umræðu á þessu þingi.

Í þeirri nefnd, er fjallaði um baráttuna gegn dreifingu og neyslu fíkniefna, var sú nýbreytni tekin upp að efnt var til svokallaðra vitnaleiðslna („hearings"). Þar sat fyrir svörum Giuseppe Di Gennaro sem er einn af aðstoðarframkvæmdastjórum Sameinuðu þjóðanna og jafnframt forstöðumaður einnar af þeim stofnunum Sameinuðu þjóðanna sem berst gegn dreifingu og neyslu fíkniefna. Fundur þessi þótti mjög fróðlegur og er ætlunin að gera slíkar „yfirheyrslur" að föstum lið í starfi þingsins.

2. Hart deilt um Miðjarðarhafsályktun.

Það kom fljótt í ljós í þeirri nefnd er fjallaði um viðbótarumræðuefnið um frið og öryggi á Miðjarðarhafi að skiptar skoðanir voru um hvað leggja bæri áherslu á í ályktun þingsins um það efni. Ellefu manna undirnefnd varð ekki einhuga og skilaði drögum að ályktun sem sættu harðri gagnrýni vestrænna þingfulltrúa. Þau drög þóttu mjög einhliða og ekki bera vott um vilja til að ná samstöðu þingfulltrúa um málið. Á nær sex klukkustunda nefndarfundi var hart deilt um ályktunardrögin. Það var einkum þrennt sem vestrænir þingfulltrúar gerðu athugasemdir við.

Í fyrsta lagi gagnrýndu þeir ákvæði í drögunum þar sem lagt er til að ríki sem ekki eiga land að Miðjarðarhafi, kalli á brott herskip sín frá þessu hafsvæði. Vestrænu fulltrúarnir bentu á að Miðjarðarhafið væri alþjóðlegt hafsvæði sem opið væri öllum þjóðum og auk þess væri það mikilvægt fyrir öryggi Vesturlanda að herskip þeirra gætu athafnað sig á þessu hafsvæði. Lögðu þau til að ákvæðinu yrði breytt þannig að þau herskip skyldu kölluð brott sem ekki væru á svæðinu á grundvelli alþjóðalaga eða milliríkjasamninga. Sú breytingartillaga var felld.

Í öðru lagi var í drögunum víða fjallað um deilur Ísraelsmanna og araba og gengið lengra en við önnur tækifæri í einhliða fordæmingu á Ísrael. Þannig var m.a. ályktað um að Ísralesmenn skiluðu Jerúsalemsborg allri en ekki aðeins austurhlutanum einum auk hernumdu svæðanna. Einnig voru aðgerðir þeirra í suðurhluta Líbanons fordæmdar án þess að minnst væri á dvöl sýrlenska hersins í norðurhluta landsins. Þá var skipulagður tilflutningur innflytjenda til herteknu svæðanna og uppbygging þar fordæmd og því jafnframt lýst yfir að PLO væri eini lögmæti fulltrúi palestínsku þjóðarinnar. Við öll þessi atriði voru fluttar breytingartillögur en engin þeirra náði fram að ganga.

Í þriðja lagi var í drögunum lýst yfir „virkri samstöðu" með Líbýumönnum. Vestrænu fulltrúarnir lýstu yfir að óverjandi væri að lýsa yfir sérstökum stuðningi við ríkisstjórn sem vitað væri að hefði um langt skeið veitt hermdarverkamönnum víða um heim fjárhagslegan og hernaðarlegan stuðning. Vestrænu fulltrúarnir fluttu breytingartillögu þar sem felld var brott stuðningsyfirlýsingin við Líbýumenn. Sú breytingartillaga náði fram að ganga. Því má bæta hér við að Líbýu var veitt aðild að Alþjóðaþingmannasambandinu á síðasta hausti.

Þegar niðurstöður nefndarinnar voru lagðar fyrir þingheim til afgreiðslu gerðu fulltrúar Vesturlanda síðustu tilraun til að ná fram frekari breytingum á ályktuninni en tillögur þeirra voru allar felldar og auk þess var jafnframt samþykkt að taka á nýjan leik inn fyrri stuðningsyfirlýsingu við Líbýumenn. Þegar ljóst var að allar breytingartillögur vestrænu fulltrúanna höfðu verið felldar greiddu þeir atkvæði gegn ályktunartillögunni í heild. Tillagan var engu að síður samþykkt með 595 atkvæðum gegn 237 en fulltrúar, er höfðu að baki sér 99 atkvæði, sátu hjá. Í þessum atkvæðagreiðslum nutu arabaríkin einkum stuðnings Afríkuríkja og margra Asíuríkja auk Sovétríkjanna og Kína. Þegar niðurstöður atkvæðagreiðslunnar lágu fyrir gerðu margar sendinefndir, þar á meðal sú íslenska, grein fyrir afstöðu sinni til afgreiðslu málsins. Í munnlegri greinargerð formanns íslensku sendinefndarinnar kom m.a. fram að sendinefndin harmaði að geta ekki greitt tillögunni atkvæði því að íslenska sendinefndin gæti tekið undir flest atriði ályktunarinnar önnur en þau sem knúin hefðu verið í gegn með meirihlutavaldi. Lýsti sendinefndin sérstökum stuðningi við ákvæði ályktunarinnar um Kípurvandamálið. Ályktunin, eins og hún lægi fyrir í heild, væri hins vegar ekki jákvætt framlag til þess að stuðla að friði í löndunum fyrir botni Miðjarðarhafs og á henni yrði ekki tekið mark á alþjóðavettvangi.

3. Almennar stjórnmálaumræður.

Að vanda var mikil þátttaka í almennu stjórnmálaumræðunum og var þar víða komið við í ræðum manna. Formaður íslensku sendinefndarinnar, Geir H. Haarde, tók þátt í þessum umræðum. Í ræðu sinni vék hann m.a. að framvindu alþjóðamála frá síðasta þingi sambands-

ins, einkum atburðunum í Austur-Evrópu, og þeirri þróun sem orðið hefði frá harðstjórn og alræði í átt til fjölflokkalýðræðis og markaðsbúskapar. Hann fjallaði einnig um ástandið í Litáen og sagðist vona að þess yrði skammt að bíða að þingmenn frá Litáen, Eistlandi og Lettlandi yrðu fullgildir aðilar að Alþjóðaþingmannasambandinu sem fulltrúar sjálfstæðra ríkja. Geir vék og að afvopnunarmálum og þeim tækifærum sem nú virtust blasa við á því sviði og fleiri málefnum sem eru ofarlega á baugi á alþjóðavettvangi um þessar mundir.

4. Breytingar á lögum Alþjóðaþingmannasambandsins.

Fyrir þinginu lágu tillögur um ýmsar breytingar á lögum Alþjóðaþingmannasambandsins sem miðuðu einkum að því að gera nokkur ákvæði laganna skýrari og færa önnur til nútímalegra horfs. Mikil vinna hafði verið lögð í þessa endurskoðun laganna. Fyrst fjallaði sérstök laganefnd um málið og á þinginu í London í september 1989 voru niðurstöður hennar kynntar. Þeim var vel tekið og lagði framkvæmdanefnd sambandsins tillögurnar aftur fyrir ráðið á fundi þess í Nikósíu eftir að hafa gert á þeim smávægilegar orðalagsbreytingar. Ráðið samþykkti að mæla með samþykkt þeirra við þing sambandsins og féllst þingið einróma á tillögurnar.

Tillögur framkvæmdanefndarinnar voru þó ekki einu lagabreytingartillögurnar sem lágu fyrir þinginu í Nikósíu því að þjóðdeild Zaire hafði einnig lagt fram breytingartillögu er fól í sér að a.m.k. ein kona skyldi vera í sendinefnd hverrar þeirrar þjóðdeildar á þingum Alþjóðþingmannasambandsins þar sem kona ætti sæti. Í flestum löndum teljast þjóðþingin í heild vera þjóðdeild innan sambandsins. Tillagan þýddi því í raun að öll þjóðþing, þar sem konur eru meðal þingmanna, skyldu ávallt tryggja a.m.k. einni konu sæti í sendinefndum sínum á þingum sambandsins óháð öðrum þáttum, eins og t.d. fjölda sendinefndarmanna eða reglum um tilnefningu eða kosningu þeirra. Íslenska sendinefndin hafði um það forustu á þinginu að beita sér gegn þessari tillögu óbreyttri og tók málið upp innan norræna hópsins, Vesturlandahópsins og í ráði sambandsins þar sem málið var til afgreiðslu. Íslenska sendinefndin lagði m.a. áherslu á að hér væri um að ræða of ósveigjanlega reglu sem gæti verið erfitt að framkvæma í fámennum sendinefndum. Í ráðinu tóku m.a. þingmenn frá Austurríki, Kenía, Jórdaníu, Sovétríkjunum og Mónakó undir málflutning Íslendinga. Lyktir málsins urðu þær að sendinefnd Zaire féllst á að breyta tillögu sinni á þann veg að í stað afdráttarlausrar skyldu til að tilnefna konu í sérhverja sendinefnd kæmi ákvæði um að það skyldi gert verði því við komið. Talsmaður kvennahópsins á þinginu lýsti stuðningi hans við tillöguna svo breytta og var hún þannig samþykkt einróma bæði í ráðinu og á þinginu sjálfu.

III. Störf og ákvarðanir ráðsins.

Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins kemur ætíð saman samhliða þingi sambandsins. Ráðið fundaði tvívegis meðan þingið stóð yfir en á meðan lágu þingfundir niðri. Í ráðinu eiga sæti tveir fulltrúar frá hverri þjóðdeild og hafa því allar þjóðdeildir jafnmörg atkvæði ólíkt því sem er á þinginu sjálfu. Í ráðinu sátu að þessu sinni af Íslands hálfu Geir H. Haarde og Ólafur Þ. Þórðarson. Ráðið er hin formlega stjórn sambandsins, kýs m.a. forseta sambandsins, tekur ákvörðun um aðild og brottvikningu þjóðdeilda og ákveður fjárhags- og starfsáætlun hvers ár. Þá tekur ráðið sjálfstætt ákvarðanir um mál er varða ýmis önnur innri málefni sambandsins. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim helstu málum sem komu til umræðu og ákvörðunar ráðsins.

1. Ný aðildarþing.

Ráðið samþykkti aðild tveggja nýrra þjóðdeilda, frá Afganistan og Alþýðulýðveldinu Laos. Þinginu barst einnig umsókn frá Afríkuríkinu Níger en hún barst of seint til að hægt væri að taka hana fyrir og var afgreiðslu hennar frestað til fundar ráðsins á næsta þingi. Nokkur

önnur þing hafa einnig lýst áhuga á aðild að sambandinu, þar á meðal þing hins nýfrjálsa ríkis Namibíu og hið endurreista þing í Chile. Það má því búast við að aðildarríkjum sambandsins fjölgi eitthvað á næstunni. Einni þjóðdeild var vikið úr sambandinu, þjóðdeildinni frá Afríkuríkinu Benín, en þar hafði þingið verið lagt niður. Þá var þingi Andes-ríkjanna svokölluðu í Suður-Ameríku veit aukaaðild að sambandinu, en auk þess á þing Evrópubandalagsins einnig aukaaðild að Alþjóðaþingmannasambandinu.

Fulltrúar Pakistans í ráðinu mótmæltu aðild þingsins í Afganistan að sambandinu og bentu á að stjórnin í Kabúl réði aðeins hluta landsins.

Framkvæmdanefnd sambandsins, sem mælt hafði með aðildinni, benti hins vegar á að samkvæmt lögum Alþjóðaþingmannasambandsins uppfyllti þjóðþingið í Afganistan öll aðildarskilyrði. Aðild Afganistans var samþykkt án atkvæðagreiðslu en bókuð var andstaða Pakistans.

Þess má geta að Þjóðarráð Palestínu (Palestine National Council) hefur um nokkurt árabil verið áheyrnaraðili að þingum sambandsins. Framkvæmdanefnd sambandsins heimilaði ráðinu á fundi sínum á Kípur að koma framvegis fram á þingum sambandsins undir heitinu Palestína.

2. Næstu þing og ráðstefnur.

Hér verður stuttlega gerð grein fyrir áætlun ráðsins um næstu þing og helstu ráðstefnur á vegum Alþjóðaþingmannasambandsins, en auk hinna reglubundnu þinga gengst sambandið á hverju ári fyrir nokkrum sérstökum ráðstefnum og fundum um afmörkuð málefni.

a. Þing Alþjóðaþingmannasambandsins.

Á þinginu í Nikósíu var skýrt frá því að þjóðdeild Úrúgvæ hefði ákveðið að bjóða til næsta þings sem verður það 84. í röðinni. Þingið verður haldið í borginni Punta del Este 15.–20. október nk. Aðalumræðuefnin á því þingi verða annars vegar hvernig efla megi almenna lestrarkunáttu í því skyni að auka lýðræðislega þátttöku almennings í þjóðfélaginu og efla hagþróun. Hins vegar hvernig útrýma megi nýlendustefnu með aukinni samvinnu þróaðra ríkja og þróunarríkja og með svæðisbundinni samvinnu af ýmsum toga.

Þá liggur fyrir að Spánverjar munu halda vorþing sambandsins í Madrid 19.–25. apríl 1991. Áður höfðu Brasilíumenn ætlað að halda það þing en treysta sér ekki lengur til þess vegna efnahagserfiðleika heima fyrir. Ekki hafa verið teknar ákvarðanir um þingstaði á næstu þingum þar á eftir en Svíar, Danir og Frakkar hafa lýst yfir því að þeir ætli að athuga möguleika á að bjóða til þings á næstu árum.

b. Ráðstefna um afvopnunarmál í Bonn.

Haldin verður ráðstefna á vegum sambandsins um afvopnunarmál í Bonn 21.–25. maí nk. Ráðstefnan er skipulögð með stuðningi og í samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar. Meðal þátttakenda á ráðstefnunni verða ýmsir af helstu samningamönnum stórveldanna í afvopnunarviðræðum auk fjölda annarra sérfræðinga í afvopnunarmálum. Stjórn Íslandsdeildarinnar hefur ákveðið að senda tvo fulltrúa á þessa ráðstefnu.

c. Fundur þingmanna á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Á undanförnum árum hafa þingmenn, sem sótt hafa allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna, hist fyrir milligöngu Alþjóðaþingmannasambandsins og rætt ýmis mál er varða störf þingsins. Fyrirhugað er að næsti fundur þessara aðila verði haldinn í New York 4. október 1990.

d. RÖSE-ráðstefna Alþjóðaþingmannasambandsins.

Alþjóðaþingmannasambandið hefur staðið fyrir sex ráðstefnum þingmanna um öryggi og samvinnu í Evrópu. Sú síðasta var haldin í Bonn 1986. Þessar ráðstefnur hafa verið sóttar af

þingmönnum frá ríkjunum 35 sem aðild eiga að Helsinki-samkomulaginu um öryggi og samvinnu í Evrópu. Hefur þótt mikilvægt að þingmenn ræðist við um þessi mál sín í milli samhliða hinum opinberu viðræðum stjórnvalda. Staðið hefur til að sambandið stæði að nýju fyrir slíkri ráðstefnu og var röðin komin að Rúmeníu að halda ráðstefnuna á síðasta ári. Þangað neituðu vestrænir fulltrúar hins vegar að fara í ljósi þess hvernig ástandið var þá í landinu. Rúmenar bjóðast enn til að halda ráðstefnuna ef engin andstaða er gegn slíku meðal RÖSE-ríkjanna. Sú skoðun er hins vegar almennt ríkjandi að Rúmenar hafi vart möguleika á að standa fyrir slíkri ráðstefnu vegna erfiðleikanna í landinu. Á fundi, sem fulltrúar frá RÖSE-ríkjunum efndu til um málið, var ákveðið að næsta RÖSE-ráðstefna Alþjóðaþingmannasambandsins yrði haldin í maí eða júní 1991 og fól fundurinn framkvæmdastjóra sambandsins að kanna hvaða aðildarríki gæti boðið til ráðstefnunnar.

3. Mannréttindamál þingmanna.

Á vegum Alþjóðaþingmannasambandsins starfar sérstök fastanefnd sem hefur það verkefni að fylgjast með mannréttindabrotum gagnvart þingmönnum (The Committee on the Human Rights of Parliamentarians) og reyna að fá þingmenn leysta úr haldi hafi þeir verið fangelsaðir án dóms og laga. Hefur verulegur árangur náðst í þessu efni á undanförnum árum. Í ráðinu var lögð fram ítarleg skýrsla þessarar nefndar og er þar gerð grein fyrir fangelsunum, ofsóknum og morðum á þingmönnum í sex ríkjum sem nefndin rannsakaði. Sum þessara mála eru mjög nýleg. Ríkin, sem hér er um að ræða, eru Chile, Colombía, Gínea-Bissá, Hondúras, Súdan og Tyrkland.

Formenn norrænu deildanna í Alþjóðaþingmannasambandinu rituðu á síðasta ári hlutaðeigandi stjórnvöldum bréf vegna þessara mála og hvöttu til þess að þau yrðu upplýst í samræmi við ályktanir sambandsins.

4. Breytingar á lögum Alþjóðaþingmannasambandsins.

Á fundi ráðsins fóru fram umræður um breytingar á lögum sambandsins og féllst þingið umræðulaust á tillögur ráðsins, sbr. það sem nefnt var áður um störf þingsins.

5. Skýrsla Namibíunefndarinnar.

Ráðið ákvað í september 1989 að senda sendinefnd á vegum Alþjóðaþingmannasambandsins til að fylgjast með framkvæmd fyrstu lýðræðislegu þingkosninganna í Namibíu sem haldnar voru í kjölfar þess að landið öðlaðist sjálfstæði. Í sendinefndina voru valdir D. Sow frá Senegal, forseti sambandsins, D. Andersson frá Bretlandi og J. Jabbar frá Pakistan. Sendinefndin dvaldist í Namibíu frá 29. október til 10. nóvember 1989 og fylgdist með kosningunum. Sendinefndin lagði fram ítarlega skýrslu um för sína fyrir ráðið og var það mat hennar að framkvæmd kosninganna hefði verið með eðlilegum hætti og þær farið vel fram að öllu leyti.

6. Alþjóðleg friðarráðstefna um Mið-Austurlönd.

Á vegum Alþjóðaþingmannasambandsins hefur undanfarin ár starfað sérstök nefnd til að kanna möguleika á að efna til alþjóðlegrar ráðstefnu um frið í Mið-Austurlöndum. Nefndin fundaði meðan á þinginu í Nikósíu stóð og átti meðal annars fund með þingmönnum frá arabalöndunum og þingmönnum frá Ísrael. Þetta var í fyrsta skipti sem ísraelskir þingmenn léðu máls á að koma á fund nefndarinnar. Ljóst er að mikill meiri hluta þeirra þjóðdeilda, sem aðild eiga að Alþjóðaþingmannasambandinu, er hlynntur slíkri ráðstefnu en enn hefur ekki tekist að sætta sjónarmið Ísraelsmanna og araba um þetta mál enda eru Ísraelsmenn algerlega mótfallnir hugmyndinni.

7. Ráðning framkvæmdastjóra.

Á fundi ráðsins var samþykkt að endurráða Frakkann Pierre Corneillon sem framkvæmdastjóra Alþjóðaþingmannasambandsins. Endurráðningin gildir fyrir tímabilið frá 1. janúar 1991 til 31. desember 1994. Corneillon þykir hafa staðið sig frábærlega vel sem framkvæmdastjóri sambandsins.

IV. Störf óformlegra hópa á þinginu.

Á þingum Alþjóðaþingmannasambandsins er mikið um fundi óformlegra hópa sem þingfulltrúar skiptast í. Verður hér gerð grein fyrir þessum hópum og þátttöku Íslendinga í þeim eftir því sem við á.

1. „Þingflokkarnir" og upplausn kommúnistahópsins.

Mikilvægustu hópunum, sem myndast hafa á þingum Alþjóðaþingmannasambandsins, má að nokkru líkja við þingflokka í þjóðþingum. Hver „þingflokkur" er skipaður þingfulltrúum ríkja sem af landfræðilegum og pólitískum ástæðum telja sig eiga nokkra samleið. Þessir þingflokkar halda fundi á meðan á þinginu stendur og ráða þar ráðum sínum og leitast við að samræma afstöðu þeirra þjóðdeilda sem aðild eiga að viðkomandi hópi. Á þinginu í Nikósíu störfuðu sjö slíkir þingflokkar og þeir eru: 12-plúshópurinn (vestræn ríki), Afríkuhópurinn, arabahópurinn, Asíu- og Kyrrahafshópurinn, ríkjahópurinn frá rómönsku Ameríku, hópur hlutlausra ríkja og hópur Mið-Evrópuríkja. Nokkur skörun er á milli þeirra þingflokka sem hér eru nefndir og eiga sum ríki aðild að tveimur þingflokkum.

Síðastnefndi hópurinn, Mið-Evrópuríkin, er alveg nýr og skipaður fulltrúum þjóðdeilda Ungverjalands, Póllands og Tékkóslóvakíu. Að sögn er þess vænst að fulltrúar Búlgaríu og Júgóslavíu eigi eftir að bætast í hópinn og e.t.v. fleiri. Þó er líka hugsanlegt að þessar þjóðdeildir muni ganga til liðs við 12-plúshópinn enda stóðu þær mjög oft með honum í atkvæðagreiðslum á þinginu. Á undanförnum þingum hefur starfað sérstakur hópur þjóðdeilda frá kommúnistaríkjum undir forustu Sovétríkjanna en á þessu þingi var ekki grundvöllur fyrir því að kalla þann hóp saman og er ljóst að hrun kommúnismans í Mið-og Austur-Evrópu hefur leitt til þess að slíkur þingflokkur mun tæpast starfa framar innan vébanda Alþjóðaþingmannasambandsins. Því má bæta við hér að á þinginu voru að þessu sinni hvorki sendinefndir frá Rúmeníu né Þýska alþýðulýðveldinu, en sú fyrrnefnda hefur verið áberandi á síðustu þingum.

2. Fundur Norðurlandahópsins með sovésku sendinefndinni.

Þeir fulltrúar norrænu þinganna, sem þátt taka í starfi Alþjóðaþingmannasambandsins, eiga með sér náið samstarf. Norrænu sendinefndirnar halda reglulega fundi á þingum sambandsins, en einnig hafa formenn norrænu þjóðdeildanna hist reglulega fyrir þingin til að bera saman bækur sínar og undirbúa sig undir þingstörfin. Norrænu þjóðdeildirnar skiptast á að stýra þessu samstarfi og er formennskan nú í höndum Finna, en eftir þingið í Úrúgvæ í október nk. taka Íslendingar við formennskunni.

Á þinginu í Nikósíu hittust allir norrænu fulltrúarnir einu sinni meðan á þinginu stóð. Á fundinum var skiptst á skoðunum um ýmis mál er vörðuðu þinghaldið. Þá var og gengið frá bréfi til sovésku sendinefndarinnar á þinginu varðandi fyrirhugaðar kjarnorkutilraunir Sovétmanna á eyjunni Novaja Semlja við Barentshaf. Í bréfinu er lýst sameiginlegri andstöðu norrænu þjóðdeildanna við þessar tilraunir. Á þessum sama fundi lýsti formaður íslensku sendinefndarinnar, Geir H. Haarde, yfir því að íslenska sendinefndin hefði áhuga á því að norrænu sendinefndirnar afhentu einnig sovésku sendinefndinni yfirlýsingu um ástandið í

Litáen. Nokkur umræða varð um málið en í ljós kom að ekki var grundvöllur fyrir slíkri sameiginlegri yfirlýsingu. Hins vegar var ákveðið að Geir mundi taka málið upp munnlega á fundi formanna norrænu sendinefndanna með þeirri sovésku þegar Sovétmönnum væri afhent bréfið varðandi Novaja Semlja.

Formenn norrænu sendinefndanna áttu síðan fund með Alexei S. Elisseyev, formanni sovésku sendinefndarinnar. Johannes Virolainen, formaður finnsku sendinefndarinnar, hafði orð fyrir norrænu formönnunum og afhenti Elisseyev yfirlýsinguna um Novaja Semlja. Í yfirlýsingunni er sovéska sendinefndin hvött til að beita sér fyrir því að endurskoðaðar verði áætlanir um að nota eyjuna Novaja Semlja fyrir tilraunir með kjarnorkuvopn. Minnt er á að slíkar áætlanir hafi verið ræddar í einni af nefndum æðsta ráðsins í mars sl. Þar hafi verið rætt um að flytja allar kjarnorkutilraunir á næstu þremur árum til Novaja Semlja. Ástæðan fyrir þessum tilflutningi er sögð hörð andstaða íbúa í lýðveldinu Kazakstan sem telja sig hafa orðið fyrir geislun frá kjarnorkutilraunastöðinni við Semipalatinsk sem er þar í lýðveldinu. Í bréfinu segja formenn norrænu sendinefndanna enn fremur að meginástæðan fyrir andstöðu þeirra við þessar ráðagerðir Sovétmanna sé sú hætta sem geislavirkt úrfelli geti skapað fyrir allt umhverfi á heimskautasvæðinu. Þá væri og fólk, dýr og plöntur í Norður-Evrópu í hættu vegna slíkra tilrauna. Minnt er á að Gorbatsjov, forseti Sovétríkjanna, hafi í Múrmansk-ræðu sinni í október 1987 og Finnlandsræðu sinni í október 1989 boðiðst til að eiga nána samvinnu við Norðurlandaþjóðirnar um að varðveita heimskautasvæðið. Kjarnorkutilraunastöð á Novaja Semlja væri hins vegar ekki í anda slíkrar samvinnu.

Formaður sovésku sendinefndarinnar sagðist mundi koma bréfinu áleiðis til réttra aðila. Hann gat þess jafnframt að andstaða íbúanna í Kazakstan við kjarnorkustöðina í Semipalatinsk væri lýsandi dæmi um áhrifamátt „glasnost"-stefnu Gorbatsjovs. Vegna „glasnost" hefðu íbúarnir í Kazakstan fengið upplýsingar um kjarnorkutilraunir á svæðinu og í framhaldi af því hefði myndast hreyfing sem beitti sér fyrir því að fá kjarnorkutilraunastöðina flutta. Stjórnvöld hefðu reynt að fullvissa íbúana um að geislun frá svæðinu væri fyrir neðan hættumörk en íbúarnir hefðu ekki látið sannfærast. Í æðsta ráðinu væri því verið að ræða um flutning á kjarnorkutilraunastöðinni en enn þá hefðu engar formlegar ákvarðanir verið teknar í málinu. Bréfið til sovésku sendinefndarinnar er birt sem fylgiskjal með skýrslu þessari.

Þegar umræðunni um Novaja Semlja var lokið vakti Geir H. Haarde máls á sjálfstæðisbaráttu Litáa og lýsti áhyggjum íslensku sendinefndarinnar vegna þróunar mála þar í landi. Hann lagði áherslu á að það væri von íslensku sendinefndarinnar að Sovétmenn beittu ekki vopnum eða öðrum þrýstingi gegn Litáum og fundin yrði friðsamleg leið til þess að Litáen fengi þegar fullt sjálfstæði og sömuleiðis hin Eystrasaltsríkin ef þau óskuðu þess. Alexei Elisseyev, formaður sovésku sendinefndarinnar, sagði að sovésk stjórnvöld hefðu sýnt mikla þolinmæði vegna ástandsins í Litáen og gerðu allt til að forðast átök og komast hjá beitingu vopnavalds. Hann sagðist hafa trú á að friðsamleg lausn fyndist á þessu máli. Einstök lýðveldi hefðu stjórnarskrárbundinn rétt til að segja sig úr ríkjasambandinu, en vandinn væri að engar reglur væru til um hvernig standa ætti að slíku. Æðsta ráðið væri nú að fjalla um löggjöf um þetta efni er gilti fyrir öll lýðveldin. Meðan þessar reglur væru ekki til gætu einstök lýðveldi ekki ákveðið upp á eigin spýtur að yfirgefa ríkjasambandið.

3. Fundir Vesturlandahópsins (12-plúshópsins).

Íslenska sendinefndin tók virkan þátt í störfum 12-plúshópsins sem fundaði bæði helgina fyrir upphaf þingsins og síðan á hverjum morgni áður en þingfundir hófust. Á þessum samráðsfundum var afstaða til einstakra mála og þátttaka í nefndastarfi rædd. 12-plúshópurinn er kenndur við ríkin tólf í Evrópubandalaginu en nú eiga aðild að honum öll ríki í Vestur-

Evrópu auk Bandaríkjanna, Kanada, Ástralíu og Nýja Sjálands. Alls eru aðildarríkin 26. Í þessum hópi ráða menn ráðum sínum um störfin innan sambandsins og þau mál sem á dagskrá eru. Vesturlandahópurinn er líklega best skipulagður allra hópa innan Alþjóðaþingmannasambandsins. Hópurinn heldur venjulega samráðsfundi fyrir hvert þing ýmist á þingstaðnum eða í öðru nálægu ríki eftir hentugleikum hverju sinni. Þjóðdeildirnar skiptast á að fara með formennsku í hópnum og er formaðurinn talsmaður Vesturlandahópsins gangvart öðrum ríkjahópum á þinginu. Á þessu ári hafa Svíar undir forustu jafnaðarmannsins Sture Ericson stýrt hópnum af miklum skörungsskap.

4. Fundir alþjóðasambanda stjórnmálaflokka.

Venja er að aðilar að alþjóðasamböndum stjórnmálaflokka hittist meðan á þingum sambandsins stendur. Á þessu þingi var boðað til þriggja slíkra funda og tóku allir íslensku fulltrúarnir þátt í þeim fundum. Geir H. Haarde sótti fund þingmanna íhaldsflokka, Ólafur Þ. Þórðarson sótti fund á vegum Alþjóðasambands frjálslyndra stjórnmálaflokka og Sighvatur Björgvinsson sótti fund þingmanna í Alþjóðasambandi jafnaðarmanna.

5. Fundur fulltrúa frá RÖSE-ríkjum.

Fulltrúar frá þeim 35 ríkjum, sem aðild eiga að Helsinki-sáttmálanum um öryggi og samvinnu í Evrópu, héldu einn fund meðan þingið stóð yfir. Þar var ákveðið að fela framkvæmdastjóra Alþjóðaþingmannasambandsins að gera ráðstafanir til þess að næsta RÖSE-ráðstefna á vegum sambandsins yrði haldin í maí eða júní 1991, sbr. það sem áður segir um það efni.

6. Fundur kvenfulltrúa á þinginu.

Konur, sem sitja þing Alþjóðaþingmannasambandsins, hafa síðan 1975 haldið með sér sérstakan fund á þinginu til að ráða ráðum sínum. Hópur þessi hefur með árunum orðið æ betur skipulagður og látið meira að sér kveða í starfi sambandsins. Fyrir frumkvæði hópsins var t.d. á síðasta ári haldin ráðstefna á vegum Alþjóðaþingmannasambandsins í Genf í Sviss um þátttöku kvenna í stjórnmálum og starfi þjóðþinga. Þá hefur hópurinn beitt sér fyrir því að sambandið láti á fjögurra ára fresti gera skýrslu um þátttöku kvenna í stjórnmálum. Ein slík skýrsla hefur þegar komið út og sú næsta er væntanleg á næsta ári. Á þinginu í Nikósíu var lögð fram skýrsla framkvæmdastjóra Alþjóðaþingmannasambandsins um störf þessa kvennahóps, sem og yfirlit um störf sambandsins að málum er varða stöðu kvenna. Skýrslu framkvæmdastjórans er hægt að fá hjá ritara Íslandsdeildarinnar.

V. Ástand mála á Kípur.

Þátttakendur á þingi Alþjóðaþingmannasambandsins á Kípur urðu áþreifanlega varir við þá staðreynd að eyjan er tvískipt og voru þingfulltrúar á margvíslegan hátt minntir á þann harmleik sem deilur grískra og tyrkneskra Kípurbúa hafa leitt yfir eyjaskeggja. Þannig fjölmenntu t.d. einn daginn fjölskyldur margra þeirra 1619 Kípurgrikkja, sem saknað er síðan í innrás Tyrkja 1974, fyrir utan ráðstefnuhöllina með spjöld, borða og myndir af horfnum ættingjum til að vekja athygli á þeirri staðreynd að ekkert hefur verið upplýst um afdrif þessa fólks sem hvarf á yfirráðasvæði Tyrkja.

Til fróðleiks skal rifjað upp að þegar Kípur öðlaðist sjálfstæði 1960, eftir að hafa lotið breskri nýlendustjórn síðan 1878, var gert samkomulag um skiptingu pólitísks valds milli grískra og tyrkneskra Kípurbúa. Þannig fól stjórnarskráin m.a. í sér að forsetinn skyldi vera grískur að uppruna og varaforsetinn tyrkneskur. Þá var ákveðið að 70% þingmanna skyldu

vera grískrar ættar og 30% tyrkneskrar ættar. Sama hlutfall átti að gilda um embættismenn ríkisins. Löngum hafði verið grunnt á því góða milli grískra og tyrkneskra Kípurbúa sem rekja mátti til þess að Tyrkir höfðu á dögum Ottóman-heimsveldisins verið ráðandi á Kípur í rúm 300 ár (1573–1878). Sjálfstæði eyjarinnar 1960 varð ekki til að jafna þennan ágreining og fljótlega fór að bera á skærum milli þessara tveggja þjóðarhópa. Sameinuðu þjóðirnar sendu friðargæslusveitir til eyjarinnar 1964 en skærur héldu þó áfram. Upp úr sauð 1974 þegar þjóðvarðliðið, er var undir stjórn Kípurgrikkja, gerði tilraun til að steypa Makaríosi erkibiskupi og forseta landsins úr stóli. Tyrkneskir Kípurbúar, sem óttuðust að uppreisnarmenn ætluðu að sameina eyjuna Grikklandi, leituðu ásjár Tyrklands og tyrkneskur her tók land á eyjunni. Á skömmum tíma hafði tyrkneski innrásarherinn lagt undir sig allan norðurhluta eyjarinnar eða rúmlega þriðjung allrar eyjarinnar. Frá þeim tíma hefur eyjan verið tvískipt og eru friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna á „græna beltinu“ svokallaða milli landshlutanna. Í nóvember 1983 lýsti tyrkneska lýðveldið á Norður-Kípur einhliða yfir sjálfstæði sínu en sú sjálfstæðisyfirlýsing hefur aðeins hlotið viðurkenningu Tyrklands. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur oftar en einu sinni ályktað um málið og hvatt Tyrki til að kalla her sinn frá eyjunni.

Þegar ákvörðun var tekin um að halda 83. þing Alþjóðaþingmannasambandsins á Kípur lýsti tyrkneska þjóðdeildin yfir því að hún mundi ekki sækja þingið. Sú ákvörðun mæltist mjög illa fyrir innan sambandsins. Denktash, leiðtogi Kípurtyrkja, bauð þingfulltrúum í kvöldverðarboð sem fáir ef nokkrir þingfulltrúa munu hafa þegið. Íslenska sendinefndin fór hins vegar að landamærunum í Nikósíu (en landamærin liggja í gegnum borgina miðja) og sá þannig með eigin augum þá „múra“ sem skipta borginni og þessari litlu eyju í tvennt. Geir H. Haarde, formaður sendinefndarinnar, vék að tvískiptingu eyjarinnar í ræðu sinni í almennu umræðunum á þinginu og sagði m.a. að eftir dvöl sína á eyjunni hefðu þingfulltrúar mun betri skilning á þeim vandamálum sem Kípurbúar ættu við að glíma. Hann sagðist vona að sanngjörn lausn fyndist á deilumálum eyjarskeggja þannig að íbúarnir mættu á ný búa sameinaðir á eyjunni. Sá múr, er þingfulltrúar hefðu fyrir augum í Nikósíu, hlyti brátt að heyra fortíðinni til líkt og aðrar sambærilegar takmarkanir og pólitísk höft á samskiptum manna sem fjarlægð hefðu verið í Evrópu á undanförnum mánuðum.

Á vegum Vesturlandahópsins (12-plúshópsins) hefur starfað nefnd þriggja manna til að leita lausna á Kípurdeilunni, enda allir málsaðilar í hópnum. Í nefndinni eiga sæti Heinrich Ott frá Sviss, sem er formaður, Johannes Virolainen frá Finnlandi og Jim Tunney frá Írlandi. Nefndin hefur átt viðræður við báða málsaðila á Kípur og á þinginu í Nikósíu gaf nefndin Vesturlandahópnum munnlega bráðabirgðaskýrslu um störf sín. Ætlun nefndarinnar er að ljúka störfum fyrir þingið í Úrúgvæ í október og skila þá skriflegri skýrslu til hópsins sem yrði þá rædd að öllum málsaðilum viðstöddum en Tyrkir voru fjarverandi nú eins og áður segir. Með hliðsjón af þeirri munnlegu bráðabirgðaskýrslu, sem nefndin gaf í Nikósíu, er ljóst að hún telur að einhvers konar sambandsríki sé æskilegasta lausnin á stjórnskipun eyjarskeggja.

Alþingi, 23. apríl 1990.

Geir H. Haarde, formaður.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Sighvatur Björgvinsson.

Fylgiskjal.

Til sovésku sendinefndarinnar á 83. þingi Alþjóðaþingmannasambandsins í Nikósíu á Kípur 2.–7. apríl 1990.

Sendinefndir Norðurlandanna á 83. þingi Alþjóðaþingmannasambandsins hvetja sendinefnd Sovétríkjanna á sama þingi til að vinna að því strax við heimkomuna til Moskvu að hafin verði endurskoðun áætlana um að byrja tilraunir með kjarnorkuvopn í auknum mæli í Novaja Semlja og að nota Novaja Semlja sem framtíðartilraunasvæði fyrir kjarnorkuvopn.

Skýrt hefur verið frá því að slík áætlun hafi verið til umræðu á nefndarfundi í æðsta ráði Sovétríkjanna snemma í mars á þessu ári. Meginástæðan fyrir lokun tilraunasvæðisins í Semipalatinsk er sögð vera hörð mótmæli meðal íbúa í Kazakstan sem að sögn hafa orðið fyrir geislun af völdum geislavirks leka frá tilraununum.

Samkvæmt því sem skýrt hefur verið frá hefur verið lagt til að innan þriggja ára verði allar tilraunir færðar til Novaja Semlja. Því getum við alls ekki unað.

Meginástæðan fyrir mótmælum okkar gegn þessum áætlunum er hættan á stjórnlausri útbreiðslu geislavirkni í viðkvæmu umhverfi norðurheimskautsins. Í ræðu, sem Gorbatsjov, forseti Sovétríkjanna, hélt í Múrmansk í október 1987 og í Finnlandsræðu sinni í október 1989, bauð hann Norðurlöndum til aukinnar samvinnu um verndun umhverfis á norðurheimskautinu. Áætlun um kjarnorkutilraunir í Novaja Semlja samræmist ekki stefnu sem miðar að bættu umhverfi á norðurheimskautinu.

Útbreiðsla geislavirkni til Barentshafs og Norðurlanda, sem hlytist af slíkum tilraunum, væri andstæð alþjóðalögum og umhverfisverndarstefnu. Þeir sem yrðu í mestri hættu ef áætlun um að færa tilraunirnar til Novaja Semlja yrði hrint í framkvæmd væru auðvitað menn, dýr og plöntur í norðurhluta Evrópu.

Við skorum á ykkur að gera ykkar ýtrasta til að hindra þessa áætlun.

Nikósíu í apríl 1990.

Ivar Nörgaard, f.h. sendinefndar Danmerkur.	Johannes Virolainen, f.h. sendinefndar Finnlands.	Geir H. Haarde, f.h. sendinefndar Íslands.
Sigurd Holemark, f.h. sendinefndar Noregs.		Sture Ericson, f.h. sendinefndar Svíþjóðar.

Sþ. 1025. Tillaga til þingsályktunar [568. mál]

um skrifstofur heilbrigðismála í kjördæmum landsins.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa að komið verði á fót í kjördæmum landsins á næstu fjórum árum skrifstofum heilbrigðismála sem sinni m.a. verkefnum fyrir héraðslækna, heilbrigðismálaráð og Tryggingastofnun, svo og fjárhagslegri og faglegri áætlanagerð og eftirliti með heilbrigðisþjónustu á svæðinu.

Greinargerð.

Með breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, sem ákveðin var með lögum nr. 87/1989, tók ríkið við stjórn heilsugæslu í landinu, en áður var hún að hluta á hendi sveitarfélaganna. Þessi breyting mun leiða til þess að verkefni í heilbrigðisþjónustu á vegum ríkisins fara vaxandi og flytjast að óbreyttu í vaxandi mæli til Reykjavíkur. Í framhaldi af ákvörðun um breytta verkaskiptingu er unnið að lagabreytingum varðandi ýmsa þætti sem henni tengjast, m.a. liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu. Þar er hins vegar ekki tekið á því máli sem hér er gerð tillaga um.

Þegar stjórn heilbrigðismálanna færist nú á eina hendi hjá ríkinu er nauðsynlegt að samræma hana og styrkja svæðisbundna stjórnun í læknishéruðum sem að mestu fylgja kjördæmaskiptingu. Í því skyni er hér lagt til að komið verði á fót skrifstofum heilbrigðismála í hverju kjördæmi landsins.

Rökstuddar hugmyndir hafa komið fram um þessi efni að undanförnu, m.a. frá Skúla G. Johnsen borgarlækni sem einnig hefur reynslu af því að starfa sem læknir utan höfuðborgarsvæðis, sjá fskj. I.

Þá flutti héraðslæknirinn á Austurlandi, Stefán Þórarinsson, erindi um þetta efni á aðalfundi Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi 1989, sjá fskj. II. Ályktaði aðalfundurinn í framhaldi af því eftirfarandi:

„Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 25. og 26. ágúst 1989 skorar á Alþingi og ríkisstjórn að marka þá stefnu að komið verði á fót umboðsskrifstofu heilbrigðismála í héruðum landsins. Skrifstofan sinni verkefnum heilbrigðismálaráðanna auk annarra skyldra verkefna sem henni verða falin."

Á svipaðan hátt ályktaði stjórn Fjórðungssambands Vestfjarða 15. nóvember 1989 þar sem segir m.a. að stjórn sambandsins „telur rétt að komið verði á fót héraðsstjórn í hverju kjördæmi landsins, sem hafi á hendi skipulagningu og stjórnun á heilbrigðisþjónustu, í umboði og á kostnað heilbrigðisráðuneytisins".

Frá árinu 1978 hafa verið í lögum ákvæði um heilbrigðismálaráð og þeim verið ætluð veigamikil verkefni. Héraðslæknum, sem verið hafa án teljandi starfsskyldu, hefur verið ætlað að starfa með heilbrigðisráðum og þeim ekki verið séð fyrir annarri aðstoð. Niðurstaðan hefur orðið sú að starf þeirra hefur orðið afar veikburða í flestum umdæmum og ekki tekist að framfylgja lögboðnum ákvæðum. Þessi heimastjórn hefur þannig verið lömuð og ekki horfur á að fram komnar hugmyndir í frumvarpi um breytingu á lögum nr. 59/1983 nægi til að ráða þar bót á.

Til að bæta stöðu þessara mála er því brýnt að komið verði á fót skrifstofum heilbrigðismála í hverju kjördæmi og verði þær tengiliðir ráðuneytis við viðkomandi læknishérað. Til hliðsjónar má í þessu sambandi benda á fræðsluskrifstofur og embætti fræðslustjóra. Í fskj. I koma fram fjölmargar hugmyndir um æskileg verkefni fyrir þessar skrifstofur.

Góð reynsla er fengin af slíkum svæðismiðstöðvum í stórum málaflokkum og nægir í því sambandi að benda á fræðsluskrifstofur og umdæmisskrifstofur Vegagerðar ríkisins og Pósts og síma.

Fylgiskjal I.

Skúli G. Johnsen:

Skrifstofa heilbrigðismála — umdæmisstjórn.
(Úr bæklingi: „Nokkrir minnispunktar um stjórn heilbrigðismála ásamt ítarefni í febrúar 1989.)

Ef ný verkaskipting verður samþykkt verða nýir möguleikar á að bæta heilbrigðisþjónustuna, auka áætlanagerð og taka upp nútímarekstrarhætti. Eðlilegasta leiðin í því sambandi er *að ríkið dreifi stjórn heilbrigðismála* til læknishéraðanna. Það er sams konar umdæmisstjórn og notuð er í mörgum öðrum málaflokkum ríkisins.

Um leið og sveitarstjórnir hverfa úr heilbrigðismálunum hætta þau að greiða hlut sinn í rekstri sjúkrasamlaga og við það hverfur þörfin fyrir þau enda ekki lengur um „samlag" að ræða. Það breytir einnig stöðu sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins, en hlutverk hennar hefur fyrst og fremst verið þjónusta við sjúkrasamlögin og eftirlit með þeim. Ef stjórn heilbrigðismála verður ekki efld út í héruðunum um leið og áhrif sveitarstjórna og sjúkrasamlaga hverfa mun öll stjórn heilbrigðismála flytjast til Reykjavíkur. Slíkt væri mjög óæskilegt og er því nauðsynlegt að komið verði á fót nýjum aðila, einum í hverju læknishéraði, sem hafi með höndum heildarstjórn heilbrigðismála og heilbrigðisþjónustu í hverju héraði. Um leið og sjúkrasamlög eru lögð niður sparast rekstrarkostnaður þeirra og mætti nota þá fjármuni til að standa undir rekstri héraðsskrifstofanna.

Eftirfarandi eru drög að verkefnalista fyrir héraðsskrifstofur heilbrigðismála:

1. Héraðslæknisstörf samkvæmt lögum eru m.a. að:
   a. fylgjast með því að framfylgt sé lögum og reglum um heilbrigðismál í héraðinu,
   b. hafa umsjón með heilbrigðisstarfi í héraðinu í umboði ráðuneytis, í sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum og annars staðar þar sem slíkt starf fer fram,
   c. annast samræmingu heilbrigðisstarfa í héraðinu,
   d. vera ráðunautur heilbrigðisstjórnar um hvaðeina er við kemur heilbrigðismálum héraðsins.
2. Yfirferð og samræming árlegra rekstraráætlana heilbrigðisstofnana til notkunar við undirbúning fjárlagafrumvarps. Gerð rekstraráætlana fyrir minnstu stofnanirnar.
3. Skipulagning á starfi heilbrigðisstofnana og verkaskipting þeirra á milli.
4. Umsjón með rekstri heilbrigðisstofnana.
5. Gerð tillagna og áætlana um framkvæmd og forgang verkefna á sviði heilbrigðismála í héraðinu.
6. Undirbúningur og umsjón með framkvæmdum við heilbrigðisstofnanir.
7. Gerð áætlana til lengri tíma um skipan heilsugæslu og sjúkrastofnana.
8. Umboð fyrir Tryggingastofnun ríkisins.
9. Greiðsla kostnaðar samkvæmt samningum um sjúkraþjónustu (um er að ræða reikninga lækna, tannlækna, sjúkraþjálfara, rannsóknastofa, sjúkrastofnana, sjúkraflutninga o.fl.).
10. Eftirlit með framkvæmd samninga.
11. Greiðsla lyfjakostnaðar samkvæmt reikningun lyfjabúða samkvæmt útgefnum lyfseðlum og aðgerðir til lækkunar lyfjakostnaðar.
12. Móttaka sjúkradagpeningavottorða, mat á þeim og greiðsla bóta.
13. Örorkumat.

Með stofnun skrifstofu heilbrigðismála í hverju héraði yrði tryggt að unnt væri að rækja hin mörgu verkefni við stjórn heilbrigðismála sem nú er ekki sinnt að öllu leyti. Héraðslæknar fengju bætta aðstöðu til að sinna embættisstörfum sem þeir hafa lengi óskað eftir. Verkefni heilbrigðismálaráða kæmust í framkvæmd og verkefni sjúkrasamlaganna mundu áfram haldast í heimahéraði. Þá gæti skrifstofan, sem umboðsskrifstofa Tryggingastofnunar ríkisins, tekið við verkefnum sem nú eru einungis hjá einum aðila, svo sem mat á bótarétti og örorkumat sem héraðslæknar mundu sjá um.

Ef frumvarpið um nýja verkaskiptingu í heilbrigðismálum verður samþykkt verður stjórn heilbrigðismála að öllu leyti komin í hendur ríkisins. Heilbrigðismálin verða þannig komin í hóp margra annarra málaflokka sem ríkið hefur á sinni hendi. Þegar litið er á hin mörgu svið opinberrar þjónustu sem falla undir ríkið virðist reglan þar að séð er fyrir málum með umdæmisstjórn af einhverju tagi. Eftirfarandi má nefna í þessu sambandi:

1. Fræðslumál — fræðsluskrifstofa.
2. Dóms- og lögreglumál — sýslumenn.
3. Málefni fatlaðra — skrifstofur svæðisstjórna.
4. Kirkjumál — prófastar.
5. Innheimta gjalda — gjaldheimtur.
6. Skattamál — skattstofur skattumdæma.
7. Vegamál — umdæmisskrifstofur.
8. Póst- og símamál — umdæmisskrifstofur.
9. Orkumál — umdæmisskrifstofur.

a. stuðla að jafnrétti fullorðinna til að afla sér menntunar án tillits til búsetu, aldurs, kyns, starfs eða fyrri menntunar.
b. fullorðnir hafi hliðstæð tækifæri til náms og nemendur í grunn- og framhaldsskólum.
c. skapa fullorðnum skilyrði til aukins þroska og alhliða menntunar, sem nýtist í starfi, fjölskyldulífi og tómstundum og stuðlar að virkri þátttöku einstaklingsins í samfélaginu.
d. skapa, í samræmi við fjárveitingar á hverjum tíma, fræðsluaðilum skilyrði til að þeir geti boðið þátttakendum viðunandi nám og námsaðstöðu.

2. gr.

Lög þessi taka til eftirfarandi þátta:

a. Náms á grunn- framhalds- eða háskólastigi sem skipulagt er sérstaklega fyrir fullorðna og ekki er fjallað um í öðrum lögum.
b. Almennrar lýðfræðslu og tómstundanáms sem ekki fellur undir a-lið.
c. Þróunarstarfs innan almennrar fullorðinsfræðslu.

II. KAFLI

Yfirstjórn fullorðinsfræðslu.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar 13 fulltrúa í fullorðinsfræðsluráð til fjögurra ára í senn. Í ráðið skal skipa á eftirfarandi hátt: Einn fulltrúa menntamálaráðuneytisins, einn tilnefndan af félagsmálaráðherra, einn af Alþýðusambandi Íslands, einn af Bandalagi háskólamanna, einn af Bandalagi kennarafélaga, einn af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn af Vinnuveitendasambandi Íslands, einn af Öryrkjabandalagi Íslands og þrjá fulltrúa þeirra aðila sem hafa á hendi fullorðinsfræðslu. Menntamálaráðherra skipar formann ráðsins án tilnefningar.

Kostnaður við fullorðinsfræðsluráð greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Verkefni Fullorðinsfræðsluráðs eru að

a. vera stjórnvöldum til ráðuneytis um meginstefnu og áhersluþætti í fullorðinsfræðslu, jafnt starfsmenntun samkvæmt sérstökum lögum sem almenna fullorðinsfræðslu,
b. afla gagna og miðla upplýsingum um fullorðinsfræðslu í landinu og erlendis,
c. beita sér fyrir samræmdu faglegu mati á námskeiðum,
d. stuðla að samstarfi milli skóla og annarra sem hafa á hendi fullorðinsfræðslu,
e. beita sér fyrir menntun kennara og leiðbeinenda fyrir fullorðna,
f. sjá um önnur verkefni er ráðherra felur ráðinu eða það sjálft telur nauðsynlegt að vinna að.

III. KAFLI

Skipulag almennrar fullorðinsfræðslu.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar fimm menn í nefnd um almenna fullorðinsfræðslu þar af skulu að minnsta kosti fjórir eiga sæti í fullorðinsfræðsluráði. Menntamálaráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Skipunartími nefndarinnar er hinn sami og fullorðinsfræðsluráðs.

Kostnaður við nefnd um almenna fullorðinsfræðslu greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Verkefni nefndar um almenna fullorðinsfræðslu er að

a. vera menntamálaráðuneyti og fræðsluaðilum til ráðuneytis um framkvæmd almennrar fullorðinsfræðslu,
b. vera tengiliður menntamálaráðuneytis við fræðsluaðila,
c. fara með stjórn menntunarsjóðs fullorðinna og annast styrkveitingar úr sjóðnum, sbr 13. gr. laga þessara,
d. stuðla að útgáfu og samnýtingu námsefnis og beita sér fyrir útgáfu upplýsingarita á sviði almennrar fullorðinsfræðslu.

7. gr.

Nemandi, sem lokið hefur námi utan hins almenna skólakerfis, sbr. lög um skólakerfi, nr. 55/1974, getur fengið það metið til námseininga í skólakerfinu samkvæmt reglum sem menntamálaráðuneytið setur. Vitnisburður um námsárangur utan skólakerfisins skal metinn jafngildur vitnisburði á hliðstæðu skólastigi hins almenna skólakerfis.

Vísa má ágreiningi um námsmat til menntamálaráðuneytisins til úrskurðar. Niðurstaða ráðuneytisins er bindandi.

8. gr.

Við skipulagningu og framkvæmd almennrar fullorðinsfræðslu skal tekið tillit til sérþarfa þeirra sem vegna frávika frá eðlilegum þroskaferli og vegna sjúkdóma eða hvers konar fötlunar geta ekki notið venjulegrar fræðsluskipunar.

9. gr.

Skólahúsnæði og aðstaða í skólum í eigu opinberra aðila skal að öðru jöfnu standa fræðsluaðilum til boða á þeim tímum þegar almenn kennsla eða starf í skólanum liggur niðri. Fræðsluaðila ber að semja um slík afnot við stjórnendur skóla. Um skiptingu kostnaðar og aðra notkun skólahúsnæðis til fullorðinsfræðslu skal setja ákvæði í reglugerð.

10. gr.

Sá, sem hefur með höndum almenna fullorðinsfræðslu og fær til þess fjárstuðning samkvæmt lögum þessum, ber ábyrgð á þeirri fræðslu sem veitt er og að farið sé eftir gildandi lögum og reglugerðum. Kveða skal nánar á um þennan þátt í reglugerð.

IV. KAFLI

Fjármál.

11. gr.

Stofna skal menntunarsjóð fullorðinna. Tekjur sjóðsins eru:

a. Framlag ríkissjóðs á fjárlögum ár hvert.
b. Aðrar tekjur er sjóðurinn kann að hafa t.d. með útgáfu og sölu á námsefni eða annarri þjónustu.

Menntunarsjóður fullorðinna er í umsjón menntamálaráðuneytis. Nefnd um almenna fullorðinsfræðslu er jafnframt stjórn sjóðsins. Nánar skal kveðið á um starfsemi sjóðsins í reglugerð.

12. gr.

Stjórn menntunarsjóðs fullorðinna úthlutar styrkjum úr sjóðnum. Fræðsluaðili er njóta vill styrks úr menntunarsjóði sækir um það til sjóðstjórnar. Hann skal leggja fram áætlun um þá fræðslu sem hann hyggst bjóða á komandi missiri fyrir 1. júní vegna haustmisseris og fyrir 1. nóvember vegna vormisseris. Heimilt er að áskilja í reglugerð að fræðsluaðili fullnægi tilteknum skilyrðum til að geta fengið styrk, svo sem um námsaðstöðu, kennslukrafta eða námsefni. Heimilt er að veita tiltekinni menntun forgang að styrkjum.

Styrki til fullorðinsfræðslu má veita

a. fræðsluaðilum,
b. fjölmiðlum eða fræðsluaðila er samvinnu hefur við fjölmiðil um verkefni á sviði almennrar fullorðinsfræðslu,
c. til þróunarverkefna og útgáfu á vegum nefndar um almenna fullorðinsfræðslu eða fræðsluaðila,
d. til annarra verkefna á sviði almennrar fullorðinsfræðslu samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar.

Nánari ákvæði um úthlutun styrkja skal setja í reglugerð.

13. gr.

Námsefni, sem samið er með tilstyrk menntunarsjóðs fullorðinna, skal vera öðrum fræðsluaðilum til frjálsra afnota, enda beri þeir ábyrgð á að notkun þeirra á efninu brjóti ekki á bága við höfundarétt.

V. KAFLI

Um gildistöku og reglugerðir.

14. gr.

Menntamálaráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð, þar á meðal um afmörkun og gildissvið, að fengnum tillögum nefndar um almenna fullorðinsfræðslu.

15. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1991.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Með bréfi dagsettu 14. apríl 1988 skipaði Sverrir Hermannsson, þáverandi menntamálaráðherra, eftirtalda í nefnd um fullorðinsfræðslu: Karl Kristjánsson, deildarsérfræðing í menntamálaráðuneyti, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Birnu Bjarnadóttur, skólastjóra Bréfaskólans, Guðrúnu Halldórsdóttur, forstöðumann Námsflokka Reykjavíkur, Margréti S. Björnsdóttur, endurmenntunarstjóra við Háskóla Íslands, Þuríði Magnúsdóttur, forstöðumann Fræðslumiðstöðvar iðnaðarins, og Helga Guðmundsson, þáverandi formann Menningar- og fræðslusambands alþýðu. Í júní 1988 tók Guðrún Friðgeirsdóttir, skólastjóri Bréfaskólans, við af Birnu Bjarnadóttur er látið hafði af starfi við skólann.

Nefndinni var m.a. ætlað að vera menntamálaráðuneytinu til ráðgjafar um fullorðinsfræðslumálefni og undirbúa tillögur um skipan þeirra mála.

Í maí 1989 fól Svavar Gestsson, núverandi menntamálaráðherra, nefndinni að semja frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu, en áður höfðu menntamálaráðherra og félagsmálaráð-

herra komið sér saman um að starfsmenntun í atvinnulífinu skyldi heyra undir félagsmálaráðuneyti, en öll önnur fullorðinsfræðsla undir menntamálaráðuneyti.

Um líkt leyti fól Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra nefnd að semja frumvarp til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu. Náið samráð hefur verið á milli nefndanna með því að Gylfi Kristinsson, formaður nefndar félagsmálaráðherra, tók sæti í fullorðinsfræðslunefnd og Karl Kristjánsson tók sæti í nefnd um starfsmenntun í atvinnulífinu.

Guðný Helgadóttir kom aftur til starfa í menntamálaráðuneytinu í nóvember 1989 og tók þá sæti í nefndinni.

Við samningu þessa frumvarps hefur nefndin haldið 20 fundi. Á lokastigi starfaði Helgi Guðmundsson tímabundið fyrir nefndina.

Fullorðinsfræðsla.

Notkun hugtaka um þetta svið menntunar hefur verið nokkuð á reiki. Hér er valinn sá kostur að nota orðið *fullorðinsfræðsla* sem samheiti, en greina fræðsluna í starfsmenntun í atvinnulífinu annars vegar og almenna fullorðinsfræðslu hins vegar. Með starfsmenntun í atvinnulífinu er átt við menntun sem fólk á vinnumarkaði aflar sér í því skyni að bæta eða auka þekkingu sína og færni til starfs, eða vegna breytinga á störfum og starfsháttum. Almenn fullorðinsfræðsla tekur til allrar annarrar fræðslu fyrir fullorðna hvort sem hún fer fram á vegum skóla, svo sem í öldungadeildum framhaldsskóla eða annarra.

Frumvarp þetta tekur til þeirrar almennu fullorðinsfræðslu sem fram fer utan skólakerfisins með þeim takmörkunum sem fram koma í frumvarpinu og reglugerðum sem kunna að verða settar.

Almenn fullorðinsfræðsla og starfsmenntun í atvinnulífinu.

Á undanförnum árum hafa verið samin nokkur frumvörp um fullorðinsfræðslu sem ekki hafa náð fram að ganga. Þeirra viðamest er frumvarp frá árinu 1974. Árið 1980 var síðast lagt fram frumvarp um fullorðinsfræðslu. Það var samið af nefnd er Vilhjálmur Hjálmarsson menntamálaráðherra skipaði árið 1978. Frumvarpið var lagt fram af Vilmundi Gylfasyni, þáverandi menntamálaráðherra, í febrúar 1980 en hlaut ekki afgreiðslu.

Á undanförnum árum hafa orðið miklar breytingar á fullorðinsfræðslu. Framboðið hefur aukist og þátttakan einnig. Einna mest hefur breytingin orðið á starfsmenntun í atvinnulífinu þar sem átak hefur verið gert til að mennta ófaglært fólk í atvinnugreinum. Stærsta átakið í þeim efnum er í fisk-, vefjar- og matvælaiðnaði.

Á hinn bóginn hefur mjög skort á að til væru samræmdar reglur um fyrirkomulag náms fyrir fullorðna. Aðstöðumunur eftir landshlutum og starfsstéttum er einnig mikill. Víða um land er ekki boðið upp á neina fræðslu fyrir fullorðna í heimabyggð og í stuttu máli má segja að þær starfsstéttir sem mesta menntunina hafa fyrir hafi besta aðstöðu til að bæta við menntun sína.

Fullorðinsfræðsla fer aðallega fram með eftirfarandi hætti:

Almenn fullorðinsfræðsla.

1. Fræðsla sem fullorðnum stendur til boða í skólakerfinu, t.d. í öldungadeildum framhaldsskóla og á námskeiðum á vegum annarra skóla. Ekki liggur fyrir hve miklu ríkið kostar til þessarar starfsemi en hér er um verulegar fjárhæðir að ræða.
2. Tómstundanám af ýmsu tagi er boðið af mörgum aðilum. Nefna má dæmigerð tómstundanámskeið, sem ekki tengjast skólagöngu eða starfi svo sem í tungumálum, listum, tölvunotkun og fjölmörgu fleira. Nám af þessu tagi bjóða mjög margir aðilar, svo sem framhaldsskólar, námsflokkar, fræðslusamtök, einkaskólar og einstaklingar. Enda þótt námið sé ekki beinlínis tengt skólagöngu eða starfi leiðir það mjög oft til þess að þátttakendur taka að stunda nýtt nám eða auka við starfsþekkingu sína.

Starfsmenntun í atvinnulífinu.

Starfsmenntun í atvinnulífinu sem ýmsir starfshópar eiga kost á. Hér má nefna námskeið fyrir fiskvinnslufólk, starfsfólk í fataiðnaði og vinnuvélamenn, eftirmenntun iðnaðarmanna, eftirmenntun háskólamanna, námskeið á vegum Iðntæknistofnunar o.fl. Starfsmenntunin er boðin af mörgum aðilum, innan fyrirtækja og utan. Fjárveitingar til starfsmenntunar eru afar mismunandi og aðstæður starfshópanna til að nýta sér hana einnig. Ríkið hefur veitt talsvert fé til þessarar starfsemi bæði með samningum við sína starfsmenn og sem þriðji aðili að samningum á hinum almenna vinnumarkaði. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um kostnað við starfsmenntun.

Auk þess má nefna margvíslega félagslega menntun sem aðilar á vinnumarkaði bjóða fólki upp á.

Aðstaða nemenda til að taka þátt í almennri fullorðinsfræðslu eða starfsmenntun í atvinnulífinu er afar mismunandi. Þeir sem lakast eru settir eiga ekki kost á neinum styrkjum og verða að sækja námið utan vinnutíma eða verða af vinnulaunum ella. Á hinn bóginn eiga allstórir hópar kost á verulegum styrkjum, þ.e. að allur kostnaður sé greiddur af endurmenntunarsjóðum og vinnuveitendum þar með talinn ferðakostnaður og vinnulaun.

Öldungadeildir framhaldsskóla falla ekki undir frumvarp þetta, enda er fjallað um fullorðinsfræðslu framhaldsskólanna í lögum um framhaldsskóla. Í framhaldsskólalögum og reglugerð um framhaldsskóla er gerð grein fyrir hvernig fjárveitingum til þeirrar starfsemi skuli háttað.

Það frumvarp sem hér liggur fyrir fjallar því næstum eingöngu um þann hluta fullorðinsfræðslu er fram fer utan hins almenna skólakerfis og nefnd er almenn fullorðinsfræðsla. Þó fjallar kaflinn um yfirstjórn fullorðinsfræðslu að hluta um starfsmenntun í atvinnulífinu, sbr. athugasemd við 3. gr. Rétt er að leggja áherslu á að við setningu laga um starfsmenntun í atvinnulífinu og samningu reglugerða á grundvelli hvoru tveggja laganna er nauðsynlegt að gæta fyllsta samræmis, þannig að öll fullorðinsfræðsla eigi heima undir tilteknum lögum og geti notið tilstyrks sem í þeim lögum felst.

Nokkur orð um fullorðinsfræðslu annars staðar á Norðurlöndum.

Fullorðinsfræðsla á sér langa hefð í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Það er sameiginlegt löndunum að framboðið er mikið og þátttaka einnig. Ætla má að um 20–25% fólks á vinnumarkaði taki árlega þátt í einhvers konar fullorðinsfræðslu. Í mörgum tilvikum greiða þátttakendur ekkert fyrir námið og í sumum greiða þeir sem nemur þriðjungi kennslukostnaðar.

Í Svíþjóð hefur launafólk lögbundinn rétt til að fá leyfi frá störfum til að stunda nám. Einnig getur það samkvæmt lögum sótt um styrki og lán vegna náms. Í Finnlandi eru lög um lán og styrki fyrir fullorðna. Í Danmörku voru á síðasta ári samþykkt lög um styrki til fullorðinna með stutta skólagöngu sem óska eftir að sækja nám í vinnutímanum. Geta þeir fengið styrk sem nemur hæsta taxta atvinnuleysisdagpeninga í 16 vikur til að stunda fullt nám og samsvarandi ef náminu er dreift á lengri tíma.

Ríki, sveitarfélög, aðilar vinnumarkaðarins, fræðslusamtök og fyrirtæki hafa fullorðinsfræðslu með höndum. Á seinni árum hefur hlutur fyrirtækjanna farið vaxandi vegna breyttrar tækni og nýrrar framleiðslu, þar sem nauðsynlegt er að endurmennta og þjálfa starfsfólk í ljósi breyttra aðstæðna. Þess má geta að tilkoma svonefndra „förnyelsesfonder" í Svíþjóð, sem fyrirtæki urðu að greiða ákveðinn hluta af hagnaði sínum í, jók mjög endurmenntun í tengslum við atvinnulífið.

Í öllum löndunum renna háar fjárhæðir til fullorðinsfræðslu. Á næstu árum og áratugum er gert ráð fyrir að þörf verði á auknu fé í þessu skyni. Féð kemur í aðalatriðum úr fjórum áttum, þ.e. framlög ríkis og sveitarfélaga, gjaldtaka af atvinnurekendum og launafólki og frá

fyrirtækjum, sem sjálf hafa með höndum mikla starfsmenntun vegna starfsemi sinnar. Má t.d. geta þess að árið 1987 var varið rúmum 3 milljörðum danskra króna (ca. 30 milljörðum íslenskra króna) til almennrar fullorðinsfræðslu í Danmörku. Þá er ekki talin með starfsmenntun í tengslum við atvinnulífið.

Reglur um fjárveitingar og styrki til einstaklinga eru margvíslegar og margbrotnar. Þeim fylgir því mikil skriffinnska sem þeir er með fullorðinsfræðsu fara telja að sé óæskileg. Þó ber að leggja áherslu á að þetta kemur ekki í veg fyrir að fullorðinsfræðsla blómstri í löndunum, enda er þörf og eftirspurn aðalhvatinn.

Efni frumvarpsins.

Talið er rétt að forðast beri flóknar reglur um fullorðinsfræðslu og ekki sé ástæða til að lögfesta viðamikið stjórnkerfi í kring um þetta menntunarstig. Mikilvægt er að fullorðinsfræðslulög kæfi ekki það frumkvæði sem þegar er fyrir hendi á þessu sviði hjá samtökum, fyrirtækjum, skólum og einstaklingum, heldur hið gagnstæða. Löggjöfin ætti heldur ekki að leiða til óæskilegrar miðstýringar eða óþarfa skriffinnsku. Í annan stað ætti skólakerfið að starfa eins og kostur er með hinum fjölmörgu aðilum sem fást við fullorðinsfræðslu. Með þeim hætti yrði til fjölbreytt framboð á skipulegri fræðslu fyrir fullorðna og reynt að gæta þess að þekking, húsa- og tækjakostur og námsgögn nýtist sem best.

Með frumvarpi þessu er leitast við að ná fram fyrrgreindum markmiðum en jafnframt lögð áhersla á að löggjöf um almenna fullorðinsfræðslu leiði til bættrar aðstöðu fyrir þá þjóðfélagshópa sem minnsta menntun hafa haft og lakasta námsaðstöðu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni koma fram markmið laganna sem beinast að tvennu: að stuðla að jafnrétti fullorðinna til að afla sér menntunar án tillits til búsetu, aldurs, kyns, starfs eða fyrri menntunar og að skapa fullorðnum einstaklingum almennt betri skilyrði til að taka þátt í fullorðinsfræðslu. Jafnframt er stefnt að því að skapa fræðsluaðilum betri starfsskilyrði þannig að þeir geti boðið fullorðnu fólki upp á fjölbreytta kosti. Þá kemur einnig fram í greininni að fullorðinsfræðsla miði að því að auka persónulegan þroska og hæfni einstaklingsins, sem og þörf samfélagsins fyrir aukna menntun og starfshæfni.

Um 2. gr.

Í greininni kemur fram að lögin taki til almennrar fullorðinsfræðslu, þ.e. náms á grunnframhalds- eða háskólastigi sem skipulagt er sérstaklega fyrir fullorðna og ekki er fjallað um í öðrum lögum, einnig til almennrar lýðfræðslu og tómstundanáms, svo og þróunarstarfs innan almennrar fullorðinsfræðslu. Í þessu sambandi er rétt að vekja enn athygli á nauðsyn á heildaryfirsýn. Því þarf að skoða greinina í ljósi frumvarps um starfsmenntun í atvinnulífinu þar sem frumvörpunum er saman ætlað að ná yfir alla fullorðinsfræðslu utan skólakerfisins.

Um 3. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra skipi fullorðinsfræðsluráð eftir tilnefningum frá þeim aðilum sem mest fást við fullorðinsfræðslu. Ráðið er nokkuð fjölmennt en eðlilegt sýnist að kalla til ráðgjafar allfjölmennan hóp fólks sem starfar á þessum vettvangi. Með því ættu að vera tryggð góð tengsl ráðuneytis við það sem þar er að gerast.

Til viðbótar við þá sem taldir eru upp í greininni er lagt til að fræðsluaðilar tilnefni þrjá fulltrúa í ráðið. Eins og sakir standa eru ekki starfandi nein formleg heildarsamtök þeirra sem sjá um fullorðinsfræðslu í landinu. Hins vegar má telja líklegt að til þeirra verði stofnað og

virðist því eðlilegt að þau tilnefni í ráðið þegar þar að kemur, en þangað til skipi ráðherra fulltrúana að höfðu samráði við aðila á þessum vettvangi.

Þá er í greininni ákveðið að fullorðinsfræðsluráð nái til allrar fullorðinsfræðslu utan hins almenna skólakerfis. Vonast er til að þetta fyrirkomulag leiði til nauðsynlegs samræmis og samstarfs þeirra er fást við ýmis svið fullorðinsfræðslu. Þetta er m.a. nauðsynlegt til að hafa áhrif á að fjármunir, aðstaða, námsgögn og þekking nýtist sem best.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um verkefni fullorðinsfræðsluráðs. Ráðið á að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um meginstefnu og áhersluþætti í fullorðinsfræðslu, svo sem námsframboð, forgang verkefna og hópa. Auk þess lúta verkefni ráðsins að söfnun og miðlun upplýsinga um fullorðinsfræðslu, bæði starfsmenntun og almenna fullorðinsfræðslu, samræmingu á námsefni, námsframboði og faglegu mati á þeirri fræðslu sem í boði er, samstarfi milli skóla og annarra fræðsluaðila, stuðla að betri menntun kennara og leiðbeinenda í fullorðinsfræðslu og vera menntamálayfirvöldum og fræðsluaðilum til ráðuneytis.

Menntamálaráðuneytið og fullorðinsfræðsluráð þurfa að verða miðstöð fyrir upplýsingar um fullorðinsfræðslu. Því er nauðsynlegt að í ráðuneytinu hafi tilteknir aðilar málefni fullorðinsfræðslu á sinni könnu.

Um 5. gr.

Í greininni er lagt til að skipuð verði fastanefnd um almenna fullorðinsfræðslu sem verði menntamálaráðuneyti og fræðsluaðilum til ráðuneytis og aðstoðar. Þetta er í samræmi við það sem lagt er til í frumvarpi um starfsmenntun í atvinnulífinu og felur í sér að á vegum hvors ráðuneytis, menntamálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis, starfi sérstakir samstarfshópar um hvort svið fullorðinsfræðslu fyrir sig. Skipunartími nefndarinnar verði hinn sami og fullorðinsfræðsluráðs.

Um 6. gr.

Í greininni eru verkefni nefndar um almenna fullorðinsfræðslu nánar skilgreind, en þau eru að vera menntamálaráðuneyti og fræðsluaðilum til ráðuneytis um framkvæmd, þar með talið námsframboð almennrar fullorðinsfræðslu, að vera tengiliður milli menntamálaráðuneytis og fræðsluaðila, að fara með stjórn menntunarsjóðs fullorðinna og annast styrkveitingar úr sjóðnum, að stuðla samnýtingu og útgáfu námsefnis og beita sér fyrir útgáfu upplýsingarita. Nefnd um almenna fullorðinsfræðslu mun gegna veigamiklu hlutverki þar sem gert er ráð fyrir að í henni verði einstaklingar er séu í nánu sambandi við það sem er að gerast á sviði almennrar fullorðinsfræðslu á hverjum tíma. Nefndin á ekki að sinna málefnum starfsmenntunar, en hefur væntanlega mikla samvinnu við nefnd um starfsmenntun í atvinnulífinu, sbr. skipun í fullorðinsfræðsluráð.

Um 7. gr.

Greinin fjallar um að meta skuli vitnisburð frá fræðsluaðilum utan skólakerfisins jafngildan vitnisburði skólanna, eftir því sem við getur átt.

Segja má að úrval þess sem stendur til boða af almennri fullorðinsfræðslu sé orðið býsna fjölbreytt. Fræðslan er hins vegar misjöfn að gæðum og mörg dæmi eru um að ekkert samband sé á milli skólanáms og þess sem fræðsluaðilar bjóða, enda þótt það sé kynnt sem ígildi skólanáms. Því er mikilvægt að taka af tvímæli um mat á námi utan skólakerfisins á sama mælikvarða og það er skólarnir bjóða svo að nemendur geti verið vissir um að námið sé sambærilegt þar sem til þess er ætlast. Því þarf menntamálaráðuneytið að setja reglur um þetta. Ef upp kemur ágreiningur um námsmat er lagt til að honum sé vísað til menntamálaráðuneytisins til úrskurðar og að niðurstaða ráðuneytisins sé bindandi.

Um 8. gr.

Greinin fjallar um að fræðsluaðili skuli skipuleggja framboð sitt með tilliti til þeirra er vegna fötlunar sinnar geta ekki hagnýtt sér námið á sama hátt og aðrir. Slíkar þarfir geta tekið til margra þátta, svo sem námsefnis, sérkennslu á vissum sviðum, aðstöðu og stærðar námshópa o.fl. Við skipulagningu námsins ber því jafnan að hafa í huga að það standi öllum til boða og leita leiða til að námsefni og námsaðstaða geti hentað þessum hópum sem öðrum þannig að þeir blandist öðrum hópum í námi, svo sem kostur er. Eitt af mikilvægum verkefnum menntunarsjóðs fullorðinna er að greiða fyrir því með styrkveitingum að fatlaðir geti notið sömu fræðslu og aðrir.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um heimild fræðsluaðila til afnota af því skólahúsnæði sem er í eigu opinberra aðila. Mikilvægt er að gott samstarf takist milli skóla og fræðsluaðila um notkun aðstöðu og húsnæðis skóla. Eðlilegt er að skólar sem hýsa kennslu á vegum annarra fái greiddan þann kostnað sem af því hlýst. Í greininni er gert ráð fyrir að reglur þar að lútandi verði settar í reglugerð.

Um 10. gr.

Greinin er um ábyrgð fræðsluaðila á þeirri fræðslu er hann býður fram. Nauðsynlegt er að þessi ábyrgð fari ekki milli mála ekki síst til þess að nemandi geti reitt sig á að það nám er hann sækir sé metið í skólakerfinu eða sé nokkurs virði á vinnumarkaði. Lagt er til að frekari ákvæði um hvað felst í þessari ábyrgð verði sett í reglugerð.

Um 11. gr.

Í greininni er lagt til að stofnaður verði menntunarsjóður fullorðinna. Til sjóðsins renni framlög úr ríkissjóði ásamt öðrum tekjum sem sjóðnum er heimilað að afla sér með útgáfu o.fl. Framlag ríkissjóðs verði ákveðin í fjárlögum hvers árs.

Nefnd sú, sem vann drög að frumvarpinu, lagði til að framlag ríkissjóðs yrði ekki lægra en sem nemur 5% af framlagi til framhaldsskóla. Umsögn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar byggði á þessum drögum. Í umfjöllun ráðuneytisins um frumvarpsdrögin var ákveðið að breyta frumvarpinu til samræmis við ósk Fjárlaga- og hagsýslustofnunar.

Þá er í greininni ákveðið að nefnd um almenna fullorðinsfræðslu skuli vera stjórn sjóðsins og að hann verði í umsjón menntamálaráðuneytis.

Um 12. gr.

Í greininni er ákveðið að stjórn menntunarsjóðs fullorðinna veiti styrki til almennrar fullorðinsfræðslu í samræmi við reglugerð þar að lútandi. Að samþykktum fjárlögum á nefndin að geta gefið fyrirheit um styrkveitingar í stórum dráttum og tekið ákvarðanir um hvaða þætti leggja þarf áherslu á.

Við úthlutun úr menntunarsjóði má veita tiltekinni menntun forgang. Þetta er lagt til í því skyni að veita megi þeim sem minnsta menntun hafa hlotið greiðari leið að nýrri þekkingu.

Úr menntunarsjóði fullorðinna rennur fyrst og fremst fé til þeirra sem sjá um og skipuleggja fullorðinsfræðslu. Þá er sjóðnum ætlað að veita fé til þróunarstarfs, skipulags- og undirbúningsvinnu, samningar og útgáfu námsefnis og til greiðslu stjórnunar- og kennslukostnaðar.

Þá er heimilt að veita fjölmiðlum eða öðrum sem vinna með fjölmiðlum að fullorðinsfræðsluverkefnum styrki til þeirra. Hér er um að ræða verulega breytingu frá eldri frumvörpum en í þeim hefur jafnan verið fjallað eingöngu um Ríkisútvarpið. Hér þykir ekki ástæða til að fjalla um Ríkisútvarpið og er vísað til 9. gr. frumvarps til útvarpslaga þar sem segir:

„Ríkisútvarpið skal starfrækja kennsluútvarp í samvinnu við fræðsluyfirvöld og skal veita til þess fé á fjárlögum. Nánar skal kveðið á um þá starfsemi í reglugerð.“ Verður því að gera ráð fyrir að stofnuninni verði tryggðar fjárveitingar til kennsluútvarps (fræðsluvarps) eftir öðrum leiðum en aðrir fjölmiðlar geti á hinn bóginn fengið stuðning til fullorðinsfræðslu úr menntunarsjóði fullorðinna.

Þetta er eðlilegt nýmæli frá fyrri frumvörpum þar sem nú eru komnir til sögunnar nýir miðlar sem sjálfsagt er að reikna með að taki upp skipulega fullorðinsfræðslu í framtíðinni og að þeir geti fengið styrk til hennar líkt og aðrir fræðsluaðilar.

Markmiðið með styrkveitingunum er að stuðla að fjölbreyttu framboði á sviði fullorðinsfræðslu, draga úr kostnaði nemandans við námið og stuðla að því að jafna aðstöðu fullorðinna er hug hafa á lengra eða skemmra námi. Þá er gert ráð fyrir að veita styrki til þróunarverkefna og námsgagnagerðar, en oft skortir talsvert á að fræðsluaðilar hafi nauðsynlegt bolmagn til slíkra verkefna. Þá hefur sjóðstjórn svigrúm til að veita styrki til annarra verkefna sem hún metur mikilvæg.

Um 13. gr.

Greinin fjallar um samnýtingu námsefnis. Þeim er nýtur styrks til námsefnisgerðar er gert að heimila öðrum fræðsluaðilum afnot af efninu, enda verði hinir nýju notendur ábyrgir fyrir því að notkun þeirra á efninu brjóti ekki á bága við höfundarétt. Oft hefur verið á það bent að námsefni í fullorðinsfræðslu nýtist ekki sem skyldi og verið sé að semja sambærilegt námsefni á mismunandi stöðum á sama tíma. Þeir sem annast skylda fræðslu hafi ekki alltaf greiðan aðgang að slíku efni. Með greininni er gerð tilraun til að ráða bót á þessu.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast varla skýringa.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Umsögn frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

(9. apríl 1990.)

Drög að frumvarpi til laga um almenna fullorðinsfræðslu fjalla nær eingöngu um þann hluta fullorðinsfræðslu sem fram fer utan hins almenna skólakerfis og nefnd er almenn fullorðinsfræðsla.

Drögin fela í sér nokkra hækkun á framlagi úr ríkissjóði til fullorðinsfræðslu frá því sem nú er. Í fjárlögum 1990 er fjárveiting á fjárlagalið 02-885 Fullorðinsfræðsla um 3,8 m.kr. Með samþykkt frumvarpsins telur ráðuneytið að kostnaðarauki ríkissjóðs geti numið 150–200 m.kr. á ári.

Eftirfarandi er gróf sundurliðun á mati ráðuneytisins á þeim kostnaði sem til fellur verði drögin óbreytt að lögum:

Sú grein sem hvað afdrifaríkustu áhrif hefur haft á fjárgreiðslur úr ríkissjóði er 12. gr. frumvarpsins. Samkvæmt ákvæðum greinarinnar skal stofna menntunarsjóð fullorðinna og skal framlag ríkissjóðs vera að lágmarki jafn hátt 5% framlagi ríkisins til framhaldsskóla eins og þau eru ákveðin á fjárlögum ár hvert. Að mati ráðuneytisins yrði því árlegt framlag ríkissjóðs í menntunarsjóð að vera a.m.k. 156 m.kr. á verðlagi fjárlaga 1990. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að nefnd sú, er stóð að samningu þessa frumvarps telur að í byrjun sé eðlilegt að ráðstafa 150–200 m.kr. á ári til almennrar fullorðinsfræðslu.

Aðrir liðir frumvarpsins sem áhrif hafa á fjárgreiðslur úr ríkissjóði eru: Skipun 13 fulltrúa í fullorðinsfræðsluráð, aukning um eitt stöðugildi á aðalskrifstofu menntamálaráðuneytisins

sem hafi málefni fullorðinsfræðslu á sinni könnu og skipun fimm manna nefndar um fullorðinsfræðslu. Að mati ráðuneytisins gæti kostnaðarauki ríkissjóðs vegna ofangreindra liða verið um 2–3 m.kr. á ári.

Þau drög að frumvarpi sem hér liggja fyrir munu leggja auknar kvaðir á ríkissjóð verði þau samþykkt. Ráðuneytið telur það óæskilegt fyrirkomulag að lögbinda framlag úr ríkissjóði. Stefna ráðuneytisins hefur jafnan verið að draga úr lögbundnum framlögum. Í stað þess er fjárþörf og forgangsröð einstakra verkefna metin við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Sþ. 1030. Fyrirspurn [571. mál]

til utanríkisráðherra um sölu á grásleppuhrognum.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

1. Er það rétt að í fyrra hafi söluaðilum verið neitað um að selja tunnuna af grásleppuhrognum á 1.000 þýsk mörk, en í ár sé heimilt að selja hinar óseldu tunnur frá því í fyrra á 600 eða 650 þýsk mörk?
2. Hver ber ábyrgð á því tjóni sem orðið er af þessum sökum? Verða eigendurnir að bera skaðann eða mun ráðuneytið bæta tjónið?
3. Hvaða skipulag er ætlunin að hafa á þessum málum í ár?

Ed. 1031. Breytingartillaga [430. mál]

við frv. til l. um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

Frá menntamálanefnd.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist: Um ráðningu forstöðumanns í embætti prófessors við læknadeild Háskóla Íslands fer eftir háskólalögum. Að öðru leyti fer um forstöðumann eins og segir í 5. gr. laga þessara.

Nd. 1032. Nefndarálit [177. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Hún er samþykk frumvarpinu eins og því var breytt í meðförum efri deildar, en nauðsynlegt er að breyta gildistökuákvæði þess.

Nefndin leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með þessari breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 25. apríl 1990.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, form., frsm.
Anna Ólafsdóttir Björnsson, fundaskr.
Geir H. Haarde.
Sólveig Pétursdóttir.
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.
Guðmundur G. Þórarinsson.
Geir Gunnarsson.

Nd. 1033. Breytingartillaga [177. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

2. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 1034. Nefndarálit [363. mál]

um frv. til l. um Listskreytingasjóð ríkisins.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.
Um leið og nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins vill hún leggja á það áherslu að hún telur mikilvægt að lögbundin framlög til sjóðsins séu ekki skert í fjárlögum.

Alþingi, 25. apríl 1990.

Eiður Guðnason. form., frsm.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Skúli Alexandersson.	Halldór Blöndal.	Valgerður Sverrisdóttir.
	Jón Helgason.	

Ed. 1035. Lög [167. mál]

um Námsgagnastofnun.

(Afgreidd frá Ed. 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 1018.

Nd. 1036. Lög [337. mál]

um viðauka við lög um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., nr. 74 27. apríl 1972.

(Afgreidd frá Nd. 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 588.

Nd. 1037. Frumvarp til laga [430. mál]

um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

(Eftir 3. umr. í Ed., 25. apríl.)

1. gr.

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er háskólastofnun sem tengist læknadeild og hefur sérstaka stjórn og sjálfstæðan fjárhag.

Kostnaður af starfsemi tilraunastöðvarinnar greiðist úr ríkissjóði og af sértekjum sem henni er heimilt að afla sér, m.a. samkvæmt gjaldskrá.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar skal vera m.a.:

1. Að stunda grunnrannsóknir í líf- og læknisfræði dýra og manna.
2. Að annast rannsóknir og þjónustu í þágu heilbrigðiseftirlits, sjúkdómsgreininga og sjúkdómsvarna fyrir búfé og önnur dýr í samstarfi við yfirdýralækni og þróa aðferðir í því skyni. Enn fremur að vera yfirdýralækni til ráðuneytis um allt er varðar sjúkdóma í dýrum og varnir gegn þeim.
3. Að þróa, framleiða, flytja inn og dreifa bóluefni og lyfjum gegn sjúkdómum í búfé og öðrum dýrum.
4. Að veita háskólakennurum og öðrum sérfræðingum, sem ráðnir eru til kennslu og rannsókna á sviðum stofnunarinnar, aðstöðu til rannsókna eftir því sem við verður komið.
5. Að annast endurmenntun dýralækna eftir því sem aðstæður leyfa og miðlun upplýsinga til þeirra í samvinnu við yfirdýralækni.
6. Að annast eldi á tilraunadýrum fyrir vísindalegar rannsóknir í landinu.
7. Að taka þátt í rannsóknum og þróunarvinnu í þágu líftækni og líftækniiðnaðar í landinu.

3. gr.

Háskólaráð skipar fimm menn í stjórn tilraunastöðvarinnar til fjögurra ára í senn. Læknadeild Háskóla Íslands tilnefnir einn, raunvísindadeild einn og landbúnaðarráðherra tvo og skal annar þeirra vera úr hópi starfsmanna. Fundur starfsmanna stofnunarinnar tilnefnir einn fulltrúa. Fulltrúi læknadeildar eða raunvísindadeildar skal vera formaður stjórnar samkvæmt ákvörðun háskólaráðs. Forseti læknadeildar eða staðgengill hans er málsvari tilraunastöðvarinnar á fundum háskólaráðs.

4. gr.

Hlutverk stjórnar tilraunastöðvarinnar er m.a.:

1. Að marka stofnuninni stefnu í samráði við forstöðumann og sérfræðinga stofnunarinnar.
2. Að samþykkja starfs- og fjárhagsáætlanir tilraunastöðvarinnar og bera ábyrgð á reikningum hennar.
3. Að fjalla um árlega skýrslu forstöðumanns.

Stjórnin hefur heimild til að skipta starfsemi tilraunastöðvarinnar í rannsóknasvið eða deildir eftir því sem þurfa þykir í samráði við forstöðumann.

5. gr.

Við tilraunastöðina starfar forstöðumaður sem skal hafa lokið háskólaprófi í læknisfræði dýra eða manna, líffræði eða öðrum skyldum greinum sem eru á rannsóknasviði stofnunarinn-

ar. Hann er jafnframt prófessor við læknadeild Háskóla Íslands með takmarkaðri kennsluskyldu samkvæmt nánari ákvörðun háskólaráðs. Hann er ráðinn í starf forstöðumanns til sex ára í senn og má háskólaráð endurráða hann að fengnu áliti stjórnar tilraunastöðvarinnar. Um ráðningu hans fer að öðru leyti eins og segir í háskólalögum um prófessora og getur hann haldið prófessorsembætti þótt hann láti af störfum forstöðumanns. Í dómnefnd um stöðu forstöðumanns eiga sæti fulltrúi læknadeildar og raunvísindadeildar, auk fulltrúa háskólaráðs og menntamálaráðuneytis.

Meginhlutverk forstöðumanns er forusta um vísindastarfsemi stofnunarinnar en hlutverk hans er m.a.:

1. Að koma fram fyrir stofnunina og vera fulltrúi hennar gagnvart stjórnvöldum og hagsmunaaðilum.
2. Að hafa yfirsýn yfir rannsóknir og sjá um að gerðar séu áætlanir um ný rannsóknarverkefni og að áætlanir um eldri verkefni séu endurskoðaðar árlega.
3. Að gera tillögur til stjórnar um breytingu á rekstri stofnunarinnar eftir því sem þörf krefur á hverjum tíma.
4. Að fylgjast með rekstri og fjárreiðum stofnunarinnar og gera árlega skýrslu til stjórnar þar að lútandi.
5. Að ráða starfslið annað en sérfræðinga, svo sem framkvæmdastjóra, bústjóra, sérhæft aðstoðarfólk, tækjavörð og skrifstofufólk, auk annars aðstoðarfólks.

Forstöðumaður skal sitja fundi stjórnar með tillögurétti en án atkvæðisréttar.

6. gr.

Menntamálaráðherra skipar sérfræðinga til rannsóknastarfa við tilraunastöðina á sama hátt og kennara við læknadeild að fengnu áliti dómnefnda sem skipaðar eru samkvæmt háskólalögum og einnig að fengnu áliti forstöðumanns og stjórnar. Kennsla þeirra og önnur störf fyrir Háskóla Íslands eða aðrar stofnanir er háð samkomulagi viðkomandi yfirvalda og stjórnar tilraunastöðvarinnar. Fastráðnir háskólakennarar geta jafnframt verið sérfræðingar við tilraunastöðina.

Heimilt er að ráða sérfræðinga til tímabundinna starfa sem tengjast verkefnum stofnunarinnar. Skulu slíkar stöður veittar að jafnaði til allt að þriggja ára.

7. gr.

Framkvæmdastjóri tilraunastöðvarinnar skal ráðinn af forstöðumanni með samþykki stjórnar. Hlutverk hans er að annast daglegan rekstur tilraunastöðvarinnar í umboði forstöðumanns og sjá um aðföng, skrifstofu- og starfsmannahald. Framkvæmdastjóri aðstoðar forstöðumann við gerð fjárlagatillagna og framkvæmd fjárhagsáætlana og hefur eftirlit með fjárreiðum stofnunarinnar.

8. gr.

Menntamálaráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar, gjaldskrá fyrir stofnunina.

9. gr.

Menntamálaráðherra setur, að fengnum tillögum háskólaráðs, forstöðumanns og stjórnar, reglugerð um nánari tilhögun á starfsemi stofnunarinnar.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1990. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 11 28. febrúar 1947, um Tilraunastöð Háskólans í meinafræði.

11. gr.

Lög þessi skal endurskoða innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

Ákvæði til bráðabirgða.

Forstöðumaður tilraunastöðvarinnar, sem starfar þegar lög þessi taka gildi, heldur forstöðumannsstöðunni í allt að sex ár frá gildistöku laganna. Um ráðningu forstöðumanns í embætti prófessors við læknadeild Háskóla Íslands fer eftir háskólalögum. Að öðru leyti fer um forstöðumann eins og segir í 5. gr. laga þessara.

Nd. 1038. Frumvarp til laga [366. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 25. apríl.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Alwood, John Nathaniel, tölvufræðingur í Mosfellsbæ, f. 13. september 1958 í Englandi.
2. Amin, Niral B., nemandi í Mosfellsbæ, f. 5. desember 1972 á Indlandi.
3. Anbari, Mostafa, rafeindavirki í Reykjavík, f. 28. júlí 1953 í Marokkó. Fær réttinn 3. október 1990.
4. Andersen, Jakob Andreas, uppeldisfulltrúi í Reykjavík, f. 8. október 1952 í Danmörku.
5. Brynja Dan Gunnarsson, barn í Reykjavík, f. 25. ágúst 1985 á Sri Lanka.
6. Catacutan, Leonardo Dungca, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 22. september 1960 á Filippseyjum.
7. Chudakanthi, Aurangasri, húsmóðir á Ísafirði, f. 24. október 1942 á Sri Lanka.
8. Crowe, Margrét Ann, röntgentæknir í Reykjavík, f. 20. júlí 1954 í Skotlandi.
9. Cummings, Roger, uppeldisfulltrúi í Reykjavík, f. 18. apríl 1950 í Englandi.
10. Davis, Daniel Lee, sjómaður í Vestmannaeyjum, f. 21. apríl 1965 í Bandaríkjunum.
11. Eichmann, Kurt Willi, sjómaður í Reykjavík, f. 23. desember 1948 í Þýska alþýðulýðveldinu.
12. Engle, Ilojaylah, forstöðukona í Reykjavík, f. 12. janúar 1955 á Filippseyjum.
13. Fung, Joseph Ka Cheung, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 27. júlí 1955 í Hong Kong. Fær réttinn 7. september 1990.
14. Garside, Christopher Dignus, nemandi í Reykjavík, f. 20. júlí 1969 í Bretlandi.
15. Haugen, Herborg Laufey Ólafsdóttir, verkakona í Reykjavík, f. 10. janúar 1919 á Íslandi.
16. Jón Hannesson, verkamaður í Reykjavík, f. 1. júní 1926 á Íslandi.
17. Kazmi, Syed Zulkernain, verkamaður í Stykkishólmi, f. 16. mars 1962 í Pakistan.
18. Kornblueh, Nora Sue, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 18. júlí 1951 í Bandaríkjunum.
19. Krasinska, Ewa Barbara, húsmóðir á Egilsstöðum, f. 12. ágúst 1956 í Póllandi.
20. Lahham, Hassan al, verkamaður í Reykjavík, f. 9. apríl 1954 í Sýrlandi.
21. Lazarz, Waclaw, tónlistarkennari á Akureyri, f. 23. maí 1950 í Póllandi.
22. Leite, Ana Christina de Oliveira Martins Nobre, húsmóðir í Reykjavík, f. 4. desember 1964 í Portúgal. Fær réttinn 12. september 1990.
23. Lopez, Manuel Fernando Reyes, sjómaður á Akureyri, f. 29. ágúst 1955 í Chile.
24. Manczyk, Dorota, tónlistarkennari á Akureyri, f. 22. janúar 1960 í Póllandi.
25. Mangelsdorf, Craig William, garðyrkjufræðingur í Hafnarfirði, f. 14. desember 1959 á Nýja-Sjálandi.
26. Markarjan, Nawart, nemandi í Reykjavík, f. 22. júní 1947 í Búlgaríu.
27. Medos, Marino, sjómaður í Vestmannaeyjum, f. 13. apríl 1953 í Júgóslavíu.
28. Meiling, David Andrew, verkamaður í Reykjavík, f. 29. júlí 1969 í Reykjavík.

29. Meiling, Ellen Eliza, nemandi í Reykjavík, f. 17. júní 1972 í Reykjavík.
30. Mir, Jón Alexander, verkfræðingur í Garðabæ, f. 16. september 1962 í Júgóslavíu.
31. Moradi, Hamid Reza Ali Pour, nemandi í Reykjavík, f. 24. apríl 1964 í Íran.
32. Nardini, Tino, matargerðarmaður í Reykjavík, f. 17. ágúst 1953 á Ítalíu.
33. Ng, Kawah, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 17. mars 1960 í Hong Kong. Fær réttinn 16. september 1990.
34. Nicolson, Douglas Malmcolm, lagerstjóri í Reykjavík, f. 4. apríl 1955 í Skotlandi.
35. Pape, Bryndís, nemandi í Reykjavík, f. 14. október 1960 í Bandaríkjunum.
36. Pape, Gréta Hólmfríður, húsmóðir í Reykjavík, f. 25. mars 1961 í Bandaríkjunum.
37. Reedman, Mark Nöel, tónlistarkennari í Reykjavík, f. 17. nóvember 1946 í Suður-Afríku.
38. Rettedal, Alan Ludwig, kennari í Reykjavík, f. 25. janúar 1948 í Bandaríkjunum.
39. Rosdahl, Björn Snorri, barn í Reykjavík, f. 30. október 1978 á Íslandi.
40. Ryan, Michael John, sjómaður í Öngulsstaðahreppi, f. 22. júní 1962 í Englandi.
41. Sahr, Wolfgang, íþróttakennari á Akureyri, f. 5. júní 1958 í Vestur-Þýskalandi.
42. Serdaroglu, Murat, verslunarmaður í Reykjavík, f. 5. mars 1957 í Tyrklandi.
43. Súnal, Ómar Hekim, barn í Garðabæ, f. 1. október 1985 í Svíþjóð.
44. Tbeiaa, Shaban Ashor, næturvörður í Reykjavík, f. 16. júní 1960 í Líbíu.
45. Thomasen, Atli Knútsson, nemandi í Reykjavík, f. 14. mars 1975 í Danmörku.
46. Turner, Roland Wilson, tónlistarkennari í Stykkishólmi, f. 27. september 1953 í Bandaríkjunum.
47. Unabia, Edita Hayag, húsmóðir í Reykjavík, f. 4. ágúst 1953 á Filippseyjum.
48. Wang, Chao, hagfræðingur í Reykjvík, f. 22. desember 1959 í Kína. Fær réttinn 26. ágúst 1990.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 1039. Nefndarálit [169. mál]

um till. til þál. um mötuneyti og heimavistir fyrir framhaldsskólanemendur.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna sem gerir ráð fyrir sérstöku átaki til að leysa mötuneytis- og húsnæðisvanda framhaldsskólanema sem stunda nám fjarri heimabyggð, gerð verði áætlun um uppbyggingu á þessu sviði og tryggð fjárveiting til þess þegar á árinu 1990.

Umsagnir bárust frá Bandalagi íslenskra sérskólanema, Bandalagi kennarafélaga, Fjölbrautaskólanum við Ármúla, fræðslustjóra Reykjavíkur, fræðslustjóra Vesturlands, fræðslustjóra Suðurlands, nemendafélagi Menntaskólans á Ísafirði, nemendafélagi Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Skólafélagi Menntaskólans á Akureyri (Hugin) og Skólameistarafélagi Íslands. Allir þessir aðilar taka jákvætt undir efni tillögunnar.

Nefndin telur að með tillögunni sé tekið á brýnu hagsmunamáli framhaldsskólanemenda og aðstandenda þeirra og rétt sé að gerð verði áætlun sem miði að lausn þess. Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 24. apríl 1990.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir, fundaskr.	Birgir Ísl. Gunnarsson.
Alexander Stefánsson.	Guðni Ágústsson.	Kristinn Pétursson.
	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	

Sþ. 1040. Breytingartillaga [169. mál]

við till. til þál. um mötuneyti og heimavistir fyrir framhaldsskólanemendur.

Frá félagsmálanefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera áætlun sem miði að því að leysa mötuneytis- og húsnæðisvanda framhaldsskólanema sem stunda nám fjarri sinni heimabyggð og marka stefnu um framkvæmdir í þessu skyni.

Sþ. 1041. Nefndarálit [143. mál]

um till. til þál. um könnun á ofbeldi í myndmiðlum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna sem er tvíþætt. Annars vegar gerir hún ráð fyrir umfangsmiklum könnunum varðandi (a) tíðni og tegund ofbeldis, einkum líkamlegs og kynferðislegs, sem sýnt er í myndmiðlum og (b) hversu mikið og á hvað börn horfa í myndmiðlum, hins vegar að skora á menntamálaráðherra að láta draga verulega úr sýningum á þess konar efni.

Nefndin sendi tillöguna til umsagnar. Svör bárust frá Barnageðlæknafélagi Íslands, barnaverndarráði, Kvikmyndaeftirliti ríkisins, Kvenfélagasambandi Íslands, Ríkisútvarpinu, Samtökum foreldra- og kennarafélaga í Reykjavík (SAMFOK) og sálfræðideild skóla í Reykjavík. Einnig kom Auður Eydal, forstöðumaður Kvikmyndaeftirlits ríkisins, til viðræðna við nefndarmenn um efni tillögunnar.

Umsagnaraðilar taka undir efni tillögunnar. Í ítarlegri umsögn Kvikmyndaeftirlitsins segir m.a.:

„Skoðunarmenn Kvikmyndaeftirlits ríkisins hljóta að fagna slíkri tillögu og telja löngu tímabært að marktækar upplýsingar liggi fyrir um þessi mál í heild. Hjá eftirlitinu liggja fyrir heimildir um hluta þess, þ.e. um dreifingu efnis og vægi ofbeldis í kvikmyndum sem sýndar hafa verið í kvikmyndahúsum eða hefur verið dreift með löglegum hætti á myndbandamarkaði sl. tvö ár. Allar kannanir í þessa veru eru þannig samstiga starfsemi Kvikmyndaeftirlitsins. Því miður hefur hún alls ekki mætt nægum skilningi stjórnvalda á undanförnum árum þrátt fyrir augljóst mikilvægi þess að skilvirkt eftirlit sé með öllu því flóði myndefnis sem að berst og aldrei hafi verið nauðsynlegra en nú að ákvæðum þeirra laga, sem að starfseminni lúta, sé framfylgt. Frá því haustið 1987 hefur verið unnið skipulega að því að færa starfsemi

Kvikmyndaeftirlitsins til nútímahorfs, m.a. með ítarlegri skráningu allra kvikmynda sem sýndar eru í kvikmyndahúsum eða gefnar út á myndböndum."

Þá kemur fram í umsögninni að eftir gildistöku laga nr. 33/1983, um bann við ofbeldismyndum, „hófst skipuleg skoðun allra kvikmynda sem gefa átti út á myndbandamarkaði og eftir að verstu ofbeldismyndirnar höfðu verið hreinsaðar af markaðnum í febrúar 1985 (hátt í 80 kvikmyndir) hafa aðeins örfáar slíkar borist eftirlitinu árlega. Alls hafa rúmlega 100 kvikmyndir verið bannaðar alfarið á Íslandi samkvæmt skilgreiningu laganna síðan þau tóku gildi. Hins vegar er ljóst að í ýmsum kvikmyndum, sem hlotið hafa afgreiðslu eftirlitsins og ekki teljast brjóta í bága við ákvæði laganna, geta verið einstök mjög ljót ofbeldisatriði. Þessar myndir eru bannaðar börnum yngri en 16 ára. Okkur virðist sem þeim myndum, sem innihalda slík atriði, fari fremur fjölgandi."

Í lok umsagnar Kvikmyndaeftirlitsins segir:

„Það er ljóst að könnun af því tagi, sem tillagan gerir ráð fyrir, mun gefa mikilsverðar upplýsingar um ástand mála og verða til leiðbeiningar alþingismönnum við endurskoðun laganna, svo og öðrum sem um málefni barna og ungmenna fjalla. Í starfi okkar leggjum við, skoðunarmenn kvikmynda, alla áherslu á vönduð og fagleg vinnubrögð. Við vonum að þessi könnun, ef af verður, veki upp jákvæða umræðu um málefni barna og í kjölfar þess verði brugðist við niðurstöðum á raunhæfan hátt, m.a. með því að styrkja starf þeirra sem vinna á vettvangi barnaverndarmála og gerst þekkja ástandið."

Í umsögn útvarpsstjóra segir m.a.:

„Í vinnureglum fréttamanna sjónvarpsins er að finna svohljóðandi ákvæði sem snerta þetta mál: „Fréttamenn skulu hafa í huga að aðalfréttatími sjónvarps er þegar ætla má að verulegur fjöldi barna horfi á sjónvarp og skal val myndefnis taka mið af því. Forðast skal að nota fréttamyndir sem ætla má að veki ógn og skelfingu nema fréttagildi sé mikið. Fréttastjóra skal gerð grein fyrir slíkum myndum fyrir fram og metur hann hvort ástæða sé til að vara við þeim." Það heyrir til algjörra undantekninga að myndefni, sem hægt væri að túlka sem ofbeldi eða klám, birtist í innlendri dagskrárgerð sjónvarpsins. Því ber afar sjaldan við að vara þurfi áhorfendur við því efni sem sýnt er, að það sé ekki við hæfi barna. Þvert á móti hefur mikið af því innlenda efni, sem Sjónvarpið flytur, mikið fræðslu- og uppeldisgildi, fyrir utan skemmtanagildi, bæði fyrir unga og aldna."

Umsögninni fylgir greinargerð tekin saman af Hinriki Bjarnasyni, deildarstjóra innkaupa- og markaðdeildar Sjónvarps, þar sem m.a. er fjallað gildi þeirra kannana sem tillagan gerir ráð fyrir og hvernig hugsanlegt væri að draga verulega úr ofbeldi sem börnum og öðrum er sýnt í sjónvarpi, kvikmyndum og á myndböndum. Um hið síðartalda segir Hinrik m.a.:

„Fari allt sem ætlað er munu þrjár sjónvarpsstöðvar, sem starfa samkvæmt íslenskum útvarpslögum, senda út dagskrá frá hausti 1990, og leyfi er veitt fyrir hinni fjórðu. Þeim fjölgar, sem ná útsendingum um gervihnetti, og dagskrárrásum slíkra hnatta fjölgar. Framleiðendur leggja æ meiri áherslu á „fulla nýtingu" kvikmynda- og sjónvarpsefnis og er þá átt við að tekjumöguleikar af efninu séu nýttir út í hörgul: í kvikmyndahúsum, á myndbandaleigum, í lokuðum sjónvarpskerfum og loks í opnum, almennum kerfum. Jafnhliða þessu er fylgt fram kerfisbundinni markaðssetningu afleiddrar söluvöru, einkum þegar um er að ræða barna- og unglingaefni, svo sem leikföng, flíkur, sælgæti o.fl. Margt af þess konar varningi eru alls konar eftirmyndir bardagatóla og flokkast undir leikföng. Augljóst er að erfitt mun verða að sporna við útbreiðslunni þegar alþjóðlegt útbreiðslu- og auglýsingakerfi ýtir undir dreifingu vörunnar og sami innflytjandi á Íslandi kann að eiga fjárhagslegra hagsmuna að gæta við hvert stig ofangreindra dreifingarleiða. Til þess að hægt sé að afmarka einn ákveðinn flokk umfjöllunarefnis á hinu afar fjölbreytta sviði myndefnis, svo sem ofbeldi af öllu tagi, þarf ákaflega umfangsmikla og ítarlega löggjöf. Svo sem til er vísað í upphafi þessarar álitsgerðar er líklegt að þýðingarmikil atriði hennar séu þegar til í gildandi lögum. Er þá aðeins ónefnd

eftirfylgjan, að lögunum sé fylgt eftir hvarvetna á landinu. Skiptir sá þáttur mestu og mun að lokum verða ráðandi um það hvort löggjöfin verður til einhverrar verndar þeim sem ætlað er.“

Umsögn SAMFOKs er svohljóðandi:

„Stjórn SAMFOKs, Samtaka foreldra- og kennarafélaga í Reykjavík, hefur í dag fjallað um tillögu til þingsályktunar um könnun á áhrifum ofbeldis í myndmiðlum. Slík könnun á að okkar mati rétt á sér og mundi sennilega leiða í ljós ýmislegt sem að okkur væri þörf að íhuga. Það er hins vegar samdóma álit okkar að friða þurfi skólana fyrir sífelldum truflunum sem fylgja slíkum könnunum, að minnsta kosti meðan skóladagurinn og starfstími skólanna er svo stuttur sem raun ber vitni. Ef hægt er að framkvæma könnunina án þátttöku skólanna sjáum við ekkert málinu til fyrirstöðu.“

Í niðurlagi umsagnar sálfræðideildar skóla í Reykjavík segir:

„Í raun er aðalatriðið að fjarlægja sem fyrst skaðlegt ofbeldisefni úr því myndefni sem börnum er boðið upp á.“

Nefndin tekur undir þau sjónarmið, sem fram koma í fyrri málsgrein þingsályktunartillögunnar, um mikilvægi kannana og rannsókna varðandi ofbeldi í myndmiðlum, ekki síst vegna barna. Tilhögun slíkra kannana og ákvörðun um forgangsröð þarf að vera vel undirbúin og taka mið af því notagildi sem þær geta haft til að draga úr ofbeldi í efni myndmiðla. Því telur nefndin ekki rétt að Alþingi gefi forskrift um slíkar kannanir í einstökum atriðum en leggur áherslu á að þær verði undirbúnar og framkvæmdar eftir því sem nauðsynlegt er talið af dómbærum aðilum. Nefndin leggur sérstaka áherslu á aðgerðir til að dregið verði nú þegar með tiltækum ráðum úr því ofbeldi sem sýnt er í myndmiðlum og m.a. verði beitt heimildum gildandi laga og reglugerða í þessu skyni. Með vísan til þessa flytur nefndin breytingartillögu við málið á sérstöku þingskjali og mælir með samþykkt tillögunnar svo breyttrar.

Rannveig Guðmundsdóttir var fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. apríl 1990.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Birgir Ísl. Gunnarsson.	Alexander Stefánsson.
Guðni Ágústsson.	Kristinn Pétursson.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.

Sþ. 1042. Nefndarálit [456. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 111/1989, fjáraukalögum fyrir árið 1989.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Þegar fjáraukalög fyrir árið 1989 voru afgreidd á Alþingi 22. des. sl. var látið í veðri vaka að með þeim væri sem næst aflað heimilda fyrir þeim útgjöldum sem ríkissjóður þyrfti að inna af hendi til loka ársins. Þessar yfirlýsingar stóðust ekki. Á þeim níu dögum sem eftir lifðu ársins, þar á meðal jólum og öðrum helgum dögum, var greitt úr ríkissjóði umfram heimildir fjárlaga og fjáraukalaga á annað hundrað milljónir króna á dag, eða samtals tæplega 1.100 m.kr. Með þessu jókst halli ríkissjóðs um 1.200 m.kr. frá því sem áður hafði verið áætlað.

Það fjáraukalagafrumvarp, sem hér er til 2. umr., sýnir niðurstöðuna af stjórn ríkisfjármála á fyrsta heila fjárlagaári núverandi ríkisstjórnar. Samfelld hrakfallasaga í fjármálum ríkisins á árinu 1989 kemur þar fram.

Þegar frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1989 var flutt var því lýst yfir bæði í greinargerð frumvarpsins og af fjármálaráðherra að ríkisstjórnin hefði „sett það sem meginmarkmið

fjárlaga fyrir árið 1989 að ríkissjóður skili umtalsverðum tekjuafgangi". Þessu markmiði átti að ná m.a. með því að:

— Leggja á nýja skatta til ríkissjóðs, u.þ.b. 7.000 m.kr.
— Skera niður framlög ríkisins til framkvæmda.
— Láta framlög til ýmissa sjóða og verkefna standa óbreytt að krónutölu.
— Skylda þjónustustofnanir til að afla aukinna sértekna með því að stórhækka verð á þjónustu þeirra.
— Auka sparnað í rekstri og mannahaldi á vegum ríkisins.

Öll þessi atriði komust fram nema hið síðasta þar sem árangurinn varð næsta lítill. Þrátt fyrir það fór svo um það meginmarkmið ríkisstjórnarinnar að reka ríkissjóð með „umtalsverðum tekjuafgangi" að þrátt fyrir að fjárlög væru afgreidd með 636 m.kr. afgangi varð halli á ríkisrekstrinum um 6.055 m.kr.

Skattaárið mikla.

Árið 1989 varð metár í tekjum ríkissjóðs, þ.e. í skattaálögum á þjóðina. Alls voru innheimtar tekjur ríkissjóðs 80 milljarðar kr. eða 2,9 milljörðum kr. hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir og hærra hlutfall af landsframleiðslu en nokkru sinni fyrr.

Tekjur A-hluta ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu hafa verið sem hér segir 1985–1989:

1985	1986	1987	1988	1989
22,7%	24,0%	23,6%	26,6%	27,0%

Hallarekstur ríkissjóðs á árinu 1989 stafar því ekki af því að vanrækt hafi verið að leggja á skatta eða innheimta þá. Á því sviði var um metár að ræða og um 2,6% raunaukningu tekna frá árinu á undan.

Útgjöldin úr böndunum.

En árið 1989 varð einnig metár í útgjöldum ríkissjóðs. Á því sviði fóru ríkisfjármálin gjörsamlega úr böndunum. Samkvæmt því frumvarpi, sem hér er til 2. umr., urðu útgjöldin tæplega 86,1 milljarður kr. og fóru 9,6 milljarða kr. fram úr heimildum fjárlaga. Þetta gerðist þrátt fyrir niðurskurð á fé til verklegra framkvæmda, þrátt fyrir að fjárveitingar til ýmissa sjóða og margs konar verkefna væru óbreyttar í krónutölu frá árinu á undan og þrátt fyrir yfirlýsingar fjármálaráðherra um sparnað og hagræðingu. Í heild eru útgjöldin meiri en nokkru sinni áður og hækkuðu um 2% að raungildi frá árinu á undan.

Á árunum 1984–1989 hafa útgjöld A-hluta ríkissjóðs numið eftirfarandi hlutfalli af landsframleiðslu:

1984	1985	1986	1987	1988	1989
22,8%	24,6%	25,4%	24,9%	28,6%	29,1

Þetta sýnir alvarlega þróun og þá stökkbreytingu sem orðið hefur í útgjöldum ríkissjóðs á síðustu tveimur árum.

Hvað brást?

Hægt er að greina sundur í nokkra meginþætti hvernig fjármálaráðherrann og ríkisstjórnin hafa hrökklast frá þeim markmiðum sínum í ríkisfjármálum sem fyrr er um getið í þessu nefndaráliti.

Í fyrsta lagi voru fjárlögin sjálf ótraust. Þeir nefndarmenn, sem undir þetta nefndarálit rita, vöktu ítrekað athygli á því og gagnrýndu harðlega í umræðum við fjárlagagerð fyrir árið

1989 að um verulegar vanáætlanir væri að ræða og að forsendur fjárlaganna væru í lausu lofti vegna stefnuleysis ríkisstjórnarinnar í efnahags- og atvinnumálum. Hvort tveggja hefur sannast. Launa-, verðlags- og gengisforsendur fjárlaga voru markleysa eins og lýst var og nú liggur fyrir.

Meðaltalshækkun á milli ára 1988–1989 er þessi:

	Forsendur fjárlaga	Raunveruleiki
Laun	7,5%	13,0%
Verðlag miðað við framfærsluvísitölu	13,5%	20,0%
Gengi	11,0%	25,5%

Þennan þátt mála og ýmsar vanáætlanir fjárlaga mátti að verulegu leyti sjá fyrir þegar fjárlögin voru afgreidd. Þessir liðir skýra þó ekki nema tiltölulega lítinn hluta af þeim 9,6 milljörðum króna sem vanáætlaðar voru í útgjöldum ríkissjóðs.

Ríkisendurskoðun telur í skýrslu sinni um framkvæmd fjárlaga árið 1989 að orsakir verri afkomu A-hluta ríkissjóðs en áætlanir fjárlaga gerðu ráð fyrir megi einkum rekja til:

— „Ákvarðana stjórnvalda um útgjöld umfram tekjur innan fjárlagaársins.
— Vanáætlana fjárlaga.
— Skorts á að framkvæmdarvaldið virði heimildir fjárlaga.
— Áform stjórnvalda um sparnað náðu ekki fram að ganga.
— Rangra verðlagsforsendna fjárlaga."

Hér er auðvitað hófsamlega að orði kveðið af hálfu Ríkisendurskoðunar.

Staðreyndirnar liggja þó fyrir. Ríkisstjórnin tók hinar ólíklegustu ákvarðanir um útgjöld úr ríkissjóði, án heimilda í fjárlögum eða fjáraukalögum, og sumar þeirra í trássi við önnur lög. Eyðsla og sóun kom í stað sparnaðar og aðhalds eins og fjármálaráðherra boðaði. Afleiðingin varð sú að fjármálastjórnin fór úr böndunum. Hátíðleg markmið og heitstrengingar um að reka ríkissjóð með „umtalsverðum tekjuafgangi" snerust upp í andhverfu sína. 636 m.kr. tekjuafgangur fjárlaga varð að 6.055 m.kr. halla í höndum fjármálaráðherra og ríkisstjórnar. Hæga leiðin undan brekkunni var valin.

Það segir sig sjálft að áform fjármálaráðherra um tiltölulega litla lánsfjárþörf ríkissjóðs á árinu hurfu út í veður og vind. Í stað 1.320 m.kr. lánsfjárþarfar, eins og áætlað var, reyndist hún 7.280 m.kr. Lántökur umfram afborganir voru þó minni en þetta, þannig að greiðsluhalli varð í árslok 2.100 m.kr.

Jólatilhald ríkisstjórnarinnar.

Eins og fyrr er að vikið voru fjáraukalög afgreidd 22. des. sl. Með því frumvarpi, sem hér er á ferðinni, er verið að leita eftir samþykki Alþingis eftir á fyrir þeim 1.073 m.kr. sem greiddar voru úr ríkissjóði án heimildar á milli jóla og nýárs. Afkastamestu ráðuneytin þessa daga hafa verið heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sem eyddi án heimilda 314 m.kr., að stærstum hluta vegna Tryggingastofnunar ríkisins. Annað í röðinni er fjármálaráðuneytið með 302,6 m.kr., að mestum hluta vegna ýmissa fasteigna rikissjóðs. Eru þó færðar á Fjárlaga- og hagsýslustofnun heimildarlausar greiðslur vegna sölukostnaðar spariskírteina, auglýsinga- og prentunarkostnaður, samtals 155 m.kr., sem auðvitað ætti að færa á fjármálaráðuneytið sjálft.

Um sumar þessar greiðslur var spurt við afgreiðslu fjáraukalaga fyrir jólin, en þá fengust þau svör að til þeirra þyrfti ekki að koma. Svo var t.d. um endurgreiðslu söluskatts í sjávarútvegi, 83,7 m.kr., sem greiddar voru út örfáum dögum síðar.

Á mörgum sviðum hefur einkennilega og losaralega verið staðið að verki við framkvæmd þessara mála. Víst er að ríkisfjármálin þarf að taka öðrum og fastari tökum en gert hefur verið

í tíð núverandi ríkisstjórnar. Alþingi og þjóðin er reynslunni ríkari. Steigurlæti og hátíðlegar yfirlýsingar duga skammt. Niðurstaðan ber vitni um fjármálastjórn sem brást.

Minni hl. stendur ekki að samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 25. apríl 1990.

Pálmi Jónsson, frsm. Málmfríður Sigurðardóttir. Egill Jónsson.

Friðjón Þórðarson.

Sþ. 1043. Nefndarálit [493. mál]

till. til þál. um fullgildingu á alþjóðasamþykkt nr. 122 um stefnu í atvinnumálum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna. Á fund nefndarinnar komu Hrafnhildur Stefánsdóttir frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Gylfi Kristinsson frá félagsmálaráðuneyti og Sigurður Jóhannesson frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Einnig var lögð fram á fundi nefndarinnar umsögn VSÍ um tillöguna.

Leggur nefndin til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. apríl 1990.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm. Rannveig Guðmundsdóttir, fundaskr. Birgir Ísl. Gunnarsson.

Alexander Stefánsson. Guðni Ágústsson. Kristinn Pétursson.

Anna Ólafsdóttir Björnsson.

Sþ. 1044. Breytingartillaga [143. mál]

við till. til þál. um könnun á ofbeldi í myndmiðlum.

Frá félagsmálanefnd.

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að dregið verði verulega úr því ofbeldi sem börnum og öðrum er sýnt í sjónvarpi, kvikmyndum og á myndböndum og gerðar verði nauðsynlegar kannanir í þessu skyni.
2. Fyrirsögn till. verði: Till. til þál. um að draga úr ofbeldi í myndmiðlum.

Nd. 1045. Nefndarálit [460. mál]

um frv. til l. um Skákskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk um það umsögn frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingarnar eru tvenns konar. Í fyrsta lagi er smávægileg lagfæring gerð á orðalagi 6. gr. Í öðru lagi er gildistöku laganna frestað til 1. janúar 1991.

Alþingi, 25. apríl 1990.

Ragnar Arnalds, form.	Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr.	Guðmundur G. Þórarinsson, frsm.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.	Þórhildur Þorleifsdóttir.
	Ólafur Þ. Þórðarson.	

Nd. 1046. Breytingartillögur [460. mál]

við frv. til l. um Skákskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 6. gr. 4. málsl. 1. mgr. orðist svo: Kennslu í framhaldsdeild annast skákmeistarar sem laun þiggja samkvæmt lögum um launasjóð stórmeistara í skák.
2. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1991.

Nd. 1047. Nefndarálit [362. mál]

um frv. til l. um launasjóð stórmeistara í skák.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið um það umsagnir frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Jafnréttisráði og Tryggingastofnun ríkisins.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Meginbreytingar á frumvarpinu eru þrjár. Í fyrsta lagi er sett inn ákvæði sem tryggja að ef kona er ekki í hópi stórmeistara skuli veita laun hverju sinni a.m.k. einni konu er náð hefur afburðaárangri í skák ef slík umsókn liggur fyrir. Í öðru lagi eru þau ákvæði, er tryggja aðild þeirra, er hljóta laun úr sjóðnum, að lífeyrissjóði opinberra starfsmanna gerð skýrari. Í þriðja lagi eru sett ákvæði um stjórn fyrir sjóðinn.

Alþingi, 25. apríl 1990.

Ragnar Arnalds, form.	Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr.	Guðmundur G. Þórarinsson, frsm.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.	Þórhildur Þorleifsdóttir.
	Ólafur Þ. Þórðarson.	

Nd. 1048. Breytingartillögur [362. mál]

við frv. til l. um launasjóð stórmeistara í skák.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Stofna skal launasjóð íslenskra stórmeistara í skák. Fjárveiting til sjóðsins skal veitt í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1991 og samsvara árslaunum fimm háskólakennara (lektora).
   Tilgangur sjóðsins er að skapa íslenskum stórmeisturum í skák fjárhagslegan grundvöll til að helga sig skáklistinni standi hugur þeirra til þess, sbr. og ákvæði 2. mgr. 3. gr.
   Þeir, sem njóta launa úr sjóðnum, hafa kennslu- og fræðsluskyldu að gegna við Skákskóla Íslands sem nánar er kveðið á um í reglugerð.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Í fjárlögum ár hvert skal sjóðnum áætluð fjárveiting er jafngildi launum háskólakennara (lektora) til þeirra er njóta skulu launa úr sjóðnum, sbr. 1. og 2. mgr. 3. gr.
   Fjárhæðin skal endurskoðuð ár hvert við undirbúning fjárlaga með tilliti til breytinga á launum háskólakennara.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Rétt til greiðslu úr sjóðnum hafa þeir íslenskir skákmeistarar sem öðlast hafa alþjóðlegan titil stórmeistara og sýna skákstyrk sinn með því að ná stórmeistaraárangri a.m.k. einu sinni á þriggja ára tímabili.
   Ef ekki er kona í hópi stórmeistara skal veita laun hverju sinni a.m.k. einni konu er náð hefur afburðaárangri í skák ef slík umsókn um laun liggur fyrir.
   Þeir, sem greiðslu hljóta úr sjóðnum, skulu settir eða ráðnir til a.m.k. eins árs í senn eða ráðnir með þriggja mánaða uppsagnarfresti.
4. Við 4. gr. Í stað orðsins „stórmeistarar“ komi: skákmeistarar.
5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Skákmeistarar, er þiggja laun samkvæmt lögum þessum, teljast opinberir starfsmenn með þeim réttindum og skyldum sem því fylgir, sbr. lög nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þar með talin réttindi til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, enda uppfylli þeir að öðru leyti ákvæði 3. gr. laga nr. 29/1963, með síðari breytingum.
6. Á eftir 5. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Stjórn launasjóðsins skal skipuð þremur mönnum sem tilnefndir eru til þriggja ára í senn. Menntamálaráðherra skipar tvo og er annar þeirra formaður, en Skáksamband Íslands einn.
7. Á eftir 6. gr., er verður 7. gr., komi ný grein er orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 1049. Nefndarálit [403. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 29. maí 1981, um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Fjallar það um innheimtu sérstaks gjalds af öllum innfluttum plöntum til að standa straum af kostnaði við eftirlit með slíkum innflutningi. Komu

eftirtaldir á fund nefndarinnar: Sigurgeir Ólafsson og Þorsteinn Tómasson frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Bjarni Helgason og Kjartan Ólafsson frá Félagi garðyrkjubænda, Sigurður Moritzson frá Blómamiðstöðinni hf., Bjarni Finnsson frá Brum hf., Valdimar Jónasson frá Sölufélagi garðyrkjumanna, Kolbeinn Ágústsson frá Hagkaupum hf. og Þórarinn V. Þórarinsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands.

Nefndin leggur til að gildistökuákvæði þessa lagafrumvarps verði frestað til 1. janúar 1991. Jafnframt leggur nefndin áherslu á að við álagningu eftirlitsgjalds þess er frumvarpið fjallar um, 1. janúar 1991, verði kappkostað að halda gjaldinu í lágmarki til þess að það hafi ekki áhrif á þróun vöruverðs í landinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. apríl 1990.

Skúli Alexandersson, form., frsm.	Egill Jónsson, fundaskr.	Danfríður Skarphéðinsdóttir.
Valgerður Sverrisdóttir.	Karvel Pálmason.	Jón Helgason.

Ed. 1050. Breytingartillaga [403. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 29. maí 1981, um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.

Frá landbúnaðarnefnd.

2. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1991.

Ed. 1051. Frumvarp til laga [436. mál]

um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 25. apríl.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags er heiti:
Sementsverksmiðjan hf.
Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt:

a. að leggja Sementsverksmiðju ríkisins, þ.e. sjálfa verksmiðjuna ásamt öllu fylgifé hennar, til hins nýja hlutafélags,
b. að láta fara fram mat á eignum Sementsverksmiðju ríkisins til viðmiðunar við ákvörðun um upphæð hlutafjár hins nýja hlutafélags. Í þessu skyni skal bæjarfógetinn á Akranesi skipa þriggja manna matsnefnd og skal a.m.k. einn nefndarmanna vera löggiltur endurskoðandi. Öll hlutabréf í hlutafélaginu eru eign ríkissjóðs.

2. gr.

Hlutverk félagsins skal vera að framleiða og selja sement fyrir innlendan og erlendan markað.

Félagið annast rannsóknir, þróunarverkefni og efnavinnslu samkvæmt nánari ákvæðum er sett verða í samþykktum félagsins.

Félaginu er heimilt að gerast eignaraðili í öðrum hlutafélögum eða sameignarfélögum.

3. gr.

Heimili og varnarþing félagsins skal vera á Akranesi, en heimilt er að starfrækja útibú á öðrum stöðum.

4. gr.

Fastráðnir starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins skulu hafa rétt til að starfa hjá hinu nýja hlutafélagi og skal þeim boðið sambærilegt starf hjá félaginu og þeir gengdu áður hjá Sementsverksmiðju ríkisins. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, á því ekki við um þá starfsmenn.

5. gr.

Fulltrúar í stjórn hlutafélagsins skulu skipaðir eða kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn, svo og varamenn þeirra.

6. gr.

Við Sementsverksmiðjuna starfi samstarfsnefnd skipuð þremur fulltrúum frá hvorum, stjórn verksmiðjunnar og starfsliði hennar, ásamt jafnmörgum varamönnum. Hlutverk samstarfsnefndar er að efla samvinnu fyrirtækisins og starfsliðs þess, vera báðum til ráðuneytis og gera tillögur um bættan aðbúnað, heilbrigði og öryggi starfsliðs og hagkvæmni í rekstri fyrirtækisins.

7. gr.

Fulltrúar hlutafélagsins skulu árlega halda tvo samráðsfundi með fulltrúum Akraneskaupstaðar til að ræða sameiginleg hagsmunamál.

8. gr.

Ríkissjóður getur ekki boðið hlutabréf í Sementsverksmiðjunni til sölu nema hafa til þess samþykki Alþingis með breytingu á b-lið 1. gr.

9. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög, nr. 32/1978, gildir ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu, né heldur ákvæði 1. mgr. 17. gr. sömu laga um tölu hluthafa. Að öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga um hið nýja félag og greiðir það opinber gjöld með sama hætti og almennt gildir um hlutafélög hér á landi.

Iðnaðarráðherra skal skipa undirbúningsnefnd til að annast nauðsynlega samningsgerð fyrir hönd væntanlegs hlutafélags og leggja fram drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið á stofnfundi sem skal haldinn ekki síðar en 31. desember 1990.

10. gr.

Iðnaðarráðherra fer með eignarhluta ríkisins í félaginu.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Hlutafélag skv. 1. gr. yfirtekur Sementsverksmiðju ríkisins 1. janúar 1991 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 35/1948, um sementsverksmiðju.

Ed. 1052. Nefndarálit [163. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað rækilega um þetta frumvarp. Eftirtaldir menn hafa komið á fund nefndarinnar til viðræðna um efni þess: Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, Ingimar Sigurðsson

skrifstofustjóri og Dögg Pálsdóttir, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Logi Guðbrandsson, framkvæmdastjóri Landakotsspítala, Ólafur Örn Arnarson, yfirlæknir Landakotsspítala, Magnús Skúlason, aðstoðarframkvæmdastjóri Borgarspítalans, Páll Gíslason, formaður stjórnar sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, varaformaður stjórnar sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar, Sigurgeir Sigurðsson, formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, Ólafur Magnússon, formaður Félags sjálfstætt starfandi heimilislækna, Skúli Johnsen borgarlæknir, Sigþrúður Ingimundardóttir, formaður Hjúkrunarfélags Íslands, og Ásta Möller, formaður Félags háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga.

Nefndinni bárust erindi og umsagnir um frumvarpið frá: borgarlækni, Félagi forstöðumanna sjúkrahúsa, Félagi íslenskra heimilislækna, Félagi sjálfstætt starfandi heimilislækna, Félagi yfirlækna, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, Friðriki J. Friðrikssyni héraðslækni, Geðlæknafélagi Íslands, Geðverndarfélagi Íslands, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, heilbrigðisráði Reykjavíkurborgar, Stefáni Þórarinssyni héraðslækni, Halldóri Jónssyni héraðslækni, Ísleifi Halldórssyni héraðslækni, Hjúkrunarfélagi Íslands, Félagi háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga, Húsavíkurkaupstað, Jóhanni Ág. Sigurðssyni héraðslækni, landlækni, Landssambandi sjúkrahúsa á Íslandi, Læknafélagi Austurlands, Læknafélagi Íslands, Læknafélagi Reykjavíkur, læknum á höfuðborgarsvæðinu, nefnd landshlutasamtaka sveitarfélaga um stjórn heilbrigðismála, Ólafi F. Magnússyni lækni, Ólafi H. Oddssyni héraðslækni, ríkisspítölum, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, St. Jósefsspítalanum í Hafnarfirði, St. Jósefsspítalanum Landakoti, starfsmannaráði Borgarspítalans, starfsmannaráði Sjúkrahúss Suðurlands og Öryrkjabandalagi Íslands.

Frumvarpið var lagt fram á haustþingi og var upphaflega stefnt að afgreiðslu þess fyrir jól. Um það tókst ekki samstaða en eftir veigamiklar breytingar á frumvarpinu náðist að afgreiða málið úr nefndinni. Helstu breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á frumvarpinu, varða skipan heilbrigðismálaráðs, stofnun nýrra heilsugæsluumdæma og breyting á skipan heilsugæslustöðva í Reykjavík. Einnig er gert ráð fyrir því að sjúkraþjálfarar starfi við allar H2-heilsugæslustöðvar og í hverju heilsugæsluumdæmi í Reykjavík og aldraðir verði einnig vistaðir á hjúkrunarheimilum eins og langlegusjúklingar. Bætt er við heimild fyrir heilbrigðisráðherra til að skipa héraðslækni í fullt starf við önnur læknishéruð en þau sem getið er í 3. gr. frumvarpsins. Ný ákvæði eru sett um kostnað við viðhald og tækjakaup heilsugæslustöðva, einnig um stjórnir heilsugæsluumdæma í Reykjavík og sjúkrastofana Reykjavíkur og gert er ráð fyrir að heilbrigðisráðherra geti samið við aðra aðila um rekstur heilbrigðisstofnana.

Nefndin telur rétt að ágreiningur um valdsvið sérmenntaðs starfsliðs á heilbrigðisstofnunum verði leystur með sama hætti og verið hefur. Nefndin bendir sérstaklega á breytingu á 10. gr. um að þrátt fyrir skiptingu í heilsugæsluumdæmi geti íbúar borgarinnar jafnan valið sér heilsugæslu- eða heimilislækni utan heilsugæslustöðva. Nefndin tekur skýrt fram að nauðsynlegt sé að þróa heilsugæslukerfið í Reykjavík, en leggur jafnframt áherslu á að réttur sjálfstætt starfandi lækna sé tryggður.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 25. apríl 1990.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Salome Þorkelsdóttir, fundaskr., með fyrirvara.	Karl Steinar Guðnason.
Guðmundur H. Garðarsson, með fyrirvara.	Margrét Frímannsdóttir.	Valgerður Sverrisdóttir.
	Guðrún Agnarsdóttir, með fyrirvara.	

Ed. 1053. Breytingartillögur [163. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   2. mgr. 6. gr. laganna orðist svo:
   6.2. Ráðherra skipar héraðslækni í Reykjavík, í Norðurlandshéraði eystra og Reykjaneshéraði til fjögurra ára í senn. Ráðherra er heimilt að skipa héraðslækna til fjögurra ára í senn í öðrum héruðum sé það talið nauðsynlegt vegna umfangs héraðslæknisstarfsins. Skulu héraðslæknar samkvæmt áðurgreindu vera sérmenntaðir embættislæknar eða hafa jafngilda menntun til starfsins. Þar sem ekki eru skipaðir sérstakir héraðslæknar skipar ráðherra einn af starfandi heilsugæslulæknum héraðsins sem héraðslækni til fjögurra ára í senn.
   6.3. Ráðherra skipar héraðshjúkrunarfræðing í Reykjavík, í Norðurlandshéraði eystra og Reykjaneshéraði til fjögurra ára í senn. Ráðherra er heimilt að skipa héraðshjúkrunarfræðinga til fjögurra ára í senn í öðrum héruðum sé það talið nauðsynlegt vegna umfangs starfsins. Þar sem ekki eru skipaðir sérstakir héraðshjúkrunarfræðingar er ráðherra heimilt að skipa einn af starfandi heilsugæsluhjúkrunarfræðingum héraðsins sem héraðshjúkrunarfræðing til fjögurra ára í senn.
2. Við 4. gr. 1. málsl. 1. efnismgr. orðist svo:
   Heilbrigðismálaráð skal skipað héraðslækni, héraðshjúkrunarfræðingi og einum fulltrúa tilnefndum af stjórn hverrar heilsugæslustöðvar og sjúkrahúss í héraðinu.
3. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   2. mgr. 14. gr. laganna orðist svo:
   14.2. Í Reykjavík skulu starfrækt fjögur heilsugæsluumdæmi sem hér segir:
   1. Vesturbæjarumdæmi þar sem starfa þrjár heilsugæslustöðvar sem hér segir:
      1.1. Garðastræti H2, starfssvæði: Sóleyjargata, Fríkirkjuvegur og Lækjargata að austan og Hringbraut til sjávar að sunnan.
      1.2. Heilsuverndarstöðin við Barónsstíg H2, starfssvæði: Sóleyjargata, Fríkirkjuvegur og Lækjargata að vestan, flugvöllur að sunnan og Snorrabraut að austan.
      1.3. Drápuhlíð H2, starfssvæði: Hlíðahverfi, Norðurmýrar- og Túnahverfi sem markast af Snorrabraut og flugvallarsvæði að vestan og Kringlumýrarbraut að austan.
   2. Miðbæjarumdæmi þar sem starfa þrjár heilsugæslustöðvar sem hér segir:
      2.1. Laugarnes H2, starfssvæði: Kringlumýrarbraut að vestan, Miklabraut austan Kringlumýrarbrautar að sunnan, Grensásvegur, Holtavegur, Sunnuvegur, Laugarásvegur og Dalbraut að austan.
      2.2. Borgarspítalinn H2, starfssvæði: Kringlumýrarbraut að vestan, Miklabraut austan Kringlumýrarbrautar að norðan, Breiðholtsbraut að austan og Kópavogur að sunnan.
      2.3. Voga- og Heimahverfi H2, starfssvæði: Grensásvegur, Holtavegur, Sunnuvegur, Laugarásvegur og Dalbraut að vestan, Elliðaár að austan og Miklabraut að sunnan.

3. Austurbæjarumdæmi syðra þar sem starfa tvær heilsugæslustöðvar sem hér segir:
   3.1. Breiðholt I og II H2, starfssvæði: Elliðaár að norðan, Reykjanesbraut að vestan, landamerki við Kópavog að sunnan og Arnarbakki að austan.
   3.2. Breiðholt III H2, starfssvæði: Elliðaár að norðan og austan, Arnarbakki og Höfðabakki að vestan og Breiðholtsbraut að sunnan.
4. Austurbæjarumdæmi nyrðra þar sem starfa tvær heilsugæslustöðvar sem hér segir:
   4.1. Árbær og Seláshverfi H2, starfssvæði: Grafarvogur að norðan, Elliðaár að vestan og sunnan og Lækjarbotnar að austan.
   4.2. Grafarvogshverfi H2, starfssvæði: Grafarvogur að sunnan, landamerki Reykjavíkur og Mosfellsbæjar að austan.

   Starfssvæði heilsugæslustöðvar á Seltjarnarnesi nær frá Hringbraut að norðan að flugvelli að austan. Þrátt fyrir skiptingu Reykjavíkur í heilsugæsluumdæmi geta íbúar borgarinnar jafnan valið sér heilsugæslulækni eða heimilislækni utan heilsugæslustöðva og leitað læknishjálpar sem þeir eiga auðveldast með að ná til hverju sinni.

4. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
   1. mgr. 17. gr. orðist svo:
   17.1. Ráða skal sjúkraþjálfara til starfa við heilsugæslustöðvar H2. Í Reykjavík skal vera a.m.k. einn sjúkraþjálfari í hverju heilsugæsluumdæmi.
5. Á eftir 15. gr. komi ný grein er orðist svo:

   Við 1. mgr. 18. gr. laganna bætast fjórir nýir málsliðir er orðist svo: Hvorugur aðili á kröfur á hinn um leigu vegna eignar eða eignarhluta. Meiri háttar viðhald og tækjakaup skulu teljast til stofnkostnaðar. Almennur viðhaldskostnaður fasteigna og tækja greiðist sem rekstrarkostnaður. Heilbrigðisráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um hvað telst til meiri háttar viðhalds.
6. Við 16. gr. (er verði 17. gr.): Greinin orðist svo:

   Eftirtaldar breytingar verða á 20. gr. laganna:

   a. Síðari málsliður 1. mgr. falli brott.
   b. 2. mgr. greinarinnar orðist svo:

   20.2. Ráðherra setur gjaldskrá fyrir veitta þjónustu heilsugæslustöðva og skal hún vera í samræmi við hliðstæðar gjaldskrár samkvæmt lögum um almannatryggingar.
7. Við 17. gr. (er verði 18. gr.). Greinin orðist svo:
   Í stað 2. mgr. 21. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar er orðist svo:
   21.2. Þegar heilsugæslustöð er í starfstengslum við sjúkrahús fer stjórn þess, sbr. 30. gr., með málefni allrar stofnunarinnar. Læknaráð og starfsmannaráð skulu vera sameiginleg fyrir alla stofnunina. Séu fleiri en ein stöð í sama sveitarfélagi skulu þær vera undir einni sameiginlegri stjórn.
   21.3. Stjórnir heilsugæsluumdæma í Reykjavík skulu skipaðar fimm mönnum. Einn stjórnarmanna skal skipaður af ráðherra og skal hann vera formaður; hann skal vera búsettur í umdæminu. Þrír skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu borgarstjórnar og einn samkvæmt tilnefningu starfsmanna heilsugæslustöðvanna í umdæminu. Ráðherra setur reglur um kjör fulltrúa starfsmanna. Í Reykjavík ráða stjórnir heilsugæslustöðva framkvæmdastjóra þeirra og hafa

þeir sömu skyldur og framkvæmdastjórar sjúkrahúsa skv. 29. gr. Fer um mat á hæfni þeirra skv. 30. gr. Ráðherra setur reglugerð í samráði við héraðslækni um fyrirkomulag á samvinnu heilsugæslustöðva innan Reykjavíkurhéraðs. Þar skal m.a. kveðið á um ráðningu framkvæmdastjóra.

8. Við 18. gr. (er verði 19. gr.). Greinin orðist svo:
   22. gr. laganna orðist svo:
   22.1. Stjórnir heilsugæslustöðva ráða starfslið stöðvanna og fer um laun þeirra samkvæmt kjarasamningum við hlutaðeigandi stéttarfélög.
9. Við 20. gr. (er verði 21. gr.). 4. tölul. orðist svo:
   4. Hjúkrunarheimili. Vistheimili fyrir aldraða og sjúklinga sem búið er að sjúkdómsgreina, en þarfnast vistunar og meðferðar sem hægt er að veita utan almennra og sérhæfðra sjúkrahúsa.
10. Við 22. gr. (er verði 23. gr.). Greinin orðist svo:
    Eftirtaldar breytingar verða á 30. gr. laganna:
    a. 2. mgr. orðist svo:
       30.2. Stjórn sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar skal skipuð fimm mönnum. Borgarstjórn Reykjavíkurborgar kýs þrjá fulltrúa í stjórnina og starfsmannaráð tvo.
    b. Á eftir 2. mgr. bætast tvær nýjar málsgreinar er orðist svo:
       30.3. Sjúkrahúsum (öðrum en þeim sem um getur í 1., 2. og 4. mgr. þessarar greinar) skal stjórnað af fimm manna stjórnum sem ráðherra skipar. Starfsmannaráð sjúkrahúsa tilnefna einn mann, hlutaðeigandi sveitarstjórn eða stjórnir þrjá og ráðherra einn og skal hann vera búsettur á starfssvæði sjúkrahússins; er hann jafnframt formaður stjórnarinnar.
       30.4. Einkasjúkrahúsum og sjálfseignarstofnunum skal stjórnað af fimm manna stjórnum þar sem í eiga sæti þrír kosnir af eigendum, einn fulltrúi kosinn af starfsmannaráði og einn tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Stjórnir einkasjúkrahúsa og sjálfseignarstofnana skipta sjálfar með sér verkum.
    c. Við greinina bætist ný málsgrein er verði 8. mgr. og orðist svo:
       30.8. Stjórnir sjúkrahúsa ráða starfslið sjúkrahúsanna og fer um laun þeirra samkvæmt kjarasamningum við hlutaðeigandi stéttarfélög.
11. Við 23. gr. Greinin fellur brott.
12. Við 24. gr. Greinin orðist svo:
    Eftirtaldar breytingar verða á 34. gr. laganna:
    a. 2. mgr. orðist svo:
       34.4. Sveitarfélögum er skylt að taka þátt í framkvæmdum í samræmi við ákvörðun Alþingis um fjárveitingar á hverjum tíma. Ráðherra getur gert samkomulag við aðra aðila en þá sem falinn er rekstur heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum þessum um framkvæmdir eða rekstur heilbrigðisstofnana innan ramma áætlana 33. gr.
    b. Við 3. mgr. bætast fjórir nýir málsliðir er orðist svo: Hvorugur aðili á kröfu á hinn um leigu fyrir eign eða eignarhluta. Meiri háttar viðhald og tækjakaup skal teljast til stofnkostnaðar. Almennur viðhaldskostnaður fasteigna og tækja greiðist sem rekstrarkostnaður. Heilbrigðisráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um hvað telst til meiri háttar viðhalds.
    c. Síðari málsliður 4. mgr. falli brott.

13. Við 25. gr. Greinin falli brott.
14. Við 27. gr. Greinin falli brott.
15. Við 29. gr. (er verði 27. gr.). Greinin orðist svo:
    Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lögin hafa hlotið staðfestingu skal fella þau inn í meginmál laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.
16. Við ákvæði til bráðabirgða.
    a. Í stað 1. og 2. tölul. komi nýr töluliður sem orðist svo:
        1. Heilsuverndarstarf í Reykjavík samkvæmt lögum nr. 44/1955, sbr. lög nr. 28/1957, skal haldast óbreytt frá því sem er við gildistöku laga þessara þar til heilsugæslustöðvar hafa verið skipulagðar til þess að annast það en þó ekki lengur en til ársloka 1991. Ráðherra skal skipa þriggja manna stjórn Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík. Formaður skal skipaður án tilnefningar, einn skal skipaður samkvæmt tillögu Reykjavíkurborgar og einn samkvæmt tillögu tryggingaráðs. Stjórnin skal í umboði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra annast rekstur Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur og í samráði við héraðslækni og stjórnir heilsugæsluumdæmanna í Reykjavíkurhéraði undirbúa að starfsemi stöðvarinnar leggist niður eigi síðar en 1. janúar 1992. Frá þeim tíma falla lög um heilsuverndarstarf, nr. 44/1955, sbr. lög nr. 28/1957, úr gildi.
    b. 3. tölul. (er verði 2. tölul.) orðist svo:
        2. Stjórnir heilsugæslustöðva í Reykjavík, sbr. 21. gr., og stjórnir sjúkrahúsa, sbr. 30. gr., skulu kosnar eftir næstu reglulegar sveitarstjórnarkosningar en fram að þeim tíma skulu þær vera óbreyttar. Tilflutningur starfsmanna, annarra en starfsmanna Borgarspítala, einkasjúkrahúsa og sjálfseignarstofnana, fer fram þegar nýjar stjórnir hafa tekið við og skal lokið fyrir árslok 1990. Um réttindi þeirra starfsmanna fer samkvæmt lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
    c. 4. tölul. fellur brott.

Ed. 1054. Nefndarálit [484. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41/1975, um félagsráðgjöf.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið en það er unnið í samvinnu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa. Leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. apríl 1990.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Salome Þorkelsdóttir, fundaskr.	Valgerður Sverrisdóttir.
Guðmundur H. Garðarsson.	Margrét Frímannsdóttir.	Guðrún Agnarsdóttir.
	Karl Steinar Guðnason, með fyrirvara.	

Sþ. 1055. Skýrsla [372. mál]

iðnaðarráðherra um nýtt álver, samkvæmt beiðni.

Hinn 19. febrúar sl. var lögð fram á Alþingi á þskj. 636 beiðni um skýrslu frá iðnaðarráðherra um nýtt álver. Beiðnin er fylgiskjal I með þessari skýrslu.

Í skýrslu þessari verður leitast við að svara þeim spurningum sem beint er til iðnaðarráðherra á þskj. 636, en hafa verður í huga að viðræður um einstök atriði standa nú yfir og því er ekki rétt að skýra opinberlega frá samningsstöðu íslenskra aðila varðandi einstök atriði samninga, t.d. orkuverð.

1. AÐDRAGANDI SAMNINGA UM NÝTT ÁLVER

Athuganir íslenskra stjórnvalda á aukinni álframleiðslu á Íslandi hafa átt sér nokkurn aðdraganda. Athuganir þessar hafa í um tvö ár aðallega verið í samstarfi við Atlantsál-hópinn svokallaða sem myndaður var með samkomulagi dags. 4. júlí 1988. Fyrirtækin voru í upphafi:

Alusuisse, Zürich, Sviss,

Gränges Aluminium, Stokkhólmi, Svíþjóð,

Alumined (Hoogovens Aluminium), Amstelveen, Hollandi,

Austria Metall, Braunau-Ranshofen, Austurríki.

Í fyrstu miðuðust athuganir við það að byggt yrði nýtt álver í Straumsvík með 185 þúsund tonna ársframleiðslugetu. Bandarískа verkfræði- og verktakafyrirtækið Bechtel og kanadíska verkfræðifyrirtækið Lavalin voru fengin til að kanna stofnkostnað og rekstrarhagkvæmni slíks álvers. Niðurstaða þessarar könnunar, sem kynnt var málsaðilum í aprílmánuði 1989, var að ekki yrði eins hagkvæmt að reisa og reka þetta álver og talið hafði verið og að stækkun álversins í Straumsvík um sem svarar 120 þúsund tonna ársframleiðslugetu gæti verið vænlegri kostur. Helsta ástæðan fyrir þessu var sú, að hækkun hafði orðið á verði véla og tækja til álframleiðslu vegna uppgangs í áliðnaði í heiminum. Kom þá fram hugmynd um að kanna enn frekar hagkvæmni þess að stækka ÍSAL.

Í lok maí 1989 samdi Atlantsál-hópurinn við sænska ráðgjafarfyrirtækið SIAB um að það gerði áætlun um stofnkostnað fyrir stækkun álversins í Straumsvík, sem næmi um 120 þúsund tonna ársframleiðslugetu. Jafnframt hófust viðræður milli Alusuisse og hinna fyrirtækjanna þriggja, sem þá voru þátttakendur í Atlantsál-hópnum, um samstarf ef af stækkun yrði. Austria Metall tilkynnti með bréfi, dags. 12. september 1989, að það drægi sig út úr Atlantsál-hópnum og var verkinu eftir það haldið áfram í samstarfi við hin fyrirtækin þrjú.

Í upphafi var við það miðað að SIAB skilaði skýrslu í byrjun septembermánaðar 1989 en það dróst, m.a. vegna erfiðleika við að afla nákvæmra upplýsinga um verð á sérhæfðum búnaði til álframleiðslu og bárust frumniðurstöður í október 1989. Í framhaldi af skýrslu SIAB fóru fram ítarlegar viðræður milli Atlantsál-aðilanna innbyrðis um hugsanlegt samstarf um 120.000 árstonna stækkun ÍSAL, sem rekin yrði sem sérstakt fyrirtæki undir stjórn Alusuisse. Meginniðurstaðan í skýrslunni og samningaviðræðum aðila var sú, að ekki væri eins afgerandi munur á kostnaði á framleiðslueiningu í 120–132.000 tonna stækkun ÍSAL með 180 KA tækni samanborið við 185–200.000 tonna sjálfstætt álver með 280 KA tækni eins og talið hafði verið.

Á fundi með Atlantsál-aðilum í Zürich 4. desember 1989 var tekin endanleg ákvörðun um þann kost varðandi aukna álframleiðslu á Íslandi, sem unnið yrði að. Alusuisse tók ákvörðun um að eiga ekki aðild að sjálfstæðu álveri en Hoogovens Aluminium og Gränges staðfestu að fyrirtækin vildu halda áfram undirbúningi og samningum um byggingu nýrrar sjálfstæðrar álbræðslu með um 200.000 tonna ársframleiðslugetu. Fyrirtækin tvö lýstu yfir áhuga á að eiga allt að 65% í nýju álveri og því var ljóst að leita þurfti nýrra aðila til þátttöku í Atlantsál-álverinu.

Samkomulagið frá 4. júlí 1988 féll úr gildi 31. desember 1989 samkvæmt ákvæðum þessum. Í byrjun janúar 1990 var undirritað samkomulag milli iðnaðarráðherra, Alusuisse, Grânges og Hoogovens um uppgjör á vinnu skv. fyrrgreindu samkomulagi og staðfest að sú vinna hefði ekki leitt til sameiginlegrar ákvörðunar um að ráðast í nýtt álver. Þá var staðfest að aðilar væru ekki bundnir af samstarfi hver við annan um athugun á hagkvæmni þess að reisa og reka nýtt álver á Íslandi. Frá 1. janúar 1990 hafa athuganir á hagkvæmni þess að reisa og reka nýtt álver hér á landi og viðræður um það efni ekki verið bundnar við Straumsvík.

Í framhaldi af þessari ákvörðun varð það að samkomulagi við fyrirtækin tvö sem eftir voru í Atlantsál-hópnum að leita nýrra aðila, eins eða fleiri, til þátttöku í byggingu nýs álvers á Íslandi. Eitt þeirra fyrirtækja, sem ákveðið var að hafa samband við í upphafi, var bandaríska fyrirtækið Alumax, en það hefur á undanförnum áratugum oft sýnt áhuga á þeim möguleikum sem til staðar eru hér á landi til byggingar álvers.

Fulltrúar Alumax komu til Reykjavíkur í janúar sl. til þess að kynna sér aðstæður og ræða við iðnaðarráðherra og ráðgjafarnefnd um áliðju. Í febrúar sl. var síðan haldinn sameiginlegur fundur allra aðilanna í Amsterdam. Í framhaldi af þeim fundi lýsti Alumax því yfir að þeir væru tilbúnir til þátttöku í Atlantsál-hópnum og var það formlega staðfest með undirritun viljayfirlýsingar 13. mars 1990, sem vikið verður nánar að hér á eftir. Alumax hefur mjög víðtæka reynslu af byggingu og rekstri álvera og getur tekið að sér þá ábyrgð sem fylgir forustu í samstarfshópi af þessu tagi. Það liggur fyrir að báðir þeir aðilar sem fyrir voru í Atlantsál-hópnum telja Alumax ákjósanlegan samstarfsaðila.

Sérstök ráðgjafarnefnd um áliðju var skipuð 14. nóvember 1988 og hefur verið iðnaðarráðherra til ráðuneytis varðandi samninga um nýtt álver.

Ráðgjafarnefndina skipa eftirtaldir menn: Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, formaður, Baldur Óskarsson framkvæmdastjóri, Eggert Steinsen verkfræðingur, Geir A. Gunnlaugsson framkvæmdastjóri, Guðmundur G. Þórarinsson alþingismaður og Ólafur Davíðsson framkvæmdastjóri. Halldór J. Kristjánsson, skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneytinu, starfar með nefndinni. Garðar Ingvarsson, framkvæmdastjóri markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar (MIL), er ritari nefndarinnar. Andrés Svanbjörnsson, yfirverkfræðingur MIL, starfar fyrir hana.

2. YFIRLÝSING IÐNAÐARRÁÐHERRA OG ATLANTSÁL-AÐILANNA FRÁ 13. MARS 1990

Þann 13. mars sl. undirrituðu iðnaðarráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, og Paul E. Drack, aðalforstjóri Alumax, Per-Olof Aronsson, forstjóri Grânges, og Max Koker, framkvæmdastjóri Hoogovens Aluminium, sameiginlega yfirlýsingu um ásetning að ljúka samningum um byggingu nýs álvers hér á landi. Yfirlýsingin er birt í heild sinni sem fylgiskjal nr. II með skýrslu þessari.

Meginatriði yfirlýsingarinnar eru eftirfarandi:

2.1

Iðnaðarráðherra staðfestir stefnu íslenskra stjórnvalda um að auka nýtingu innlendra orkulinda með frekari álframleiðslu á Íslandi. Alumax, Grânges og Hoogovens staðfesta áhuga sinn á því að efla álframleiðslu sína með því að byggja álver á Íslandi.

2.2

Staðfest er að gera þurfi eftirfarandi samninga á grundvelli heimildarlaga um nýtt álver:

- Aðalsamning milli íslensku ríkisstjórnarinnar og Atlantsál-aðilanna.
- Orkusölusamning við Landsvirkjun.
- Lóðar- og hafnarsamning við hlutaðeigandi sveitarfélag.

- Samkomulag varðandi umhverfismál.
- Samkomulag milli Atlantsál-aðilanna um eignarhald, rekstur og fjármögnun álversins.

Hér að aftan er gerð nánari grein fyrir helstu efnisatriðum þessara samninga (3.2–3.7.)

2.3

Iðnaðarráðherra og Atlantsál-aðilarnir staðfesta ásetning sinn um að ljúka samningum um nýtt álver með um 200.000 tonna álframleiðslugetu á ári er hefji rekstur árið 1994. Í álbræðslunni verði notuð nýjasta tækni við framleiðslu og steypu á áli og mengunarvarnir. Atlantsál-aðilarnir lýsa sig reiðubúna til að eignast hlutabréf í hinu nýja álveri sem hér segir:

- Alumax 30–40%
- Gränges 25–35%
- Hoogovens Aluminium 25–35%

2.4

Undirritun endanlegra samninga er háð samþykki Alþingis á frumvarpi til heimildarlaga um álverið og samþykki stjórna fyrirtækjanna eða móðurfélaga þeirra eftir því sem við á. Iðnaðarráðherra og Atlantsál-aðilarnir munu leitast við að ljúka samningum með eftirfarandi hætti:

- Stefnt er að því að taka ákvörðun um staðsetningu álversins fyrir lok maí 1990.
- Stefnt er að því að ljúka öllum samningum fyrir 20. september 1990.
- Iðnaðarráðherra mun, þegar samningagerð er lokið, leggja fyrir Alþingi frumvarp til heimildarlaga, með það að markmiði að afla samþykkis Alþingis fyrir árslok 1990.
- Fyrirtækin munu, þegar samningar liggja fyrir, afla samþykkis viðeigandi stjórna og stefnt er að því að samþykki verði veitt fyrir árslok 1990 eða í síðasta lagi á fyrsta reglulega stjórnarfundi á árinu 1991.
- Þegar samþykkis Alþingis hefur verið aflað og samþykki stjórna félaganna liggur fyrir verða samningar formlega undirritaðir.

2.5

Í kjölfar fundar með Atlantsál-aðilunum í Reykjavík 4. og 5. apríl sl. óskuðu fulltrúar Alumax, Gränges og Hoogovens eftir því við lögmann félaganna hér á landi að skráð yrði firmaheitið Atlantsál vegna fyrirhugaðs reksturs álvers hér á landi. Tilkynning til firmaskrár, dags. 11. apríl 1990, er fylgiskjal nr. III með skýrslu þessari.

3. MEGINATRIÐI VÆNTANLEGRA HEIMILDARLAGA OG SAMNINGA Á GRUNDVELLI ÞEIRRA

Af Íslands hálfu hefur í samningaviðræðunum um nýtt álver verið tekið mið af reynslu sem fengist hefur af samningum við erlenda aðila um orkufreka stóriðju, ekki síst um Íslenska járnblendifélagið hf. en einnig um Íslenska álfélagið hf. Meðal laga og samninga, sem gert er ráð fyrir, má helst nefna:

3.1 Heimildarlög um nýtt álver.

Meginatriði frumvarps til heimildarlaga um nýtt álver eru til umræðu við Atlantsál-aðilana og því er ekki hægt að tíunda efni þeirra í einstökum atriðum. Meðal atriða sem líklegt er að fjallað verði um í heimildarlögum má nefna eftirfarandi:

- Kveðið yrði á um, að iðnaðarráðherra verði heimilað að ganga til samninga við aðila sem tilbúnir eru til að stofna og reka hlutafélag um byggingu og rekstur álbræðslu á Íslandi.

– Verkefnið sjálft, sem lögin heimila, yrði tilgreint, þ.e. bygging verksmiðju til bræðslu á áli og annarra mannvirkja sem slíkri verksmiðju fylgja, þar á meðal mengunarbúnaðar. Framleiðslugeta verksmiðjunnar verður 200.000 tonn af áli á ári, með hugsanlegum ákvæðum um möguleika til stækkunar síðar, takist samningar um það.

– Kveðið yrði á um undanþágur frá tilteknum lagaákvæðum vegna meirihlutaeignar erlendra aðila. Meðal ákvæða sem fjalla þarf um eru ákvæði hlutafélagalaga, iðnaðarlaga og laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

– Gengið hefur verið út frá því, að í heimildarlögunum yrðu ákvæði um að fyrirtækið greiði skatta og önnur opinber gjöld sem almennt eru á lögð á Íslandi á hverjum tíma með þeim sérákvæðum sem nauðsynleg eru vegna sérstöðu þessarar starfsemi.

– Væntanlega yrði kveðið á um að innflutningur fyrirtækisins á byggingarefni, vélum og búnaði og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum til verksmiðju fyrirtækisins og rekstrar hennar og tengdra mannvirkja verði undanþeginn aðflutningsgjöldum. Væntanlega þarf í heimildarlögunum að tryggja að innflutningur af hálfu fyrirtækisins á hráefnum og rekstrarvörum, sem beinlínis eru notaðar í framleiðslu á útflutningsvörum frá verksmiðjunni, verði undanþeginn tollum og gjöldum á innflutning. Hugsanlega þarf að koma til sérákvæði um virðisaukaskatt, t.d. af raforku.

– Fjalla þarf um skattskyldu þeirra erlendu aðila, sem kvaddir yrðu til samvinnu skv. lögunum og eiga hluti í félaginu eða láta því í té tæknilega aðstoð. Gert er ráð fyrir að farið verði eftir ákvæðum þeirra tvísköttunarsamninga, sem í gildi eru milli Íslands og heimaríkja þessara aðila. Í þeim tilvikum, þar sem slíkum tvísköttunarsamningum er ekki til að dreifa, þarf að veita ríkisstjórninni heimild til að beita í þessu efni ákvæðum annarra tvísköttunarsamninga, sem í gildi eru á hverjum tíma.

– Vænta má, að fyrirtækin óski eftir sérákvæðum um að þeim verði heimilt að taka við, geyma, fjárfesta og endurfjárfesta í erlendum gjaldmiðli í reikningum utan Íslands, greiðslur eða fjárframlög til fyrirtækisins, sem stafa af fjármagnsflutningum eða aðgerðum er varða rekstur þess. Þessi heimild yrði væntanlega háð sanngjörnum skilyrðum um að viðhalda eðlilegu rekstrarfjármagni á Íslandi.

3.2 Aðalsamningur milli ríkisstjórnarinnar, Atlantsáls hf. og Atlantsál-aðilanna.

Á grundvelli heimildarlaga um nýtt álver þarf að ganga frá heildarsamningi milli íslenska ríkisins og Atlantsál-aðilanna um byggingu og rekstur álversins. Í slíkum aðalsamningi yrði kveðið á um starfsréttindi Atlantsál-álversins og veittar nauðsynlegar undanþágur frá íslenskum lagaákvæðum m.a. vegna meirihlutaeignar erlendra aðila að fyrirtækinu. Í aðalsamningi yrði væntanlega m.a. kveðið á um gagnkvæmar ábyrgðir og fyrirheit aðilanna, aðild Íslendinga að stjórn þess, rétt til framsals á hlutabréfum, úrvinnsluiðnað og tækniþróun, fjármögnunaratriði og eiginfjárhlutfall, gjaldeyrismál, lausn ágreiningsmála og endurskoðun samningsskilmála.

Svo sem fyrr greinir standa viðræður yfir og því liggur ekki fyrir niðurstaða um einstök samningsákvæði. Hins vegar skal hér stuttlega gerð grein fyrir nokkrum helstu samningsatriðum:

3.2.1 Lögsaga og lausn deilumála.

Óumdeilt er að nýtt álfyrirtæki lúti íslenskum lögum með þeim sérákvæðum sem lögfest verða í heimildarlögum um nýtt álver, m.a. undanþágur frá skilyrðum íslenskra laga um

ríkisfang og búsetu stjórnarmanna og stofnenda vegna erlendrar eignaraðildar. Þá er gert ráð fyrir að túlkun og framkvæmd aðalsamningsins fari að íslenskum lögum.

Af Íslands hálfu hefur verið lögð áhersla á að úrlausn ágreiningsmála við ríkisstjórnina verði fyrir íslenskum dómstólum. Atlantsál-aðilarnir hafa sett fram tillögu um að lausn meiri háttar deilumála verði fyrir alþjóðlegum gerðardómi og þá fyrir Alþjóðagerðardómsstofnuninni til lausnar fjárfestingardeilum, er starfar í tengslum við Alþjóðabankann í Washington (ICSID) og Ísland og heimalönd álfyrirtækjanna þriggja eru aðilar að. Hins vegar hafa báðir aðilar talið eðlilegt að leita lausnar á viðskiptalegum deilumálum, svo sem um einstaka þætti í raforkusamningi, fyrir gerðardómi, t.d. skv. íslenskum gerðardómslögum.

3.2.2 Ábyrgðir.

Þýðingarmestu ábyrgðirnar, sem rætt er um að Atlantsál-aðilarnir gefi út gagnvart íslenskum aðilum, eru þessar:

a. *Verklokaábyrgð.* Gert hefur verið ráð fyrir að Atlantsál-aðilarnir gefi út sérstakar ábyrgðir um að þeir muni leggja fram nauðsynlegt hlutafé og tryggja að álverið hefji starfrækslu og kaup á orku á tilteknum tíma. Á sama hátt er gert ráð fyrir að ríkisstjórnin og Landsvirkjun ábyrgist gagnvart Atlantsál-aðilunum að tilteknar virkjanir hafi verið reistar og að orkusala til Atlantsáls geti hafist á sama tíma.
b. *Greiðsla fyrir orku.* Gert hefur verið ráð fyrir að Atlantsál-aðilarnir fjármagni álverið á verkefnisgrundvelli (Project Financing) og að bankastofnanir sem veiti lán til verkefnisins muni gera kröfu til að Atlantsál-aðilarnir geri bindandi samning við Atlantsál-álverið um bræðslu á tilteknu lágmarksmagni af áli á ári. Ef Landsvirkjun fær hlutdeild í slíkri ábyrgð vegna bræðslu á málmi hjá Atlantsáli er talið að vel sé fyrir ábyrgðarþörf fyrirtækisins séð.

3.2.3 Aðild Íslendinga að stjórn Atlantsáls.

Gert er ráð fyrir að iðnaðarráðherra tilnefni a.m.k. tvo menn í stjórn nýs álvers með áheyrnar- og tillögurétti. Atlantsál-aðilarnir hafa lagt til að settar verði almennar reglur um löghæfi stjórnarmanna og tryggt sé að ekki verði um hagsmunaárekstur að ræða, sem er eðlilegt sjónarmið.

3.2.4 Iðnþróun og tækniþekking.

Í aðalsamningi hefur verið gert ráð fyrir ákvæðum er varða frekari úrvinnslu áls hér á landi og þátt Atlantsál-aðilanna í uppbyggingu tækniþekkingar og iðnþróun hér á landi. Ákvæðin eru í samræmi við ákvæði yfirlýsingar OECD um alþjóðlegar fjárfestingar frá 21. júní 1976 og viðmiðunarreglur OECD fyrir fjölþjóðafyrirtæki, með áorðnum breytingum. Í viðræðunum hefur verið lögð áhersla á þessar viðmiðunarreglur. Yfirlýsingin og viðmiðunarreglurnar eru fylgiskjöl nr. IV og V með skýrslu þessari á ensku ásamt íslenskri þýðingu. Í viðræðunum hefur verið lögð áhersla á þessar viðmiðunarreglur. Þá hefur verið lögð áhersla á að tryggja íslenskum aðilum rétt til að taka þátt í framkvæmdum við nýtt álver. Viðmiðunarreglurnar fjalla um nokkur mikilvæg atriði sem fjölþjóðafyrirtækjum ber að fara eftir. Auk þeirra atriða, sem nefnd hafa verið, má nefna:

- Að taka tillit til viðurkenndrar stefnu aðildarríkjanna sem þau starfa í hvað varðar efnahagslegar og þjóðfélagslegar framfarir, þar með talið iðnaðar- og byggðaþróun, umhverfisvernd og hagsmuni neytenda, fjölgun starfstækifæra, eflingu nýjunga og tilfærslu tækniþekkingar.
- Að birta upplýsingar um heildarstarfsemi fyrirtækjanna.
- Að virða reglur um samkeppni og misnota ekki ráðandi markaðsstöðu.
- Að taka tillit til viðurkenndrar stefnu landanna varðandi greiðslujöfnuð og lánastefnu.

- Að haga viðskiptum sínum þannig að það samræmist mælikvarða um viðskipti milli óskyldra aðila sérstaklega með tilliti til skattgreiðslna.
- Að virða venjur um samskipti aðila vinnumarkaðarins í löndum sem þau starfa í.
- Að forðast öll óeðlileg afskipti af staðbundinni stjórnmálastarfsemi.

3.2.5 Gildistími samningsins.

Af Íslands hálfu hefur verið lagt til að gildistími aðalsamningsins verði 25 ár frá því að full framleiðsla hefst. Þá hefur verið lagt til að ekki verði í samningnum framlengingarákvæði og að Atlantsál-álverið verði að loknum samningstíma að öllu leyti háð íslenskum lögum. Sérstakar undanþágur frá gildandi lögum, svo sem vegna meirihlutaeignar erlendra aðila og þess háttar, eru eðli sínu samkvæmt ótímabundnar. Atlantsál-aðilarnir hafa óskað eftir nokkru lengri samningstíma og heimild til framlengingar samningsákvæða.

3.3 Nánar um skattlagningu Atlantsáls.

Viðræður um skattlagningu nýrrar álbræðslu hafa fram til þessa aðallega beinst að tveimur skattlagningaraðferðum. Önnur aðferðin byggir á hugmyndum um einn fastan skatt eða framleiðslugjald sem Atlantsál-aðilarnir sóttust eftir í upphafi viðræðna um skattamálin. Hin aðferðin er að miða skattlagninguna við íslensk skattalög með þeirri aðlögun sem eðlileg er með tilliti til sérstöðu og stærðar fyrirtækisins og þess að það sé rekið sem bræðslusamlag.

Lögð hefur verið mikil áhersla á það af Íslands hálfu að skattlagning Atlantsáls verði í meginatriðum í samræmi við íslensk skattalög og miðast viðræður við Atlantsál-aðilana við það. Helstu atriðin, sem rædd hafa verið, eru:

- Gert er ráð fyrir að Atlantsál greiði öll launatengd gjöld og önnur gjöld sem tengjast starfsmönnum og atvinnurekendur almennt greiða.

- Gert er ráð fyrir að Atlantsál greiði aðstöðugjöld og önnur þau gjöld er leggjast á aðstöðugjaldsstofn í einu umsömdu gjaldi.

- Gert er ráð fyrir sérsamningi um álagningu fasteignagjalda og nokkur minni háttar gjöld sem ekki eiga við með sama hætti um álver og byggingar sem eru í þéttbýli, m.a. gatnagerðargjald, byggingarleyfisgjald og skipulagsgjald til ríkissjóðs.

- Gert er ráð fyrir sérstöku fyrirkomulagi varðandi útreikning og greiðslu tekjuskatts og eignarskatts til ríkissjóðs.

Þær undantekningar sem rætt er um helgast af sérstöðu fyrirtækisins og þeirri miklu fjárfestingu sem í því liggur. Hins vegar er gert ráð fyrir að álagning skatta og eftirlit með skattgreiðslum verði í höndum íslenskra skattyfirvalda. Gengið hefur verið út frá því að álverið verði rekið sem bræðslusamlag (tolling smelter) þannig að það bræði ál úr súráli gegn gjaldi fyrir bræðsluna án þess að fyrirtækið verði eigandi súrálsins eða hráálsins. Álverið yrði rekið á kostnaðargrundvelli og því verður að semja um viðmiðanir til tekjuskatts sérstaklega. Bókfærð velta bræðslusamlagsins er því minni en sambærilegs sjálfstætt rekins álvers sem m.a. nemur innkaupsverði súráls, en það er um þriðjungur af rekstrarkostnaði. Skattar, sem leggjast á aðstöðugjaldsstofn, leggjast á veltu bræðslusamlagsins og er stofninn lægri sem því nemur.

Atlantsál-aðilarnir hafa óskað eftir því, að skattar sem nú eru í gildi og leggjast mundu á álverið, verði skráðir í aðalsamninginn og samið um að aðrir skattar verði ekki lagðir á. Af Íslands hálfu hefur verið lagt til að aðeins verði samið um tiltekin frávik frá íslenskum

skattalögum en fyrirtækið verði almennt háð skattlagningarvaldi íslenskra yfirvalda. Á þessu er grundvallarmunur og er enn ekki samkomulag um þetta atriði. Hugsanleg lausn gæti verið að ákvæði verði í aðalsamningi sem verndi Atlantsál-aðilana fyrir því að lagðir verði á skattar sem beindust sérstaklega að fyrirtækinu; svokölluð „non discrimination clause".

3.4 Rafmagnssamningur.

Gert er ráð fyrir langtímasamningi um sölu á rúmlega 2800 gwst. af raforku og er gerð nánari grein fyrir ákvæðum hans í 4.3 hér á eftir. Atlantsál-aðilunum hefur verið gerð grein fyrir því, að til þess að Landsvirkjun geti staðið við afhendingu orku á árinu 1994, verði að leggja í ákveðnar framkvæmdir þegar á þessu ári. Fram hefur komið af hálfu Alumax að það fyrirtæki hefur aldrei fyrr gert samning um orkukaup fyrir álbræðslu án þess að orkuver hafi þegar verið byggð.

3.5 Lóðar- og hafnarsamningur.

Gert hefur verið ráð fyrir að Atlantsál-álverið geri samning við hlutaðeigandi sveitarfélög um hafnar- og lóðaraðstöðu fyrir nýtt álver. Í því sambandi hefur verið gengið út frá því, að samið yrði sérstaklega um hafnargjöld, er staðið gætu undir endurgreiðslu kostnaðar vegna hafnargerðar. Við það hefur verið miðað að ríkið eða hlutaðeigandi sveitarfélög ættu landið, sem álverið yrði byggt á, en leigðu álverinu afnot þess til langs tíma, svo sem venjulegast er hér á landi.

3.6 Samningar um umhverfismál.

Atlantsál-aðilarnir hafa lagt mikla áherslu á að samningur um meginskilmála varðandi útblástur frá álverinu og aðrar mengunarvarnir verði undirritaður samhliða undirritun aðalsamnings um nýtt álver. Þeir hafa tekið skýrt fram að félögin geti ekki hafið framkvæmdir við nýtt álver nema slíkt samkomulag liggi fyrir. Unnið er að rannsóknum á umhverfisáhrifum álvers á þeim stöðum, sem helst þykja koma til greina, og er gerð grein fyrir þeim hér á eftir. Á grundvelli niðurstaðna rannsókna verður hægt að ákveða mengunarvarnir og skilmála.

3.7 Samkomulag milli Atlantsál-aðilanna um eignarhald, rekstur og fjármögnun.

Gert er ráð fyrir að Atlantsál-aðilarnir geri ítarlega samninga sín á milli um eignarhald, rekstur og fjármögnun álversins. Í því sambandi hefur verið gert ráð fyrir að Alumax annist stjórnun hins nýja álvers. Þá verða Atlantsál-aðilarnir að semja sín á milli og við lánastofnanir um fjármögnun fyrirtækisins, en stefnt er að því að álverið verði fjármagnað á verkefnisgrundvelli (Project Financed) með 20–25% eigin fé og að stofnlán verði tryggð með hlutdeild í bindandi málmbræðslusamningum milli Atlantsál-aðilanna og Atlantsál-álversins.

4. ORKUMÁL

4.1 Orkuþörf.

Í yfirlýsingu um ásetning um að ljúka samningum um Atlantsál-álverið er miðað við að reist verði álbræðsla með framleiðslugetu sem nemur 200.000 tonnum á ári. Jafnframt er stefnt að því að álverið geti hafið rekstur árið 1994. Áætlað er að raforkuþörf álversins, að meðtöldum orkutöpum við flutning orkunnar til iðjuversins, verði um 2.970 gwst. á ári og aflþörfin 355 mw.

Fyrsta heila starfsár álversins, 1995, er áætlað að raforkuþörf núverandi orkumarkaðar, ásamt Atlantsál-álverinu, verði um 7.360 gwst.

4.2 Framkvæmdir í raforkukerfinu.

Orkugeta raforkukerfisins er nú áætluð um 4.370 gwst. á ári og orkugeta Blönduvirkjunar, sem hefur orkuvinnslu á næsta ári, er áætluð um 610 gwst. á ári. Til þess að mæta raforkuþörfinni árið 1995 þarf því að ráðast í virkjanaframkvæmdir sem auka orkugetu raforkukerfisins um 2.380 gwst. á ári.

Gerðir hafa verið ítarlegir útreikningar á því hvernig hagkvæmast verður að afla orkunnar. Samkvæmt þeim verður hagkvæmast að ráðast í eftirtaldar framkvæmdir:

1. Fljótsdalsvirkjun.
2. Stækkun Búrfellsvirkjunar, ásamt lokaáfanga Kvíslaveitu, og stækkun miðlunar í Þórisvatni.
3. Stækkun Blöndulóns.
4. Fyrsta áfanga Nesjavallavirkjunar.
5. Stækkun Kröfluvirkjunar.

Afl ofangreindra virkjana er um 400 mw. og orkugetan 2.350 til 2.460 gwst. á ári eftir því hvort samningar takast um að stækka miðlunarlón Blönduvirkjunar, sbr. ákvæði þingsályktunar um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu frá árinu 1982.

Auk framkvæmda við virkjanir þarf að ráðast í miklar framkvæmdir vegna flutnings orkunnar milli virkjana og álvers. Aðeins lítill hluti þeirra framkvæmda er háður staðsetningu Atlantsál-álversins. Dýrastar verða flutningslínur milli Hrauneyjafossvirkjunar og Akureyrar annars vegar og Fljótsdals og Akureyrar hins vegar.

Samtals er áætlað að fjárfesting í raforkukerfinu á tímabilinu 1990 til 1995 verði rúmlega 31 milljarður króna (meðalverðlag 1989, án vaxta á byggingartíma) verði ráðist í þessar framkvæmdir. Mannaflaþörf er um 2.900 ársverk. Ef ekki yrði af byggingu Atlantsál-álversins er áætlað að fjárfestingar í raforkukerfinu mundu nema tæplega 5 milljörðum króna og mannaflaþörfin verði tæplega 500 ársverk þessi sex ár.

Í athugasemdum við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, o.fl., sem lagt hefur verið fram á Alþingi (þingskjal 921), er ítarleg grein gerð fyrir orkumálum Atlantsál-álversins.

4.3 Rafmagnssamningur.

Gert er ráð fyrir langtímasamningi milli Landsvirkjunar og Atlantsáls um sölu á um 2.800 gwst. af raforku sem í meginatriðum yrði þannig, frá sjónarmiði Íslendinga:

a. Heildartekjur af orkusölu til álversins gerðu gott betur en standa undir flýtingarkostnaði vegna virkjana.
b. Orkuverð yrði tengt verði á áli.
c. Veittur yrði afsláttur á orkuverði fyrstu starfsárin.

Af viðskiptalegum ástæðum er ekki fært að gera opinberlega grein fyrir hugmyndum um orkuverð á þessu stigi, enda eru þær ekki fullmótaðar.

5. STAÐSETNING ATLANTSÁL-ÁLVERSINS

Á árunum 1981 og 1982 gerði staðarvalsnefnd iðnaðarráðuneytisins athuganir á tíu stöðum þar sem til greina þótti koma að reisa og reka álver. Á grundvelli þessara frumathugana var síðan ákveðið að kanna nánar á vegum staðarvalsnefndar hugsanlega staðsetningu nýs álvers á eftirtöldum sex stöðum: Dysnesi í Arnarneshreppi, Geldinganesi við Reykjavík, Helguvík við Keflavík, Vatnsleysuvík á Vatnsleysuströnd, Vogastapa við Njarðvík og Þorlákshöfn.

Frá niðurstöðum var skýrt í skýrslu staðarvalsnefndar sem birtist árið 1986. Atlantsál-aðilunum hafa að undanförnu verið kynntir þeir staðir sem helst hafa þótt koma til greina fyrir nýtt álver, en þeir eru, auk ofangreindra staða, Grundartangi við Hvalfjörð, Reyðarfjörður og Straumsvík. Á grundvelli kynningar og viðræðna við Atlantsál-aðilana hefur verið ákveðið að gera samanburð á stofn- og rekstrarkostnaði álvers á eftirtöldum fjórum svæðum á landinu: við Eyjafjörð, við Hvalfjörð, við Reyðarfjörð og á Reykjanesi (frá Straumsvík að Þorlákshöfn).

Kostnaðaráætlun Bechtel/Lavalin um 185.000 tonna álver miðaðist við staðsetningu í Kapelluhrauni við Straumsvík, skammt sunnan við ÍSAL. Margt bendir nú til þess, að staðsetning 200.000 tonna álvers við Straumsvík gæti verið heppilegri í hrauninu vestan við víkina, í landi Óttarsstaða, nokkru fjær íbúðabyggð í Hafnarfirði. Loftmengun í Hafnarfirði af völdum Atlantsál-álversins, staðsettu þar, yrði minni. Lauslegur samanburður bendir til þess að kostnaður við lóð og gerð hafnarbakka við vestanverða víkina sé litlu hærri en í Kapelluhrauni.

Í Eyjafirði hefur einkum þótt koma til greina að staðsetja álver við Dysnes í Arnarneshreppi. Almenna verkfræðistofan hf. hefur gert lauslega könnun á kostnaði við lóð fyrir 200.000 tonna álver og er sá kostnaður talinn vera svipaður og í Straumsvík vestanverðri. Hafnaraðstaða er þó kostnaðarsamari við Dysnes.

Í Reyðarfirði hafa einkum þrír staðir þótt koma til greina fyrir álver: við Sómastaðagerði, við Eyri og á Leirum í botni Reyðarfjarðar. Hönnun og ráðgjöf hf. á Reyðarfirði hefur gert lauslegan kostnaðarsamanburð á lóðar- og hafnargerð fyrir 200.000 tonna álver og er hann talinn lægri en við Dysnes og Straumsvík. Unnið er að svipuðum athugunum við Hvalfjörð og á Reykjanesi (Keilisnes, Vogastapi og Þorlákshöfn).

Samanburðarathuganir munu einnig ná til annarra þátta en að ofan greinir, svo sem efnisflutninga, launa og flutnings á verkafólki, reksturs vinnubúða, kostnaðar við birgðarými og uppskipunartæki og áhrifa veðurs á framkvæmdir. Auk þess hefur verið gerð lausleg athugun á kostnaði við hafnargerð og orkuflutning.

Í iðnaðarráðuneytinu hefur verið lögð áhersla á það að tryggja að fullnægjandi kröfur um mengunarvarnir og umhverfisvernd verði gerðar í nýju álveri sem hér kynni að verða byggt.

Norsk institutt for luftforskning (NILU) er að gera dreifingarspár um loftmengun frá nýju álveri. Í fyrsta lagi er verið að gera dreifingarspá miðað við staðsetningu í Straumsvík, miðað við útblástur frá ÍSAL og Atlantsál-álveri, sem staðsett yrði annaðhvort í Kapelluhrauni eða í landi Óttarsstaða við vestanverða Straumsvík. Í öðru lagi er miðað við að álverið verði reist við Dysnes við Eyjafjörð og loks í þriðja lagi miðað við að það verði reist við Sómastaðagerði við Reyðarfjörð. Sams konar athuganir verða gerðar við Hvalfjörð og á Reykjanesi, þar með talin Þorlákshöfn, eftir því sem ástæða er til. Í því sambandi má minna á að NILU gerði spá um dreifingu á loftmengun frá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga áður en verksmiðjan hóf rekstur. Jafnframt gerði NILU athugun á loftgæðum og veðurfari í því sambandi. Loftgæðaathugunum var haldið áfram í um sex mánaða skeið eftir að verksmiðjan tók til starfa.

Á árunum 1983–1985 voru gerðar ýmsar athuganir á náttúrufari og minjum við vestanverðan Eyjafjörð. Jafnframt voru framkvæmdar veðurfarsmælingar og gerð dreifingarspá fyrir flúor og brennisteinstvíildi frá 130.000 tonna álveri. Á grundvelli þeirrar spár voru metin líkleg áhrif flúors á gróður og búfé.

Í tengslum við undirbúning vegna kísilmálmverksmiðjunnar sem fyrirhugað var að reisa við Reyðarfjörð, voru gerðar athuganir á loftgæðum og veðurfari í því sambandi.

Í mengunarreglugerð eru m.a. kröfur um loftgæði, sem eru mjög strangar varðandi brennisteinstvíildi, hins vegar eru þar ekki kröfur hvað varðar flúor. Hugsanlegt er að á grundvelli reglugerðarinnar verði krafist mismunandi mengunarvarna, eftir því hvar álverið verður staðsett. Slíkt mun m.a. ráðast af dreifingarspám um loftmengun sem gerð var grein fyrir hér að framan.

Atlantsál-hópurinn mun væntanlega ganga frá skýrslu um umhverfismál álversins í lok rannsóknatímabilsins, þar sem gerð verður grein fyrir öllum rannsóknaniðurstöðum og mengunarvörnum.

Byggðastofnun er að meta áhrif þess, að reist verði nýtt álver með 200 þúsund tonna framleiðslugetu á ári, á búsetu og vinnumarkað, miðað við að það verði staðsett við Eyjafjörð, við Hvalfjörð, við Reyðarfjörð og á Reykjanesi (við Straumsvík, á Suðurnesjum og við Þorlákshöfn). Í fylgiskjali nr. IV með frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, o.fl., sem lagt hefur verið fram á Alþingi (þingskjal 921), er greinargerð stofnunarinnar miðað við staðsetningu við Eyjafjörð, við Reyðarfjörð og við Straumsvík.

Staðsetning verður ákveðin að loknum framangreindum samanburðar- og kostnaðarathugunum og er að því stefnt að taka ákvörðun í byrjun júní. Staðarvalið er hluti af heildarsamningum um álverið. Ríkisstjórnin samþykkti sérstaka ályktun um málið og fer hún hér á eftir:

„Í framhaldi af viðræðum við Atlantsál-aðilana og undirritun yfirlýsingar um byggingu nýs álvers, dags. 13. mars síðastliðinn, og vegna umræðu sem fram hefur farið í landinu um staðarval fyrir nýtt álver, lýsir ríkisstjórnin því yfir að af hennar hálfu verður lögð rík áhersla á að staðarvalið stuðli að jafnvægi í atvinnu- og byggðarþróun auk þess sem tekið verði tillit til arðsemis- og umhverfissjónarmiða."

Atlantsál-aðilarnir hafa í sambandi við val á staðsetningu óskað eftir svörum við ákveðnum atriðum frá sveitarfélögum þar sem nýtt álver kynni að verða staðsett. Í því sambandi hafa fyrirtækin ritað nokkrum sveitarfélögum bréf. Samkomulag varð um það við Atlantsál-fyrirtækin þrjú að iðnaðarráðuneytið framsendi bréfin og gerði jafnframt grein fyrir meginforsendum skattlagningar og atriðum er varða höfn, lóð og umhverfisáhrif. Bréfin hafa nú verið send og svör sveitarfélaganna, sem væntanleg eru um miðjan maí, munu væntanlega skýra enn frekar atriði er áhrif hafa á staðsetningu álversins.

6. LOKAORÐ

Eins og ljóst má vera eru ýmis atriði samninga enn ófrágengin og með tilkomu nýs aðila þarf að fara að nýju yfir þau atriði sem þegar höfðu verið rædd. Þegar niðurstaða hefur fengist í öllum meginatriðum samninganna og ákvörðun um staðsetningu verksmiðjunnar liggur fyrir, verður hægt að leggja lokamat á hagkvæmni hennar, en það, ásamt því hvernig verksmiðjan fellur að langtímastefnumörkun fyrirtækjanna, mun verða grundvöllur að endanlegri ákvörðun stjórna fyrirtækjanna um þátttöku í byggingu hennar. Hafa ber í huga, að víðar en á Íslandi er unnið að því að stofna ný álver og hefur þeim fyrirtækjum, sem hér eru í viðræðum, verið boðin þátttaka í nokkrum þeirra.

Náist samkomulag í þeim samningaviðræðum, sem nú eru hafnar, og verði lokamat aðilanna jákvætt, fer undirritun samninga væntanlega fram seint á þessu ári eða í byrjun þess næsta.

Fylgiskjal I.

Beiðni á þingskjali 636 um skýrslu frá iðnaðarráðherra um nýtt álver.
(112. löggjafarþing 1989–90.)

Með vísan til 30. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að iðnaðarráðherra flytji Alþingi skýrslu um fyrirhugaða byggingu nýs álvers.

Í skýrslunni verði m.a. eftirtöldum spurningum svarað:

1. Hvenær er gert ráð fyrir að frumvarp um heimild til að semja við erlend álfyrirtæki um byggingu Atlantal-álversins verði lagt fram?
2. Hvert verður meginefni frumvarpsins?
3. Hefur ríkisstjórnin mótað afstöðu sína til einstakra atriða málsins, svo sem eignarhalds, orkuverðs o.fl.?
4. Hefur ríkisstjórnin tekið ákvörðun um staðsetningu álversins?

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis fljótlega eftir að henni hefur verið dreift meðal þingmanna.

Alþingi, 19. febr. 1990.

Friðrik Sophusson.	Þorsteinn Pálsson.	Birgir Ísl. Gunnarsson.
Geir H. Haarde.	Salome Þorkelsdóttir.	Ragnhildur Helgadóttir.
Ey. Kon. Jónsson.	Guðmundur H. Garðarsson.	Ólafur G. Einarsson.
	Matthías Á. Mathiesen.	

Greinargerð.

Allt til síðustu áramóta fóru fram viðræður milli nokkurra erlendra álfyrirtækja um byggingu álvers í Straumsvík. Alusuisse ákvað að draga sig út úr viðræðunum sem byggðust á Atlantal-samningnum við iðnaðarráðuneytið frá 4. júlí 1988. Í staðinn hefur Alumax staðfest aðild sína að Atlantal-hópnum.

Iðnaðarráðherra hefur lýst því yfir að hann muni leggja fram frumvarp um nýtt álver á yfirstandandi þingi. Umræður hafa orðið um mismunandi staðsetningu nýs álvers að undanförnu. Ágreiningur var í liði ríkisstjórnarinnar um nýtt álver þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar var mynduð haustið 1988. Nauðsynlegt er að iðnaðarráðherra geri sem fyrst grein fyrir stöðu málsins og áformum ríkisstjórnarinnar.

Fylgiskjal II.

Yfirlýsing iðnaðarráðherra og Atlantsál-aðilanna um ásetning að ljúka samningum um Atlantsál-álverið.

YFIRLÝSING gerð hinn 13. mars 1990 í Reykjavík

milli

Ríkisstjórnar Íslands ("ríkisstjórnin") sem iðnaðarráðherra kemur fram fyrir

og

Alumax Inc. ("Alumax"), sem er fyrirtæki starfrækt samkvæmt lögum Delawarefylkis í Bandaríkjunum

og

Gränges AB ("Gränges"), sem er fyrirtæki starfrækt samkvæmt sænskum lögum

og

Hoogovens Aluminium BV ("Hoogovens"), sem er fyrirtæki starfrækt samkvæmt hollenskum lögum,

sem eru stundum sameiginlega nefndir "aðilarnir".

- Með því að ríkisstjórnin hefur áhuga á að stuðla að orkufrekum iðnaði á Íslandi, sem nýtir vatnsaflsorku- og jarðvarmaorkulindir landsins, en ríkisstjórnin hefur í ljósi þessa leitast við að leiða saman áhugasama aðila úr áliðnaðinum um verkefni sem fela í sér aukningu á hráálsframleiðslu á Íslandi;

- Með því að ríkisstjórnin hyggst leggja fyrir tillögu um nýtingu innlendra orkulinda til atvinnuuppbyggingar og frumvarp til heimildarlaga varðandi ákveðnar virkjanir;

- Með því að Alumax, Gränges og Hoogovens (hér á eftir stundum sameiginlega nefndir "þátttakendurnir") hafa áhuga á að renna fleiri stoðum undir hráálsöflun sína með því að reisa álver á Íslandi, einkum í ljósi fyrrgreindra orkuauðlinda landsins;

- Með því að aðilarnir hafa rætt ítarlega um að þátttakendur stofnuðu íslenskt félag sem nefnt yrði ATLANTAL álfélagið h.f. ("félagið") og hefði þann tilgang að reisa og reka verksmiðju á Íslandi til framleiðslu á hrááli með bræðslu á súráli ("álbræðslan");

- Með því að Bechtel hefur lagt fram skýrslu um hagkvæmniathugun nýs álvers þar sem gerð er áætlun um stofnkostnað álvers með 185.000 árstonna framleiðslugetu;

- Með því að aðilarnir hafa, sem liður í áðurgreindum viðræðum, skipst á skoðunum um lagaleg atriði varðandi álverið og álíta að gera þurfi eftirfarandi samninga á grundvelli heimildarlaga um nýtt álver:

  - Aðalsamning milli þátttakendanna, félagsins og ríkisstjórnarinnar,
  - orkusamning milli félagsins og Landsvirkjunar,
  - lóðar- og hafnarsamning milli hlutaðeigandi sveitarfélags og félagsins, og
  - samkomulag varðandi umhverfismál milli ríkisstjórnarinnar og félagsins;

- Með því að þátttakendurnir þurfa, til viðbótar þeim samningum sem gera þarf á grundvelli heimildarlaganna, að gera gagnkvæma samninga um eignarhald og rekstur álbræðslunnar og ennfremur að afla viðhlítandi loforða frá lánastofnunum sem reiðubúnar eru að fjármagna skuldbindingar einstakra þátttakenda vegna álversins.

Lýsa aðilarnir yfir eftirfarandi:

1. Álbræðslan.

Aðilarnir hafa ákveðið að ljúka samningaumleitunum um álver með framleiðslugetu sem nemur 200.000 tonnum á ári. Stefnt er að því að álbræðslan hefji rekstur árið 1994. Álbræðslan verður byggð á nýjustu tækni við framleiðslu og steypu á áli og í mengunarvörnum.

Bráðabirgðaskipting þeirra hlutabréfa sem hver þátttakendanna á rétt á að skrá sig fyrir í félaginu er sem hér segir:

- Alumax 30 - 40%
- Gränges 25 - 35%
- Hoogovens Aluminium 25 - 35%

Hlutföll þau sem tilgreind eru hér að framan skulu jafnframt gefa til kynna rétt hvers þátttakanda til sama hlutfalls af hinni áætluðu framleiðslu álbræðslunnar.

2. Lyktir samninga.

2.1 Samningaumleitanir í góðri trú.

Aðilarnir skulu af kostgæfni og í góðri trú halda samningaumleitunum áfram í þeim ótvíræða ásetningi að leysa öll óútkljáð atriði og að ná samkomulagi allra aðila um, svo og að ljúka og undirrita eins fljótt og auðið er, endanlega skriflega samninga ("endanlegir samningar") um álverið í samræmi við inngangsorð þessarar yfirlýsingar.

2.2 Samþykki löggjafans.

Ekki verður ritað undir endanlega samninga nema Alþingi Íslendinga hafi áður samþykkt frumvarp til heimildarlaga um álverið og tengda löggjöf.

2.3 Samþykki stjórna.

Ekki verður ritað undir endanlega samninga nema stjórnir þátttakendanna eða stjórn móðurfélags og/eða eftirlitsstjórn hvers þeirra um sig, eftir því sem við á, hafi áður veitt samþykki sitt.

2.4 Tímasetningar varðandi ákvarðanir.

Aðilarnir munu leitast við að inna af hendi þá vinnu sem tengist því sem að framan er lýst með sem skjótustum hætti og í samræmi við eftirfarandi:

- Aðilarnir stefna að því að taka ákvörðun um staðsetningu álversins fyrir lok maí 1990.

- Aðilarnir skulu leitast við að ljúka samningum um álverið fyrir 20. september 1990.

- Iðnaðarráðherra mun leggja fyrir Alþingi frumvarp til heimildarlaga um álverið, með það að markmiði að afla samþykkis Alþingis fyrir lok desember 1990.

- Fyrirtækin munu afla samþykkis stjórna þátttakendanna eða stjórnar móðurfélags og/eða eftirlitsstjórnar hvers þeirra um sig fyrir lok desember 1990 eða í síðasta lagi á fyrsta reglulega stjórnarfundi á árinu 1991.

- Þátttakendurnir munu eftir að samþykkis hefur verið aflað þá þegar í stað undirrita hina endanlegu samninga og stofna félagið.

Framangreindu til staðfestingar hafa aðilarnir undirritað þessa yfirlýsingu á þeim stað og þeim degi sem í upphafi greinir.

Heimilisföng:

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands

- Iðnaðarráðuneytið
  Arnarhvoli
  150 Reykjavík
  Ísland
  Jón Sigurðsson
  Iðnaðarráðherra

Fyrir hönd þátttakendanna:

- Alumax
  5655 Peachtree Parkway
  Norcross
  GA 30092-2812
  USA
  Paul E. Drack, forstjóri

- Gränges AB
  Box 550
  S-182 15 Danderyd
  Stokkhólmi
  Svíþjóð
  Per-Olof Aronson, forstjóri

- Hoogovens Aluminium
  Uilenstede 475
  1183 AG Amstelveen
  Hollandi
  Max Koker, stjórnarmaður

Fylgiskjal III.

Beiðni Eiríks Tómassonar hrl. til firmaskrár um skráningu Atlantsáls.

Tilkynning til firmaskrár.
(11. apríl 1990.)

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur að Alumax Inc., Norcross, Georgíufylki, Bandaríkjunum, Gränges AB, Danderyd, Svíþjóð og Hoogovens Aluminium BV, Amstelveen, Hollandi, hafa stofnað einkafyrirtæki til þess að undirbúa rekstur álvers hér á landi undir firmaheitinu „Atlantsál“ á ensku „Atlantal“.

Fylgiskjal IV.

Yfirlýsing OECD um alþjóðlegar fjárfestingar og fjölþjóðafyrirtæki.
(21. júní 1976.)

Ríkisstjórnir aðildarríkja OECD

með það í huga

— að alþjóðlegar fjárfestingar hafa öðlast aukið mikilvægi í alþjóðaefnahagslífi og hafa stuðlað verulega að framförum í löndum þeirra;
— að fjölþjóðafyrirtæki haf mikilvægu hlutverki að gegna í þessu fjárfestingarferli;
— að samvinna aðildarríkjanna getur bætt aðstæður til fjárfestinga erlendis, eflt þau jákvæðu áhrif, sem fjölþjóðafyrirtæki geta haft á efnahags- og þjóðfélagsframfarir, og minnkað og leyst vandamál sem upp geta komið vegna starfsemi þeirra;
— að enda þótt áframhaldandi viðleitni innan OECD geti leitt til frekara alþjóðasamstarfs og samninga á þessu sviði, virðist það við hæfi á þessu stigi að efla samvinnu þeirra og samráð um málefni sem lúta að alþjóðlegum fjárfestingum og fjölþjóðafyrirtækjum með samtengdum aðgerðum sem hver fyrir sig tekur til mismunandi þátta málsins og mynda sameiginlega þann ramma sem OECD mun fjalla um þessi málefni í:

lýsa því yfir:

Viðmiðunarreglur fyrir fjölþjóðafyrirtæki.

I. Að þær í sameiningu mæla með því við fyrirtæki sem starfa á þeirra svæði að hlíta þessum viðmiðunarreglum eins og þær eru í fylgiskjalinu sem fylgir hér með, í ljósi þeirra sjónarmiða og forsendna sem eru inngangur að viðmiðunarreglunum og óaðskiljanlegur hluti þeirra.

Ríkismeðferð.

II. 1. Að aðildarríki eigi, með hliðsjón af þörf þeirra á að viðhalda allsherjarreglu, að vernda grundvallaröryggishagsmuni og að uppfylla skuldbindingar sem tengjast heimsfriði og öryggi, að veita fyrirtækjum sem starfa á þeirra svæði og eru í eigu eða er stjórnað beint eða óbeint af ríkisborgurum annars aðildarríkis (hér eftir nefnd „fyrirtæki undir erlendri stjórn") meðhöndlun samkvæmt lögum, reglum og stjórnvaldshefðum, er sé í samræmi við alþjóðalög og ekki óhagstæðari en sú sem innlend fyrirtæki njóta við sambærilegar aðstæður (hér eftir nefnd „ríkismeðferð");
2. að aðildarríki muni íhuga að veita „ríkismeðferð" gagnvert ríkjum sem ekki eru aðilar að OECD;
3. að aðildarríki kappkosti að tryggja að landfræðileg stjórnsvæði innan þeirra veiti „ríkismeðferð";
4. að þessi yfirlýsing taki ekki til réttar aðildarríkja til að hafa stjórn á erlendum fjárfestingum eða setja skilyrði fyrir stofnun erlendra fyrirtækja.

Hvatningar og hindranir í alþjóðafjárfestingum.

III. 1. Að þær viðurkenni þörfina á að styrkja samvinnu þeirra á sviði alþjóðlegra beinna fjárfestinga;
2. að þær viðurkenni þannig þörfina á að taka eðlilegt tillit til hagsmuna aðildarríkja sem verða fyrir áhrifum sérstakra laga, reglugerða og stjórnvaldsaðgerða á þessu sviði (hér eftir nefnt „aðgerðir“) sem fela í sér opinbera hvata og hindranir gagnvart beinum alþjóðlegum fjárfestingum;
3. að aðildarríki muni leggja sig fram um að gera slíkar aðgerðir eins augljósar og hægt er, þannig að ganga megi úr skugga um mikilvægi þeirra og tilgang og að upplýsingar um þær séu aðgengilegar.

Framgangsmáti við samráð.

IV. Að þau séu reiðubúin til að ráðfæra sig hvert við annað varðandi ofangreind atriði í samræmi við ákvarðanir ráðsins um viðmiðunarreglur fyrir fjölþjóðafyrirtæki, um ríkismeðferð og um hvata að og hindranir gegn alþjóðlegum fjárfestingum.

Endurskoðun.

V. Að þau muni endurskoða ofangreind atriði innan þriggja ára í þeim tilgangi að bæta áhrifamátt alþjóðlegrar efnahagssamvinnu meðal aðildarríkjanna í málefnum er lúta að alþjóðlegum fjárfestingum og fjölþjóðafyrirtækjum.

The OECD Declaration on International Investment and Multinational Enterprises.
(21st June 1976.)

The Governments of OECD Member Countries

Considering

— That international investment has assumed increased importance in the economy and has considerably contributed to the development of their countries;
— That multinational enterprises play an important role in this investment process;
— That co-operation by Member countries can improve the foreign investment climate, encourage the positive contribution which multinational enterprises can make to economic and social progress, and minimise and resolve difficulties which may arise from their various operations;
— That, while continuing endeavours within the OECD may lead for further international arrangements and agreements in this field, it seems appropriate at this stage to intensify their co-operation and consultation on issues relating to international investment and multinational enterprises through inter-related instruments each of which deals with a different aspect of the matter and together constitute a framework within which the OECD will consider these issues:

Declare:

Guidelines for Multinational Enterprises.

I. That they jointly recommend to multinational enterprises operating in their territories the observance of the Guidelines as set forth in the Annex hereto having regard to the considerations and understandings which introduce the Guidelines and are an integral part of them;

National Treatment.

II. 1. That Member countries should, consistent with their needs to maintain public order, to protect their essential security interests and to fulfil commitments relating to international peace and security, accord to enterprises operating in their territories and owned or controlled directly or indirectly by nationals of another Member country (hereinafter referred to as „Foreign-Controlled Enterprises") treatment under their laws, regulations and administrative practices, consistent with international law and no less favourable than that accorded in like situations to domestic enterprises (hereinafter referred to as „National Treatment");
2. That Member countries will consider applying „National Treatment" in respect of countries other than Member countries;
3. That Member countries will endeavour to ensure that their territorial subdivisions apply „National treatment";

4. That this Declaration does not deal with the right of Member countries to regulate the entry of foreign investment or the conditions of establishment of foreign enterprises;

International Investment Incentives and Disincentives.

III. 1. That they recognise the need to strengthen their co-operation in the field of international direct investment;

2. That they thus recognise the need to give due weight to the interests of Member countries affected by specific laws, regulations and administrative practices in this field (hereinafter called „measures") providing official incentives and disincentives to international direct investment;

3. That Member countries will endeavour to make such measures as transparent as possible, so that their importance and purpose can be ascertained and that information on them can be readily available;

Consultation Procedures.

IV. That they are prepared to consult one another on the above matters in conformity with the Decisions of the Council on the Guidelines for Multinational Enterprises, on National Treatment and on International Investment Incentives and Disincentives;

Review

V. That they will review the above matters within three years with a view to improving the effectiveness of international economic co-operation among Member countries in issues relating to international investment and multinational enterprises.

Fylgiskjal V.

Viðmiðunarreglur fyrir fjölþjóðafyrirtæki.

Fylgiskjal með yfirlýsingu ríkisstjórna aðildarríkja OECD um alþjóðlegar fjárfestingar og fjölþjóðafyrirtæki frá 21. júní 1976, með áorðnum breytingum frá 1979 og 1984.

1. Fjölþjóðafyrirtæki skipta nú miklu máli fyrir efnahagslíf aðildarríkjanna og í efnahagssamskiptum þjóða, sem ríkisstjórnir láta sig nú varða í auknum mæli. Í gegnum beinar alþjóðlegar fjárfestingar geta slík fyrirtæki stuðlað að verulegum framförum í heimalandinu og gestgjafalandinu með því að stuðla að virkri nýtingu fjármagns, tækni og mannafla milli landa og geta þannig gegnt mikilvægu hlutverki við að efla efnahags- og þjóðfélagslega velmegun. En umleitanir fjölþjóðafyrirtækja til að skipuleggja starfsemi sína utan ríkjatakmarka geta leitt til misnotkunar á samsöfnuðu efnahagslegu valdi og til árekstra við stefnumarkmið einstakra þjóða. Að auki hefur margslungin gerð þessara fjölþjóðafyrirtækja og erfiðleikar við að skilgreina hið fjölbreytta stjórnskipulag þeirra, starfsemi og stefnu stundum valdið áhyggjum.
2. Sameiginlegt markmið aðildarríkjanna er að efla hin jákvæðu áhrif sem fjölþjóðafyrirtæki geta haft á efnahagslegar og þjóðfélagslegar framfarir og til að draga úr og leysa þau vandamál sem hin mismunandi starfsemi þeirra getur haft í för með sér. Með tilliti til alþjóðlegrar uppbyggingar slíkra fyrirtækja mun samvinna aðildarríkja OECD, þar sem höfuðstöðvar flestra fjölþjóðafyrirtækja eru staðsettar og þar sem mikill hluti starfsemi þeirra fer fram, stuðla að þessu markmiði. Viðmiðunarreglunum, sem hér fara á eftir, er einnig ætlað að aðstoða við að ná þessu sameiginlega markmiði og til að stuðla að bættum aðstæðum til alþjóðlegra fjárfestinga.
3. Þar sem starfsemi fjölþjóðafyrirtækja nær yfir allan heiminn, þar með talin lönd sem ekki eru aðilar að stofnuninni, ætti alþjóðleg samvinna á þessu sviði að ná til allra ríkja. Aðildarríkin munu veita fullan stuðning við tilraunir til samvinnu við ríki sem ekki eru aðilar að stofnuninni og sérstaklega við þróunarlönd, með það að markmiði að bæta velferð og lífskjör allra þjóða bæði með því að hvetja til hinna jákvæðu framlaga sem fjölþjóðafyrirtækji geta veitt og með því að draga úr og leysa þau vandamál sem upp kunna að koma í sambandi við starfsemi þeirra.
4. Í stofnuninni mun samvinnuáætlun til að ná þessum markmiðum vera stöðug, raunhæf og í jafnvægi. Það heyrir undir almenn markmið sáttmála Efnahagssamvinnu- og framfarastofnunarinnar (OECD) og nýtir til fulls hinar ýmsu sérhæfðu starfseindir stofnunarinnar en starfsemi þeirra snertir nú þegar marga þætti í hlutverki fjölþjóðafyrirtækja, einkum hvað varðar alþjóðaviðskipti og greiðslur, samkeppni, skattlagningu, mannafla, iðnþróun, vísindi og tækniþekkingu. Í þessum starfseindum er unnið við að skilgreina málefni, að bæta þýðingarmiklar upplýsingar um eiginleika og tölfræðileg atriði, og gerð tillagna um aðgerðir sem ætlað er að styrkja samvinnu milli ríkisstjórna. Á sumum þessara sviða eru þegar fyrir hendi viðteknar starfsreglur sem hægt er að nota við málefni tengd starfsemi fjölþjóðafyrirtækja. Þessi vinna gæti leitt til frekari og ítarlegri samninga og samkomulags milli ríkisstjórna.
5. Fyrsta stig samvinnuáætlunarinnar samanstendur af yfirlýsingu og þrem ályktunum, sem birtar voru samtímis þar sem þær styðja hver aðra og eru samtengdar, en þær varða viðmiðunarreglur fyrir fjölþjóðafyrirtæki, ríkismeðferð fyrir fyrirtæki í erlendri eign og hvatningar og hindranir í alþjóðafjárfestingum.

6. Viðmiðunarreglurnar, sem settar eru fram hér að neðan, eru tilmæli sem aðildarríki beina sameiginlega til fjölþjóðafyrirtækja sem starfa innan landsvæða þeirra. Þessar viðmiðunarreglur, sem taka tillit til þeirra vandamála sem komið geta upp vegna alþjóðlegs stjórnskipulags þessara fyrirtækja, setja meginreglur fyrir starfsemi þessara fyrirtækja í einstökum aðildarríkjum. Hverjum er í sjálfsvald sett að virða þessar viðmiðunarreglur og ekki er hægt að framfylgja þeim sem lögum. Samt sem áður ættu þær að stuðla að því að tryggja að starfsemi þessara fyrirtækja sé í samræmi við innanríkisstefnu ríkjanna, sem þau starfa í, og að styrkja grundvöllinn að gagnkvæmum trúnaði milli fyrirtækja og ríkja.
7. Hvert ríki hefur rétt til að setja skilyrði sem fjölþjóðafyrirtæki starfa undir innan lögsögu þess, að teknu tilliti til alþjóðalaga og alþjóðasamþykkta sem þau eru aðilar að. Eindir fjölþjóðafyrirtækja, sem staðsettar eru í ýmsum ríkjum, eru háðar lögum ríkjanna.
8. Ekki er þörf nákvæmrar lagalegrar skilgreiningar á fjölþjóðafyrirtækjum vegna viðmiðunarreglnanna. Þau saman standa venjulega af fyrirtækjum eða öðrum eindum sem eru í einkaeign, ríkiseign eða hvoru tveggja, sem komið er á fót í mismunandi löndum og þannig tengd að eitt eða fleiri þeirra geta haft mikilvæg áhrif á rekstur annarra, og einkum hvað varðar miðlun þekkingar og aðfanga milli þeirra. Sjálfsstjórnarstig hverrar eindar í tengslum við hinar er mjög mismunandi frá einu fjölþjóðafyrirtæki til annars og fer eftir eðli tengsla milli slíkra eininga og því starfssviði sem í hlut á. Af þessum ástæðum er viðmiðunarreglunum beint að hinum ýmsu eindum innan fjölþjóðafyrirtækisins (móðurfyrirtækjum og/eða staðbundnum eindum) samkvæmt raunverulegri dreifingu hlutverka milli þeirra með þeim gagnkvæma skilningi að þau vinni saman og aðstoði hvert annað eins og nauðsynlegt er til að auðvelda að fylgja viðmiðunarreglunum. Orðið „fyrirtæki" eins og það er notað í þessum viðmiðunarreglum á við þessar ýmsu eindir í samræmi við hlutverk þeirra.
9. Viðmiðunarreglunum er ekki ætlað að koma á mismunandi meðferð á fjölþjóðafyrirtækjum og innlendum fyrirtækjum, heldur fela þær í sér hvarvetna þar sem við á góðar starfsvenjur fyrir alla. Samkvæmt því er vænst sömu breytni af fjölþjóðafyrirtækjum og innlendum fyrirtækjum í þeim tilfellum þegar viðmiðunarreglur eiga við bæði.
10. Hvatt er til notkunar viðeigandi aðferða við að leysa alþjóðadeilur, þar með talin gerð, til að auðvelda lausn deilumála sem upp koma milli fyrirtækja og aðildarríkja.
11. Aðildarríkin hafa orðið ásátt um að koma á viðeigandi aðferðum við athugun og samráð varðandi mál sem koma upp í sambandi við viðmiðunarreglurnar. Þegar fjölþjóðafyrirtæki eru gerð háð ósamhljóða kröfum aðildarríkja munu ríkisstjórnirnar sem í hlut eiga vinna saman í góðri trú með það að markmiði að leysa slík vandamál annaðhvort innan nefndar um alþjóðlegar fjárfestingar og fjölþjóðafyrirtæki, sem skipuð var að ráði OECD 21. janúar 1975, eða með öðrum leiðum sem gagnkvæmt samkomulag er um.

Með hliðsjón af fyrrgreindum sjónarmiðum setja aðildarríkin fram eftirfarandi viðmiðunarreglur fyrir fjölþjóðafyrirtæki á þeirri forsendu að aðildarríki muni uppfylla skuldbindingar sínar til að meðhöndla fyrirtæki á sanngjarnan hátt og í samræmi við alþjóðalög og alþjóðasamninga, og enn fremur við samningsskuldbindingar sem þau hafa gerst aðilar að.

Almenn stefna.

Fyrirtæki skulu:

1. Taka fullt tillit til viðurkenndra markmiða almennrar stefnu aðildarríkjanna sem þau starfa í.
2. Taka sérstaklega tilhlýðilegt tillit til markmiða og forgangsmálefna þessara ríkja hvað varðar efnahagslegar og þjóðfélagslegar framfarir, þar með talin iðnaðar- og byggðaþróun, umhverfisvernd og hagsmuni neytenda, fjölgun starfstækifæra, eflingu nýjunga og tilfærslu tækniþekkingar.
3. Veita starfseindum sínum, samfara því að uppfylla lagalega upplýsingaskyldu sína, viðbótarupplýsingar, sem hinar síðarnefndu gætu þurft á að halda til að mæta kröfum yfirvalda þeirra ríkja, þar sem þessar starfseindir eru staðsettar, um upplýsingar sem snerta starfsemi þessara einda, að teknu tilliti til lögmætra skilyrða um viðskiptatrúnað.
4. Vera hlynnt nánu samstarfi við sveitarfélög og viðskiptaaðila.
5. Veita eindum fyrirtækisins frelsi til að þróa starfsemi sína og hagnýta samkeppnisyfirburði sína á innlendum og erlendum mörkuðum, í samræmi við þörfina á sérhæfingu og heilbrigðar viðskiptavenjur.
6. Taka tilhlýðilegt tillit til hæfni einstaklinga án mismununar vegna þjóðernis þegar ráða á í ábyrgðarstöður í þeim löndum sem starfsemi fer fram í, að áskildum sérstökum kröfum einstakra ríkja að þessu leyti.
7. Ekki leggja fram — og ekki skal mælast til eða ætlast til að þau leggi fram — mútur eða annan óréttmætan styrk, beint eða óbeint, til nokkurs ríkisstarfsmanns eða embættismanns.
8. Ekki veita fjárframlög til frambjóðenda til opinberra starfa eða til stjórnmálaflokka eða annarra stjórnmálasamtaka, nema leyfilegt sé að lögum.
9. Forðast öll óeðlileg afskipti af staðbundinni stjórnmálastarfsemi.

Birting upplýsinga.

Fyrirtæki skulu, með viðeigandi tilliti til eðlis þeirra og hlutfallslegrar stærðar í efnahagslegu samhengi reksturs þeirra og til krafna um viðskiptatrúnað og til kostnaðar, birta nægilegt magn upplýsinga um staðreyndir um stjórnskipulag, starfsemi og stefnu fyrirtækisins í heild eins og þörf þykir á til viðbótar við upplýsingar sem eiga að birtast skv. landslögum einstakra landa þar sem þau starfa, í formi sem bætir skilning almennings. Með þetta að markmiði skulu þau gefa út, innan eðlilegra tímamarka, reglulega, en a. m. k. árlega, fjárhagsyfirlit og aðrar viðeigandi upplýsingar um fyrirtækið í heild, sem einkum skulu gefa til kynna:

i. Stjórnskipulag fyrirtækisins, þar sem fram kemur nafn og heimilisfang móðurfyrirtækisins, aðaldótturfyrirtækis þess, beinn og óbeinn eignarhlutur í þessum dótturfyrirtækjum, þar með talin hlutafjáreign þeirra hvers í öðru.
ii. Landsvæðin þar sem reksturinn fer fram og meginstarfsemina sem þar er rekin á vegum móðurfyrirtækisins og helstu dótturfyrirtækja.
iii. Rekstrarniðurstöður og sölu eftir landfræðilegri skiptingu, og skiptingu eftir meginviðskiptasviðum fyrirtækisins í heild.
iv. Mikilvægar beinar nýfjárfestingar eftir landfræðilegri skiptingu, og, eftir því sem við verður komið, eftir meginviðskiptasviðum fyritækisins í heild.
v. Yfirlit um uppruna fjármagns og notkun þess í fyrirtækinu í heild.
vi. Meðalfjölda starfsmanna á hverju landfræðilegu svæði.
vii. Útgjöld til rannsóknar- og þróunarstarfsemi fyrirtækisins í heild.

viii. Meginreglur sem fylgt er í verðlagningu innan fyrirtækjahópsins.
ix. Meginreglur reikningsskila, sem farið er eftir við útgáfu upplýsinganna, þar með talið það sem varðar gerð samstæðureikninga.

Samkeppni.

Fyrirtæki skulu, samfara því að fylgja opinberum samkeppnisreglum og viðurkenndum meginreglum þeirra landa sem þau starfa í:

1. Ekki taka þátt í aðgerðum sem mundu vinna gegn samkeppni á hlutaðeigandi markaði með því að misnota ráðandi markaðsstöðu, með t. d.
   a. Eignaöflun sem hindrar samkeppni.
   b. Yfirgangssemi gagnvart keppinautum.
   c. Óréttmætri neitun samningsgerðar.
   d. Misnotkun eignarréttinda á sviði iðnaðar til að hindra samkeppni.
   e. Mismunandi verðlagningu, þ.e. óréttmætri mismunun, og beitingu slíkrar verðlagningar í viðskiptum milli dótturfyrirtækja sem tæki til að hafa óhagstæð áhrif á samkeppni utan fyrirtækjanna.
2. Gefa kaupendum, dreifingaraðilum og leyfishöfum frelsi til að endurselja, flytja út, gera innkaup og þróa starfsemi sína eins og samræmist lögum, viðskiptaaðstæðum, þörfinni á sérhæfingu og heilbrigðum viðskiptavenjum.
3. Ekki taka þátt í eða styrkja með öðrum hætti af ásettu ráði hamlandi áhrif alþjóðlegra eða innlendra fyrirtækjasamtaka eða haftasamninga sem vinna á móti eða útrýma samkeppni og ekki eru almennt eða sérstaklega viðurkenndir skv. hlutaðeigandi innlendri eða alþjóðlegri löggjöf.
4. Vera reiðubúin til að hafa samráð og samvinnu, þar með talið með veitingu upplýsinga, við réttmæt yfirvöld landa sem eiga beinna hagsmuna að gæta í sambandi við samkeppnismál eða rannsóknir. Upplýsingar skulu látnar í té í samræmi við öryggisráðstafanir sem venjulega eiga við á þessu sviði.

Fjármögnun.

Fyrirtæki skulu við stjórn á fjármögnunarþáttum og viðskiptaþáttum reksturs síns, og sérstaklega varðandi greiðsluhæfar erlendar eignir og skuldir, taka tillit til viðurkenndrar stefnu landanna, sem þau starfa í, varðandi greiðslujöfnuð og lánastefnu.

Skattlagning.

Fyrirtæki skulu:

1. Veita, í samræmi við öryggisráðstafanir og viðeigandi stjórnarhætti skv. lögum þessara ríkja, nauðsynlegar upplýsingar til að ákvarða rétta álagningu skatta sem lagðir eru á í sambandi við starfsemi þeirra, þar með taldar viðeigandi upplýsingar í sambandi við starfsemi þeirra í öðrum löndum, sé þess óskað af skattyfirvöldum þeirra landa sem þau starfa í.
2. Ekki nýta þær sérstöku aðferðir, sem þeim eru tiltækar, svo sem verðlagningu innan fyrirtækis sem ekki samræmist mælikvarða um viðskipti milli óskyldra aðila, til að breyta gagnstætt landslögum þeim skattgrunni sem skattur aðila hópsins byggist á.

Atvinna og samskipti aðila vinnumarkaðarins.

Fyrirtæki skulu, innan ramma laga, reglugerða og ríkjandi venja um samskipti aðila vinnumarkaðarins og starfsmannamál, í hverju landi sem þau starfa í fyrir sig:

1. Virða rétt starfsmanna til að láta stéttarfélög og önnur fullgild samtök starfsmanna koma fram fyrir sína hönd, og taka þátt í uppbyggjandi samningum, annaðhvort hvert fyrir sig eða fyrir atbeina samtaka vinnuveitenda, við slík starfsmannasamtök með það að markmiði að ná samkomulagi um starfsskilyrði sem ættu að innihalda ákvæði um hvernig taka skuli á deilum sem rísa vegna túlkunar slíkra samninga og um að tryggja gagnkvæm viðurkennd réttindik og skyldur.
2. a. Veita þá aðstöðu fyrir fulltrúa starfsmanna sem nauðsynleg reynist til að aðstoða við þróun árangursríkra sameiginlegra samninga.
   b. Veita fulltrúum starfsmanna upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir tilgangsríkar samningaviðræður um starfsskilyrði.
3. Veita fulltrúum starfsmanna, þar sem það er í samræmi við staðbundin lög og venjur, upplýsingar sem gera þeim kleift að öðlast sanna og óvilhalla mynd af frammistöðu eindarinnar, eða, þar sem það er viðeigandi, fyrirtækisins í heild.
4. Fara eftir meginreglum um vinnu og um samskipti aðila vinnumarkaðarins sem ekki eru óhagstæðari en hjá sambærilegum vinnuveitendum í gestgjafalandinu.
5. Í rekstri sínum, að svo miklu leyti sem það er mögulegt, nýta, þjálfa og undirbúa fyrir stöðuhækkun vinnuafl staðarins í samvinnu við fulltrúa starfsmanna sinna og, þar sem það er viðeigandi, viðkomandi stjórnvöld.
6. Í athugun á breytingu á rekstri þeirra, sem mundi hafa mikil áhrif á lífsviðurværi starfsmanna þeirra, sérstaklega ef kemur til lokunar fyrirtækiseindar sem felur í sér heildaruppsagnir eða brottrekstur, veita fulltrúum starfsmanna sinna sanngjarnan fyrirvara á slíkum breytingum og, þar sem það er viðeigandi, stjórnvalda og vinna saman með viðeigandi stjórnvöldum til þess að milda eins og framkvæmanlegt er hin neikvæðu áhrif.
7. Framkvæma stefnu sína í vinnumálum, m. a. varðandi ráðningar, uppsagnir, laun, stöðuhækkanir og þjálfun, án mismununar, nema val með tilliti til eiginleika starfsmanna sé samkvæmt viðurkenndri stefnu stjórnvalda sem sérstaklega stuðli að frekara jafnrétti á starfsmöguleikum.
8. Í tengslum við samninga sem gerðir eru í góðri trú við fulltrúa starfsmanna um starfsskilyrði, eða þegar starfsmenn eru að nota rétt sinn til að stofna verkalýðsfélag, hvorki að hóta að nota möguleika á að flytja starfseind í heild eða að hluta frá því landi, sem um ræðir, né flytja starfsmenn frá starfseindum fyrirtækisins í öðrum löndum til þess að hafa óréttmæt áhrif á þessa samninga eða til að hindra notkun réttarins til að stofna verkalýðsfélag.
9. Gera lögmætum fulltrúum starfsmanna sinna kleift að eiga í viðræðum um gerð kjarasamninga eða um mál er varða samskipti stjórnar og starfsmanna við fulltrúa stjórnar sem hafa vald til að taka ákvarðanir um mál sem rædd eru í samningaviðræðunum.

Vísindi og tækni.

Fyrirtæki skulu:

1. Kappkosta að tryggja að starfsemi þeirra falli á viðunandi hátt að vísinda- og tæknistefnu og áætlunum þeirra landa, sem þau starfa í, og stuðla að þróun innlendrar vísinda- og tæknigetu, þar með talið að festa í sessi og efla í gestgjafalöndunum getu sína til nýsköpunar eins og við getur átt.
2. Taka upp í viðskiptastarfsemi sinni, eins og frekast er kostur, venjur sem stuðla að örri útbreiðslu tækni með tilhlýðilegu tilliti til verndar eignarréttinda á sviði iðnaðar og hugverka.
3. Veita leyfi til að nota eignarréttindi á sviði iðnaðar, eða til flutnings tækniþekkingar á annan hátt, með sanngjörnum skilmálum og skilyrðum.

The Guidelines for Multinational Enterprises.

Annexed to the Declaration of 21st June 1976 by Governments of OECD Member Countries on International Investment and Multinational Enterprises, as amended in 1979 and 1984.

1. Multinational enterprises now play an important part in the economies of Member countries and international economic relations, which is of increasing interest to governments. Through international direct investment, such enterprises can bring substantial benefits to home and host countries by contributing to the efficient utilisation of capital, technology and human resources between countries and can thus fulfil an important role in the promotion of economic and social welfare. But the advances made by multinational enterprises in organising their operations beyond the national framework may lead to abuse of concentrations of economic power and to conflicts with national policy objectives. In addition, the complexity of these multinational enterprises and difficulty of clearly perceiving their diverse structures, operations and policies sometimes give rise to concern.
2. The common aim of the Member countries is to encourage the positive contributions which multinational enterprises can make to economic and social progress and to minimise and resolve the difficulties to which their various operations may give rise. In view of the transnational structure of such enterprises, this aim will be furthered by co-operation among the OECD countries where the headquarters of most of the multinational enterprises are established and which are the location of a substantial part of their operations. The Guidelines set out hereafter are designed to assist in achievement of this common aim and to contribute to improving the foreign investment climate.
3. Since the operations of multinational enterprises extend throughout the world, including countries that are not Members of the Organisation, international co-operation in this field should extend to all States. Member countries will give their full support to efforts undertaken in co-operation with non-member countries, and in particular with developing countries, with a view to improving the welfare and living standards of all people both by encouraging the positive contributions which multinational enterprises can make and by minimising and resolving the problems which may arise in connection with their activities.
4. Within the Organisation, the programme of co-operation to attain these ends will be a continuing, pragmatic and balanced one. It comes within the genaral aims of the Convention on the Organisation for Economic Co-operation and Development (OECD) and makes full use of the various specialised bodies of the Organisation, whose terms of reference already cover many aspects of the role of multinational enterprises, notably in matters of international trade and payments, competition, taxation, manpower, industrial development, science and technology. In these bodies, work is being carried out on the identification of issues, the improvement of relevant qualitative and statistical information and the elaboration of proposals for action designed to strengthen inter-governmental co-operation. In some of these areas

procedures already exist through which issues related to the operations of multinational enterprises can be taken up. This work could result in the conclusion of further and complementary agreements and arrangements between governments.

5. The initial phase of the co-operation programme is composed of a Declaration and three Decisions promulgated simultaneously as they are complementary and interconnected, in respect of Guidelines for multinational enterprises, National Treatment for foreign-controlled enterprises and international investment incentives and disincentives.
6. The Guidelines set out below are recommendations jointly addressed by Member countries to multinational enterprises operating in their territories. These Guidelines, which take into account the problems which can arise because of the international structure of these enterprises, lay down standards for the activities of these enterprises in the different Member countries. Observance of the Guidelines is voluntary and not legally enforceable. However, they should help to ensure that the operations of these enterprises are in harmony with national policies of the countries where they operate and to strengthen the basis of mutual confidence between enterprises and States.
7. Every State has the right to prescribe the conditions under which multinational enterprises operate within its national jurisdiction, subject to international law and to the international agreements to which it has subscribed. The entities of a multinational enterprise located in various countries are subject to the laws of these countries.
8. A precise legal definition of multinational enterprises is not required for the purposes of the Guidelines. These usually comprise companies or other entities whose ownership is private, state or mixed, established in different countries and so linked that one or more of them may be able to exercise a significant influence over the activities of others and, in particular, to share knowledge and resources with the others. The degree of autonomy of each entity in relation to the others varies widely from one multinational enterprise to another, depending on the nature of the links between such entities and the fields of activity concerned. For these reasons, the Guidelines are addressed to the various entities within the multinational enterprise (parent companies and/or local entities) according to the actual distribution of responsibilities among them on the understanding that they will co-operate and provide assistance to one another as necessary to facilitate observance of the Guidelines. The word „enterprise" as used in these Guidelines refers to these various entities in accordance with their responsibilities.
9. The Guidelines are not aimed at introducing differences of treatment between multinational and domestic enterprises; wherever relevant they reflect good practice for all. Accordingly, multinational and domestic enterprises are subject to the same expectations in respect of their conduct wherever the Guidelines are relevant to both.
10. The use of appropriate international dispute settlement mechanisms, including arbitration, should be encouraged as means of facilitating the resolution of problems arising between enterprises and Member countries.
11. Member countries have agreed to establish appropriate review and consultation procedures concerning issues arising in respect of the Guidelines. When multinational enterprises are made subject to conflicting requirements by Member countries, the governments concerned will co-operate in good faith with a view to resolving such problems either within the Committee on International Investment and Multinational Enterprises established by the OECD Council on 21st January 1975 or through other mutually acceptable arrangements.

Having regard to the foregoing considerations, the Member countries set forth the following Guidelines for multinational enterprises with the understanding that Member countries will fulfil their responsibilities to treat enterprises equitably and in accordance with international law and international agreements, as well as contractual obligations to which they have subscribed.

General Policies.

Enterprises should:

1. Take fully into account established general policy objectives of the Member countries in which they operate;
2. In particular, give due consideration to those countries' aims and priorities with regard to economic and social progress, including industrial and regional development, the protection of the environment and consumer interests, the creation of employment opportunities, the promotion of innovation and the transfer of technology;
3. While observing their legal obligations concerning information, supply their entities with supplementary information the latter may need in order to meet requests by the authorities of the countries in which those entities are located for information relevant to the activities of those entities, taking into account legitimate requirements of business confidentiality;
4. Favour close co-operation with the local community and business interests;
5. Allow their component entities freedom to develop their activities and exploit their competitive advantage in domestic and foreign markets, consistent with the need for specialisation and sound commercial practice;
6. When filling responsible posts in each country of operation, take due account of individual qualifications without discrimination as to nationality, subject to particular national requirements in this respect;
7. Not render — and they should not be solicited or expected to render — any bribe or other improper benefit, direct or indirect, to any public servant or holder of public office;
8. Unless legally permissible, not make contributions to candidates for public office or to political parties or other political organisations;
9. Abstain from any improper involvement in local political activities.

Disclosure of Information.

Enterprises should, having due regard to their nature and relative size in the economic context of their operations and to requirements of business confidentiality and to cost, publish in a form suited to improve public understanding a sufficient body of factual information on the structure, activities and policies of the enterprise as a whole, as a supplement, in so far as necessary for this purpose, to information to be disclosed under the national law of the individual countries in which they operate. To this end, they should publish within reasonable time limits, on a regular basis, but at least annually, financial statements and other pertinent information relating to the enterprise as a whole, comprising in particular:

i) The structure of the enterprise, showing the name and location of the parent company, its main affiliates, its percentage ownership, direct and indirect, in these affiliates, including shareholdings between them;

ii) The geographical areas where operations are carried out and the principal activities carried on therein by the parent company and the main affiliates;

iii) The operating results and sales by geographical area and the sales in the major lines of business for the enterprise as a whole;
iv) Significant new capital investment by geographical area and, as far as practicable, by major lines of business for the enterprise as a whole;
v) A statement of the sources and uses of funds by the enterprise as a whole;
vi) The average number of employees in each geographical area;
vii) Research and development expenditure for the enterprise as a whole;
viii) The policies followed in respect of intra-group pricing;
ix) The accounting policies, including those on consolidation, observed in compiling the published information.

Competition.

Enterprises should, while conforming to official competition rules and established policies of the countries in which they operate:

1. Refrain from actions which would adversely affect competition in the relevant market by abusing a dominant position of market power, by means of, for example:
   a) Anti-competitive acquisitions;
   b) Predatory behaviour toward competitors;
   c) Unreasonable refusal to deal;
   d) Anti-competitive abuse of industrial property rights;
   e) Discriminatory (i.e unreasonably differentiated) pricing and using such pricing transactions between affiliated enterprises as a means of affecting adversely competition outside these enterprises;
2. Allow purchasers, distributors and licensees freedom to resell, export, purchase and develop their operations consistent with law, trade conditions, the need for specialisation and sound commercial practice;
3. Refrain from participating in or otherwise purposely strengthening the restrictive effects of international or domestic cartels or restrictive agreements which adversely affect or eliminate competition and which are not generally or specifically accepted under applicable national or international legislation;
4. Be ready to consult and co-operate, including the provision of information, with competent authorities of countries whose interests are directly affected in regard to competition issues or investigations. Provision of information should be in accordance with safeguards normally applicable in this field.

Financing.

Enterprises should, in managing the financial and commercial operations of their activities, and especially their liquid foreign assets and liabilities, take into consideration the established objectives of the countries in which they operate regarding balance of payments and credit policies.

Taxation.

Enterprises should:

1. Upon request of the taxation authorities of the countries in which they operate, provide, in accordance with the safeguards and relevant procedures of the national laws of these countries, the information necessary to determine correctly the taxes to be assessed in connection with their operations, including relevant information concerning their operations in other countries;

2. Refrain from making use of the particular facilities available to them, such as transfer pricing which does not conform to an arm's length standard, for modifying in ways contrary to national laws the tax base on which members of the group are assessed.

Employment and Industrial Relations.

Enterprises should, within the framework of law, regulations and prevailing labour relations and employment practices, in each of the countries in which they operate:

1. Respect the right of their employees to be represented by trade unions and other bona fide organisations of employees, and engage in constructive negotiations, either individually or through employers' associations, with such employee organisations with a view to reaching agreements on employment conditions, which should include provisions for dealing with disputes arising over the interpretation of such agreements, and for ensuring mutually respected rights and responsibilities;
2. a) Provide such facilities to representatives of the employees as may be necessary to assist in the development of effective collective agreements;
   b) Provide to representatives of employees information which is needed for meaningful negotiations on conditions of employment;
3. Provide to representatives of employees where this accords with local law and practice, information which enables them to obtain a true and fair view of the performance of the entity or, where appropriate, the enterprise as a whole;
4. Observe standards of employment and industrial relations not less favourable than those observed by comparable employers in the host country;
5. In their operations, to the greatest extent practicable, utilise, train and prepare for upgrading members of the local labour force in co-operation with representatives of their employees and, where appropriate, the relevant governmental authorities;
6. In considering changes in their operations which would have major effects upon the livelihood of their employees, in particular in the case of the closure of an entity involving collective lay-offs or dismissals, provide reasonable notice of such changes to representatives of their employees, and where appropriate to the relevant governmental authorities, and co-operate with the employee representatives and appropriate governmental authorities so as to mitigate to the maximum extent practicable adverse effects;
7. Implement their employment policies including hiring, discharge, pay, promotion and training without discrimination unless selectivity in respect of employee characteristics is in furtherance of established governmental policies which specifically promote greater equality of employment opportunity;
8. In the context of bona fide negotiations with representatives of employees on conditions of employment, or while employees are exercising a right to organise, not threaten to utilise a capacity to transfer the whole or part of an operating unit from the country concerned nor transfer employees from the enterprises' component entities in other countries in order to influence unfairly those negotiations or to hinder the exercise of a right to organise;
9. Enable authorised representatives of their employees to conduct negotiations on collective bargaining or labour management relations issues with representatives of management who are authorised to take decisions on the matters under negotiation.

Science and Technology.

Enterprises should:

1. Endeavour to ensure that their activities fit satisfactorily into the scientific and technological policies and plans of the countries in which they operate, and contribute to the development of national scientific and technological capacities, including as far as appropriate the establishment and improvement in host countries of their capacity to innovate;
2. To the fullest extent practicable, adopt in the course of their business activities practices which permit the rapid diffusion of technologies with due regard to the protection of industrial and intellectual property rights;
3. When granting licences for the use of industrial property rights or when otherwise transferring technology, do so on reasonable terms and conditions.

Sþ. 1056. Þingsályktun [143. mál]

um að draga úr ofbeldi í myndmiðlum.

(Afgreidd frá Sþ. 26. apríl.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að dregið verði verulega úr því ofbeldi sem börnum og öðrum er sýnt í sjónvarpi, kvikmyndum og á myndböndum og gerðar verði nauðsynlegar kannanir í þessu skyni.

Sþ. 1057. Þingsályktun [454. mál]

um staðfestingu rammasamnings um samvinnu á sviði vísinda og tækni milli Íslands og Evrópubandalaganna.

(Afgreidd frá Sþ. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 789.

Sþ. 1058. Þingsályktun [455. mál]

um fullgildingu Evrópusamnings um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

(Afgreidd frá Sþ. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 790.

Sþ. 1059. Þingsályktun [466. mál]

um staðfestingu samnings um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi.

(Afgreidd frá Sþ. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 812.

Sþ. 1060. Þingsályktun [110. mál]

um starfsreglur Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins.

(Afgreidd frá Sþ. 26. apríl.)

Alþingi ályktar að setja eftirfarandi:

Starfsreglur
fyrir Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins.

1. gr.

Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins (Inter-Parliamentary Union) er skipuð alþingismönnum og starfar í samræmi við lög sambandsins.

2. gr.

Stjórn Íslandsdeildarinnar skipa fimm þingmenn tilnefndir af þingflokkunum í samræmi við stærð þeirra eða eftir samkomulagi þingflokka. Heimilt er að tilnefna varamenn í stjórnina. Tilkynna skal um tilnefningar á fundi í sameinuðu þingi.

3. gr.

Tilnefning í stjórn skal fara fram eftir hverjar þingkosningar og gildir út kjörtímabilið, nema þingflokkar ákveði annað.

Fulltrúi stærsta þingflokksins skal kalla stjórnarmenn saman til fyrsta fundar og skal þá kjósa formann og varaformann Íslandsdeildarinnar fyrir kjörtímabilið.

4. gr.

Heimilt er Íslandsdeildinni að tilnefna ritara í samráði við skrifstofustjóra Alþingis.

5. gr.

Stjórnin sækir árlega um fjárveitingu á fjárlögum til starfsemi deildarinnar og skal umsóknin við það miðuð að fjárveiting nægi til að greiða þátttökugjald til aðalskrifstofu sambandsins, ferðakostnað fulltrúa og annan kostnað sem af starfsemi deildarinnar leiðir. Reikningar skulu endurskoðaðir með sama hætti og önnur útgjöld Alþingis.

6. gr.

Stjórn Íslandsdeildarinnar ákveður þátttöku deildarinnar í starfi sambandsins á ári hverju. Við val þátttakenda á þingum og ráðstefnum skal miða við hlutfallsreglu eftir stærð þingflokka en jafnframt leitast við að tryggja að þingmenn úr öllum þingflokkum fái tækifæri til að sækja þing eða ráðstefnur sambandsins á kjörtímabilinu. Enn fremur skal reyna að tryggja eðlilega samfellu í starfi deildarinnar.

Formaður skal að jafnaði sitja í ráði sambandsins en aðrir stjórnarmenn skiptast á um að taka þar sæti eftir sömu hlutfallsreglu og gildir um þátttöku skv. 1. mgr. þessarar greinar.

7. gr.

Starfsreglur þessar taka þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu tilnefningar í stjórn Íslandsdeildarinnar á þessu kjörtímabili haldast óbreyttar.

Sþ. 1061. Þingsályktun [345. mál]

um könnun á stofnun alþjóðlegrar björgunarsveitar.

(Afgreidd frá Sþ. 26. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna möguleika á stofnun alþjóðlegrar björgunarsveitar með aðsetur á Íslandi sem sinni björgunarmálum á Norður-Atlantshafi. Leitað verði samstarfs við þær þjóðir sem mestra hagsmuna hafa að gæta á þessu sviði.

Niðurstöður könnunarinnar verði lagðar fyrir sameinað Alþingi á næsta löggjafarþingi.

Sþ. 1062. Þingsályktun [25. mál]

um rannsókn á siglingaleið um Hornafjörð.

(Afgreidd frá Sþ. 26. apríl.)

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að hlutast til um við Hafnamálastofnun ríkisins að hraðað verði rannsókn á innsiglingunni við Hornafjarðarós og öðrum aðstæðum í tengslum við skipaleiðir um Hornafjörð.

Sþ. 1063. Þingsályktun [493. mál]

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt nr. 122 um stefnu í atvinnumálum.

(Afgreidd frá Sþ. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 858.

Sþ. 1064. Þingsályktun [169. mál]

um mötuneyti og heimavistir fyrir framhaldsskólanemendur.

(Afgreidd frá Sþ. 26. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera áætlun sem miði að því að leysa mötuneytis- og húsnæðisvanda framhaldsskólanema sem stunda nám fjarri sinni heimabyggð og marka stefnu um framkvæmdir í þessu skyni.

Nd. 1065. Breytingartillögur [128. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 16. apríl 1971, um náttúruvernd, lögum nr. 20 30. apríl 1986, um Siglingamálastofnun ríkisins, og ýmsum lögum er varða yfirstjórn umhverfismála.

Frá forsætisráðherra.

1. Við 21. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Þó öðlast 8.–14. gr. ekki gildi fyrr en að lokinni endurskoðun og eftir samþykkt breytinga á lögum sem rakin eru í 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða.

2. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:
   1. Umhverfisráðherra skal á næsta haustþingi leggja fram frumvarp til laga um umhverfisvernd og umhverfisverndarstofnun. Í því skal m.a. ákveðið skipulag mengunar- og geislavarna á landi, í lofti og sjó.

      Umhverfisráðherra skal þó við gildistöku þessara laga hafa með höndum yfirstjórn og samræmingu hvers konar mengunarvarna og getur ákveðið aðgerðir í því sambandi.
   2. Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins skulu, þrátt fyrir ákvæði 1. gr., starfa óbreytt þar til lög um þær stofnanir hafa verið endurskoðuð.
   3. Fyrir 1. nóvember 1990 skal forsætisráðherra leggja fyrir Alþingi frumvarp eða frumvörp til laga sem feli í sér niðurstöðu endurskoðunar á þeim lögum sem upp eru talin hér á eftir. Þar verði jafnframt ákveðin nánar einstök verkefni og stofnanir umhverfisráðuneytis sem eftirtalin lög fjalla um:
      3.1. Lög um Landgræðslu ríkisins, nr. 17/1965, og Skógrækt ríkisins, nr. 3/1955, með síðari breytingum.
      3.2. Lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, lög um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, og lög um Geislavarnir ríkisins, nr. 117/1985.
      3.3. Lög um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20/1986, lög um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning gegn mengun sjávar af völdum olíu, nr. 14/1979.
      3.4. Lög um bann við losun hættulegra efna í sjó, nr. 20/1972.

Nd. 1066. Nefndarálit [102. mál]

um frv. til l. breyt. á l. nr. 63/1974, um grunnskóla, með síðari breytingum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og sent það til umsagnar. Allar umsagnir sem bárust voru mjög jákvæðar og tekið undir efni frumvarpsins sem er að efla tengsl grunnskólans við menningarstofnanir landsins með gagnkvæmum heimsóknum og að skólastjórum og kennurum sé skylt að gangast fyrir því að lista- og fræðimenn heimsæki skóla til að kynna nemendum íslenska menningu, sögu og arfleifð.

Áhugi manna og skilningur á því að efla vitund barna og unglinga um íslenska menningu og sérstöðu hennar fer vaxandi. Sífellt meiri tengsl og samgöngur við erlendar þjóðir, síaukið magn fjölmiðlaefnis af ýmsu tagi á erlendum tungumálum og breyttir þjóðfélagshættir kunna að veikja stöðu íslenskrar menningar og þar með sjálfstæðis þjóðarinnar.

Í greinargerð með frumvarpinu segir m.a.:

„Ísland skal vera sjálfstætt ríki. Um það er ekki ágreiningur. Við eigum sameiginlega tungu, arfleifð og sögu, þ.e. sameiginlega menningu. Meðan svo er eigum við okkur tilverurétt sem sjálfstæð eining í samfélagi þjóða. En komi of djúpir brestir í þessar stoðir sjálfstæðis okkar glötum við þeim rétti því að þá mun okkur skorta rök fyrir nauðsyn þess að halda uppi, með ærnum tilkostnaði og fyrirhöfn, svo litlu og á margan hátt óhagkvæmu þjóðfélagi hér á hjara veraldar. Því ber okkur að styrkja þessar stoðir sjálfstæðis okkar eftir mætti, jafnframt því sem við opnum gáttir til allra átta, kynnumst og tileinkum okkur það besta úr reynslu og menningu annarra þjóða.

Þessu markmiði má ná eftir tveim leiðum og þær höfum við báðar farið. Það er annars vegar skóla- og menntakerfi, hins vegar stofnanir og starfsemi af ýmsu tagi tengd listum og varðveislu íslenskrar menningar þar sem jafnframt eru ástunduð vísindi, rannsóknir og

nýsköpun. Ýmislegt má betur fara í skólum og menningarstarfsemi í landinu, en það er ekki viðfangsefni þessa frumvarps, heldur hvernig tengja megi betur þessar tvær leiðir, þ.e. reyna að tryggja að leiðir liggi saman að einu marki."

Í greinargerð með frumvarpinu er að finna nokkrar hugmyndir um hvernig mætti standa að framkvæmd frumvarpsins, engan veginn tæmandi listi, einungis til ábendingar.

Ljóst er að markmiðum frumvarpsins verður ekki náð í einu vetfangi og fjölmörg atriði í framkvæmd þess þarfnast talsverðs undirbúnings, en brýnt er að framkvæmdin tengist áformum um lengingu skóladags grunnskólabarna í áföngum og verði fellt inn í frumvarp til laga um grunnskóla.

Nefndin skorar á ríkisstjórnina að skipa sem fyrst nefnd sem annist áðurgreindan undirbúning og leggi drög að áætlun um framkvæmd. Nefndin leiti m.a. samstarfs við helstu menningarstofnanir landsins og vinni drög að starfssamningum er miði að því að þessar stofnanir taki á verkefnaskrá sína kennslu, fræðslu og sýningar í skólum og heimsóknir skóla til þeirra. Jafnframt leiti nefndin samstarfs og samráðs við stéttar- og fagfélög listamanna og þeirra fræðimanna sem frumvarpið tekur til í því skyni að tryggja árangursríkar en um leið hagkvæmustu leiðir í framkvæmd þess. Nefndin ljúki störfum fyrir árslok 1990 og skili skýrslu til Alþingis svo að unnt verði að hefjast handa um framkvæmd haustið 1991.

Í trausti þess að ríkisstjórnin verði við þessari áskorun leggur nefndin til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 26. apríl 1990.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr.	Þórhildur Þorleifsdóttir.
Ólafur Þ. Þórðarson.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.
	Guðmundur G. Þórarinsson.	

Nd. 1067. Nefndarálit [525. mál]

um frv. til l. um Kvikmyndastofnun Íslands.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Þráin Bertelsson, formann þeirrar nefndar er samdi upphaflegu frumvarpsdrögin, Þorstein Jónsson, formann Félags kvikmyndagerðarmanna, Ara Kristinsson, varaformann Félags kvikmyndagerðarmanna, Knút Hallsson, formann stjórnar Kvikmyndasjóðs, Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur úr úthlutunarnefnd Kvikmyndasjóðs, Guðbrand Gíslason, framkvæmdastjóra Kvikmyndasjóðs, og frá Kvikmyndasafninu þá Árna Björnsson þjóðháttafræðing og Helga Jónasson fræðslustjóra.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Þórhildur Þorleifsdóttir stendur að breytingartillögum meiri hl. en skrifar hins vegar ekki undir nefndarálit þetta.

Alþingi, 26. apríl 1990.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Guðmundur G. Þórarinsson.	Rannveig Guðmundsdóttir.
	Ólafur Þ. Þórðarson.	

Nd. 1068. Breytingartillögur [525. mál]

við frv. til l. um Kvikmyndastofnun Íslands.

Frá Ragnari Arnalds, Þórhildi Þorleifsdóttur,
Rannveigu Guðmundsdóttur, Guðmundi G. Þórarinssyni og Ólafi Þ. Þórðarsyni.

1. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Stjórn Kvikmyndastofnunar tilnefnir aðila utan stjórnar til að annast úthlutun úr sjóðnum. Úthluta skal tvisvar á ári og skulu sömu aðilar ekki annast úthlutun í bæði skiptin. Enginn skal annast úthlutun lengur en tvö ár í röð og mega úthlutunaraðilar ekki eiga hagsmuna að gæta við úthlutun.
2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Hlutverk úthlutunaraðila er að veita fjárframlög og styrki til undirbúnings, framleiðslu eða dreifingu íslenskra kvikmynda, óháð hvaða tækni er notuð við myndgerðina. Einnig er heimilt að veita lán og ábyrgðir fyrir láni, sbr. 8. gr.
   Með fjárframlagi er átt við beina þátttöku Kvikmyndastofnunar í gerð kvikmynda enda gerist þá stofnunin eignaraðili að myndunum. Með íslenskri kvikmyndagerð er átt við verkefni þar sem íslenskir aðilar hafa forræði.
3. Við 7. gr. Á eftir 1. tölul. 1. mgr. komi nýr töluliður er orðist svo:
   Tekjur af eignarhluta í íslenskum kvikmyndum.
4. Við 8. gr.
   a. Í stað orðsins „styrki“ í 2. málsl. komi: lán.
   b. Í stað orðsins „styrkinn“ í 3. málsl. komi: lánið.
5. Við 9. gr. Í stað orðsins „ríkisbókhaldið“ komi: Ríkisendurskoðun.
6. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Hlutverk Kvikmyndasafnsins, sem starfar fyrst um sinn innan Kvikmyndastofnunar Íslands, er að safna íslenskum kvikmyndum og kvikmyndum um íslensk efni, gömlum og nýjum, varðveita þær, skrásetja og efnisgreina sem nákvæmlegast. Safnið skal sjá um nauðsynlegar viðgerðir og endurgerðir gamalla mynda. Það skal safna öðrum munum og minjum sem tengjast sögu kvikmyndagerðar og kvikmyndasýninga á Íslandi. Safnið skal einnig safna bókum og tímaritum sem fjalla um kvikmyndir. Enn fremur skal safnið annast kynningu og fræðslu um kvikmyndir og sinna þjónustu við aðrar stofnanir og almenning. Safninu er heimilt að efna til sýninga á myndum safnsins að fengnu samþykki rétthafa.
   Menntamálaráðherra skipar Kvikmyndasafni þriggja manna umsjónarnefnd samkvæmt tilnefningu frá Þjóðminjasafni Íslands, Félagi íslenskra safnamanna og Námsgagnastofnun.
   Kvikmyndasafnið fær fé til starfsemi sinnar samkvæmt sérgreindri fjárveitingu í fjárlögum hverju sinni.

Sþ. 1069. Lög [456. mál]

um breytingar á lögum nr. 111/1989, fjáraukalögum fyrir árið 1989.

(Afgreidd frá Sþ. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 791.

Nd. 1070. Frumvarp til laga [572. mál]

um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 63/1974, með síðari breytingum.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðist þannig:

Ríki og sveitarfélögum er skylt að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6 til 16 ára, eftir því sem nánar segir í lögum þessum. Skóli þessi nefnist grunnskóli. Öllum börnum og unglingum á framangreindum aldri er skylt að sækja skóla en frá því má þó veita undanþágu, sbr. 5., 7. og 8. gr.

2. gr.

Fyrri málsgrein 3. gr. laganna orðist þannig:

Grunnskóli er tíu ára skóli.

3. gr.

Síðari málsliður 4. gr. laganna orðist þannig: Heimilt er ráðuneytinu, að fenginni tillögu hlutaðeigandi fræðsluráðs, að koma á fót útibúum frá aðalskóla skólahverfis fyrir 6–10 ára börn þar sem heimanakstri til aðalskóla verður ekki við komið.

4. gr.

1. málsl. 1. mgr. 22. gr. laganna orðist þannig: Heimilt er nemendum 8.–10. bekkjar grunnskóla að stofna nemendaráð er sé skólastjóra og kennararáði til aðstoðar og ráðuneytis um málefni nemenda.

5. gr.

B-liður 2. mgr. 41. gr. laganna orðist þannig:

b. í 4.–10. bekk í 7 ½ mánuð.

6. gr.

2. málsl. 1. mgr. 42. gr. laganna orðist svo: Í 8.–10. bekk verði val námsgreina frjálst að hluta og skal þar við það miðað að verklegt skyldu- og valnám geti samanlagt numið helmingi námstímans að hámarki en fimmtungi hans að lágmarki.

7. gr.

2. mgr. 44. gr. laganna orðist þannig:

Vikulegur kennslutími á hvern nemanda í grunnskóla skal vera sem næst þessi:

a. í 1. bekk, 880 mínútur,
b. í 2. bekk, 880 mínútur,
c. í 3. bekk, 960 mínútur,
d. í 4. bekk, 1080 mínútur,
e. í 5. bekk, 1280 mínútur,
f. í 6. bekk, 1360 mínútur,
g. í 7. bekk, 1400 mínútur,
h. í 8. bekk, 1140–1480 mínútur,
i. í 9. bekk, 1440–1480 mínútur,
j. í 10. bekk, 1440–1480 mínútur.

8. gr.

48. gr. laganna, sbr. 17. gr. laga nr. 43/1984, orðist þannig:

Í 8.–10. bekk grunnskóla skulu deildir eigi vera færri en aldursflokkar þeir sem sækja þessa bekki skólans, nema menntamálaráðuneytið heimili annað í samráði við viðkomandi skólayfirvöld.

Til þess að 9.–10. bekk grunnskóla verði haldið uppi í skólahverfi má meðalfjöldi nemenda í deild ekki vera minni en 12, nema að fenginni heimild menntamálaráðuneytisins.

9. gr.

49. gr. laganna orðist þannig:

Börnum og unglingum er bæði rétt og skylt að sækja grunnskóla fái þau ekki hliðstæða kennslu annars staðar, sbr. 7., 51., 52. og 75. gr. þessara laga.

Skólaskylda barns hefst við byrjun skólaárs á því almanaksári sem það verður sex ára. Skólaganga má þó hefjast fyrr á almanaksárinu ef skólahverfi heldur vorskóla. Sæki foreldrar eða forráðamaður um eða samþykki að barn, sem náð hefur fimm ára aldri fyrir 1. júlí, hefji nám á því ári eða að barn, sem ekki verður sex ára fyrr en 1. júlí, fresti námi um eitt ár getur skólastjóri, að fengnum meðmælum hlutaðeigandi sálfræðideildar, haft þann hátt á. Nú sækja foreldrar eða forráðamaður um að barn, sem nær fimm ára aldri á síðari hluta almanaksársins, fái að hefja skólagöngu í grunnskóla og getur þá skólastjóri heimilað þetta ef sálfræðideild og skólalæknir mæla með því hvor um sig.

Nú lýkur nemandi öllu námi grunnskóla á níu árum með góðum árangri og telst hann þá hafa lokið skyldunámi. Nemandi getur og á sama hátt lokið grunnskólanámi enn fyrr og þá flust á framhaldsskólastig telji skólastjóri, skólasálfræðingur og aðalkennari nemandann hafa til þess nægan þroska, enda komi til samþykki forráðamanna.

Fræðslustjóri getur, að höfðu samráði við foreldra eða forráðamenn auk skólastjóra, heimilað nemanda að hverfa frá grunnskólanámi að loknum 9. bekk í allt að eitt ár vegna þátttöku í atvinnulífi og lýkur nemandi þá grunnskólanámi þeim mun síðar. Heimilt skal að meta þessa þátttöku nemandans í atvinnulífi til jafns við nám í tilteknum valgreinum 10. bekkjar.

10. gr.

2. málsl. 59. gr. laganna orðist svo:

Í skírteinið skal skrá námsbraut nemandans og valgreinar hans í 9.–10. bekk, svo og úrslit prófa, þar á meðal samræmdra lokaprófa.

11. gr.

1. mgr. 60. gr. laganna orðist þannig:

Til þess hluta námsmats, sem framkvæmt er með prófum lögðum fyrir heila árganga skv. 57. eða 58. gr., er heimilt að hafa prófdaga sem hér segir: Í 1.–3. bekk þrjá daga, í 4. bekk fimm daga, í 5., 6. og 7. bekk sex daga, í 8., 9. og 10. bekk allt að tólf daga að meðaltali.

12. gr.

1. og 2. mgr. 61. gr. laganna orðist þannig:

Menntamálaráðuneytið í samráði við fræðslustjóra skipar skólunum trúnaðarmenn til aðstoðar við framkvæmd samræmdra könnunarprófa, svo og prófdómara til starfa við námsmat í 10. bekk grunnskóla, og setur starfsmönnum þessum erindisbréf.

Æski skólastjóri og skólanefnd grunnskóla, þar sem kennslu lýkur í 8. bekk eða fyrr, sbr. 3. gr., að sérstakt eftirlit verði með námsmati í lokabekk skólans er ráðuneytinu heimilt að skipa skólanum eftirlitsmann. Greiðist kostnaður við störf hans þá að jöfnu úr ríkissjóði.

13. gr.

1. málsl. 1. mgr. 74. gr. laganna orðist þannig: Heimilt er sveitarfélögum að setja á stofn við grunnskóla og undir sömu stjórn forskóla fyrir 5 ára börn enda samþykki menntamálaráðuneytið starfsáætlun, húsnæði og annan búnað skólans.

14. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 76. gr. laganna:

a. 5. mgr. orðist svo:

Til kennslutíma skal hvorki telja kennslustundir utan námsskrár né kennslustundir umfram þann tíma sem ákveðinn er í 44. gr., nema hvað verja má allt að einni stund á viku á hverja 30 nemendur í 6.–10. bekk grunnskóla til reglubundins hópnáms í bókasafni undir leiðsögn kennara.

b. 7. mgr. orðist svo:

Leiði skipting bekkja vegna verklegrar kennslu að jafnaði til fleiri en þeirra þriggja stunda á viku í 4.–10. bekk sem reiknað er með hér að framan eykst kennslustundafjöldinn í samræmi við það, enda séu þá að jafnaði eigi færri en 12 nemendur saman í námshópi.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndin hefur fjallað um stjórnarfrumvarp um grunnskóla, 428. mál. Niðurstaða nefndarinnar er sú að ekki sé mögulegt að afgreiða frumvarpið á þessu þingi. Hins vegar telja nefndarmenn eðlilegt að taka þann þátt úr frumvarpinu er varðar lögbindingu skólaskyldu 6 ára barna og afgreiða fyrir þingslit. Í því skyni flytur nefndin frumvarp um þetta efni. Í öðru grunnskólafrumvarpi, 27. máli, sem legið hefur fyrir nefndinni, kemur einnig fram svipuð stefna og felst í frumvarpi nefndarinnar.

Það er skoðun nefndarinnar að með því að færa núverandi forskóla 6 ára barna inn í grunnskólann sé verið að svara kröfum tímans um aukinn þátt skólanna í uppeldi og fræðslu á þessu aldursstigi. Forskólanefnd á vegum menntamálaráðuneytisins lagði til árið 1981 að lögfesta fræðsluskyldu 6 ára barna og stefna að skólaskyldu þess aldurshóps. Sérstakur starfshópur ráðuneytisins um forskólann lagði til 1984 og 1986 að komið yrði á skólaskyldu 6 ára barna og þau þannig viðurkennd sem fullgildir nemendur grunnskólans. Undir þetta tóku allir þáverandi fræðslustjórar landsins. Í frumvarpi til laga um grunnskólann 1987, 354. mál, var lagt til að lögfesta fræðsluskyldu 6 ára barna og í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um grunnskóla 1988, 126. mál, var lagt til að lögfesta skólaskyldu. Í skólastefnu Kennarasambands Íslands er lögð áhersla á fræðsluskyldu 6 ára barna.

Í nágrannalöndum okkar er þessu á ýmsan hátt varið. Í Svíþjóð er fræðsluskylda fyrir 6 ára börn og í Bretlandi hefst skólaskylda við 5 ára aldur svo að dæmi séu tekin. Hins vegar hefst skólaskylda í Noregi enn við 7 ára aldur.

Nú sækja um 95% 6 ára barna forskóla. Kennslumagn fyrir 6 ára börn hefur verið miðað við fjölda þeirra í viðkomandi skóla, þ.e. ein stund á viku á hvert barn. Þetta þýðir að nemendum er mismunað stórlega þar sem kennslustundir geta verið allt frá einni stund á viku í minnstu skólunum upp í 20 í þeim stærstu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með grein þessari er lagt til að lögleidd verði skólaskylda 6 ára barna.

Um 2. gr.

3. gr. grunnskólalaga er breytt til sæmræmis við breytingar á 1. gr. og talað um 10 ára skóla. Núverandi 6 ára bekkur verður 1. bekkur, 1. bekkur verður 2. bekkur o.s.frv.

Um 3.–6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Hér er ekki breytt heiti bekkja og j-lið bætt við. Gert er ráð fyrir að vikulegur kennslutími 6 ára barna verði sá sami og gildandi lög kveða á um fyrir 7 ára börn.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Í greininni er eingöngu breytt þeim atriðum sem vísa til aldurs nemenda, sex ára breytt í fimm ára, sjö ára í sex ára o.s.frv. Að öðru leyti er greinin óbreytt.

Um 11.–15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Nd. 1071. Nefndarálit [525. mál]

um frv. til l. um Kvikmyndastofnun Íslands.

Frá 1. minni hl. menntamálanefndar.

Við athugun nefndarinnar á þessu frumvarpi kom í ljós að það er ótrúleg hrákasmíð. Frumvarpið er morandi í villum og ljóst er að gera þyrfti á því miklar breytingar til að koma viti í málið. Nefndin kallaði á sinn fund fulltrúa Félags kvikmyndagerðarmanna og Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Þorstein Jónsson, Þráin Bertelsson og Ara Kristinsson. Fram kom hjá þeim að frumvarp ráðherra væri ekki í samræmi við niðurstöður þeirrar nefndar sem um getur í greinargerð með frumvarpinu. Gerðu þeir miklar athugasemdir við frumvarpið og lögðu fram margar hugmyndir að breytingum. Þá kom á fund nefndarinnar úr úthlutunarnefnd Kvikmyndasjóðs, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. Gerði hún einnig miklar athugasemdir við frumvarpið og taldi verr af stað farið en heima setið með þetta mál. Taldi hún m.a. fráleita ráðstöfun að skipta úthlutunarnefnd í tvo aðskilda hópa enda væri það fjármagn, sem úthlutunarnefnd hefur til ráðstöfunar, ekki til skiptanna milli tveggja úthlutunarhópa og frumvarpið gerði ekki ráð fyrir auknu fjármagni til kvikmyndagerðar.

Knútur Hallsson, formaður stjórnar Kvikmyndasjóðs, kom einnig á fund nefndarinnar, gerði athugasemdir við frumvarpið og lagði fram skriflega greinargerð um málið. Allir þessir aðilar voru andvígir meginatriðum í frumvarpi ráðherra. Þá gerðist það, eftir að formaður nefndarinnar hafði tekið málið út úr nefndinni, að á fund hennar kom hópur manna sem hafði

sjálfur frumkvæði að því að ræða við nefndina. Það voru þeir Helgi Jónasson og Árni Björnsson, fulltrúar í stjórn Kvikmyndasjóðs þegar sérstaklega er fjallað um málefni Kvikmyndasafns. Með þeim var Guðbrandur Gíslason, framkvæmdastjóri Kvikmyndasjóðs. Lögðu þeir fram breytingartillögu um þann þátt frumvarpsins sem snertir stjórn Kvikmyndasafns.

Öll meðferð þessa máls í nefndinni var hroðvirknisleg og lítill tími gafst til að ræða einstök atriði. Var stöðugt rekið á eftir meðferð málsins og gestir nefndarinnar fengu óspart að heyra að þeir fengju lítinn tíma.

Átelja verður harðlega öll vinnubrögð í þessu máli. Gagnrýna verður ráðherra fyrir að leggja fram illa og hroðvirknislega unnið frumvarp. Enn fremur verður að gagnrýna meiri hl. nefndarinnar fyrir að kasta höndum til afgreiðslu þessa máls. Kvikmyndalistin í landinu á betra skilið.

Meiri hl. hefur vafalaust af góðum hug reynt að bæta frumvarpið með því að flytja breytingartillögur. Þær eru þó hvergi nærri fullnægjandi og enn eru villur í frumvarpinu. Alvarlegast af öllu er þó að frumvarpið bætir í engu hag kvikmyndalistarinnar í landinu.

Við undirrituð viljum sýna þessari ungu listgrein fullan sóma og teljum að Alþingi eigi að samþykkja vandað og vel gert frumvarp um kvikmyndagerð. Við teljum það óráð að samþykkja þetta óvandaða frumvarp nú og leggjum til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** til nánari athugunar.

Ef sú tillaga okkar verður ekki samþykkt áskiljum við okkur rétt til að flytja og fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 27. apríl 1990.

Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr., frsm. Sólveig Pétursdóttir.

Nd. 1072. Nefndarálit [525. mál]

um frv. til l. um Kvikmyndastofnun Íslands.

Frá 2. minni hl. menntamálanefndar.

Íslensk kvikmyndagerð á sér orðið töluverða sögu, þótt mest sé nú haldið á lofti því tímabili sem kennt hefur verið við „vor“ og hófst fyrir tíu árum.

Í upphafi þessa tímabils ríkti bjartsýni og ekki að ástæðulausu. Hver kvikmyndin rak aðra, ungir leikstjórar komu fram á sjónarsviðið og allir lögðu fúslega hönd á plóginn, báðum megin kvikmyndatökuvélarinnar. En brátt dró úr bjartsýninni og hægðist á ferðinni. Æ færri kvikmyndir voru framleiddar ár hvert. Það dró úr aðsókn, m.a. vegna þess að nýjabrumið var farið af, fjárhagsbyrðar urðu framleiðendum íslenskra kvikmynda of þungar í skauti og opinber framlög af svo skornum skammti að fáir gátu lagt út í framleiðslu nýrra kvikmynda. Nú er málum svo komið að árið 1989 voru tvær íslenskar kvikmyndir frumsýndar, í ár verður það ein og von er á einni árið 1991.

Það var því orðið tímabært að skapa íslenskri kvikmyndagerð nýjan og betri grundvöll með nýrri lagasetningu. Frumvarp til laga um Kvikmyndastofnun Íslands hefur verið nokkuð lengi í undirbúningi og miklar vonir við það bundnar. Því urðu vonbrigðin mikil þegar frumvarpið leit dagsins ljós. Ekki einasta var það svo illa unnið að illmögulegt var að skilja sumar greinar þess, heldur voru líka í því prentvillur sem breyttu efni frumvarpsins verulega.

En alvarlegast var þó að í frumvarpinu fólst engin sú nýbreytni sem skipti sköpum fyrir íslenska kvikmyndagerð. Fjárhagslega mun hún standa á jafnmiklum brauðfótum og nú.

Í umfjöllun nefndarinnar hefur ýmislegt verið fært til betri vegar, þ.e. ef breytingartillögur, sem meiri hl. nefndarinnar og fulltrúi Kvennalistans standa að og prentaðar eru á þskj. 1061, verða samþykktar en þar eru lagðar til breytingar á sex af þrettán greinum frumvarpsins og talar það sínu máli. Þar skipta mestu máli breytingar á fyrirkomulagi úthlutunar úr Kvikmyndasjóði.

Annar minni hl. flytur auk þess breytingartillögur á þskj. 1073. Þar er lagt til að virðisaukaskattur af útleigu myndbanda og sjónvarpsauglýsingum renni í Kvikmyndasjóð. Það væri rökrétt tilhögun. Í frumvarpinu er lagt til að framlag ríkissjóðs nemi áætluðum virðisaukaskatti af kvikmyndasýningum. Sú tillaga er í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins skýrð með eftirfarandi hætti: „Ákvæðið byggist á því að sýning erlendra kvikmynda hér á landi sé til styrktar íslenskri kvikmyndagerð.“

Einungis hluti áhorfenda erlendra kvikmynda sækir sýningar þeirra í kvikmyndahúsum. Myndbandanotkun eykst með ári hverju og því er það einungis hluti tekna ríkissjóðs af erlendum kvikmyndum sem innheimtist af kvikmyndasýningum. Annað eins fæst af útleigu myndbanda og fer sá hluti eflaust vaxandi. Þess vegna er fjarri lagi að halda því fram að „sýning erlendra kvikmynda hér á landi sé til styrktar íslenskri kvikmyndagerð“.

Niðurstaðan er því að í frumvarpinu felist, auk breyttrar úthlutunaraðferðar, fyrst og fremst nafnbreyting. Það dugir ekki minna en „stofnun“ til að standa straum af einni til tveimur leiknum íslenskum kvikmyndum á ári. Þá er e.t.v. verr farið af stað en heima setið því að ekki mun það eitt nægja. Íslensk kvikmyndagerð mun ekki ná að slíta barnsskónum við óbreyttar aðstæður.

Að breytingartillögu 2. minni hl. á þskj. 1073 samþykktri munu kvennalistakonur styðja frumvarpið, en sitja hjá ella.

Alþingi, 27. apríl 1990.

Þórhildur Þorleifsdóttir.

Nd. 1073. Breytingartillaga [525. mál]

við frv. til l. um Kvikmyndastofnun Íslands.

Frá Þórhildi Þorleifsdóttur.

Við 7. gr. Á eftir orðunum „af kvikmyndasýningum“ í 1. tölul. fyrri málsgreinar komi: útleigu myndbanda og sjónvarpsauglýsingum.

Nd. 1074. Breytingartillögur [366. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Jóni Kristjánssyni.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:

1. Almqvist, Jan Sigvard, verslunarmaður í Reykjavík, f. 1. september 1959 í Svíþjóð.
2. Ludwig, Margrét, tannlæknaritari í Reykjavík, f. 9. janúar 1968 í Bandaríkjunum.
3. O'Mahony, Maureen, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 24. júní 1920 á Írlandi.
4. Rabasca, María Borghildur, nemandi í Reykjavík, f. 16. maí 1970 í Keflavík.

Ed. 1075. Nefndarálit [434. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. apríl 1990.

Margrét Frímannsdóttir, form., frsm.	Guðmundur H. Garðarsson, fundaskr.	Karl Steinar Guðnason.
Danfríður Skarphéðinsdóttir.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jóhann Einvarðsson.
	Salome Þorkelsdóttir.	

Ed. 1076. Nefndarálit [411. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og bárust um það umsagnir frá Vinnumálasambandi samvinnufélaga, Hollustuvernd ríkisins og Vinnueftirliti ríkisins.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. apríl 1990.

Margrét Frímannsdóttir,	Guðmundur H. Garðarsson,	Jóhann Einvarðsson.
Danfríður Skarphéðinsdóttir.	Valgerður Sverrisdóttir.	Salome Þorkelsdóttir.
	Karl Steinar Guðnason.	

Nd. 1077. Breytingartillögur [525. mál]

við frv. til l. um Kvikmyndastofnun Íslands.

Frá Birgi Ísl. Gunnarssyni og Sólveigu Pétursdóttur.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Menntamálaráðherra skipar stofnuninni fimm manna stjórn til þriggja ára í senn. Skal einn skipaður samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra kvikmyndagerðarmanna, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda, einn samkvæmt tilnefningu Félags kvikmyndaleikstjóra, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra listamanna og einn án tilnefningar. Stjórnin skipti sjálf með sér verkum.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Stjórn Kvikmyndastofnunar tilnefnir aðila utan stjórnar til að annast úthlutun úr sjóðnum. Enginn skal annast úthlutun lengur en þrjú ár í röð og mega úthlutunaraðilar ekki eiga hagsmuna að gæta við úthlutun.
3. Við 7. gr. 1. tölul. 1. mgr. orðist svo:
   Árlegt framlag úr ríkissjóði er nemi áætluðum virðisaukaskatti af kvikmyndasýningum, útleigu myndbanda og sjónvarpsauglýsingum. Áætlun þessi skal gerð af Hagstofu Íslands og miðast við verðlag eins og það er við gerð fjárlaga hverju sinni.

4. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
Nú ákveður úthlutunaraðili að lána til verkefnis og skal hann þá kynna sér fjárhag fyrirtækisins eftir föngum. Miða skal við að úthlutunaraðili veiti að jafnaði ekki lán til kvikmyndaframleiðenda sem hafa minna en 10% eigið fé til að leggja fram til verkefnis. Úthlutunaraðila er heimilt að veita til viðbótar við lánið ábyrgð fyrir bankalánum til þess að standa undir allt að 15% kostnaðar. Verði hagnaður af sýningu myndarinnar greiðir kvikmyndafyrirtækið lánið, ella fellur það á Kvikmyndasjóð.

Ed. 1078. Lög [453. mál]

um breytingu á lögum nr. 67/1988, um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu.

(Afgreidd frá Ed. 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 788.

Ed. 1079. Lög [496. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Norðurlanda um aðstoð í skattamálum.

(Afgreidd frá Ed. 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 868.

Sþ. 1080. Svar [18. mál]

ráðherra Hagstofu Íslands við fyrirspurn Hreggviðs Jónssonar um fasteignaskatt á Norðurlöndum.

Þar sem Hagstofan hefur ekki þau gögn sem nauðsynleg eru til að svara fyrirspurninni var hún send félagsmálaráðuneytinu. Hagstofunni hefur nú borist svar þaðan sem hér fylgir.

Ráðuneytið leitaði til sendiráða Íslands á Norðurlöndum vegn öflunar upplýsinga um fasteignaskatta í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Jafnframt var stuðst við skýrslu sem unnin var af norrænum starfshóp um skatta- og lánafyrirkomulag húsnæðismála á Norðurlöndum. Skýrslan ber heitið: *Bolig, inflation og skat* og var gefin út af norrænu ráðherranefndinni árið 1987 (Bolig, inflation og skat. Rapport afgivet af nordisk arbejdsgruppe om realfinansiering og realbeskatning, Nordisk Ministerråd, Nord 1987:40, bls. 151–154).

1. *Er fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð mismunandi eftir eignarformi, þ.e. einkaeign, félagaeign eða opinberri eign?*

Í Danmörku og Noregi skiptir eignarform ekki máli hvað varðar reglur um fasteignaskatta. Í Svíþjóð gilda sömu reglur um fasteignaskatta á öllu húsnæði nema því sem er í eigu lögaðila en það er undanþegið fasteignasköttum. Í Finnlandi eru engin fasteignagjöld samkvæmt upplýsingum úr skýrslunni *Bolig, inflation og skat.*

2. *Hversu hár er fasteignaskattur í hverju þessara landa fyrir sig og með hvaða hætti er hann reiknaður?*

Fasteignagjöld eru ákveðin með nokkuð mismunandi hætti á Norðurlöndum.

Í **Danmörku** innheimta sveitarfélög skatt sem tekur mið af lóðarmatinu og er reyndar eitt Norðurlanda um að skattleggja á grundvelli þess. Hvert bæjar- eða sveitarfélag ákvarðar

lóðarskatt sem prómill af lóðarmatinu (grundværði) innan lögboðinna takmarka frá 6 prómill upp í 24 prómill (meðaltalið er 12,48 prómill). Skattur svæðisbundinna samtaka sveitarfélaga (amtskommuner) er alltaf 10 prómill af lóðarmatinu. Hæsti lóðarskattur getur því orðið sem svarar til 34 prómill af lóðarmatinu.

Í **Noregi** og **Svíþjóð** er lagður á fasteignaskattur sem tekur mið af sérstöku fasteignamati sem byggist bæði á lóðar- og íbúðarmati.

Kirkjumálaráðherra skipar sóknarpresta í embætti, sbr. lög um veitingu prestakalla, nr. 44/1987. Ráðherra ræður aðra presta til þjónustu, að fengnum tillögum biskups.

Biskup setur prestum erindisbréf.

16. gr.

Almenn skilyrði til skipunar eða setningar í prestsembætti eru þessi:

1. 25 ára aldur. Kirkjumálaráðherra getur þó, að tillögu biskups, veitt undanþágu frá því ákvæði.
2. Embættispróf frá guðfræðideild Háskóla Íslands eða frá viðurkenndri guðfræðideild eða guðfræðiskóla og skal biskup um hið síðarnefnda atriði leita umsagnar guðfræðideildar Háskóla Íslands.

3. Áður en kandídat hlýtur vígslu skal hann hafa starfað með sóknarpresti eigi skemur en fjóra mánuði undir eftirliti prófasts. Um framkvæmd og eftirlit þessa skal nánar kveðið á um í reglugerð. Að öðru leyti fer um nám í kennimannlegri guðfræði svo sem segir í reglugerð um nám í guðfræðideild Háskóla Íslands.
4. Aðili hafi ekki gerst sekur um athæfi sem ætla má að rýri álit hans og sé ósamboðið manni í prestsstarfi. Nú telur biskup að hæfni kandídats orki tvímælis og getur hann þá kvatt þriggja manna nefnd sér til ráðuneytis.
5. Að öðru leyti verður maður að fullnægja almennum skilyrðum 3. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

17. gr.

Biskup skal vandlega gæta þess að eigi veljist aðrir til prestsþjónustu í þjóðkirkjunni en þeir sem til þess eru hæfir að framkvæma prestlegt embætti og annast sálgæslu sóknarbarna sinna. Er engum óvígðum guðfræðingi heimilt að sækja um prestsstarf í þjónustu kirkjunnar nema fyrir liggi umsögn biskups um að hann fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru til prestsvígslu.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði um presta og starfsskyldur þeirra.

18. gr.

Sóknarprestar og aðrir starfsmenn þjóðkirkjunnar, sem lög þessi ná til og taka laun úr ríkissjóði, eru opinberir starfsmenn og njóta lögkjara og bera skyldur samkvæmt því, sbr. m.a. lög nr. 38/1954.

19. gr.

Skylt er sóknarpresti að taka við embætti sínu jafnskjótt og föng eru á eftir að hann hefur hlotið skipun. Ráðherra getur þó samkvæmt tillögu biskups veitt presti, er situr jörð, frest til næstu fardaga til að taka við embættinu.

20. gr.

Hver sóknarprestur skal hafa með höndum kirkjulega þjónustu samkvæmt vígslubréfi í sínu prestakalli nema lög eða stjórnvaldsreglur mæli fyrir um annað.

21. gr.

Prestum ber að hafa samstarf um kirkjulega þjónustu innan hvers prófastsdæmis undir stjórn prófasts. Samstarf presta skal m.a. lúta að:

1. Afleysingaþjónustu í sumarleyfum og á frídögum presta.
2. Samvinnu um ýmsa kirkjulega þjónustu sem er með einhverjum hætti sameiginleg fyrir prófastsdæmið í heild eða hluta þess.

22. gr.

Biskupi er heimilt að fela sóknarpresti, er þjónar í prestakalli þar sem íbúafjöldi er innan við 700 íbúa og aðstæður að öðru leyti leyfa, að annast bæði tiltekin verkefni og þjónustu í einstökum sóknum utan prestakalls síns að tillögu prófasts, án viðbótarlauna en gegn greiðslu kostnaðar.

23. gr.

Sóknarpresti er skylt að taka að sér aukaþjónustu sókna innan prófastsdæmis, ef þörf krefur, samkvæmt boði biskups gegn launum skv. 26. gr. laga nr. 38/1954, sbr. þó 22. gr.

24. gr.

Nú er kirkja á prestssetursjörð og skal prestur þá hafa umsjón með henni í samvinnu við sóknarnefnd. Ef prestur situr ekki prestssetursjörð skal ábúanda skylt, að ósk sóknarnefndarmanna, að hafa eftirlit með slíkri kirkju.

25. gr.

Sóknarprestur skal að jafnaði sitja sóknarnefndarfundi, sbr. 17. gr. laga um kirkjusóknir o.fl., nr. 25/1985. Hann á sæti á héraðsfundum og er skylt að sækja þá. Þá er honum að forfallalausu skylt að sitja fundi er biskup og prófastur boða hann til.

26. gr.

Nú rís ágreiningur milli presta um rétt eða skyldu þeirra til tiltekinnar þjónustu. Ber þá viðkomandi prófasti að leita sátta í málinu. Ef niðurstaða næst ekki leggur hann málið fyrir biskup til úrskurðar.

V. KAFLI

Um prófasta.

27. gr.

Kirkjumálaráðherra skipar prófasta úr hópi þjónandi presta í prófastsdæminu með ráði biskups er leitað hefur áður álits þjónandi presta í prófastsdæminu og þriggja fulltrúa leikmanna sem kosnir eru á héraðsfundi til fjögurra ára í senn, þó ekki fleiri en þjónandi prestar eru í prófastsdæminu. Sóknarpresti er skylt að takast á hendur prófastsembætti. Biskup getur falið presti eða nágrannaprófasti að gegna prófastsembætti um stundarsakir ef sérstaklega stendur á svo sem vegna fjarveru prófasts eða veikinda hans eða vegna þess að prófasts missir við.

Nú lætur prófastur af prestsembætti í prestakalli og verður prófastsembætti þá laust. Nú telur prófastur sér óhægt að gegna embættinu vegna veikinda eða af öðrum sérstökum persónulegum ástæðum og er þá heimilt að leysa hann undan því embætti þótt hann gegni prestsembætti sínu eftirleiðis.

Biskup setur próföstum erindisbréf.

28. gr.

Prófastur er fulltrúi biskups í prófastsdæminu og trúnaðarmaður hans og hefur í umboði hans almenna umsjón með kirkjulegu starfi þar. Hann er í fyrirsvari fyrir prófastsdæmið að því er varðar sameiginleg málefni þess, gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og einstaklingum.

Nú er kirkjuleg starfsstöð stofnuð í prófastsdæminu og veitir prófastur henni jafnaðarlega forstöðu og skipuleggur starfsemi á hennar vegum. Hann er formaður stjórnar héraðssjóðs prófastsdæmis, svo og héraðsnefndar. Hann boðar héraðsfund í samvinnu við héraðsnefnd og stjórnar fundum hennar, undirbýr mál sem sá fundur fær til meðferðar og kemur ályktunum fundarins til biskups og annarra aðila og fylgir þeim eftir, sbr. og VII. kafla laga nr. 25/1985.

29. gr.

Prófastur hefur eftirlit með prestssetrum, kirkjum og kirknaeignum í prófastsdæmi. Hann skýrir biskupi frá því sem honum þykir athugavert um þessar eignir, þar á meðal skort á viðhaldi, og getur biskup lagt fyrir rétta aðila að bæta úr.

Prófastur framkvæmir úttekt á prestssetrum og embættisbústöðum presta við prestaskipti og þegar prestur flytur í annað húsnæði innan prestakallsins. Hann tekur út nýjar kirkjur, kapellur og safnaðarheimili.

Prófastur setur nýjan prest í embætti, heimsækir presta og vísiterar kirkjur og söfnuði samkvæmt nánari ákvæðum í erindisbréfi. Hann fylgir biskupi á vísitasíum hans til presta og safnaða í prófastsdæminu.

Prófastur hefur eftirlit með að prestar skili embættisskýrslum til Hagstofu Íslands. Hann gengur eftir því að starfsskýrslum og endurskoðuðum reikningum sé skilað á réttum tíma og leggur fyrir héraðsfund með athugasemdum sínum og sóknarnefnda og gerir tillögur um úrlausn. Þá fjallar hann um ágreining sem kann að rísa milli sóknarprests, sóknarnefndar og safnaðar.

Prófastur löggildir gerðabækur og aðrar bækur sóknarnefndar, eftir því sem við á.

Prófastur veitir presti leyfi til fjarvista úr prestakalli um stundarsakir, en leyfi til lengri fjarvista veitir biskup, að höfðu samráði við kirkjumálaráðherra.

Prófastur skipuleggur samstarf presta innan prófastsdæmis, sbr. 21. gr., og afleysingarþjónustu presta í sumarleyfum og öðrum samningsbundnum leyfum þeirra.

Nú getur sóknarprestur ekki gegnt embætti vegna veikinda, fjarvista eða af öðrum ástæðum og ákveður prófastur þá í samráði við sóknarprest hvernig þjónusta hans skuli leyst af hendi.

30. gr.

Prófastur hefur þau afskipti af veitingu prestakalla sem lög kveða á um.

Prófastur skipuleggur endurmenntun presta, sem prófastsdæmið beitir sér fyrir, í samráði við biskup og prestafélög.

Prófastur sér um bókasafn prófastsdæmis, en guðfræðilegu bókasafni prófastsdæmis skal komið á fót samkvæmt ákvörðun héraðsfundar og héraðsnefndar fyrir fé sem veitt kann að vera á fjárlögum í þessu skyni og úr héraðssjóði, svo og fyrir framlög einstakra manna.

31. gr.

Prófastur hefur þau afskipti af kirkjugörðum og heimagrafreitum sem lög kveða á um.

32. gr.

Í hverju prófastsdæmi skal með samþykki ráðherra og að fenginni tillögu biskups leggja prófasti til sérstaka aðstöðu eða árlegt fjárframlag vegna skrifstofuhalds, eftir því sem ráðuneytið samþykkir.

33. gr.

Prófastur fær greiðslur úr ríkissjóði vegna ferðalaga í þágu prófastsdæmisins samkvæmt reikningi er dóms- og kirkjumálaráðuneytið úrskurðar.

34. gr.

Biskup boðar prófasta til fundar a.m.k. einu sinni á ári til umræðna um málefni þjóðkirkjunnar og þau mál er sérstaklega varða störf prófasta og tengsl þeirra við biskup og dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Ferðakostnaður prófasta og önnur útgjöld vegna fundarsetu greiðist úr ríkissjóði samkvæmt reikningi er dóms- og kirkjumálaráðuneytið úrskurðar.

VI. KAFLI

Um biskup Íslands og embætti hans.

35. gr.

Ísland skal vera eitt biskupsdæmi.

Forseti Íslands skipar biskup Íslands. Um kosningu hans og kjörgengi fer samkvæmt lögum um biskupskosningu, nr. 96/1980. Biskup hefur aðsetur í Reykjavík.

36. gr.

Biskup fer með yfirstjórn málefna þjóðkirkjunnar, nema mál heyri undir kirkjumálaráðherra samkvæmt lögum eða venju.

Biskup er forseti kirkjuþings og kirkjuráðs. Hann fylgir eftir markaðri stefnu kirkjuþings og prestastefnu og hefur ákvörðunarvald um einstök mál, nema þau lúti forsjá kirkjuráðs.

Biskup vígir presta og kirkjur að svo miklu leyti sem hann felur ekki vígslubiskupum það verkefni. Hann hefur yfirumsjón með kristnihaldi og kirkjulegu starfi í landinu. Hann vísiterar kirkjur, presta og söfnuði.

Biskup hefur samráð við vígslubiskup eða vígslubiskupa um ákvörðun meiri háttar málefna er kirkjuna varðar og getur falið vígslubiskupi að koma fram fyrir hönd kirkjunnar.

37. gr.

Embættisskrifstofa biskups, biskupsstofa, skal vera í Reykjavík. Þar hafa kirkjuþing og kirkjuráð einnig aðsetur. Biskupsstofa annast afgreiðslu mála þjóðkirkjunnar, þar á meðal mála kirkjuþings og kirkjuráðs.

Biskupsstofa annast vörslu og reikningshald sjóða og annarra eigna þjóðkirkjunnar.

38. gr.

Biskup ræður starfsmenn á biskupsstofu, að fenginni heimild ráðherra, þar á meðal biskupsritara, skrifstofustjóra, forstöðumenn deilda, fulltrúa og aðra starfsmenn. Enn fremur ræður biskup aðra starfsmenn þjóðkirkjunnar, nema lög mæli fyrir um annað.

Ráðherra getur, eftir tillögum biskups, ákveðið hæfnisskilyrði og ráðningartíma starfsmanna er gegna tilteknum verkefnum á biskupsstofu.

39. gr.

Biskup boðar prestastefnu Íslands og er forseti hennar.

Á prestastefnu hinnar íslensku þjóðkirkju eiga setu og atkvæðisrétt vígslubiskupar, allir starfandi þjóðkirkjuprestar, svo og fastir kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands með guðfræðimenntun. Aðrir prestar og guðfræðingar eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti.

40. gr.

Biskup boðar til leikmannastefnu. Á henni eiga sæti fulltrúar frá prófastsdæmum landsins, kjörnir á héraðsfundum. Þá eiga þar sæti fulltrúar frá landssamtökum kristilegra félaga sem starfa á kenningargundvelli þjóðkirkjunnar, svo og fastir kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands sem ekki eru guðfræðingar.

Biskup setur nánari reglur um leikmannastefnu (m.a. um kjör fulltrúa), að fengnum tillögum hennar.

41. gr.

Í forföllum biskups setur ráðherra þann vígslubiskup, er biskup tilkveður, til þess að gegna embætti biskups.

Nú fellur biskup frá eða lætur af embætti og skal þá setja þann vígslubiskup, sem eldri er að biskupsvígslu, til þess að gegna embætti biskups.

VII. KAFLI

Um vígslubiskupa og embætti þeirra.

42. gr.

Tveir vígslubiskupar skulu vera hér á landi. Hafa þeir aðsetur í Skálholti í Biskupstungum og á Hólum í Hjaltadal.

Vígslubiskup í Skálholti hefur með höndum prestsþjónustu í Skálholtsprestakalli og skal honum ráðinn aðstoðarprestur.

Vígslubiskup á Hólum hefur með höndum prestsþjónustu í Hólaprestakalli. Skal hann njóta aðstoðarþjónustu nágrannapresta eða farprests.

43. gr.

Forseti Íslands skipar vígslubiskupa.

Um kosningu vígslubiskupa og kjörgengi gilda ákvæði laga um biskupskjör, nr. 96 frá 1980, eftir því sem við getur átt, en ráðherra setur í reglugerð nánari reglur um kosningu og kjörgengi þeirra.

44. gr.

Umdæmi vígslubiskups í Skálholti nær yfir Múla-, Austfjarða-, Skaftafells-, Rangárvalla-, Árness-, Kjalarness-, Reykjavíkur-, Borgarfjarðar-, Snæfellsness- og Dala-, Barðastrandar- og Ísafjarðarprófastsdæmi.

Umdæmi vígslubiskups á Hólum nær yfir Húnavatns-, Skagafjarðar-, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.

45. gr.

Verkefni vígslubiskupa í hvoru umdæmi fyrir sig skulu vera eftirfarandi:

1. Að hafa tilsjón með kristnihaldi og vera biskupi til aðstoðar um kirkjuleg málefni.
2. Að vígja kirkjur í umboði biskups.
3. Að vígja presta að boði biskups.
4. Að vísitera kirkjur, presta og söfnuði umdæma sinna í samráði við biskup.

Einnig skulu vígslubiskupar vera biskupi til ráðuneytis um sameiginleg málefni þjóðkirkjunnar og gegna að öðru leyti þeim störfum sem biskup felur þeim.

46. gr.

Vígslubiskupar eiga sæti á árlegum prófastafundi. Þeir skulu sitja fundi kirkjuráðs þegar þeir eru tilkvaddir af ráðinu og sérstaklega er fjallað um málefni embætta þeirra og umdæma. Þeir eiga enn fremur sæti á kirkjuþingi og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, sbr. lög um kirkjuþing og kirkjuráð, nr. 48 frá 1982.

VIII. KAFLI

Stjórnvaldsreglur o.fl.

47. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, að fengnum tillögum biskups.

48. gr.

Nú er prestakall lagt niður samkvæmt lögum þessum og skal þá presti í því prestakalli gefinn kostur á embætti í viðkomandi prófastsdæmi eða öðru og skal hann njóta launa og annarra starfskjara eigi lægri en hann áður hafði.

49. gr.

Við gildistöku laga þessara ber starfandi sóknarprestum og próföstum að hlíta, án sérstakra viðbótarlauna, þeim breytingum er verða á stærð prestakalla og prófastsdæma.

50. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1990.

Frá sama tíma falla úr gildi þessi lög og réttarreglur:

Konungsbréf 16. febr. 1621, um aldur presta.

Alþingissamþykkt 30. júní 1629, um legorð presta.

Alþingissamþykkt 1. júlí 1629, um prestmötu.

Konungsbréf 10. desember 1646, um legorð presta.

Dönsku lög Kristjáns V. frá 15. apríl 1683, 2. bók 2. kap. 5. gr. og 2. bók 11. kap. 13. gr.

Konungsbréf 9. maí 1738, um legorð andlegrar stéttar manna.

Konungsbréf 6. maí 1740, um portionsreikninga bændakirkna.

Tilskipun 29. maí 1744, áhrærandi ungdómsins catechisation á Íslandi.

Konungsbréf 19. maí 1747, um gegnumdregnar bækur.

Konungsbréf 27. febr. 1756, um uppreist presta er vikið hefur verið frá embætti.

Konungsbréf 11. mars 1796, um prestsverk prófasta innan prófastsdæmis.

Lög nr. 4 27. febr. 1880, um eftirlaun presta.

Lög nr. 13 3. okt. 1884, um eftirlaun prestsekkna.

Lög nr. 21 22. maí 1890, viðaukalög við lög nr. 5 27. febr. 1880, um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda.

Lög nr. 47 16. nóv. 1907, um laun prófasta, 3. gr.

Lög nr. 48 16. nóv. 1907, um ellistyrk presta og eftirlaun.

Lög nr. 49 16. nóv. 1907, um skyldu presta til að kaupa ekkjum sínum lífeyri.

Lög nr. 38 30. júlí 1909, um vígslubiskupa.

Lög nr. 26 16. febr. 1953, um heimild fyrir kirkjumálaráðherra til að taka leigunámi og byggja á erfðaleigu hluta af prestssetursjörðum.

Lög nr. 35 9. maí 1970, um skipan prestakalla og prófastsdæma og um Kristnisjóð, 1.–4., 6.–10. og 14.–17. gr. Heiti þeirra laga breytist jafnframt og verður: **Lög um Kristnisjóð o.fl.**

Við gildistöku laganna skal Múlasókn í Barðastrandarprófastsdæmi sameinast Gufudalssókn í sama prófastsdæmi, Staðarsókn í Grunnavík í Ísafjarðarprófastsdæmi sameinast Hólssókn í sama prófastsdæmi og Flateyjarsókn í Þingeyjarprófastsdæmi sameinast Húsavíkursókn í sama prófastsdæmi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal óbreytt skipan haldast um tvo sóknarpresta í tvímenningsprestaköllum meðan þeir prestar gegna stöðum þessum sem ráðnir voru til starfa fyrir gildistöku laganna. Verði prestakalli, sem tveir sóknarprestar þjóna, skipt, sbr. 5. gr., hefur sá prestur, sem lengri hefur þjónustualdur í kallinu, rétt til þess að velja hvaða hluta þess hann hyggst þjóna.
2. Ráðherra getur ákveðið, ef sérstaklega stendur á, að fresta ákvörðun um sameiningu prestakalla skv. 1. gr. Ákvörðun um þetta skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.
3. Í staðinn fyrir þau prestsembætti, sem lögð eru niður skv. 1. gr., skulu upp tekin í prófastsdæmunum samkvæmt liðum I–XIII í sömu grein eigi færri embætti farpresta og/eða aðstoðarpresta, sbr. 3. og 9. gr.
4. Ákvæði laga þessara um vígslubiskupa taka til þeirra vígslubiskupa sem nú eru í starfi. Þó skulu ákvæði 42. gr. um fasta búsetu vígslubiskupa ekki eiga við um vígslubiskupa sem eru í starfi við gildistöku laganna.
5. Meðan núverandi sóknarprestur í Skálholtsprestakalli þjónar kallinu taka ákvæði 42. gr., um að vígslubiskup í Skálholti gegni prestsstörfum í Skálholtsprestakalli, ekki gildi.
6. Lög þessi skulu koma til endurskoðunar eigi síðar en 1998.

Ed. 1095. Nefndarálit [521. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess óbreytts.

Alþingi, 28. apríl 1990.

Jón Helgason, form.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson, frsm.
Ey. Kon. Jónsson.	Jóhann Einvarðsson.	Salome Þorkelsdóttir.

Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Nd. 1096. Nefndarálit [519. mál]

um frv. til l. um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk til viðræðna um frumvarpið Þórarin V. Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands, Hannes G. Sigurðsson, hagfræðing Vinnuveitendasambandsins, Ásgeir Daníelsson, hagfræðing hjá Þjóðhagsstofnun, Sigurð Stefánsson endurskoðanda, Benedikt Valsson, hagfræðing Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Kristján Ragnarsson, framkvæmdastjóra Landssambands íslenskra útvegsmanna, Svein Hjört Hjartarson, hagfræðing Landssambands íslenskra útvegsmanna, Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda, Friðrik Pálsson, forstjóra Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Óskar Vigfússon, forseta Sjómannasambands Íslands, Hólmgeir Jónsson, hagfræðing Sjómannasambandsins, Ólaf Klemensson og Eirík Guðnason frá Seðlabanka Íslands. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Þjóðhagsstofnun og Sjómannasambandi Íslands.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Hreggviður Jónsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Þórhildur Þorleifsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykkt áliti þessu.

Alþingi, 27. apríl 1990.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, form., frsm.	Geir Gunnarsson.	Alexander Stefánsson.

Guðni Ágústsson.

Nd. 1097. Breytingartillögur [519. mál]

við frv. til l. um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar (JSS, GeirG, AS, GuðnÁ).

1. Við 2. gr.
   a. Í stað 2. málsl. komi tveir nýir málsliðir er orðist svo: Einn fulltrúi skal skipaður samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Landssambands íslenskra útvegsmanna, Sjó-

mannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, einn samkvæmt sameiginlegri tilnefningu hagsmunasamtaka í fiskiðnaði og þrír án tilnefningar. Sjávarútvegsráðherra skipar formann sjóðstjórnar.

b. Við bætist nýr málsliður er orðist svo: Náist ekki samkomulag um sameiginlega tilnefningu fulltrúa í stjórn skipar ráðherra hann án tilnefningar.

2. Við 3. gr. Í stað 2. málsl. komi tveir nýir málsliðir er orðist svo: Við sjóðinn skal starfa sérstök deild fyrir botnfiskafurðir. Sjávarútvegsráðherra tekur að öðru leyti ákvörðun um skiptingu sjóðsins í deildir eftir tegundum afurða samkvæmt tillögum sjóðstjórnar.

3. Við 6. gr. 1. málsl. orðist svo:

Sjávarútvegsráðherra skal ákveða mánaðarlega fyrir fram, að fenginni tillögu sjóðstjórnar, það hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við.

Ed. 1098. Frumvarp til laga [524. mál]

um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver o.fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 28. apríl.)

1. gr.

Niðurlag 1. mgr. 1. gr. laga nr. 60/1981 breytist þannig að við bætast tveir málsliðir sem orðist svo:

— að stækka Búrfellsvirkjun í allt að 310 MW afl,
— að stækka Kröfluvirkjun í allt að 60 MW afl.

2. gr.

Á eftir 2. mgr. 1. gr. laga nr. 60/1981 komi ný málsgrein sem orðist svo:

Iðnaðarráðherra er heimilt að veita Hitaveitu Reykjavíkur leyfi til að reisa og reka jarðvarmavirkjun til raforkuframleiðslu á Nesjavöllum með allt að 76 MW afli, í tveimur áföngum (38 MW hvor áfangi), enda liggi fyrir samningur um rekstur hvors áfanga virkjunarinnar um sig sem hluta af raforkukerfi landsins.

3. gr.

2. gr. laga nr. 60/1981 orðist svo:

Röð framkvæmda við virkjanir og aðrar stórframkvæmdir í raforkumálum skal ráðast af væntanlegri nýtingu orkunnar og skal þess gætt að orkuöflunin verði með sem hagkvæmustum hætti fyrir þjóðarbúið. Við val á virkjunarkostum skal einnig leitast við að auka öryggi í vinnslu og flutningi á raforku um landið. Áður en iðnaðarráðherra ákveður röð framkvæmda skulu liggja fyrir greinargerðir frá Landsvirkjun, Orkustofnun og öðrum aðilum sem hann kveður til.

4. gr.

Á eftir 1. mgr. 6. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, komi tvær nýjar málsgreinar sem orðist svo:

Landsvirkjun reisir og rekur samkvæmt lögum nr. 60/1981 eftirtalin raforkuver, að fengnu leyfi iðnaðarráðherra skv. 7. gr. þessara laga: Búrfellsvirkjun með allt að 310 MW afli, Sultartangavirkjun með allt að 130 MW afli, Hrauneyjafossvirkjun með allt að 280 MW afli, Sigölduvirkjun með allt að 200 MW afli og Kröfluvirkjun með allt að 60 MW afli.

Landsvirkjun er heimilt, að fengnu samþykki iðnaðarráðherra, að gera ráðstafanir til að tryggja rekstur orkuvera á Þjórsársvæðinu, m.a. með Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og stíflu við Sultartanga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Takist samningar um að reisa nýtt álver á grundvelli yfirlýsingar, dags. 13. mars 1990, milli ríkisstjórnarinnar og Atlantal-aðilanna um ásetning að ljúka samningum um nýtt álver með um 200 þús. tonna framleiðslugetu á ári skal mæta orkuþörf þess með því að ráðast auk Blönduvirkjunar í eftirtaldar framkvæmdir, sbr. 1. og 2. gr. þessara laga og 6. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun:

1. Fljótsdalsvirkjun.
2. Stækkun Búrfellsvirkjunar, 5. áfanga Kvíslaveitu og stækkun miðlunar í Þórisvatni.
3. Stækkun Kröfluvirkjunar og 1. áfanga Nesjavallavirkjunar takist samningar við Hitaveitu Reykjavíkur um samrekstur virkjunarinnar við raforkukerfi landsins.

II.

Landsvirkjun er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að verja allt að 300 milljónum króna á árinu 1990 til undirbúnings Fljótsdalsvirkjunar, stækkunar Búrfellsvirkjunar, 5. áfanga Kvíslaveitu og stofnlína eins og nauðsynlegt er til þess að unnt verði að sjá nýju álveri fyrir nægri raforku árið 1994 og taka að láni þá fjárhæð eða jafnvirði hennar í erlendri mynt.

Ed. 1099. Lög [366. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 1092.

Ed. 1100. Lög [177. mál]

um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 1089.

Ed. 1101. Lög [434. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 755.

Sþ. 1102. Fyrirspurn [573. mál]

til landbúnaðarráðherra um landgræðslu á Vestfjörðum.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

1. Hvernig ástand er á girðingu Landgræðslunnar á Vestfjörðum?
2. Hvað miðar uppgræðslu í þeim?
3. Hvenær er talið að uppgræðslu verði lokið samkvæmt áætlun þar um?

Sþ. 1103. Nefndarálit [192. mál]

um till. til þál. um heimild til handa forsetum Alþingis að ganga til samninga um kaup á Hótel Borg.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur haft tillöguna til meðferðar um nokkurt skeið. Hún fékk til viðræðna við sig um efni tillögunnar fulltrúa eigenda Hótel Borgar, fulltrúa borgarstjóra og skipulagsyfirvalda Reykjavíkurborgar, svo og núverandi rekstraraðila og hótelstjóra Hótel Borgar.

Í nefndinni voru mjög skiptar skoðanir um hvort rétt væri að Alþingi festi kaup á Hótel Borg og var ekki meiri hl. fyrir afgreiðslu tillögunnar eins og hún lá fyrir. Samkomulag var hins vegar gert um það í nefndinni að afgreiða málið nokkuð samhliða afgreiðslu fjáraukalaga fyrir árið 1990.

Afgreiðsla hefur nú farið fram í nefndinni. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að tillagan verði afgreidd með nokkrum breytingum, m.a. í ljósi þeirrar stöðu sem upp hefur komið. Meiri hl. flytur breytingatillögur sínar á sérstöku þingskjali og varða þær bæði efnisgrein tillögunnar og fyrirsögn hennar.

Alþingi, 28 apríl 1990.

Sighvatur Björgvinsson, form., frsm.	Margrét Frímannsdóttir, fundaskr.	Alexander Stefánsson.
Málmfríður Sigurðardóttir.	Ásgeir Hannes Eiríksson.	Ólafur Þ. Þórðarson.

Sþ. 1104. Breytingartillögur [192. mál]

við till. til þál. um heimild til handa forsetum Alþingis að ganga til samninga um kaup á Hótel Borg.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar (SighB, MF, AS, MálmS, ÁHE, ÓÞÞ).

1. Tillgr. orðist svo:

   Alþingi ályktar að heimila forsetum Alþingis að ganga til samninga um kaup eða leigu á húsnæði fyrir Alþingi í næsta nágrenni við Alþingishúsið, eftir því sem hagkvæmara þykir.

   Hafa skal samráð við fjárveitinganefnd um ákvarðanir.
2. Fyrirsögn tillögunnar verði: Till. til þál. um heimild til handa forsetum Alþingis til þess að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Alþingi.

Sþ. 1105. Nefndarálit [212. mál]

um till. til þál. um að kanna hvernig önnur smáríki afla sér tekna og haga stjórnkerfi sínu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og telur eðlilegt að ríkisstjórnin eigi frumkvæði að því að þær hugmyndir, sem fram koma í tillögunni, verði athugaðar nánar. Nefndin leggur því til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 27. apríl 1990.

Jóhann Einvarðsson, form., frsm.	Hjörleifur Guttormsson, fundaskr.	Ey. Kon. Jónsson.
Jón Kristjánsson.	Birgir Ísl. Gunnarsson.	Kristín Einarsdóttir.
	Karl Steinar Guðnason.	

Sþ. 1106. Nefndarálit [509. mál]

um till. til þál. um að flýta framkvæmdum við jarðgöng á Vestfjörðum.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur haft tillöguna til meðferðar og kallaði til fundar við sig vegamálastjóra og aðstoðarvegamálastjóra, svo og ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins og aðra starfsmenn þess ráðuneytis. Nefndin óskaði frekari skýringa á nokkrum atriðum tillögunnar og voru þær skýringar gefnar. Þá óskaði nefndin eftir kostnaðaryfirliti um framkvæmdir við jarðgöng á Vestfjörðum og um kostnað við að flýta jarðgangagerðinni frá því sem gildandi vegáætlun gerir ráð fyrir. Þessar upplýsingar um kostnað eru birtar sem fylgiskjal með nefndarálitinu.

Að lokinni athugun nefndarinnar á málinu urðu nefndarmenn ásáttir um að gera þyrfti nokkrar breytingar á tillögugreininni. Er þar annars vegar um að ræða textabreytingar í því skyni að gera merkingu skýrari án þess að um nokkrar efnisbreytingar sé þar að ræða. Hins vegar er í tillögu nefndarinnar lögð til sú efnisbreyting að ljóst sé við afgreiðslu þingsályktunartillögunnar að framkvæmdir við jarðgöng á Vestfjörðum skuli unnar samkvæmt vegáætlun og þar sé ráð fyrir þeim gert eins og á sér stað um aðrar vegaframkvæmdir í landinu sem kostaðar eru af ríkissjóði. Til þess að fyllsta samræmis sé þar gætt áformar fjárveitinganefnd að flytja um það tillögu við afgreiðslu vegáætlunar nú á þessu vori að sá kostnaður, sem verður á árinu 1990 við að flýta jarðgangagerð á Vestfjörðum, komi inn á vegáætlun annars vegar sem sérstakt framlag úr ríkissjóði teknamegin í áætluninni og hins vegar sem framkvæmdafé til undirbúningsrannsókna við jarðgangagerðina gjaldamegin.

Í greinargerð með tillögunni segir að viðbótarkostnaður við að flýta jarðgangagerð á Vestfjörðum verði 47 m.kr. á árinu 1990. Þar segir einnig, eins og síðar var ítrekað við fjárveitinganefnd, að ætlunin sé að sjá fyrir þeirri fjáröflun með lántöku ríkissjóðs og samsvarandi framlagi úr ríkissjóði og að miðað sé við að fjárhæðin verði sett inn í fjáraukalög 1990 sem fram verði lögð í upphafi þings næsta haust. Verði þá jafnframt aflað lántökuheimildar og þá í tengslum við aðra hugsanlega lánsfjáröflun sem til kynni að koma og ekki liggur fyrir hver verða kann. Þótt eðlilegast kunni að vera að taka hvort tveggja — lántökuheimildina og útgjaldaheimildina — inn við afgreiðslu fjáraukalaga nú á þessu vori getur fjárveitinganefnd eftir atvikum fallist á að bíða með formlega afgreiðslu málsins fram á næsta haust en flytja ekki nú sérstaka tillögu um viðbótarlántökuheimild sem næmi aðeins 45 m.kr. og

tilsvarandi ráðstöfun á þeirri fjárhæð enda liggur fyrir yfirlýsing frá fjármálaráðuneytinu um að ráðuneytið muni með bréfi til Vegagerðar ríkisins heimila henni að draga á þessa fyrirhuguðu afgreiðslu vegna útgjalda við verkefnið í sumar. Breytingartillaga fjárveitinganefndar um að tillögugreinin skuli umorðuð er flutt á sérstöku þingskjali. Nefndin leggur til að þingsályktunartillagan verði samþykkt þannig breytt.

Alþingi, 28. apríl 1990.

Sighvatur Björgvinsson, form., frsm.	Margrét Frímannsdóttir, fundaskr.	Pálmi Jónsson, með fyrirvara.
Alexander Stefánsson.	Málmfríður Sigurðardóttir.	Ásgeir Hannes Eiríksson.
Ólafur Þ. Þórðarson.	Egill Jónsson.	Friðjón Þórðarson.

Fylgiskjal.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun:

Yfirlit yfir kostnað og fjármögnun við jarðgangagerð á Vestfjörðum.
(24. apríl 1990.)

		Ný áætlun, hröðun framkvæmda					
	Skv. hugmyndum	Framkvæmdir			Vextir		
Ár	í vegáætlun og jarðgangaáætlun	Kostn. alls	Greitt af vegafé	Lánsfjárþörf	Kostn. alls	Greitt með sparnaði	Greitt af ríkissjóði
1990	14	61	14	47	4	0	4
1991	39	369	39	330	31	0	31
1992	414	553	414	139	42	0	42
1993	430	799	430	369	72	0	72
1994	430	799	430	369	102	0	102
1995	430	369	430	-61	97	0	97
1996	430	0	430	-430	60	25	35
1997	430	0	430	-430	23	25	-2
1998	333	0	333	-333	0	25	-25
	2.950	2.950	2.950	0	431	75	356

Sþ. 1107. Breytingartillaga [509. mál]

við till. til þál. um að flýta framkvæmdum við jarðgöng á Vestfjörðum.

Frá fjárveitinganefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að flýta skuli framkvæmdum við fyrirhugaða jarðgangagerð á Vestfjörðum umfram það sem fyrirhugað er í fyrirliggjandi vegáætlun. Skal stefnt að því að framkvæmdir hefjist árið 1991 og að þeim ljúki á 4–5 árum. Undirbúningsrannsóknum verði hagað í samræmi við þetta.

Ríkissjóði skal heimilað að taka lán til framkvæmdanna, allt að 1.300 m.kr., á árunum 1990–1994 samkvæmt nánari ákvæðum vegáætlunar og lánsfjárlaga hverju sinni. Lán ásamt verðbótum endurgreiðast af fé til stórverkefna samkvæmt vegáætlun. Útgjöld vegna vaxta og lántökukostnaðar umfram það, sem sparast í viðhaldskostnaði á fjármögnunarskeiði framkvæmdanna, greiðist úr ríkissjóði sem sérstakt byggðarframlag.

Ríkisstjórnin skal láta fram fara könnun á möguleikum til þess að afla sérstaklega lánsfjár og/eða tekna til að standa straum af kostnaði vegna ákvörðunar um að flýta framkvæmdum og skila áliti til næsta Alþingis.

Sþ. 1108. Fyrirspurn [574. mál]

til fjármálaráðherra um bréfaskriftir.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

1. Svarar ráðuneyti bréfum sem því berast frá einstaklingum, og þá innan hvaða tímamarka?
2. Ef svo er, má þá treysta því að sú regla sé virt án tillits til þess hver einstaklingurinn er?

Ed. 1109. Nefndarálit [352. mál]

um frv. til l. um stjórn fiskveiða.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarpið á tuttugu fundum. Sjö þeirra voru haldnir sameiginlega með sjávarútvegsnefnd neðri deildar. Á fundi nefndarinnar komu eftirtaldir: Þorsteinn Gíslason fiskimálastjóri, Jakob Jakobsson, forstjóri Hafrannsóknarstofnunar, Lárus Jónsson frá Félagi rækju- og hörpudiskframleiðenda, Sigurbjörn Svavarsson og Vilhjálmur Vilhjálmsson frá Aflamiðlun, Örn Pálsson, Arthur Bogason og Haraldur Jóhannsson frá Landssambandi smábátaeigenda, Jón Kjartansson og Snær Karlsson frá Verkamannasambandi Íslands, Árni Benediktsson frá Félagi Sambandsfiskframleiðenda, Óskar Vigfússon og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Benedikt Valsson, Kristján Ingibergsson, Guðjón A. Kristjánsson, Helgi Laxdal og Ragnar I. D. Hermannsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Dagbjartur Einarsson frá Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda, Kristján Ragnarsson, Brynjólfur Bjarnason, Eiríkur Tómasson, Sigurður Einarsson og Sveinn Hjörtur Hjartarson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Jón Ingvarsson og Ólafur B. Ólafsson frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Ágúst Einarsson, Sturlaugur Sturlaugsson, Arnar Sigurmundsson og Ágúst Elíasson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Jón Kristjánsson fiskifræðingur, Ólafur Karvel Pálsson frá Hafrannsóknarstofnun og Sigurgeir Sigurðsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Nokkrir gestanna komu oftar en einu sinni til fundar við nefndina.

Umsagnir um frumvarpið og ýmis erindi er vörðuðu það bárust frá eftirtöldum: Bæjarstjórn Stykkishólms, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi Sambandsfiskframleiðenda, Félagi dráttarbrauta og skipasmiðja, Félagi rækju- og hörpudiskframleiðenda, Félagi viðskipta- og hagfræðinga, Fiskifélagi Íslands, Fjórðungssambandi Norðlendinga, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Landssambandi smábátaeigenda, rækjubátaeigendum við Ísafjarðardjúp, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Samtökum fiskvinnslustöðva, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Sjómannasambandi Íslands, Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda, Verkalýðsfélaginu Baldri,

verkalýðsfélögunum á Snæfellsnesi, Verslunarráði Íslands, Vinnuveitendafélagi Breiðafjarðar, Vinnuveitendafélagi Vestfjarða og Vinnuveitendafélagi Vestmannaeyja.

Kristján Skarphéðinsson, deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, sat flesta fundi nefndarinnar. Veitti hann nefndinni ýmsar upplýsingar varðandi frumvarpið og aflaði þeirra gagna er nefndin óskaði eftir.

Einnig var aflað gagna um ýmis atriði samkvæmt óskum sem fram komu, m.a. frá Fiskifélagi Íslands. Enn fremur voru lagðar fram tillögur þær sem þrír stjórmálaflokkar í Færeyjum hafa gert um hugsanlega fiskveiðistjórn þar í landi. Þá óskuðu níu alþingismenn eftir áliti Lagastofunar Háskóla Íslands á réttarfars-, skattaréttar- og eignarréttarlegum álitaefnum í frumvarpinu. Hafa prófessor Sigurður Líndal og Tryggvi Gunnarsson hæstaréttarlögmaður unnið að henni, en ekki tókst að ljúka álitsgerðinni fyrir afgreiðslu málsins úr nefndinni. Stefnt er að því að álitið liggi fyrir við 2. umr. málsins í efri deild.

Fullvíst má telja að fá mál, sem komið hafa hér til afgreiðslu á Alþingi, hafi verið jafnrækilega undirbúin og það frumvarp sem hér er til umræðu. Er það eðlilegt þar sem hér er um eitt mesta hagsmunamál þjóðarinnar að ræða þar sem það fjallar um skipulag á nýtingu mikilvægustu auðlindar landsmanna. Fulltrúar allra stjórnmálaflokka, sem sæti eiga á Alþingi, og allra helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi hafa samkvæmt ákvörðun Alþingis unnið með sjávarútvegsráðuneytinu að undirbúningi frumvarpsins allt frá haustinu 1988 í ráðgjafarnefnd um mótun fiskveiðistefnu.

Í frumvarpinu er byggt á þeim grunni sem Alþingi markaði með lagasetningu um stjórn fiskveiða árið 1984. Með þeirri lagasetningu var stigið mikilvægt skref af þeirri braut skipulagslausrar fjárfestingar og sóunar á verðmætum sem átti sér stað í sjávarútvegi á áttunda áratugnum. Var mörkuð sú stefna að skipta veiðiheimildum upp á milli skipa 10 brl. og stærri. Fyrsti minni hl. nefndarinnar telur að sú stefna hafi verið rétt og að með því fyrirkomulagi að skipta veiðiheimildum milli skipa verði sem minnst röskun á högum þeirra sem daglega starfa að fiskveiðum.

Reynslan af því fyrirkomulagi, sem ríkt hefur við fiskveiðistjórn á undanförnum árum, hefur sýnt að engar verulegar tilfærslur hafa átt sér stað á botnfiskveiðiheimildum milli kjördæma. Þó virðist sem hlutur landsbyggðarinnar hafi frekar styrkst og vísast í því sambandi til fylgiskjals I sem unnið er af Fiskifélagi Íslands og sýnir annars vegar afla skipa miðað við skráningu eftir kjördæmum og hins vegar landaðan afla eftir kjördæmum. Á fylgiskjali II eru hins vegar sambærilegar upplýsingar um úthlutað botnfiskaflamark til skipa 10 brl. og stærri eftir kjördæmum. Þá hafa ekki heldur orðið neinar verulegar tilfærslur milli veiðiheimilda báta og togara frá því að þessi fiskveiðistjórn var tekin upp, sbr. fylgiskjal III.

Með því að úthluta veiðiheimildum á skip voru bundnar miklar vonir við að fiskiskipum fækkaði og afkoma sjávarútvegsins batnaði af þeim sökum. Í þeim lögum, sem Alþingi samþykkti í upphafi árs 1988, var í fyrsta sinn veitt heimild til að sameina aflaheimildir skipa. Á grundvelli þeirra heimilda hefur fiskiskipum verið að fækka að undanförnu og vísast um það til svars sjávarútvegsráðherra á þskj. 698 við fyrirspurnar Skúla Alexanderssonar. Hins vegar hefur bátum undir 10 brl. fjölgað verulega frá árinu 1984 enda hafa litlar takmarkanir verið á fjölgun þeirra. Það hefur verið gagnrýnt að heildaraflinn hafi farið fram úr þeim mörkum sem stjórnvöld hafa sett. Þessi frávik skýrast að fullu með þeim sveigjanleika sem veiðar smábáta og sóknarmarkið hafa valdið, sbr. fylgiskjal IV þar sem fram koma upplýsingar um mismun í úthlutuðu aflamarki og raunverulegum afla fyrir þau skip sem stunduðu veiðar annars vegar með aflamarki og hins vegar með sóknarmarki árið 1989. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að byggja eingöngu á aflamarki og virðist nokkuð breið samstaða um það. Er það sama fyrirkomulag og ríkt hefur um veiðar á síld allt frá árinu 1976 og um veiðar á loðnu frá árinu 1980. Þá er gert ráð fyrir að veiðar smábáta verði skipulagðar að mestu með sama hætti og veiðar stærri skipa. 1. minni hl. nefndarinnar telur að með þeim breytingum, sem lagðar eru til

í frumvarpinu, skapist annars vegar færi á að halda settum markmiðum um heildarafla og hins vegar muni þessar breytingar leiða til þessa að eðlileg fækkun fiskiskipa geti átt sér stað. Þar með skapast forsendur til að stuðla að frekari lækkun á útgerðarkostnaði og betri afkomu fyrir sjávarútveginn í heild.

Fyrsti minni hl. nefndarinnar telur afar brýnt að löggjöf um fiskveiðistjórn verði samþykkt á þessu þingi og er það í samræmi við álit flestra þeirra hagsmunaaðila í sjávarútvegi sem komu á fund nefndarinnar. Leggur 1. minni hl. til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingum:

1. Lagt er til að bætt verði inn í 1. gr. til áhersluaukningar ákvæði þar sem ótvírætt er tekið fram að úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögunum stofni ekki eignarrétt né skerði forræði löggjafans til að ákveða síðar, án bótaskyldu til einstakra útgerða, breytingu á fyrirkomulagi við stjórn fiskveiða. Það hlýtur ávallt að vera ákvörðunarefni Alþingis á hverjum tíma hvað skipulag teljist best henta til að nýting fiskveiðiauðlindarinnar þjóni sem best hagsmunum heildarinnar.
2. Með tillögu um breytingu á 4. gr. er lagt til að úr frumvarpinu falli ákvæði um að sérstakt leyfi þurfi til að stunda tómstundaveiðar. Skilyrðum frumvarpsins til að fá leyfi til fiskveiða í atvinnuskyni verður hins vegar haldið óbreyttum sem og skilgreiningu á veiðum í atvinnuskyni.
3. Þær breytingar, sem gerðar eru á 5. gr., eru tæknilegar og varða annars vegar skráningu á bátum undir 10 brl. og hins vegar breytingu á nafni Úreldingarsjóðs fiskiskipa í Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.
4. Breytingin á 6. gr. leiðir af breytingu á 4. gr. frumvarpsins um að ekki þurfi sérstakt leyfi til að stunda veiðar í tómstundum.
5. Lagt er til að 11. gr. verði breytt þannig að sveitarstjórnum verði veittur forkaupsréttur við sölu fiskiskips úr byggðarlagi. Þetta komi í stað ákvæða um tilkynningarskyldu í 11. gr. frumvarpsins. Með þessu ákvæði er betur tryggt að heimaaðilum gefist svigrúm til að ganga inn í kaup og er þetta í samræmi við tillögur síðasta fiskiþings. Jafnframt er lagt til að framsal aflaheimilda verði takmarkað nokkuð frá því sem er í frumvarpinu. Miða breytingartillögurnar að því að það skip, sem aflahlutdeild er framseld til, þurfi að hafa aflahlutdeild fyrir í viðkomandi tegund. Ráðherra geti þó vikið frá þessu ákvæði að fenginni umsögn samráðsnefndar.
6. Tillaga er um breytingu á 12. gr. sem fjallar um framsal á árlegu aflamarki og er hún í samræmi við breytingartillögu skv. 5. tölul.
7. Gerð er tillaga um að ákvæði til bráðabirgða II verði breytt þannig að smábátar, er bætast í flotann á árinu 1990 án þess að sambærilegir bátar séu úreltir, fái aflahlutdeild er svari til meðalaflahlutdeildar báta í sama stærðarflokki. Um aflahlutdeild þessara báta gildi sömu reglur og um aflahlutdeild annarra skipa að öðru leyti en því að framsal hennar er óheimilt í fimm ár frá gildistöku laganna með sama hætti og varðar framsal aflahlutdeildar stærri skipa sem rekja má til uppbóta, sbr. 4. mgr. 11. gr. frumvarpsins. Aflahlutdeild þessara báta teljist ekki með við ákvörðun aflahlutdeildar annarra smábáta skv. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II.
8. Gerðar eru tillögur um tæknilegar leiðréttingar á ákvæðum til bráðabirgða IV og V til að bæta úr ágöllum sem í ljós hafa komið í textanum.
9. Loks er lagt til að við frumvarpið verði bætt tveimur nýjum ákvæðum til bráðabirgða. Fyrra ákvæðið kveður á um að sjávarútvegsráðherra verði falið að láta fara fram úttekt á mismunandi kostum við stjórn fiskveiða og hagkvæmni þeirra. Þá verði ráðherra falið að endurskoða lögin í samráði við sjávarútvegsnefndir Alþingis og helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi og skal þeirri endurskoðun lokið fyrir árslok 1992. Með síðara ákvæðinu er gerð tillaga um að lög nr. 32/1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla, verði endurskoðuð og frumvarp að nýjum lögum lagt fram í haust.

Fyrsti minni hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þessum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 30. apríl 1990.

Stefán Guðmundsson, form., frsm. Jóhann Einvarðsson.

Fylgiskjal I.





REYKJANES
ÞORSKÍGILDI: þorskur, ýsa, ufsi, karfi og grálúða



REYKJAVÍK
ÞORSKÍGILDI: þorskur, ýsa, ufsi , karfi og grálúða



VESTURLAND
ÞORSKÍGILDI: þorskur, ýsa, ufsi, karfi og grálúða



VESTFIRÐIR
ÞORSKÍGILDI: þorskur, ýsa, ufsi, karfi og grálúða



NORÐURLAND VESTRA
ÞORSKÍGILDI: þorskur, ýsa, ufsi, karfi og grálúða



NORÐURLAND EYSTRA
ÞORSKÍGILDI: þorskur, ýsa, ufsi, karfi og grálúða




AUSTFIRÐIR
ÞORSKÍGILDI: þorskur, ýsa, ufsi, karfi og grálúða
%
AR
SKIPTING LANDADS AFLA EFTIR KJORDÆMUM
SKIPTING AFLA EFTIR KJORDÆMUM M.V. SKRÁSETNINGU SKIPA


Landað erlendis með fiskiskipum og í gámum
Þorskígildi: Þorskur, ýsa, ufsi, karfi og grálúða
Tonn
Ár

Fylgiskjal II.

SUÐURLAND

Hlutfall af úthlutuðu botnfiskaflamarki í þorskígildum



REYKJANES

Hlutfall af úthlutuðu botnfiskaflamarki í þorskígildum



REYKJAVÍK

Hlutfall af úthlutuðu botnfiskaflamarki í þorskígildum



VESTURLAND

Hlutfall af úthlutuðu botnfiskaflamarki í þorskígildum



VESTFIRÐIR



NORÐURLAND VESTRA



NORÐURLAND EYSTRA

Hlutfall af úthlutuðu botnfiskaflamarki í þorskígildum



AUSTURLAND

Hlutfall af úthlutuðu botnfiskaflamarki í þorskígildum



Fylgiskjal III.

SKIPTING AFLAMARKS MILLI TOGARA OG BÁTA
1984 OG 1990









Fylgiskjal IV.









Ed. 1110. Breytingartillögur [352. mál]

við frv. til l. um stjórn fiskveiða.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar (StG, JE).

1. Við 1. gr. Við greinina bætist nýr málsliður er orðist svo: Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.
2. Við 4. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Enginn má stunda veiðar í atvinnuskyni við Ísland nema hafa fengið til þess almennt veiðileyfi. Veiðileyfi skulu gefin út til árs í senn.

3. Við 5. gr.
   a. Í stað 2. málsl. fyrri málsgreinar komi tveir nýir málsliðir svohljóðandi: Enn fremur bátar undir 6 brl. enda hafi beiðni um skráningu þeirra á skipaskrá Siglingamálastofnunar ríkisins eða sérstaka skrá stofnunarinnar fyrir báta undir 6 metrum borist ásamt fullnægjandi gögnum innan mánaðar frá gildistöku laga þessara. Auk þess skal gefinn kostur á veiðileyfi fyrir nýja báta undir 6 brl. enda hafi smíði þeirra hafist fyrir gildistöku laganna og haffærisskírteini verið gefið út innan þriggja mánaða frá þeim tíma.
   b. Í stað orðanna „Úreldingarsjóðs fiskiskipa“ í 2. mgr. komi orðin: Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins.
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Heimilt er án sérstaks leyfis að stunda fiskveiðar í tómstundum til eigin neyslu. Slíkar veiðar er einungis heimilt að stunda með handfærum án sjálfvirknibúnaðar. Afla, sem veiddur er samkvæmt heimild í þessari grein, er óheimilt að selja eða fénýta á annan hátt.
5. Við 11. gr.
   a. Í stað 3. mgr. komi þrjár nýjar málsgreinar er orðist svo:
   Eigi að selja fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, til útgerðar sem heimilisfesti hefur í öðru sveitarfélagi en seljandi á sveitarstjórn í sveitarfélagi seljanda forkaupsrétt að skipinu. Forkaupsréttur skal boðinn skriflega þeirri sveitarstjórn sem hlut á að máli og söluverð og aðrir skilmálar tilgreindir á tæmandi hátt. Sveitarstjórn skal svara forkaupsréttartilboði skriflega innan fjögurra vikna frá því henni berst tilboð og fellur forkaupsréttur niður í það sinn sé tilboði ekki svarað innan þess frests.
   Neyti sveitarstjórn forkaupsréttar skv. 3. mgr. þessarar greinar skal hún þegar gefa útgerðaraðilum, sem heimilisfesti eiga í sveitarfélaginu, kost á að kaupa skipið og skal opinberlega leita tilboða í það.
   Sé skipi ráðstafað andstætt ákvæðum þessarar greinar um forkaupsrétt getur forkaupsréttarhafi krafist þess að salan verði ógild enda sé málsókn hafin innan sex mánaða frá því að hann fékk vitneskju um söluna. Forkaupsréttur gildir ekki sé skip selt á opinberu uppboði. Ákvæði þessarar greinar um forkaupsrétt gilda ekki við sölu opinna báta.
   b. 2. málsl. 4. mgr. (er verði 6. mgr.) orðist svo: Þó skal framsalið háð samþykki ráðherra hafi það skip, sem flutt er til, ekki aflahlutdeild af þeirri tegund sem framseld er.
6. Við 12. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo:
   Heimilt er að færa aflamark milli skipa sömu útgerðar eða skipa sem gerð eru út frá sömu verstöð eftir því sem hlutaðeigandi aðilar koma sér saman um enda hafi það skip, sem fært er til, aflahlutdeild af þeirri tegund sem millifærð er.
7. Við ákvæði til bráðabirgða II.
   a. Á eftir 4. mgr. ákvæðisins bætist ný málsgrein er verði 5. mgr. og orðist svo:
   Aflahlutdeild báta, sem veiðileyfi fá í fyrsta sinn eftir 31. desember 1989, án þess að sambærilegir bátar hafi horfið varanlega úr rekstri í þeirra stað, skal þó miðast við meðalaflahlutdeild báta í sama stærðarflokki. Aflahlutdeild þessara báta hefur ekki áhrif á útreikning aflahlutdeildar annarra báta skv. 2. mgr. Ekki er heimilt að framselja aflahlutdeild þessara báta fyrr en að liðnum fimm árum frá gildistöku laga þessara enda hafi þeim verið haldið til veiða allt tímabilið.
   b. 1. málsl. 7. mgr. (er verður 8. mgr.) orðist svo:
   Ráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur um úthlutun þessa, þar á meðal um stærðarflokkun báta.
   c. Í stað orðanna „5. mgr.“ í lokamálsgrein ákvæðisins komi: 7. mgr.

8. Við ákvæði til bráðabirgða IV. Í stað orðanna „fyrir gildistöku laga þessara“ í lok 1. og 2. mgr. ákvæðisins komi orðin: áður en lög þessi koma til framkvæmda.
9. Við ákvæði til bráðabirgða V. Í stað orðanna „við gildistöku laga þessara“ komi orðin: er lög þessi koma til framkvæmda.
10. Við bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:
    a. (VII.) Sjávarútvegsráðherra skal láta fara fram athugun á mismunandi kostum við stjórn fiskveiða þar sem m.a. skal leitast við að meta hagkvæmustu samsetningu fiskiskipaflotans. Skal athugunin, er m.a. taki mið af reynslu annarra þjóða, beinast að því að meta hagkvæmni einstakra aðferða miðað við íslenskar aðstæður með sérstakri hliðsjón af því hvernig unnt sé að tryggja atvinnuöryggi fiskverkafólks og hagsmuni einstakra byggðarlaga. Þá skal ráðherra fyrir árslok 1992 láta endurskoða lög þessi. Hafa skal samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi við þá endurskoðun.
    b. (VIII.) Sjávarútvegsráðherra skal láta fara fram endurskoðun á lögum um upptöku ólöglegs sjávarafla, nr. 32 19. maí 1976, og leggja frumvarp að nýrri löggjöf um það efni fyrir Alþingi haustið 1990. Skal sú endurskoðun m.a. beinast að því að aðskilja eftirlit og úrskurðarvald.

Ed. 1111. Nefndarálit [197. mál]

um frv. til l. um Úreldingarsjóð fiskiskipa.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og voru eftirtaldir kallaðir á fund hennar: Páll Sigurðsson og Sveinn Hjörtur Hjartarson frá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, en Sveinn Hjörtur kom einnig á fund nefndarinnar sem fulltrúi Landssambands íslenskra útvegsmanna ásamt Kristjáni Ragnarssyni og Sigurði Einarssyni, Örn Pálsson og Haraldur Jóhannsson frá Landssambandi smábátaeigenda, Snær Karlsson frá Verkamannasambandi Íslands, Árni Benediktsson frá Félagi Sambandsfiskframleiðenda, Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Benedikt Valsson, Guðjón A. Kristjánsson, Helgi Laxdal og Ragnar I. D. Hermannsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Dagbjartur Einarsson frá Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda, Ólafur B. Ólafsson frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sturlaugur Sturlaugsson, Arnar Sigurmundsson og Ágúst Elíasson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Sigurgeir Sigurðsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Kristján Skarphéðinsson, deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu. Komu þeir Kristján Skarphéðinsson og Sveinn Hjörtur Hjartarson oftar en einu sinni til fundar við nefndina.

Umsagnir um frumvarpið bárust frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi Sambandsfiskframleiðenda, Félagi dráttarbrauta og skipasmiðja, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Landssambandi smábátaeigenda, Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, Samtökum fiskvinnslustöðva og Sjómannasambandi Íslands. Enn fremur bárust nefndinni ýmsar upplýsingar frá sjávarútvegsráðuneytinu.

Það ósamræmi, sem verið hefur á milli afkastagetu fiskiskipaflotans og afrakstursgetu fiskistofnanna, hefur verið eitt af meginvandamálum íslensks sjávarútvegs á undanförnum árum. Stafar þetta fyrst og fremst af þeirri miklu uppbyggingu sem átti sér stað í fiskiskipaflotanum á áttunda áratugnum. Afleiðingarnar eru þær að nauðsynlegt hefur reynst að setja víðtækar reglur um stjórn fiskveiða og takmarkanir á veiðiheimildir einstakra fiskiskipa. Í þessu frumvarpi, sem hér er til umfjöllunar, er lagt til að stofnaður verði sjóður sem hafi það hlutverk að stuðla að fækkun fiskiskipa. Með því móti einu er hægt að auka veiðiheimildir

þeirra skipa sem eftir verða í flotanum. Starfsemi sjóðsins mun þannig geta leitt til aukinnar hagkvæmni í útgerð og jafnframt haft jákvæð áhrif á samsetningu fiskiskipaflotans og komið í veg fyrir skipulagslausa fækkun fiskiskipa.

Fyrsti minni hl. nefndarinnar leggur til nokkrar breytingartillögur við frumvarpið. Með þeim vill 1. minni hl. ná fram tveimur markmiðum. Annars vegar að sjóðurinn verði efldur og hins vegar að hlutverk hans verði aukið með tilliti til atvinnuöryggis í byggðarlögum sem byggja allt sitt á sjávarútvegi.

Fyrsti minni hl. leggur til að við bætist ný grein á eftir 4. gr. frumvarpsins. Í greininni er gert ráð fyrir að sjóðurinn verði efldur með því að honum verði árlega úthlutað þeim veiðiheimildum sem ekki nýtast vegna álags á útflutning á óunnum fiski. Þessi úthlutun verði þó aldrei meiri en sem nemur 12.000 þoskígildistonnum. Þá er gerð tillaga um lækkun á því gjaldi sem eigendur skipa 10. brl. og stærri skulu greiða árlega. Er gjaldið fært til samræmis við það gjald sem eigendur þessara skipa greiða nú til Aldurslagasjóð. Er hér um 30 millj. kr. lækkun á tekjum Hagræðingarsjóðs að ræða.

Varðandi aukið hlutverk sjóðsins leggur 1. minni hl. til að gerðar verði breytingar á 1. gr. og að bætt verði inn nýrri grein á eftir 7. gr. Gert er ráð fyrir að nafni sjóðsins verði breytt úr „Úreldingarsjóður fiskiskipa“ í „Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins“ og honum fengið það tvíþætta hlutverk að stuðla að fækkun fiskiskipa og koma til aðstoðar í byggðarlögum sem höllum fæti standa vegna sölu fiskiskips eða fiskiskipa þaðan. Skilyrði fyrir aðstoð sjóðsins verði þó bundið við að sala skipa úr byggðarlaginu leiði til fyrirsjáanlegrar fækkunar starfa og að byggðarröskun sé yfirvofandi af þeim sökum. Allt að helming þeirra veiðiheimilda sem gerð er tillaga um að sjóðurinn fái úthlutað geti sveitarstjórnir fengið til ráðstöfunar þar sem þær aðstæður hafa skapast sem réttlæta aðstoð af hálfu sjóðsins, enda hafi bæði Byggðastofnun og stjórn Hagræðingarsjóðs samþykkt aðstoðina. Með þessu ákvæði er tryggt að slík aðstoð fái ítarlega umfjöllun. Úthlutun veiðiheimilda í þessu skyni verði bundin við að aflanum verði landað til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi. Stjórn Hagræðingarsjóðs skal ákveða verð fyrir slíkar veiðiheimildir er taki mið af gangverði sambærilegra heimilda á hverjum tíma með sama hætti og við á um þann hluta veiðiheimilda sjóðsins sem fiskiskip fá árlega forkaupsrétt á. Nýti sveitarstjórnir ekki slíkan ráðstöfunarrétt verða heimildirnar boðnar út til skipa gegn sömu skilyrðum um ráðstöfun aflans, þ.e. að honum verði landað til vinnslu í því byggðarlagi sem aðstoð hefur verið samþykkt við. Fáist hins vegar ekkert skip til veiðanna er stjórn sjóðsins heimilt að ákveða lægra endurgjald eða fella það niður. Ólíklegt er hins vegar að ætla að slík staða komi upp þar sem fiskiskipaflotinn er það afkastamikill að fremur auðvelt ætti að vera að fá skip til veiðanna.

Fyrsti minni hl. leggur til að 6. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að hlutfall þeirra veiðiheimilda, sem sjóðurinn getur haft ráðstöfunarrétt á, verði hækkað úr 3% í 5% af heildarveiðiheimildum. Er það til samræmis við þá tillögu að sjóðnum verði úthlutað sérstökum veiðiheimildum. Ef sjóðurinn á einhverjum tíma nær að eignast meira en sem nemur 5% heildarveiðiheimilda mun þeim heimildum verða skipt milli fiskiskipa 10 brl. og stærri í hlutfalli við aflaheimildir þeirra skipa sem eftir verða í flotanum. 1. minni hl. leggur áherslu á að með þessu fyrirkomulagi er ekki verið að stíga skref í átt að auðlindaskatti. Sjóðnum er fyrst og fremst ætlað að stuðla að fækkun fiskiskipa og bæta þannig rekstrargrundvöll þeirra skipa sem eftir verða í flotanum. Öllum tekjum sjóðsins verði varið til að stuðla að fækkun fiskiskipa og ekkert af þeim er ætlað að renna til samneyslunnar í þjóðfélaginu. Því er hér um lokaðan sjóð að ræða sem fyrst og fremst mun vinna fyrir sjávarútveginn í heild. 1. minni hl. hafnar með þessu alfarið þeirri skoðun að með stofnun sjóðsins sé verið að leggja auðlindaskatt á sjávarútveginn. Þá munu þau ákvæði, er lúta að aðstoð við byggðarlög er standa höllum fæti, tryggja að hægt sé að leysa slík vandamál án þess að til komi fjölgun fiskiskipa. Slík staðbundin vandamál yrðu fyrst og fremst leyst með því að nýta þá umframafkastagetu sem er fyrir í fiskiskipaflotanum.

Auk þeirra breytingartillagna sem raktar hafa verið hér að framan leggur 1. minni hl. til að gerð verði breyting á ákvæði um gildistíma þannig að hann verði miðaður við 1. janúar 1991.

Þá eru gerðar nokkrar tillögur um breytingar á texta frumvarpsins til samræmis við frumvarp til laga um stjórn fiskveiða.

Að lokum leggur 1. minni hl. til að bætt verði við frumvarpið ákvæði til bráðabirgða I og II. Fyrra ákvæðið fjallar um úthlutun veiðiheimilda til sjóðsins á árinu 1991 en í síðara ákvæðinu er lagt til að verði frumvarpið að lögum skuli þau koma til endurskoðunar fyrir árslok 1992.

Fyrsti minni hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þessum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 30. apríl 1990.

Stefán Guðmundsson, form., frsm. Jóhann Einvarðsson.

Ed. 1112. Breytingartillögur [197. mál]

við frv. til l. um Úreldingarsjóð fiskiskipa.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar (StG, JE).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

   Stofna skal sjóð er nefnist Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins og hafi það tvíþætta hlutverk að stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð og koma til aðstoðar byggðarlögum er standa höllum fæti vegna breytinga á útgerðarháttum.

   Sjóðurinn skal stuðla að aukinni hagkvæmni með því að laga stærð og afkastagetu fiskiskipastólsins að afrakstursgetu nytjastofna sjávar. Í þessu skyni skal sjóðurinn kaupa fiskiskip sem kunna að vera til sölu á hverjum tíma og selja þau úr landi eða eyða þeim og ráðstafa veiðiheimildum sem honum eru framseldar eða úthlutað er til hans. Þá er sjóðnum heimilt að veita styrki til úreldingar skipa enda sé tryggt að í stað hinna úreltu skipa komi ekki ný skip í fiskiskipaflotann eða að afkastageta flotans aukist með öðrum hætti.

   Sjóðurinn skal koma til aðstoðar í einstökum byggðarlögum með því að efla vinnslu sjávarfangs á þeim stöðum þar sem straumhvörf hafa orðið í atvinnulífi vegna sölu fiskiskipa. Í þessu skyni getur sjóðurinn framselt tímabundið veiðiheimildir enda verði aflanum landað til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi.
2. Við 2. gr. Í stað orðsins „Úreldingarsjóðs“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: Hagræðingarsjóðs.
3. Við 3. gr. Í stað orðsins „Úreldingarsjóðs“ í 1. málsl. komi: Hagræðingarsjóðs.
4. Við 4. gr.
   a. Í stað orðsins „Úreldingarsjóðs“ í 1. málsl. 1. mgr. og 2. málsl. 2. mgr. komi: Hagræðingarsjóðs, og í stað orðisins „Úreldingarsjóð“ í 1. málsl. 3. mgr. komi: Hagræðingarsjóð.
   b. Í stað orðsins „úreldingarsjóðsgjalds“ í 3. málsl. 1. mgr. komi orðið: hagræðingarsjóðsgjalds, í stað „úreldingarsjóðsgjaldi“ í 2. málsl. 3. mgr. komi: hagræðingarsjóðsgjaldi, og í stað „Úreldingarsjóðsgjald“ í 1. málsl. 4. mgr. komi: Hagræðingarsjóðsgjald.
   c. Í stað „1.200“ og „370.000“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: 800 og 240.000.
   d. Í stað orðanna „október 1989, þ.e. 153,7 stig“ í niðurlagi lokamálsgreinar komi: janúar 1990, þ.e. 159,6 stig.

5. Á eftir 4. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Hagræðingarsjóði skal árlega úthlutað þeim aflaheimildum sem ekki nýttust á næstliðnu fiskveiðiári vegna álags á aflamark við útflutning á óunnum fiski, sbr. 7. mgr. 10. gr. laga um stjórn fiskveiða. Aflaheimildir þessar skulu þó aldrei vera meiri en 12.000 þorskígildistonn árlega miðað við verðmætahlutföll er ráðherra ákveður. Skal allt að helmingi þessara aflaheimilda varið til eflingar fiskvinnslu í byggðarlögum er höllum fæti standa, sbr. 9. gr., en að öðru leyti skulu aflaheimildir þessar framseldar samkvæmt ákvæðum 8. gr. til að standa undir kaupum á skipum til úreldingar.
6. Við 5. gr. (er verði 6. gr.). Í stað orðsins „Úreldingarsjóðs“ í 1. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. komi: Hagræðingarsjóðs.
7. Við 6. gr. (er verði 7. gr.).
   a. Orðin „sbr. nú l. nr. 3/1988“ í 2. málsl. 2. mgr. falli brott.
   b. 3. málsl. 2. mgr. falli brott.
   c. 1. málsl. 3. mgr. orðist svo:
      Aldrei skal Hagræðingarsjóður þó fá ráðstöfunarrétt umfram 5% af heildaraflaheimildum af botnfiski eða 5% af heildaraflaheimildum af einstökum tegundum sérveiða.
8. Við 7. gr. (er verði 8. gr.).
   a. Í stað orðsins „Úreldingarsjóður“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: Hagræðingarsjóður.
   b. Í stað orðsins „almanaksárs“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: fiskveiðiárs, og í stað orðsins „almanaksári“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: fiskveiðiári.
9. Á eftir 7. gr. (er verði 8. gr.) komi ný grein er verði 9. gr. og orðist svo:
   Sjóðurinn veitir aðstoð sína til eflingar vinnslu sjávarfangs í byggðarlögum, er höllum fæti standa, með því að framselja veiðiheimildir sem honum hafa verið úthlutaðar í því skyni skv. 5. gr. Aflaheimildirnar skulu framseldar gegn því skilyrði að aflanum verði landað til vinnslu í því byggðarlagi sem aðstoð hefur verið samþykkt við. Skal sveitarstjórn í viðkomandi byggðarlagi eiga ráðstöfunarrétt að veiðiheimildum þessum gegn endurgjaldi skv. 1. mgr. 8. gr. Neyti sveitarstjórn ekki ráðstöfunarréttar síns skulu veiðiheimildir framseldar til skipa og gilda ákvæði 1. og 2. mgr. 8. gr. þá um endurgjald fyrir veiðiheimildir þessar eftir því sem við á. Fáist ekki skip til veiðanna með þeim skilmálum getur stjórn sjóðsins, að fengnu samþykki ráðherra, ákveðið lægra endurgjald eða fallið frá endurgjaldi standi sérstaklega á. Forkaupsréttarákvæði 1. mgr. 8. gr. gildir ekki um framsal veiðiheimilda samkvæmt þessari málsgrein.
   Skilyrði fyrir aðstoð sjóðsins er að sala fiskiskips eða fiskiskipa hafi valdið straumhvörfum í atvinnumálum viðkomandi byggðarlags þannig að fyrirsjáanleg sé veruleg fækkun starfa og byggðarröskun sé yfirvofandi. Sjóðstjórn skal taka ákvörðun um aðstoð, að fengnu samþykki Byggðastofnunar.
   Þær aflaheimildir skv. 1. mgr., sem ekki verða nýttar á viðkomandi fiskveiðiári til aðstoðar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skulu framseldar samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr.
10. Við 8. gr. (er verði 10. gr.). Í stað orðsins „Úreldingarsjóðs“ í 1., 2. og 3. mgr. komi: Hagræðingarsjóðs.
11. Við 9. gr. (er verði 11. gr.). Í stað orðanna „Úreldingarsjóður fiskiskipa“ í 1. málsl. komi: Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins.
12. Við 10. gr. (er verði 12. gr.). Í stað orðanna „Úreldingarsjóð fiskiskipa“ komi orðin: Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.
13. Við 11. gr. (er verði 13. gr.). Greinin orðist svo:
    Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1991. Jafnframt fellur úr gildi II. kafli laga nr. 37 11. maí 1978, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Gjald skv. 4. gr. skal lagt á í fyrsta skipti fyrir árið 1991.

14. Við bætast tvö ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:
   a. (I.) Fyrir fyrstu átta mánuði ársins 1991 skal Hagræðingarsjóði sjávarútvegsins úthlutað þeim aflaheimildum sem ekki nýttust á árinu 1990 vegna álags á aflamark eða aflahámark á útflutningi á óunnum fiski skv. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 3 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990. Aflaheimildir þessar skulu þó ekki vera meiri en sem nemur 8.000 þorskígildistonnum. Um ráðstöfun þessara heimilda fer eftir 5. og 9. gr. laganna.
   b. (II.) Sjávarútvegsráðherra skal fyrir árslok 1992 láta endurskoða lög þessi. Hafa skal samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og helstu hagsmunasamtök í sjávarútvegi við þá endurskoðun.
15. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frv. til l. um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

Ed. 1113. Nefndarálit [352. mál]

um frv. til l. um stjórn fiskveiða.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Verkefni þeirrar nefndar, sem sjávarútvegsráðherra skipaði 13. júlí 1988 til að leggja drög að þessu frumvarpi, var margþætt. Skyldi hún samkvæmt skipunarbréfi m.a. „... athuga tilhögun veiðiheimilda, m.a. heimilda sem ekki séu bundnar við skip". Í umræðunni, sem fram fór í nefndinni, var greinilegt að hugmyndinni um byggðakvóta hefur stöðugt vaxið fylgi frá setningu núgildandi laga. Nefndin skilaði drögum að nýju frumvarpi til sjávarútvegsráðherra 26. janúar 1990.

Eins og fram kemur í þeim 13 sérálitum og bókunum, sem fram koma frá einstökum nefndarmönnum og birt eru sem fylgiskjal með frumvarpinu, fer því fjarri að samkomulag hafi náðst í nefndinni um þau drög að frumvarpi sem hún skilaði af sér og sjávarútvegsráðherra lagði fram óbreytt á Alþingi 15. febrúar 1990. Ljóst er af þeim athugasemdum sem fram koma að ágreiningur er um veigamikla þætti. Annar minni hl. bendir á þá staðreynd að í sérálitum og bókunum 10 aðila af 13 kemur fram stuðningur við hugmyndir um byggða- eða fiskvinnslukvóta.

Í mörgum þeirra umsagna, sem sjávarútvegsnefnd efri deildar bárust um frumvarpið, koma einnig fram áskoranir til Alþingis um að hyggja að byggðasjónarmiðum og koma í veg fyrir að örfáir aðilar getið höndlað með sameiginlega auðlind landsmanna í eigin þágu algjörlega án tillits til byggðar í landinu og hagsmuna þjóðarinnar í heild.

Annar minni hl. telur að með tilliti til reynslu undanfarinna ára og þeirra réttmætu athugasemda, sem fram hafa komið, sé óhjákvæmilegt að Alþingi geri byggðasjónarmiðum hærra undir höfði en stefnt er að við afgreiðslu málsins. Minnir 2. minni hl. í því sambandi einnig á þá stefnumarkandi yfirlýsingu sem fram kemur í 1. gr. frumvarpsins þar sem segir:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu."

Annar minni hl. er sammála því að þetta séu þau markmið sem að skal stefnt, að viðbættum atriðum eins og betri kjörum, aðbúnaði og öryggi þeirra sem starfa í sjávarútvegi. Kvennalistakonur telja frumvarpið þó í mótsögn við þessi markmið þar sem enn er stefnt að því að úthluta veiðiheimildum beint til einstaklinga og útgerðarfélaga sem geta ráðskast með þær að eigin geðþótta án tillits til sameiginlegra hagsmuna þjóðarinnar.

Þegar líða tók að afgreiðslu málsins eftir marga fundi um það í sjávarútvegsnefnd efri deildar fór loks að koma upp á yfirborðið sá mikli ágreiningur sem er um málið í ríkisstjórninni og innan einstakra flokka sem aðild eiga að henni. Þrátt fyrir fjölda funda í sjávarútvegsnefnd

efri deildar er vart hægt að segja að umræða hafi farið fram um grundvallaratriði, svo sem úthlutun veiðiheimilda fyrr en allt var komið í eindaga. Þá fyrst hófst hin raunverulega umræða um málið, þó ekki í nefndinni, heldur fyrst og fremst meðal formanna stjórnarflokkanna sem gerðu með sér samkomulag um afgreiðslu málsins. Í kjölfar þess samkomulags voru nefndarmönnum kynntar breytingartillögur ríkisstjórnarinnar við frumvarp þetta og frumvarps til laga um Úreldingarsjóð fiskiskipa. Þessar tillögur virðast aðallega miða að því að leita úrræða til að sætta sjónarmið innan ríkisstjórnarinnar í bili.

Þótt í breytingartillögum ríkisstjórnarinnar við þessi tvö frumvörp örli á viðurkenningu á réttmæti byggðasjónarmiða eru þær þó langt frá því að geta talist raunveruleg lausn og enn er mikill ágreiningur um málið innan ríkisstjórnarflokkanna.

Samkvæmt breytingartillögum ríkisstjórnarinnar er enn ætlunin að úthluta meginhluta kvótans beint til einstaklinga og útgerðarfélaga í algjörri mótsögn við þá yfirlýsingu 1. gr. frumvarpsins að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar og enn er lögð ofuráhersla á yfirráð sjávarútvegsráðuneytisins og sjávarútvegsráðherra á öllum stigum við stjórnun fiskveiða.

Breytingartillögur kvennalistakvenna við afgreiðslu núgildandi laga um stjórn fiskveiða fyrir rúmlega tveimur árum eru enn í fullu gildi og eru grundvöllur þeirra breytingartillagna sem þær flytja nú. Þá eins og nú töldu kvennalistakonur fyrst og fremst nauðsynlegt að rjúfa óeðlilegt samband milli skips og veiðiheimilda og vildu úthluta veiðiheimildum til byggðarlaga. Með því móti væru hagsmunir þeirra og þess fólks, sem starfar í sjávarútvegi, best tryggðir, auk þess sem slík tilhögun drægi úr óhóflegri miðstýringu. Reynslan hefur sannað réttmæti þessara sjónarmiða og flestir annmarkar núgildandi tilhögunar, sem þá var bent á, eru nú komnir fram. Þrátt fyrir þetta og þrátt fyrir vaxandi skilning og stuðning við áðurnefndar hugmyndir sem fram hefur komið meðal fulltrúa í nefndinni, sem vann að undirbúningi frumvarpsins í umsögnum um frumvarpið og í umræðunni í þjóðfélaginu, er lítið sem ekkert komið til móts við þær í frumvarpinu.

Þingkonur Kvennalistans flytja því breytingartillögur við frumvarpið í anda þeirrar stefnu að fiskimiðin séu í raun sameign þjóðarinnar og fela enn sem fyrr í sér eftirtalin meginatriði:

1. Sjávarútvegsráðherra verði ekki heimilt að víkja meira en 2% frá tillögum Hafrannsóknastofnunar um leyfilegan heildarafla á ári hverju.
2. 80% heildaraflans verði úthlutað til sveitarfélaga með hliðsjón af lönduðum afla síðustu fimm ára og reiknuðu meðaltali aflakvóta skipa skrásettra í sveitarfélaginu á sama tímabili.
3. 20% heildaraflans renni í sérstakan sameiginlegan sjóð, veiðileyfasjóð, og verði til sölu, leigu eða sérstakrar ráðstöfunar til sveitarfélaga. Tekjum af sölu eða leigu veiðiheimilda verði varið til fræðslu sem nýtist sjávarútvegi, fyrirbyggjandi aðgerða vegna atvinnusjúkdóma fiskvinnslufólks, rannsókna tengdum sjávarútvegi og verðlauna til handhafa veiðiheimilda fyrir lofsverðan aðbúnað starfsfólks eða sérstaka frammistöðu við nýtingu og meðferð aflans.
4. Eftirlit með nýtingu fiskstofna verði fært frá hagnýtingarráðuneyti atvinnugreinarinnar til umhverfisráðuneytis.

Annar minni hl. lítur svo á að breytingartillögur ríkisstjórnarinnar séu örlítil viðurkenning á nauðsyn þess að taka á þeim grundvallarágreiningi sem ríkir um málið. Í ljósi þess telur annar minni hl. óviðunandi að ekki gafst nauðsynlegt svigrúm til að útfæra þær nánar og gefa gaum öðrum þeim hugmyndum, sem fram hafa komið, og kynna þær betur bæði fyrir hagsmunaaðilum og úti í þjóðfélaginu.

Annar minni hl. telur að vegna þeirrar viðurkenningar á veigamiklum grundvallaratriðum málsins, sem fram kemur í breytingartillögum ríkisstjórnarinnar, sé ærin ástæða til að vísa

málinu aftur til þeirrar nefndar sem vann að frumvarpinu, þó aðeins með því skilyrði að litið verði á allar þær hugmyndir og tillögur sem fram hafa komið og þær útfærðar nánar og mat lagt á þær.

Annar minni hl. vill taka fram að þrátt fyrir það að kvennalistakonur hafni frumvarpinu í heild sinni telja þær ýmis atriði þess til bóta miðað við núverandi fyrirkomulag. Má sem dæmi nefna breytingartillögu ríkisstjórnarinnar við 1. gr. frumvarpsins um að úthlutun veiðiheimilda myndi hvorki eignarrétt né óafturkallanlegt forræði yfir veiðiheimildum, breytt mörk fiskveiðiárs og afnám sóknarmarks sem var ein af þeim breytingartillögum sem Kvennalistinn lagði fram við núgildandi lög. Þá telja kvennalistakonur ákvæði frumvarpsins um vigtun sjávarafla spor í rétta átt, en hefðu viljað ganga lengra og gera skylt að vigta allan afla innan lands.

Markmiðið með breytingartillögum Kvennalistans er fyrst og fremst að rjúfa það óeðlilega samband sem nú er milli skips og veiðiheimilda, að taka tillit til byggðasjónarmiða, að draga úr ofstjórn og miðstýringu, að efla rannsóknir, að hvetja til betri nýtingar og bættrar meðferðar sjávaraflans og búa betur að fólki í sjávarútvegi. Í fylgiskjali með nefndaráliti þessu er frumvarpið birt í heild sinni að teknu tilliti til breytingartillagna Kvennalistans.

Verði breytingartillögur Kvennalistans samþykktar mun 2. minni hl. styðja frumvarpið en greiða atkvæði gegn því ella.

Alþingi, 30. apríl 1990.

Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Fylgiskjal.

Drög að frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.

Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.

2. gr.

Til nytjastofna samkvæmt lögum þessum teljast sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð í íslenskri fiskveiðilandhelgi og sérlög gilda ekki um.

Til fiskveiðilandhelgi Íslands telst hafsvæðið frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands eins og hún er skilgreind í lögum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra skal, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveða með reglugerð þann heildarafla sem veiða má á ákveðnu tímabili eða vertíð úr þeim einstökum nytjastofnum við Ísland sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á. Heimildir til veiða samkvæmt lögum þessum skulu miðast við það magn og ekki víkja meira en 2% frá tillögum Hafrannsóknastofnunar.

Leyfður heildarafli botnfisktegunda skal miðaður við veiðar á 12 mánaða tímabili, frá 1. september ár hvert til 31. ágúst á næsta ári, og nefnist það tímabil fiskveiðiár. Skal heildarafli fyrir komandi fiskveiðiár ákveðinn fyrir 1. ágúst ár hvert. Að höfðu samráði við Hafrannsóknastofnunina er ráðherra heimilt innan fiskveiðiársins að auka eða minnka leyfðan heildarafla einstakra botnfisktegunda. Þó er óheimilt að breyta leyfðum heildarafla þorsks eftir 15. apríl. Heildarafli annarra tegunda sjávardýra skal ákveðinn með hæfilegum fyrirvara fyrir upphaf viðkomandi vertíðar eða veiðitímabils og er ráðherra heimilt í samráði við Hafrannsóknastofnunina að auka hann eða minnka á meðan vertíð eða veiðitímabil varir.

II. KAFLI
Veiðileyfi og aflamark.

4. gr.

Að höfðu samráði við Hafrannsóknastofnun getur ráðherra ákveðið með reglugerð:

a. að veiðar á ákveðnum tegundum nytjastofna, veiðar í tiltekin veiðarfæri, veiðar ákveðinna gerða skipa eða veiðar á ákveðnum svæðum skuli háðar sérstöku leyfi ráðherra.
b. að fiskur undir tiltekinni stærð teljist aðeins að hluta með í aflamarki.

5. gr.

Heimildir til botnfiskveiða skulu vera tvenns konar:

a. 80% þess heildarafla, sem ákveðinn er skv. 3. gr., skal skipt milli sveitarfélaga (útgerðarstaða) með hliðsjón af lönduðum afla síðustu fimm ára og reiknuðu meðaltali aflakvóta skipa skrásettra í sveitarfélaginu á sama tímabili.
b. 20% heildaraflans skulu renna í sérstakan sameiginlegan sjóð, veiðileyfasjóð, og vera til sölu, leigu eða til sérstakrar ráðstöfunar til sveitarfélaga, sbr. 8. gr.

6. gr.

Sveitarstjórnir skulu selja, leigja eða ráðstafa veiðiheimildum, sem þeim er úthlutað skv. a-lið 5. gr., til útgerða, fiskvinnslustöðva eða einstaklinga eftir þeim reglum sem þær setja sér.

Sveitarstjórnum er heimilt að ákveða gjald fyrir framsal veiðileyfa, sem þær fá skv. b-lið 5. gr., og skal gjaldið eigi vera lægra en það sem þær greiða fyrir þau í veiðileyfasjóð.

7. gr.

Sveitarstjórnum er heimilt:

a. að úthluta tilteknu aflamarki til útgerða, fiskvinnslustöðva eða einstaklinga,
b. að setja skilyrði um, að afli, sem flytja á óunninn úr landi, verði veginn í íslenskri höfn,
c. að ákveða, að afli á ákveðnum fisktegundum, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, skuli reiknaður með álagi, allt að 20% á þorsk og ýsu, en allt að 15% á aðrar tegundir, þegar metið er hversu miklu af aflamarki er náð hverju sinni,
d. að leyfa færslu veiðiheimilda, allt að 5%, milli ára,
e. að setja reglur um veiði smábáta,
f. að setja reglur um tómstundaveiðar,
g. að telja fisk, sem veiðist á línu í janúar, febrúar, nóvember og desember aðeins að hálfu með í aflamarki fiskiskips,
h. að framleigja veiðiheimildir til annarra sveitarfélaga, enda verði aflanum að einhverju leyti landað í því sveitarfélagi, sem framleigir veiðiheimild, ef viðkomandi sveitarstjórn óskar; tekjum af leigunni verði varið í þágu sjávarútvegsins.

8. gr.

Gjald fyrir veiðiheimildir frá veiðileyfasjóði, sbr. b-lið 5. gr. skal miðast við ákveðið meðalverð á afla upp úr sjó.

Tekjum af sölu eða leigu veiðiheimilda skal varið til eftirtalinna verkefna:

a. fræðslu sem nýtist sjávarútvegi, fiskvinnsluskóla, símenntunar fiskvinnslufólks og fyrirbyggjandi aðgerða vegna atvinnusjúkdóma fiskvinnslufólks, sjómannaskóla og öryggisfræðslu sjómanna,
b. rannsókna tengdum sjávarútvegi, grunnrannsókna á lífríki sjávar, rannsókna á ónýttum og vannýttum tegundum, vöruþróunar í sjávarútvegi, markaðsöflunar og markaðshönnunar fyrir sjávarafurðir,
c. verðlauna til þeirra sem veiðiheimildir hafa fyrir sérstaka frammistöðu við nýtingu og meðferð aflans eða fyrir lofsverðan aðbúnað starfsfólks.

9. gr.

Sveitarfélagi er skylt að tilkynna sjávarútvegsráðuneytinu um framleigu veiðiheimilda til annarra sveitarfélaga. Sé um slíka framleigu að ræða í þrjú ár samfleytt skerðist aflamark sveitarfélagsins sem því nemur við næstu úthlutun.

Farist skip skal útgerð þess halda aflamarki skipsins í 12 mánuði talið frá upphafi næsta mánaðar eftir að skip fórst enda þótt nýtt eða nýkeypt skip hafi ekki komið í þess stað innan þess tíma.

10. gr.

Veiðar á þeim tegundum sjávardýra sem ekki sæta takmörkun á leyfilegum heildarafla skv. 3. gr. eru frjálsar öllum sem leyfi fá til veiða skv. 6. gr. með þeim takmörkunum sem leiðir af almennum reglum um veiðisvæði, veiðarfæri, veiðitíma og reglum settum skv. 4. gr.

11. gr.

Verði veiðar takmarkaðar skv. 3. gr. á tegundum sjávardýra sem samfelld veiðireynsla er á, en ekki hafa áður verið bundnar ákvæðum um leyfðan heildarafla, skal aflahlutdeild úthlutað á grundvelli aflareynslu síðustu þriggja veiðitímabila.

Ef ekki er fyrir hendi samfelld veiðireynsla á viðkomandi tegund skal ráðherra ákveða aflahlutdeild einstakra sveitarfélaga, að fengnum tilögum Hafrannsóknastofnunarinnar.

12. gr.

Sé fyrirsjáanlegt að verulegar breytingar verði á aflatekjum milli veiðitímabila af veiðum á öðrum tegundum, sem sæta ákvæðum um leyfilegan heildarafla, en botnfiski og úthafsrækju, er ráðherra heimilt að skerða eða auka tímabundið botnfiskaflamark þeirra sveitarfélaga sem aflahlutdeild hafa af þeirri tegund sem breytingum sætir. Veruleg telst breyting á aflatekjum af sérveiðum í þessu sambandi ef hún veldur því að heildaraflaverðmæti sveitarfélaga þar sem viðkomandi sérveiðar eru stundaðar hefur að mati ráðherra vikið meira en 20% að meðaltali frá meðalaflaverðmæti síðustu fimm ára miðað við fast verðlag.

III. KAFLI

Framkvæmd og eftirlit.

13. gr.

Sérstök samráðsnefnd, skipuð einum fulltrúa tilnefndum sameiginlega af samtökum sjómanna og einum tilnefndum af samtökum útvegsmanna, einum tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einum tilnefndum af Verkamannasambandi Íslands, auk formanns

sem skipaður er af ráðherra án tilnefningar, skal fjalla um álita- og ágreiningsmál varðandi veiðileyfi, úthlutun aflahlutdeildar og aflamark samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og gera tillögur til ráðherra um úrlausn þeirra.

14. gr.

Skipstjórnarmenn veiðiskipa skulu halda sérstakar afladagbækur sem sjávarútvegsráðuneytið leggur til. Skal með reglugerð kveða á um þær upplýsingar sem skrá skal í afladagbækur, form þeirra og skil til ráðuneytis.

Útgerðarmönnum, skipstjórnarmönnum og kaupendum afla, svo og umboðsmönnum, útflytjendum, flutningsaðilum, bönkum og lánastofnunum, er skylt að láta ráðuneytinu eða Fiskifélagi Íslands ókeypis í té og í því formi, sem ráðherra ákveður, allar þær upplýsingar sem unnt er að láta í té og nauðsynlegar eru taldar vegna eftirlits með framkvæmd laga þessara.

15. gr.

Afli skal ávallt veginn á löndunarstað. Hafnaryfirvöld á hverjum löndunarstað skulu hafa yfirumsjón með vigtun afla og söfnun upplýsinga um landaðan afla.

Ráðuneytið skal að höfðu samráði við samgönguráðuneytið og hafnasamband sveitarfélaga kveða nánar á í reglugerð um hvernig afli skuli veginn og upplýsingum um landað aflamagn safnað.

Sé afli unninn um borð í veiðiskipi skal skylt að halda sérstaka vinnsludagbók, sem ráðuneytið leggur til, um vinnslu aflans. Skipum, sem vinna afla um borð, er óheimilt að sigla með afurðir til sölu á mörkuðum erlendis án sérstaks leyfis ráðuneytisins að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélag. Ráðuneytið getur bundið slík leyfi því skilyrði að útgerð skipsins greiði kostnað vegna ferðar eftirlitsmanns ráðuneytisins til að fylgjast með löndun úr skipinu erlendis eða skipið komi til hafnar á Íslandi vegna eftirlits.

16. gr.

Umhverfisráðuneytið annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og hefur í því skyni sérstaka eftirlitsmenn í sinni þjónustu.

Jafnframt því sem þessir eftirlitsmenn sinna verkefnum skv. 8. gr. laga nr. 31. maí 1976 og eftirliti með reglum settum samkvæmt heimild í þeim lögum skulu þeir fylgjast með löndun, vigtun og vinnslu afla, enn fremur útflutningi afla eða afurða eins og nánar er kveðið á í lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim og í erindisbréfi.

Eftirlitsmönnum er heimilt að fara í veiðiferðir með fiskiskipum og að fara um borð í skip til athugunar á farmi og veiðarfærum. Enn fremur skal þeim heimill aðgangur að öllum vinnslusölum fiskverkana og birgðageymslum.

17. gr.

Sjávarútvegsráðherra skal í samráði við umhverfisráðherra ákveða með reglugerð sérstakt gjald — veiðieftirlitsgjald — fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á grundvelli laga þessara eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða. Skal gjaldið renna til reksturs veiðieftirlits og skal upphæð þess miðast við að það standi undir rekstri eftirlitsins að hálfu.

Gjald vegna tilkynningar um aflamark skal miðast við áætlað verðmæti þess aflamarks sem úthlutað er. Skal ráðherra árlega áætla hlutfallslegt verðmæti einstakra tegunda í þessu skyni. Aldrei skal gjald samkvæmt þessari málsgrein vera hærra en 0,2% af áætluðu verðmæti þess afla sem aflamark skips heimilar veiðar á á komandi fiskveiðiári, vertíð eða veiðitímabili. Gjald fyrir hverja tilkynningu um aflamark skal þó aldrei vera lægra en 1.000 kr. og er sú

fjárhæð grunntala er miðast við byggingarvísitölu í janúar 1991 og breytist í hlutfalli við þær breytingar sem síðar kunna að verða á henni.

Útgerð skips skal greiða fæði veiðieftirlitsmanna og sjá þeim endurgjaldslaust fyrir aðstöðu meðan þeir stunda eftirlitsstörf um borð.

IV. KAFLI

Viðurlög o.fl.

18. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Um mál þau, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara að hætti opinberra mála.

19. gr.

Ráðuneytið skal beita ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla, vegna brota gegn þessum lögum eftir því sem við á.

Ráðuneytinu er enn fremur heimilt, vegna brota á ákvæðum laga þessara, reglna settra samkvæmt þeim og leyfisbréfa, að svipta handhafa veiðiheimildum í tiltekinn tíma og varða veiðar eftir leyfissviptingu m.a. upptöku skv. 1. mgr. Sama gildir verði vanskil á greiðslu andvirðis ólöglegs sjávarafla sem sætt hefur upptöku.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, með áorðnum breytingum, skulu veiðar með vörpu heimilaðar á vannýttum fisktegundum á ákveðnum svæðum samkvæmt reglum er ráðherra setur.

21. gr.

Með lögum þessum eru felldar úr gildi 10., 13. og 14. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Jafnframt breytist 2. mgr. 2. gr. þeirra laga og orðist svo:

Íslenskum skipum eru bannaðar veiðar með botnvörpu og flotvörpu í fiskveiðilandhelginni, nema þar sem sérstakar heimildir eru veittar til slíkra veiða í lögum þessum.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1991. Ákvæði er lúta að veiðum á öðrum tegundum sjávardýra en botnfiski koma til framkvæmda við upphaf fyrstu vertíðar eða veiðitímabils eftir 1. janúar 1991.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Leyfður heildarafli botnfisktegunda skv. 2. mgr. 3. gr. fyrir heilt 12 mánaða tímabil skal í fyrsta skipti ákveðinn fyrir fiskveiðiárið er hefst 1. september 1991. Skal sú ákvörðun tekin fyrir 1. ágúst 1991.

Fyrir 1. nóvember 1990 skal ráðherra í samráði við Hafrannsóknastofnun taka ákvörðun um leyfðan heildarafla botnfisktegunda á tímabilinu 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1991. Skal þeim heildarafla skipt milli sveitarfélaga á grundvelli fastrar aflahlutdeildar hvers sveitarfélags sem ákveðin er skv. a-lið 5. gr.

Ráðherra skal með hliðstæðum hætti ákveða heildarafla af úthafsrækju á fyrstu átta mánuðum ársins 1991 og hlutdeild einstakra sveitarfélaga í honum.

II.

Aflahlutdeild til veiða á loðnu, síld og humri skal úthlutað á grundvelli hlutdeildar viðkomandi sveitarfélags í heildarúthlutun afla á viðkomandi veiðisvæði, sbr. a-lið 5. gr., á því veiðitímabili eða vertíð sem síðast lauk fyrir gildistöku laga þessara.

Aflahlutdeild í svæðisbundnum veiðum á innfjarðarrækju og hörpuskelfiski skal úthlutað í samræmi við hlutdeild viðkomandi sveitarfélags í heildarúthlutun á viðkomandi veiðisvæði, sbr. a-lið 5. gr., á því veiðitímabili sem síðast lauk fyrir gildistöku laga þessara.

Ed. 1114. Breytingartillögur [352. mál]

við frv. til l. um stjórn fiskveiða.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur og Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Við 1. grein. Við bætist ný málsgrein svohljóðandi:
   Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forrræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Sjávarútvegsráðherra skal, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveða með reglugerð þann heildarafla sem veiða má á ákveðnu tímabili eða vertíð úr þeim einstökum nytjastofnum við Ísland sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á. Heimildir til veiða samkvæmt lögum þessum skulu miðast við það magn og ekki víkja meira en 2% frá tillögum Hafrannsóknastofnunar.
   Leyfður heildarafli botnfisktegunda skal miðaður við veiðar á 12 mánaða tímabili, frá 1. september ár hvert til 31. ágúst á næsta ári, og nefnist það tímabil fiskveiðiár. Skal heildarafli fyrir komandi fiskveiðiár ákveðinn fyrir 1. ágúst ár hvert. Að höfðu samráði við Hafrannsóknastofnunina er ráðherra heimilt innan fiskveiðiársins að auka eða minnka leyfðan heildarafla einstakra botnfisktegunda. Þó er óheimilt að breyta leyfðum heildarafla þorsks eftir 15. apríl. Heildarafli annarra tegunda sjávardýra skal ákveðinn með hæfilegum fyrirvara fyrir upphaf viðkomandi vertíðar eða veiðitímabils og er ráðherra heimilt í samráði við Hafrannsóknastofnunina að auka hann eða minnka á meðan vertíð eða veiðitímabil varir.
3. Við 4. gr. Greinin verði svohljóðandi:
   Að höfðu samráði við Hafrannsóknastofnun getur ráðherra ákveðið með reglugerð:
   a. að veiðar á ákveðnum tegundum nytjastofna, veiðar í tiltekin veiðarfæri, veiðar ákveðinna gerða skipa eða veiðar á ákveðnum svæðum skuli háðar sérstöku leyfi ráðherra.
   b. að fiskur undir tiltekinni stærð teljist aðeins að hluta með í aflamarki.
4. Á eftir 4. gr. komi fimm nýjar greinar svohljóðandi:
   A. (5. gr.)
   Heimildir til botnfiskveiða skulu vera tvenns konar:
   a. 80% þess heildarafla, sem ákveðinn er skv. 3. gr., skal skipt milli sveitarfélaga (útgerðarstaða) með hliðsjón af lönduðum afla síðustu fimm ára og reiknuðu meðaltali aflakvóta skipa skrásettra í sveitarfélaginu á sama tímabili.
   b. 20% heildaraflans skulu renna í sérstakan sameiginlegan sjóð, veiðileyfasjóð, og vera til sölu, leigu eða til sérstakrar ráðstöfunar til sveitarfélaga, sbr. 8. gr.

B. (6. gr.)

Sveitarstjórnir skulu selja, leigja eða ráðstafa veiðiheimildum, sem þeim er úthlutað skv. a-lið 5. gr., til útgerða, fiskvinnslustöðva eða einstaklinga eftir þeim reglum sem þær setja sér.

Sveitarstjórnum er heimilt að ákveða gjald fyrir framsal veiðileyfa, sem þær fá skv. b-lið 5. gr., og skal gjaldið eigi vera lægra en það sem þær greiða fyrir þau í veiðileyfasjóð.

C. (7. gr.)

Sveitarstjórnum er heimilt:

a. að úthluta tilteknu aflamarki til útgerða, fiskvinnslustöðva eða einstaklinga,
b. að setja skilyrði um, að afli, sem flytja á óunninn úr landi, verði veginn í íslenskri höfn,
c. að ákveða, að afli á ákveðnum fisktegundum, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, skuli reiknaður með álagi, allt að 20% á þorsk og ýsu, en allt að 15% á aðrar tegundir, þegar metið er hversu miklu af aflamarki er náð hverju sinni,
d. að leyfa færslu veiðiheimilda, allt að 5%, milli ára,
e. að setja reglur um veiði smábáta,
f. að setja reglur um tómstundaveiðar,
g. að telja fisk sem veiðist á línu í janúar, febrúar, nóvember og desember aðeins að hálfu með í aflamarki fiskiskips,
h. að framleigja veiðiheimildir til annarra sveitarfélaga, enda verði aflanum að einhverju leyti landað í því sveitarfélagi sem framleigir veiðiheimild, ef viðkomandi sveitarstjórn óskar; tekjum af leigunni verði varið í þágu sjávarútvegsins.

D. (8. gr.)

Gjald fyrir veiðiheimildir frá veiðileyfasjóði, sbr. b-lið 5. gr. skal miðast við ákveðið meðalverð á afla upp úr sjó.

Tekjum af sölu eða leigu veiðiheimilda skal varið til eftirtalinna verkefna:

a. fræðslu sem nýtist sjávarútvegi, fiskvinnsluskóla, símenntunar fiskvinnslufólks og fyrirbyggjandi aðgerða vegna atvinnusjúkdóma fiskvinnslufólks, sjómannaskóla og öryggisfræðslu sjómanna,
b. rannsókna tengdum sjávarútvegi, grunnrannsókna á lífríki sjávar, rannsókna á ónýttum og vannýttum tegundum, vöruþróunar í sjávarútvegi, markaðsöflunar og markaðshönnunar fyrir sjávarafurðir,
c. verðlauna til þeirra sem veiðiheimildir hafa fyrir sérstaka frammistöðu við nýtingu og meðferð aflans eða fyrir lofsverðan aðbúnað starfsfólks.

E. (9.gr.)

Sveitarfélagi er skylt að tilkynna sjávarútvegsráðuneytinu um framleigu veiðiheimilda til annarra sveitarfélaga. Sé um slíka framleigu að ræða í þrjú ár samfleytt skerðist aflamark sveitarfélagsins sem því nemur við næstu úthlutun.

Farist skip skal útgerð þess halda aflamarki skipsins í 12 mánuði talið frá upphafi næsta mánaðar eftir að skip fórst enda þótt nýtt eða nýkeypt skip hafi ekki komið í þess stað innan þess tíma.

5. Við 5. gr. Greinin falli brott.
6. Við 6. gr. Greinin falli brott.
7. Við 7. gr. er verði 10. gr. Greinin orðist svo:

Veiðar á þeim tegundum sjávardýra sem ekki sæta takmörkun á leyfilegum heildarafla skv. 3. gr. eru frjálsar öllum sem leyfi fá til veiða skv. 6. gr. með þeim takmörkunum sem leiðir af almennum reglum um veiðisvæði, veiðarfæri, veiðitíma og reglum settum skv. 4. gr.

8. Við 8. gr. er verði 11. gr. 2. mgr. verði svohljóðandi:
   Ef ekki er fyrir hendi samfelld veiðireynsla á viðkomandi tegund skal ráðherra ákveða aflahlutdeild einstakra sveitarfélaga, að fengnum tilögum Hafrannsóknastofnunarinnar.
9. Við 9. gr. er verði 12 gr.:
   a. Í stað orðsins „fiskiskipa“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: sveitarfélaga.
   b. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo: Veruleg telst breyting á aflatekjum af sérveiðum í þessu sambandi ef hún veldur því að heildaraflaverðmæti sveitarfélaga, þar sem viðkomandi sérveiðar eru stundaðar hefur að mati ráðherra vikið meira en 20% að meðaltali frá meðalaflaverðmæti síðustu fimm ára miðað við fast verðlag.
   c. 2. mgr. falli niður.
10. Við 10. gr. Greinin falli brott.
11. Við 11. gr. Greinin falli brott.
12. Við 12. gr. Greinin falli brott.
13. Við 13. gr. Greinin falli brott.
14. Við 14. gr. er verði 13. gr. Á eftir orðunum „og einum tilnefndum af samtökum útvegsmanna“ komi: einum tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einum tilnefndum af Verkamannasambandi Íslands.
15. Við 15. gr. er verði 14. gr.
    Fyrri málsgrein verði svohljóðandi:
    Skipstjórnarmenn veiðiskipa skulu halda sérstakar afladagbækur sem sjávarútvegsráðuneytið leggur til. Skal með reglugerð kveða á um þær upplýsingar sem skrá skal í afladagbækur, form þeirra og skil til ráðuneytis.
16. Við 16. gr. er verði 15. gr. Á eftir orðunum „án sérstaks leyfis ráðuneytisins“ í 3. mgr. komi: að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélag.
17. Við 17. gr. er verði 16. gr. Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðuneytið“ komi: Umhverfisráðuneytið.
18. Við 18. gr. er verði 17. gr.
    a. 1. mgr. orðist svo:
    Sjávarútvegsráðherra skal í samráði við umhverfisráðherra ákveða með reglugerð sérstakt gjald — veiðieftirlitsgjald — fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á grundvelli laga þessara eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða. Skal gjaldið renna til reksturs veiðieftirlits og skal upphæð þess miðast við að það standi undir rekstri eftirlitsins að hálfu.
    b. 3. mgr. falli niður.
19. Við 20. gr. er verði 19. gr. Í stað orðanna „að svipta skip heimild til veiða“ í 2. mgr. komi: að svipta handhafa veiðiheimildum.
20. 19. I. og II. ákvæði til bráðabirgða falli brott.
21. Við ákvæði til bráðabirgða III er verði I.
    a. 2. mgr. verði svohljóðandi:
    Fyrir 1. nóvember 1990 skal ráðherra í samráði við Hafrannsóknastofnun taka ákvörðun um leyfðan heildarafla botnfisktegunda á tímabilinu 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1991. Skal þeim heildarafla skipt milli sveitarfélaga á grundvelli fastrar aflahlutdeildar hvers sveitarfélags sem ákveðin er skv. a-lið 5. gr.
    b. 3. og 4. mgr. falli niður.
    c. Í stað orðsins „skipa“ í 5. mgr., sem verður 3. mgr., komi: sveitarfélaga.

22. Við ákvæði til bráðabirgða IV er verði II. Ákvæðið verði svohljóðandi:
Aflahlutdeild til veiða á loðnu, síld og humri skal úthlutað á grundvelli hlutdeildar viðkomandi sveitarfélags í heildarúthlutun afla á viðkomandi veiðisvæði, sbr. a-lið 5. gr., á því veiðitímabili eða vertíð sem síðast lauk fyrir gildistöku laga þessara.
Aflahlutdeild í svæðisbundnum veiðum á innfjarðarrækju og hörpuskelfiski skal úthlutað í samræmi við hlutdeild viðkomandi sveitarfélags í heildarúthlutun á viðkomandi veiðisvæði, sbr. a-lið 5. gr., á því veiðitímabili sem síðast lauk fyrir gildistöku laga þessara.
23. Ákvæði til bráðabirgða V og VI falli niður.

Ed. 1115. Nefndarálit [197. mál]

um frv. til l. um Úreldingarsjóð fiskiskipa.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Þó að efni þessa frumvarps og breytingartillögur, sem ríkisstjórnin hefur lagt fram við það, sé í anda þess sem Kvennalistinn hefur látið frá sér fara um fiskveiðimál hefur 2. minni hl. ýmsar athugasemdir við efni frumvarpsins eftir að breytingartillögur ríkisstjórnarinnar voru birtar og málsmeðferðina alla.

Markmið frumvarpsins, eins og það var lagt fram, var einkum þríþætt:
— að draga úr afkastagetu fiskiskipastólsins,
— að koma í veg fyrir að úrelt og gömul fiskiskip séu endurnýjuð með mun afkastameiri fiskiskipum,
— að sjóðurinn eignist kvóta fiskiskipa eftir ákveðnum reglum.

Allt eru þetta markmið sem kvennalistakonur fella sig við og telja nauðsynlegt að vinna að.

Með þeim breytingartillögum, sem lagðar hafa verið fram af hálfu ríkisstjórnarinnar við þetta frumvarp, örlar á viðurkenningu á þeim sjónarmiðum, sem kvennalistakonur hafa haldið fram og flutt tillögur um, að óhjákvæmilegt sé að taka tillit til byggðasjónarmiða við mótun fiskveiðistefnu og að ekki sé sjálfgefið að úthluta veiðiheimildum ókeypis til einstaklinga og útgerðarfélaga sem geta hagnast um tugi eða hundruð milljóna á óveiddum fiski sem lögum samkvæmt er sameign íslensku þjóðarinnar. Breytingartillögurnar fela þó ekki í sér framtíðarlausn á vanda byggðarlaga aðeins er verið að lagfæra einstök atriði, en heildarvandanum ýtt til hliðar og ýmis atriði óljós. Með breytingartillögunum er búið að tengja frumvarp þetta frumvarpi til laga um fiskveiðistefnu órjúfanlegum böndum, fyrst og fremst í því skyni að reyna að jafna ágreining innan ríkisstjórnarinnar um fiskveiðistefnuna.

Annar minni hl. telur þetta ekki vera það úrræði sem þarf til að tryggja stöðu byggðarlaga og minnir á breytingartillögur Kvennalistans við frumvarp til laga um stjórn fiskveiða um byggðakvóta. Hins vegar kann að vera að þetta sé eina úrræði ríkisstjórnarinnar til að þoka frumvarpi til laga um fiskveiðistefnu í gegnum þingið. Í ljósi þessa og þeirrar staðreyndar að frumvarp þetta er mikilvægur þáttur þeirrar fiskveiðistefnu, sem Kvennalistinn hefur hafnað, leggur 2. minni hl. til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 30. apríl 1990.

Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Ed. 1116. Nefndarálit [352. mál]

um frv. til l. um stjórn fiskveiða.

Frá 3. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp þetta um stjórn fiskveiða hefur verið alllengi til meðferðar í nefndinni. Lítt hefur það þó verið rætt í nefndinni fyrr en nú síðustu daga. Ekki er ljóst hver ástæða þess er, önnur en sú að aldrei hefur verið augljósara en nú að mjög svo takmarkaður hluti alþingismanna, og reyndar einnig almennings í landinu, er hlynntur þeirri helstefnu sem kvótastefna dávaldsins úr Framsóknarflokknum, Halldórs Ásgrímssonar, er.

Nú virðist sem betur fer að augu enn fleiri þingmanna og almennings hafi opnast fyrir þeirri gegndarlausu miðstýringu og valdníðslu sem þessi helstefna hefur haft í för með sér, ekki hvað síst gagnvart mörgum byggðarlögum á landsbyggðinni sem orðið hafa þessum móðuharðindum af manna völdum að bráð.

Ekki þarf að taka fram að undirritaður hefur allt frá upphafi verið andvígur því einveldi og þeirri miðstýringu sem sjávarútvegsráðherra hefur verið veitt með samþykkt laganna um stjórn fiskveiða allt frá 1984 og valdið hefur mörgum byggðarlögum og þar með þjóðinni allri ómældu tjóni og röskun.

Það vekur hins vegar mikla athygli að á síðustu dögum við meðferð málsins í nefndinni hefur komið fram svokallað ráðherragengi sem hefur beitt sér fyrir grundvallarbreytingum á frumvarpinu eins og ráðgjafarnefndin gekk frá því, og einnig frá því að málið var rætt í þingflokkum þeim sem kallaðir eru stjórnarþingflokkar.

Þessi grundvallarbreyting ráðherragengisins á frumvarpinu, sem miðar að því að taka upp veiðileyfasölu og auðlindaskatt, er slík að undrun vekur. Í huga undirritaðs verður svona grundvallarbreyting ekki skýrð á annan veg en verið sé með pólitísku „plotti" að framlengja líf ríkisstjórnarinnar og hafa að vettugi heill og hamingju íslensku þjóðarinnar.

Við afgreiðslu málsins haustið 1987 bar undirritaður fram breytingartillögur sem allar miðuðu að því að draga úr alræðisvaldi sjávarútvegsráðherra og gera kerfið mannlegra. Allar þær tillögur voru felldar og þeir, sem að því stóðu, bera því mikla ábyrgð.

Eins og málið kemur nú fyrir deildina mun undirritaður freista þess að ná fram breytingum til hins betra og flytja eða fylgja breytingartillögum þar að lútandi.

Rétt þykir í lokin að fram komi vegna bókunar þeirrar sem þingflokkur Alþýðuflokksins gerði varðandi frumvarpið um stjórn fiskveiða að undirritaður, sem er andvígur bókunni, sat ekki þann þingflokksfund frekar en aðra fundi þingflokksins undangengna mánuði, en til þess liggja ýmsar ástæður. En þar sem ljóst er að þingflokkur Alþýðuflokksins hefur lýst stuðningi við breytingartillögur 1. minni hl. nefndarinnar við frumvarpið og lítur svo á að með þeim sé komið til móts við sjónarmið þingflokksins telur undirritaður rétt að birta þessa bókun frá 23. apríl sl. sem fylgiskal með nefndarálitinu. Sighvatur Björgvinsson, 5. þm. Vestf., lagði til að afgreiðslu málsins yrði frestað.

Alþingi, 30. apríl 1990.

Karvel Pálmason.

Fylgiskjal.

Stefnan í kvótamálinu.
(Bókun þingflokks Alþýðuflokksins, 23. apríl 1990,
um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða.)

Þingflokkur Alþýðuflokksins vísar til og ítrekar bókun Eiðs Guðnasonar, fulltrúa þingflokksins í ráðgjafarnefnd um mótun fiskveiðistefnu sem lögð var fram við starfslok nefndarinnar 26. janúar 1990.

Þingflokkurinn bendir á að hætt er við mótsögn milli þess ákvæðis 1. gr. frumvarps til laga um stjórn fiskveiða þar sem segir: „Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar“ og þeirrar framkvæmdar sem 7. gr. frumvarpsins og ákvæði til bráðabirgða II gera ráð fyrir að höfð sé við úthlutun veiðiheimilda. Þingflokkurinn sér því sérstaka ástæðu til að taka undir og leggja ríka áherslu á það sem segir í athugasemd um 1. gr. frumvarpsins, en þar segir: „Enda þótt frumvarpið byggi á því að fiskistofnarnir verði skynsamlegast nýttir með því að fela þeim, sem daglega starfa að fiskveiðum, víðtækt ákvörðunarvald í þessum efnum, *má það ekki verða til þess að með því verði talið myndast óafturkallanlegt og stjórnarskrárvarið forræði einstakra aðila yfir auðlindinni.* (Lbr. þfl.) Það verður að vera ákvörðunarefni löggjafans á hverjum tíma hvaða skipulag teljist best henta til að nýta þessa sameign þjóðarinnar með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi.“

Besta leiðin til að leysa þennan vanda er að leigugjald komi fyrir aðgang að hinni sameiginlegu auðlind.

Það er álit þingflokks Alþýðuflokksins að æskilegt hefði verið að taka nú ákvörðun um að taka upp í áföngum á tímanum fram að aldamótum leigugjald fyrir afnot veiðiheimilda og feta sig þannig inn í fyrirkomulag sem væri í eðlilegustu samræmi við þá grundvallaryfirlýsingu 1. gr. frumvarpsins að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar. Þá bendir þingflokkurinn á að nauðsyn beri til að rjúfa tengslin milli skipa og veiðiheimilda til þess að unnt verði að taka tillit til byggðasjónarmiða og ná fram aukinni hagkvæmni í útgerð. Um þessi atriði hefur því miður ekki tekist nægileg samstaða í sjávarútvegsnefnd efri deildar.

Með tilliti til þessa getur þingflokkurinn þó fyrir sitt leyti fallist á þá málamiðlun að byggja lausn málsins á frumvarpi til laga um Úreldingarsjóð fiskiskipa sem einnig er til meðferðar í nefndinni. Hlutverk sjóðsins verði víkkað og nafni hans breytt í samræmi við það. Lagt er til að hann verði nefndur Aflasjóður. Aflaheimildir, sem sjóðurinn eignast, selur hann á leigu til hæstbjóðanda eða beitir til byggðajöfnunar. Auk þeirra veiðiheimilda, sem Aflasjóður eignast við kaup á skipum til úreldingar, fái sjóðurinn til ráðstöfunar 10% af úthlutuðum veiðiheimildum fyrsta fiskveiðiárið samkvæmt lögunum.

Þetta kemur að nokkru til móts við þau sjónarmið þingflokksins að leigugjald verði tekið fyrir afnot veiðiheimilda og auðveldar einnig að bregðast við staðbundnum byggðavandamálum sem upp kunna að koma vegna sölu fiskiskipa úr sjávarútvegsbyggðum. Það er skoðun þingflokksins að á næstu árum eigi að stefna að því í áföngum að rjúfa tengslin milli skipa og veiðiheimilda þannig að Aflasjóður fái auknar veiðiheimildir til ráðstöfunar. Þingflokkurinn telur eðlilegt að ákvæði frumvarps til laga um Úreldingarsjóð fiskiskipa verði felld inn í frumvarpið um stjórn fiskveiða enda eiga þau þar heima eftir eðli máls.

Þingflokkurinn styður tillögur frumvarpsins um rýmkun reglna um framsal veiðiheimilda frá því sem nú er, en er andvígur þeirri takmörkun á framsali veiðiheimilda, sem felst í því að skip þurfi að hafa sams konar veiðiheimild fyrir til þess að geta tekið við þeim af öðrum.

Þingflokkurinn telur eðlilegt að eftirlit með framkvæmd laganna verði fært frá sjávarútvegsráðuneyti til sérstakrar stofnunar er annist m.a. skráningu veiðiheimilda, skráningu og öflun upplýsinga og almennt veiðieftirlit. Sérstök nefnd hlutlausra aðila úrskurði um upptöku ólögmæts sjávarafla. Sjávarútvegsráðuneytið gefi hins vegar eftir sem áður út sjálfar veiðiheimildirnar. Ljóst er að þessari breytingu fylgir nokkur kostnaðarauki frá því sem nú er. Eðlilegt er að þeir, sem njóta veiðiheimildanna, standi straum af þeim kostnaði sem af þessu hlýst.

Endurskoðun laga um upptöku ólögmæts sjávarafla er nauðsynleg að mati þingflokksins.

Þá leggur þingflokkurinn til að inn í 1. gr. laganna verði felld þau efnisákvæði úr athugasemdum við 1. gr. þar sem segir að enda þótt frumvarpið byggist á því að fiskistofnarnir verði skynsamlegast nýttir með því að fela þeim, sem daglega starfa að fiskveiðum, víðtækt ákvörðunarvald í þessum efnum, megi það ekki verða til þess að með því verði talið myndast óafturkallanlegt og stjórnarskrárvarið forræði einstakra aðila yfir auðlindinni.

Það er enn fremur álit þingflokksins að nauðsynlegt sé að í lögunum komi skýrt fram að breyting á þeim leggi ekki skaðabótaskyldu af neinu tagi á ríkissjóð.

Það er skoðun þingflokks Alþýðuflokksins að brýnt sé að kanna áhrif laganna um stjórn fiskveiða á afkomu og hagkvæmni í sjávarútvegi og skynsamlega nýtingu fiskistofna. Það verkefni mætti fela sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands sem jafnframt gerði úttekt á mismunandi kostum við stjórn fiskveiða og hagkvæmni þeirra.

Að teknu tilliti til þessara sjónarmiða mun þingflokkurinn veita málinu brautargengi á Alþingi og stuðla að samþykkt þess fyrir þinglausnir.

Sþ. 1117. Nefndarálit [192. mál]

um till. til þál. um heimild til handa forsetum Alþingis að ganga til samninga um kaup á Hótel Borg.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Tillaga þessi til þingsályktunar var flutt á síðasta Alþingi nálega í sama formi. Einnig þá klofnaði nefndin í afstöðu sinni til málsins og það hlaut ekki endanlega afgreiðslu.

Nú eru aðstæður breyttar á þann veg að Reykjavíkurborg hefur keypt Hótel Borg þannig að kaup Alþingis á því húsnæði eru úr sögunni.

Eigi að síður telur minni hl. ástæðu til að taka málið upp í öðrum búningi. Ljóst er að full þörf er á því að taka húsnæðismál Alþingis til athugunar, en starfsemi þess fer nú fram í fleiri húsum en haganlegt er. Minni hl. leggur því til að forsetum Alþingis verði falið að kanna hvaða möguleikar eru til aukinnar hagkvæmni í húsnæðismálum Alþingis og skila um það skýrslu til allra formanna þingflokka á næsta haustþingi. Þessi afstaða er hin sama og kynnt var af hálfu minni hl. fyrir ári. Á þeim tíma, sem liðið hefur, mun lítið eða ekki hafa verið aðhafst.

Minni hl. flytur breytingartillögu við tillögugreinina á sérstöku þingskjali. Er þar um að ræða lítt breytta þá breytingartillögu sem lögð var fyrir síðasta Alþingi.

Alþingi, 28. apríl 1990.

Pálmi Jónsson, frsm. Egill Jónsson. Friðjón Þórðarson.

Sþ. 1118. Breytingartillögur [192. mál]

við till. til þál. um heimild til handa forsetum Alþingis að ganga til samninga um kaup á Hótel Borg.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar (PJ, EgJ, FÞ).

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela forsetum Alþingis að kanna hvaða möguleikar eru til aukinnar hagkvæmni í húsnæðismálum Alþingis og skila um það skýrslu til formanna allra þingflokka á næsta haustþingi.
   Í skýrslunni skal koma fram:
   1. Möguleikar á leigu eða kaupum á húsnæði í grennd við Alþingishúsið.
   2. Áætlun um kostnað í hverju tilviki fyrir sig.
   3. Áætlun um nýtingu húsnæðis sem tekið kynni að vera á leigu eða keypt.
   4. Hvað af núverandi húsnæði Alþingis megi láta af hendi.
2. Fyrirsögn till. verði: Till. til þál. um könnun á húsnæðismálum Alþingis.

Ed. 1119. Nefndarálit [352. mál]

um frv. til l. um stjórn fiskveiða.

Frá 4. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða er samið af nefnd sem skipuð er fulltrúum þingflokka og hagsmunaaðila í sjávarútvegi samkvæmt lögum nr. 38. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990. Það er í samræmi við þá grundvallarskoðun sjálfstæðismanna að stjórn fiskveiða sé ekki dægurmál. Framtíðarskipan þess hvernig við nýtum auðlindir hafsins verður að byggjast á víðtækri samstöðu og tryggja að framþróun í sjávarútvegi geti orðið með eðlilegum hætti. Að öðrum kosti er borin von að unnt sé að ná nauðsynlegri hagræðingu í atvinnugreininni með því að afkastageta skipastólsins verði í samræmi við þann sóknarþunga sem nytjastofnarnir þola. Reynslan sýnir að opinber forsjá dugir ekki í þeim efnum. Fyrst þegar handhafar veiðiheimilda geta byggt á stöðugleika og traustri löggjöf er þess að vænta að langtímasjónarmið verði ofan á varðandi hagkvæma nýtingu fiskstofna. Á það jafnt við um dreifingu sóknarinnar og fullvinnslu aflans að því marki sem samrýmist útflutningshagsmunum okkar í bráð og lengd.

Illu heilli hefur sjávarútvegsráðherra horfið frá þessum grundvallarsjónarmiðum við meðferð málsins á Alþingi. Héðan af verður því ekki haldið fram að hann vilji halda fiskveiðimálunum utan við dægurmál stjórnmálanna því að hann hefur tekið fullan þátt í því skæklatogi sem um málið hefur orðið í ríkisstjórninni og kosið að afgreiða það án samráðs og samvinnu við fulltrúa hagsmunaaðila. Nú er mál að linni og málefni sjávarútvegsins verði tekin úr höndum Framsóknarflokksins.

Frumvarp um stjórn fiskveiða var lagt fram á Alþingi 15. febrúar sl. Full eining var um það innan þingsins að það fengi vandaða málsmeðferð. Sjávarútvegsnefndir beggja deilda unnu að athugun málsins og kölluðu fyrir sig fulltrúa hagsmunaaðila. Það var fyrst eftir að málið hafði verið til lokaafgreiðslu í sjávarútvegsnefnd efri deildar að ríkisstjórnin tók það til efnislegrar umræðu. Þá kom í ljós að þar var mikill ágreiningur um grundvallaratriði. Það var ýmist að fundir í sjávarútvegsnefnd voru boðaðir eða afboðaðir uns fimmtudagurinn 25. apríl rann upp. Þá voru endanlegar breytingartillögur ríkisstjórnarinnar lagðar fram í nefndinni og áttu bæði við frumvörp um stjórn fiskveiða og frumvörp um Úreldingarsjóð fiskiskipa.

Tillögurnar fela í sér grundvallarbreytingu á stjórn fiskveiða og verða ekki ræddar né afgreiddar nema í samhengi þar sem frumvörpin tvö mynda eina heild.

Fyrsti minni hl. sjávarútvegsnefndar — framsóknarmennirnir í sjávarútvegsnefnd — hefur tekið upp breytingartillögur ríkisstjórnarinnar óbreyttar og er ekki til viðræðu um efnisbreytingar á þeim. Ekki var haft samráð við fulltrúa hagsmunaaðila. Á fundum sjávarútvegsnefndar kom fram að meðal fulltrúa hagsmunaaðila er mikil andstaða við málið eins og það liggur fyrir í heild.

Kjarni breytingartillagnanna felst í þeim ákvæðum að hlutverki Úreldingarsjóðs fiskiskipa skuli breytt í grundvallaratriðum og nafni hans í Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Það eru að sjálfsögðu öfugmæli eins og jafnan þegar opinber forsjá á að koma einstökum atvinnugreinum til bjargar. Sannmæli væri að kalla sjóðinn Óhagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

Í breytingartillögum ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að skerða fiskveiðiheimildir um 12 þúsund þorskígildistonn frá einu ári til annars. Síðan á að gefa útgerðarmönnum kost á að kaupa helminginn til baka við opinberu verði sem næst markaðsverði. Með því er stigið fyrsta skrefið til auðlindaskatts. Þótt þessum heimildum séu þröngar skorður settar í breytingartillögunum er eftirleikurinn auðveldur. Það er að rétta skrattanum litla fingurinn og ekki er það laust sem skrattinn heldur. Allt þetta eiga múrarar að vita upp á sína tíu fingur, segir gamalt orðtak. Allt þetta eiga sjómenn og útgerðarmenn að vita upp á sína tíu fingur. Sex þúsund þorskígildistonnum á að verja til þess sem kallað er „að koma til aðstoðar í einstökum byggðarlögum“, þó þannig að sum sveitarfélög eiga að fá aflaheimildir við markaðsverði, sum fyrir eitthvað minna og sum fyrir ekki neitt. Þannig er um hnútana búið að helstu útgerðarstaðirnir verða utan garðs í þessari sérstöku úthutun.

Gert er ráð fyrir að hinn nýi sjóður geti haldið hjá sér 5% af heildaraflaheimildum eða um 30 þúsund þorskígildistonnum, sem síðan verði seld innan fiskveiðiársins við markaðsverði. Þar er verið að tala um 600–750 millj. kr. Auk þess er árlegt gjald útgerðarmanna til hins nýja sjóðs hækkað um 50% frá Aldurslagasjóði og mun nema tæpum 100 millj. kr. á ári. Stofnfé sjóðsins er um 400 millj. kr. og lánsheimild með ríkisábyrgð að 80% af kaupverði skipa sem sjóðurinn kann að eignast. Ef útgerðarmenn neyta ekki forkaupsréttar á aflaheimildum eða sjóðurinn eignast skip með aflaheimildum á fiskveiðiári skulu þær seljast hæstbjóðanda. Kvóti, sem framseldur er til frambúðar, skiptist hlutfallslega milli fiskiskipa án endurgjalds.

Með hliðsjón af árlegum tekjum sjóðsins og starfsreglum hans er ljóst að markaðsverð á veiðiheimildum og fiskiskipum verður hærra en ella. Það er einnig ljóst að ákvæðið um að framselja aflaheimildir til einstakra byggðarlaga er varhugavert. Reynslan hefur sýnt að útgerðarstaðir, sem geta boðið fram aflakvóta fyrir landaðan afla, draga til sín fiskiskip frá öðrum stöðum. Slíkar ráðstafanir leysa ekki hráefnisskort fiskvinnslustöðva ef dæmið er reiknað í heild en færa vandann til. Eina lausnin er sú að setja strangar reglur sem koma í veg fyrir að sjávarafli sé fluttur út til vinnslu erlendis. Um það höfuðmál er ekki samstaða í ríkisstjórninni þótt óvissuástandið og ófremdarástandið í þessum efnum nú skaði útflutningshagsmuni Íslendinga stórlega og heildarafkomu fólksins í landinu þegar lengra er litið.

Af framansögðu er ljóst að nauðsynlegt er að endurskoða frumvarp til laga um stjórn fiskveiða og frumvarp til laga um Úreldingarsjóð fiskiskipa frá grunni með hliðsjón af breyttum viðhorfum. Þess vegna er brýnt að samráðsnefnd sú, sem skipuð var samkvæmt lögum nr. 3 8. janúar, um stjórn fiskveiða 1988–1990, verði kölluð saman á ný og skili áliti eigi síðar en 1. ágúst. Þá er svigrúm til að kalla saman aukaþing til þess að afgreiða nýja heildarlöggjöf um stjórn fiskveiða áður en reglulegt Alþingi kemur saman 10. október nk.

Alþingi, 30. apríl 1990.

Guðmundur H. Garðarsson, frsm. Halldór Blöndal.

Ed. 1120. Nefndarálit [460. mál]

um frv. til l. um Skákskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess með þeim breytingum sem gerðar voru á því í neðri deild.

Alþingi, 30. apríl 1990.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Halldór Blöndal.
Salome Þorkelsdóttir.	Jón Helgason.	Skúli Alexandersson.
	Valgerður Sverrisdóttir.	

Ed. 1121. Nefndarálit [362. mál]

um frv. til l. um launasjóð stórmeistara í skák.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess með þeim breytingum sem gerðar voru á því í neðri deild.

Alþingi, 30. apríl 1990.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Halldór Blöndal.
Salome Þorkelsdóttir.	Jón Helgason.	Skúli Alexandersson.
	Valgerður Sverrisdóttir.	

Sþ. 1122. Þingsályktun [491. mál]

um staðfestingu breytinga á samningi um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) vegna fríverslunar með fiskafurðir.

(Afgreidd frá Sþ. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 856.

Ed. 1123. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [352. mál]

í málinu: Frv. til l. um stjórn fiskveiða.

Frá Guðmundi H. Garðarssyni, Karvel Pálmasyni, Skúla Alexanderssyni og Halldóri Blöndal.

Frv. til l. um stjórn fiskveiða er samið af nefnd sem skipuð er fulltrúum þingflokka og hagsmunaaðila í sjávarútvegi samkvæmt lögum nr. 3 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða

1988–1990. Frumvarpið var lagt fram á Alþingi hinn 15. febrúar sl. Sjávarútvegsnefndir beggja deild unnu að athugun málsins og kölluðu fyrir sig fulltrúa hagsmunaaðila. Síðan fór málið til lokaafgreiðslu í sjávarútvegsnefnd Ed. Á fundi sjávarútvegsnefndar fimmtudaginn 25. apríl lagði formaður fram endanlegar breytingartillögur ríkisstjórnarinnar við frumvarpið og frv. til l. um Úreldingarsjóð fiskiskipa. Tillögurnar fela í sér grundvallarbreytingu á stjórn fiskveiða og verða ekki ræddar né afgreiddar nema í samhengi. Fyrsti minni hl. sjávarútvegsnefndar hefur tekið upp brtt. ríkisstjórnarinnar. Ekki var haft samráð við fulltrúa hagsmunaaðila. Á fundum sjávarútvegsnefndar kom fram að meðal fulltrúa hagsmunaaðila er mikil andstaða við málið eins og það liggur nú fyrir í heild.

Að framansögðu er ljóst að nauðsynlegt er að endurskoða frv. til l. um stjórn fiskveiða og frv. til l. um Úreldingarsjóð fiskiskipa frá grunni með hliðsjón af nýjum viðhorfum og þeim sjónarmiðum sem fram hafa komið. Deildin telur nauðsynlegt að samráðsnefnd sú, sem skipuð var samkvæmt lögum nr. 38. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990, verði kölluð saman að nýju og skili áliti eigi síðar en 1. ágúst n.k. Í framhaldi af því verði aukaþing kallað saman svo fljótt sem verða má til þess að afgreiða heildarlög um stjórn fiskveiða áður en reglulegt Alþingi kemur saman 10. október nk.

Með vísan til framanritaðs samþykkir deildin að taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. 1124. Frávísunartillaga [197. mál]

í málinu: Frv. til l. um Úreldingarsjóð fiskiskipa.

Frá Guðmundi H. Garðarssyni, Karvel Pálmasyni,
Skúla Alexanderssyni og Halldóri Blöndal.

Deildin samþykkir að fela sjávarútvegsráðherra að kalla saman nefnd þá er skipuð var skv. lögum nr. 38. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990, til þess að fjalla um frumvarp það sem hér liggur fyrir og vísar dagskrármálinu til ríkisstjórnarinnar.

Nd. 1125. Nefndarálit [402. mál]

um frv. til l. um innflutning dýra.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Jónas Jónsson búnaðarmálastjóra. Einnig bárust nefndinni athugasemdir frá Brynjólfi Sandholt yfirdýralækni og Árna M. Mathiesen, dýralækni fisksjúkdóma, varðandi frumvarpið og hefur verið tekið tillit til flestra þeirra.

Nefndin er sammála um að leggja til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Sumar lúta að orðalagi og áherslum en aðrar eru efnislegar. Efnislegar breytingar varða í fyrsta lagi einangrunarstöð, sbr. 13. gr. frumvarpsins. Lagt er til að innflutningur í einangrunarstöð verði undir eftirliti umsjónardýralæknis. Er þetta gert til að leggja áherslu á að ströngustu reglum sé líka fylgt við innflutning í einangrunarstöð, sem og sóttvarnastöð. Gæti slíkur innflutningur valdið stórskaða ef ekki er að gáð og því eðlilegt að ströngustu reglur gildi um hann.

Í öðru lagi er lagt til að 1. gr. verði breytt þannig að yfirmaður sóttvarna- eða einangrunarstöðvar nefnist sóttvarnardýralæknir, en ekki umsjónarmaður, og breytast nokkrar greinar til samræmis við það.

Í þriðja lagi er lögð til breyting á 3. gr. þar sem nefndin telur óþarft ef yfirdýralæknir mælir ekki með innflutningi dýrs að honum sé gert að skila rökstuddu áliti um heilbrigðisástand í því landi sem flytja á dýrið frá.

Þá er lagt til að ákvæði 1. málsl. síðari málsgreinar 4. gr. um mat búfjárræktarnefndar á innflutningi falli brott þar sem ráðherra er skyldaður í fyrri málsgrein sömu greinar til að leita álits nefndarinnar áður en innflutningur er leyfður. Ákvæðið er því óþarft.

Í fimmta lagi leggur nefndin til að embættisdýralæknir annist heilbrigðisskoðun á dýrum sem flytja á inn og dýrum sem gefa erfðaefni sem flutt er inn, en ekki sé látið nægja að viðurkenndur dýralæknir framkvæmi slíka skoðun. Jafnframt er lagt til að upplýsingar um slíkan innflutning liggi fyrir áður en hann fer fram.

Að lokum er lagt til að það sé búfjárræktarnefnd í viðkomandi grein, en ekki landsráðunautur, sem viðurkenni bú sem fá að flytja dýr úr einangrunarstöð á búið.

Kristín Einarsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þessum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 27. apríl 1990.

Alexander Stefánsson, form., frsm.	Guðni Ágústsson, fundaskr.	Ingi Björn Albertsson.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Pálmi Jónsson.	Eggert Haukdal.
	Ragnar Arnalds.	

Nd. 1126. Breytingartillögur [402. mál]

við frv. til l. um innflutning dýra.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Á eftir orðunum „hafa af þeim“ í skilgreiningu á *búfé* komi: gagn og.
   b. Orðin „að undanskildum manninum“ í skilgreiningu á *dýrum* falli brott.
   c. Í stað orðanna „egg, sæði eða annað lifandi efni sem af getur vaxið nýtt dýr“ í skilgreiningu á *erfðaefni* komi: egg eða sæði.
   d. Í stað orðanna „sérstaklega hefur verið skipaður“ í skilgreiningu á *umsjónardýralækni* komi: hefur verið skipaður til eftirlits.
   e. Í stað orðsins *umsjónarmaður* sem skilgreint er í greininni komi: *sóttvarnardýralæknir*.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „og villt, svo og erfðaefni“ í 1. mgr. komi: eða villt, svo og erfðaefni þeirra.
3. Við 3. gr.
   a. Orðin „eða hafnar“ og „annars“ í fyrri málsgrein falli brott.
   b. Í stað orðanna „finnst ekki sjúkdómar“ í niðurlagi fyrri málsgreinar komi: hafi ekki orðið vart sjúkdóma.
4. Við 4. gr.
   a. Á eftir orðunum „hvaða kyn“ í seinni málslið fyrri málsgreinar komi: og tegund.
   b. Fyrri málsliður seinni málsgreinar falli brott.

5. Við 6. gr. Í stað orðanna „einn innflutning“ í lokamálslið greinarinnar komi: eitt innflutningsleyfi.
6. Við 8. gr.
   a. Í stað orðsins „viðurkenndum dýralækni“ í 1. málsl. komi: embættisdýralækni.
   b. Í stað orðanna „fylgja með þegar“ í niðurlagi 1. málsl. komi: liggja fyrir áður en.
   c. Í stað orðsins „þegar“ í niðurlagi lokamálsliðar komi: áður en.
7. Við 9. gr.
   Í stað orðsins „umsjónarmaður“ hvarvetna í greininni (í viðeigandi beygingarföllum) komi: sóttvarnardýralæknir.
8. Við 10. gr. Fyrri mgr. orðist svo:
   Innflutt dýr eða dýr, sem hafa vaxið af innfluttu erfðaefni, má aldrei flytja út af sóttvarnastöð.
9. Við 13. gr.
   a. Á eftir orðinu „einangrunarstöð“ í niðurlagi 1. málsl. komi: undir eftirliti umsjónardýralæknis.
   b. Í stað orðsins „landsráðunautar“ í 3. málsl. komi: búfjárræktarnefndar.
10. Við 16. gr.
   a. Í stað orðanna „Umsjónarmaður sóttvarnastöðvar“ í 2. málsl. komi: Sóttvarnardýralæknir.
   b. Við 2. málsl. bætist: og notkun þeirra.
   c. Í stað orðsins „umsjónarmaður“ í 3. málsl. komi: sóttvarnardýralæknir.
11. Við 19. gr.
   Í stað orðanna „til landsins“ í síðari málslið fyrri málsgreinar komi: í stöðina.

Sþ. 1127. Skýrsla [141. mál]

forsætisráðherra um framkvæmd ályktana Alþingis á síðastliðnum fimm árum, samkvæmt beiðni.

Skýrsla sú sem hér er lögð fram er tekin saman að ósk Danfríðar Skarphéðinsdóttur, Árna Gunnarssonar, Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur, Margrétar Frímannsdóttur, Skúla Alexanderssonar, Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar, Inga Björns Albertssonar, Guðmundar H. Garðarssonar og Guðrúnar Agnarsdóttur í samræmi við 30. gr. laga um þingsköp Alþingis.

Forsætisráðuneytið tók í samvinnu við Alþingi saman lista um allar þingsályktanir á tímabilinu frá 1. janúar 1985 til 20. maí 1989 og sendi út fyrirspurnir til ráðuneyta um framkvæmd á verksviði hvers þeirra fyrir sig. Upplýsingar ráðuneytanna koma fram í skýrslunni. Ekki þykir tilefni til þess að gera sérstaka grein fyrir framkvæmd þingsályktana um frestun á fundum Alþingis né heldur þingsályktun um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis og heillaóskir Alþingis til leiðtoga stórveldanna vegna undirritunar samnings um afvopnunarmál. Að öðru leyti er leitast við að gefa sem gleggstar upplýsingar um það sem skýrslubeiðendur óska eftir.

FORSÆTISRÁÐUNEYTI

1. Notkun almannafjár til tækifærisgjafa.

Hinn 18. apríl 1985 samþykkti Alþingi svofellda þingsályktunartillögu þingmannanna Jóhönnu Sigurðardóttur, Guðrúnar Helgadóttur, Eiðs Guðnasonar og Kristínar Halldórsdóttur:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja reglur sem kveða á um að takmarka notkun almannafjár til tækifærisgjafa hjá stofnunum í eigu ríkisins."

Ályktunin var send forsætisráðuneyti með bréfi, dags. 22. apríl 1985.

Forsætisráðuneyti fól ríkisendurskoðanda að gera tillögu að reglum samkvæmt ályktuninni. Eftirfarandi tillaga frá honum um „reglur um notkun almannafjár til tækifærisgjafa" var samþykkt á fundi ríkisstjórnarinnar hinn 26. nóvember 1985 og hafa síðan gilt um þetta efni.

1. gr. Óheimilt er að verja fé ríkisins til tækifærisgjafa, nema í þeim tilfellum sem um ræðir í 2. og 3. gr.

2. gr. Í sambandi við opinberar og óopinberar heimsóknir er heimilt að gefa gjafir í samræmi við venjur, er myndast hafa.

3. gr. Ráðherra getur í sérstökum tilfellum heimilað gjafir sem viðurkenningu fyrir gott starf í þágu ríkisins, enda sé verði þeirra í hóf stillt.

2. Undirbúningur að setningu almennrar stjórnsýslulöggjafar.

Svofelld þingsályktunartillaga þingmannanna Gunnars G. Schram, Guðrúnar Agnarsdóttur, Kjartans Jóhannssonar, Páls Péturssonar, Svavars Gestssonar og Friðriks Sophussonar var samþykkt á Alþingi hinn 20. júní 1985:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að semja frumvarp að almennum stjórnsýslulögum og leggja það fyrir Alþingis svo fljótt sem verða má."

Ályktunin var send forsætisráðuneyti með bréfi dags. 2. júlí 1985.

Í framhaldi af þessari ályktun fól forsætisráðherra hæstaréttarlögmönnunum Eiríki Tómassyni og Jóni Steinari Gunnlaugssyni að semja frumvarp til almennra stjórnsýslulaga sem jafnframt skyldi fela í sér ákvæði um upplýsingaskyldu stjórnvalda. Var frumvarp um það efni lagt fyrir 109. löggjafarþing 1986–1987 en varð ekki útrætt. Í samræmi við málefnasamning núverandi ríkisstjórnar skipaði forsætisráðherra nefnd til þess m.a. að vinna að undirbún-

ingi almennrar stjórnsýslulöggjafar. Var nefndinni m.a. ætlað að hafa hliðsjón af lögum og reglum á þessu sviði annars staðar á Norðurlöndum. Nefndin hefur aflað ítarlegra upplýsinga um stjórnsýslumálefni á Norðurlöndunum og er komin vel áleiðis með lagafrumvarp um efnið. Er þess vænst að frumvarpið verði lagt fram á haustþingi 1990.

3. Áhrif lögbundinna forréttinda til starfa.

Alþingi samþykkti hinn 22. apríl 1986 svofellda þingsályktunartillögu Friðriks Sophussonar, Guðmundar J. Guðmundssonar, Karls Steinars Guðnasonar, Stefáns Benediktssonar og Páls Péturssonar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna áhrif lögbundinna forréttinda, m.a. einkaréttar, til tiltekinna starfa eða atvinnurekstrar. Í könnun þessari skal einkum leitast við að varpa ljósi á þýðingu einkaréttar eða lögbundinna forréttinda á stöðu þeirra er slíks réttar njóta, áhrif þessa á verðlag og hagsmuni neytenda. Könnuninni skal einnig ætlað að leiða í ljós áhrif lögbundinna takmarkana af þessu tagi á tækniþróun, hagvöxt og atvinnustig. Skýrsla um niðurstöðu könnunarinnar skal lögð fyrir Alþingi."

Ályktunin var send forsætisráðuneyti með bréfi Alþingis 15. maí 1986.

Forsætisráðuneyti fól Þjóðhagsstofnun umsjón með könnun þeirri sem lýst er í ályktuninni í júlí 1986. Samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar bað hún Þráin Eggertsson prófessor við Háskóla Íslands að taka saman greinargerð um þetta efni í byrjun árs 1987 og var þá áætlað að skýrsla lægi fyrir um mitt það ár. Könnunin, eins og hún er orðuð í þingsályktuninni, er ákaflega viðamikil og að dómi Þjóðhagsstofnunar í sumum atriðum nokkuð óljós og hefur það ásamt ýmsu öðru orðið til þess að verkskil hafa dregist. Könnun sem tekur á öllum þeim atriðum sem nefnd eru í þingsályktuninni og gerir þeim viðhlítandi skil er kostnaðarsöm og óhjákvæmilegt að verja sérstöku fjármagni til hennar.

Þjóðhagsstofnun hefur gefið fyrirheit um að greinargerð liggi fyrir í þessum mánuði og verður þar fjallað um fræðilegar hliðar þessa máls í samhengi við íslenskar aðstæður og jafnframt hvernig standa mætti að frekari rannsóknum á áhrifum lögbundinna forréttinda á íslenskt efnahagslíf. Greinargerð Þjóðhagsstofnunar verður á næstu dögum lögð fyrir Alþingi í svari forsætisráðherra við fyrirspurn Friðriks Sophussonar um meðferð þingsályktunarinnar.

4. Dómhús fyrir Hæstarétt Íslands.

Alþingi samþykkti hinn 22. apríl 1986 svofellda þingsályktunartillögu Jóns Sveinssonar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvort Safnahúsið við Hverfisgötu í Reykjavík geti hentað Hæstarétti Íslands sem dómhús er starfsemi Landsbókasafns og Þjóðskjalasafns flyst úr húsinu."

Ályktunin var send forsætisráðuneyti með bréfi Alþingis 15. maí 1986.

Með bréfi dags. 11. júlí 1986 fól forsætisráðuneyti embætti húsameistara ríkisins að annast þá könnun sem þingsályktunin tók til. Rýmisáætlun og frumtillögur embættis húsameistara lágu fyrir í byrjun árs 1987 og gerði forsætisráðherra grein fyrir niðurstöðunum í svari við fyrirspurn Jóns Sveinssonar á Alþingi í mars 1987. Kom þar m.a. fram, að Safnahúsið er að mörgu leyti talið hentugt fyrir starfsemi Hæstaréttar og í virðuleika sínum er það talið ákjósanlegur rammi um hana. Tillaga húsameistara byggði á nánast óbreyttu innra skipulagi hússins. Voru þar höfð í huga annars vegar húsfriðunarsjónarmið og hins vegar að halda kostnaði í lágmarki. Nýting hússins, þ.e. gólfflatarmetrar á starfsmann, var þar af leiðandi slæm, herbergi stór og mikið rými fór undir annað en beina starfsemi. Það var þó viðhorf húsameistara að fyrir starfsemi eins og Hæstaréttar gæti það jafnvel talist ákjósanlegt, þ.e. virðuleiki í hámarki.

Könnun húsameistara ríkisins liggur því fyrir í gögnum ráðuneytisins, þegar kemur að ákvörðun um ráðstöfun Safnahússins við Hverfisgötu til nýrra nota.

5. Könnun á launum og lífskjörum.

Alþingi samþykkti hinn 22. apríl 1986 svofellda þingsályktunartillögu Gunnars G. Schram og Péturs Sigurðssonar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera könnun á því hvort og að hvaða leyti laun og lífskjör eru lakari á Íslandi en í nálægum löndum og hverjar séu orsakir þess. Við framkvæmd könnunarinnar verði haft samráð við rannsóknastofnanir Háskóla Íslands. Niðurstöður könnunarinnar skulu lagðar fyrir Alþingi á næsta reglulegu þingi."

Ályktunin var send forsætisráðuneyti með bréfi dags. 15. maí 1986.

Hinn 13. október 1988 skipaði forsætisráðherra nefnd um sérstaka samanburðarkönnun á launum karla og kvenna í framhaldi af athugunum sem Þjóðhagsstofnun hafði gert um það efni á grundvelli skattgagna. Ákveðið var að fela nefndinni víðtækara verkefni, einkum vegna ofangreindrar þingsályktunar og fleiri óska á Alþingi. Var ákveðin víðtæk athugun á launum og lífskjörum í þjóðfélaginu og haft í huga, að Finnar, Norðmenn og Svíar höfðu gert slíkar kannanir með samræmdum hætti og Danir hugðust leggja fram sambærilegan efnivið í norræna skýrslu um þetta efni. Með könnuninni var Íslendingum gert kleift að taka að fullu þátt í þessu norræna verkefni.

Könnunin hefur verið unnin af sérstakri framkvæmdanefnd undir forustu hagstofustjóra og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Niðurstöður könnunar Félagsvísindastofnunar verða gefnar út á næstu dögum og í sumar gefa hagstofur á Norðurlöndunum út niðurstöður norrænu kannananna, þar sem fram kemur samanburður á lífskjörum Norðurlandaþjóðanna. Hefur forsætisráðherra í huga að dreifa báðum skýrslunum á Alþingi.

6. Könnun á valdi í íslensku þjóðfélagi.

Alþingi samþykkti hinn 18. mars 1987 svofellda þingsályktunartillögu Haralds Ólafssonar, Jóns Kristjánssonar, Þórarins Sigurjónssonar, Ingvars Gíslasonar, Davíðs Aðalsteinssonar og Guðrúnar Tryggvadóttur:

„Alþingi ályktar að láta fara fram könnun á valdi í íslensku þjóðfélagi. Könnunin skal fólgin í því að rannsaka og greina hvernig háttað er völdum og valdahlutföllum stofnana og samtaka, bæði opinberra og óopinberra. Könnun þessari verði hraðað og niðurstöður hennar kynntar á Alþingi."

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands hefur að beiðni forsætisráðuneytis tekið saman yfirlit um þá þætti sem valdsrannsókn á Íslandi gæti tekið til og er viðfangsefninu þar skipt í þrjá höfuðflokka – pólitískt vald, efnahagslegt vald og skoðanamótandi vald. Félagsvísindastofnun hefur einnig látið forsætisráðuneyti í té stutta lýsingu á hliðstæðum rannsóknum í Noregi og Svíþjóð. Fyrir liggur lausleg áætlun um kostnað vegna slíkrar rannsóknar en að fenginni nákvæmri kostnaðaráætlun er þess að vænta að Félagsvísindastofnun verði falið að annast þá rannsókn, sem ályktun Alþingis tekur til.

7. Endurskoðun á starfsemi Þjóðhagsstofnunar.

Alþingi samþykkti hinn 18. mars 1987 eftirfarandi þingsályktunartillögu Eyjólfs Konráðs Jónssonar, Gunnars G. Schram, Egils Jónssonar, Birgis Ísleifs Gunnarssonar, Kristínar S. Kvaran, Sturlu Böðvarssonar, Valdimars Indriðasonar og Halldórs Blöndal:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða starfsemi Þjóðhagsstofnunar og meta hvort ekki sé hagkvæmt að fela öðrum verkefni hennar."

Ályktunin var send forsætisráðuneyti með bréfi Alþingis dags. 10. apríl 1987.

Forsætisráðuneyti hefur óskað eftir áliti og umsögn Hagstofu Íslands, Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka Íslands á ályktuninni. Liggja þegar fyrir umsagnir frá Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka. Ályktunin verður tekin til sérstakrar athugunar í tengslum við endurskoðun á lögum um Stjórnarráð Íslands og verkefnatilflutning milli ráðuneyta og stofnana.

8. Blýlaust bensín.

Alþingi samþykkti hinn 3. mars 1988 svofellda þingsályktunartillögu Guðrúnar Helgadóttur, Skúla Alexanderssonar og Steingríms J. Sigfússonar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er meti hvort taka eigi í notkun blýlaust bensín og hvaða aðgerða sé þörf til að svo geti orðið. Nefndin ljúki störfum eigi síðar en fyrir árslok 1988. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Ályktunin var send forsætisráðuneyti með bréfi Alþingis dags. 14. mars 1988.

Forsætisráðherra skipaði hinn 23. mars 1988 nefnd fimm manna til þess að gera þá athugun, sem ályktunin mælti fyrir um. Verksviði nefndarinnar var síðar breytt þannig að henni var falið að fjalla um mengun frá bifreiðum og gera tillögur um úrbætur. Skilaði nefndin áfangaáliti hinn 1. júní 1988 en endanleg skýrsla var afhent forsætisráðherra í nóvember 1989.

Forsætisráðherra lagði álit nefndarinnar fyrir fund ríkisstjórnarinnar hinn 10. nóvember 1989 og var því sérstaklega beint til dóms- og kirkjumálaráðherra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að kynna sér ábendingar í því. Enn fremur var nefndarálitið sent öllum þingflokkum til kynningar sem og fyrsta flutningsmanni þingsályktunartillögunnar.

9. Sveigjanleg starfslok.

Hinn 13. apríl 1989 samþykkti Alþingi svofellda þingsályktunartillögu Guðna Ágústssonar, Salome Þorkelsdóttur, Ragnars Arnalds, Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur, Málmfríðar Sigurðardóttur og Karvels Pálmasonar:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að móta tillögur um sveigjanleg starfslok."

Ályktunin var send forsætisráðuneyti með bréfi dags. 28. apríl 1989.

Forsætisráðherra hefur á grundvelli þingsályktunarinnar ákveðið að skipa fimm manna nefnd til þess að móta tillögur um sveigjanleg starfslok. Hefur þess verið óskað að Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands tilnefni fulltrúa í slíka nefnd. Er nú beðið eftir tilnefningum þeirra og að þeim fengnum verður nefndin skipuð.

UTANRÍKISRÁÐUNEYTI

1. Þingsályktun um fullgildingu hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna.

(Frá ríkisstjórninni. Samþykkt 23. maí 1985.)

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna, sem undirritaður var 10. desember 1982 í Montego Bay, Jamaica."

Samningurinn var fullgiltur 21. júní 1985, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7 1985.

2. Þingsályktun um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum.

(Frá utanríkismálanefnd. Samþykkt 23. maí 1985.)

„Alþingi ályktar að brýna nauðsyn beri til að þjóðir heims, ekki síst kjarnorkuveldin, geri með sér samninga um gagnkvæma alhliða afvopnun þar sem framkvæmd verði tryggð með alþjóðlegu eftirliti.

Enn fremur telur Alþingi mikilvægt að verulegur hluti þess gífurlega fjármagns, sem nú rennur til herbúnaðar, verði veittur til þess að hjálpa fátækum ríkjum heims þar sem tugir milljóna manna deyja árlega úr hungri og sjúkdómum.

Alþingi fagnar hverju því frumkvæði sem fram kemur og stuðlað getur að því að rjúfa vítahring vígbúnaðarkapphlaupsins.

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að styðja og stuðla að allsherjarbanni við tilraunum, framleiðslu og uppsetningu kjarnavopna undir traustu eftirliti, svo og stöðvun á framleiðslu kjarnakleyfra efna í hernaðarskyni jafnframt því að hvetja til alþjóðlegra

samninga um að árlega verði reglubundið dregið úr birgðum kjarnavopna. Þessu banni og samningum um niðurskurð kjarnorkuvopna verði framfylgt á gagnkvæman hátt þannig að málsaðilar uni því og treysti enda verði það gert í samvinnu við alþjóðlega eftirlitsstofnun.

Leita verður allra leiða til þess að draga úr spennu og tortryggni milli þjóða heims og þá einkum stórveldanna. Telur Alþingi að Íslendingar hljóti ætíð og hvarvetna að leggja slíkri viðleitni lið.

Um leið og Alþingi áréttar þá stefnu Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn hvetur það til þess að könnuð verði samstaða um og grundvöllur fyrir samningum um kjarnorkuvopnalaust svæði í Norður-Evrópu, jafnt á landi, í lofti sem á hafinu eða í því, sem liður í samkomulagi til að draga úr vígbúnaði og minnka spennu. Því felur Alþingi utanríkismálanefnd að kanna í samráði við utanríkisráðherra hugsanlega þátttöku Íslands í frekari umræðu um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum og skili nefndin um það áliti til Alþingis fyrir 15. nóvember 1985.

Jafnframt ályktar Alþingi að fela öryggismálanefnd, í samráði við utanríkisráðherra, að taka saman skýrslu um þær hugmyndir sem nú eru uppi um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar, einkum þær sem máli skipta fyrir Ísland með hliðsjón af legu landsins og aðild þjóðarinnar að alþjóðlegu samstarfi. Á grundvelli slíkrar skýrslu verði síðan leitað samstöðu meðal stjórnmálaflokkanna um frekari sameiginlega stefnumörkun í þessum málum."

Ríkisstjórnin hefur á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og víðar unnið að afvopnunarmálum. Að því er varðar hugsanlega þátttöku Íslands í kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum var árið 1987 stofnuð norræn embættismannanefnd um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum. Hefur Ísland tekið þátt í störfum nefndarinnar frá upphafi.

Öryggismálanefnd var falið í samráði við utanríkisráðherra að taka saman skýrslu um þær hugmyndir sem þá voru uppi um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar. Öryggismálanefnd skilaði skýrslu vorið 1987.

3. Þingsályktun um þróunaraðstoð Íslands.

(Frá utanríkismálanefnd. Samþykkt 28. maí 1985.)

„Alþingi ályktar að á næstu sjö árum skuli með reglubundinni aukningu framlaga náð því marki að opinber framlög Íslands til uppbyggingar í þróunarríkjumn verði 0,7% af þjóðarframleiðslu."

Aukning framlaga hefur ekki verið í samræmi við ályktunina. Tillögur utanríkisráðuneytis um hærri fjárveitingar til þróunaraðstoðar hafa að jafnaði ekki verið samþykktar.

4. Þingsályktun um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda samning um afnám allrar mismununar gagnvart konum.[1])

(Frá ríkisstjórninni. Samþykkt 13. júní 1985.)

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda samning um afnám allrar mismununar gagnvart konum sem gerður var í New York 18. desember 1979."

Samningurinn var fullgiltur 18. júní 1985, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 5 1985.

5. Tillaga til þingsályktunar um takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða.

(Frá utanríkismálanefnd. Samþykkt 13. júní 1985.)

„Alþingi ályktar að leggja áherslu á að umsvif erlendra sendiráða séu jafnan innan hæfilegra marka og felur ráðherra að fylgjast með því að svo sé og gera, ef þörf krefur, með samningum eða einhliða, ráðstafanir í þessu skyni á grundvelli laga nr. 16/1971, um aðild

---

[1]) Í upphaflegu tillögunni var notað „alls misréttis".

Íslands að alþjóðasamningi um stjórnmálasamband, og laga nr. 30/1980, um breytingu á lögum nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, með sérstakri hliðsjón af íslenskum aðstæðum."

Utanríkisráðuneytið fylgist með starfsemi sendiráða á Íslandi. Haldin er nákvæm skrá um starfsmenn þeirra og fylgst með kaupum á húsnæði og notkun á fríðindum, sbr. Vínarsamning um stjórnmálasamband, sbr. enn fremur lög nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Ekki hefur verið talin þörf á því að gera samninga við einstök ríki vegna þessa.

6. Þingsályktun um fullgildingu samkomulags um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda.

(Frá ríkisstjórninni. Samþykkt 28. nóvember 1985.)

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samkomulag um breytingu á samstarfssamningum frá 23. mars 1962 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar sem undirritað var í Lundi 6. maí 1985. Samkomulagið er prentað hér sem fylgiskjal."[2])

Samkomulagið var staðfest 30. nóvember 1985, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 16/1985.

7. Þingsályktun um staðfestingu samkomulags um stofnskrá fyrir Vestnorræna þingmannaráðið.

(Flm.: Páll Pétursson, Eiður Guðnason, Friðjón Þórðarson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Stefán Benediktsson, Steingrímur J. Sigfússon. Samþykkt 19. desember 1985.)

„Alþingi ályktar að staðfesta fyrir Íslands hönd samkomulag, sem undirritað var í Nuuk 24. september 1985, um stofnskrá fyrir Vestnorræna þingmannaráðið. Samkomulagið er prentað sem fylgiskjal með ályktun þessari."[3])

Afskipta ráðuneytis vegna ályktunar þessarar er ekki þörf.

8. Þingsályktun um staðfestingu samkomulags um loðnuveiðar Norðmanna.

(Frá utanríkismálanefnd. Samþykkt 21. desember 1985.)

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samkomulag milli Íslands og Noregs um loðnuveiðar norskra veiðiskipa innan íslenskrar lögsögu á árinu 1986. Samkomulagið er prentað hér sem fylgiskjal."[4])

Samkomulagið öðlaðist gildi 27. desember 1985, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 14/1985.

9. Þingsályktun um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda fyrir Íslands hönd tvær viðbótarbókanir vegna aðildar Spánar og Portúgals að Efnahagsbandalagi Evrópu og Kola- og stálbandalagi Evrópu.

(Frá ríkisstjórninni. Samþykkt 27. febrúar 1986.)

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd viðbótarbókun við samninginn milli lýðveldisins Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu vegna aðildar konungsríkisins Spánar og lýðveldisins Portúgals að bandalaginu og viðbótarbókun við samninginn milli lýðveldisins Íslands og aðildarríkja Kola- og stálbandlags Evrópu vegna aðildar konungsríkisins Spánar og lýðveldisins Portúgals að bandalaginu."

---

[2]) Fylgiskjal er ekki birt hér.

[3]) Fylgiskjal er ekki birt hér.

[4]) Fylgiskjal er ekki birt hér.

Viðbótarbókun við samninginn milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu vegna aðildar konungsríkisins Spánar og lýðveldisins Portúgals að bandalaginu öðlaðist gildi 1. janúar 1987, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 16/1986.

Viðbótarbókun við samninginn milli Íslands og aðildarríkja Kola- og stálbandalags Evrópu vegna aðildar konungsríkisins Spánar og lýðveldisins Portúgals að bandalaginu var undirrituð 14. júlí 1986, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 17/1986.

10. Þingsályktun um fullgildingu Torremolinos-alþjóðasamþykktarinnar um öryggi fiskiskipa, 1977.

(Frá ríkisstjórninni. Samþykkt 17. apríl 1986.)

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd Torremolinos-alþjóðasamþykktina um öryggi fiskiskipa, 1977, sem undirrituð var í Torremolinos 2. apríl 1977."

Samþykktin var fullgilt 12. júní 1986, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 97 1986.

11. Þingsályktun um fullgildingu samnings um stofnun Alþjóðahugverkastofnunarinnar.

(Frá ríkisstjórninni. Samþykkt 17. apríl 1986.)

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um stofnun Alþjóðahugverkastofnunarinnar sem undirritaður var í Stokkhólmi 14. júlí 1967. Samningurinn er prentaður hér sem fylgiskjal."[5])

Samningurinn var fullgiltur 13. júní 1986, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 11 1986.

12. Þingsályktun um fullgildingu samnings milli Íslands og Bandaríkjanna til að auðvelda framkvæmd varnarsamstarfs ríkjanna.

(Frá ríkisstjórninni. Samþykkt 28. október 1986.)

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku til að auðvelda framkvæmd varnarsamstarfs ríkjanna sem undirritaður var í New York 24. september 1986."

Samningurinn var fullgiltur 31. október 1986, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 15/1986.

13. Þingsályktun um staðfestingu samkomulags um loðnuveiðar Norðmanna.

(Frá utanríkismálanefnd. Samþykkt 19. desember 1986.)

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samkomulag milli Íslands og Noregs um loðnuveiðar norskra veiðiskipa innan íslenskrar lögsögu á árinu 1987."

Samkomulagið öðlast gildi 20. febrúar 1987, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 19/1986 og 1/1987.

14. Þingsályktun um staðfestingu samnings um stofnun norræns þróunarsjóðs fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland.

(Frá ríkisstjórninni. Samþykkt 5. febrúar 1987.)

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning ríkisstjórnar Danmerkur ásamt landsstjórnum Færeyja og Grænlands og ríkisstjórna Finn-

[5]) Fylgiskjalið er ekki birt hér.

lands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns þróunarsjóðs fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland (hin vestlægu Norðurlönd) sem undirritaður var á Höfn 19. ágúst 1986."

Samningurinn var staðfestur 31. mars 1987, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 2/1987.

15. Þingsályktun um aðild Íslands að norræna umhverfisverndarsamningnum.

(Flm.: Gunnar G. Schram, Friðrik Sophusson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Valdimar Indriðason. Samþykkt 18. mars 1987.)

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita eftir aðild[6]) Íslands að norræna umhverfissamningnum sem gerður var 19. febrúar 1974 og hefur þegar tekið gildi milli Noregs, Svíþjóðar, Danmerkur og Finnlands."

Málið var rætt við utanríkisráðuneyti Norðurlanda og samningurinn þýddur á íslensku. Endanleg afstaða bíður samstarfs við umhverfisráðuneytið.

16. Þingsályktun um Norðurlandasamning um rétt norrænna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi.

(Frá ríkisstjórninni. Samþykkt 18. mars 1987.)

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um rétt norrænna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi sem undirritaður var í Svaneke á Borgundarhólmi 17. júní 1981.

Samningurinn var fullgiltur 21. maí 1987, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 5 1987.

17. Þingsályktun um stofnsamning Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, „EUTELSAT".

(Frá ríkisstjórninni. Samþykkt 18. mars 1987.)

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd stofnsamning Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, „EUTELSAT", sem lagður var fram til undirritunar í París 15. júlí 1982."

Samningurinn var fullgiltur 12. júní 1987, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7 1987.

18. Þingsályktun um varnir gegn mengun hafsins við Ísland.

(Flm.: Gunnar G. Schram, Pétur Sigurðsson, Eyjólfur Konráð Jónsson. Samþykkt 18. mars 1987.)

„Alþingi ályktar að hvetja til þess að efnt verði til ráðstefnu hér á landi um varnir gegn mengun við Ísland og annars staðar í Norðaustur-Atlantshafi þar sem sérstaklega verði fjallað um þá hættu sem fiskstofnunum á þessu svæði er búin af hennar völdum. Felur Alþingi ríkisstjórninni að vinna að framgangi málsins."

Stjórnvöld hafa rætt ýmsar tillögur um ráðstefnuhald hér á landi um varnir gegn mengun við Ísland.

M.a. hefur utanríkisráðuneytið unnið að undirbúningi hringborðsumræðna á vegum umhverfismálanefndar Atlantshafsbandalagsins um þetta efni. Umræðurnar voru fyrirhugaðar í aprílmánuði en þeim verður hugsanlega frestað um sinn.

Í þessu samhengi er rétt að vísa til skriflegs svars forsætisráðherra við fyrirspurn Friðriks Sophussonar um alþjóðlega ráðstefnu um vernd hafsins frá því í mars 1990 (309. mál, þskj. 723).

---

[6]) Í upphaflegu tillögunni var notað „undirbúa aðild".

19. Þingsályktun um viðbótarsamninga við Mannréttindasáttmála Evrópu.

(Frá ríkisstjórninni. Samþykkt 18. mars 1987.)

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda eftirtalda viðbótarsamninga við sáttmálann frá 4. nóvember 1950 um verndun mannréttinda og mannfrelsis (Mannréttindasáttmála Evrópu):

a. Viðbótarsamning nr. 6 varðandi afnám dauðarefsingar sem gerður var í Strassborg 28. apríl 1983.
b. Viðbótarsamning nr. 7 sem gerður var í Strassborg 22. nóvember 1984.
c. Viðbótarsamning nr. 8 sem gerður var í Vínarborg 19. mars 1985."

Viðbótarsamningarnir voru fullgiltir 22. maí 1987, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 6/1987.

20. Þingsályktun um staðfestingu samkomulags um loðnuveiðar Norðmanna.

(Frá utanríkismálanefnd. Samþykkt 4. janúar 1988.)

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samkomulag milli Íslands og Noregs um loðnuveiðar norskra veiðiskipa innan íslenskrar lögsögu á árinu 1988."

Samkomulagið öðlaðist gildi 16. september 1988, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 28/1987 og 8/1988.

21. Þingsályktun um mótmæli gegn stækkun endurvinnslustöðvar í Dounreay fyrir úrgang frá kjarnorkuverum.

(Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Kristín Einarsdóttir, Árni Gunnarsson, Júlíus Sólnes, Páll Pétursson, Guðrún Helgadóttir. Samþykkt 8. febrúar 1988.)

„Alþingi ályktar að mótmæla stækkun endurvinnslustöðvar fyrir úrgang frá kjarnorkuverum í Dounreay í Skotlandi og felur ríkisstjórninni að vinna áfram gegn þessum áformum."

Stjórnvöld hafa notað hvert tækifærið til að mótmæla þessum áformum, síðast með orðsendingum til breskra stjórnvalda í októbermánuði sl.

22. Þingsályktun um samvinnu Íslands, Færeyja og Grænlands á sviði markaðsmála og viðskipta.

(Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Alexander Stefánsson, Árni Gunnarson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Friðjón Þórðarson, Óli Þ. Guðbjartsson. Samþykkt 11. maí 1988.)

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samráði við Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins að láta kanna hvernig unnt sé að auka samstarf og samvinnu Íslendinga, Færeyinga og Grænlendinga á sviði markaðsmála og viðskipta. Sérstaklega verði athugað hvernig þjóðirnar, með auknu samstarfi og bættum samgöngum sín í milli, geti styrkt stöðu útflutningsstarfsemi sinnar og aukið innbyrðis viðskipti.

Endanlegar niðurstöður þessara athugana skulu lagðar fyrir Alþingi í formi skýrslu fyrir árslok 1988 en bráðabirgðaniðurstöður unnar fyrir mitt sumar fyrir Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins."[7])

Íslendingar eiga ýmsa möguleika á að auka samskipti sín við Færeyinga og Grænlendinga og getur margt komið til greina. Tíðir og hagkvæmari flutningar milli Íslands og Grænlands

[7]) 2. mgr. upphaflegu tillögunnar hljóðaði svo: Endanlegar niðurstöður þessara athugana skulu lagðar fyrir Alþingi í formi skýrslu fyrir árslok, en bráðabirgðaniðurstöður unnar fyrir mitt sumar fyrir Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins.

geta haft hagstæð áhrif á þróun viðskipta milli landanna. Til greina koma ýmis samstarfsverkefni, svo sem á sviði menntunar, samgangna og ferðamála.

Það veldur erfiðleikum að tollar í Færeyjum eru háir á ýmsum útflutningsvörum og þyrfti að kanna leiðir til að fá þá lækkaða.

Útflutningsráð hefur kannað þessi mál rækilega og hafði sérstakan viðskiptafulltrúa í Færeyjum, sem gaf góða raun, og er verið að kanna möguleika á að staðsetja viðskiptafulltrúa að nýju í Færeyjum og jafnvel einnig á Grænlandi.

Um þátt Vestnorræna þingmannaráðsins vísast til tillögu til þingsályktunar um ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1988 (111. löggjafarþing 1988–89, 182. mál) og umfjöllunar um hana.

23. Þingsályktun um stefnu Íslendinga gagnvart Evrópubandalaginu.

(Flm.: Kjartan Jóhannsson. Samþykkt 11. maí 1988.)

„Alþingi ályktar að kjósa hlutbundinni kosningu nefnd níu alþingismanna til þess að taka til sérstakrar athugunar þá þróun sem fyrir dyrum stendur í Evrópu, einkanlega með tilliti til ákvörðunar Evrópubandalagsins um sameiginlegan innri markað.

Nefndin skal kanna áhrif þessara ákvarðana og líklegrar þróunar í Evrópu á íslenskt efnahagslíf og meta þær leiðir sem álitlegastar eru til þess að laga íslenskt efnahags- og atvinnulíf að þeim breytingum sem fram undan eru. Í starfi sínu skal nefndin hafa samráð við samtök atvinnulífsins. Nefndin skili skýrslu um athuganir sínar og tillögur fyrir 1. apríl 1989.“[*])

Hér er um að ræða nefnd sem kosin var hlutbundinni kosningu á Alþingi. Ekki er þörf afskipta ráðuneytis. Utanríkisráðuneytið hefur hins vegar veitt nefndinni ýmiss konar aðstoð, m.a. við rit á bæklingum, fundastörf og gagnaöflun.

24. Þingsályktun um staðfestingu samkomulags um loðnuveiðar Norðmanna.

(Frá ríkisstjórninni. Samþykkt 15. desember 1988.)

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samkomulag milli Íslands og Noregs um loðnuveiðar norskra veiðiskipa innan íslenskrar fiskveiðilögsögu á loðnuvertíðinni 1988–1989.“

Samkomulagið öðlaðist gildi 29. desember 1988, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 12/1988.

25. Þingsályktun um staðfestingu samnings um stofnun norræns þróunarsjóðs.

(Frá ríkisstjórninni. Samþykkt 20. desember 1988.)

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns þróunarsjóðs sem gerður var í Stokkhólmi 3. nóvember 1988.“

Samningurinn var staðfestur 31. desember 1988, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 15/1988.

---

[*]) 1. mgr. upprunalegu tillögunnar hljóðaði svo: Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að skipa nefnd sjö alþingismanna eftir tilnefningu þingflokka til þess að taka til sérstakrar athugunar þá þróun sem fyrir dyrum stendur í Evrópu, einkanlega með tilliti til ákvörðunar Evrópubandalagsins um sameiginlegan innri markað.

26. Þingsályktun um staðfestingu tveggja Norðurlandasamninga um viðurkenningu starfsréttinda kennara.

(Frá ríkisstjórninni. Samþykkt 20. desember 1988.)

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd eftirtalda Norðurlandasamninga sem undirritaðir voru í Reykjavík 29. september 1986:

1. Samning um sameiginlegan vinnumarkað kennara í bóklegum greinum, list- og verkmennta- og íþróttakennara og sérkennara í grunnskólum.
2. Samning um sameiginlegan vinnumarkað kennara í bóklegum greinum, list- og verkmennta- og íþróttakennara í framhaldsskólum."

Samningarnir voru staðfestir 31. desember 1988, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 13/1988 og 14/1988.

27. Þingsályktun um samning milli Grænlands/Danmerkur, Íslands og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen.

(Frá ríkisstjórninni. Samþykkt 11. maí 1989.)

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Grænlands, Íslands og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen. Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með ályktun þessari."[9])

Samningurinn öðlaðist gildi 12. júní 1989.

28. Þingsályktun um staðfestingu Vínarsamnings um vernd ósónlagsins og Montreal-bókunar um efni sem valda rýrnun á ósónlaginu.

(Frá ríkisstjórninni. Samþykkt 18. maí 1989.)

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning um vernd ósónlagsins sem gerður var í Vín 22. mars 1985 og bókun um efni sem valda rýrnun á ósónlaginu er gerð var í Montreal 16. september 1987."

Samningurinn og bókunin voru staðfest 29. ágúst 1989.

29. Þingsályktun um deilur Ísraels og Palestínumanna.

(Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Kristín Einarsdóttir, Páll Pétursson. Samþykkt 18. maí 1989.)

„Alþingi ályktar að lýsa áhyggjum sínum yfir því ástandi sem ríkir fyrir botni Miðjarðarhafs og telur það stöðuga ógnun við heimsfriðinn.

Alþingi skorar á ísraelsk stjórnvöld að koma í veg fyrir manndráp á varnarlausum borgurum og leggur áherslu á að þau virði mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og 4. Genfarsáttmálann um vernd óbreyttra borgara á stríðstímum. Nauðsynlegt er að báðir aðilar forðist ofbeldisverk.

Alþingi styður kröfuna um að tafarlaust verði haldin alþjóðleg friðarráðstefna á vegum Sameinuðu þjóðanna með þátttöku allra deiluaðila. Nauðsynlegt er að báðir aðilar sýni raunverulegan samkomulagsvilja og viðurkenni rétt hvor annars í samræmi við ályktun Sameinuðu þjóðanna nr. 181 frá 29. nóvember 1947 sem ásamt ályktunum öryggisráðsins nr. 242 frá 1967 og nr. 338 frá 1973 er sá grundvöllur er skapað getur varanlegan frið og öryggi í Austurlöndum nær.

Alþingi leggur áherslu á að viðurkenna beri sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar og tilverurétt Ísraelsríkis. Einnig ber að viðurkenna rétt palestínskra flóttamanna til að snúa aftur til fyrri heimkynna sinna í samræmi við margítrekaðar ályktanir Sameinuðu þjóðanna.

---

[9]) Fylgiskjalið er ekki birt hér.

Alþingi telur að Ísland eigi að hafa vinsamleg samskipti við Frelsissamtök Palestínu, PLO.“[10])

Afskipta ráðuneytis vegna ályktunar þessarar er ekki þörf.

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTI

1. Bætt merking akvega.

Alþingi samþykkti hinn 18. apríl 1985 svofellda þingsályktunartillögu Steingríms J. Sigfússonar:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir átaki til að bæta merkingu akvega, setja upp viðvaranir við hættulegar ökuleiðir og samræma merkingar vega alþjóðlegum reglum.“

Reglugerð um umferðarmerki byggir á alþjóðlegum reglum. Hún var endurskoðuð 1988 og 1989. Dómsmálaráðuneytið vísaði ályktuninni ekki sérstaklega til Vegagerðar ríkisins þar sem í bréfi Alþingis kom fram að ályktunin hafði einnig verið send samgönguráðuneyti sem fer með málefni vegagerðarinnar.

2. Afplánun dóma vegna fíkniefnabrota.

Hinn 22. apríl 1986 samþykkti Alþingi svofellda þingsályktunartillögu Kjartans Jóhannssonar:

„Alþingi ályktar að beina því til dómsmálaráðherra að sjá til þess að fangelsisdómum vegna fíkniefnabrota verði ætíð fullnægt þegar í stað.“

Dómsmálaráðuneytið hefur ekki talið fært að láta sérstakar reglur gilda um afplánun fangelsisdóma vegna fíkniefnabrota. Hins vegar hafa afplánunarreglur vegna allra refsidóma verið gerðar skýrari, og fullnustu dóma hefur verið flýtt mjög, miðað við það sem áður var.

3. Endurskoðun gjaldþrotalaga.

Hinn 22. apríl 1986 samþykkti Alþingi svofellda þingsályktunartillögu Sighvats Björgvinssonar, Eiðs Guðnasonar, Jóhönnu Sigurðardóttur, Jóns Baldvins Hannibalssonar, Karls Steinars Guðnasonar og Kjartans Jóhannssonar:

„Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að sjá til þess við þá endurskoðun gjaldþrotalaga, nr. 6 5. nóv. 1978, sem nú stendur yfir, að tryggja betur en nú er gert að greiðslustöðvun verði beitt og reynt að selja eignir fyrir sannvirði fremur en að selja þær á nauðungaruppboði.“

---

[10]) Upphaflega tillagan hljóðaði svo: Alþingi ályktar að lýsa áhyggjum sínum yfir því ástandi sem ríkir fyrir botni Miðjarðarhafs og telur það stöðuga ógnun við heimsfriðinn.

Alþingi fordæmir síendurtekin mannréttindabrot Ísraelsstjórnar gagnvart Palestínumönnum að undanförnu og leggur áherslu á að ísraelsk stjórnvöld virði Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og 4. Genfarsáttmálann um vernd óbreyttra borgara á stríðstímum.

Alþingi styður kröfuna um að tafarlaust verði haldin alþjóðleg friðarráðstefna á vegum Sameinuðu þjóðanna með þátttöku allra deiluaðila og telur að Ísland eigi að bjóðast til að vera gestgjafi slíkrar ráðstefnu.

Alþingi leggur áherslu á að viðurkenna beri sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar og rétt hennar til að stofna eigin ríki í samræmi við ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. 181 frá 29. nóvember 1947 um leið og viðurkenndur er tilveruréttur Ísraelsríkis innan öruggra landamæra. Jafnramt ber að viðurkenna rétt palestínskra flóttamanna til að snúa aftur til fyrri heimkynna sinna í samræmi við margítrekaðar ályktanir allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna.

Alþingi felur ríkisstjórninni að framfylgja ofangreindri stefnu og viðurkenna Frelsissamtök Palestínu, PLO, sem málsvara palestínsku þjóðarinnar.

Með bréfi, dags. 26. janúar 1988, var Markúsi Sigurbjörnssyni prófessor falið að vinna að endurskoðun gjaldþrotalaga auk sex annarra réttarfarslagabálka í samráði við réttarfarsnefnd. Þess er vænst að í haust liggi fyrir frumvarp til nýrra laga um gjaldþrotaskipti.

4. Listskreyting Hallgrímskirkju.

Hinn 22. apríl 1986 samþykkti Alþingi svofellda þingsályktunartillögu Guðrúnar Helgadóttur, Salome Þorkelsdóttur, Stefáns Benediktssonar og Haralds Ólafssonar:

„Alþingi ályktar að skora á kirkjumálaráðherra að skipa nú þegar sjö manna nefnd til að skipuleggja og undirbúa skreytingu og frágang á anddyri, kór og kirkjuskipi Hallgrímskirkju í Reykjavík. Nefndin skal skipuð sem hér segir: Kirkjumálaráðherra skipi einn mann, og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar, menntamálaráðherra, biskup Íslands, húsameistari ríkisins, byggingarnefnd Hallgrímskirkju, Félag íslenskra myndlistarmanna og kirkjulistarnefnd tilnefni einn mann hver í nefndina.

Verkefni nefndarinnar skal vera að gera verkáætlun og áætlun um þann tíma sem talið er að verkið taki, svo og kostnaðaráætlun. Jafnframt gerir nefndin tillögur um hvernig fjármögnun verksins verði best tryggð. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Niðurstöður nefndarinnar verði lagðar fyrir sameinað Alþingi fyrir árslok 1987."

Nefnd var skipuð hinn 10. apríl 1987 og skilaði hún af sér á tilsettum tíma í samræmi við þingsályktunina. Var þá þar komið störfum hennar að fyrir lá bæði kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um fyrsta verkþáttinn af fimm, sem nefndin taldi eðlilegt að listskreytingunni yrði skipt í. Vegna fyrirspurnar í sameinuðu Alþingi 28. apríl 1988 um framkvæmd þingsályktunarinnar tók þáverandi kirkjumálaráðherra fram, að varðandi fyrsta verkþáttinn yrði farið að tillögum nefndarinnar. Í því fælist að skipaðar yrðu dómnefndir og efnt til lokaðrar samkeppni um skreytingu að þessu leyti. Ráðherra gat þess einnig að skipuð yrði ný nefnd til að móta endanlega kostnaðar- og verkáætlun þeirra fjögurra þátta, sem fyrri nefnd gafst ekki tóm til að ljúka. Dómnefndir hafa ekki verið skipaðar þar sem fjárveitingar til verkefnisins hafa verið óverulegar.

5. Réttaráhrif tæknifrjóvgunar.

Alþingi samþykkti hinn 25. mars 1986 svofellda þingsályktunartillögu Guðrúnar Helgadóttur, Birgis Ísleifs Gunnarssonar, Davíðs Aðalsteinssonar, Jóns Baldvins Hannibalssonar, Guðrúnar Agnarsdóttur og Stefáns Benediktssonar:

„Alþingi ályktar að skora á dómsmálaráðherra að skipa nú þegar fimm manna nefnd til að kanna réttaráhrif tæknifrjóvgunar og gera tillögur um hvernig réttarstaða aðila verði ákveðin.

Nefndin verði skipuð sem hér segir: Dómsmálaráðherra skipi formann nefndarinnar án tilnefningar, tveir nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Lögmannafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu læknadeildar Háskóla Íslands og sé hann sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp og einn nefndarmaður samkvæmt tilnefningu Barnaverndarráðs Íslands.

Nefndin ljúki störfum áður en næsta löggjafarþing kemur saman. Ríkissjóður greiði kostnað af störfum hennar."

Dómsmálaráðherra skipaði nefnd hinn 28. júlí 1986 og eiga í henni sæti: Ólafur W. Stefánsson formaður, Jón Hilmar Alfreðsson, Ásta K. Ragnarsdóttir, Ólafur Axelsson og Þórður S. Gunnarsson. Ritari nefndarinnar er Drífa Pálsdóttir. Með nefndinni hefur einnig starfað Anna G. Björnsdóttir.

Nefndin hefur ekki lokið störfum en hún hefur tekið saman drög að greinargerð, m.a. hugmyndir að efni lagafrumvarps. Gert hefur verið ráð fyrir því að nefndin ljúki störfum á þessum vetri.

6. Samfélagsþjónusta sem úrræði í viðurlagakerfinu.

Alþingi samþykkti hinn 5. mars 1987 eftirfarandi þingsályktunartillögu Kristínar S. Kvaran, Salome Þorkelsdóttur, Árna Johnsen, Friðjóns Þórðarsonar og Valdimars Indriðasonar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að kanna hvort endurgjaldslaus vinnuþjónusta í þágu samfélagsins geti við ákveðnar aðstæður komið í stað afplánunar dóma í fangelsi. Verði niðurstaða nefndarinnar jákvæð semji hún frumvarp um nauðsynlegar lagabreytingar sem lagt verði fyrir Alþingi."

Á grundvelli þingsályktunarinnar skipaði dómsmálaráðherra nefnd í nóvember 1987 og eiga í henni sæti Þorsteinn Geirsson formaður, Jóna Gróa Sigurðardóttir, Kristján Guðmundsson, Margrét Heinreksdóttir og Ragnheiður Bragadóttir. Starfsmaður nefndarinnar er Þorsteinn A. Jónsson. Gert er ráð fyrir að nefndin ljúki störfum og skili skýrslu í apríl 1990.

7. Þjóðarátak í umferðaröryggi.

Hinn 18. mars 1987 samþykkti Alþingi eftirfarandi þingsályktunartillögu Salome Þorkelsdóttur, Eiðs Guðnasonar, Helga Seljan, Jóns Kristjánssonar, Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur, Kristínar S. Kvaran, Guðrúnar Agnarsdóttur, Kjartans Jóhannssonar, Stefáns Guðmundssonar og Friðriks Sophussonar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa sjö manna nefnd til að vinna að undirbúningi þjóðarátaks í umferðaröryggi. Nefndin skal skipuð fulltrúum þeirra stofnana og samtaka sem sérstaklega láta sig varða umferð og umferðaröryggi. Stefnt skal að því að átakið hefjist í byrjun árs 1988."

Dómsmálaráðherra skipaði nefnd hinn 22. september 1987 og áttu í henni sæti: Eiður Guðnason formaður, Böðvar Bragason, Kristín Þorkelsdóttir, Valgarð Briem, Valgerður Sverrisdóttir, Ólafur W. Stefánsson og Óli H. Þórðarson.

Nefndin starfaði m.a. að kynningu nýrra umferðarlaga. Nefndin starfaði fram á árið 1989. Umboð nefndarinnar var miðað við árslok 1988 og var ekki framlengt.

8. Akstur utan vega.

Alþingi samþykkti hinn 11. maí 1988 svofellda þingsályktunartillögu Hjörleifs Guttormssonar, Friðjóns Þórðarsonar, Valgerðar Sverrisdóttur, Þórhildar Þorleifsdóttur, Árna Gunnarssonar og Óla Þ. Guðbjartssonar:

„Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd fulltrúa þingflokkanna til að gera tillögur um æskilegar breytingar og samræmingu laga og reglna um akstur torfærutækja og annarra vélknúinna tækja utan vega og merktra slóða og leita úrræða um hvernig koma megi í veg fyrir náttúruspjöll af þeim sökum.

Með nefndinni starfi fulltrúar dómsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og samgönguráðuneytis.

Nefndin skili skýrslu og tillögum til næsta reglulegs Alþingis.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Dómsmálaráðherra skipaði nefnd hinn 12. ágúst 1988 og eiga í henni sæti: Árni Gunnarsson formaður, Friðjón Þórðarson, Guðni Ágústsson, Hjörleifur Guttormsson, Kristín Karlsdóttir og Sigrún Helgadóttir tilnefnd af þingflokkum. Einnig Guðmundur Þorsteinsson, Ólafur W. Stefánsson og Ragnhildur Hjaltadóttir tilnefnd af ráðuneytum.

Nefndin hefur ekki lokið störfum.

9. Björgunarþyrla.

Hinn 11. maí 1988 var samþykkt á Alþingi svofelld þingsályktunartillaga Inga Björns Albertssonar, Guðmundar Ágústssonar og Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera athugun á kostnaði við kaup og rekstur á björgunarþyrlu af bestu fáanlegri gerð fyrir Landhelgisgæsluna."

Með bréfi, dags. 5. júlí 1988, var þess óskað að Fjárlaga- og hagsýslustofnun gerði í samráði við dómsmálaráðuneytið og Landhelgisgæsluna athugun á kostnaði við kaup og rekstur björgunarþyrlu. Með bréfi, dags. 27. nóvember 1989, var Landhelgisgæslunni falið að láta fara fram heildarúttekt á þessu máli.

10. Gjafsóknarreglur.

Alþingi samþykkti hinn 17. apríl 1989 svofellda þingsályktunartillögu Friðjóns Þórðarsonar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða ákvæði laga um gjafsókn í ljósi fenginnar reynslu með það fyrir augum að auðvelda efnalitlu fólki að ná rétti sínum að lögum."

Hinn 2. maí 1988 skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að vinna að samningu lagafrumvarps um lögfræðiaðstoð við almenning. Falla gjafsóknarreglur undir það efni. Nefndin var starfandi árið 1989 þegar þingsályktunin var samþykkt. Nefndin hefur nýlokið við að semja frumvarp til laga um opinbera réttaraðstoð og hefur það verið lagt fyrir ríkisstjórn.

11. Sjálfseignarstofnanir.

Hinn 5. maí 1989 samþykkti Alþingi eftirfarandi þingsályktunartillögu Guðrúnar J. Halldórsdóttur, Danfríðar Skarphéðinsdóttur, Guðrúnar Agnarsdóttur, Kristínar Einarsdóttur, Kristínar Halldórsdóttur og Málmfríðar Sigurðardóttur:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir gerð frumvarps til laga um sjálfseignarstofnanir sem lagt verði fyrir næsta löggjafarþing."

Með bréfi, dags. 6. september 1989, fól dómsmálaráðuneyti Guðmundi Skaftasyni, fyrrverandi hæstaréttardómara, að gera drög að frumvarpi til laga um sjálfseignarstofnanir.

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI

1. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Alþingi samþykkti hinn 23. maí 1985 eftirfarandi þingsályktunartillögu frá ríkisstjórn:

„Með vísan til bráðabirgðaákvæða í lögum nr. 41/1983 um málefni fatlaðra, ályktar Alþingi eftirfarandi:

Athugunar- og greiningardeild í Kjarvalshúsi við Sæbraut á Seltjarnarnesi verði breytt í Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, fyrsta áfanga, og verði undir yfirstjórn félagsmálaráðuneytisins.

Forstöðumaður verði þegar ráðinn að stofnuninni."

Athugunar- og greiningardeild í Kjarvalshúsi við Sæbraut á Seltjarnarnesi var breytt í Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins í samræmi við lög nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, árið 1986.

Stofnunin tók formlega til starfa 1. janúar 1986 og frá sama tíma var Stefán Hreiðarsson skipaður forstöðumaður. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins fluttist í núverandi húsnæði að Digranesvegi 5 í Kópavogi 1988.

2. Námskeið fyrir fatlaða í tölvufræðum.

Hinn 13. júní 1985 samþykkti Alþingi eftirfarandi þingsályktunartillögu Helga Seljan og Geirs Gunnarssonar:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hún beiti sér fyrir því að haldin verði fyrir fatlaða námskeið í meðferð og notkun á tölvum, sem félagsmálaráðuneytið standi fyrir þeim að kostnaðarlausu, eða fötluðum gert kleift að taka þátt í almennum tölvunámskeiðum til að auðvelda þeim að fá störf á vinnumarkaðnum."

Félagsmálaráðuneytinu er ljóst mikilvægi þess að fatlaðir njóti starfsmenntunar og starfsþjálfunar til að þeir verði betur í stakk búnir til starfa á almennum vinnumarkaði. Ráðuneytið beitti sér fyrir því 1987 að koma á fót Starfsþjálfun fatlaðra í samvinnu við Öryrkjabandalag Íslands. Er starfsemin rekin á grundvelli laga um málefni fatlaðra. Markmiðið með Starfsþjálfun fatlaðra er annars vegar að búa nemendur undir almenn störf á vinnumarkaði og hins vegar að búa nemendur undir nám í framhaldsskólum.

Starfsþjálfun fatlaðra er einkum ætluð fólki sem hefur náð 17 ára aldri og hefur fatlast vegna slysa eða sjúkdóma. Meginhersla er lögð á eftirfarandi námsgreinar: tölvunotkun, verslunarreikning, bókfærslu, íslensku, ensku og samfélagsfræði. Reiknað er með að námið standi yfir í þrjár annir. Á síðustu önn er stefnt að því marki sem nemandi hefur sett sér þegar starfsþjálfun lýkur. Það er gert með starfsfræðslu, kynningu á námsleiðum, tengslum við atvinnulífið og einstaklingsráðgjöf.

Skólagjöld eru engin og öll helstu námsgögn eru lögð til nemendum að kostnaðarlausu. Auk þessa reglubundna náms hefur starfsþjálfunin haldið tveggja vikna námskeið í tölvunotkun að sumrinu, þegar sumarleyfi standa yfir. Eru þau námskeið nemendum einnig að kostnaðarlausu. Alls hafa 22 nemendur lokið námi í starfsþjálfun fatlaðra frá 1987 og 90 nemendur tekið þátt í styttri námskeiðum. Í maí nk. útskrifast 12 nemendur úr starfsþjálfun.

3. Upplýsingamiðlun um húsnæðis- og byggingarmál.

Alþingi samþykkti hinn 20. júní 1985 svofellda þingsályktunartillögu Guðmundar Einarssonar, Eiðs Guðnasonar, Davíðs Aðalsteinssonar, Sigríðar Þorvaldsdóttur, Geirs Gunnarssonar og Birgis Ísleifs Gunnarssonar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipuleggja og hrinda í framkvæmd því verkefni að efla upplýsingamiðlun um húsnæðis- og byggingarmál til almennings og aðila í byggingariðnaði. Slík upplýsingamiðlun gæti t.d. orðið með eftirtöldum hætti: Útgáfu handbóka, námskeiðahaldi og söfnun tölvutækra gagna. Hafa skal samráð við eftirtalda aðila: Upplýsingaþjónustu Rannsóknaráðs, Byggingaþjónustuna, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Reiknistofnun Háskóla Íslands, Iðntæknistofnun, Húsnæðisstofnun ríkisins og Landssamband iðnaðarmanna."

Í framhaldi af þessari þingályktun skipaði félagsmálaráðherra fimm manna nefnd til að efla upplýsingamiðlun á sviði húsnæðis- og byggingarmála. Nefndin hélt 30 fundi og skilaði af sér 10. apríl 1987. Helstu niðurstöður nefndarinnar voru:

Um 80% af þjóðarauði Íslendinga eru bundin í byggingum og öðrum mannvirkjum. Íbúðarhúsnæði landsmanna var metið á 103,7 milljarða króna árið 1985 en það er ríflega fjórðungur þjóðarauðs. Nefndin var sammála um að þekking á stöðu húsnæðis- og byggingarmála hér á landi væri ekki í samræmi við umfang og mikilvægi þessa málaflokks. Fræðsla og miðlun upplýsinga um þessi mál var einnig af skornum skammti. Skilningur á gildi þekkingar á þessu sviði hefur verið takmarkaður. Nefndin taldi mjög brýna nauðsyn á að efla og samræma upplýsingastarfsemi um húsnæðis- og byggingarmál. Hún var sammála um að það væri mikilvægur grundvöllur stjórnunar og stefnumótunar á þessu sviði.

Nefndarálitið fjallaði um ástand rannsóknastarfsemi og upplýsingamiðlunar um húsnæðis- og byggingarmál. Í því voru settar fram hugmyndir um heildarstjórn þessara mála.

Nauðsynlegt sé, að einn aðili hafi forustu um og umsjón með skipulagningu upplýsingastarfsemi um húsnæðis- og byggingarmál. Nefndin taldi að eðli málsins samkvæmt væri rétt að félagsmálaráðuneytið hefði forustuhlutverk varðandi stefnumótun. Nefndarmenn töldu að fjárskortur þeirra aðila sem starfa að upplýsingamálum og rannsóknum væri veigamikil ástæða fyrir skorti á upplýsingum. Niðurstaða athugunar nefndarinnar á þróun mála var sú, að nauðsynlegt væri að stofna sérstakan Upplýsinga- og þróunarsjóð húsnæðis- og byggingarmála, sem hafi það meginmarkmið að efla rannsóknir og upplýsingamiðlun á þessu sviði. Lögð var áhersla á nauðsyn þess að starfsemi sjóðsins verði vel skilgreind strax í upphafi.

Nefndin lagði til að verkstjórn yrði í höndum félagsmálaráðuneytisins og að sett verði fram skýr markmið upplýsingastarfseminnar með fyrirmælum um hlutverk og skyldur stofnana sem tengjast þessum málum. Nefndin lagði enn fremur til að skipað verði sérstakt Upplýsingaráð húsnæðis- og byggingarmála sem hafi umsjón með styrkveitingum úr sjóðnum og geri tillögur til ráðherra um skipulagningu og samræmingu upplýsingastarfseminnar.

Rannsókna- og upplýsingastarfsemi á sviði húsnæðis- og byggingarmála er unnin af mörgum stofnunum og öðrum aðilum sem starfa sjálfstætt og lúta ekki stjórn neins ráðuneytis. Þess vegna taldi nefndin vænlegt til framfara að upplýsingaráð hafi möguleika á að úthluta styrkjum til markvissra og vel skilgreindra verkefna á þessu sviði. Með því móti gæti Upplýsingaráðið beint verkefnavali inn á þær brautir þar sem mest þörf er hverju sinni og þannig haft áhrif á verkefnaval sjálfstæðra stofnana. Slík stjórnun verkefna stuðli jafnframt að því mikilvæga markmiði að auka nýtingu fjár sem varið er til þessara mála.

Með samstarfi aðila í upplýsingaráðinu fæst yfirsýn yfir þau verkefni sem unnið er að hjá hverri stofnun. Samstarfið í Upplýsingaráðinu gæti komið í veg fyrir að stofnanir og aðilar séu að vinna að sömu verkefnum.

Einnig voru settar fram tillögur um hlutverk einstakra stofnana varðandi rannsóknir og upplýsingamiðlun um húsnæðis- og byggingarmál. Lögð var áhersla á að stofnanir efli núverandi starfsemi sína á þessu sviði. Enn fremur var lagt til að þær taki að sér ný verkefni. Til dæmis lagði nefndin til að komið yrði á fót hjá Húsnæðisstofnun ríkisins sérstakri deild, upplýsinga- og áætlanadeild, sem annist rannsóknir og úrvinnslu gagna á sviði húsnæðismála og hafi umsjón með verkefnum sem tengjast áætlanagerð.

4. Mat heimilisstarfa til starfsreynslu.

Alþingi samþykkti hinn 22. apríl 1986 svofellda þingsályktunartillögu Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur, Guðrúnar Agnarsdóttur og Kristínar Halldórsdóttur:

„Alþingi ályktar að meta skuli til starfsreynslu heimilis- og umönnunarstörf, sem unnin eru launalaust, þegar um hliðstæð störf er að ræða. Jafnframt felur Alþingi ríkisstjórn að láta athuga með hvaða hætti megi meta slíka starfsreynslu þegar um óskyld eða sérhæfð störf er að tefla."

Félagsmálaráðherra fól Gerði Steinþórsdóttur cand.mag. að gera úttekt á stöðu þessara mála og tillögur um hvernig meta skuli heimilis- og umönnunarstörf til starfsreynslu. Hinn 5. febrúar 1987 kynnti félagsmálaráðherra Alþingi skýrslu um málið, sbr. þskj. 231.

Í inngangi skýrslunnar kom fram að könnuð hafa verið ákvæði í kjarasamningum um mat á heimilisstörfum. Slík ákvæði voru orðin nokkuð algeng, einkum í sérkjarasamningum félaga innan ASÍ og bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB. Fram kom að reynsla af heimilisstörfum væri metin við almenn störf í lægstu launaflokkum eða „hliðstæð" störf sem krefjast sérhæfingar.

Hvað varðar óskyld eða sérhæfð störf þá væri einnig byggt á reynslu af heimilisstörfum í nokkrum sveitarfélögum. Bent var á að í Garðabæ, Kópavogi, á Akureyri og í Vestmannaeyjum væru heimilisstörf metin í öll störf hjá sveitarfélaginu.

Með hliðsjón af þeirri athugun sem fram fór á því hvernig heimilis- og umönnunarstörf eru metin til starfsreynslu voru settar fram þrjár tillögur:

Tillaga 1.

Metin skulu til starfsreynslu heimilis- og umönnunarstörf þegar um hliðstæð störf er að ræða. Slíkur starfsaldur getur þó mest orðið sex ár enda teljist eigi starfsaldur vegna launaðra starfa á sama tíma. Þegar um óskyld eða sérhæfð störf er að tefla skulu heimilis- og umönnunarstörf metin á sama hátt, þó mest til fjögurra ára starfsaldurs.

Tillaga 2.

Metin skulu til starfsreynslu heimilis- og umönnunarstörf þegar um hliðstæð störf er að ræða. Þegar um óskyld eða sérhæfð störf er að tefla skulu heimilis- og umönnunarstörf metin til hálfs í starfsaldri. Slíkur starfsaldur getur mest orðið sex ár enda teljist eigi starfsaldur vegna launaðra starfa á sama tíma.

Tillaga 3.

Metin skulu til starfsreynslu heimilis- og umönnunarstörf þegar um hliðstæð störf er að ræða. Slíkur starfsaldur getur mest orðið fjögur ár.

Í skýrslunni voru framangreindar tillögur skýrðar nokkrum orðum. Í niðurlagi skýrslunnar voru birtir nokkrir útreikningar sem gefa til kynna þann kostnað fyrir vinnumarkaðinn sem er því samfara að meta heimilis- og umönnunarstörf til starfsreynslu og sá kostnaður talinn langt frá því að vera óyfirstíganlegur.

5. Skipulag svæðisins umhverfis Gullfoss og Geysi.

Alþingi samþykkti svofellda þingsályktunartillögu Eiðs Guðnasonar, Kjartans Jóhannssonar og Jóhönnu Sigurðardóttur hinn 10. apríl 1986:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta skipuleggja svæðið umhverfis Gullfoss og Geysi í samræmi við ákvæði skipulagslaga. Verði Skipulagi ríkisins falin framkvæmd málsins í samvinnu við viðkomandi sveitarstjórnir, Náttúruverndarráð og Geysisnefnd.

Skipulagið miðist við það að tryggja að umhverfi Gullfoss og Geysis verði ekki raskað með mannvirkjagerð, að nauðsynleg ferðamannaþjónusta verði byggð upp á einum stað á svæðinu og að byggingar og samgönguleiðir falli sem best að umhverfinu."

Í júní 1986 gerðu Skipulag ríkisins og Biskupstungnahreppur samning við Einar E. Sæmundsen um gerð aðalskipulags fyrir svæðið umhverfis Geysi í Haukadal. Að þessu verkefni hefur verið unnið síðan í samráði við Geysisnefnd og Náttúruverndarráð. Fyrir liggur tillaga sem unnið hefur verið eftir, m.a. þegar íþróttahúsinu var breytt í hótel. Ekki hefur náðst samstaða um þessa tillögu þannig að hægt sé að auglýsa hana samkvæmt skipulagslögum og er ástæðan fyrir því aðallega sú að óvissa ríkir enn um skiptingu lands. Fljótlega verður reynt að ná samkomulagi um tillögu sem auglýst verður.

Skipulag ríkisins hefur einnig í samvinnu við Náttúruverndarráð, Biskupstungnahrepp og Ferðamálaráð unnið að gerð tillögu að skipulagi þjónustumiðstöðvar við Gullfoss. Tillagan miðar við að miðstöðinni verði valinn staður við nýjan Kjalveg þar sem hreinlætisaðstaða verður og bifreiðastæði fyrir hópferðabifreiðar o.fl. Ekki hefur enn fengist endanleg niðurstaða úr þeirri vinnu.

Á vegum skipulagsstjórnar ríkisins og viðkomandi sveitarfélaga er nú unnið að gerð svæðisskipulagsáætlana fyrir Grímsnes-, Grafnings- og Þingvallahreppa annars vegar og hins vegar fyrir Hveragerði, Selfoss og Ölfushrepp. Reiknað er með að tillögur liggi fyrir í byrjun árs 1991. Í þessum svæðisskipulagsáætlunum er lögð mikil áhersla á samgöngumál, ferðamál, náttúruvernd, skógrækt, landgræðslu og sumarbústaði. Málefni landbúnaðarins eða öllu heldur búvöruframleiðslunnar eru að sjálfsögðu einnig skoðuð en helstu breytingar verða að öllum líkindum í annarri landnotkun.

Hjá embætti skipulagsstjóra ríkisins er mikill áhugi fyrir því að hafinn verði í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir undirbúningur að svæðisskipulagi sveitarfélaganna í uppsveitum Árnessýslu, þ.e. Laugardals, Biskupstungna, Hrunamanna- og Gnúpverjahreppa. Í því svæðisskipulagi verður lögð megináhersla á samgöngumál, ferðamál, náttúruverndarmál, sumarbústaði og fleira. Í svæðisskipulaginu verður væntanlega jafnframt sýnt fram á tengingu helstu ferðamannastaða á öllu Suðvesturlandi í allsherjarútivistarsvæði íbúa þéttbýlisstaðanna.

Óskað hefur verið eftir því við Skipulag ríkisins að umræddri vinnu verði hraðað eftir föngum, þannig að skipulagningu svæðisins umhverfis Gullfoss og Geysi verði lokið eins fljótt og kostur er.

6. Ábyrgð vegna galla í húsbyggingum.

Alþingi samþykkti hinn 18. mars 1987 svofellda þingsályktunartillögu Davíðs Aðalsteinssonar, Ólafs Þ. Þórðarsonar, Guðmundar Bjarnasonar og Ástu R. Jóhannesdóttur:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að endurskoða gildandi lög sem fjalla um ábyrgð þeirra sem tengjast húsbyggingum og annarri mannvirkjagerð."

Málið hefur verið í athugun í félagsmálaráðuneyti frá því sl. haust og er fyrirhugað að skipa nefnd í samræmi við ályktun Alþingis. Bent er á, að í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins sem nú er í meðförum Alþingis er gert ráð fyrir stofnun varasjóðs til að mæta áföllum. Í frumvarpinu segir:

„Af öllum félagslegum íbúðarbyggingum skal leggja allt að 1% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar í varasjóð er gegni því hlutverki að tryggja gæði og bæta fyrir áföll sem kunna að verða, svo sem byggingargalla, og ekki teljast eðlilegt viðhald. Varasjóður skal varðveittur í Byggingarsjóði verkamanna. Nánari ákvæði um varasjóð skulu sett í reglugerð."

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI

1. Hagkvæmni útboða.

Alþingi samþykkti hinn 11. mars 1987 eftirfarandi þingsályktunartillögu Helga Seljan, Jóns Kristjánssonar, Skúla Alexanderssonar, Karvels Pálmasonar, Steingríms J. Sigfússonar og Davíðs Aðalsteinssonar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga þá reynslu sem fengist hefur undanfarin ár af hagkvæmni útboða á opinberum framkvæmdum. Jafnframt verði kannað hvort rétt sé að setja nánari og skýrari reglur um útboð á vegum hins opinbera og framkvæmd þeirra, m.a. um val á verktökum."

Hin almenna regla ríkisins er að bjóða út opinberar framkvæmdir á opnum markaði þar sem því verður við komið eins og kveðið er á um í lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda. Við gerð útboðsskilmála og val á verktaka er fylgt íslenskum staðli, ÍST-30, að viðbættum sérskilmálum einstakra framkvæmdaaðila í samræmi við eðli framkvæmda hverju sinni.

Við endurskoðun á ÍST-30 og nýrri útgáfu staðalsins árið 1988 var að miklu leyti tekið tillit til sjónarmiða fjármálaráðuneytisins um breytingar á staðlinum. Ráðuneytið hafði látið semja sérstaka útboðs- og samningsskilmála vegna ríkisframkvæmda. Hætt var við útgáfu þeirra þar sem fallist var að mestu á skilyrði ráðuneytisins um breytingar á ÍST-30. Aðilar voru sammála um að heppilegast væri að nota einn staðal um útboðs- og samningsskilmála vegna verkframkvæmda hér á landi.

Stærstur hluti nýframkvæmda, endurbóta og stærri viðhaldsverkefna á vegum ríkisins er boðinn út og stefnt er að aukinni hlutdeild útboða við opinber innkaup á rekstrarvörum og jafnvel þjónustu þar sem því verður við komið. Við val á verktaka er fylgt ákvæðum 9. kafla ÍST-30, þar sem verkkaupa er með vissum takmörkunum heimilt að taka hvaða tilboði sem er

eða hafna öllum. Hin almenna regla er að taka lægsta tilboði frá bjóðanda sem talinn er hæfur til verksins.

Reynsla ríkisins af útboðum er í flestum tilfellum góð og má nefna eftirtaldar þrjár helstu ástæður:

1. Útboð hafa reynst ríkissjóði fjárhagslega hagkvæm þar sem framkvæmdakostnaður er jafnan talinn lægri vegna samkeppni verktaka.
2. Útboð hafa reynst heppilegt samskiptaform verkkaupa og verktaka þar sem viðurkenndir staðlar eru fyrir hendi um samskiptaform og úrlausn ágreiningsmála.
3. Útboðsmarkaður hefur eflst mjög hér á landi á undanförnum árum, m.a. vegna aukinna útboða á vegum ríkisins. Öflugt verktakafyrirtæki og frjáls samkeppni þeirra á milli er forsenda fyrir lækkun framkvæmdakostnaðar ríkissjóðs. Útboð ríkisframkvæmda styrkir þennan markað öðrum til hagsbóta, svo sem sveitarfélögum, fyrirtækjum og einstaklingum.

Samgönguráðuneytið fer með yfirstjórn á stærstum hluta ríkisframkvæmda. Ráðuneytið hefur sett stofnunum sínum ákveðnar vinnureglur um útboð verka og val verktaka. Með þeim er stefnt að aukinni hlutdeild heimamanna, með svæðisbundnum útboðum á minni verkum eða verkþáttum.

Fjármálaráðuneytið er fylgjandi skýrum reglum um útboð og val verktaka við ríkisframkvæmdir. Ráðuneytið hefur beitt sér fyrir því að ákvæðum ÍST-30 sé framfylgt við útboð ríkisframkvæmda og að útboð séu viðhöfð við framkvæmdir og opinber innkaup eftir því sem hentugt þykir hverju sinni.

2. Lífeyrisréttindi þeirra er sinna heimilis- og umönnunarstörfum.

Alþingi samþykkti hinn 19. mars 1987 svofellda þingsályktunartillögu Jóhönnu Sigurðardóttur og Kolbrúnar Jónsdóttur: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa tillögur um lífeyrisréttindi þeirra sem eingöngu sinna heimilis- og umönnunarstörfum og leggja þær fyrir Alþingi eigi síðar en 1. nóvember 1987."

Á undanförnum árum hefur farið fram gagnger endurskoðun á starfsemi lífeyrissjóða. Einn af ávinningum þeirrar endurskoðunar er að fjármálaráðherra hefur lagt fram á þessu þingi frumvarp um starfsemi lífeyrissjóða.

Hér er um að ræða óbreytt frumvarp það sem samið var á vegum 17-manna endurskoðunarnefndar lífeyriskerfis og samþykkt var á fundi hennar 29. maí 1987.

Nefndin fjallaði nokkuð um lífeyrismál hjóna í störfum sínum. Þar kom fram sú skoðun að núverandi makalífeyrisákvæði flestra sjóða séu úrelt orðin. Orðrétt segir svo í athugasemdum með frumvarpinu um makalífeyri:

„Þessi ákvæði eru fyrst og fremst miðuð við, að annað hjóna annist tekjuöflun heimilisins. Atvinnuþátttaka giftra kvenna hefur hins vegar aukist mjög mikið undanfarin ár og verður nú sífellt algengara að bæði hjóna hafi launað starf utan heimilis og ávinni sér þannig eigin lífeyrisrétt. Í þeim tilvikum getur falist mikil oftrygging í gildandi makalífeyrisákvæðum, enda er makalífeyrir nú mjög dýr og útgjöld sjóðanna til greiðslu makalífeyris fara hraðvaxandi. Þetta hamlar getu þeirra til annarra lífeyrisgreiðslna.

Innan 8-manna lífeyrisnefndarinnar hefur mikið verið rætt um þá tillögu formanns hennar, að fella makalífeyri að verulegu leyti niður en fara í þess stað að skipta áunnum ellilífeyrisréttindum hjóna á milli þeirra við skilnað og/eða dauða. Eftir miklar umræður innan 8-manna nefndarinnar og meðal umbjóðenda hennar hefur niðurstaðan orðið sú, að svo mikil breyting sé ekki að fullu tímabær. Á hinn bóginn hefur verið talið rétt að gera ráð fyrir slíkri breytingu í framtíðinni og stíga fyrstu skrefin nú. Eru því hér gerðar tillögur um að makalífeyrisréttur verði takmarkaður og að farið verði að skipta áunnum ellilífeyrisrétti hjóna jafnt á milli þeirra við skilnað. Tillögurnar um makalífeyri eru að nokkru sniðnar eftir gildandi

reglugerðum Lífeyrissjóðs verslunarmanna og Samvinnulífeyrissjóðsins. Er hér miðað við að makalífeyririnn gangi fyrst og fremst til þess að vega á móti þeirri tímabundnu röskun á fjárhag heimila, sem dauði annars hjóna hlýtur að valda, þannig að heimilunum gefist tími til að laga tekjuöflun sína að breyttum aðstæðum. Á hinn bóginn er jafnframt lagt til, að makalífeyrir verði jafnan greiddur hafi makinn barn á framfæri sínu, sé hann öryrki eða fæddur fyrir 1940. Fyrir þá sem fæddir eru árin 1920–1939 er makalífeyririnn þó skertur og eykst skerðingin eftir því sem fólk er yngra. Þessar tillögur eru miðaðar við þær þjóðfélagsbreytingar, sem áður var getið. Hvað varðar fólk sem fætt er eftir 1940 er talið, að yfirleitt megi gera ráð fyrir að bæði hjóna hafi launað starf utan heimilis en að það sé ekki eins algengt meðal þeirra sem eldri eru. Aldursmörkin, sem gert er ráð fyrir, eru hin sömu og beitt hefur verið um nokkurt skeið hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna.

Auk þessara tillagna um makalífeyri er lagt til að við skilnað verði þeim ellilífeyrisréttindum sem áunnust meðan á hjónabandinu stóð, skipt jafnt á milli hjónanna. Eins og nú háttar eru ellilífeyrisréttindin beinlínis tengd þeirri persónu, sem aflað hefur tekna og greitt af þeim iðgjald, enda þótt önnur eignamyndun af tekjum hjóna teljist hjúskapareign þeirra og henni sé skipt við slit hjúskapar. Auk þess að vera réttlætismál hefur sú tillaga, sem hér er gerð um skiptingu réttinda við skilnað, þann kost að tekjuöflun hjónanna hefur ekki áhrif á myndun ellilífeyrisréttinda þeirra, þ.e. að ekki skiptir máli hvernig hjón hafa valið að skipta með sér störfum og að skipta tekjuöflun heimilisins. Í þessari tillögu felst m.a. að menn geta eignast réttindi í sjóðnum, sem þeir hafa aldrei greitt til. Þetta kann að hafa vissa framkvæmdaörðugleika í för með sér fyrst í stað, en á þó ekki að skipta neinu öðru máli en því, að bókhald og réttindaskráning sjóðanna verður heldur viðameiri en ella".

Með hliðsjón af framansögðu þótti rétt að fjalla um lífeyrismál og lífeyrisréttindi heildstætt eins og lagt er til í frumvarpi til laga um starfsemi lífeyrissjóða. Það frumvarp er nú í höndum þingsins, eins og fyrr greinir. Þar koma fram ákveðnar tillögur um lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks, sbr. 15. gr. frumvarpsins.

Það skal loks áréttað að frumvarpið gerir ráð fyrir tvíþættu kerfi lífeyristrygginga, þ.e. kerfi grunntrygginga almannatrygginga sem greiði lífeyri, sem sé óháð tekjum manna á starfsævinni, og kerfi viðbótartrygginga, þ.e. lífeyrissjóða, sem greiði lífeyri sem ráðist af tekjum og iðgjaldagreiðslum á starfsævinni.

3. Efling kjararannsókna.

Hinn 13. apríl 1989 samþykkti Alþingi svofellda þingsályktunartillögu Kristínar Einarsdóttur, Valgerðar Sverrisdóttur, Guðmundar H. Garðarssonar, Hjörleifs Guttormssonar og Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að kjararannsóknir verði efldar og samræmdar. Í því skyni verði launamiðar og skattagögn þannig úr garði gerð að fram komi á launamiðum sem öruggastar upplýsingar um fjölda vinnustunda að baki dagvinnulaunum, yfirvinnulaunum og öðrum launagreiðslum. Jafnframt verði starfsheiti skilgreind og samræmd og þau tilgreind á launamiðum og skattframtali. Enn fremur verði settar reglur sem tryggi skil á launamiðum og réttum upplýsingum."

Hvað varðar upplýsingar á launamiðum þá hefur af hálfu fjármálaráðuneytisins ekki verið gerð krafa um að þær séu sundurliðaðar á þann hátt sem þingsályktunin gerir ráð fyrir. Hins vegar er launakerfi opinberra starfsmanna þannig upp byggt að á launamiðum Launaskrifstofu ríkisins koma þessar upplýsingar fram.

Hvað skilgreiningu og samræmingu starfsheita varðar eru erfiðleikarnir þeir að semja þarf við hvert stéttarfélag fyrir sig. Fjármálaráðuneytið telur markmiðið afar æskilegt en hingað til hefur ekki tekist að ná því. Einnig verður að hafa í huga, að fjármálaráðuneytið hefur ekki yfir kjarasamningum á almennum markaði og kjararannsóknum á því sviði að

segja. Hins vegar hefur kjararannsóknarnefnd unnið töluvert að samræmingu upplýsinga um almenna markaðinn.

Reglur um skil á launamiðum og tryggingar fyrir áreiðanleika þeirra upplýsinga byggjast á þeim kröfum, sem gerðar eru í skattalögum og reglugerðum sem settar eru á grundvelli þeirra.

4. Athugun á útboðum opinberra rekstrarverkefna.

Alþingi samþykkti hinn 18. maí 1989 svofellda þingsályktunartillögu Friðriks Sophussonar:

„Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra í samráði við aðra ráðherra að láta kanna tilhögun á útboðum opinberra rekstrarverkefna sem hér segir:

1. Á hvaða sviðum og í hve miklum mæli slíkum útboðum hafi verið beitt hjá ríkinu og stofnunum þess á næstliðnum áratug.
2. Hvaða reynsla hefur fengist af slíkum útboðum, m.a. með tilliti til kostnaðar miðað við sambærileg verkefni sem unnin hafa verið án útboðs.
3. Á hvaða sviðum ríkisrekstrar rétt þyki og hagkvæmt að efna til slíkra útboða og hvaða sjónarmiða skuli gæta við val slíkra útboðsverkefna.

Niðurstöður könnunarinnar skulu lagðar fyrir Alþingi sem skýrsla."

Í samræmi við markmið fjárlaga fyrir árið 1989 þar sem m.a. var byggt á verulega hertu aðhaldi í rekstri stofnana ríkisins var af hálfu ráðuneytisins gripið til ýmissa aðgerða til að fylgja því eftir. Einn þáttur í því starfi fólst í því að efla Innkaupastofnun ríkisins til þeirra verkefna sem henni eru ætluð. Í því skyni voru markmið og áherslur í starfi hennar endurmetin, jafnframt því sem innra og ytra skipulag var tekið til endurskoðunar. M.a. var lögð meiri áhersla á að auka útboð á rekstrarvörum og kynningu á þeim afsláttarsamningum sem stofnun hefur gert við verslunarfyrirtæki í ýmsum greinum viðskipta. Útboð á innkaupum hefur til þessa beinst meir að fjárfestingarvörum og stærri hlutum en með því að ná samstöðu milli stofnana um kaup á rekstrarvörum sem geta verið smáar hjá hverjum og einum en skipta máli fyrir heildina má ná aukinni hagkvæmni í þeim efnum. Þar má m.a. nefna pappírsvörur, röntgenvörur, ýmsar rekstrarvörur sjúkrahúsa, plastpoka og plastvörur. Nú þegar er búið að gera afsláttarsamninga við um 60 fyrirtæki. Þetta starf hefur nú þegar skilað bættum árangri í því að auka hagkvæmni útboða og innkaupa.

Það er tekið heils hugar undir þá skoðun sem fram kemur í fyrrnefndri þingsályktun að leita beri allra leiða til að lækka kostnað við rekstur stofnana ríkisins. Útboð á ýmsum þáttum í rekstri ríkisins hefur farið vaxandi á síðustu árum og er sjálfsagt að efla þennan þátt þar sem það á við.

Til að fylgja þessu verkefni eftir hefur ráðuneytið þegar falið Innkaupastofnun ríkisins að afla upplýsinga um hver staða þessara mála er í dag, sbr. lið 1 og 2. Jafnframt hefur þess verið óskað að stofnunin geri um það tillögur á hvaða sviðum rekstrar hagkvæmast væri að auka slík útboð.

Þess er vænst að niðurstöður þessara athugana geti legið fyrir í apríl eða maí á þessu ári.

HEILBRIGÐIS- og TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTI

1. Þingsályktun um kerfisbundna leit að brjóstakrabbameini hjá konum.

Alþingi samþykkti hinn 9. maí 1985 svofellda þingsályktunartillögu Guðrúnar Agnarsdóttur, Kristínar Halldórsdóttur og Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því svo fljótt sem verða má að koma á kerfisbundinni leit að brjóstakrabbameini hjá konum með brjóstamyndatöku (mammografi)."

Um árabil hefur Krabbameinsfélag Íslands annast fyrir heilbrigðisstjórnina kerfisbundna leit að krabbameini í leghálsi og var að skoðun ráðuneytisins eðlilegt að kanna hvort hægt væri að sameina leit þessara tveggja krabbameina hjá konum. Viðræður voru því teknar upp við Krabbameinsfélagið og í júlí 1987 var gerður samningur við Krabbameinsfélagið, sem gildi tók 1. janúar 1988 og gildir til ársloka 1992, um það að Krabbameinsfélag Íslands tæki að sér kerfisbundna leit að bæði leghálskrabbamein og brjóstakrabbameini hjá konum og að brjóstakrabbameinsleitin yrði gerð með brjóstamyndatöku.

Samningurinn gerir ráð fyrir allt að 25 þúsund leghálsskoðunum og 15 þúsund brjóstaskoðunum, en það sem fengist hefur á fjárlögum til leitarinnar samsvarar því að hægt sé að gera 19 þúsund skoðanir vegna leghálskrabbameins og 12 þúsund skoðanir vegna brjóstakrabbameins.

Kerfisbundin leit, í samræmi við þingsályktunartillöguna, hefur því farið fram frá því í ársbyrjun 1988.

2. Mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum.

Alþingi samþykkti hinn 13. júní 1985 svofellda þingsályktunartillögu Hjörleifs Guttormssonar og Helga Seljan:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera áætlun um varanlegar úrbætur í mengunarmálum fiskimjölsverksmiðja í samvinnu við eigendur og samtök þeirra svo og yfirvöld heilbrigðismála. Áætlunin miðist við að lágmarkskröfum um mengunarvarnir verði fullnægt í öllum starfandi fiskimjölsverksmiðjum og feli jafnframt í sér mat á fjárþörf og þeim tíma sem slíkar aðgerðir tækju. Verði í senn haft í huga ytra og innra umhverfi verksmiðjanna og lögð áhersla á bætta nýtingu hráefnis og orkusparnað ásamt viðhlítandi mengunarvörnum."

Vegna þessarar þingsályktunar ritaði ráðuneytið hinn 1. júlí 1985 Hollustuvernd ríkisins og óskaði eftir að Hollustuverndin gerði áætlun um lágmarkskröfur sem uppfylla þarf við rekstur starfandi fiskimjölsverksmiðja og mat á fjárþörf og tímalengd aðgerða til úrbóta og var óskað eftir að áætlun Hollustuverndar yrði send ráðuneytinu fyrir 1. október 1985.

Ráðuneytið fékk tillögur Hollustuverndar með bréfi hinn 30. september 1985 og í því bréfi var upplýst að þá voru í landinu um 50 fiskimjölsverksmiðjur en ¾ hlutar þeirra hefðu lítinn sem engan mengunarvarnarbúnað. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins töldu það lágmark að allar verksmiðjur yrðu búnar þvottaturnum til lykteyðingar á útblæstri, þurrkara og helstu lyktaruppsprettum öðrum, einnig að verksmiðjurnar hefðu yfirbyggðar hráefnisgeymslur og fitugildrur fyrir soð, blóðvatn og annað frárennsli.

Hollustuverndin taldi útilokað að áætla fjárþörfina nákvæmlega, en taldi að kostnaður yrði ekki minni en 10–30 milljónir á hverja verksmiðju á verðlagi þess tíma og heildarupphæð gæti þá verið á bilinu 0,5–1,5 milljarðar króna.

Hollustuvernd taldi tímalengd verksins markast af möguleikum til lánsfjár, en taldi óraunhæft að gera ráð fyrir skemmri tíma en 10 árum til verksins.

Á árabilinu eftir 1985 var reynt að fá fjárveitingar á fjárlögum til að styrkja verksmiðjur til að koma á mengunarvarnarbúnaði og lítils háttar fjárveitingar fengust í nokkur ár, en mjög lítið brot af þeim kostnaði sem áætlaður var við að setja upp mengunarvarnarbúnað.

Nokkrar verksmiðjur lögðu í verulegan kostnað til að bæta hreinsibúnað sinn á þessu tímabili.

Nú er málum þannig háttað að starfræktar eru 37 fiskimjölsverksmiðjur á Íslandi. Af þeim hafa 31 sótt um starfsleyfi og af þeim hefur 19 verksmiðjum verið veitt starfsleyfi eftir að þingsályktun um mengunarvarnir var samþykkt á Alþingi 13. maí 1985.

Í öllum starfsleyfum eru settar fram kröfur um framkvæmdir og aðgerðir til að draga úr mengun. Verksmiðjunum er veittur frestur til framkvæmda, en þeim hefur oft gengið illa að standa við ákvæði starfsleyfanna af fjárhagslegum ástæðum, enda er hér eins og fyrr sagði oft

um mjög dýrar framkvæmdir að ræða. Hollustuvernd og ráðuneytið hafa því framlengt fresti og hefur þar verið tekið tillit til þess að fjárhagsleg afkoma fiskimjölsverksmiðja hefur verið slæm síðustu árin.

Það er mat Hollustuverndar ríkisins að það sé breyting á þurrkarakosti verksmiðjanna, sem sé forsenda þess að úrbætur verði í þessum efnum og lánafyrirgreiðsla til framkvæmda verði að breytast til bóta ef þessi markmið eiga að nást.

3. Þingsályktun um bætt skipulag og þjónustu vegna tannréttinga.

Alþingi samþykkti hinn 20. júní 1985 svofellda þingsályktunartillögu Helga Seljan:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita allra leiða til að koma á ákveðinni skipulegri þjónustu í tannréttingum. Skal í málinu leita samvinnu við Tannlæknafélag Íslands og samráð haft við Tryggingastofnun ríkisins um mögulega framkvæmd þessa."

Tannheilsudeild ráðuneytisins og sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins könnuðu þetta mál. Almennir tannlæknar sinna mjög lítið tannréttingum og þurfa því þeir, sem þessarar þjónustu leita, að leita til sérfræðinga í Reykjavík og á Akureyri. Niðurstaða könnunar ráðuneytisins var sú að ekki væri hagkvæmt að skipuleggja ferðir sérfræðinga í tannréttingum út á land og yrði að halda áfram því fyrirkomulagi að þeir, sem þjónustuna þyrftu, leituðu til sérfræðinga í Reykjavík og á Akureyri.

Það er mat ráðuneytisins að skipulag tannréttinga muni haldast í hendur við almenna skipulagningu tannlæknaþjónustu og tengingu hennar við heilsugæslustöðvar og tannlækningar verði eins og lækningar hluti af þeirri þjónustu sem almannatryggingakerfið greiðir.

4. Þingsályktun um nýtingu jarðhita í heilsubótarskyni.

Alþingi samþykkti hinn 22. apríl 1986 svofellda þingsályktunartillögu Gunnars G. Schram, Birgis Ísleifs Gunnarssonar, Eggerts Haukdal og Friðjóns Þórðarsonar:

„Alþingi skorar á ríkisstjórnina að láta gera áætlun um það á hvern hátt jarðhiti og hveravatn verða best nýtt hér á landi í heilsubótarskyni. Jafnframt verði kannað á hvaða stöðum helst komi til greina að reisa heilsubótarstöðvar er byggi starfsemi sína á jarðhita og hver sé rekstrargrundvöllur slíkra stöðva."

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur ekki hrundið af stað könnun vegna þessarar þingsályktunar.

5. Þingsályktun um umbætur í málefnum aldraðra.

Alþingi samþykkti hinn 22. apríl 1986 svofellda þingsályktunartillögu Jóhönnu Sigurðardóttur, Péturs Sigurðssonar, Guðrúnar Helgadóttur og Kjartans Jóhannssonar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að í áætlanagerð um málefni aldraðra fyrir landið í heild, skv. ákvæðum 4. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 91/1982, verði lögð til grundvallar úttekt á fjárhagslegri og félagslegri stöðu aldraðra sem nái til eftirfarandi þátta:

1. Húsnæðis- og vistunarmála.
2. Félagslegrar stöðu.
3. Framfærslukostnaðar og fjárhagslegarar afkomu.
4. Atvinnu með tilliti til hlutastarfa.

Úttekt þessi skal unnin af samstarfsnefnd um málefni aldraðra í samráði við Tryggingastofnun ríkisins. Á grundvelli hennar skal leggja fram heildaráætlun um skipulagt átak og forgangsverkefni í hagsmunamálum aldraðra á næstu árum, sem tryggi betur en nú er félagslegt öryggi og fjárhagsafkomu aldraðra sem og húsnæðisstöðu og atvinnu við hæfi aldraðra sem þess óska.

Kostnaður greiðist af Tryggingastofnun ríkisins og Framkvæmdasjóði aldraðra að fengnu samþykki heilbrigðisráðherra, skv. 6. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraðra."

Þegar þessi þingsályktun var samþykkt hafði ráðuneytið þegar gert ráðstafanir til að láta kanna stöðu húsnæðismála aldraðra og kom rit um það mál út á vegum ráðuneytisins á ensku í maí 1986 þar sem málefni aldraðra voru til umræðu á fundi heilbrigðis- og félagsmálaráðherra í Reykjavík og á íslensku í janúar 1987, sem rit ráðuneytisins nr. 1 1986. Þessi rit voru send þingmönnum á sínum tíma.

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra vann að þeirri úttekt, sem um ræðir í þingsályktunartillögunni, og fékk til þess nokkra aðila. Þannig var gerð sérstök úttekt um Framkvæmdasjóð aldraðra á árabilinu 1981–1987, sem var yfirlit um starfsemi sjóðsins og stöðuna í húsnæðismálum aldraðra á Íslandi, og var henni lokið í júní 1987. Sú skýrsla var aldrei fjölfölduð en er til í gögnum samstarfsnefndarinnar.

Heildaryfirlit um þessa könnun samstarfsnefndar um málefni aldraðra hefur ekki verið gert, en samstarfsnefnd aflaði sér og hefur flestar þær upplýsingar, sem um er rætt í þingsályktuninni og hefur notað þær í sambandi við störf sín að málefnum aldraðra. Á vegum félagsmálaráðuneytis vann nefnd frá september 1988 til desember 1989, sem fékk það verkefni að afla upplýsinga um húsnæðismál aldraðra. Skýrsla hér að lútandi kom út í desember 1989.

6. Þingsályktun um fræðslu meðal almennings um kynferðismál.

Alþingi samþykkti hinn 19. mars 1987 svofellda þingsályktunartillögu Kristínar Halldórsdóttur, Kristínar Ástgeirsdóttur og Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að efla verulega fræðslu um kynferðismál meðal almennings með það meginmarkmið að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir og hindra útbreiðslu sjúkdóma. Sérstök áhersla skal lögð á að upplýsa fólk á aldrinum 15–19 ára um kynlíf og getnaðarvarnir."

Í lögum um ráðgjöf og fræðslu viðvíkjandi kynlífi og barneignum og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, nr. 25 frá 22. maí 1975, er gert ráð fyrir því að landlæknir hafi með höndum yfirumsjón með framkvæmd og uppbyggingu ráðgjafar og fræðslu um kynlíf og barneignir. Þá er gert ráð fyrir því í sömu lögum að fræðsluyfirvöld skuli í samráði við skólayfirlækni veita fræðslu um kynlíf og siðfræði kynlífsins á skyldunámsstigi í öllum skólum. Einnig að veita skuli þessa fræðslu á öðrum námsstigum.

Það hefur því fyrst og fremst verið hlutverk ráðuneytisins að reyna að afla fjár til þess að landlæknir geti annast þetta starf og skipulagt með þeim hætti sem lög gera ráð fyrir því að ráðuneytið hefur talið að sú kynfræðsla, sem á að fara fram í skólum landsins, sé á vegum menntamálaráðuneytisins eins og annað fræðslustarf þar.

Það er skemmst frá að segja að mjög takmarkaðar fjárveitingar hafa verið til verkefna af þessu tagi undanfarin ár, en fjárveitingarnar hafa verið notaðar annars vegar til að skipuleggja útgáfu bæklinga til dreifingar meðal almennings og unglinga þá sérstaklega, til að skipuleggja upplýsingastarfsemi á heilsugæslustöðvum og í skólum meðal unglinga. Landlæknir hefur skipulagt slíkar heimsóknir og fengið hjúkrunarfræðinga, lækna og læknastúdenta til þessa upplýsingastarfs eftir því sem fjárveitingar hafa leyft.

Það fé sem er t.d. á fjárlögum ársins 1990 vegna alls starfs í sambandi við fyrrgreind lög er 1.075 þús. kr. og er gert ráð fyrir að mestur hluti þess fjár fari til starfsemi, sem hér er á undan lýst og skipulögð er af landlæknisembættinu.

7. Þingsályktun um könnun á tannlæknaþjónustu.

Alþingi samþykkti hinn 19. desember 1986 svofellda þingsályktunartillögu Jóhönnu Sigurðardóttur, Magnúsar H. Magnússonar og Kolbrúnar Jónsdóttur:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að láta kanna notkun tannlæknaþjónustu hér á landi og kostnað neytenda af henni. Félagsvísindastofnun Háskólans verði falið verkefnið, en könnunin miðist við að leiða í ljós eftirfarandi atriði, skipt eftir kyni, aldri, búsetu og atvinnustétt:

1. Áætluð árleg útgjöld fjölskyldna og einstaklinga vegna tannlækninga.
2. Hversu oft einstakir aldurshópar notfæra sér tannlæknaþjónustu.

Kostnaður við könnunina greiðist úr ríkissjóði."

Svo sem þingsályktunin gerði ráð fyrir gerði ráðuneytið samkomulag við Félagsvísindastofnun Háskólans um að annast þetta verkefni og var samkomulagið gert fyrri hluta árs 1987. Gert var ráð fyrir að könnuninni yrði lokið haustið 1987, en úrvinnsla dróst á langinn og skilaði Félagsvísindadeild skýrslu um könnunina í júlí 1988.

Skýrsla um könnunina var send öllum þingmönnum í þingbyrjun 1988 og verður efni hennar ekki rakið hér þar sem þeir eiga hana í fórum sínum.

8. Þingsályktun um skipulegt átak til aukinnar sjúkra- og iðjuþjálfunar í heilsugæslunni.

Alþingi samþykkti hinn 18. mars 1987 svofellda þingsályktunartillögu Helga Seljan:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa sérstaka nefnd til að vinna að skipulegu, samræmdu átaki til að koma á sem bestri sjúkra- og iðjuþjálfun sem víðast um land. Kannað verði hvernig tengja megi þessa þætti sem best kennslu í heilsurækt í efstu bekkjum grunnskólans. Jafnframt verði athugað hvernig unnið yrði að forvarnastarfi á vinnustöðum þar sem leiðbeint yrði sem gleggst um grundvallaratriði réttra vinnubragða og vinnustellinga jafnframt bættri vinnuaðstöðu. Leitað verði samráðs um átak þetta við samtök launafólks og vinnuveitenda svo og þau félög heilbrigðisstétta sem málið varðar sérstaklega."

Svo sem þingmönnum er kunnugt var sú breyting gerð á lögum um heilbrigðisþjónustu 1983 að sjúkraþjálfarar skyldu vera starfsmenn heilsugæslustöðva.

Sumarið 1986, þ.e. tæpu ári áður en þingsályktunartillagan var samþykkt, varð það að samkomulagi milli landlæknis, þriggja sjúkraþjálfara og læknis Vinnueftirlits ríkisins að semja lýsingu á starfssviði sjúkraþjálfara í heilsugæslu. Niðurstaðan varð sú að fjórir sjúkraþjálfarar sömdu þessa skýrslu og var henni skilað til embættis landlæknis í desember 1986.

Í skýrslunni var gerð glögg grein fyrir því hvernig skipuleggja ætti sjúkraþjálfun í heilsugæslu, þannig að sjúkraþjálfun yrði hluti þess starfs sem heilsugæslustöðvar ynnu á hverjum tíma.

Ekki er hægt að rekja efni þessarar skýrslu hér, en vísað er til hennar til frekari upplýsinga.

Ráðuneytið lagði tillögur þessarar skýrslu til grundvallar við óskir um heimildir til að ráða sjúkraþjálfara á heilsugæslustöðvar, a.m.k. í tilraunaskyni, en slíkar heimildir hafa ekki fengist við gerð fjárlaga.

Þar sem undirtektir hafa orðið svo litlar við stöðubeiðnum um sjúkraþjálfara í heilsugæslu hefur ráðuneytið ekki kannað störf iðjuþjálfa í heilsugæslu.

9. Þingsályktun um hávaðamengun.

Alþingi samþykkti hinn 11. maí 1988 svofellda þingsályktunartillögu Ragnars Arnalds, Júlíusar Sólnes, Kristínar Halldórsdóttur, Guðna Ágústssonar, Salome Þorkelsdóttur, Eiðs Guðnasonar og Hörleifs Guttormssonar:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta semja frumvarp til laga um varnir gegn hávaða og hljóðmengun."

Um svipað leyti og þessi þingsályktun var samþykkt á Alþingi voru samþykkt ný lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, og í þeim lögum var gert ráð fyrir að sett yrði sérstök mengunarvarnareglugerð.

Þessi reglugerð var sett hinn 25. júlí 1989, nr. 386/1989, og er í reglugerðinni sérstakur kafli um varnir gegn hávaðamengun. Ráðuneytið taldi því ekki að nauðsyn bæri til að samið yrði frumvarp til laga um varnir gegn hávaða- og hljóðmengun. Auk þessa hefur nú verið samin og sett ný heilbrigðisreglugerð, sem er í prentun, og í þeirri reglugerð eru einnig ákvæði um varnir gegn hávaðamengun svo sem var í fyrri heilbrigðisreglugerð. Ráðuneytið lítur því svo á að laga- og reglugerðarákvæði á þessu sviði skorti ekki.

10. Þingsályktun um iðgjöld vegna bifreiðatrygginga.

Alþingi samþykkti hinn 17. apríl 1989 svofellda þingsályktunartillögu Skúla Alexanderssonar og Margrétar Frímannsdóttur:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við bifreiðatryggingar hér á landi, þannig að tryggingaiðgjöld bifreiða verði sambærileg við það sem gerist í nágrannalöndum."

Tryggingaiðgjöld bifreiða ákveðast af tvennu, annars vegar af kostnaði við bifreiðar og bifreiðavarahluti og vinnu við viðgerðir og hins vegar af tjónatíðni. Undanfarin mörg ár hefur tjónahlutfall í bifreiðatryggingum verið 85 af 100 eða þar yfir. Það er ljóst að tryggingaiðgjöld bifreiða hér á landi verða ekki sambærileg við það sem gerist í nágrannalöndum nema kostnaður við bifreiðar verði svipaður og tjónatíðni lík. Tryggingaeftirlitið hefur margbent á að hugsanlega mætti lækka kostnað við tryggingastarfsemi almennt með fækkun tryggingafélaga, og á það má minna að fjögur stærstu tryggingafélög landsins sameinuðust í tvö á sl. ári. Hins vegar verður á það að líta að ef tjónahlutfallið er 85 af 100 verður tiltölulega lítil lækkun tryggingaiðgjalda þó að reksturskostnaður tryggingafélaga dragist lítillega saman.

Hins vegar má minna á það að um síðustu áramót féll niður söluskattur af vátryggingum, sem leiddi til beinnar lækkunar á tryggingaiðgjöldum. Tryggingaeftirlitið og ráðuneytið hafa lagt á það áherslu að tryggingafélög tækju sjálfstæðar ákvarðanir um iðgjöld, en hefðu ekki um það samvinnu þannig að eðlilegrar samkeppni nyti á þessum markaði.

11. Manneldis- og neyslustefna.

Alþingi samþykkti hinn 19. maí 1989 svofellda þingsályktunartillögu frá ríkisstjórninni:

„Alþingi ályktar að leitast skuli við á árunum 1990–2000 að ná fram meginmarkmiðum í þeirri manneldis- og neyslustefnu sem heilbrigðisráðuneyti og Manneldisráð hafa lagt drög að og felur m.a. í sér eftirfarandi:

- Að fæðuval sé fjölbreytt og kjarngott.
- Að neysla hvers einstaklings miði að því að viðhalda æskilegri líkamsþyngd.
- Að neysla kolvetna sé aukin, einkum úr grófu korni, kartöflum, grænmeti og ávöxtum, en sykurneysla minnki til muna.
- Að hvíta (protein) verði áfram rífleg í fæðu landsmanna.
- Að dregið verði úr neyslu á fitu, einkum mettuðum fituefnum.
- Að takmarka saltnotkun og neyslu saltmetis.

Með eftirfarandi aðgerðum verði leitast við að ná ofangreindum markmiðum og hollustu í lífsháttum:

a. Að innlend matvælaframleiðsla falli að settum manneldismarkmiðum. Sérstaka áherslu skal leggja á að draga úr sykur- og fituinnihaldi matvara og viðhalda jákvæðum þáttum íslenskrar matarhefðar. Við innflutning matvæla skal gæta sömu meginmarkmiða um sykur- og fituinnihald.
b. Að tekið sé mið af settum manneldismarkmiðum við ákvörðun tolla og skatta og hvers konar annarra opinberra aðgerða sem hafa áhrif á verðlag matvæla, svo sem við ákvörðun niðurgreiðslna.

c. Að auka fræðslu í matreiðslu og almennt um manneldis- og neyslumál í grunnskólum og framhaldsskólum landsins.
d. Að efla nám í matvælaiðn, menntun kennara í heimilisfræðum og nám fyrir starfsmenn og stjórnendur mötuneyta og veitingastaða.
e. Að nemendur í grunn- og framhaldsskólum eigi kost á hollu fæði í skólunum.
f. Að auka almenna fræðslu og kynningu um tengsl mataræðis og heilsu og hvers konar önnur næringarfræðileg efni.
g. Að áhersla sé lögð á almenna fræðslu um tengsl heilsufars og líkamlegrar hreyfingar.
h. Að draga úr notkun tóbaks, áfengis og annarra vímuefna.
i. Að haft sé strangt eftirlit með matvælum með tilliti til smithættu, aukaefna og aðskotaefna sem hættuleg geta verið heilsu manna.
j. Að heilbrigðisráðherra láti gera neyslukönnun sem feli í sér heildarúttekt á fæðuvenjum þjóðarinnar. Þar komi fram m.a. hlutdeild einstakra matvara í daglegri fæðu fólks og magn einstakra næringarefna. Skýrsla um niðurstöður könnunarinnar skal lögð fyrir Alþingi. Niðurstöður neyslukönnunarinnar skulu lagðar til grundvallar ofangreindum aðgerðum í manneldismálum (liðir a–h).
k. Að niðurstöður neyslukönnunar skv. j-lið verði hafðar til hliðsjónar við mótun áætlunar um hlutdeild innlendrar framleiðslu í fæðu landsmanna og æskileg markmið á því sviði. Við gerð áætlunarinnar verði tekið tillit til hagkvæmni, nýtingar á innlendum aðföngum og öryggis við öflun matvæla.
l. Að efldar verði innlendar rannsóknir á matvælum, næringu og heilsu.
m. Að stefna í manneldis- og neyslumálum verði endurskoðuð með hliðsjón af nýrri þekkingu á hverjum tíma.

Alþingi felur heilbrigðisráðuneytinu að sjá um framkvæmd þessarar stefnu í samvinnu við aðra hlutaðeigandi og gera þinginu grein fyrir stöðu málsins eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.“

Ráðuneytið hefur þegar hafist handa um framkvæmd þessarar manneldis- og neyslustefnu. Neyslukönnun sú, sem á er minnst í j-lið þingsályktunarinnar, fer fram nú á þessu vori og úrvinnslu hennar ætti að verða lokið á næsta ári.

Heilbrigðis- og tryggingaráðherra hefur skipulagt fræðsluherferð um þingsályktunina meðal heilbrigðisstarfsfólks á þessu vori. Hann mun heimsækja heilsugæslustöðvar og sjúkrahús og ræða við starfslið um það hvernig það getur komið að kynningu manneldis- og neyslustefnunnar og það verður gefinn út sérstakur bæklingur, sem kynnir stefnuna og reynt verður að dreifa honum mjög víða.

Þegar niðurstöður liggja fyrir úr neyslukönnuninni liggur fyrir að móta áætlun um hlutdeild innlendrar framleiðslu í fæðu landsmanna og æskileg markmið á því sviði.

Þá hyggst ráðherra efna til skipulegrar samvinnu við matvælaframleiðendur og aðila fræðslumála í sambandi við áætlunina.

IÐNAÐARRÁÐUNEYTI

1. Einnota umbúðir.

Alþingi samþykkti hinn 11. maí 1988 svofellda þingsályktunartillögu Kristínar Einarsdóttur, Hjörleifs Guttormssonar, Árna Gunnarssonar, Valgerðar Sverrisdóttur og Salome Þorkelsdóttur:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa frumvarp til laga um framleiðslu, innflutning og notkun einnota umbúða hér á landi.“

Frumvarp til laga um þetta efni var undirbúið í iðnaðarráðuneyti og það samþykkt á Alþingi sem lög nr. 52/1989. Í framhaldi af því var fyrirtækið Endurvinnslan hf. stofnað.

2. Lækkun raforkukostnaðar í gróðurhúsum.

Svofelld þingsályktunartillaga Margrétar Frímannsdóttur var samþykkt á Alþingi 11. maí 1988:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því við stjórnir Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins að garðyrkjubændum verði gefinn kostur á hagkvæmari kaupum á raforku en nú er til lýsingar í gróðurhúsum í því skyni að styrkja samkeppnisaðstöðu innlendrar ylræktar gagnvart innflutningi."

Þessi þingsályktun kom til umræðu vegna fyrirspurnar um hana á Alþingi í maí sl., en þar sagði iðnaðarráðherra m.a.:

„Ráðuneytið fól með bréfi, dags. 1. júlí 1988, Rafmagnsveitum ríkisins að taka upp viðræður við forustumenn garðyrkjubænda til þess að leita leiða til hagkvæmari kaupa á raforku en nú er til lýsingar í gróðurhúsum. Samrit af þessu bréfi var sent formanni Sambands garðyrkjubænda. Aðilar þess máls hafa átt með sér nokkra fundi og sl. haust voru menn sammála um að skoða eina ákveðna leið til að lækka þennan kostnað og til þess að gera vissar mælingar á orkunotkun, en forsenda aðgerða á þessu sviði er að menn viti nákvæmlega hversu mikil notkunin er á og utan álagstíma. Rafmagnsveiturnar gerðu ráðstafanir til að útvega mælitæki til þessarar gagnasöfnunar. Ýmis gögn voru dregin saman af Rafmagnsveitunum og send gróðurhúsabændum. Síðan hafa Rafmagnsveiturnar beðið eftir viðbrögðum gróðurhúsabænda og tillögum um tilraunamælingastaði. Nauðsynlegt er að gera tilraunamælingar áður en hægt er að slá nokkru föstu um hvort unnt sé að lækka verð til lýsingar í gróðurhúsum með bættri nýtingu á raforkunni. Að öðru leyti er auðvitað ekki hægt að lækka þennan taxta nema það komi niður á öðrum viðskiptavinum rafmagnsveitna ríkisins."

Ráðuneytið og Rafmagnsveiturnar eru að sjálfsögðu tilbúin til þess að hafa áfram samstarf við gróðurhúsabændur um þessar athuganir en málið er sem sagt enn á athugunarstigi.

3. Úrbætur í raforkumálum N-Þingeyjarsýslu.

Þingsályktunartillaga Valgerðar Sverrisdóttur, Árna Gunnarssonar, Málmfríðar Sigurðardóttur, Steingríms J. Sigfússonar og Halldórs Blöndal um þetta efni var samþykkt á Alþingi 3. mars 1988 og hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að gera ráðstafanir til úrbóta í raforkumálum N-Þingeyjarsýslu."

Rafmagnsveitur ríkisins framkvæmdu strax um haustið og næsta vor allar þær umbætur sem nauðsynlegar voru taldar til þess að fullnægja þingsályktunartillögunni, m.a. varastöð á Þórshöfn og styrkingu dreifikerfis á svæðinu.

4. Bætt samkeppnisstaða innlends skipaiðnaðar.

Þingsályktunartillaga Stefáns Guðmundssonar um þetta efni var samþykkt á Alþingi 6. maí 1989 og hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita allra leiða til að efla og bæta samkeppnisstöðu innlends skipaiðnaðar til að sporna við því að verkefni fari úr landi."

Í nóvember 1987 var breska ráðgjafarfyrirtækið A.P. Appledore fengið til að gera skipulega úttekt á íslenska skipasmíða- og skipaviðgerðaiðnaðinum. Markmiðið með verkefninu var að kanna leiðir til að efla samkeppnishæfni innlendra skipasmíðastöðva á þeim sviðum sem styrkleiki og sérstaða þeirra fær sín best notið til lengri tíma, með hliðsjón af hagsmunum skipaiðnaðar og útgerðar og þróun í alþjóðasamkeppni.

Skýrslan er mjög yfirgripsmikil og eru þar saman komnar miklar upplýsingar um stöðu iðnaðarins. Skýrslan er á ensku en helstu atriði og tillögur hennar voru þýdd á íslensku og gefin út fjölrituð í maí á sl. ári. Í framhaldi af ofangreindri þingsályktun skipaði iðnaðarráð-

herra nefnd, þann 19. júlí 1989, og var nefndinni falið að fjalla um og fylgja eftir málefnum skipaiðnaðarins í framhaldi af skýrslu A.P. Appledore um „Athugun á íslenska skipasmíða- og skipaviðgerðaiðnaðinum með tilliti til stefnumörkunar". Nefndin skal vera til ráðgjafar og fylgjast með framkvæmd tillagna og ábendinga sem fram koma í skýrslunni. Nefndin hefur, frá því hún hóf störf, komið með ýmsar tillögur til hagsbóta fyrir skipaiðnaðinn. Iðnaðarráðherra lagði fram á Alþingi í desember sl. skýrslu um stöðu og horfur í íslenskum skipasmíðaiðnaði. Í þeirri skýrslu er greint frá stöðu skipaiðnaðarins og starfi og tillögum nefndarinnar.

5. Könnun á jarðvarma, jarðsjó og ferskvatni á Vesturlandi.

Þingsályktunartillaga Friðjóns Þórðarsonar um þetta efni var samþykkt á Alþingi 20. maí 1989 og hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hraða samræmdri könnun á jarðvarma, jarðsjó og fersku vatni á Vesturlandi í samvinnu við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila svo að sem fyrst liggi fyrir upplýsingar um forða af heitu og köldu vatni og jarðsjó er hagnýta megi, m.a. í þágu fiskeldis, til eflingar byggðar og búsetu á Vesturlandi."

Þingsályktunin var send til meðferðar Orkustofnunar með bréfi, dags. 14. júlí 1989, og var óskað eftir kostnaðaráætlun áður en könnunin hæfist.

Orkustofnun gerði kostnaðaráætlun eins og fram kemur í bréfi stofnunarinnar, dags. 21. ágúst 1989, en þar segir:

„Samkvæmt beiðni ráðuneytisins í ofangreindu bréfi hefur verið tekin saman kostnaðaráætlun fyrir þá könnun, sem í þingsályktuninni felst og ekki hefur þegar verið unnin innan ramma fiskeldisverkefna Orkustofnunar. Fylgir hún hér með og nemur alls 15 m.kr. Ekki er gert ráð fyrir þessum rannsóknum í þeim fjárlagatillögum sem stofnunin hefur áður sent ráðuneytinu og þarf því að koma til sérstök fjárveiting til þeirra.

Rétt er að taka skýrt fram að hluti þeirra rannsókna, sem þingsályktunin gerir ráð fyrir, hefur þegar verið framkvæmdur innan ramma fiskeldisverkefna stofnunarinnar á árunum 1988 og 1989. Einungis sá hlutinn, sem eftir er og hefur þýðingu út fyrir ramma fiskeldisverkefnanna, er tekinn með í ofangreindri 15 m.kr. kostnaðaráætlun."

Mál þetta er ekki komið lengra þar sem fjárveiting er enn ekki fyrir hendi.

6. Verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða.

Þingsályktunartillaga frá Hjörleifi Guttormssyni var samþykkt á Alþingi 24. apríl 1989 og hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa á vegum Náttúruverndarráðs, í samráði við yfirvöld orkumála, áætlun um vernd vatnsfalla og jarðhitasvæða, fossa og hvera. Drög að slíkri áætlun verði lögð fyrir Alþingi til kynningar fyrir árslok 1990 og áætlunin fullbúin til staðfestingar síðar."

Þingsályktun þessi var send til Orkustofnunar, 14. júlí 1989, til meðferðar í samvinnu við menntamálráðuneytið. Samkvæmt upplýsingum frá Orkustofnun er beðið eftir frumkvæði menntamálaráðuneytisins í þessu máli.

Orkustofnun benti á í umsögn um þingsályktunartillöguna að til væri samstarfsvettvangur, „Samstarfsnefnd iðnaðarráðuneytis, Náttúruverndarráðs og Orkustofnunar" (SINO), þar sem eðlilegast væri að vinna slíka áætlun.

LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI

1. Skóg- og trjárækt á Suðurnesjum.

Þingsályktun um könnun á möguleikum á skóg- og trjárækt á Suðurnesjum.

Samþykkt á Alþingi 11. apríl 1985. Flutningsmenn: Geir Gunnarsson, Salome Þorkelsdóttir, Karl Steinar Guðnason, Guðmundur Einarsson, Kristín Halldórsdóttir.

Framkvæmd tillögunnar:

Tillagan var send Skógrækt ríkisins í apríl 1985 og þess óskað að gerð yrði athugun í samræmi við það sem í ályktuninni fólst.

Í framhaldi af því var í nóvember 1985 gerð könnun á trjágróðri á Suðurnesjum og gefin út um hana sérstök skýrsla, skógræktarrit nr. 9. Skýrslan kom út í janúar 1987 og ber nafnið: „Skóg- og trjárækt á Suðurnesjum".

Í skýrslunni er komist að þeirri niðurstöðu að möguleikar til eiginlegrar skógræktar á Suðurnesjum séu litlir sem engir en æskilegt sé að leggja áherslu á trjárækt í þéttbýli og útivistarskógum. Mælt er með áframhaldandi umhverfisskógrækt á þrem svæðum, Selskógi við Grindavík, Háabjalla og Sólbrekkum ofan Voga og Vogastapa.

2. Varnir gegn fisksjúkdómum í fiskeldisstöðvum.

Þingsályktun um að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að fisksjúkdómarannsóknir og varnir gegn fisksjúkdómum í fiskeldisstöðvum og veiðivötnum verði efldar, m.a. með því að gera það mögulegt að ráðið verði hæft starfsfólk í þessu skyni.

Samþykkt á Alþingi 1985. Flutningsmenn: Vigfús B. Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Davíð Aðalsteinsson og Gunnar G. Schram.

Framkvæmd tillögunnar:

Embætti dýralæknis fisksjúkdóma var sett á stofn með lögum nr. 61/1985, sem breyttu dýralæknalögum nr. 77/1981. Einn til tveir dýralæknar hafa starfað við embættið síðan.

Veturinn 1985–1986 setti ráðuneytið upp nýja rannsóknastofu fyrir Rannsóknadeild fisksjúkdóma við tilraunastöðina að Keldum, en þar hefur dýralæknir fisksjúkdóma aðsetur. Áður störfuðu við deildina einn fisksjúkdómafræðingur og einn örverufræðingur (2). Nú starfa við deildina auk dýralæknis fisksjúkdóma einn fisksjúkdómafræðingur (forstöðumaður), einn dýralæknir/fisksjúkdómafræðingur, einn örverufræðingur, tveir líffræðingar, þrír meinatæknar, einn rannsóknarmaður og einn líffræðinemi í lokaverkefni (11).

Samþykkt var reglugerð um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum, nr. 403/1986, skv. lögum nr. 70/1970.

Sumarið 1986 og haustið 1986 voru haldin á vegum ráðuneytisins í samvinnu við Dýralæknafélag Íslands tvö námskeið fyrir héraðsdýralækna um fiskeldi og fisksjúkdóma, en héraðsdýralæknar gegna mikilvægu hlutverki í heilbrigðiseftirliti með fiskeldisstöðvum.

Um nánari upplýsingar vísast til ofangreindra laga og reglugerða.

3. Heimaöflun í landbúnaði.

Þingsályktun um að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að gera tillögur um hvernig koma megi við aukinni heimaöflun og hagkvæmni í landbúnaði.

Samþykkt á Alþingi 23. maí 1985. Flutningsmenn: Páll Pétursson, Björn Dagbjartsson og Steingrímur J. Sigfússon.

Nefndin virðist ekki hafa verið skipuð, en þess má geta að af hálfu landbúnaðarráðuneytisins hefur verið unnið að úrbótum í sambandi við þau þrjú atriði, sem upp eru talin í þingsályktunartilögunni.

1. Með lögum nr. 63, 29. maí 1989, um Hagþjónustu landbúnaðarins, sem starfrækt er á Hvanneyri, er bændum gefinn kostur á stóraukinni leiðbeiningarþjónustu í hagfræði, m.a. í sambandi við bókhald bænda og áætlanagerð.

2. og 3. Leiðbeiningarþjónustu er sinnt af ráðunautum Búnaðarfélags Íslands og sérfræðingum stofnana landbúnaðarins. Áhersla er lögð á leiðbeiningar í sambandi við nýtingu hlunninda, og hjá Búnaðarfélagi Íslands er starfandi einn hlunnindaráðunautur, sem sérstaklega leiðbeinir um nýtingu æðarvarps.

4. Innflutningur búfjár.

Þingsályktun um endurskoðun laga um innflutning búfjár.

Samþykkt á Alþingi 24. febrúar 1987. Flutningsmenn: Jón Kristjánsson og Davíð Aðalsteinsson.

Framkvæmd tillögunnar:

Landbúnaðarráðherra skipaði nefnd til að gera tillögur að lagabreytingu. Nefndin hefur skilað tillögum og nú hefur verið lagt fram frumvarp að lögum um innflutning búfjár.

5. Landgræðslu- og landverndaráætlun 1987–1991.

Samþykkt á Alþingi 5. mars 1987. Flutningsmaður: Jón Helgason.

Framkvæmd tillögunnar:

Stofnanir þær, sem hlut eiga að máli, þ.e. Landgræðsla ríkisins, Skógrækt ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins, vinna nú af fullum krafti að framkvæmd áætlunarinnar, eftir því sem framkvæmdafé leyfir. Jafnframt stendur yfir undirbúningur næstu áætlunar, sem tekur mið af eða byggir á framkvæmd fyrri áætlana. Miklar upplýsingar eru til í rituðu máli, og má t.d. benda á rit Landgræðslu ríkisins „Græðum landið" frá árinu 1988. Í því riti er skýrt frá framkvæmd áætlunarinnar og hlutdeild hverrar stofnunar fyrir sig í framkvæmdinni (bls. 165–189).

Einnig má benda á að viðhorf almennings og sveitarstjórna til landgræðslu og skógræktarmála hefur mjög breyst til batnaðar á undanförnum árum, m.a. eftir tilkomu landgræðsluáætlananna, og stuðningur áhugamanna aukist.

6. Tryggingasjóður loðdýraræktar.

Samþykkt á Alþingi 18. mars 1987. Flutningsmenn: Davíð Aðalsteinsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Stefán Guðmundsson og Jón Kristjánsson.

Framkvæmd tillögunnar:

Mál þetta var athugað á vegum landbúnaðarráðuneytisins, m.a. í samráði við búgreinafélagið. Ekki reyndist áhugi vera til staðar hjá búgreinafélaginu, e.t.v. vegna erfiðrar stöðu greinarinnar. Því hefur vinnan beinst að öðrum verkefnum í samvinnu við bændur, greininni til hagsbótar.

7. Innflutningur loðdýra til kynbóta.

Samþykkt á Alþingi 30. apríl 1988. Flutningsmenn: Elín R. Líndal og Valgerður Sverrisdóttir.

Framkvæmd tillögunnar:

Á Möðruvöllum í Hörgárdal hefur verið reist sóttvarnabú fyrir innflutt loðdýr. Að því stóðu sameiginlega: landbúnaðarráðuneytið, Samband íslenskra loðdýraræktenda og Búnaðarfélag Íslands. Umsjón með daglegum rekstri hefur Ræktunarfélag Norðurlands.

8. Nýting kartöflubirgða í landinu.

Samþykkt á Alþingi 21. mars 1988. Flutningsmenn: Guðni Ágústsson, Valgerður Sverrisdóttir, Eggert Haukdal, Árni Gunnarsson, Steingrímur J. Sigfússon og Egill Jónsson.

Landbúnaðarráðherra skipaði nefnd til að gera tillögur um nýtingu kartaflna. Nefndin hefur nú lokið störfum og skilað skýrslu. Nefndin vann störf sín í samráði við hagsmunaaðila og kallaði fjölda aðila á sinn fund.

9. Skógrækt á Fljótsdalshéraði.

Samþykkt á Alþingi 11. maí 1988. Flutningsmenn: Jón Kristjánsson, Hjörleifur Guttormsson og Egill Jónsson.

Í framhaldi af samþykkt þingsályktunarinnar hafa starfað nefnd og síðar verkefnisstjórn.

Aðalstöðvar Skógræktar ríkisins fluttust til Egilsstaða í ársbyrjun. Undirbúningur að átaki í ræktun nytjaskóga, ásamt hirðingu skóglendis sem fyrir er, hófst á síðasta ári eftir samþykkt þar um í ríkisstjórn.

Frumvarp til laga um Héraðsskóga er tilbúið í ráðuneytinu, ásamt famkvæmda- og fjárhagsáætlun og drögum að samningum við bændur á Fljótsdalshéraði um ræktun nytjaskóga.

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI

1. Endurreisn Viðeyjarstofu.

Alþingi samþykkti hinn 9. maí 1985 svofellda þingsályktunartillögu Jóns Baldvins Hannibalssonar, Friðriks Sophussonar, Geirs Gunnarssonar, Guðmundar Einarssonar, Gunnars G. Schram, Haralds Ólafssonar, Kjartans Jóhannssonar, Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur, Stefáns Benediktssonar og Svavars Gestssonar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um endurreisn Viðeyjarstofu og lendingarbætur á eynni í samráði við borgarstjórn Reykjavíkur. Áætlunin verði við það miðuð að verkinu verði að fullu lokið fyrir 18. ágúst 1986. Kostnaðaráætlun verksins verði lögð fram í tæka tíð fyrir afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1986."

Skömmu eftir að þingsályktunin var samþykkt var farið að vinna að framgangi þeirrar hugmyndar, að gjöf ríkisins til Reykjavíkurborgar á 200 ára afmæli borgarinnar 18. ágúst 1986 yrði eignarhluti ríkisins í Viðey ásamt mannvirkjum á eynni. Vorið 1986 var svo frumvarp til laga um afhendingu Viðeyjar í Kollafirði samþykkt sem lög frá Alþingi.

Með gjafaafsali sem undirritað var í Viðey 17. ágúst 1986 afhentu ríkisstjórn Íslands og biskup Íslands Reykjavíkurborg að gjöf til eignar og umráða Viðeyjarstofu og Viðeyjarkirkju ásamt því landi sem eignunum fylgir og hvers kyns mannvirkjum á því. Afhendingin var bundin því skilyrði, að borgin tæki að sér og kostaði verndun þeirra minja sem eru á eynni og afhentar voru. Skal sú verndun á hverjum tíma vera í samræmi við ákvæði þjóðminjalaga eftir því sem við á og fara fram í fullu samráði við þjóðminjavörð.

2. Aðgangur að náms- og kennslugögnum í öllum fræðsluumdæmum.

Alþingi samþykkti hinn 13. júní 1985 svofellda þingsályktunartillögu Guðrúnar Agnarsdóttur, Hjörleifs Guttormssonar, Eiðs Guðnasonar, Kristínar Halldórsdóttur, Kristófers Más Kristinssonar, Ólafs Þ. Þórðarsonar og Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta kanna, í samstarfi við samtök sveitarfélaga og fræðsluskrifstofur í öllum landshlutum, hvernig hagkvæmast sé að auðvelda skólum aðgang að námsgögnum, kennslutækjum og hjálpargögnum þannig að tryggt verði að allir nemendur, hvar sem þeir búa á landinu, geti hagnýtt sér fjölbreytt kennslugögn í námi."

Könnun sú sem ályktunin laut að fór fram haustið 1985. Niðurstöður voru ekki á einn veg. Sveitarstjórnir, sem þá stóðu að rekstri fræðsluskrifstofa á móti ríkinu, voru m.a. ekki tilbúnar til að taka þátt í kostnaði.

Menntamálaráðuneytið skipaði nefnd í málið í febrúar 1988. Nefndin skilaði áliti sínu í maí sama ár og mælti eindregið með því að kennslugagnamiðstöðvum yrði komið á fót við fræðsluskrifstofur enda þegar kominn vísir að slíkri þjónustu við flestar fræðsluskrifstofur. Farið var fram á fjárveitingu til þess í fjárlagatillögum fyrir árið 1989 og aftur fyrir árið 1990 en fé var ekki veitt.

Við breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga um áramótin færðist rekstur fræðsluskrifstofa alfarið yfir á ríkið. Það einfaldar málið. Sótt verður um fjárveitingar á árinu 1991 til að hrinda því í framkvæmd.

3. Skipulagning náms og vinnu í sölu- og markaðsmálum.

Hinn 22. apríl 1986 samþykkti Alþingi svofellda þingsályktunartillögu Árna Johnsen, Björns Dagbjartssonar, Valdimars Indriðasonar, Péturs Sigurðssonar, Salome Þorkelsdóttur, Eyjólfs Konráðs Jónssonar, Birgis Ísleifs Gunnarssonar, Þorvaldar Garðars Kristjánssonar, Halldórs Blöndal, Egils Jónssonar, Friðjóns Þórðarsonar, Gunnars G. Schram, Eggerts Haukdal, Pálma Jónssonar, Friðriks Sophussonar og Ólafs G. Einarssonar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því með samstarfi menntamálaráðuneytisins, viðskiptaráðuneytisins, utanríkisráðuneytisins og aðila vinnumarkaðarins að samræma og skipuleggja nám og starfsþjálfun á sviði sölu- og markaðsmála innan lands og utan, jafnhliða sérstökum aðgerðum til að afla þekkingar á mörkuðum. Markmiðið verði að koma á fót í skólakerfinu og viðskiptalífinu víðtæku námi í sölumennsku, markaðsöflun, kynningu, auglýsingatækni og samningagerð. Niðurstöður þessa starfs skulu lagðar fyrir Alþingi á næsta reglulegu þingi."

Á þeim tíma sem ályktunin var samþykkt var starfrækt, og er enn, námsbraut í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, markaðs- og sölufræðabraut, þar sem í boði er nám á því sviði sem þingsályktunin fjallaði um. Umtalsverður hópur nemenda stundar nám á þessari braut.

Menntun á sviði sölu- og markaðsmála er og veitt við ýmsa aðra skóla, bæði á framhaldsskólastigi og háskólastigi.

4. Ferðamálaskóli (kennsla í ferðamálum).

Alþingi samþykkti hinn 11. mars 1987 svofellda þingsályktunartillögu Gunnars G. Schram:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hraða undirbúningi að skipulegri kennslu í ferðamálum. Veitt verði menntun í þeim greinum sem tengjast alhliða ferðamannaþjónustu svo að ekki þurfi lengur að sækja grundvallarnám í þessari ört vaxandi atvinnugrein til annarra landa."

Á undanförnum árum hefur verið unnið að því á vegum menntamálaráðuneytisins að undirbúa kennslu í ferðamálum. Stærsta átakið hefur verið að vinna að því að koma upp góðri kennsluaðstöðu fyrir hótel- og matvælagreinar, en það er forsenda þess að góðri og skipulegri kennslu verði komið upp í ferðamálum í landinu, jafnframt því sem hún nýttist vel til þjónustu við matvælaiðnað landsins.

Unnið hefur verið að hönnun húsnæðis við Menntaskólann í Kópavogi þar sem fram á að fara verkleg og fagbókleg kennsla í greinum eins og matreiðslu, framreiðslu, brauð- og kökugerð, smurbrauðsgerð, kjötvinnslu og matvælaiðnaði, auk þess sem þar yrði nám til undirbúnings starfa við móttöku ferðamanna (t.d. á ferðaskrifstofum og hjá flugfélögum) og gestamóttöku og herbergjaumsjón á hótelum.

Lokið er við byggingarnefndarteikningar að þessu húsnæði og hafa þær verið samþykktar í menntamálráðuneytinu og af bæjarstjórn Kópavogs. Hér er um að ræða 5.232 fermetra húsnæði og auk þess stjórnunarrými að grunnfleti 625 fermetrar sem á að nýtast öllum Menntaskólanum en skólahaldið verður skipulagt sem ein heild.

Með byggingu húsnæðis fyrir hótel- og matvælakennslu skapast aðstaða til að efla menntun í ferðaþjónustu og matvælagreinum. Eftirspurn eftir námi á þessum námsbrautum hefur farið vaxandi, og er því brýnt að koma upp húsnæði sem fyrst. Framkvæmdir hafa hins vegar strandað á því að ekki hefur fengist fjármagn til að hefja byggingu. Þrátt fyrir það að frambúðarhúsnæði sé óbyggt er reynt að halda uppi kennslu sem tengd er ferðaþjónustu og skal drepið á tvo þætti:

1. Ferðaþjónustubrautir í framhaldsskólum.

Við Menntaskólann í Kópavogi er farin af stað kennsla á nýmálabraut sem miðar að því að búa nemendur undir störf í ferðaþjónustu. Námið á að veita staðgóða þekkingu í þremur tungumálum auk íslensku og áhersla er lögð á greinar tengdar ferðamálum. Námið fer fram á 3. og 4. námsári og lýkur með stúdentsprófi. Við Framhaldsskólann á Laugum í Suður-Þingeyjarsýslu fer af stað nám næsta haust á svonefndri ferðamálabraut. Til þessa náms er stofnað í samvinnu við hótel, gististaði og veitingahús á Norðurlandi eystra. Námið er sérhæft og með áherslu á tungumálanám og sérgreinar er tengjast ferðaþjónustu. Margir áfangar eru þó hinir sömu og í hefðbundnu framhaldsskólanámi. Stór hluti námsins er verklegur bæði á skólastað og auk þess starfsnám sumarlangt milli 4. og 5. annar. Mun skólinn hafa forgöngu um að útvega nemendum vinnu á sumarhótelum eða öðrum ferðaþjónustustöðum. Haustið 1990 verða nemendur teknir inn á 1. ár. Meðalnámstími er 6 annir.

2. Matreiðsla og framreiðsla.

Nám í þessum greinum fer nú fram við Hótel- og veitingaskóla Íslands, sem er í leiguhúsnæði á Suðurlandsbraut 2 í Reykjavík. Námsskrár í matreiðslu- og framreiðslugreinum eru nú í endurskoðun og fer endurskoðunin fram á vegum menntamálaráðuneytisins. M.a. verður kennslustundum í verklegum faggreinum fjölgað frá því sem nú er og kemur sú breyting til framkvæmda strax og aðstæður leyfa.

5. Dreifing sjónvarps og útvarps.

Alþingi samþykkti hinn 11. maí 1988 svofellda þingsályktunartillögu Stefáns Guðmundssonar, Páls Péturssonar, Valgerðar Sverrisdóttur, Jóns Kristjánssonar, Guðna Ágústssonar, Jóhanns Einvarðssonar, Guðmundar G. Þórarinssonar, Alexanders Stefánssonar og Ólafs Þ. Þórðarsonar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar gera kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um að útsendingar Ríkisútvarpsins, þ.e. hljóðvarps og sjónvarps, náist hvar sem er á landinu og á helstu fiskimiðum við landið.

Áætlunin miðist við að hægt verði að framkvæma þetta verkefni fyrir árslok 1991."

Í framhaldi af samþykkt þingsályktunarinnar fól menntamálaráðuneytið Ríkisútvarpinu í júlí 1988 að annast gerð áætlunar þeirrar sem um ræðir í ályktuninni. Ríkisútvarpið sendi menntamálaráðuneytinu áætlun af sinni hálfu í desember 1988. Á þeim tíma stóð yfir vinna sérstakrar nefndar um eflingu Ríkisútvarpsins og var hún spurð álits á áætluninni. Nefndin lagði til, að sérstakur starfshópur yrði skipaður til að fjalla nánar um áætlunina og í framhaldi af því óskaði ráðuneytið eftir tilnefningum fulltrúa í slíkan starfshóp frá samgönguráðuneyti, Póst- og símamálastofnun og Ríkisútvarpinu. Tilnefningar hafa borist og mun verða gengið frá skipun starfshópsins innan skamms.

6. Könnun á launavinnu framhaldsskólanema.

Hinn 11. maí 1988 samþykkti Alþingi svofellda þingsályktunartillögu Kristínar Halldórsdóttur, Ólafs Þ. Þórðarsonar, Guðrúnar Helgadóttur, Sturlu Böðvarssonar, Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur, Sighvats Björgvinssonar og Stefáns Valgeirssonar:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta kanna í náinni samvinnu við framhaldsskólana hvernig háttað sé vinnu framhaldsskólanema með námi. Kannaður verði vinnutími, kjör og réttindi, ástæður þess að nemendur taka að sér launuð störf með námi og hugsanlega áhrif vinnu á ástundun og námsárangur."

Haustið 1988 var samið við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um að annast könnun þá sem ályktunin fjallar um og hófst undirbúningur að verkinu í byrjun árs 1989. Var þá áætlað

að gera könnunina á vorönn 1989. Vegna verkfalls kennara í framhaldsskólum það vor varð að fresta framkvæmdum og í samráði við ráðuneytið var ákveðið að gera könnunina á vorönn 1990. Er nú verið að leggja spurningalista fyrir í skólum.

Fyrstu niðurstöður munu liggja fyrir eigi síðar en í júní og áætlað er að lokaskýrsla komi út í júlí nk.

7. Íþróttir, æskulýðs- og tómstundastarfsemi.

Alþingi samþykkti hinn 11. maí 1988 svofellda þingsályktunartillögu Finns Ingólfssonar, Páls Péturssonar, Valgerðar Sverrisdóttur, Stefáns Guðmundssonar og Guðna Ágústssonar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna áhrif og mikilvægi íþrótta, æskulýðs- og tómstundastarfsemi.

Leitað verði samstarfs við íþróttahreyfinguna um mótun íþróttastefnu til ársins 2000."

Menntamálaráðherra skipaði hinn 16. desember 1988 nefnd til að kanna áhrif og mikilvægi íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi. Jafnframt var nefndinni falið að gera tillögu um stefnumótun í þessum málaflokkum til ársins 2000 og loks að endurskoða lög um æskulýðsmál. Nefndin var skipuð fulltrúum tilnefndum af stærstu æskulýðs- og íþróttasamtökunum og stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, auk fulltrúa sem skipaðir eru af menntamálaráðuneytinu án tilnefningar. Alls eiga 8 fulltrúar sæti í nefndinni, en formaður hennar er Árni Guðmundsson, æskulýðsfulltrúi í Hafnarfirði. Nefndin gerir ráð fyrir að ljúka störfum í apríl 1990.

8. Könnun á stöðu handmenntakennslu í grunnskólum.

Alþingi samþykkti hinn 11. maí 1988 svofellda þingsályktunartillögu Guðrúnar Helgadóttur:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram könnun á áhrifum laga um grunnskóla, nr. 63/1974, á handmenntakennslu grunnskólabarna. Að lokinni könnuninni verði gerðar tillögur um fyrirkomulag handmenntakennslu í framtíðinni með tilliti til breyttra þjóðfélagshátta og reynslu síðustu ára.

Niðurstöður könnunarinnar og tillögur skuli lagðar fyrir sameinað þing."

Greinargerð frá menntamálaráðuneytinu um þetta efni var send Alþingi haustið 1988. Nokkru áður hafði ráðuneytinu borist beiðni frá Alþingi um skýrslu um stöðu list- og verkmenntagreina, heimilisfræða og íþróttakennslu í skólum landsins og um menntun kennara í þessum greinum. Þessi beiðni fól í sér hliðstæðar kannanir í öðrum greinum en handmenntum og var því ákveðið að sameina þessi mál. Hinn 13. apríl 1989 var skýrsla um stöðu list- og verkmenntagreina í heild send Alþingi.

9. Lög eða reglur um skoðanakannanir.

Hinn 11. maí 1988 samþykkti Alþingi svofellda þingsályktunartillögu Steingríms J. Sigfússonar, Halldórs Blöndal, Karls Steinars Guðnasonar, Valgerðar Sverrisdóttur, Óla Þ. Guðbjartssonar og Þórhildar Þorleifsdóttur:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er kanni hvort rétt sé að setja lög eða koma á reglum um skoðanakannanir.

Nefndin skal jafnframt kanna hvort fullnægjandi sé að koma á fót samstarfi þeirra sem fást við gerð skoðanakannana og tryggja að þeir setji sér starfs- og siðareglur sem eftir verði farið án þess að lagasetning komi til."

Í janúar 1990 leitaði menntamálaráðuneytið til eftirtalinna aðila um tilnefningu fulltrúa í nefnd til að annast það verkefni sem þingsályktunin fjallar um: Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, heimspekideildar Háskóla Íslands, Blaðamannafélags Íslands og Gallups á Íslandi. Að fengnum tilnefningum hefur nýlega verið gengið frá skipun nefndarinnar og er formaður hennar Ólafur Þ. Harðarson lektor.

10. Dagvistarmál fatlaðra barna.

Hinn 5. maí 1989 samþykkti Alþingi eftirfarandi þingsályktunartillögu Valgerðar Sverrisdóttur, Ragnhildar Helgadóttur, Kristínar Einarsdóttur, Ólafs Þ. Þórðarsonar, Karls Steinars Guðnasonar, Guðmundar Ágústssonar, Auðar Eiríksdóttur og Margrétar Frímannsdóttur:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera könnun á þörfum fatlaðra barna fyrir dagvistun og hvaða úrbóta sé þörf á því sviði.

Við þá athugun verði höfð hliðsjón af stefnumótun um forskólastig og fötluð börn fái sérhæfða þjálfun sem mest í tengslum við almennar deildir dagvistarstofnana."

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála vinnur nú að könnun á fyrirkomulagi þeirrar aðstoðar sem veitt er á dagvistarstofnunum í landinu. Einnig tekur könnunin til þeirra úrbóta sem starfsmenn stofnana áætla að séu fyrir hendi. Könnunin nær til allra dagvistarstofnana á landinu. Niðurstaðna er að vænta á þessu ári.

11. Íslenskt mál í sjónvarpi.

Alþingi samþykkti hinn 5. maí 1989 svofellda þingsályktunartillögu Júlíusar Sólnes, Óla Þ. Guðbjartssonar og Guðmundar H. Garðarssonar:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að leita eftir því við sjónvarpsstöðvarnar að þær flytji reglulega þætti um íslenskt mál og hafi um gerð þeirra samráð við Íslenska málnefnd og Fræðsluvarp."

Menntamálaráðuneytið sendi þingsályktunina til sjónvarpsstöðvanna beggja með sérstöku bréfi og enn fremur til verkefnisstjóra Málræktarátaks 1989 til umfjöllunar. Á vegum Málræktarátaks 1989 birtust í öllum fjölmiðlum stuttar almennar ábendingar í málfarsefnum, sem mæltust vel fyrir. Í tengslum við málræktarátakið beitti framkvæmdastjóri Fræðsluvarps sér fyrir sérstökum þætti um málrækt í sjónvarpi og enn fremur voru allmargir þættir um íslenskt mál gerðir á árinu 1989, sem ýmist voru fluttir í sjónvarpi eða hljóðvarpi.

12. Menningarsjóður félagsheimila.

Hinn 20. desember 1988 samþykkti Alþingi eftirfarandi þingsályktunartillögu Jóns Kristjánssonar og Guðmundar G. Þórarinssonar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða lagaákvæði um Menningarsjóð félagsheimila samhliða breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga með það að markmiði að sjóðurinn stuðli betur en nú er að aukinni menningarstarfsemi á landsbyggðinni."

Menntamálaráðherra skipaði hinn 31. júlí 1989 nefnd til að endurskoða lagaákvæði um Menningarsjóð félagsheimila í samræmi við ályktun Alþingis. Í nefndinni eru: Skúli Alexandersson alþingismaður, formaður, Jón Kristjánssona alþingismaður, Karvel Pálmason alþingismaður og Málmfríður Sigurðardóttir alþingismaður.

13. Tónmenntakennsla í grunnskólum.

Alþingi samþykkti hinn 5. maí 1989 svofellda þingsályktunartillögu Þórhildar Þorleifsdóttur, Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur, Árna Gunnarssonar, Jóns Helgasonar, Margrétar Frímannsdóttur og Salome Þorkelsdóttur:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd til að athuga og koma með tillögur að samvinnu og samþættingu tónmenntakennslu í grunnskólum og tónlistarskólum landsins, með það fyrir augum

- að efla og auka tónmenntakennslu í grunnskólum
- að koma á samvinnu milli grunnskóla og tónlistarskóla
- að athuga hvernig best verði staðið að menntun kennara á þessu sviði

- að það nám í tónlist, sem nemendur stunda utan lögboðins grunnskólanáms, geti í auknum mæli flust inn í húsnæði grunnskólanna
- að samnýta húsnæði og kennara til að draga úr kostnaði og gera tónlistarnám aðgengilegra fyrir nemendur.

Nefndin ljúki störfum fyrir árslok 1989."

Nefnd sú sem Alþingi fól menntamálaráðherra að skipa var sett á laggirnar í september 1989 og skilaði áfangaskýrslu í desember 1989. Nefndin er enn að störfum og verki hennar u.þ.b. að ljúka. Í framhaldi af lögum um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga fékk nefndin jafnframt það hlutverk að semja drög að reglugerð um starfshætti og verkefni samstarfsnefndar tónlistarfræðslunnar.

14. Umhverfisfræðsla.

Alþingi samþykkti hinn 20. desember 1988 svofellda þingsályktunartillögu Kristínar Halldórsdóttur, Danfríðar Skarphéðinsdóttur, Guðrúnar Agnarsdóttur, Guðrúnar J. Halldórsdóttur, Kristínar Einarsdóttur og Málmfríðar Sigurðardóttur:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að auka og samræma fræðslu um umhverfismál í skólum, m.a. í tengslum við endurskoðun á aðalnámsskrá grunnskóla og þróun námsefnis fyrir framhaldsskóla, svo og fyrir almenning í samvinnu við opinbera aðila, fjölmiðla og félagasamtök."

Í aðalnámsskrá grunnskóla sem tók gildi í apríl 1989 er lögð áhersla á umhverfismenntun. Það kemur fram í kafla um hlutverk og meginmarkmið grunnskóla (sjá t.d. Heilbrigði og ábyrg umgengni við líf og umhverfi, bls. 13), í sérstökum kafla, Umhverfismennt (bls. 178), og í mismiklum mæli í köflum um einstakar námsgreinar.

Ákveðið hefur verið að halda norræna ráðstefnu um umhverfisfræðslu hér á landi vorið 1991. Menntamálaráðherra hefur skipað þriggja manna nefnd til að hafa yfirumsjón með undirbúningi ráðstefnunnar. Nefndinni er jafnframt ætlað að samræma aðgerðir á sviði umhverfisfræðslu. Menntamálaráðherra skipaði formann án tilnefningar en hinir voru tilnefndir af heilbrigðisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti. Verksvið nefndarinnar er ekki bundið við skóla en þó mun megináherslan beinast að þeim fyrst um sinn.

Nýstofnuðu umhverfisráðuneyti hefur verið gerð grein fyrir stöðu málsins og það mun væntanlega taka þátt í verkefninu.

15. Verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða.

Alþingi samþykkti eftirfarandi þingsályktunartillögu Hjörleifs Guttormssonar hinn 24. apríl 1989:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa á vegum Náttúruverndarráðs í samráði við yfirvöld orkumála áætlun um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, fossa og hvera. Drög að slíkri áætlun verði lögð fyrir Alþingi til kynningar fyrir árslok 1990 og áætlunin fullbúin til staðfestingar síðar."

Ályktuninni hefur af hálfu menntamálaráðuneytisins verið beint til Náttúruverndarráðs. Mun ráðið hlutast til um að málefni það sem ályktunin lýtur að verði tekið til meðferðar í samstarfsnefnd iðnaðarráðuneytisins og Náttúruverndarráðs um orkumál.

SAMGÖNGURÁÐUNEYTI

1. Skipulag almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Alþingi samþykkti hinn 9. maí 1985 svofellda þingsályktunartillögu Salome Þorkelsdóttur, Haralds Ólafssonar, Svavars Gestssonar, Kjartans Jóhannssonar, Guðmundar Einarssonar og Kristínar Halldórsdóttur:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra í samráði við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að láta fara fram könnun á hagkvæmni þess að samræma rekstur almenningsfarartækja á höfuðborgarsvæðinu.

Könnuð verði almenn og þjóðhagsleg hagkvæmni slíks sameiginlegs samgöngukerfis og gerð langtímaáætlun um almenningssamgöngur á svæðinu.

Kostnaður við slíka athugun og áætlunargerð greiðist úr ríkissjóði."

Í samræmi við ályktun Alþingis skipaði samgönguráðuneytið hinn 17. desember 1985 þriggja manna nefnd til að vinna að þeirri könnun, sem þar var tilgreind. Í nefndinni voru: Sveinn Björnsson forstjóri, formaður, Gestur Ólafsson framkvæmdastjóri og Halldór Jónsson verkfræðingur.

Nefndin skilaði skýrslu haustið 1986 og leit ráðuneytið svo á að skýrslan svaraði að flestu leyti til þeirrar könnunar, sem nefndinni var falið að gera samkvæmt þingsályktuninni, enda þótt nefndin kysi að kalla hana áfangaskýrslu. Taldi ráðuneytið að það væri verkefni viðkomandi sveitarfélaga að fást við næsta áfanga.

2. Þingsályktanir um vegáætlun fyrir árin frá 1985 til 1992.

Samkvæmt 10. gr. vegalaga nr. 6/1977 skal samgönguráðherra á tveggja ára fresti leggja fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um vegáætlun til fjögurra ára í senn. Starfsemi Vegagerðar ríkisins fer síðan eftir þeirri vegáætlun sem Alþingi samþykkir.

3. Könnun á nýrri legu Vesturlandsvegar.

Hinn 20. júní 1985 samþykkti Alþingi svofellda þingsályktunartillögu Matthíasar Á. Mathiesen og Péturs Sigurðssonar:

„Alþingi ályktar að ríkisstjórnin láti fram fara athugun á því hvort hagkvæm sé vega- og brúargerð úr Geldinganesi yfir Leiruvog og Kollafjörð í Kjalarnes og verði sérstaklega kannað hvort skapa megi í sambandi við slíka vega- og brúargerð ákjósanlega aðstöðu til hafbeitar fyrir lax í Kollafirði og Leiruvogi."

Samgönguráðherra skipaði hinn 5. september 1985 þriggja manna nefnd til að fjalla um efni þingsályktunarinnar. Í nefndinni voru: Ágúst Valfells, formaður, Ingimar Jóhannsson og Jón Rögnvaldsson. Nefndin skilaði áliti í skýrsluformi í desember 1986.

4. Úrbætur í ferðaþjónustu.

Alþingi samþykkti hinn 22. apríl 1986 eftirfarandi þingsályktunartillögu Kristínar Halldórsdóttur, Guðrúnar Agnarsdóttur, Guðrúnar J. Halldórsdóttur, Helga Seljan, Karvels Pálmasonar, Kolbrúnar Jónsdóttur og Kristínar S. Kvaran:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta gera úttekt á aðstöðu til ferðaþjónustu á helstu ferðamannastöðum í einstökum landshlutum. úttektin skal m.a. ná til gistiaðstöðu, veitingaþjónustu, samgangna, leiðsögu og leiðamerkinga, eftirlits, aðgangs að áhugaverðum stöðum, upplýsingaþjónustu og hreinlætisaðstöðu. Á grundvelli slíkrar úttektar skal gerð áætlun um úrbætur.

Verk þetta skal unnið í samráði við ferðamálasamtök landshlutanna."

Strax og þessi þingsályktun lá fyrir hófst ráðuneytið handa við verkefnið með því að hafa samband við ferðamálasamtök landshlutanna og afla gagna frá þeim. Var að öðru leyti unnið að skýrslugerð á vegum ráðuneytisins og lá fyrir viðamikil skýrsla í mars 1987, „Úttekt á íslenskum ferðamálum".

5. Framkvæmdir á Egilsstaðaflugvelli.

Alþingi samþykkti hinn 11. mars 1987 svofellda þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar:

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að láta nú þegar hefja undirbúning og forvinnu vegna nýrrar flugbrautar á Egilsstaðaflugvelli. Skal við verk þetta farið eftir tillögum flugmálanefndar. Stefnt skal að því að framkvæmdir hefjist á árinu 1987.

Ríkisstjórninni er heimilt í þessum tilgangi að taka lán allt að 60.000 þús. kr."

Í framhaldi af samþykkt tillögunnar ritaði samgönguráðuneytið flugmálastjóra svohljóðandi bréf hinn 21. apríl 1987:

„Jafnframt því að senda yður, hr. flugmálastjóri, hjálagða þingsályktun um framkvæmdir á Egilsstaðaflugvelli, sem samþykkt var á Alþingi hinn 11. f.m., felur ráðuneytið yður hér með að hefja nú þegar undirbúning og forvinnu, þar á meðal samningsgerð við landeigendur, vegna nýrrar flugbrautar á Egilsstöðum. Óskast ráðstafanir yðar við það miðaðar að framkvæmdir geti hafist á allra næstu vikum.

Seðlabanki Íslands hefur að tilhlutan ráðuneytisins tekið að sér útvegun allt að 50 millj. kr. á þessu ári til fjármögnunar ofangreindrar tillögu, en endanlega verður gengið frá þessum þætti málsins við afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árið 1988."

Hefur síðan verið unnið að þessum framkvæmdum.

6. Athugun á flugfargjöldum íslenskra flugfélaga.

Alþingi samþykkti hinn 11. maí 1988 svofellda þingsályktunartillögu Hjörleifs Guttormssonar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á flugfargjöldum hjá íslenskum flugfélögum með sérstöku tilliti til hárra fargjalda í innanlandsflugi. Jafnframt verði gerður samanburður á fargjöldum á flugleiðum innan lands og til útlanda, svo og milli Evrópu og Norður-Ameríku með viðkomu í Keflavík.

Greinargerð um þetta efni verði lögð fyrir Alþingi ekki síðar en haustið 1988."

Samgönguráðuneytið sendi þingsályktunina til flugmálastjóra með bréfi, dags. 26. júlí 1988, og ósk um að embætti hans skilaði til ráðuneytisins greinargerð um þá athugun á flugfargjöldum sem í þingsályktuninni fólst. Þeirri greinargerð skilaði flugmálastjóri til ráðuneytisins með bréfi dags. 13. febrúar 1989. Hefur síðan m.a. verið fjallað um hana í flugráði og flugeftirlitsnefnd.

7. Flugmálaáætlun 1988 til 1991.

Samkvæmt I. kafla laga nr. 31/1987 skal samgönguráðherra á tveggja ára fresti leggja fram tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára áætlun um framkvæmdir í flugmálum. Framkvæmdum er síðan hagað í samræmi við þá áætlun sem Alþingi hefur samþykkt.

8. Lagning vegar með suðurströnd Reykjanesskaga.

Hinn 2. maí 1988 samþykkti Alþingi eftirfarandi þingsályktunartillögu Níelsar Árna Lund og Guðna Ágústssonar:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta gera kostnaðaráætlun um gerð vegar um suðurströnd Reykjanesskaga milli Þrengslavegar við Þorlákshöfn og Grindavíkurvegar.

Niðurstöður þeirrar athugunar skulu liggja fyrir við endurskoðun vegáætlunar á næsta Alþingi."

Samgönguráðuneytið fól vegamálastjóra að láta gera kostnaðaráætlun um þessa vegagerð í júní 1988. Áætlunin hefur verið samin. Annars vegar var áætlun kostnaðar miðuð við endurbyggingu vegar með malarslitlagi, 350 milljónir króna, en hins vegar miðað við bundið slitlag, 440 milljónir króna. Hvorar tveggja tölurnar eru á verðlagi ársins 1989.

9. Lýsing á Suðurlandsvegi um Hellisheiði.

Alþingi samþykkti hinn 29. febrúar 1988 eftirfarandi þingsályktunartillögu Eggerts Haukdal, Guðna Ágústssonar, Margrétar Frímannsdóttur, Guðmundar H. Garðarssonar, Unnar Stefánsdóttur, Maríu E. Ingvadóttur og Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera könnun á kostnaði við að lýsa upp Suðurlandsveg frá Reykjavík um Hellisheiði að Hveragerði. Jafnframt verði leitað leiða til framkvæmda við verkið."

Áður en ályktun Alþingis var gerð, eða í janúar 1988, hafði Vegagerð ríkisins gert áætlun um þetta efni og sent þeirri nefnd Alþingis sem fjallaði um þingsályktunartillöguna.

10. Mótun opinberrar ferðamálastefnu.

Alþingi samþykkti hinn 29. febrúar 1988 eftirfarandi þingsályktunartillögu Unnar Stefánsdóttur, Jóns Kristjánssonar, Guðna Ágústssonar, Kristínar Halldórsdóttur, Inga Björns Albertssonar, Salome Þorkelsdóttur og Steingríms J. Sigfússonar:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að vinna að mótun opinberrar ferðamálastefnu. Í því skyni verði hraðað störfum nefndar sem skipuð var í júní 1987 til þess að undirbúa slíka stefnumörkun."

Samgönguráðherra hafði skipað nefnd í júní 1987 til þess að vinna að tillögum um ferðamálastefnu o.fl. Starfi hennar miðaði lítt áfram og í framhaldi af þessari þingsályktun skipaði samgönguráðherra nýja nefnd með nýju erindisbréfi í júní 1989 undir formennsku Hjörleifs Guttormssonar alþingismanns. Samdi nefndin m.a. tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu sem samgönguráðherra hefur lagt fram á Alþingi. Í framhaldi af því mun nefndin endurskoða gildandi lög um ferðamál.

11. Notkun síma í bifreiðum.

Alþingi samþykkti hinn 11. maí 1988 svofellda þingsályktunartillögu Guðrúnar Helgadóttur, Margrétar Frímannsdóttur, Steingríms J. Sigfússonar, Guðrúnar Agnarsdóttur og Málmfríðar Sigurðardóttur:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því að settar verði almennar reglur um notkun farsíma í ökutækjum hér á landi og þær kynntar ökumönnum og við ökukennslu."

Þingsályktunin var send póst- og símamálastjóra til umsagnar. Fól umsögn hans í sér almennar ábendingar um notkun farsíma, með umferðaröryggi í huga.

12. *Lega Vesturlandsvegar um Hvalfjörð.*

Hinn 11. maí 1988 samþykkti Alþingi eftirfarandi þingsályktunartillögu Eiðs Guðnasonar, Alexanders Stefánssonar, Friðjóns Þórðarsonar, Skúla Alexanderssonar, Inga Björns Albertssonar og Danfríðar Skarphéðinsdóttur:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna hvort hagkvæmt sé að gera göng undir Hvalfjörð eða brú í fjarðarmynni."

Í vegáætlun 1988 var fjárveiting til þessa verkefnis, 2 milljónir króna, notuð til þess að hefja rannsóknir á svæðinu. Hefur síðan verið unnið samfellt að þessu máli, m.a. í nefnd sem samgönguráðherra skipaði í ágúst 1989. Á grundvelli álits hennar hefur samgönguráðherra nú lagt fram frumvarp til laga um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð.

13. Neyðarsímar.

Alþingi samþykkti hinn 9. maí 1988 svofellda þingsályktunartillögu Inga Björns Albertssonar, Árna Gunnarssonar, Danfríðar Skarphéðinsdóttur, Guðmundar H. Garðarssonar, Ólafs Þ. Þórðarsonar, Stefáns Valgeirssonar og Steingríms J. Sigfússonar um neyðarsíma:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta kanna með hvaða hætti unnt sé að koma fyrir neyðarsímum á torförnum fjallvegum og heiðum til öryggis fyrir vegfarendur og gera áætlun um kostnað."

Samgönguráðuneytið sendi þingsályktunina til umsagnar póst- og símamálastjóra. Í svari hans kom fram að Póst- og símamálastofnunin hafði viðað að sér upplýsingum um hvernig aðrar þjóðir leystu þetta vandamál, en það er almennt með því að setja upp svokallaða neyðarfarsímastaura. Lauslega áætlaður kostnaður við hvern staur er um 250 þúsund krónur, miðað við að símanum sé komið fyrir í vatnsheldum umbúðum með rafgeymi. Sé slíkum staurum komið upp með 2,5 km millibili er auðvelt að sjá að stofnkostnaður verður hár. Sé einungis miðað við heiðar á þjóðvegum landsins er áætlað að um 400 farsímastaura þyrfti til að þjóna þeim svæðum. Stofnkostnaður yrði þá ekki undir 100 milljónum króna auk þess sem árlegur viðhaldskostnaður yrði hár.

SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTI

1. Rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnsævi.

Alþingi samþykkti 24. febrúar 1987 að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir að fram færu skipulegar rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnslóð og kortlagning slíkra veiða til að auðvelda veiðar. Flutningsmenn tillögunar voru Hjörleifur Guttormsson, Garðar Sigurðsson, Geir Gunnarsson, Guðmundur J. Guðmundsson, Helgi Seljan, Ragnar Arnalds, Skúli Alexandersson og Steingrímur J. Sigfússon.

Í samræmi við þingsályktunina fól sjávarútvegsráðuneytið Hafrannsóknastofnun 3. mars 1987 að gera fimm ára áætlun um skipulagðar rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnslóð og kortlagningu slíkra miða ásamt kostnaðaráætlun þar um. Í þingsályktunartillögunni var tekið fram að áætlunin skyldi fjármögnuð sérstaklega. Í fjárlagatillögum stofnunarinnar og ráðuneytisins fyrir árið 1988 var, í samræmi við þingsályktunartillöguna, óskað eftir nýrri stöðuheimild fyrir náttúrufræðing til rannsókna á vannýttum hryggleysingjum. Fjármálaráðuneytið féllst ekki á beiðni þessa. Var málið þá tekið upp við fjárveitinganefnd á haustmánuðum 1987 en fékk ekki úrlausn. Sérstök fjármögnun til þessa verkefnis hefur því ekki fengist. Þrátt fyrir það hefur Hafrannsóknastofnun reynt að stunda hluta þessara rannsókna eftir því sem þröng fjárráð hafa leyft. Hér á eftir fer lýsing á stöðu verkefnisins í dag.

Trjónukrabbi hefur verið rannsakaður í öllum fjörðum og flóum frá SV-landi norður um land til SA-lands. Tilraunaveiðarnar hafa gefið mjög góða raun á tilteknum svæðum, t.d. í Faxaflóa og á Breiðafirði. Markaðsmál hafa hins vegar gengið erfiðlega.

Stofnstærð kúfskeljar hefur verið mæld nokkuð gaumgæfilega, en aðeins á tilteknum svæðum við landið. Enda þótt veiðimöguleikar séu mjög góðir, hefur hingað til ekki tekist nógu vel til með markaðssetningu hinna ýmsu afurða.

Veiðimöguleikar á beitukóng hafa verið athugaðir allvíða og virðast þeir töluverðir. Verð á þeim mörkuðum sem vitað er um er þó lágt.

Hægt er að veiða ígulker í nægjanlegu magni og virðast markaðir vera fyrir hendi. Rannsóknir hafa þó takmarkast við tiltekin svæði, auk þess sem kannað hefur verið sérstaklega á hvaða árstíma hrognanýting er best. Þetta verkefni hefur fengið styrk úr Rannsóknasjóði enda er það unnið í nánum tengslum við tvö fyrirtæki í einkaeign sem annast vinnslu og markaðssetningu.

Enda þótt vitað sé um markað fyrir sandskel og hjartaskel hafa þessar tegundir ekki verið rannsakaðar, m.a. vegna skorts á veiðarfærum. Sama má segja um báruskel, ígulker, krókskel og smyrsling, sem hins vegar eru lítt þekktar í viðskiptum.

Öðuskel (aða) virðist geta orðið vænlegur kostur í útflutningi, a.m.k. í smáum stíl. Síðan 1987 hefur þó ekki verið hægt að sinna athugunum á öðu. Samkvæmt fyrri reynslu virðast veiðimöguleikar ekki vera Þrándur í götu.

Veiðitilraunir í gaddakrabba — að vísu umfangslitlar — hafa ekki gefið marktækan afla. Hér er hins vegar um mjög álitlega markaðsvöru að ræða.

Öðrum ónytjuðum tegundum sem lýst var í meðfylgjandi rannsóknaáætlun hefur einfaldlega ekki verið hægt að sinna, m.a. vegna tækjaskorts og/eða þær hafa síður þótt vænlegar til árangurs.

Hafrannsóknastofnun telur æskilegt að fylgja eftir þeim árangri sem náðst hefur í veiðum á trjónukrabba, kúfskel, beitukóngi og ígulkerum auk þess sem hefja ætti frekari athuganir á öðuskel. Í þessum tilvikum getur stofnunin leiðbeint um mörg hagkvæm veiðisvæði. Ef markaðssetning ofangreindra tegunda reynist jákvæð á komandi árum, verður nauðsynlegt að kanna víðtækari svæði en hingað til hefur verið mögulegt.

2. Haf- og fiskirannsóknir.

Þingsályktun um haf- og fiskirannsóknir var samþykkt á 110. löggjafarþingi hinn 11. maí 1988. Flutningsmenn tillögunnar voru Hjörleifur Guttormsson, Kristín Einarsdóttir, Kjartan Jóhannsson, Guðmundur H. Garðarsson, Hreggviður Jónsson og Stefán Guðmundsson.

Í þingsályktuninni var ríkisstjórninni falið að efla starfsemi Hafrannsóknastofnunar á grundvelli áætlunar stofnunarinnar um haf- og fiskirannsóknir árin 1988–1992. Í þingsályktuninni kemur einnig fram að miðað skuli við það að stofnuninni sé mögulegt að auka rannsóknir á vistkerfi íslenska hafsvæðisins og eldi sjávarlífvera. Meginniðurstaða þeirrar áætlunar, um haf- og fiskirannsóknir á tímabilinu 1988–1992, sem vitnað er til í þingsályktuninni, er sú að auka þurfi fjárveitingu til haf- og fiskirannsókna um a.m.k. 50% frá því sem var í upphafi tímabilsins. Að því er varðar þau tvö rannsóknasvið sem nefnd eru í þingsályktuninni skal tekið fram að í nóvember 1988 var tilraunastöð að Stað í Grindavík tekin í notkun og alls starfa nú sex manns við eldi sjávardýra á vegum Hafrannsóknastofnunar. Í áætlun um haf- og fiskirannsóknir var gert ráð fyrir að átta manns störfuðu við þetta rannsóknasvið árið 1992 þannig að óhætt er að fullyrða að framkvæmd þingsályktunarinnar hafi tekist vel að því er varðar þennan þátt rannsóknastarfseminnar. Öðru máli gegnir um hitt rannsóknasviðið, þ.e. rannsóknir á vistkerfi íslenska hafsvæðisins. Í framangreindri áætlun var gert ráð fyrir því að starfsmönnum við sjó- og vistfræðirannsóknir mundi fjölga úr 16 í 23 við lok tímabilsins. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir í fjárlagatillögum Hafrannsóknastofnunar og ráðuneytis um fleiri stöðugildi til að sinna þessum rannsóknum hefur hvorki fjármálaráðuneyti né fjárveitinganefnd fallist á að veita fé til þess. Reyndin er sú að ekki hefur fengist samþykki fyrir nýrri stöðu á þessu rannsóknasviði þannig að þingsályktunin hefur ekki komið til framkvæmda að þessu leyti.

Eins og áður sagði er gert ráð fyrir því í áætlun Hafrannsóknastofnunar um haf- og fiskirannsóknir 1988–1992 að nauðsynlegt sé að fjárframlög til stofnunarinnar aukist um 50% á þessu tímabili ef hún á að verða þess umkomin að gegna hlutverki sínu. Þegar þetta tímabil er hálfnað virðist sem framlög á fjárlögum til haf- og fiskirannsókna hafi aukist um 10% þannig að á næstu tveimur árum þyrfti að auka framlög um 17% á ári til að þessu markmiði áætlunarinnar verði náð árið 1992.

Rétt er að geta þess að á árinu 1990 hafa farið fram gagngerar endurbætur á tveimur rannsóknaskipum stofnunarinnar. Fjárframlög til þessa framkvæmda eru ekki talin með þegar gerð er grein fyrir fjárframlögum til rannsóknastarfseminnar sem slíkrar hér að framan.

3. Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðar.

Þingsályktun um endurskoðun laga um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins var samþykkt á Alþingi 20. maí 1989. Flutningsmenn tillögunnar voru Árni Gunnarsson, Matthías Bjarnason, Guðni Ágústsson, Alexander Stefánsson, Geir Gunnarsson, Kristinn Pétursson og Kolbrún Jónsdóttir. Þingsályktunin var svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að endurskoða lög um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Skulu nefndarmenn skipaðir samkvæmt tilnefningu þingflokka og hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Formaður skal skipaður án tilnefningar."

Sjávarútvegsráðherra skipaði 20. nóvember 1989 nefnd til að endurskoða lög um sjóðinn. Áttu eftirtaldir menn sæti í nefndinni: Þórður Friðjónsson, formaður nefndarinnar, Árni Benediktsson, Benedikt Valsson, Friðrik Pálsson, Geir Gunnarsson, Hreggviður Jónsson, Ísólfur Sigurðsson, Jón Kristjánsson, Karl Steinar Guðnason, Kristján Ragnarsson, Lárus Jónsson, Matthías Bjarnason, Ólafur Ísleifsson, Óskar Vigfússon, Sigurður Haraldsson og Þórunn Friðriksdóttir. Með nefndinni vann dr. Ásgeir Daníelsson, hagfræðingur á Þjóðhagsstofnun.

Nefndin lauk störfum 3. apríl 1989 og fylgdi niðurstöðu nefndarinnar handrit að frumvarpi til laga um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Sjávarútvegsráðherra hefur lagt frumvarpið fram á Alþingi og mælti fyrir því 10. apríl sl. Um tillögur nefndarinnar vísast til greinargerðar með frumvarpi og fylgiskjala.

VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

1. Fjárfestingar erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum hér á landi.

Alþingi samþykkti hinn 9. maí 1985 eftirfarandi þingsályktunartillögu Björns Líndal:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða gildandi lagaákvæði um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum hér á landi."

Forsætisráðherra og viðskiptaráðherra fólu lögfræðingunum Birni Líndal og Hreini Loftssyni að vinna að málinu. Á grundvelli starfs þeirra var lögð fram á 109. löggjafarþingi 1986–87 skýrsla viðskiptaráðherra um erlenda fjárfestingu og íslenskt atvinnulíf (þskj. 790) þar sem vikið var að gildandi lagaákvæðum hér á landi, stöðu fjárfestingarmála erlendis, gildi erlendrar fjárfestingar hér, einkum í samanburði við erlendar lántökur, auk niðurstaðna og tillagna til breytinga á lagaákvæðum. Hinn 4. september 1987 skipaði forsætisráðherra síðan nefnd, sem Baldur Guðlaugsson hæstaréttarlögmaður var formaður fyrir, og samdi hún frumvarp til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi sem lagt var fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88 en það varð eigi útrætt.

2. Nýting ríkissjóðs á hluta af Seðlabankabyggingu fyrir Stjórnarráð Íslands.

Alþingi samþykkti hinn 20. júní 1985 svofellda þingsályktunartillögu Jóns Baldvins Hannibalssonar og Jóhönnu Sigurðardóttur:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar viðræður við Seðlabanka Íslands með það að markmiði að verulegur hluti af nýbyggingu Seðlabanka Íslands við Ingólfsstræti verði nýttur í þágu Stjórnarráðs Íslands."

Svo virðist sem ályktunin hafi aldrei borist viðskiptaráðuneytinu frá Alþingi til afgreiðslu og þar af leiðandi hefur þetta ráðuneyti ekki gert neinar ráðstafanir í sambandi við fyrirspurnina. Húsnæðismál Stjórnarráðs Íslands heyra og ekki undir ráðuneytið. Taka má fram að upphaflega var ekki gert ráð fyrir því að Þjóðhagsstofnun, sem hefur eina hæð til umráða í Seðlabankabyggingunni, yrði þar til húsa.

3. Aðild Spánar og Portúgals að Evrópubandalaginu.

Alþingi samþykkti hinn 27. febrúar 1986 svofellda þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar:

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd viðbótarbókun við samninginn milli lýðveldisins Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu vegna aðildar konungsríkisins Spánar og lýðveldisins Portúgals að bandalaginu og viðbótarbókun við samninginn milli lýðveldisins Íslands og aðildarríkja Kola- og stálbandalags Evrópu vegna aðildar konungsríkisins Spánar og lýðveldisins Portúgals að bandalaginu.“

Viðskiptaráðuneytið bar ábyrgð á því fyrir Íslands hönd að undirbúa gerð tveggja viðbótarbókana vegna aðildar Spánar og Portúgals að Efnahagsbandalagi Evrópu og Kola- og stálbandalagi Evrópu en utanríkisráðuneytið sá um fullgildingu bókananna á grundvelli þingsályktunarinnar, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda, nr. 16–17/1986.

4. Hert eftirlit með verðlagi, innkaupsverði og álagningu.

Alþingi samþykkti hinn 22. apríl 1986 eftirfarandi þingsályktunartillögu Guðrúnar Tryggvadóttur:

„Alþingi ályktar að þeim ráðstöfunum, sem ríkisstjórnin hefur gert í kjölfar nýgerðra kjarasamninga til að herða eftirlit með verðlagi og álagningu, verði lögð áhersla á að fylgjast með innkaupsverði vöru erlendis.“

Í tengslum við kjarasamninga, sem gerðir voru í febrúar 1986, voru lækkuð aðflutningsgjöld á bifreiðum, heimilistækjum og fleiri vörum.

Verðlagsstofnun jók mjög verðgæslu og eftirlit vegna samninganna og þeirra efnahagsaðgerða sem þeim tengdust. Var aukin áhersla lögð á að fylgjast með fyrrnefndum vöruflokkum, m.a. með eftirtöldum hætti:

- Gerðar voru auknar kröfur til innflytjenda um skil á innflutningsgögnum og skýringa var leitað ef verðbreytingar urðu með öðrum hætti en vænta mátti.
- Gerður var samanburður á verðlagi í Reykjavík og Glasgow á algengum mat- og hreinlætisvörum sem beindist m.a. að innkaupsverði til Íslands.
- Gerð var verðkönnun síðla árs 1986 á heimilistækjum og bifreiðum í Reykjavík og Björgvin í Noregi þar sem m.a. var kannað innkaupsverð til Íslands og Noregs.
- Birt var athugun á verðbreytingum á fólksbifreiðum frá því fyrir tollalækkun til loka ársins 1986 ásamt skýringum.
- Fylgst var reglubundið með þróun innflutningsverðs og verðmyndunar á úrtaki af mat- og hreinlætisvörum frá helstu innflytjendum.

Auk þess sem að framan greinir voru birtar vikulegar verðkannanir og auglýsingar á fyrri hluta ársins 1986 jafnramt því sem mikil upplýsingamiðlun var til verkalýðs- og neytendafélaga.

5. Gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin.

Hinn 22. apríl 1986 samþykkti Alþingi svofellda þingsályktunartillögu Gunnars G. Schram:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hraða svo sem föng eru könnun á gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin með hliðsjón af því hver yrði viðskiptalegur hagnaður af slíkum samningi fyrir íslenska atvinnuvegi og útflutningsstarfsemi.“

Í umræðum um tillögu til þingsályktunar um gerð fríverslunarsamningsins hinn 13. mars 1986 komu fram í máli viðskiptaráðherra tölur um hugsanlegt tollahagræði vegna fríverslunarsamnings. Gert var ráð fyrir því að tollalækkun Bandaríkjamanna á Íslandi yrði um 20 millj. króna miðað við árið 1984 eða margfalt minni en talað var um í þingsályktunartillögunni

(talan miðuð við vörusvið Evrópufríverslunar en tillagan allar vörur). Hins vegar var gert ráð fyrir því samkvæmt úttekt landsnefndar Alþjóðaverslunarráðsins að tollar á íslenskum útflutningi til Bandaríkjanna yrðu um 130 millj. króna eða 2% af útflutningsverðmæti vöru héðan að hámarki.

Fylgst var með þróun í fríverslunarmálum Bandaríkjanna við önnur ríki fyrir milligöngu sendiráðs Íslands í Washington. Haustið 1986 áttu ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytisins og sendiherra Íslands í Washington viðræður við yfirmann þeirrar stjórnarskrifstofu í Bandaríkjunum er fjallar um fríverslunarsamninga Bandaríkjanna. Greindi hann frá því að þeim löndum, sem sýnt hefðu áhuga á gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin, hefði verið gefið það svar að ekki væri hægt að ræða málið á árinu 1986 né á árinu 1987. Mun það hafa verið vegna þess að Bandaríkjamenn lögðu aðaláherslu á marghliða viðskiptaviðræður á vettvangi GATT sem þá voru að hefjast en auk þess voru þeir þá í viðræðum við Kanadamenn um fríverslunarsamning landanna sem hafist höfðu talsvert áður. Fulltrúum Íslands var tjáð að fyrsta skrefið til gerðar fríverslunarsamninga við Bandaríkin væri að leggja fram skýrslur um viðskipti viðkomandi landa við Bandaríkin. Bandarísk stjórnvöld mundu síðan athuga þær skýrslur vandlega áður en málið yrði lagt fyrir þingið en samþykkt þess væri nauðsynleg áður en unnt væri að hefja formlegar samningaviðræður. Þyrfti þingið að fá staðfest að gerð fríverslunarsamnings hefði í för með sér veruleg viðskiptafríðindi fyrir Bandaríkin. Slíkir samningar þyrftu að ná til allra vörutegunda og þjónustu og frumkvæði að gerð þeirra yrði að koma frá öðrum löndum.

Af hálfu Íslands var bent á að 24. gr. GATT um fríverslunarsamninga næði aðeins til verndartolla af samkeppnisvörum þannig að heimilt ætti að vera að innheimta áfram fjáröflunartolla af öðrum vörum og einnig væri á þeim grundvelli unnt að undanskilja ákveðna víruflokka, t.d. landbúnaðarvörur, eins og gert væri í EFTA og í fríverslunarsamningi Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu. Þá var bent á að frjáls þjónustuviðskipti væru ekki skilyrði fyrir samþykkt fríverslunarsamnings innan vébanda GATT.

Vegna afstöðu bandarískra stjórnvalda var lítið unnt að aðhafast fyrst á eftir annað en að fylgjast með gangi mála. Í júlí 1987 var útflutningurinn færður frá viðskiptaráðuneytinu til utanríkisráðuneytisins en síðan þá hafa íslenskir ráðamenn öðru hverju tekið möguleika á gerð fríverslunarsamnings upp í viðræðum við bandaríska ráðamenn, m.a. forsætisráðherra og utanríkisráðherra. Ljóst er að fríverslunarsamningur Bandaríkjanna og Kanada miðað við fríverslunarsamninga við Evrópuríkin skapar viss vandamál vegna þess hversu víðtækur hann er. Hann nær t.d. til allra landbúnaðarvara og þjónustuviðskipta og tengist auk þess fjárfestingum. Þá yrði að líta til fyrirhugaðs stóraukins samstarfs EFTA- og EB-ríkjanna þar sem jafnvel verður stefnt að tollabandalagi með tíð og tíma.

6. Fjármögnunarfyrirtæki.

Alþingi samþykkti hinn 11. mars 1987 eftirfarandi þingsályktunartillögu Páls Péturssonar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa löggjöf um fjármögnunarfyrirtæki."

Hinn 16. febrúar 1988 skipaði viðskiptaráðherra nefnd undir formennsku Björns Friðfinnssonar, ráðuneytisstjóra viðskiptaráðuneytisins, til þess að semja drög að frumvarpi er fjalla átti um starfsemi á fjármagnsmarkaði utan banka og sparisjóða. Nefndin samdi þrjú lagafrumvörp og hafa tvö þeirra verið samþykkt sem lög frá Alþingi. Hér er um að ræða frumvarp til laga um eignarleigustarfsemi, sbr. lög nr. 19/1989, frumvarp til laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, sbr. lög nr. 20/1989, og frumvarp til laga um greiðslukortastarfsemi sem bíður afgreiðslu 112. löggjafarþingsins.

7. Auglýsingalöggjöf.

Hinn 18. mars 1987 samþykkti Alþingi svofellda þingsályktunartillögu Steingríms J. Sigfússonar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að undirbúa heildarlöggjöf um auglýsingar.“

Að lokinni gagnasöfnun viðskiptaráðuneytisins skipaði viðskiptaráðherra hinn 15. mars 1988 nefnd til að semja lagafrumvarp og var Jón Ögmundur Þormóðsson lögfræðingur, skrifstofustjóri viðskiptaráðuneytisins, formaður hennar. Hinn 19. mars 1990 skilaði nefndin frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Er gert ráð fyrir að sérstökum kafla sé skotið inn í verðlagslögin með almennum ákvæðum um auglýsingar. Þar yrði byggt á grein verðlagslaganna um villandi auglýsingar en jafnframt tekið á ýmsum öðrum grundvallaratriðum, t.d. varúð í auglýsingum, sem höfða til barna, og kröfum um lýtalausa íslensku, auk þess sem byggt yrði upp kerfi til að taka á úrlausnaratriðum með virkum hætti. Þá er gert ráð fyrir setningu ítarlegrar reglugerðar er byggist m.a. á siðareglum Alþjóðaverslunarráðsins um auglýsingastarfsemi. Frumvarpið var samþykkt í ríkisstjórn 20. mars og má búast við að það verði lagt fyrir yfirstandandi þing, 112. löggjafarþing.

8. Aðgerðir til að koma í veg fyrir innflutning á vörum á fölsuðum upprunaskírteinum.

Alþingi samþykkti hinn 17. apríl 1989 eftirfarandi þingsályktunartillögu Inga Björns Albertssonar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er hafi það hlutverk að leita leiða til þess að koma í veg fyrir innflutning á vörum á fölsuðum upprunaskírteinum. Nefndin skili tillögum eigi síðar en 15. október 1989.“

Hinn 25. ágúst 1989 skipaði viðskiptaráðherra nefnd undir formennsku Jóns Ögmundar Þormóðssonar, skrifstofustjóra viðskiptaráðuneytisins, til að kanna málið. Að höfðu samráði við ýmsa aðila skilaði nefndin skýrslu hinn 13. október 1989 þar sem gerðar voru tillögur um rökstuddar kvartanir viðskiptaaðila, fleiri og markvissari vöruskoðanir tollyfirvalda, breytingu á tollalögum í formi meiri tollaviðauka, fleiri beiðnir til erlendra tollyfirvalda um athuganir og niðurfellingu eða lækkun tolla til að draga úr tollamun eftir upprunalöndum.

Skýrslan var send fjármálaráðuneytinu, ríkistollstjóra, tollgæslustjóra, tollstjóranum í Reykjavík, Verslunarráði Íslands, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Félagi íslenskra iðnrekenda og Landssambandi iðnaðarmanna og auk þess flutningsmanni þingsályktunartillögunnar.

Sþ. 1128. Þingsályktun [192. mál]

um heimild til handa forsetum Alþingis til þess að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Alþingi.

(Afgreidd frá Sþ. 30. apríl.)

Alþingi ályktar að heimila forsetum Alþingis að ganga til samninga um kaup eða leigu á húsnæði fyrir Alþingi í næsta nágrenni við Alþingishúsið, eftir því sem hagkvæmara þykir.

Hafa skal samráð við fjárveitinganefnd um ákvarðanir.

Nd. 1129. Nefndarálit [534. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar, nr. 64/1981, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og kom Dögg Pálsdóttir, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, til viðræðna við nefndarmenn um efni frumvarpsins. Einnig barst umsögn um það frá Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna.

Í nefndinni hefur komið fram það sjónarmið að fella beri brott það skilyrði í lögunum að réttur til atvinnuleysisbóta sé háður félagsaðild að stéttarfélagi, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Um þetta atriði er djúpstæður ágreiningur. Verkalýðshreyfingin leggur mikla áherslu á að þetta ákvæði haldist óbreytt. Því telur meiri hl. nefndarinnar ekki rétt að gera eða standa að tillögu sem byggist á slíku sjónarmiði.

Í skýrslu sérfræðinganefndar Evrópuráðsins um skýrslu Íslands um framkvæmd á ákvæðum í félagsmálasáttmála Evrópu á árunum 1986 og 1987 kemur fram gagnrýni á það fyrirkomulag að réttur til bóta úr atvinnuleysistryggingasjóði sé tengdur aðild að stéttarfélagi. Ágreiningur er þó innan embættismannanefndarinnar um túlkun sérfræðinganefndarinnar á 5. gr. sáttmálans. Hluti nefndarmanna (fulltrúar Bretlands, Danmerkur, Noregs, Íslands, Sambandslýðveldisins Þýskalands og Svíþjóðar) telja að túlka beri ákvæðið þröngt þannig að það taki ekki til réttarins til að standa utan félaga. Hinn hlutinn (Austurríki, Frakkland, Ítalía, Kípur, Malta og Spánn) eru sammála sérfræðinganefndinni. Fulltrúar Grikklands og Írlands hafa verið í vafa og setið hjá. Afleiðing þessa er að hvorug skoðunin hefur tilskilinn meiri hluta í embættismannanefndinni.

Svör og skýringar íslenskra stjórnvalda og Alþýðusambands Íslands á þessu fyrirkomulagi koma fram í skýrslu Íslands um framkvæmd sáttmálans á árunum 1988 og 1989 sem nú er unnið að. Í ljósi þess að álit sérfræðinganefndarinnar á skýringum íslenskra stjórnvalda liggur ekki fyrir fyrr en sumarið 1991 mælir meiri hl. nefndarinnar með því að réttur til bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði verði áfram háður sömu skilyrðum og nú er krafist. Taki sérfræðinganefndin ekki tillit til skýringa íslenskra stjórnvalda og telji að óbreytt fyrirkomulag sé í andstöðu við félagsmálasáttmálann mælist meiri hl. nefndarinnar til þess að félagsmálaráðherra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra beiti sér fyrir viðræðum milli aðila vinnumarkaðarins um þetta efni með hliðsjón af afstöðu Evrópuráðsins til skýringa íslenskra stjórnvalda.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað orðanna „þeirra félaga“ í fyrri málslið efnismálsgreinarinnar komi: í þeim stéttarfélögum.

Alþingi, 28. apríl 1990.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, form., frsm. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir. Geir Gunnarsson.

Guðmundur G. Þórarinsson, með fyrirvara.

Ed. 1130. Nefndarálit [352. mál]

um frv. til l. um stjórn fiskveiða.

Frá 5. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarpið var lagt fyrir Alþingi 15. febrúar. Fyrsti fundur um það í sjávarútvegsnefnd deildarinnar var 23. febrúar.

14. mars var byrjað að ræða frumvarpið á sameiginlegum fundum beggja deilda og voru haldnir sjö sameiginlegir fundir. Á þeim fundum var fyrst og fremst rætt við svokallaða hagsmunaaðila sem flestir höfðu verið þátttakendur í ráðgjafarnefndinni er fjallaði um frumvarpið á undirbúningsstigi. 9. apríl var svo farið að skoða það í sjávarútvegsnefnd Ed. 12 fundir hafa verið haldnir í nefndinni. Frumvarpið var yfirfarið rækilega og nefndarmenn gerðu grein fyrir skoðunum sínum og flokka sinna á því. Greinilega kom í ljós að mikill ágreiningur var um efni þess innan nefndarinnar og einnig milli stjórnarliða innbyrðis.

Á öllum þessum fundum var aldrei gerð nein tilraun til að samræma sjónarmið innan nefndarinnar. Svo gerist það laugardaginn 21. apríl að boðaður er fundur með formönnum stjórnarflokkanna (fjármálaráðherra, viðskiptaráðherra, umhverfisráðherra og sjávarútvegsráðherra) og stjórnarþingmönnum úr sjávarútvegsnefnd Ed. og áheyrnarfulltrúa Borgaraflokksins í nefndinni ásamt tveimur lögfræðingum úr sjávarútvegsráðuneyti.

Þessi fundur var það fyrsta sem gert var til að leiða saman fulltrúa stjórnarflokkanna til umfjöllunar og til þess að leita leiða til að samræma þær ólíku áherslur og skoðanir sem stjórnarflokkanir og þingmenn þeirra í nefndinni höfðu á frumvarpinu.

Frumvarpið var lagt fram sem stjórnarfrumvarp, en með fyrirvörum frá þingflokkum ríkisstjórnarinnar um það að á því þyrfti að gera veigamiklar breytingar.

Það eru ótrúleg vinnubrögð að það skuli vera látnir líða rúmir tveir mánuðir frá því er frumvarpið var lagt fram á Alþingi þar til forustumenn stjórnarflokkanna fara að huga að samkomulagsleiðum innan ríkisstjórnarflokkanna. Þá var aðeins ein vika eftir af fyrirhuguðum starfstíma Alþingis á þessu vori.

Ekki var það af því að ágreiningurinn leyndi sér.

Við afgreiðslu frumvarpsins úr ráðgjafarnefndinni 23. janúar lagði undirritaður fram bókun (sjá fylgiskjal I) eftir að hafa ráðfært sig við þingflokkinn. Sú bókun var um nauðsynlegar breytingar á því. Þingflokkur Alþýðubandalagsins gerði 12. febrúar samþykkt, sem send var ríkisstjórninni, þar sem enn voru ítrekuð áhersluatriði þau sem flokkurinn taldi að þyrftu að vera í væntanlegum lögum um fiskveiðistjórn, sjá fylgiskjal II.

Þá hafði Alþýðubandalagið staðfest samþykkt miðstjórnar flokksins frá 5. desember 1987, með nokkrum breytingum, á 9. landsfundi flokksins haustið 1989 (sjá fylgiskjal III).

Bókun undirritaðs í ráðgjafarnefndinni og samþykkt þingflokksins byggjast á þessari landsfundarsamþykkt Alþýðubandalagsins sem er í veigamiklum atriðum í miklu ósamræmi við þetta frumvarp.

Fiskveiðistefna Alþýðubandalagsins byggist á því að auðlindirnar innan fiskveiðilandhelgi Íslands eru þjóðareign, sameign allra Íslendinga. Veiðiheimildum verði úthlutað til byggðarlaga, veiðirétturinn verði þó eftir sem áður tengdur skipum.

Alþýðubandalagið leggur til að tveimur þriðju hlutum veiðiheimildanna verði úthlutað til byggðarlaga samkvæmt sérstakri reiknireglu. Í fyrsta lagi felur hún í sér að fjórðungur þessa nýja byggðakvóta yrði reiknaður út frá úthlutuðu afla- og sóknarmarki skipa í byggðarlögum eins og sú úthlutun var að meðaltali árið 1984–1986. Þrír fjórðu hlutar verði hins vegar reiknaðir út frá úthlutuðu afla- og sóknarmarki skipa í byggðarlögum í árslok 1987.

Í öðru lagi verði þriðjungi veiðiheimilda úthlutað til útgerðar á skip og skal sá hluti reiknaður með sama hætti og ákveðið var í reglugerð fyrir árið 1987. Eftir að byggðakvóti hefur verið reiknaður skal honum deilt á milli þeirra skipa sem fá kvóta úthlutað í viðkomandi byggðarlagi í hlutfalli við veiðiheimildir þeirra.

Við sölu skipa úr byggðarlaginu fylgir þeim einungis sá þriðjungur aflakvótans sem fór til útgerðarinnar. Tveir þriðju hlutar verða hins vegar áfram í byggðarlaginu og þeim endurúthlutað þar í sambandi við ákveðnar reglur. Hagur byggðarlaganna er þannig gerður að forgangsatriði.

Með því að binda veiðiheimildir við byggðarlög er verið að tryggja hag sjómanna og starfsfólksins í fiskiðnaði og allra íbúa þeirra byggðarlaga sem byggja afkomu sína á öruggri og skipulagðri nýtingu sjávarafla.

Þær reiknireglur sem Alþýðubandalagið leggur til að notaðar verði hafa einnig í för með sér að komið verði nokkuð til móts við þau byggðarlög sem tapað hafa mestum aflakvóta á undanförnum árum vegna ranglætisins í því kerfi sem ríkt hefur og enn er lagt til að gildi áfram.

Byggðakvótinn kemur auk þess í veg fyrir brask í tengslum við skipa- og kvótasölu sem þróast hefur í skjóli ríkjandi fiskveiðistefnu. Óeðlilegt verð á fiskiskipum mundi hverfa að mestu. Keppni milli byggðarlaga um kaup á skipum til að komast yfir afla mundi hætta og þannig yrði stuðlað að aukinni hagkvæmni í útgerð. Raunhæfara arðsemismat mundi gilda í viðhorfum til skipakaupa.

Fiskveiðistefna Alþýðubandalagsins opnar nýjar leiðir til þróunar og nýsköpunar og hvetur til bættrar meðferðar á afla og afurðum og til aukinnar framleiðni innan sjávarútvegsins, svo og að því að fiskistofnarnir verði nýttir með það fyrir augum að hámarksafrakstur fáist miðað við ákveðin tímabil.

Frumvarpið beinist til annarra átta. Þar er verið að festa í sessi ranglátt miðstýrt kerfi sem á undanförnum árum hefur ekki skilað þeim markmiðum sem því var ætlað að ná. Fiskveiðistjórn síðustu sex ára hefur brugðist hrapallega.

— Þorskstofninn hefur ekki styrkst.
— Fiskiskipaflotinn hefur ekki minnkað.
— Gæði hráefnis hafa ekki aukist.
— Kostnaður við útgerð hefur ekki minnkað.
— Sjávarbyggðirnar hafa ekki eflst.

Sjá töflu 1 og töflu 2.

Það er meir en vafasöm aðgerð að ætla að framlengja slíkt kerfi. Kapp þeirra sem vilja viðhalda þessu mislukkaða stjórnkerfi er hins vegar svo mikið og málsvarar þess svo vel settir í stjórnsýslu og hagsmunakerfinu að lítil von er til þess að því verði breytt í höfuðatriðum þó að skoðanakönnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands sýni að yfir 82% aðspurðra telji að stjórn fiskveiða eigi að tengjst byggðunum.

Undirritaður valdi því þann kostinn að mæla fyrir því að reyna að lagfæra núverandi aflamarkskerfi. Ýmsir þættir hafa verið nefndir hér.

Aðaltillögur undirritaðs um breytingar á frumvarpinu byggjast á tillögum og samþykktum Alþýðubandalagsins. Þær eru við 1. gr. frumvarpsins, 7. gr., um að 9. gr. breytist, við 16. gr. og að ákvæði til bráðabirgða VI falli niður (sjá fskj. IV).

Þá hefur undirritaður lagt til að í frumvarpinu komi ákvæði um svokallaðar „girðingar" um framsal aflahlutdeildar milli skipa (sjá fskj. V).

Undirritaður lagði fram fyrir ráðherra og þingmenn stjórnarflokkanna í nefndinni tillögu um vinnslukvóta (sjá fylgiskjal VI). Þar er um að ræða útfærslu á tillögum Verkamannasambands Íslands og fulltrúa Félags Sambandsfiskframleiðenda og Jóhanns A. Jónssonar (sjá fskj. VII og VIII).

Undirritaður telur rétt að fram komi hverjar þær hugmyndir voru sem lagðar voru fyrir áðurnefndan fund sem haldinn var 21. apríl (sjá fskj. IX.) Þar er í engu komið til móts við tillögur Alþýðubandalagsins um tengingar aflaheimilda við byggðir né reynt að hamla gegn hinni óheftu sölu á aflaheimildum frá byggðarlögum. Einn fundur annar var haldinn með svipuðu sniði. Þá komu fram ákveðnar tillögur um sölu á veiðiheimildum og um að gera fyrirhugaðan úreldingarsjóð að stofnun sem kæmi til hjálpar byggðarlögum þegar afleiðingar fiskveiðistefnunnar færu að koma í ljós og byggðarlögin stæðu uppi án aflaheimilda.

Eftir þennan fund hefur umfjöllun um frumvarpið verið í höndum ráðherra stjórnarflokkanna.

Ýmislegt í bókunum fulltrúa Farmanna- og fiskimannasambands Íslands (fskj. X), Sjómannasambands Íslands (fskj. XI), Landssambands smábátaeigenda (fskj. XII) er í takt við breytingartillögur mínar þótt útfærsla sé á annan hátt.

Einnig kemur fram beinn stuðningur við tillögur undirritaðs í umsögnum sem nefndinni bárust frá Fjórðungssambandi Norðlendinga, (fskj. XIII), Vinnuveitendafélagi Vestfjarða (fskj. XIV), Verkalýðsfélaginu Baldri (fskj. XV), Vinnuveitendafélagi Breiðafjarðar (fskj. XVI), Útvegsmannafélagi Snæfellsness (fskj. XVII), ályktun frá aðalfundi Félags Sambandsfiskframleiðenda (fskj. XVIII), ályktun frá hreppsnefnd Presthólahrepps (fskj. XIX).

Nefndinni bárust ýmis gögn um sjávarútveg, m.a. skýrsla um færeyska útgerð (Upprit um fiskivinnuna, fskj. XX).

Sú niðurstaða, sem nú er studd af ríkisstjórninni bæði um afgreiðslu þessa frumvarps um stjórn fiskveiða og frumvarpsins um Úreldingarsjóð fiskiskipa, er í veigamiklum atriðum í beinni andstöðu við marga hagsmunaaðilda, t.d. Verkamannasamband Íslands og Félag Sambandsfiskframleiðenda. Sú tillaga Alþýðubandalagsins að tengja úthlutun aflaheimilda við byggðarlög er ekki tekin til greina.

Á síðstu dögum umfjöllunar í nefndinni voru svo lagðar fram tillögur um samtengingu frumvarpsins um Úreldingarsjóð fiskiskipa við frumvarpið um stjórn fiskveiða. Takmörkuð umræða hefur átt sér stað um þær tillögur. Nauðsynlegt er að skoða þær tillögur miklu betur.

Greinilegt er einnig að stuðningur við meginefni beggja þessara frumvarpa minnkar stöðugt meðal almennings og hagsmunaaðila. Undirritaður telur því nauðsynlegt að endurskoða þessi frumvörp bæði frá grunni og að samráðsnefnd sú, sem skipuð var samkvæmt lögum nr. 38. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990, verði kölluð saman að nýju og skili áliti eigi síðar en 1. ágúst nk. Í framhaldi af því verði aukaþing kallað saman svo fljótt sem verða má til þess að afgreiða heildarlög um stjórn fiskveiða.

Alþingi, 30. apríl 1990.

Skúli Alexandersson.

Tafla 1.


Þorskafli á Íslandsmiðum 1950-1989
10 ÁRA MEÐALTÖL
500
400
300
200
460
393
384
365
300
260
250
Líklegur heildarafli: 300 þús. tonn
Reglugerð Sjávar-útvegs-ráðuneytis: 260 þús. tonn
Tillaga Hafrann-sóknar-stofnunar: 250 þús. tonn
1950-59
1960-69
1970-79
1980-89
1990-? *

Tafla 2.


Fiskiskipaflotinn
Rúmlestir (þúsundir)
140
120
100
80
60
40
20
0
1965
1970
1975
1980
1985
1986
1987
Árin


Fiskiskipaflotinn
Hestöfl (þúsundir)
600
500
400
300
200
100
0
1965
1970
1975
1980
1985
1986
1987
Árin

Fylgiskjal I.

Bókun Skúla Alexanderssonar.
(23. janúar 1990.)

Í október sl. lagði vinnuhópur sem starfaði sl. sumar á vegum ráðgjafanefndarinnar fram tillögu í formi frumvarps.

Tillögur þessar hafa síðan verið til umfjöllunar í nefndinni.

Ekki hefur náðst allsherjarsamkomulag í nefndinni um ýmis atriði í frumvarpsdrögunum. Um önnur atriði virðist vera fullt samkomulag, t.d. um afnám sóknarmarksins, veiðitímabil verði ekki miðað við almanaksárið og að væntanleg lög verði ekki tímabundin.

Mínir fyrirvarar um frumvarpsdrögin nú við lokaafgreiðslu í nefndinni eru aðallega við eftirtaldar greinar:

9. gr. um skerðingu botnfisksaflamarks vegna sérveiða, 10. gr. um álag og vigtun á fiski sem fluttur er óunninn á erlendan markað, 11. gr. og síðar í frumvarpsdrögum um aflahlutdeild sem fylgir skipi við eigendaskipti og flutning milli byggða, sbr. tillögur Alþýðubandalagsins um sjávarútvegsstefnu og byggðakvóta, og við 17. og 18. gr. um eftirlit sjávarútvegsráðuneytisins með framkvæmd væntanlegra laga.

Ég mun fylgja [breytingartillögum] sem fram kunna að koma við frumvarpsdrögin við meðferð málsins á Alþingi og í ríkisstjórn telji ég þær til bóta.

Fylgiskjal II.

Tilkynning frá þingflokki Alþýðubandalagsins.
(12. febrúar 1990.)

Þingflokkur Alþýðubandalagsins tekur undir bókun Skúla Alexanderssonar í ráðgjafarnefnd um mótun fiskveiðistefnu varðandi tillögur að frumvarpi um fiskveiðistjórn.

Jafnframt vill þingflokkurinn benda sérstaklega á eftirfarandi atriði:

1. Að athugað verði hvort nauðsynlegt er að útfæra betur í lögunum það grundvallaratriði þeirra, sbr. 1. gr., að tímabundinn og takmarkaður afnotaréttur myndi aldrei einstaklingsbundna og stjórnarskrárvarða eign.
2. Að í lögunum verði ákvæði sem draga úr útflutningi á óunnum fiski.
3. Að gætt verði byggðasjónarmiða og vísast í því sambandi til stefnuyfirlýsingar sem samþykkt var á síðasta landsfundi flokksins.
4. Sett verði ákvæði í lögin sem girða fyrir röskun stærðarhlutfalla milli smábáta- og báta-, og báta- og togaraflota.
5. Þá telur þingflokkurinn að sjávarútvegsráðuneytið eigi hvorki að annast eftirlit með framkvæmd laganna né að úrskurða vegna brota á þeim.

Þingflokkurinn samþykkir að frumvarpsdrögin eins og þeim var skilað frá ráðgjafarnefndinni með fullum fyrirvörum og bókunum verði lagt fram á Alþingi.

Þingmenn Alþýðubandalagsins áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum og munu síðan meta afstöðu sína til samþykktar frumvarpsins á Alþingi þegar fyrir liggur við afgreiðslu málsins hverjar af athugasemdum þingflokksins ná fram að ganga.

Fylgiskjal III.

Fiskveiðistefna Alþýðubandalagsins.

1. Sjávarauðlindir eru sameign þjóðarinnar.

Fiskistofnarnir og aðrar sjávarauðlindir eru ævarandi sameign allra Íslendinga. Grundvallaratriði fiskveiðistjórnunar verður að vera hinn sameiginlegi eignarréttur þjóðarinnar á auðlindum hafsins.

2. Skipuleg stjórnun fiskveiða.

Sótt verði í fiskistofnana á skipulegan hátt í samræmi við sérfræðilegt mat á stærð þeirra og undir eftirliti óháðrar stofnunar. Markmið veiðistjórnunar verði:

a. að auka gæði afla og afurða,
b. að hámarksafrakstur fáist miðað við ákveðin tímabil,
c. að ofveiði eigi sér aldrei stað.

Forðast verði óhagkvæmnisáhrif fiskveiða og þess sérstaklega gætt við skipulag veiðanna að togurum verði ekki hleypt inn á hefðbundin fiskimið smábáta.

3. Byggðakvóti í stað rígbindingar við skip.

Í stað þess að binda kvóta alfarið við skip eins og gert hefur verið á undanförnum árum verði tekið upp nýtt kerfi þar sem veiðiheimildum á bolfiski verði skipt í tvo flokka:

Í fyrsta lagi skal ⅔ hlutum veiðiheimildanna úthlutað til byggðarlaga og skal fjórðungur þessa nýja byggðakvóta reiknaður út frá úthlutuðu afla- og sóknarmarki skipa í byggðarlögunum eins og sú úthlutun var að meðaltali árin 1984–1986 og ¾ hlutar reiknaðir út frá úthlutuðu afla- og sóknarmarki skipa í byggðarlögum í árslok 1987.

Í öðru lagi skal ⅓ hluta veiðiheimilda úthlutað til útgerðar á skip og skal sá hluti reiknaður með sama hætti og ákveðið var í reglugerð fyrir árið 1987.

Eftir að byggðakvóti hefur verið reiknaður út skal honum deilt á milli þeirra skipa sem fá kvóta úthlutað í viðkomandi byggðarlagi í hlutfalli við veiðiheimildir þeirra.

Við sölu skipa úr byggðarlaginu fylgir þeim einungis sá hluti aflakvóta sem úthlutað var til útgerðar, ekki sá hluti sem fór til byggðarlagsins. Þeim hluta aflakvótans sem eftir verður í byggðarlaginu verði ráðstafað á nýjan leik í samræmi við ákveðnar reglur.

Með því að binda veiðiheimildir að verulegu leyti við byggðarlög er verið að tryggja hag starfsfólks í fiskiðnaði, fiskvinnslustöðva og allra íbúa þeirra byggðarlaga sem byggja afkomu sína á öruggri og skipulagðri nýtingu sjávarafla. Óeðlilegt verð á fiskiskipum og brask í tengslum við skipa- og kvótasölu ætti að mestu að hverfa úr sögunni. Einnig er leitast við með útreikningsaðferð á byggðakvótanum að koma nokkuð til móts við þau byggðarlög sem tapað hafa mestum aflakvóta á undanförnum árum.

Veiðiheimildir skulu einungis bundnar við aflamark.

Við úthlutun veiðiheimilda skal kvóta byggðarlags sjálfkrafa úthlutað til fiskiskipa í viðkomandi byggðarlagi samkvæmt reglugerð.

Séu skip tekin af skrá eða seld burt úr byggðarlagi skal sveitarstjórn úthluta byggðakvóta skipsins. Fyrstu tvö árin verði byggðakvóti lánaður útgerðum skipa, en verði eftir það bundinn við ákveðin skip í byggðarlaginu. Að öðru leyti er heimilaður frjáls flutningur kvóta milli skipa innan byggðarlags.

4. Opið og sveigjanlegt kerfi í stað hinnar lokuðu miðstýringar.

Nauðsynlegt er að skipulag fiskveiðistjórnunar hafi til að bera hæfilegan sveigjanleika til að það loki ekki á nýjungar og eðlilegar breytingar í útgerð og fiskvinnslu. Nýir rekstraraðilar verða að geta haslað sér völl við útgerð og fiskvinnslu. Það er hættulegt að rígbinda kerfið við þá sem gerðu út skip fyrir hálfum áratug síðan.

Jafnframt þarf kerfið að taka mið af breyttum aðstæðum í hinum ýmsu byggðarlögum og búa yfir getu til að leiðrétta hlut þeirra byggðarlaga sem sérstaklega eiga undir högg að sækja í atvinnumálum.

Einnig er nauðsynlegt að opna á næstu árum fyrir tilraunir með nýjar aðferðir til að ákveða veiðiheimildir og stýra sókninni í fiskstofnana.

Endurskoðunin og nýsköpunin þarf að vera byggð inn í kerfið en á undanförnum árum hefur allt verið læst í fastar og óbreytanlegar skorður.

Til að tryggja nauðsynlegan sveigjanleika og opnun kerfisins verði undirbúið að heimila í framtíðinni úthlutun á allt að 10% heildaraflans í því skyni:

— að tryggja aðgang nýrra rekstraraðila,
— að leiðrétta hag byggðarlaga sem hafa orðið illa úti,
— að gera tilraunir með nýjar stjórnunaraðferðir.

5. Veiðar smábáta.

Veiðiheimildir smábáta verði með svipuðu sniði og verið hefur. Jafnframt verði fjölgun smábáta stöðvuð.

6. Útflutningsgjald í þágu rannsóknarstarfsemi.

Ákveðið verði útflutningsgjald á fisk sem fluttur er út óunninn og komi það að einhverju eða öllu leyti í stað þeirra skerðingarákvæða sem í gildi hafa verið. Útflutningsgjaldið verði ákvarðað með hliðsjón af tollastefnu Evrópubandalagsins og annarra viðskiptalanda og verði því ráðstafað til rannsóknar- og þróunarstarfsemi á vegum Hafrannsóknastofnunar og fyrirtækja og samtaka innan sjávarútvegsins.

7. Veiðar á einstökum fiskstofnum.

Stefnt verði að því að innan fárra ára verði hægt að veiða 400–450 þús. tonn af þorski á ári. Fiskifræðingar telja að með réttri sókn í þorskstofninn á næstu árum sé slík veiði raunhæf miðað við jafna veiði og ekki verði sótt um of í ungfisk.

Veiði ýsu, karfa, ufsa og grálúðu verði stjórnað í tengslum við veiðistjórn á þorski.

Skipulag veiða á síld og loðnu verði áfram með svipuðu sniði og á undanförnum árum. Lögð verði áhersla á markaðsleit og stóraukna kynningu á síldarafurðum til að tryggja að sem stærstur hluti aflans úr vaxandi síldarstofni verði nýttur í góðar og verðmiklar manneldisvörur.

Aflamarki á úthafsrækju verði úthlutað jöfnum hlutum til skipa og vinnslustöðva með hliðsjón af aflareynslu skipanna og vinnslu stöðvanna undanfarin ár. Rækjumið og skelfiskmið innan fjarða og flóa verði nytjuð af íbúum viðkomandi strandsvæða.

Aukin verði veiði á ýmsum sjávardýrum og fiskum sem lítið hafa verið nýtt til þessa.

8. Kjör og starfsaðstaða fiskvinnslufólks og sjómanna.

Launakjör fiskvinnslufólks verði jafnan með þeim betri í þjóðfélaginu og leiðrétt verði þegar í stað það misrétti og ranglæti sem skapast hefur í launamálum fiskvinnslufólks í samanburði við aðrar starfsgreinar.

Starfsaðstaða fiskvinnslufólks og sjómanna verði til jafns við aðrar stéttir og helgidagavinna fiskvinnslufólks og sjómanna verði bönnuð.

9. Aukin gæði afla og afurða.

Til að tryggja aukin gæði sjávarafla og fiskafurða verði komið á nýrri skipan sem feli í sér:

— að allur fiskur sé settur í kassa og kör um borð í veiðiskipum,
— að sem stærstur hluti af afla verði slægður um borð í veiðiskipum,
— að allur afli verði nýttur: lifur, hrogn og fleira,
— að fiskmóttökur séu kældar,
— að umhverfi og ytra útlit fiskvinnslustöðva þoli samanburð við útlit og umhverfi banka, verslana og mjólkurvinnslustöðva,
— að vinnuaðstaða fiskvinnslufólks samræmist matvælaframleiðslu í besta gæðaflokki.

10. Eðlileg byggðaþróun.

Til að tryggja búsetu um allt land og eðlilega byggðaþróun verði þess gætt við stjórnun fiskveiða:

— að hvert svæði njóti aðstöðu vegna nálægðar við fiskimið,
— að núverandi útgerð og fiskvinnslu verði tryggður réttur á heimaslóð.

Samþykkt á fundi miðstjórnar 5. desember 1987 og staðfest með breytingum á 9. landsfundi Alþýðubandalagsins 1989.

Fylgiskjal IV.

Breytingartillögur
við frv. til laga um stjórn fiskveiða.

Frá Skúla Alexanderssyni.

1. Við 1. gr.
   Við greinina bætist nýr málsliður er orðist svo: Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.
2. Við 7. gr.
   Orðin „sbr. þó ákvæði 9. gr.“ í 1. málsl. 3. mgr. falli niður.
3. Við 9. gr.
   Greinin orðist svo:
   Sé skip selt úr byggðarlagi fylgir því þriðjungur aflahlutdeildar þess en tveir þriðju hlutar aflahlutdeildar verða eftir í því sveitarfélagi sem skipið var selt frá. Skal sveitarstjórn úthluta útgerðum annarra skipa í byggðarlaginu árlega því aflamarki sem eftir varð í tvö fiskveiðiár eða veiðitímabil eftir söluna. Eftir þann tíma skal sveitarstjórn úthluta aflahlutdeild hins selda skips varanlega öðru skipi eða öðrum skipum í byggðarlaginu. Ráðherra skal með reglugerð ákveða hvaða reglur skuli gilda um úthlutun sveitarstjórnar á aflahlutdeild eða aflamarki samkvæmt þessari grein.
4. Við 16. gr.
   Í stað 1. mgr. komi tvær nýjar greinar er orðist svo:
   Allur afli, þar á meðal sá afli, sem fluttur er óunninn úr landi, skal veginn á löndunarstað. Hafnaryfirvöld á hverjum löndunarstað skulu hafa umsjón með vigtun afla og söfnun upplýsinga um landaðan afla.

Sigli skip með eigin afla til sölu erlendis er heimilt að víkja frá ávæði 1. mgr. um vigtun innan lands enda sé fullnægt kröfum ráðuneytisins um vigtun við löndun eða sölu afla erlendis.

5. Ákvæði til bráðabirgða VI falli niður.

Fylgiskjal V.

Breytingartillaga
við frv. til laga um stjórn fiskveiða (girðingar).

Frá Skúla Alexanderssyni.

Aftan við 1. málsl. 4. gr. 11. gr. frumvarpsins komi tveir nýir málsliðir er orðist svo: Óheimilt er þó að framselja aflahlutdeild milli skipa sem ekki tilheyra sama flokki. Þó er heimilt að framselja aflahlutdeild frá stærra skipi til minna skips. Í þessu sambandi skal skipum sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni skipt upp í eftirtalda fjóra flokka: Bátar undir 30 brl., bátar 30 brl. og stærri, togarar aðrir en þeir sem frysta afla um borð og frystitogarar.

Fylgiskjal VI.

Minnisatriði
varðandi hugmyndir að breytingum
á frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða.

Frá Skúla Alexanderssyni.

7. gr. orðist svo:

Veiðar á þeim tegundum sjávardýra sem ekki sæta takmörkun á leyfilegum heildarafla skv. 3. gr. eru frjálsar öllum þeim skipum sem leyfi fá til veiða í atvinnuskyni skv. 4. gr. með þeim takmörkunum sem leiðir af almennum reglum um veiðisvæði, veiðarfæri, veiðitíma og reglum settum skv. 2. mgr. 4. gr.

60% veiðiheimilda skal úthluta til einstakra skipa. Nefnist það aflahlutdeild skips.

40% veiðiheimilda skal úthlutað til einstakra fiskvinnslustöðva. Nefnist það aflahlutdeild vinnslustöðva. Aflahlutdeild helst óbreytt milli ára.

Aflahlutdeild vinnslustöðva er fundin þannig að lagður er saman afli allra vinnsustöðva, sem móttekin var til vinnslu árin 1987, 1988 og 1989. Síðan er mótteknum afla einstakra fiskvinnslustöðva í þessi þrjú ár deilt upp í heildartöluna.

Nú hefur fiskvinnslustöð hætt starfsemi sinni fyrir árslok 1989 og skal þá reiknuð aflahlutdeild hennar fyrir árin 1987 og/eða 1988 og 1989 bætast við aflahlutdeild þeirra fiskvinnslustöðva sem eftir eru í byggðarlaginu.

Hafi fiskvinnslustöð orðið gjaldþrota á árunum 1988/1989 og sé starfsemi hafin í nýju fyrirtæki innan árs frá gildistöku laga þessara, í fyrri húsakynnum hennar og með vélbúnaði hennar, má úthluta nýja fyrirtækinu útreiknaða aflahlutdeild þeirrar stöðvar sem varð gjaldþrota.

Nú hættir fiskvinnslustöð starfsemi sinni og er henni þá heimilt að framselja aflahlutdeild sína varanlega til annarra fiskvinnslustöðva í byggðarlaginu fyrir lok fiskveiðiárs. Að þeim tíma liðnum fellur réttur til aflahlutdeildar niður. Nú hefur fiskvinnslustöð orðið gjaldþrota og skal þá nýtt fyrirtæki, sem tekur til starfa í húsakynnum og með vélbúnaði hennar innan tveggja ára frá gjaldþroti, eiga rétt á aflahlutdeild hennar.

Fiskvinnslustöð er heimilt að afhenda aflahlutdeild sína til árs í senn, einu eða fleiri fiskiskipum, og er henni skylt að tilkynna sjávarútvegsráðuneytinu um afhendingu jafnóðum og hún fer fram og fá viðurkenningu fyrir. Ekki er heimilt að afhenda fiskiskipi aflahlutdeild nema til veiða fyrir viðkomandi fiskvinnslustöð. Afhenda má aflahlutdeild fiskiskipi sem landar afla sínum á fiskmarkað, samkvæmt sérstökum samningi um viðskipti fiskvinnslustöðvarinnar við fiskmarkaðinn.

Fiskvinnslustöðvar í sama byggðarlagi geta sameinað aflahlutdeild sína varanlega.

Við ákvörðun hlutdeildar einstakra skipa og vinnslustöðva í botnfiskafla skal árlega áætla þann afla sem er utan aflamarks á grundvelli heimilda í 1. málsl. 6. mgr. 10. gr.

Aflaheimild skipa og aflahlutdeild vinnslustöðva á hverju veiðitímabili eða vertíð ræðst af leyfðum heildarafla viðkomandi tegundar og hlutdeild þeirra í þeim heildarafla skv. 2. mgr. Skal sjávarútvegsráðuneytið senda sérstaka tilkynningu vegna hvers skips og vinnslustöðva um aflahlutdeild þeirra í upphafi veiðitímabils eða vertíðar.

Fylgiskjal VII.

Sérálit Verkamannasambands Íslands á drögum að frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða.

(26. janúar 1990.)

Með drögum þeim að lögum um stjórn fiskveiða, sem meiri hluti ráðgjafarnefndar um mótun fiskveiðistefnu virðist hafa komið sér saman um, er ljóst að verið er að lögfesta um ófyrirséða framtíð eignarhald útgerðar á þessari þýðingarmestu auðlind þjóðarinnar.

Það er einnig deginum ljósara að nái frumvarpið fram að ganga í óbreyttri mynd, verða aflaheimildir komnar á hendur örfárra fjársterkra útgerðaraðila innan fárra ára. Fyrir sjómenn mun það þýða gífurlegan mismun á tekjum og fyrir fiskvinnslufólk atvinnumissi og byggðarröskun í meira mæli en áður hefur þekkst.

Verkamannasamband Íslands telur að verði drög þessi að lögum hafi ráðgjafarnefndin með öllu misst sjónar á upphaflegum tilgangi laganna eins og hann kemur fram í 1. gr., að nytjastofnarnir séu eign þjóðarinnar allrar og sem nýta beri af hagkvæmni og tryggja með því atvinnu og byggð í landinu.

Því leggur Verkamannasamband Íslands til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

2. mgr. 7. gr. orðist svo: 70% veiðiheimilda á þeim tegundum, sem heildarafli er takmarkaður af á hverjum tíma, skal úthlutað til einstakra skipa. Nefnist það aflahlutdeild skips.

Gerðar verði breytingar á frumvarpinu sem þörf er á til samræmis við þetta.

Ákvæði um fiskvinnslukvóta
sem felld verði inn í viðeigandi greinar frumvarpsins.
(26. janúar 1990.)

1. 30% veiðiheimilda á þeim tegundum, sem heildarafli er takmarkaður af á hverjum tíma, skal úthlutað til einstakra fiskvinnslustöðva. Nefnist það aflahlutdeild vinnslustöðva. Aflahlutdeild vinnslustöðvar skal einungis ráðstafa til vinnslu í viðkomandi fiskvinnslustöð, sbr. þó 4. gr.
2. Aflahlutdeild vinnslustöðva er fundin þannig að lagður er saman allur afli vinnslustöðva sem móttekinn var til vinnslu árin 1987, 1988 og 1989. Síðan er mótteknum afla einstakra fiskvinnslustöðva í þessi þrjú ár deilt upp í heildartöluna.
3. Nú hefur fiskvinnslustöð hætt starfsemi sinni án gjaldþrots fyrir árslok 1988 og skal þá reiknuð aflahlutdeild hennar fyrir árin 1987 og/eða 1988 bætast við aflahlutdeild þeirra fiskvinnslustöðva sem eftir eru í byggðarlaginu.
4. Ekki er vinnslustöð heimilt að selja eða fénýta aflahlutdeild sína á annan hátt en getið er um í 1. gr., en skipti á afla á jöfnu mega fara fram milli fiskvinnslustöðva í samráði við eða með vitneskju ráðuneytis.
5. Nú hættir fiskvinnslustöð starfsemi sinni og skal þá aflahlutdeild hennar renna til fiskvinnslustöðva sem fyrir eru í byggðarlaginu eftir sömu reglum og um getur í 2. gr. í samráði við ráðuneytið.
6. Verði fiskvinnslufyrirtæki gjaldþrota og nýtt fyrirtæki hefur rekstur með húsakosti og tækjum hins gjaldþrota fyrirtækis innan tveggja ára skal hið nýja fyrirtæki fá úthlutað aflahlutdeild þess fyrirtækis er gjaldþrota varð.
7. Leggist fiskvinnsla niður í byggðarlagi skal aflahlutdeild þess eða þeirra fiskvinnslustöðva, er hættu rekstri, skiptast milli fiskvinnslustöðva í viðkomandi landsfjórðungi eftir sömu reglum og um getur í 2. gr.
8. Heimildir til að flytja aflamark á milli fiskveiðiára skulu vera þær sömu hjá fiskvinnslustöðvum og um getur í 10. gr. laganna.

Verkamannasambandið telur að koma beri í veg fyrir sölu á óveiddum afla nema í sérstökum undantekningartilfellum og bendir á að þær hömlur á slíkri sölu, sem fram koma í tillögum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands um breytingar á 11. og 12. gr. laganna, væru rétt spor í þá átt.

Einnig gerir VMSÍ að tillögu sinni að í 16. gr. komi ný málsgrein á eftir 1. mgr. er hljóði svo: „Öllum fiski, sem fluttur er út í gámum, fylgi vigtarvottorð er tilgreini þyngd og fjölda tegunda í hverjum gámi."

Rökin fyrir því að bæta þessari málsgrein inn eru ærin. Eins og fram kom í umræðum í nefndinni fullyrti undirritaður að beitt væri skipulögðum þjófnaði á vog á erlendum fiskmörkuðum og virðast íslenskir seljendur sætta sig við 10% „rýrnun". Upplýsingar, sem ráðuneytið hafði undir höndum, sýndu „rýrnun" allt frá 4% í 27%.

Það má furðu gegna að hvorki seljendur né stjórnvöld virðast hafa gert minnstu tilraun til að leiðrétta það ranglæti, en fyrsta skrefið til að koma kvörtunum á framfæri er að hafa í höndunum staðfestingu á því að menn viti með nokkurri nákvæmni hvað þeir eru að senda frá sér.

Einnig vill VMSÍ benda á að óhóflegur útflutningur á óunnum fiski hefur þegar valdið umtalsverðu atvinnuleysi fiskvinnslufólks víðs vegar um land og telur Verkamannasambandið það ekki í anda laganna um fiskveiðistefnu að byggja upp atvinnulíf á Humber-svæðinu og í Norður-Þýskalandi meðan „eigendur" auðlindarinnar ganga um atvinnulausir.

Því leggur VMSÍ til að allur fiskur, sem fluttur er út óunninn en veginn hér á landi, taki á sig 15% álag, sbr. síðustu málsgrein 10. gr., en sé slíkur fiskur fluttur út óveginn taki hann á sig 25% álag.

Jón Kjartansson.

Fylgiskjal VIII.

Bókun Félags Sambandsfiskframleiðenda.

Undirritaður leggur fram svofellda bókun:

1. Ég mælist til þess að tillaga okkar Jóhanns A. Jónssonar, ásamt greinargerð sem lögð var fram á fundi nefndarinnar 11. desember 1989, verði lögð fram sem fylgiskjal II með þeim drögum að frumvarpi til laga sem hér liggja fyrir.
2. Margt hefur áunnist í starfi ráðgjafarnefndarinnar, t.d. a) að samkomulag hefur orðið um eina aðferð við úthlutun veiðiréttinda; b) að lög um fiskveiðistjórnun verði ótímabundin, en það gerir framkvæmd þeirra markvissari; c) að framsal veiðiréttinda verði með þeim hætti að líklegt er að fullt samræmi verði innan tíðar milli veiðigetu fiskiskipaflotans og þess afla sem ráðlegt verður að taka í hverjum tíma; d) að fiskveiðiárið verði frá september til ágúst.
3. Hins vegar skortir mjög á það jafnræði sem verður að vera milli greina innan sjávarútvegsins, svo mjög að ekki verður við unað þar sem fiskvinnsla og fiskvinnslufólk hefur nánast engin spil á hendi í samskiptum við útgerðina. Í öðru lagi er hvergi neitt að finna sem getur hamlað gegn hraðri og skipulagslausri röskun byggða. Þetta hvort tveggja leiðir líklega til þess, verði frumvarp byggt á þessum drögum að lögum, að framkvæmdarvaldið, einstakar stofnanir þjóðfélagsins og þingmenn einstakra kjördæma verði stöðugt að grípa inn í atburðarásina til þess að forða fólki frá atvinnu- og eignamissi.

Með fyrirvara um þessa veigamiklu annmarka og í trausti þess, að úr verði bætt annaðhvort áður en frumvarpsdrögin verða lögð fyrir Alþingi eða í meðförum þingsins, skrifa ég undir frumvarpsdrögin.

Reykjavík, 26. janúar 1990.
Árni Benediktsson.

Breytingartillögur við frumvarp til laga um stjórn fiskveiða lagðar fram af Jóhanni A. Jónssyni og Árna Benediktssyni.

7. gr. breytist.

Önnur málsgrein hefjist þannig: „70% veiðiheimilda á þeim tegundum, sem heildarafli er takmarkaður af á hverjum tíma, skal úthlutað til einstakra skipa. Nefnist það aflahlutdeild skips . . . „

Gerðar verði þær breytingar á frumvarpinu, sem þörf er á til samræmis við þetta.

Ákvæði um fiskvinnslukvóta sem verði felld inn í viðeigandi greinar frumvarpsins.

„30% veiðiheimilda á þeim tegundum, sem heildarafli er takmarkaður af á hverjum tíma, skal úthlutað til einstakra fiskvinnslustöðva. Nefnist það aflahlutdeild vinnslustöðva."

„Aflahlutdeild vinnslustöðva er fundin þannig að lagður er saman afli allra vinnslustöðva sem móttekin, var til vinnslu árin 1987, 1988 og 1989. Síðan er mótteknum afla einstakra fiskvinnslustöðva í þessi þrjú ár deilt upp í heildartöluna."

„Nú hefur fiskvinnslustöð hætt starfsemi sinni án gjaldþrots fyrir árslok 1988 og skal þá reiknuð aflahlutdeild hennar fyrir árin 1987 og/eða 1988 bætast við aflahlutdeild þeirra fiskvinnslustöðva sem eftir eru í byggðarlaginu.“

„Hafi fiskvinnslustöð orðið gjaldþrota á árunum 1988–1989 og sé starfsemi hafin í nýju fyrirtæki innan árs frá gildistöku laga þessara í fyrri húsakynnum hennar og með vélbúnaði hennar má úthluta nýja fyrirtækinu útreiknaða aflahlutdeild þeirrar stöðvar sem varð gjaldþrota.“

„Nú hættir fiskvinnslustöð starfsemi sinni og er henni þá heimilt að framselja aflahlutdeild sína varanlega til annarra fiskvinnslustöðva fyrir lok fiskveiðiárs. Að þeim tíma liðnum fellur réttur til aflahlutdeildar niður. Nú hefur fiskvinnslustöð orðið gjaldþrota og skal þá nýtt fyrirtæki, sem tekur til starfa í húsakynnum og með vélbúnaði hennar innan tveggja ára frá gjaldþroti, eiga rétt á aflahlutdeild hennar.“

„Fiskvinnslustöð er heimilt að afhenda aflahlutdeild sína til árs í senn, einu eða fleiri fiskiskipum, og er henni skylt að tilkynna sjávarútvegsráðuneytinu um afhendingu jafnóðum og hún fer fram og fá viðurkenningu fyrir. Ekki er heimilt að afhenda fiskiskipi aflahlutdeild nema til veiða fyrir viðkomandi fiskvinnslustöð. Afhenda má aflahlutdeild fiskiskipi, sem landar afla sínum á fiskmarkað, samkvæmt sérstökum samningi um viðskipti fiskvinnslustöðvarinnar við fiskmarkaðinn.“

„Fiskvinnslustöðvar geta sameinað aflahlutdeild sína varanlega og einnig má framselja aflahlutdeild öðrum fiskvinnslustöðvum varanlega. Sé fyrirhugað að framselja aflahlutdeild til annars byggðarlags hefur fiskvinnslustöð eða fiskvinnslustöðvar í byggðarlaginu forkaupsrétt. Sé fyrirhugað að sameina fiskvinnslustöð fyrirtæki í öðru byggðarlagi er skylt að bjóða fiskvinnslustöðvum í byggðarlaginu aflahlutdeildina á gangverði.“

„Heimilt er að flytja allt að 20% af aflamarki hverrar botnfisktegundar og aflamarki úthafsrækju frá einu fiskveiðiári yfir á það næsta. Á sama hátt er heimilt að flytja allt að 10% af aflamarki humars og síldar frá einu veiðitímabili til þess næsta.“

Bókun Jóhanns A. Jónssonar.
(25. janúar 1990.)

Fyrsta grein í drögum að frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða hljóðar svo:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru **sameign** íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og **hagkvæmri nýtingu** þeirra og tryggja með því **trausta atvinnu og byggð í landinu.**“

Í erindisbréfi nefndarinnar er eftirfarandi tekið fram:

„Nefndin skal m.a. **kanna áhrif laganna á afkomu og hagkvæmni í sjávarútvegi** og skynsamlega nýtingu fiskstofna. Einnig skal hún athuga tilhögun veiðiheimilda, **m.a. heimilda sem ekki eru bundin við skip.**“

Undirritaður álítur að lagafrumvarpið fullnægi ekki ofangreindum markmiðum.

Afleiðing þeirrar stefnu, sem í frumvarpsdrögunum felst, mun skapa stjórnvöldum mikla erfiðleika og leiðir af sér fólksflutninga samfara eignatjóni og félagslegum hörmungum.

Ég vísa til tillagna um fiskvinnslukvóta og umræðna um byggðakvóta sem fram fóru í nefndinni.

Þrátt fyrir góðan vilja margra nefndarmanna hefur nefndin ekki borið gæfu til að vinna störf sín í samræmi við erindisbréf og yfirlýst markmið draganna eins og kemur fram í fyrstu grein þeirra.

Samkvæmt ofanrituðu get ég ekki samþykkt frumvarpsdrögin eins og þau liggja fyrir og tekið þannig ábyrgð á þeim afleiðingum sem þau munu skapa þjóðinni allri og þó sérstaklega landsbyggðinni sem byggir mest alla afkomu sína á sjávarútvegi.

Fylgiskjal IX.

Stjórn fiskveiða.
Hugmyndir til að samræma sjónarmið, drög lögð fram á fundi til kynningar.
(21. apríl 1990.)

1. **Byggðamál og leiga veiðiheimilda.** Fram hafa komið sjónarmið um að enda þótt nauðsynlegt sé að tryggja möguleika á þróun í útgerð og fiskvinnslu, ber að taka í meira mæli en gert hefur verið tillit til hagsmuna einstakra útgerðarstaða sem af einhverjum ástæðum standa höllum fæti. Í frumvarpinu er komið til móts við þessi sjónarmið með því að kveða á um tilkynningarskyldu við sölu á skipi eða veiðiheimildum. Hugmyndir um forkaupsrétt við sölu skips úr byggðarlagi virðast ekki geta náð tilgangi sínum vegna þess hversu auðvelt er að sniðganga þær. Sama á við um hugmyndir um að ákveðinn hluti veiðiheimilda verði eftir við sölu skips úr byggðarlagi. Lagt er til að Úreldingarsjóður verði efldur og honum ætlað stærra hlutverk en gert er í því frumvarpi sem nú er til umfjöllunar í Ed., m.a. varðandi byggðamál. Sjóðnum verði árlega fengnar til ráðstöfunar aflaheimildir er nema helmingi þeirra aflaheimilda sem ekki nýttust árið á undan vegna skerðingar á aflamarki við ísfiskútflutning. Verði verulegt atvinnuleysi í byggðarlagi vegna sölu fiskiskipa milli útgerðarstaða er stjórn sjóðsins að fenginni umsögn stjórnar Byggðastofnunar heimilt að bjóða til leigu hluta þessara veiðiheimilda gegn því skilyrði að aflanum verði landað til vinnslu á viðkomandi stað. Er í þessum tilvikum heimilt að víkja frá ákvæðum 7. gr. frumvarpsins um Úreldingarsjóð varðandi verðlagningu veiðiheimilda sé þess þörf. Þær aflaheimildir, sem ekki verður ráðstafað til að mæta staðbundnum vandamálum með ofangreindum hætti, skal stjórn sjóðsins leigja hæstbjóðanda samkvæmt reglum 2. mgr. 7. gr. Úreldingarsjóðsfrumvarpsins. Þessar ráðstafanir verða gerðar með breytingum á frumvarpi til laga um Úreldingarsjóð fiskiskipa.
2. **Tómstundaveiðileyfi.** Lagt er til að skilyrðum frumvarpsins til að fá leyfi til fiskveiða í atvinnuskyni verði haldið óbreyttum sem og skilgreiningu á veiðum í atvinnuskyni og tómstundaveiðum en niður verði fellt ákvæðið um að sérstakt leyfi þurfi til að stunda tómstundaveiðar.
3. **Framkvæmd.** Þær miklu breytingar sem orðið hafa á útgerðarháttum og stjórn fiskveiða á undanförnum árum hafa stóraukið þau verkefni sem stjórnsýslunni er falið að leysa á sviði upplýsingaöflunar og úrvinnslu eftirlits og stjórnunar. Þessi verkefni hafa verið leyst af þeim stofnunum sem fyrir voru án verulegra breytinga á mannafla eða tilkostnaði. Enda þótt þessi lausn hafi verið skynsamleg og sé tvímælalaust ódýrust er ljóst að æskilegt er að gera ýmsar endurbætur á skipulagi stjórnsýslu á sjávarútvegssviðinu. Hins vegar hafa allar slíkar breytingar óhjákvæmilega nokkurn kostnaðarauka í för með sér. Í tengslum við umfjöllun um frumvarp um stjórn fiskveiða hafa einkum þrjár hugmyndir í þessu efni verið ræddar.

   a. Að sett verði á fót sérstök stofnun er annist m.a. útgáfu veiðileyfa, öflun og skráningu upplýsinga, almennt veiðieftirlit og úrskurði um upptöku ólöglegs sjávarafla. Stofnun þessi (Fiskveiðistofnun) taki við hlutverki veiðieftirlits sjávarútvegsráðuneytisins, hluta af öðrum verkefnum ráðuneytisins, skýrslusöfnun og úrvinnslu Fiskifélags Íslands, rekstri tölvumiðstöðvar Hafrannsóknastofnunar og skráningu og vinnslu ýmissa gagna er nú á sér stað á Hafrannsóknastofnun. Störf við stofnunina yrðu nálægt 35–40. Frá ráðuneyti flyttust 2–4 starfsmenn og 21 veiðieftirlitsmaður, frá Fiskifélagi flyttust 3–5 starfsmenn og frá Hafrannsóknastofnun 2–4 starfsmenn. Bæta þyrfti við

5–10 nýjum stöðugildum. Sé talið rétt að fara þessa leið má kveða á um það í III. kafla frumvarpsins um stjórn fiskveiða.

b. Að endurskoða í heild lögin um upptöku ólötmæts sjávarafla. Slík endurskoðun er nokkuð tímafrek og því óraunhæft að ætla að afgreiða ný lagaákvæði um þetta efni í heild sinni á þessu þingi. Í tengslum við afgreiðslu frumvarpsins um stjórn fiskveiða gæti sjávarútvegsráðherra hins vegar lýst því yfir að frumvarp um þetta efni verði lagt fyrir Alþingi þegar á næsta hausti.

c. Að kveða á um að úrskurðir um upptöku á ólögmætum sjávarafla skuli uppkveðnir af þriggja manna nefnd er sjávarútvegsráðherra skipi og að úrskurðir nefndarinnar séu fullnaðarúrskurðir innan stjórnsýslukerfisins. Sjávarútvegsráðuneytið annist áfram eftirlit og geri kröfur um upptöku til nefndarinnar. Ákvæði um slíka nefnd mætti hugsanlega stinga inn í III. eða IV. kafla frumvarpsins um stjórn fiskveiða enda þótt slík lagasmíð sé óneitanlega mjög klúðursleg.

4. **Framsal aflaheimilda.** Lagt er til að framsal aflaheimilda verði háð því skilyrði að það fiskiskip sem framselt er til hafi fyrir aflahlutdeild af þeirri tegund sem framseld er. Ráðherra verði heimilt að víkja frá þessu skilyrði að fenginni umsögn samráðsnefndar.
5. **Hagkvæmnisathugun.** Lagt er til að við frumvarpið verði bætt ákvæði til bráðabirgða þar sem sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands verði falið að gera úttekt á mismunandi kostum við stjórn fiskveiða og hagkvæmni þeirra. Skýrsla stofnunarinnar skal lögð fyrir sjávarútvegsnefndir Alþingis fyrir árslok 1991.
6. **Smábátar.** Lagt er til að smábátar er bætast í flotann á árinu 1990 án þess að sambærilegir bátar séu úreltir fái aflahlutdeild er svari til meðalaflahlutdeildar báta í sama stærðarflokki. Um aflahlutdeild þessara báta gilda sömu reglur og um aflahlutdeild annarra skipa að öðru leyti en því að framsal hennar er óheimil í fimm ár frá gildistöku laganna með sama hætti og varðar framsal aflahlutdeildar stærri skipa sem rekja má til uppbótar, sbr. 4. mgr. 11. gr. Aflahlutdeild þeirra báta teljist ekki með við ákvörðun aflahlutdeildar annarra smábáta skv. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II.

Fylgiskjal X.

Ályktun FFSÍ um stjórn fiskveiða,
undirrituð af fulltrúa þess, Guðjóni A. Kristjánssyni.

Stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands samþykkir ekki frumvarp til nýrra laga um stjórn fiskveiða eins og það birtist í drögum 20. janúar 1990.

Helsta ástæða fyrir þessari afstöðu FFSÍ er sú að í frumvarpsdrögunum er gert ráð fyrir sölu á óveiddum fiski sem mun leiða af sér byggðaröskun, misvægi milli einstakra útgerðarflokka, t.d. báta og togara, og aukinn tekjumun milli sjómanna. Þá vill FFSÍ benda á það ósamræmi í frumvarpinu og reyndar í gildandi lögum um stjórn fiskveiða sem felst í því ákvæði sem segir að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign þjóðarinnar á sama tíma og einstakir handhafar veiðiréttar hafa umtalsverðar tekjur af sölu á óveiddum fiski.

FFSÍ hefur algjörlega hafnað hugmyndum um sölu á óveiddum fiski í fyrri samþykkt 28. nóvember sl. Í sömu samþykkt var jafnframt bent á leiðir sem gætu dregið verulega úr viðskiptum á óveiddum fiski.

FFSÍ harmar hversu lítil umfjöllun hefur verið í ráðgjafarnefndinni um þetta mikilvæga atriði í frumvarpsdrögunum og þá sérstaklega um þær afleiðingar sem óheft sala á óveiddum fiski getur haft í för með sér bæði fyrir einstaklinga og þjóðarbúið í heild.

FFSÍ lýsir eindregnum vilja til að finna lausn á því vandamáli sem sala á óveiddum fiski er í dag og gæti orðið í framtíðinni og er því reiðubúið til að vinna að frekari útfærslum eða hugmyndum sem gætu leitt til farsællar lausnar á þessu vandasama máli.

Fylgiskjal XI.

Bókun Óskars Vigfússonar, fulltrúa Sjómannasambands Íslands, í ráðgjafarnefnd um mótun fiskveiðistefnu.

Fulltrúi Sjómannasambands Íslands vill með þessari bókun árétta ályktun formannafundar Sjómannasambands Íslands frá 8. desember sl. varðandi sölu á aflakvótum skipa, en þar segir:

„Formannafundur SSÍ er mótfallin hvers konar sölu á aflakvótum skipa eins og áður hefur komið fram í ályktunum frá Sjómannasambandinu. Fundurinn fellst á að heimilt sé að flytja aflaheimildir milli skipa sömu útgerðar og milli skipa innan sama byggðarlags. Jafnframt fellst formannafundurinn á að heimilt sé að skipta á veiðiheimildum einstakra tegunda enda sé um jöfn skipti að ræða. Að öðru leyti verði sala aflaheimilda bönnuð."

Þau drög að frumvarpi til laga um stjórnun fiskveiða, sem nú liggja fyrir, eru málamiðlun. Fulltrúi SSÍ er tilbúinn til að standa að drögunum þó svo að ýmislegt í þeim falli ekki að þeim skoðunum sem ríkjandi eru innan Sjómannasambands Íslands.

Fylgiskjal XII.

Bókun fulltrúa Landssambands smábátaeigenda, Arthurs Bogasonar, á fundi ráðgjafarnefndar um mótun fiskveiðistefnu.

(26. janúar 1990.)

Landssamband smábátaeigenda fellst í megindráttum á fram kominn texta er lagður var fyrir ráðgjafarnefnd um fiskveiðistefnu 23. janúar 1990 er varðar fyrirkomulag um veiðar smábáta frá og með árinu 1991. Er það gert í trausti þess að eftirfarandi atriði verði leiðrétt:

1. Vegna ýmissa óvissuþátta hvað varðar málefni grásleppusjómanna telur LS nauðsynlegt að í stað sjálfvirkrar yfirfærslu í kvótakerfi, fari 0–6 brl. hópurinn fram úr áðurgreindum viðmiðunarmörkum, verði sett endurskoðunarákvæði þar sem þessi óvissa verði vegin inn. Þá verði málefni grásleppubáta, sem háðir eru aflahámörkum, tekin til sérstakrar meðferðar verði verulegar breytingar á tekjuöflun þeirra af grásleppuveiðum.
   Til greina komi að meta grásleppuveiðar sem sérveiðar.
2. Þeir nýju bátar sem eru á leið inn í 0–9.99 brl. flokkinn skaði hvorki það svigrúm sem 0–6 brl. hópurinn hefur né áunna aflahlutdeild 6–9.99 brl. hópsins og á þeirra málefnum verði tekið sérstaklega.

Landssamband smábátaeigenda ítrekar fyrri afstöðu sína hvað varðar framsalsrétt veiðiheimilda og hafnar varanlegu framsali milli smábáta og stærri skipa.

Fylgiskjal XIII.

Umsögn Fjórðungssambands Norðlendinga.

Sjávarútvegsnefnd
efri deildar Alþingis.

Ekki voru tök á því að taka fyrir bréf yðar, dagsett 23. febrúar sl., varðandi umsögn um frumvarp til laga um fiskveiðistjórnun fyrr en á fjórðungsstjórnarfundi 14. þ.m.

Umsögn fjórðungsstjórnar er eftirfarandi:

„Fjórðungsstjórn harmar það að hafa ekki átt kost á lengri tíma til samráðs við aðila í Norðurlandi um umsögn varðandi frumvarp um stjórn fiskveiða. Af þessum ástæðum treystir fjórðungsstjórn sér ekki til að láta í té umsögn um einstakar greinar þess.

Fjórðungsstjórn telur ljóst að fyrirliggjandi frumvarp muni ekki bæta mest áberandi galla núverandi fiskveiðikerfis og fiskveiðistjórnunar. Það er ljóst að sú verslun, sem á sér stað um fiskveiðiheimildir milli einstakra aðila og veiðistöðva, er að skapa forréttindi vissra aðila um að höndla með sérréttindi. Þetta hefur iðulega stefnt atvinnulífi einstakra byggða í tvísýnu og í mörgum tilvikum stuðlað að byggðarröskun heilla byggðarlaga.

Fjórðungsstjórn leggur á það ríka áherslu að með fiskveiðistjórnun verði tekið tillit til skynsamlegrar jöfnunar byggðar í landinu og atvinnuhagsmuna landsbyggðar í samræmi við hagsmuni þjóðarinnar.

Fjórðungsstjórn bendir á að miða verði úthlutun fiskveiðiheimilda jafnhliða við hagsmuni sjávarbyggðanna, fiskvinnslunnar og afkomu verkafólksins í landinu.

Fjórðungsstjórn skorar á þingnefndina að endurskoða frumvarpið, og að sett verði skýlaus ákvæði um byggðarlega úthlutun fiskveiðiheimilda þannig að stjórnun fiskveiðanna stuðli að búsetujöfnun sjávarbyggðanna."

Þess er vænst að umsögnin berist það tímanlega að hún verði höfð til hliðsjónar hjá nefndinni.

F.h. Fjórðungssambands Norðlendinga.
Áskell Einarsson.

Fylgiskjal XIV.

Umsögn Vinnuveitendafélags Vestfjarða.

Sjávarútvegsnefnd
efri deildar Alþingis.

Vinnuveitendafélag Vestfjarða hefur fengið sent til umsagnar frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 352. mál, sem nýlega var lagt fram í efri deild Alþingis.

Fjórðungssamband Vestfirðinga efndi til atvinnumálafundar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði 8. september sl. og var félagið aðili að þeim fundi, ásamt fjölmörgum öðrum aðilum atvinnulífsins. Í ályktun fundarins segir m.a.:

„Kvótakerfinu var ætlaður margþættur tilgangur. Það átti öðru fremur að tryggja, að heildaraflinn færi ekki fram úr viðmiðunarmörkum stjórnvalda, koma í veg fyrir stækkun fiskiskipastólsins og treysta stöðu landsbyggðarinnar. Allt þetta hefur í stórum dráttum mistekist. Botnfiskaflinn hefur á hverju ári verið fjarri viðmiðunarmörkum, fiskiskipastóllinn hefur stækkað með ári hverju og staða landsbyggðarinnar er nú veikari en nokkru sinni fyrr.

Það er nú eitt mesta hagsmunamál sjávarútvegsins og landsbyggðarinnar að meiri stöðugleiki sé í atvinnugreininni en verið hefur á þessum áratug þegar þorskaflinn hefur sveiflast frá 469 þús. lestum árið 1981 í 284 þús. lestir árið 1984, og nú leggur Hafrannsóknastofnun til 250 þús. lesta afla næstu tvö árin eða nærri þriðjungs minnkun frá meðaltali seinustu tíu ára. Það er minni þorskafli en verið hefur á Íslandsmiðum allt frá árinu 1947. *Þessi óstöðugleiki er meiri en svo að nokkur atvinnuvegur geti búið við og kallar á gjörbreytta aðferð við ákvörðun heildarafla.*

Fundurinn telur því nauðsynlegt að nú þegar verði horfið frá þessari stefnu og ákvörðun heildarafla tekin til lengri tíma þannig að fiskveiðistefnan tryggi betur atvinnuöryggi allra þeirra sem við þennan atvinnuveg starfa. Seinasta áratuginn hefur meðalafli botnlægra fisktegunda verið um 670 þús. lestir á ári, 370 þús. lestir af þorski og 300 þús. lestir af öðrum tegundum. Fundurinn leggur því til að næstu 5 árin verði leyfilegur ársafli miðaður við þessa reynslu og árlega leyft að veiða 320–380 þúsund lestir af þorski og 280–320 þús. lestir af öðrum botnlægum fisktegundum, eftir ástandi fiskistofnanna á hverjum tíma. *Með þessu móti væri tekið tillit til líffræðilegra og efnahagslegra sjónarmiða við nýtingu fiskistofnanna um leið og leitast væri við að tryggja eðlileg starfsskilyrði í atvinnugreininni sjálfri.*"

Vinnuveitendafélag Vestfjarða fær ekki séð að það frumvarp um stjórn fiskveiða, sem nú hefur verið lagt fram, taki á nokkurn hátt á þeim vandamálum sem hér er bent á. Verði það samþykkt óbreytt bendir allt til að sama öryggisleysið verði áfram ríkjandi hjá þeim, sem við þessa atvinnugrein starfa, og staða landsbyggðarinnar haldi áfram að versna.

Í 9. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að ef meiri en 20% samdráttur (miðað við að meðaltal fimm síðustu ára) verði í aflatekjum milli veiðitímabila af veiðum á öðrum tegundum sem sæta ákvæðum um leyfilegan heildarafla en botnfiski og úthafsrækju sé ráðherra heimilt að skerða eða auka tímabundið botnfiskaflamark þeirra fiskiskipa sem aflahlutdeild hafa af þeirri tegund sem breytingum sætir.

Þessi grein frumvarpsins er í beinni mótsögn við tilgang frumvarpsins um hámörkun þjóðhagslegs hagnaðar af fiskveiðunum. Það er augljóst mál að því hlýtur að fylgja verulegur kostnaðarauki að búa viðkomandi sérveiðiskip til botnfiskveiða, enda hefur t.d. verulegur hluti loðnuskipanna selt þann botnfisk- og rækjukvóta sem þau hafa fengið á liðnum árum. Þessi heimild er því líkleg til að skerða enn frekar aflaheimildir botnfiskskipanna en orðið er.

Í stað þessarar greinar væri eðlilegra að skip sem stunda sérveiðar greiði í sinn eigin aflatryggingarsjóð sem hægt væri að grípa til þegar aflabrestur verður.

Við leyfum okkur að vænta þess að tekið verði tillit til framanritaðra sjónarmiða við afgreiðslu málsins á Alþingi.

Virðingarfyllst,
Jón Páll Halldórsson,
formaður.

Ályktun um atvinnumál á fundi á Ísafirði.
(8. september 1989.)

Atvinnumálafundur Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði 8. september 1989, telur að horfur í atvinnumálum fjórðungsins séu nú alvarlegri en um langt árabil.

Meginorsök þess vanda er stöðugur aflasamdráttur á seinustu árum, en atvinnulíf á Vestfjörðum er mun háðara sjávarafla heldur en í öðrum landshlutum þar sem 37% alls vinnuafls í fjórðungnum starfar við fiskveiðar og fiskvinnslu þegar þetta hlutfall er 13% á landinu í heild. Þá hefur efnahagsstefna undangenginna ára verið skaðleg útflutnings- og samkeppnisgreinum og flutt fjármagnið frá þeim og landsbyggðinni og þannig veikt atvinnulíf þessara byggðarlaga.

Enginn landshluti er háðari veiðum botnlægra fisktegunda og rækju en Vestfirðir. Á sama tíma og samdráttur hefur orðið í þessum stofnum, hefur veiði og vinnsla annarra tegunda haft afgerandi þýðingu fyrir önnur byggðarlög. Þetta hefur með öðru orðið til að rýra hlut Vestfirðinga í nýtingu sjávarafla síðan kvótakerfi í botnfiskveiðum og rækju var tekið upp.

Kvótakerfinu var ætlaður margþættur tilgangur. Það átti öðru fremur að tryggja að heildaraflinn færi ekki fram úr viðmiðunarmörkum stjórnvalda, koma í veg fyrir stækkun fiskiskipastólsins og treysta stöðu landsbyggðarinnar. Allt þetta hefur í stórum dráttum mistekist. Botnfiskaflinn hefur á hverju ári verið fjarri viðmiðunarmörkum, fiskiskipastóllinn hefur stækkað með ári hverju og staða landsbyggðarinnar er nú veikari en nokkru sinni fyrr.

Það er nú eitt mesta hagmsunamál sjávarútvegsins og landsbyggðarinnar að meiri stöðugleiki sé í atvinnugreininni en verið hefur á þessum áratug þegar þorskaflinn hefur sveiflast frá 469 þús. lestum árið 1981 í 284 þús. lestir árið 1984, og nú leggur Hafrannsóknastofnun til 250 þús. lesta afla næstu tvö árin eða nærri þriðjungs minnkun frá meðaltali seinustu tíu ára. Það er minni þorskafli en verið hefur á Íslandsmiðum allt frá árinu 1947. Þessi óstöðugleiki er meiri en svo að nokkur atvinnuvegur geti búið við og kallar á gjörbreytta aðferð við ákvörðun heildarafla.

Fundurinn telur því nauðsynlegt að nú þegar verði horfið frá þessari stefnu og ákvörðun um heildarafla tekin til lengri tíma þannig að fiskveiðistefna tryggi betur atvinnuöryggi allra þeirra sem við þennan atvinnuveg starfa. Seinasta áratuginn hefur meðalafli botnlægra fisktegunda verið um 670 þús. lestir á ári, 370 þús. lestir af þorski og 300 þús. lestir af öðrum tegundum. Fundurinn leggur því til að næstu fimm árin verði leyfilegur ársafli miðaður við þessa reynslu og árlega leyft að veiða 320–380 þús. lestir af þorski og 280–320 þús. lestir af öðrum botnlægum fisktegundum, eftir ástandi fiskstofnanna á hverjum tíma. Með þessu móti væri tekið tillit til líffræðilegra og efnahagslegra sjónarmiða við nýtingu fiskstofnana um leið og leitast væri við að tryggja eðlileg starfsskilyrði í atvinnugreininni sjálfri.

Fundurinn bendir á að áður en kvótaskipting var tekin upp í úthafsrækjuveiðum, var 30–35% heildaraflans unnin á Vestfjörðum. Eftir að kvótaskipting var tekin upp í þessum veiðum eru veiðiheimildir vestfirskra skipa aðeins 6% af leyfilegum heildarafla.

Jafnframt telur fundurinn nauðsynlegt að markvisst sé stefnt að því að vinna sig út úr viðjum kvótakerfisins. Verði það hins vegar framlengt þegar núverandi löggjöf um stjórnun fiskveiða fellur úr gildi í árslok 1990 er nauðsynlegt að breyta því í veigamiklum atriðum. Í því sambandi er brýnt að skipunum verði heimilað að vinna sér inn nýja reynslu vegna margþættra breytinga sem orðið hafa á allri útgerð frá viðmiðunarárunum 1981–1983. Sýnt er einnig að ekki verður komist hjá því að tengja veiðiheimildir með einhverjum hætti útgerð og fiskvinnslu til þess að tryggja atvinnuöryggi sjómanna og fiskvinnslufólks og koma í veg fyrir

að hægt sé að kaupa upp aflaheimildir heilla byggðarlaga og svipta þessa aðila þannig atvinnu sinni í einu vetfangi.

Fundurinn felur stjórn Fjórðungssambandsins að leita allra leiða til að endurheimta þá hlutdeild Vestfirðinga sem þeir höfðu áður en kvótakerfið var tekið upp.

Fylgiskjal XV.

Umsögn verkalýðsfélagsins Baldurs.

Fundur í verkalýðsfélaginu Baldri 16. febrúar 1990 skorar á sjávarútvegsráðherra og Alþingi að tryggja atvinnuöryggi og lífsafkomu fiskvinnslufólks þegar ný lög verða sett um stjórnun fiskveiða í íslenskri lögsögu.

Í núverandi lögum og í nýjum drögum að frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða er hvergi tekið hið minnsta tillit til hagsmuna fiskvinnslufólks og réttur þess til íhlutunar um ráðstöfun á þessari sameign allrar þjóðarinnar að engu hafður.

Fundurinn krefst réttlætis og jafnréttis í þessu mikla hagsmunamáli vinnandi fólks.

Fylgiskjal XVI.

Athugasemdir stjórnar Vinnuveitendafélags Breiðafjarðar.

Stjórn Vinnuveitendafélags Breiðafjarðar vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 352. mál.

1. Við teljum jákvætt að fella niður sóknarmark.
2. Við viljum afnema kvótasölur frá bátum til togara en erum sammála kvótafærslum milli allra á jöfnum verðmætum. Núverandi færsla til togara frá bátaflotanum stefnir í stórhættu. Við viljum því binda hlutföll þannig að bátar og togarar skipti jöfnu í þorskígildum.
3. Útflutningskvóti komi á hvert skip í hlutfalli við þeirra þorskígildi og verði hann framseljanlegur.
4. Þriðja málsgrein 11. gr.: „Hyggist útgerð selja fiskiskip“ o.s.frv. falli niður. Þessi auglýsingastarfsemi í Lögbirtingablaðinu eykur á þenslu blaðsins og enn þá meira á uppboðsmarkaði kvótabáta.
5. Öll kvótaskerðing vegna útflutnings í gámum og skipum verði notuð sem verðlaun til heimalöndunarbáta.
6. Ráðherravaldið samkvæmt þessum lögum er allt of mikið afl í stjórn veiðanna. Hörpudisksbátar hafa orðið fyrir mikilli skerðingu vegna þessa.
7. Við teljum timabært að afnema ráðherravaldið og færa veiðistjórnina til Fiskifélagsins.

Í stjórn Vinnuveitendafélagsins:
Soffanías Cecilsson, Grundarfirði,
Ólafur Rögnvaldsson, Hellissandi,
Ólafur Gunnarsson, Ólafsvík.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Vinnuveitendafélags Breiðafjarðar,
Soffanías Cecilsson.

Fylgiskjal XVII.

Umsögn Útvegsmannafélags Snæfellsness.

Almennur félagsfundur í Útvegsmannafélagi Snæfellsness sem haldinn var í Grundarfirði 22. apríl skorar á alþingismenn Vesturlandskjördæmis að taka eftirfarandi atriði til greina við afgreiðslu frumvarps um fiskveiðistjórnun.

Fundurinn leggur þunga áherslu á að frumvarpið um stjórn fiskveiða fái afgreiðslu á yfirstandandi þingi.

Fundurinn mótmælir harðlega hugmyndum um sölu veiðileyfa í hverri mynd sem það nefnist. Líta útvegsmenn svo á að sala veiðileyfa sé skattur og er því búið að opna fyrir möguleika á enn frekari veltuskatti á útgerð. Eins og alþingismenn vita hefur afkoma í sjávarútvegi ekki verið viðunandi á síðustu árum. Hér við Breiðafjörð hefur bátaútgerð gengið mjög illa á síðustu árum. Við ríkjandi ástand er ekki hægt að ætlast til að bátaútvegsmenn hér við fjörðinn keppi um kaup á veiðileyfum við t.d. frystitogara eða þá stórar togaraútgerðir. Annað atriði í þessu sambandi er að nú dag er aðstöðugjaldsprósenta orðin mjög misjöfn eftir sveitarfélögum. Á Reykjavíkursvæðinu er hún t.d. mun lægri en hér á Snæfellsnesi. Í framtíðinni munu stórar útgerðir flytja sig þangað sem ódýrast er að gera út og vera þannig betur samkeppnisfærir um kaup á veiðileyfum ef sá háttur yrði upptekinn.

Fundurinn telur það mikla réttlætiskröfu að bátar af sambærilegri stærð og gerð hafi svipaðan kvóta. Þannig að ákvæði til bráðabirgða II þar sem lagðar eru til sóknarmarksuppbætur fyrir þau skip, sem eru fyrir neðan meðallag í sínum flokki, verði ekki hærri en nú er gert ráð fyrir í frumvarpinu, t.d. 80% bætur í staðinn fyrir 40% eða 60% bætur fyrir lakari skipin en 20% dreifist á öll skip. Þetta er mikið atriði fyrir okkur Snæfellinga þar sem flest okkar skip eru fyrir neðan meðallag í sínum sóknarmarksflokki þar sem viðmiðunarár 1981–1983 voru mjög léleg hér í Breiðafirði.

Útvegsmenn á Snæfellsnesi hafa verulegar áhyggjur af óeðlilegri röskun á milli skipaflokka og er sú þróun mjög varasöm.

Fundurinn leggur áherslu á að fjölgun smábáta verði stöðvuð nú þegar og þeir fái ekki aukna hlutdeild í heildarbotnfiskaflanum. Útvegsmenn sætta sig engan veginn við að smábátar megi veiða úr sameiginlegum kvóta og skerði þar með veiðiheimildir annarra skipaflokka verulega. Einnig að þeir smábátar sem nú eru í smíðum minnki ekki á nokkurn hátt veiðiheimildir báta og togara.

Að lokum skal ítrekuð sú samþykkt fundarins að lög um fiskveiðistjórnun verði samþykkt á þessu þingi. Það er algerlega óþolandi fyrir aðila í útgerð að vita ekki hvað er framundan í þessum málum.

Virðingarfyllst,
f.h. Útvegsmannafélags Snæfellsness,
Guðmundur Kristjánsson
formaður.

Fylgiskjal XVIII.

Ályktun aðalfundar Félags Sambandsfiskframleiðenda.

Aðalfundur Félags Sambandsfiskframleiðenda, haldinn í Reykjavík miðvikudaginn 25. apríl 1990, lýsir yfir ánægju með að náðst hefur samkomulag um fjölmarga veigamikla þætti um stjórn fiskveiða eins og fram kemur í frumvarpi til laga því sem nú liggur fyrir Alþingi.

Þar má til nefna að stjórnað verði með einni aðferð, án undantekninga og að lögin verði ótímasett. Þetta er að okkar mati grundvöllur þess að markmiðin um rekstarhagkvæmni fiskveiðiflotans náist eins og að er stefnt.

Hins vegar hefur ekki náðst samkomulag um ákvæði sem tryggi rekstrarhagkvæmni fiskvinnslunnar en það er ekki síður mikilvægt. Þá skortir í frumvarpið öll ákvæði um jafnræði innan sjávarútvegsins, en það getur leitt til ófyrirsjáanlegrar röskunar á byggð í landinu og atvinnuöryggi.

Þess vegna skorar aðalfundurinn á háttvirt Alþingi að samþykkja fiskvinnslukvóta í samræmi við þær hugmyndir sem lagðar voru fram í ráðgjafarnefndinni um fiskveiðistjórn.

Fylgiskjal XIX.

Bókun hreppsnefndar Presthólahrepps.

Á fundi sínum í fyrrakvöld samþykkti hreppsnefnd Presthólahrepps svohljóðandi bókun:

„Við skorum á þingmenn að taka fullt tillit til byggðasjónarmiða við gerð nýrra laga um stjórnun fiskveiða.

Enn fremur að tryggður verði áfram tilveruréttur smábáta og línu- og handfæraveiðar verði gefnar frjálsar á bátum undir 6 tonnum."

Virðingarfyllst,
Ingunn S. Svavarsdóttir.

Fylgiskjal XX.

Lausleg endursögn á færeyskri skýrslu um útgerð.
(Upprit um fiskivinnuna).

(Þýðingar einstakra hugtaka kunna að orka tvímælis,
en engin tök voru á nánari könnun á svo skömmum tíma.)

Erfiðleikar í útgerð hafa vaxið ár frá ári, að nokkru vegna viðskiptanna við markaðslöndin og að nokkru vegna breyttra atvinnuhátta í aðalatvinnugrein okkar. Sambandið milli

einkarekstrar og landskassans verður sífellt óljósara. Stundum er örðugt að segja hver hefur ákvörðunarrétt og ber ábyrgð.

Þetta breytta samband kemur fram á flestum sviðum greinarinnar, hvort sem rætt er um skipasmíði, rekstur, fisksölu, stuðning eða fiskverð.

Samstarfsnefnd landsstjórnarinnar hefur lengi unnið að breyttri skipan og leggur nú fram nokkrar tillögur um breytingar sem geta smám saman bætt samskiptin. Tilgangurinn er:

— að fá gleggri mörk í samskiptum atvinnulífsins og landskassans,
— að skapa atvinnuveginum svo góð kjör sem unnt er, jafnframt því sem meiri ábyrgð er lögð á atvinnulífið,
— að ýta undir að veiddur fiskur fái bestu meðferð á sjó og landi þannig að hærra verð fáist fyrir útflutningsvöruna,
— að veiðiflotinn verði hæfilegur eftir því sem unnt er,
— að móta samskipti í greininni og samfélaginu í heild eftir markaðsverði á útflutningsvöru okkar, og
— að ýta undir að atvinnuvegurinn styrkist þegar vel árar svo að hann sé fær um að taka við áföllum sem koma við og við án hjálpar af almannafé.

Með þetta í huga hefur nefndin komið sér saman um eftirfarandi:

1. Útgerðarráð og starfsnefnd útgerðarinnar.

Nefndin telur brýnt að útgerð og stjórnvöld skýri sjónarmið sín og fyrirætlanir og að fast samstarf komist á um það. Landsstjórnin mu því leggja fyrir þingið tillögu um að breyta útgerðarráði á þessa leið:

Útgerðin velur þrettán fulltrúa ýmissa hagsmuna og veiðiaðferða. Ráðið kýs sér sjálft formann og varaformann. Það skal halda fund minnst tvisvar á ári. Landsstjórnin leggur mikilsverð sjávarútvegsmál fyrir útgerðarráðið til athugunar, og það getur einnig af eigin hvötum tekið mál til meðferðar. Ráðið sendir landsstjórninni skýrslu eigi sjaldnar en einu sinni á ári, þar sem öll sjónarmið koma fram.

Þar að auki verður kosin starfsnefnd útgerðarinnar með fimm mönnum sem mega ekki eiga sæti í útgerðarráði. Útgerðarráð velur fjóra og landsstjórnin einn í starfsnefndina og er hann formaður. Starfsnefndin getur komið sem áheyrnarfulltrúar á fundi útgerðarráðs. Landsstjórnin skipar sama skrifara fyrir útgerðarráð og starfsnefndina. Starfsnefndin er milliliður milli landsstjórnarinnar og útgerðarráðs. Landsstjórnin leggur tillögur um lög, tilkynningar, reglugerðir og þess háttar fyrir starfsnefndina.

2. Samsetning og úrelding veiðiflotans.

Yfirleitt eru menn sammála um að veiðiflotinn við Færeyjar sé of stór. Afleiðingar eru:

— að fiskistofnarnir verða fyrir of miklu álagi,
— að skipin fá of lítinn hlut en vera ætti, og
— að fjárhagur þeirra er þrengri en þyrfti.

Til að bæta úr þessu væri best að minnka veiðigetuna um 20–25%. Ef úthafstogurunum er um leið breytt til að verka aflann um borð verður þar þörf fyrir þann mannskap sem losnar. Slík breyting er þó háð því að annar fiskur fáist handa þeim vinnslustöðvum sem til þessa hafa verkað afla úr úthafstogurum.

Koma verður málum þannig fyrir að veiðigetan minnki. Landsstjórnin mun því leggja fyrir þingið tillögu um nýjar reglur um úreldingarstyrk.

Fé hefur verið veitt til úreldingar á fjárlögum í mörg ár. 73 milljónir króna hafa verið samþykktar í úreldingarstyrk samkvæmt reglum sem landsstjórnin og fjárhagsnefnd settu.

Eftir þessum reglum fengu Realkredittstovnurin og Fiskaríbankinn lánið endurgreitt að fullu, en aðrir fengu allt að 80%.

Ekki er talið að skuldir vegna skipsins eigi að ráða upphæðinni, heldur hitt hversu mikla veiðigetu er unnt að losna við. Samt er framvegis ætlunin að leggja veiðiskipum til úreldingarstyrk þótt þau hafi ekki stundað veiðar um hríð í þeim tilgangi að veiðileyfi hverfi frá þeim. Fjárveitingin til slíkra skipa verður 10 þús. kr. fyrir hvert brúttótonn.

Miklu skiptir að álagið á fiskimiðunum minnki fljótt. Því verður sett í lög að úreldingarstyrkur fáist aðeins 1991 og 1992.

Rætt er um þrenns konar úreldingarstyrk. Stuðning má veita þannig að greiddar verði 10 þús. kr. fyrir hvert brúttótonn og 5 þús. kr. fyrir hvert tonn af hráefni (fiski upp úr sjó) sem skipið hefur veitt að meðaltali fjögur bestu aflaár síðustu sex árin áður en umsókn um styrk er lögð fram miðað við fisk upp úr sjó.

Einnig verður landsstjórninni heimilt að kaupa skip á nauðungarsölu eða til dæmis af peningastofnun í þeim tilgangi að úrelda þau. Heimild til að kaupa fiskiskip til úreldingar gildir einnig þótt landssjóðurinn eigi ekki veð í skipinu né beri ábyrgð vegna þess.

Í þriðja lagi getur landsstjórnin samið við banka og aðrar peningastofnanir um það hvernig skuld vegna skipsins skuli greiðast. Samráð hefur verið haft við báða stóru færeysku bankana um þetta.

Í báðum seinni tilvikunum gilda einnig 5 þús. kr. fyrir hvert veitt tonn og 10 þús. kr. fyrir hvert brúttótonn.

Ákveðin skilyrði verða sett fyrir að fá styrk. Veiðiskipið skal hafa verið í eigu samam aðila að minnsta kosti tvö ár, það missir veiðileyfið að fullu og öllu og fær í framtíðinni engan styrk úr landssjóði.

Síðan verður tilkynnt að hugsanlegur ágóði af úreldingarstyrk verði skattlagður eins og ágóði af skipasölu og að fiskiskip sem hafa fengið úreldingarstyrk geti ekki legið ónotuð lengur en eitt ár.

Ætlunin er að eigandi sem fær úreldingarstyrk eigi skipið með þessum kvöðum og að hann geti selt það eða notað til annars en veiða. Þetta merkir að úreldingarstyrkur verður fyrst og fremst veittur til að ná veiðileyfum frá skipum og bátum.

Til þess að draga úr veiðiálagi er ætlunin að setja reglur um að útróðrarbátar og skip sem veiða í ís skuli vera frá veiðum fjórar vikur á tímabilinu 20. júní til 20. ágúst.

3. Nýsmíðar báta og skipa.

Mismunandi fyrirkomulag hefur verið á almennum stuðningi og styrk til endurnýjunar fiskiflotanum. Þótt gera megi ráð fyrir að fiskiflotinn minnki þegar úreldingarstyrkur verði veittur verður sí og æ þörf á að endurnýja í framtíðinni flotann sem eftir verður.

Landsstjórnin hyggst leggja fram á þessu þingi fleiri lagafrumvörp um breytingu á almennri þátttöku í skipasmíðum. Tillögurnar verða þessar:

3.1. Til nýsmíða á skipum og bátum leggur landssjóður fram sem styrklán ákveðinn hundraðshluta af kostnaðinum. Upphæðin skal þegar það er unnt vera nægilega há til þess að skipið beri sig án rekstrarstuðnings. Styrklánið er vaxta- og afborgunarlaust og verður afskrifað á 15 árum. Það þýðir að ef skipið er selt úr landi þegar það er t.d. sjö ára gamalt skulu $^{8}/_{15}$ lánsins greiðast landssjóðnum aftur. Ef skipið eða báturinn er áfram í færeyska fiskiflotanum í 15 ár eða lengur verður ekkert af styrkláninu endurgreitt.

3.2. Styrklánið er hið sama hvort sem skipið er smíðað í Færeyjum eða erlendis. Styrkurinn verður veittur færeyskum fiskiskipum sem smíða skip eða báta í færeyska veiðiflotann eða breyta þeim.

Styrklánið á að koma í staðinn fyrir neðangreind lög sem verða numin úr gildi:

3.3. Unnið verður að því að styrklán og lán frá peningastofnun verði jöfn.

3.4. Lög um veð til nýsmíði veiðiskipa verða afnumin. Veðið er nú allt að 10% til skipa yfir 20 tonn þegar smíðað er erlendis, og allt að 15% þegar smíðað er í Færeyjum. Veð verður aðeins veitt með jafnhárri tryggingu frá peningastofnun.

3.5. Lög um lán til nýsmíða veiðiskipa verða afnumin. Það er nú allt að 10% þegar smíðað er í Færeyjum.

3.6. Lög um vaxtastyrk til nýrra skipa verða afnumin. Hann er nú 125 þegar smíðað er í Færeyjum.

3.7. Lög um lán til breytinga verða afnumin. Það er allt að 8% þegar breytingin fer fram erlendis, en allt að 15% þegar breytingin fer fram í Færeyjum.

3.8. Lög um veð vegna breytinga verða numin úr gildi. Það er allt að 30% þegar endursmíðin fer fram í Færeyjum eða erlendis.

3.9. Lög um smíðaveð og samningsveð verða afnumin.

4. Rekstur núverandi flota.

Brýnt er að útvega veiðiflotanum lán til að breyta skuldum þannig að ráðrúm verði til að halda rekstrinum gangandi.

Heimaflotinn hefur samkvæmt upplýsingum útgerðarráðsins safnað 380 milljón króna skuld árin 1985–1988. Til þess að ráða við þessa skuld þarf að útvega eigi minni upphæð en einar 200 millj. króna. Eigi að síður eru nokkur fiskiskip sem enga möguleika hafa til að bera sig og einnig verða nokkur úrelduð.

Til þess að fiskiskip með meðaltalsrekstur geti haldið áfram og útgerð þess borið sig, hyggst landsstjórnin leggja fram frumvarp á þingi um að heimila lánveitingu til tíu ára á lágum vöxtum og afborgunarlaust í fimm ár.

Skilyrði til að fá lánið er að samkvæmt útreikningi útgerðarráðsins liggi rekstur veiðiskipsins innan þeirra meðallagsmarka sem það þarf til að bera sig.

Lánsupphæðin er ákveðin fyrir hvern flokk skipa um sig og fer eftir veiði, stærð og aldri skipsins.

Landsstjórnin útvegar féð en peningastofnun sér um lánin.

5. Skipting aflans, þ.e. hráefnisins, upp úr sjó.

Landsstjórnin mun leggja til við þingið að skipta öllum fiski upp úr sjó sem landað er úr færeyskum fiskiskipum í Færeyjum milli vinnslustöðva:

7 þús. tonn verða sett í sérstaka vinnslu. Fiskur sem er keyptur að til vinnslu í Færeyjum reiknast ekki með í skiptunum.

Efni laganna verður þetta:

5.1. Skipting aflans upp úr sjó gildir frá 1. maí 1990.

5.2. Þessar fisktegundir koma til skiptanna: þorskur, ýsa, keila, langa, blálanga, ufsi, karfi, steinbítur, skötuselur, lýsa, lúða, grálúða, skarkoli og þykkvalúra.

5.3. Eftirtöldum vinnslustöðvum er heimilt að kaupa tilgreinda hundraðshluta þess fisks upp úr sjó sem seldur er í Færeyjum:

	%
Bacalao	9,61
Borgin	3,11
Fisk	4,53
Sörvágs Flakavirki	3,99
Nólsöyar Flakavirki	2,07
Frost	4,62
Frostvirkið	1,74
Harfrost	2,16
Handils- og Frystiv.	7,47
Kósavirkið	10,72
Lynfrost	6,52
Norðís	2,70
Joensen & Olsen	1,99
Nykur	6,21
Stranda Fiskavirki	4,21
Polarfrost	6,60
Snarfrost	5,51
Sólarris	2,71
Tvöroyrar Flakavirki	7,55
Vestmanna Flakavirki	4,01
Vikarvirkið	2,40

5.4. Vinnslustöðvum verður ekki leyft að láta öðrum vinnslustöðvum eftir af þessum tiltekna kvóta sínum.

5.5. Vinnslustöðvar geta skipst á fisktegundum.

5.6. Landsstjórnin framkvæmir skiptinguna og áætlar þann tonnafjölda sem hver vinnslustöð getur tekið við á hverjum ársfjórðungi.

5.7. Landsstjórnin má leggja vinnslustöð niður um tíma ef hún kaupir stærri hundraðshluta en henni er úthlutaður.

5.8. Ef vinnslustöðin heldur áfram að kaupa of mikinn fisk verður málið sent lögreglunni.

5.9. Í ársbyrjun er gert upp hversu vel vinnslustöðvarnar hafa haldið kvóta sinn. Ef vinnslustöð hefur keypt of mikinn fisk mun landsstjórnin heimta af því ágóðann af þessari framleiðslu og leggja hann í landssjóð og annan hluta til útgerðarinnar. Sé farið lítið fram yfir kvótann má jafna muninn árið eftir.

6. Uppboðssala.

Þar til kringum 1965 var verð á fiski upp úr sjó í Færeyjum samningsariði milli fiskkaupenda og sjómanna en síðan hefur nefnd ákveðið verðið.

Uppboð af því tagi sem tíðkast í grannlöndum okkar hafa ekki verið í Færeyjum. Talið er rétt að reyna þetta, m.a. til að komast að raun um hvort sala á uppboði getur veitt betri vitneskju um markaðsverð á fiski.

Landsstjórnin leggur því fram á þingi frumvarp um fiskuppboð. Í upphafi verður aðeins selt á uppboði en stefnt er að því að koma einnig á fót uppboði símleiðis. Efni laganna verður þetta:

6.1. Fiskuppboðið hefst í ágúst 1990.

6.2. Allar fisktegundir má selja á uppboði.

6.3. Frá ágúst 1990 verða 150 tonn af þessum fiski seld á viku í 40 vikur. Auk þess má selja á uppboði allar fisktegundir sem ekki koma til skipta milli vinnslustöðva.

6.4. Fiskur sem keyptur er á uppboði reiknast ekki með í skiptum á fiski upp úr sjó.

6.5. Öll fiskiskip og fiskvinnslubúnað má selja á uppboði. Einnig má selja útlend veiðiskip á uppboði, enda hafi þau nauðsynleg leyfi.

6.6. Árið 1990 verður uppboðið haldið í Klakksvík. Meiri hluti samstarfsnefndarinnar ákveður hvar það verður eftir 1990.

6.7. Hverjum og einum er heimilt að bjóða í á uppboði. Kaupendur skulu áður leggja fram bankatryggingu fyrir kaupunum.

6.8. Landsstjórnin mun koma uppboðinu af stað, standa fyrir því og útvega stað.

6.9. Settur verður fastur uppboðshaldari.

6.10. Flutningsstyrkur verður veittur á fisk frá uppboðsstað til vinnslustöðvar og hagað þann veg að allar stöðvar sitji við sama borð.

6.11. Seljandi ber ábyrgð á þeim fiski sem ekki fæst boð í.

7. Kaup á fiski til vinnslu.

Það er ekki óvenjulegt erlendis nú á dögum að vinnslustöðvar kaupi útlendan frystan fisk til vinnslu. Rússar hafa vakið máls á því að Færeyingar keyptu af þeim verulegt magn af frystum fiski en þessir möguleikar eru mjög skertir nú þar eð kvótinn í Barentshafi hefur verið minnkaður mikið.

Hugsanlegt er að kaupa megi frystan fisk annars staðar að, t.d. frá Kanada, Alaska, Íslandi eða Grænlandi.

Til að koma tilrauninni af stað leggur landsstjórnin til við þingið að veita um tíma styrk til að kaupa fisk, 1 kr. á kg fyrir innveginn frystan fisk til vinnslu.

Frystur fiskur sem vinnslustöðvar kaupa frá útlöndum reiknast ekki með í skiptum á fiski upp úr sjó.

8. Verðstyrkur.

Hráefnisnefndin ákveður afhendingarverð og reikningsverð en styrknefndin ákveður ýmsan annan styrk svo sem kílóstyrk og dagstyrk.

Nefndin fyrir hráefnissjóðinn ákveður mismunandi verðstyrk, þannig að afgreiðslustyrkurinn er settur til fjögurra mánaða en reikningsstyrkurinn breytist á tveggja vikna fresti. Þessir styrkir skiptast milli skips og áhafnar samkvæmt kjarasamningum. Á sumum skipum hefur hráefnissjóður tekið gjald af tilteknum fisktegundum.

Styrknefndin veitir kílóstyrk vegna ákveðinna fisktegunda og ákveðinna skipategunda. Þetta er rekstrarstyrkur til skipa og báta, áhafnarstyrkur og verðauki. Auk þess veitir nefndin dagstyrk, eftirlitsstyrk (til grálúðuskipa) og útflutningsstyrk (til flökunarstöðva vegna karfa).

Ætlunin er framvegis að greina glögglega milli þess verðs sem fæst á markaði fyrir fiskinn og styrkjarins úr landssjóði. Styrkjakerfið verður einfaldað.

Landsstjórnin mun leggja fram fleiri lagafrumvörp í þessa veru sem taka gildi þegar núverandi verðlagstímabili lýkur 30. júní 1990. Frumvörpin verða um:

8.1. Lög um að landsstjórnin og sjávarútvegsnefnd lögþingsins ákveði verðstyrk 1. apríl og 1. október ár hvert. Meiri hluta er krafist bæði í landsstjórninni og sjávarútvegsnefnd. Styrkurinn verður misjafn eftir fisktegundum og skiptist milli skips og áhafnar samkvæmt samningum. Í fyrstu lotu verður auk þess veittur áhafnar- eða rekstrarstyrkur til þess að núverandi styrkupphæð breytist ekki fyrr en samingstímabilið er úti. Sjómenn og útgerðarmenn geta breytt skiptunum með samkomulagi sín á milli.

8.2. Lög um lágmarkslaun, dagstyrk og lágmarkságóða.

8.3. Verðlagsnefnd ákveður lágmarksverð fyrir fisk sem afgreiddur er í Færeyjum. Með lágmarksverði er átt við að ekki sé heimilt að kaupa lægra verði fisk sem ætlaður er til manneldis. Að sjálfsögðu er heimilt að kaupa fisk fyrir meira en lágmarksverð og ætlunin er að

aðeins algengasti fiskurinn verði keyptur við þessu verði, en fiskur sem er gott eða ágætt hráefni á að seljast hærra verði eftir verðmæti vörunnar sem fæst við vinnsluna.

8.4. Í verðlagsnefnd eru tveir fulltrúar fiskkaupenda og tveir fulltrúar seljenda. Þeir kjósa sér oddamann. Ef ekki næst meiri hluti um oddamann, skipa yfirvöld (sorinskrivari) hann.

8.5. Lög um hráefnissjóð og styrkjanefnd verða afnumin.

9. Bónuskerfi fyrir flökunarstöðvar.

Til þess að fiskur verði verkaður þannig að besta verð fáist, verkafólki, vinnslustöðvum, skipum og samfélaginu í heild til heilla, er ætlunin að taka upp bónuskerfi fyrir gæðavörur. Með hærra verði og bónus á vandaða vöru fá vinnslustöðvarnar meira til skiptanna og verðið hækkar.

Styrkurinn til vinnslunnar skiptist þannig í tvennt, annars vegar til veiða og hins vegar til að fá fiskinn verkaðan í tiltekna söluvöru.

Eigi trygging að fást fyrir því að fiskur verði ekki bara sýndur á gólfi og hann síðan seldur óunninn dugir ekki að hafa bónus beinlínis vegna hráefnis heldur verður fiskurinn að vera kominn á tiltekið vinnslustig.

Ef fiskurinn er flakaður getur t.d. ágóðahlutfallið ráðið bónus. Ágóðahlutfall er misjafnt eftir fisktegundum og ekki hið sama allt árið því að fiskurinn er misfeitur og misstinnur.

Ekki verður heldur auðvelt að fylgjast með því á öllum vinnslustöðvum hvort framleiðsluvaran er rétt skráð. Því dugir vart að láta hann ráða bónus. En til þess að koma í veg fyrir að fiskur fái styrk og fari óverkaður úr stöðinni verður að veita styrk vegna fisks sem er flakaður. Þá gæti bónus verið á kílógramm af flökum.

Annað atriði vegna bónus gæti verið að það sem er unnið í neytendavöru fái sérstakan bónus. Í byrjun mætti gera það með því að veita bónus á alla vöru til neytenda en þegar fram í sækir sést hversu það gefst og þá má gera mun á vörum eftir samfélagslegu gildi þeirra. Til bráðabirgða getur bónus verið á kílógramm af unninni vöru.

Reyna mætti að hafa bónus tiltekinn hundraðshluta af virðisauka en slíkt er erfiðara í skráningu. Einnig er erfitt að reikna árangurinn áður en bónuskerfið er prófað. Þegar eitthvert kerfi hefur verið reynt um tíma er efalaust auðveldara að breyta því í annað sem reynist betur.

Ætlunin er að hafa einn bónus fyrir kílógramm af fiski sem er flakaður og annan á kílógramm af unninni vöru sem fer í neytendaumbúðir.

10. febrúar 1990.

Annfinn Kallsberg,	Pauli Ellefsen,	Finnbogi Isakson,
Fólkaflokkurinn.	Sambandsflokkurinn.	Þjóðveldisflokkurinn.

Nd. 1131. Nefndarálit [534. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar, nr. 64/1981, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

I.

Frumvarp það, sem hér er til umfjöllunar, var samið af nefnd á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Í nefndinni sátu m.a. fulltrúar Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna. Í nefndinni var efnislegt

samkomulag um öll atriði önnur en þau er varða breytingar á 3. gr. laganna og koma fram í 1. gr. frumvarpsins.

Ágreiningur nefndarmanna varðandi 3. gr. laganna laut að því hvort viðhalda skyldi því ákvæði að atvinnuleysistrygginga njóti aðeins þeir sem eru félagar í stéttarfélögum en aðrir launþegar ekki. Í athugasemdum með frumvarpinu er þessu svo lýst:

„Nefndin lauk störfum í nóvember 1989 og klofnaði í afstöðu sinni til breytinga á 3. gr. laga nr. 64/1981, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum. Nefndin er sammála um að leggja til breytingar á þessari grein, en greinin útilokar nú nokkrar tilgreindar stéttir frá atvinnuleysisbótum. Helmingur nefndarmanna vill að fellt verði niður það skilyrði bótaréttar að hlutaðeigandi umsækjandi sé í stéttarfélagi enda telja þeir að skilyrði um aðild að stéttarfélagi brjóti í bága við félagsmálasáttmála Evrópu sem Ísland er aðili að. Félagsmálaráðherra mun hafa fengið athugasemd frá sérfræðinganefnd Evrópuráðsins vegna þessa. Hinn helmingur nefndarmanna telur brottfall skilyrðis um stéttarfélagsaðild slíka grundvallarbreytingu að fyrst þurfi að breyta þeim ákvæðum sem ekki sé ágreiningur um svo að umræða um breytingar á grunnskipulagi tefji ekki málið.

Í frumvarpi því, sem hér er lagt fram, er breytingartillaga um 3. gr. í samræmi við vilja þeirra nefndarmanna sem vildu ganga skemmra í breytingum á ákvæðum laganna. Um önnur atriði frumvarpsins var samkomulag í nefndinni."

II.

Í heilbrigðis- og tryggingnefnd hefur komið fram að upplýsingar um þennan ágreining hafi verið settar í athugasemdir með frumvarpinu að kröfu félagsmálaráðherra sem fer með framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Í skýrslu félagsmálaráðherra til Alþingis í mars sl. um 76. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1989 er fjallað í ítarlegu máli um framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu. Þar segir frá því að sérfræðinganefnd Evrópuráðsins hafi gert nokkrar alvarlegar athugasemdir við framkvæmd Íslands á sáttmálanum og fram kemur að nefndin telur ýmis atriði í löggjöf á Íslandi brjóta í bága við ákvæði hans. Þegar vikið er að lögunum um Atvinnuleysistryggingasjóð, sem hér eru til meðferðar, segir svo orðrétt í skýrslu ráðherra:

„Sérfræðinganefnd Evrópuráðsins er óvenjudómhörð þegar hún fjallar um ákvæði um bótarétt í lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð. Um þetta ákvæði segir að nefndin hafi enn fremur veitt því athygli að samkvæmt lögum nr. 64/1981 eigi eingöngu félagar í stéttarfélögum rétt á atvinnuleysisbótum. Það að svipta launamann rétti til fjárhagslegrar verndar ef hann er atvinnulaus sé óverjandi ráðstöfun sem hafi þann tilgang að neyða hann til að ganga í eða vera áfram félagi í stéttarfélagi. Með tilliti til þess hafi nefndin komist að þeirri niðurstöðu að lögin brjóti í bága við anda og bókstaf 5. gr. sáttmálans."

Á sömu blaðsíðu í skýrslu ráðherra kemur einnig fram að ákvæði 81. gr. sjómannalaga séu talin brjóta í bága við sáttmálann. Við þeirri athugasemd brást ríkisstjórnin með því að leggja fram frumvarp á yfirstandandi Alþingi þar sem gert er ráð fyrir að þessari grein verði breytt til samræmis við álit nefndarinnar.

Þess má einnig geta að ríkisstjórnin hefur á þessu ári brugðist við athugasemd eftirlitsnefndar með framkvæmd norræns samnings um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar með því að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingar á læknalögum þar sem fullt tillit er tekið til athugasemda nefndarinnar.

III.

Í ljósi þessa vekur það óneitanlega athygli að ríkisstjórnin skuli ekki treysta sér til þess að leggja til breytingar á 3. gr. laga um atvinnuleysistryggingar til samræmis við hinar alvarlegu athugasemdir sérfræðinganefndar Evrópuráðsins.

Undirritaðir nefndarmenn hafa því ákveðið að flytja breytingartillögur við frumvarpið til samræmis við athugasemdir nefndarinnar og ganga þær í þá átt að tryggja öllum launamönnum rétt til atvinnuleysisbóta en ekki eingöngu þeim sem félagsbundnir eru í stéttarfélögum. Er í þessum tilgangi nauðsynlegt að breyta 1. gr. gildandi laga þannig að í stað hugtaksins „félagi í stéttarfélagi" komi: launamaður, svo og öðrum greinum til samræmis. Lagt er til að hugtakið launamaður verði skilgreint í 3. gr. laganna og stuðst við skilgreiningu laga um ríkisábyrgð á launum. Aðrar breytingar, sem undirritaðir leggja til að gerðar verði á frumvarpinu, eru afleiðing þeirrar meginbreytingar sem lögð er til í 1. gr.

Auk þess rökstuðnings, sem fram er kominn og lýtur að alþjóðlegum skuldbindingum Íslendinga og framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu, er því við að bæta að Atvinnuleysistryggingasjóður er fjármagnaður með iðgjöldum af öllum launum, líka þeirra sem standa utan stéttarfélaga, og framlögum sveitarfélaga og ríkis. Hluta af skattgreiðslum allra launþega, líka þeirra sem standa utan stéttarfélaga, er því varið til að fjármagna sjóðinn. Það er því fráleitt óréttlæti að takmarka rétt manna til að fá greitt úr sjóðnum við stéttarfélagsaðild enda verður ekki séð að ófélagsbundnir launamenn hafi minni þörf fyrir bætur, verði þeir atvinnulausir, en aðrir. Þess munu dæmi að fólki, sem ekki er í stéttarfélagi stöðu sinnar vegna, t.d. starfsmönnum samtaka vinnuveitenda, starfsmannastjórum eða framkvæmdastjórum í fyrirtækjum, hafi verið neitað um atvinnuleysisbætur á þeirri forsendu að þeir væru ekki í stéttarfélagi þó að atvinnurekandi hafi greitt iðgjöld til Atvinnuleysistryggingasjóðs af launum viðkomandi um árabil.

Fram til þessa hafa ákveðnir hópar, sem upp eru taldir í 3. gr. laganna, ekki notið atvinnuleysistrygginga. Hér er um að ræða félagsmenn í samtökum opinberra starfsmanna, lækna, lögfræðinga, endurskoðenda, verkfræðinga og annarra sambærilegra aðila. Frumvarpið gerir ráð fyrir að þær takmarkanir falli niður og félagsmenn allra launþegasamtaka geti verið tryggðir gegn atvinnuleysi. Það er fullkomlega eðlilegt að sú rýmkun á lögunum, sem nú er ráðgerð, nái einnig til þeirra sárafáu launþega sem ekki eru í stéttarfélagi.

Á Íslandi er yfirgnæfandi meiri hluti launþega í stéttarfélögum, væntanlega flestir af fúsum og frjálsum vilja. Njóta þeir margvíslegrar þjónustu af þeirra hálfu auk öryggis og réttinda sem þau hafa samið um fyrir sína félagsmenn. Engin ástæða er til að ætla að breyting verði á þessu þótt horfið verði frá gildandi skilyrði um aðild að stéttarfélagi varðandi rétt til atvinnuleysisbóta. Þær bætur eru opinber réttindi að stærstum hluta fjármögnuð af almannafé sem óeðlilegt er að binda tiltekinni félagsaðild.

Með nefndaráliti þessu er birtur IV. kafli greinargerðar Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, dags. 23. nóv. 1989, um tillögur þessara aðila í nefnd um endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar.

Alþingi, 30. apríl 1990.

Geir H. Haarde, frsm. Sólveig Pétursdóttir.

Fylgiskjal.

Um réttarstöðu ófélagsbundinna launþega gagnvart atvinnuleysistryggingum.

Félagsaðild launamanna.

Samkvæmt íslenskum lögum hvílir engin lagaskylda á launamönnum að vera í stéttarfélagi. Að því eru menn frjálsir. Launamenn eiga skv. 1. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938, ótvíræðan rétt á að vera í stéttarfélagi, en þeim er það ekki skylt.

Í raun gildir sama regla um aðild að stéttarfélögum og um aðild að stjórnmálafélögum eða stjórnmálaflokkum. Menn eiga rétt til aðildar eða inngöngu, en um skylduaðild er ekki að ræða samkvæmt lögum.

Réttarstaða ófélagsbundinna launamanna.

Það heyrir nú til algerra undantekninga að **opinber réttindi** séu tengd því hvort launamaður sé í stéttarfélagi eða ekki.

Réttur samkvæmt almannatryggingum almennt, þ.e. sjúkratryggingum, lífeyristryggingum og slysatryggingum hefur aldrei verið háður því að launamaður hafi greitt félagsgjöld til stéttarfélags. Hvorki kosningaréttur til Alþingis, atvinnuréttindi né önnur grundvallarmannréttindi hafa þannig verið skilyrt því að launamaður sé félagsmaður í stéttarfélagi.

Með **sérstökum lögum** á síðustu árum hefur löggjafinn unnið markvisst að því að gera réttarstöðu ófélagsbundinna launamanna tryggari og sambærilegri við réttarstöðu félagsbundinna launamanna samkvæmt kjarasamningum þeirra við vinnuveitendur. Ástæða þessarar löggjafar hefur einnig öðrum þræði verið sú að efna þær þjóðréttarlegu skuldbindingar sem Ísland hefur samþykkt í ýmsum alþjóðlegum sáttmálum og samningum. Skulu hér nefnd nokkur dæmi um nýlega löggjöf sem fjallar um réttarstöðu launafólks:

a. Lög nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

Í lögum nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, er enginn greinarmunur gerður á félagsbundnum verkamönnum og ófélagsbundnum. Verkafólki er tryggður lágmarks veikinda- og uppsagnarfrestur óháð því hvort menn séu í stéttarfélagi eða ekki.

b. Lög nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Samkvæmt lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, eru kjarasamningar stéttarfélaga við atvinnurekendur í einstökum starfsgreinum lágmarkssamningar. Öllum launamönnum og atvinnurekendum er jafnframt skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði.

Einstökum atvinnurekendum og launamönnum er einnig óheimilt að semja um lakari kjör en kjarasamningur stéttarfélags í viðkomandi starfsgrein gerir ráð fyrir. Kjarasamningar stéttarfélaga hafa því **almennt gildi í viðkomandi starfsgrein.** Þeir gilda sem **lágmarkskjör** jafnt fyrir félagsbundna sem ófélagsbundna launamenn.

Samkvæmt sömu lögum ber atvinnurekendum jafnframt að greiða 1% af öllum launum í sjúkrasjóð og 0,25% í Orlofsheimilasjóð viðkomandi stéttarfélags hvort sem launamaður er félagsbundinn eða ekki. Vinnuveitendum er þannig gert skylt að greiða í sjúkrasjóð stéttarfélags þótt launamaðurinn sé ekki í stéttarfélaginu.

Forsenda þessara greiðslna til stéttarfélags er hins vegar að hinn ófélagsbundni launamaður njóti fullra réttinda úr orlofs- og sjúkrasjóðum stéttarfélagsins, sbr. hæstaréttardóm frá 24. nóvember 1988. Sé svo ekki er vinnuveitanda ekki skylt að greiða í þessa sjóði. Gjaldskylda og réttindi úr sjúkra- og orlofssjóðunum haldast því í hendur.

c. Lög nr. 23/1985, um ríkisábyrgð á launum.

Samkvæmt lögum nr. 23/1985, um ríkisábyrgð á launum, tryggir ríkissjóður greiðslu vinnulauna við gjaldþrot. Enginn greinarmunur er gerður á réttarstöðu félagsbundinna og ófélagsbundinna launamanna samkvæmt lögunum.

d. Lög nr. 30/1987, um orlof, og lög nr. 20/1987, um fæðingarorlof.

Réttur til orlofs- og fæðingarorlofs hefur alltaf verið algerlega óháður því hvort launamaður er félagsmaður í stéttarfélagi eða ekki.

Sú hugsun liggur að baki öllum þessum lögum að öllum launamönnum sé þessi réttarvernd nauðsynleg.

e. Lög nr. 64/1981, um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt núgildandi lögum um atvinnuleysistryggingar eiga þó þeir launamenn, sem taka þá ákvörðun að vera ekki í stéttarfélagi, ekki rétt á atvinnuleysisbótum. Það er óréttlætanleg tímaskekkja að tengja með þessum hætti rétt til opinberrar tryggingar aðild að stéttarfélagi.

Nokkrar starfsstéttir eiga samkvæmt lögum raunar alls ekki rétt til atvinnuleysisbóta, þótt þær séu í stéttarfélagi, samkvæmt grein laganna. Í tillögum Alþýðusambandsins er hins vegar gert ráð fyrir að þetta misrétti gagnvart sumum stéttarfélögum verði afnumið þannig að félagsmenn í stéttarfélögum lögfræðinga, verkfræðinga, arkitekta, viðskiptafræðinga o.fl. öðlist nú rétt til atvinnuleysisbóta.

Sérstök stéttarfélög eru hins vegar ekki til fyrir marga háskólamenntaða launamenn sem ekki eru í ríkisþjónustu.

Lögfræðingafélag Íslands og Félag viðskipta- og hagfræðinga eru t.d. þannig ekki stéttarfélög í skilningi laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Þessar stéttir þurfa því samkvæmt tillögu Alþýðusambands Íslands að stofna sérstök stéttarfélög til þess eins að geta átt rétt til atvinnuleysisbóta!

Tillögur Alþýðusambands Íslands gera hins vegar enn ráð fyrir því að ófélagsbundnir launamenn skuli áfram vera sviptir rétti til atvinnuleysisbóta. Slík mismunun þegnanna þekktist hér á öldum áður, en getur með engu móti samrýmst jafnréttis og félagshyggju 20. aldar.

Ófélagsbundnir launamenn hafa jafnmikla þörf fyrir atvinnuleysisbætur ef þeir missa atvinnu sína.

Það að tengja rétt til atvinnuleysisbóta aðild að stéttarfélagi þekkist hvergi í vestrænum lýðræðisþjóðfélögum nema á Íslandi.

Greiðendur tryggingarinnar eru atvinnurekendur, sveitarfélögin í landinu og síðast en ekki síst ríkissjóður. Skatttekjum ríkissjóðs er þannig varið til að kosta atvinnuleysistryggingar sem hluta þjóðfélagsþegna, þ.e. ófélagsbundnum launamönnum, er meinuð aðild að. Ófélagsbundnir launamenn greiða að sjálfsögðu skatta eftir sömu skattareglum og félagsbundnir launamenn. Sköttum þeirra er því varið í tryggingar sem þeir nú eiga ekki kost á að njóta.

73. gr. stjórnarskrárinnar.

Félagafrelsi er tryggt í 73. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands frá 17. júní 1944.

Í greininni segir að menn eigi rétt á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi.

Af þessu stjórnarskrárákvæði hefur sú ályktun verið dregin að um sé að ræða rétt manna en ekki skyldu til stofnunar félaga eða aðildar að þeim.

Með því að tengja opinber réttindi við aðild að stéttarfélagi, eins og gert er í lögum um atvinnuleysistryggingar, er vegið að félagafrelsinu. Menn eru í raun ekki frjálsir að því að hafna aðild að stéttarfélagi því að þá fyrirgera þeir rétti sínum til mjög mikilvægra opinberra réttinda, m.a. glata þeir rétti til atvinnuleysisbóta.

78. gr. stjórnarskrárinnar.

Núgildandi reglur eru jafnframt brot á 78. gr. stjórnarskrárinnar, en í þeirri stjórnarskrárgrein segir að:

„Sérréttindi, er bundin séu við aðal, nafnbætur og lögtign, má eigi taka í lög."

Þegar þessi grein stjórnarskrárinnar var fyrst bundin í lög hafði það um langan aldur tíðkast að yfirstéttin átti þess ein kost að njóta tiltekinna réttinda. Kosningarréttur var þannig bundinn við efnahag og þessir aðilar nutu m.a. skattfrelsis og styrkja úr sameiginlegum sjóðum eingöngu vegna stöðu sinnar og ætternis.

Þessi skipan varð því allri alþýðu manna mikill þyrnir í augum og því varð það eitt fyrsta verk menntaðrar alþýðu að afnema þessi forréttindi.

Það að **skilyrða rétt** til atvinnuleysisbóta **félagsaðild að verkalýðsfélagi** felur í sér sams konar **óréttlæti** og 78. gr. stjórnarskrárinnar var ætlað að eyða.

Í 78. gr. stjórnarskrárinnar felst sá vilji stjórnarskrárgjafans að allir þjóðfélagsþegnar skuli njóta jafnréttis óháð félagslegri stöðu sinni eða skoðunum.

Mannréttindaákvæði alþjóðlegra sáttmála.

Ísland á aðild að og hefur jafnvel fullgilt nokkra alþjóðlega sáttmála sem skuldbinda það samkvæmt þjóðarétti til að virða tiltekin félagsleg mannréttindi.

Félagssáttmáli Evrópu.

Í þessu sambandi er félagssáttmáli Evrópu þýðingarmestur. Lönd þau, sem undirritað hafa þennan sáttmála, skuldbinda sig til þess að tryggja þegnum sínum **félagsleg réttindi** án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, þjóðernis eða félagslegs uppruna.

Í I. kafla sáttmálans 12. tölul. segir beinlínis að:

„Allt verkafólk og skyldulið þess á rétt á félagslegu öryggi."

Og samkvæmt 14. tölul. skulu:

„Allir menn eiga rétt á að njóta félagslegrar velferðarþjónustu."

Þýðingarmest er þó ákvæði II. kafla, 5. gr., sem fjallar um réttinn til að stofna félög. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Í því skyni að tryggja og stuðla að frelsi verkafólks og vinnuveitenda til að stofna staðbundin félög, landsfélög eða fjölþjóðleg sambönd til að gæta hagsmuna þeirra á sviði efnahags- og félagsmála og til að ganga í slík félög, skuldbinda samningsaðilar sig til að sjá um að landslög skerði ekki það frelsi né að þeim verði beitt til að skerða það. Í landslögum eða reglugerðum skal ákveða að hve miklu leyti trygging sú, sem þessi grein veitir, skuli taka til lögreglunnar. Það skal einnig ákvarðast í landslögum eða reglugerðum að hve miklu leyti tryggingin, sem grein þessi gerir ráð fyrir, skuli ná til manna í herþjónustu."

Ákvæðið tryggir bæði rétt verkafólks til að ganga í félög og rétt fólks til að vera utan félaga. Sú óbeina þvingun til að vera í stéttarfélagi, sem felst í núgildandi ákvæði um atvinnuleysistryggingar, er því brot á þessari grein.

Nú nýlega bárust íslenskum stjórnvöldum athugasemdir frá sérfræðinganefnd Evrópuráðsins varðandi framkvæmd Íslands á þessari grein félagsmálasáttmála Evrópu. Athugasemdirnar eru svohljóðandi:

„Nefndin veitti sérstaka athygli athugasemdum í íslensku skýrslunni og viðbótarupplýsingum sem skýrðu ástandið hvað varðar rétt launamanna til að stofna eða ganga í stéttarfélög.

Hún veitti því fyrst og fremst athygli að samkvæmt úrskurði Hæstaréttar í desember 1988, um 73. gr. stjórnarskrár Íslands, er mönnum ekki tryggður réttur til þess að vera ekki félagar í stéttarfélagi. Auk þess taldi rétturinn að alþjóðlegir samningar, svo sem Evrópuráðssamning-

ur um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um almenn og pólitísk réttindi o.s.frv., ógiltu ekki sjálfkrafa „staðfest“ ákvæði stjórnarskrárinnar.

Nefndin taldi — með tilliti til þess að frelsi manna til að ganga í stéttarfélög, sem tryggt er með ákvæðum 5. gr. sáttmálans, hlýtur að fela í sér að menn séu ekki með neinum hætti skyldir til að gerast eða vera áfram félagar í stéttarfélagi — að skortur á viðeigandi vernd slíks frelsis í landslögum (hvort sem það stafar af því að viðeigandi lög hafa ekki verið sett eða fordæmisréttur löghelgar athæfi sem brýtur í bága við rétt manna til að mynda með sér félög) geti ekki talist samrýmast ákvæðum 5. gr. sáttmálans.

Nefndin veitti því enn fremur athygli að samkvæmt lögum nr. 64/1981 eiga aðeins félagar í stéttarfélögum rétt á atvinnuleysisbótum. Með tilliti til þess, að það að svipta launamann rétti til fjárhagslegrar verndar ef hann er atvinnulaus er óverjandi ráðstöfun sem hefur þann tilgang að neyða hann til að ganga í eða vera áfram félagi í stéttarfélagi, hlaut nefndin að komast að þeirri niðurstöðu að ofangreind lög brytu í bága við anda og bókstaf 5. gr. sáttmálans.

Fram kemur í íslensku skýrslunni að í flestum almennum kjarasamningum er ákvæði þess efnis að félagar í stéttarfélögum skuli ganga fyrir um vinnu. Þótt heimild til slíkrar ráðstöfunar sé ekki að finna í lögum veitti nefndin því athygli að slík ákvæði um forgang hafa verið staðfest fyrir Félagsdómi. Nefndin taldi að slíkar lögþvinganir gagnvart launamönnum, sem óska ekki eftir að vera félagar í stéttarfélögum, gætu ekki talist vera í samræmi við ákvæði 5. gr. sáttmálans um rétt manna til að mynda með sér félög.

Nefndin veitti því einnig athygli að í almennum kjarasamningum fólks, sem starfar í iðnaði og við verslunar- og skrifstofustörf, eru ákvæði þess efnis að viðkomandi fyrirtækjum sé ekki heimilt að ráða til starfa aðra en félaga í því stéttarfélagi sem það semur við um kaup og kjör. Nefndin taldi að lagasetning (eða skortur á lagasetningu), sem heimilar slíka ráðstöfun og er í mótsögn við sjálft eðli þess frelsis að stofna félög sem verndað er með ákvæðum 5. gr. sáttmálans, geti ekki talist til þess fallin að tryggja virka framkvæmd þeirrar meginreglu sem fólgin er í 5. gr.

Af ofangreindum ástæðum komst nefndin að þeirri niðurstöðu að ástandið á Íslandi bryti enn í bága við ákvæði 5. gr. sáttmálans. Nefndin vonaði að í næstu skýrslu kæmi fram hvort höfnun launamanns á því að ganga í eða vera áfram félagi í stéttarfélagi gæti orðið til þess að honum yrði sagt upp störfum eða honum yrði mismunað með einhverjum hætti.“

Samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, nr. 168 og 176, um aukna atvinnu og vernd gegn atvinnuleysi.

Alþjóðavinnumálastofnunin hefur gert tvær samþykktir um vernd gegn atvinnuleysi, en Ísland er aðili að þeirri stofnun og sækja fulltrúar ASÍ og VSÍ árlega þing hennar.

Í 1. tölul. 6. gr. samþykktar nr. 168 segir:

„Sérhvert aðildarríki skal tryggja að allir hinir tryggðu hafi jafnan rétt án mismununar vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, þjóðernislegs uppruna, menningarlegs- eða félagslegs uppruna, fötlunar eða aldurs.“

Í 16. tölul. samþykktar nr. 176 segir einnig:

„Aðildarríkin ættu að stuðla að því smám saman að löggjöf þeirra um atvinnuleysisbætur nái til allra launþega. Hins vegar má undanskilja tryggingarvernd opinberra starfsmanna ef þeim með landslögum eða reglugerðum er tryggð atvinna til venjulegs eftirlaunaaldurs.“

Núgildandi ákvæði um atvinnuleysistryggingar, sem skilyrða rétt til atvinnuleysisbóta félagsaðild að verkalýðsfélagi, eru bæði í andstöðu við einstakar greinar þessara sáttmála og inntak þeirra í heild.

Nd. 1132. Breytingartillögur [534. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar, nr. 64/1981, með síðari breytingum.

Frá Geir H. Haarde og Sólveigu Pétursdóttur.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein er orðist svo:
   1. gr. laganna orðist svo:
   Þeir launamenn, sem verða atvinnulausir, eiga rétt á bótum úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum.
2. Við 1. gr. (er verði 2. gr.). Greinin orðist svo:
   Með hugtakinu launamaður er í lögum þessum átt við hvern þann sem þegið hefur tíma-, viku- eða mánaðarlaun samkvæmt vinnusamningi við vinnuveitanda og gegnt hefur starfi sem veitir rétt til launa í uppsagnarfresti samkvæmt lögum, kjarasamningi eða vinnusamningi. Ákvæði laga þessara taka ekki til þeirra sem tryggður er réttur til atvinnuleysisbóta með öðrum lögum.
3. Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar svohljóðandi:
   a. (3. gr.)
   4. gr. laganna orðist svo:
   Launamaður, sem auk þess að stunda vinnu hjá gjaldskyldum atvinnurekanda, sbr. 9. gr., stundar sjósókn á eigin fari, á rétt til bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði, enda óski hann þess í skattframtali sínu og geri örugga grein fyrir tímalengd sjósóknar sinnar.
   b. (4. gr.)
   9. gr. laganna orðist svo:
   Hver launagreiðandi, sem hefur í þjónustu sinni launamann 16 ára og eldri er tekur tíma-, viku- eða mánaðarlaun samkvæmt vinnusamningi við launagreiðandann, sbr. þó 2. gr., svo og iðnnema, skal greiða iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs.
   Þeir sem um ræðir í 4. gr. skulu greiða iðgjöld vegna sjósóknar sinnar. Aðrir sjálfstæðir atvinnurekendur og einyrkjar eru ekki gjaldskyldir til sjóðsins og eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum.
4. Á eftir 4. gr. (verður 7. gr.) kemur ný grein er orðist svo:
   3. tölul. 1. mgr. 16. gr. laganna orðist svo:
   3. eru launamenn og starfa samkvæmt kjarasamningi og/eða vinnusamningi í þágu vinnuveitenda.
5. Á eftir 8. gr. (verður 12. gr.) komi ný grein er orðist svo:
   Á eftir 1. mgr. 25. gr. laganna komi ný málsgrein svohljóðandi:
   Standi launamaður utan stéttarfélaga skal hann beina umsókn sinni um atvinnuleysisbætur beint til Atvinnuleysistryggingasjóðs eða nefndar sem sjóðurinn skipar til að afgreiða þessar umsóknir.
6. Við 11. gr. (verður 16. gr.). Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella þau ásamt lögum nr. 10/1985, lögum nr. 79/1986, lögum nr. 51/1989, V. kafla laga nr. 87/1989 og VI. kafla laga nr. 7/1990 inn í meginmál laga nr. 64/1981 og gefa þau út að nýju svo breytt.

Ed. 1133. Breytingartillögur [411. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Við 1. gr. Síðari efnismálsgrein orðist svo:
   Ungmenni merkja í lögum þessum unglinga 16 og 17 ára.
2. Við 3. gr. Í stað orðsins „ungmenni“ í niðurlagi greinarinnar komi: unglingar 16 og 17 ára.

Ed. 1134. Frumvarp til laga [411. mál]

um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980.

(Eftir 2. umr. í Ed., 30. apríl.)

1. gr.

59. gr. laganna orðist svo:
Barn merkir í lögum þessum einstakling innan 16 ára aldurs.
Ungmenni merkja í lögum þessum unglinga 16 og 17 ára.

2. gr.

60. gr. orðist svo:
Börn yngri en 14 ára má ekki ráða nema til léttra, hættulítilla starfa. Ekki má láta börn á aldrinum 14 og 15 ára, né heldur þau sem yngri eru, vinna við hættulegar vélar og við hættulegar aðstæður.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur leiðbeinandi skilgreiningar um hvað teljast létt, hættulítil störf, hættulegar vélar og hættulegar aðstæður, sbr. lög nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, og að höfðu samráði við barnaverndarráð Íslands.

3. gr.

Í stað orðsins „unglinga“ í fyrri málsgrein 61. gr. komi: barna. Í stað orðsins „unglingar“ í síðari málsgrein greinarinnar komi: unglingar 16 og 17 ára.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 1135. Nefndarálit [484. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41/1975, um félagsráðgjöf.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur hún til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. apríl 1990.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, form., frsm.
Anna Ólafsdóttir Björnsson, fundaskr.
Geir Gunnarsson.
Geir H. Haarde.
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.
Sólveig Pétursdóttir.
Guðmundur G. Þórarinsson.

Nd. 1136. Nefndarálit [288. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 59/1987, um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og sendi það til umsagnar. Svör bárust frá Tryggingastofnun ríkisins (tryggingaráði), Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Sambandi ísl. bankamanna, Félagi ísl. iðnrekenda, Verslunarráði Íslands, Kvenréttindafélagi Íslands og nefnd sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipaði í október 1989 um fæðingaorlofsmál.

Með frumvarpi þessu er einkum reynt að eyða þeirri réttaróvissu sem nú ríkir um greiðslur til þeirra kvenna í fæðingarorlofi sem halda einhverjum launum meðan á orlofi stendur. Þær konur, sem svo stendur á um, hafa fram að þessu ekki átt kost á neinum greiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins.

Nefndin hefur beðið með afgreiðslu þessa frumvarps um skeið vegna fyrirheita um að lagt yrði fyrir þetta þing frumvarp um heildarendurskoðun fæðingarorlofslaganna. Ljóst er nú að það verður ekki lagt fram til afgreiðslu á þessu þingi.

Þar sem hér er um mjög brýnt mál að ræða, sem ekki mun valda neinum verulegum aukaútgjöldum hjá Tryggingastofnuninni, telur nefndin rétt að afgreiða nú þetta frumvarp þannig að konur í fæðingarorlofi búi ekki við þá óvissu, sem nú ríkir, þangað til heildarendurskoðun laganna er lokið á Alþingi.

Nefndin mælir því með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 30. apríl 1990.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, form., frsm.
Anna Ólafsdóttir Björnsson, fundaskr.
Geir Gunnarsson.
Geir H. Haarde.
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.
Sólveig Pétursdóttir.
Guðmundur G. Þórarinsson.

Sþ. 1137. Nefndarálit [373. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1988.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Frumvarp þetta var lagt fram á Alþingi 21. febrúar sl. og vísað til nefndarinnar 12. mars. Frumvarpið hefur því ekki verið lengi til meðferðar í nefndinni. Meðferð fjárveitinganefndar á efnisatriðum frumvarpsins hófst þó löngu fyrr; raunar í lok októbermánuðar sl. haust. Við þá yfirferð studdist nefndin við ríkisreikninginn fyrir árið 1988 og hafði nefndin því lokið rækilegri yfirferð yfir mörg helstu atriði fjárgreiðslna úr ríkissjóði umfram heimildir á árinu 1988 þegar frumvarp til fjáraukalaga á þskj. 641 barst henni. Auk þeirrar yfirferðar, sem nefndin viðhafði á efnisatriðum fjáraukalagafrumvarps þess sem síðar var flutt, á haustmánuðum 1988, studdist hún við þær upplýsingar úr ríkisreikningi 1988 við mat sitt á útgjaldaáætlunum í fjárlögum fyrir árið 1990.

Nefndin hafði þann hátt á meðferð málsins að fyrst fór hún yfir öll útgjaldaverkefni fjárlaga 1988 og bar saman við niðurstöðu samkvæmt ríkisreikningi. Sú yfirferð var gerð að viðstöddum starfsmönnum úr fjármálaráðuneyti og Fjárlaga- og hagsýslustofnun og var óskað eftir skýringum og upplýsingum frá þeim um greiðslur umfram greiðsluheimildir. Þær stofnanir og þau viðfangsefni, sem nefndin taldi sig ekki fá fullnægjandi skýringar á eða taldi ástæðu til að ræða sérstaklega um vegna óvenjumikils fráviks útgjalda frá heimildum fjárlaga, voru síðan tekin sérstaklega fyrir og efnt til funda í nefndinni þar sem til voru kallaðir fjármálastjórnendur þessara stofnana eða viðfangsefna, fulltrúar þeirra fagráðuneyta, sem ábyrgð bera á viðkomandi stofnunum eða viðfangsefnum, og fulltrúar fjármálaráðuneytisins. Var á þessum fundum farið nánar ofan í saumana hjá þessum stofnunum eða viðfangsefnum og forsjármenn þeirra og fagráðuneyti beðin um skýringar. Þar sem skýringar voru ekki fullnægjandi að dómi nefndarinnar var umræddum fjármálastjórnendum tjáð sú afstaða og þess óskað að viðkomandi fagráðuneyti og fjármálaráðuneytið fylgdust þar sérstaklega vel með. Í nokkrum tilvikum var gripið til sérstakra aðgerða í því skyni að koma á skipulagsbreytingum til þess að draga úr kostnaði og veita frekara kostnaðarlegt aðhald.

Sá háttur, sem fjárveitinganefnd hefur haft á vinnu sinni við yfirferð fjáraukalagafrumvarpsins, er tímafrekur og kostar talsverða vinnu. Enginn vafi er hins vegar á því að svona vinnubrögð bera árangur því að forsjármenn ríkisstofnana og viðfangsefna á vegum ríkisins verða þannig áþreifanlega varir við að fjárveitingavaldið fylgist með fjármálastjórn þeirra og gerir athugasemdir ef viðurkenndar skýringar eru ekki gefnar á því ef útgjaldaniðurstaðan er ekki í samræmi við áformin.

Með sambærilegum hætti fór fjárveitinganefnd einnig vandlega yfir svokallaðar „aukafjárveitingar“, þ.e. þær greiðslur úr ríkissjóði umfram fjárlagaheimildir, sem fjármálaráðherra hefur innt af hendi og eru umfram tilefni sem skýrast af breyttum launa-, verðlags- eða gengisforsendum fjárlaga. Aukafjárveitingar af þessu tagi, sem ekki má beinlínis rekja til breytinga á launa-, verðlags- og gengisforsendum frumvarpsins, námu samkvæmt yfirliti fjármálaráðuneytisins 2.566.572 þús. kr. og er sú fjárhæð þó samansett m.a. af aukafjárveitingum til útgjalda við einstök viðfangsefni sem rekja má til áhrifa verðlagsbreytinga, svo sem aukafjárveiting til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Þá eru í þessari fjárhæð einnig með talin útgjöld vegna heimilda um kaup fasteigna sem veittar eru í 6. gr. fjárlaga, svo og vegna heimilda um uppgjör sem veittar eru í sömu grein. Langflestar aukafjárveitingar á þessum lista eru hins vegar vegna samþykktar ríkisstjórnar eða ákvarðana fjármálaráðherra samkvæmt óskum einstakra fagráðherra. Listi yfir umræddar aukafjárveitingar fylgir hér með í sérstöku fylgiskjali.

Nefndin fór vandlega yfir þennan lista um aukafjárveitingar og kallaði eftir nánari skýringum um einstök efni. Fyrir löngu er búið að greiða þær upphæðir sem fjallað er um í þessum lista yfir aukafjárveitingar og þær greiðslur verða ekki afturkallaðar. Nefndin telur hins vegar að sumar þessara aukafjárveitinga orki tvímælis og að það sé farið að ganga ótæpilega langt ef ákveðnar eru með þessum hætti greiðslur úr ríkissjóði til viðfangsefna sem annaðhvort hafa aldrei verið lögð fyrir Alþingi til meðferðar ellegar Alþingi hefur ákveðið greiðslur til en framkvæmdarvaldið ekki verið sátt við og því ákvarðað án frekara samráðs við fjárveitingavaldið að auka greiðslur úr ríkissjóði þeirra vegna. Slíkar afgreiðslur virðast vera að færast í vöxt eftir því sem árin líða. Fjárveitinganefnd telur nauðsynlegt að hér verði breyting á og hefur flutt á yfirstandandi Alþingi frumvarp til laga um fjárgreiðslur úr ríkissjóði sem m.a. er ætlað að lögfesta reglur sem ákveða með hvað hætti unnt sé að sinna óvæntum viðfangsefnum, óvæntum umframkostnaði við tiltekin verkefni og kostnaðaráhrif breyttra

forsendna við verðlag, gengi eða laun en setji jafnframt skorður við „aukafjárveitingum“ af því tagi sem auka umfang viðfangsefnis umfram það sem Alþingi hefur ákveðið ellegar varða mál sem Alþingi hefur aldrei fjallað um eða hefur jafnvel hafnað.

Í sérstöku fylgiskjali með þessu nefndaráliti er greint frá því hvaða viðfangsefni, útgjaldaliðir og stofnanir voru tekin til nánari athugunar hjá fjárveitinganefnd. Á þessu stigi málsins verður ekki greint frá einstökum athugasemdum nefndarinnar eða afstöðu nefndarinnar í heild eða einstakra nefndarmanna, útgjaldaliða eða stofnana sem skoðaðar voru sérstaklega með þessum hætti heldur látið nægja að ítreka að nefndarmenn og nefndin í heild var ekki sátt við allar niðurstöðurnar, en óskaði eftir tilteknum eftirlits- og aðhaldsaðgerðum varðandi nokkra útgjaldaliði og gerðar voru athugasemdir við nokkrar aukafjárveitingar. Eins og áður segir eru þó ekki tök á að afturkalla þessar greiðslur sem inntar hafa verið af hendi og varð það því niðurstaða nefndarinnar að leggja fremur til breytt vinnubrögð í frumvarpi nefndarmanna um fjárgreiðslur úr ríkissjóði en að gera formlegar athugasemdir við einstaka liði til Alþingis.

Í greinargerð með frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1988, á þskj. 641, er gerð ítarleg grein fyrir niðurstöðum ríkisreiknings fyrir þau ár og niðurstöðum tekna og gjalda ríkissjóðs umfram áætlun fjárlaga. Er því aðeins stiklað á stærstu atriðunum hér.

Tekjur: Innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1988 urðu 64.506 m.kr. og er það 927 m.kr. hærri fjárhæð en fjárlög gerðu ráð fyrir. Verðlagsbreytingar urðu hins vegar aðrar en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir og ef verðlagsþróunin er tekin með í reikninginn námu innheimtar tekjur 3 milljarða kr. lægri upphæð en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir. Vegna samdráttar í veltu urðu tekjur af óbeinum sköttum 4 milljörðum kr. minni en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir að teknu tilliti til breyttrar verðþróunar, en tekjur af beinum sköttum hins vegar 1 milljarði kr. meiri og vó það upp fjórðung tekjutapsins af veltusköttunum. Liggur því ljóst fyrir að tekjubrestur skýrir að hluta til meiri hallarekstur á ríkissjóði árið 1988 en fjárlög gerðu ráð fyrir.

Gjöld: Gjöld uxu hins vegar um 9.093.098 þús. kr. umfram áætlun fjárlaga og er ríkissjóðshallinn á árinu 1988 þannig að u.þ.b. tveim þriðju hlutum vegna aukningar útgjalda umfram áætlun fjárlaga og að þriðjungi vegna tekjubrests. Stærstu liðir umframútgjalda eru (í m.kr.):

Rekstur stofnana	3.134
Tilfærslur	3.134
Aukin vaxtagjöld	2.193
Viðhald og fjárfestingar	645

Inni í þessum tölum eru vitaskuld bæði hækkanir vegna breytinga á gengis-, verðlags- og launaforsendum, hækkanir vegna vanáætlana og hækkanir vegna ákvarðana ríkisstjórnar og ráðherra um aukin umsvif eða ný verkefni.

Um frekari skýringar er vísað til greinargerðar frumvarps á þskj. 641.

B-hlutinn: Þá tók nefndin einnig málefni B-hlutastofnana til sérstakrar skoðunar. Nokkur misbrestur hefur verið á því að fylgt sé eftir við B-hlutastofnanir að þær standi við þær áætlanir sem gerðar eru í fjárlögum, sérstaklega að því er varðar fjárfestingar stofnananna, en einnig að því er varðar rekstur þeirra. Raunar hefur þetta aldrei verið gert svo að nokkurt samræmi sé í. Nokkrar þessara stofnana, má þar til nefna sérstaklega Póst og síma og RARIK, hafa verið krafðar um að upphaflegum áætlunum um rekstur og stofnkostnað væri strengilega

fylgt og hefur verið fylgst sérstaklega með þessum stofnunum hvað varðar bæði rekstur og fjárfestingu. Aðrar B-hlutastofnanir hafa hins vegar ekki verið látnar sæta sömu meðferð, t.d. ÁTVR hvað fjárfestingar varðar og Þjóðleikhúsið hvað rekstur varðar. Þetta þarf að samræma. Gera verður þá hina sömu kröfu til allra B-hlutastofnana, þ.e. að þær skili sem réttustum áætlunum um rekstur til Alþingis, ákvarðanir um meiri háttar fjárfestingar séu teknar við afgreiðslu fjárlaga jafnframt ákvörðunum um rekstur og stjórnendur stofnananna framfylgi síðan þessum áætlunum. Fram hefur komið það sjónarmið, sérstaklega hvað varðar stofnanir sem hafa tekjur af starfsemi sinni, að svo lengi sem þær skili til ríkisins því sem þeim er ætlað að skila eða standi undir þeim rekstri sem þeim er ætlað að standa komi það fjárveitingavaldinu ekki við hvernig þær verja umframtekjum sínum hvort sem þær eru nú litlar eða miklar. Á þetta sjónarmið verður ekki fallist. Sömu kröfu verður að gera til allra B-hlutastofnana. Þar á enginn að vera rétthærri en annar. Skynsamlega verður að sjálfsögðu að standa að málum og gefa góðum stjórnendum svigrúm til stjórnunar þannig að frumkvæði og árangur í rekstri geti skilað sér til stofnananna en megindrætti í rekstri og fjárfestingu B-hlutastofnana á að marka við afgreiðslu fjárlaga og þá á að virða. Mikill misbrestur hefur verið á því hjá einstökum stofnunum og því verður að kippa í liðinn.

Í nefndaráliti þessu hefur verið gerð grein fyrir þeim hætti sem fjárveitinganefnd hefur haft á afgreiðslu málsins. Greint hefur verið frá ýmsu sem fram kom á fundum nefndarinnar. Með vísan til þess sem hér hefur verið sagt, m.a. um þá niðurstöðu sem fjárveitinganefnd hefur komist að í störfum sínum og varðar það að nauðsynlegt sé að breyta starfsháttum framkvæmdarvaldsins varðandi greiðslur úr ríkissjóði og fjárveitingavaldsins hvað varðar afgreiðslu fjárlaga — en hvort tveggja eru forsendur þess að breytingar geti á orðið til bóta, leggur meiri hl. fjárveitinganefndar til að frumvarpið á þskj. 641 verði samþykkt óbreytt þótt einstakir nefndarmenn hafi haft athugasemdir við ýmsar afgreiðslur og nefndin í heild við þá þróun sem átt hefur sér stað á undanförnum árum í samskiptum framkvæmdarvaldsins við fjárveitingavaldið.

Alþingi, 30. apríl 1990.

Sighvatur Björgvinsson, form., frsm. | Margrét Frímannsdóttir, fundaskr. | Alexander Stefánsson.

Ólafur Þ. Þórðarson. | Ásgeir Hannes Eiríksson.

Fylgiskjal I.

Skrá yfir þau útgjaldaviðfangsefni og stofnanir sem fjárveitinganefnd ræddi sérstaklega við í tengslum við afgreiðslu fjáraukalaga 1988.
Stofnun eða viðfangsefni ásamt fjárlaganúmerum.

0 201 Alþingi
0 301 Ríkisstjórn

2 101 Menntamálaráðuneyti:
Aðalskrifstofa
Mál Sturlu Kristjánssonar
Menntaskólinn í Hamrahlíð
Verkmenntaskólinn á Akureyri
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
Námsstjórn og þróunarverkefni
Kvikmyndaeftirlit ríkisins
Unglingaheimili ríkisins
Lánasjóður íslenskra námsmanna
Þjóðskjalasafn
Náttúruverndarráð
Háskóli Íslands
Háskólinn á Akureyri
Grunnskólinn, almennt
Leikfélag Akureyrar
Ýmis íþróttamál

3 101 Utanríkisráðuneyti:
Aðalskrifstofa
Viðskiptaskrifstofa
Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli

7 101 Félagsmálaráðuneyti:
Aðalskrifstofa
Málefni fatlaðra

11 101 Iðnaðarráðuneyti:
Iðntæknistofnun
Sjóefnavinnslan hf.
Þörungavinnslan hf.
Iðnaðarrannsóknir
Iðja og iðnaður
Orkumál, ýmis verkefni

6 101 Dómsmálaráðuneyti:
Aðalskrifstofa
Sýslumenn og bæjarfógetar
Lögreglustjórinn í Reykjavík
Vinnuhælið á Litla-Hrauni
Löggildingarstofan
Prestaköll og prófastsdæmi

4 101 Landbúnaðarráðuneyti:
Aðalskrifstofa
Rannsóknastofnun landbúnaðarins
Skógrækt ríkisins
Einangrunarstöð holdanauta

5 101 Sjávarútvegsráðuneyti:
Aðalskrifstofa
Hafrannsóknastofnun

8 101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti:
Tryggingaeftirlitið
Hollustuvernd ríkisins
Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri
Sjúkrahúsið á Húsavík
Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi
Sjúkrahúsið í Keflavík
Ríkisspítalar
St. Jósefsspítali, Landakoti

9 103 Fjármálaráðuneyti:
Ríkisbókhald
Gjaldheimtan í Reykjavík
Fasteignamat ríkisins
Innkaupastofnun ríkisins, framkvæmdadeild

Í flestum þeim tilvikum, sem um ríkisstofnun var að ræða, var kallað í forstöðumenn þeirra ásamt með fulltrúum viðkomandi ráðuneytis og fjármálaráðuneytis.

B-hluta stofnanir.

Þá var sérstaklega rætt við forráðamenn eftirtalinna B-hlutastofnana, Húsnæðisstofnunar ríkisins vegna fjárfestinga í húsnæði, Þjóðleikhússins vegna mikilla rekstrarskulda, Skipaútgerðar ríkisins vegna hallareksturs, Ríkisútvarpsins vegna hallareksturs og framkvæmda sem m.a. voru kostaðar með kaupleigusamningum.

Fylgiskjal II.

Aukafjárveitingar 1988.
Sundurliðun frá fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Heimilaðar aukafjárveitingar 1. janúar til 31. desember 1988.				Þús.kr.
00			Æðsta stjórn ríkisins	17.447
	101	501	Emb. forseta Ísl. Umhverfisbætur að Bessastöðum	3.447
	101	501	Emb. forseta Ísl. Vegna kostnaðar við viðhald Bessastaðastofu á árunum 1987 og 1988	7.000
	202	101	Ríkisendurskoðun, yfirstjórn Vegna rekstrarhalla miðað við fjárveitingu á árinu 1988	7.000
01			Forsætisráðuneyti	17.170
	101	101	Aðalskrifstofa Slysavarnarfélag Íslands, styrkur	1.000
	101	101	Aðalskrifstofa Vegna vanmetins kostnaðar við samanburðarkönnun á kjörum karla og kvenna	1.500
	101	101	Aðalskrifstofa Greiðsla á samanburðarkönnun á launum kvenna og karla	2.500
	101	101	Aðalskrifstofa Vegna kostnaðar af nefndum sem voru samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar	1.970
	101	101	Aðalskrifstofa Vegna ríkisstjórnarákvörðunar um mótframlag til R.K.Í. vegna náttúruhamfaranna í Armeníu í Sovétríkjunum	2.000
	101	130	Öryggismálanefnd Vegna rekstrarerfiðleika ársins 1988	1.700
	101	160	Aðalskrifstofa Styrkur til Rauðakrosshússins vegna starfsemi gegn ávana og fíkniefnum	5.000
	902	601	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum Til greiðslu á umframkostnaði við gerð aðalskipulags	1.500
02			Menntamálaráðuneyti	287.982
	101	101	Aðalskrifstofa Greiðsla á skaðabótum til Sturlu Kristjánssonar	793
	101	101	Aðalskrifstofa Vegna rekstrarhalla á árinu 1988	15.000
	201	102	Háskóli Íslands, sameiginleg útgj. Vegna ófyrirséðra útgjalda vegna kjarasamninga og fæðispeninga	7.681
	201	116	Háskóli Íslands, heimspekideild Vegna kennarastöðu í rússnesku við Háskólann	300
	201	118	Háskóli Íslands, félagsvísindad. Breyting á stöðu vegna þjóðfræðikennslu	380
	301	501	Menntaskólinn í RVK endurbætur Vegna viðhaldskostnaðar á byggingum skólans	3.000
	302	102	Menntaskólinn á Akureyri Styrkur vegna Norðurlandamóts framhaldsskóla í skák	250
	354	610	Fjölbrautaskóli Vesturlands Kaup á húsnæði fyrir fatasaum	1.110
	359	601	Verkmenntaskóli á Akureyri Vegna nýbyggingar	16.000
	422	110	Námsgagnastofnun, skólavörubúð Vegna kaupa á kvikmyndinni, Land og synir, til sýninga í skólum landsins	200
	501	101	Tækniskóli Ísl. Vegna aukins launa- og húsaleigukostn.	7.000
	517	102	Hótel- og veitingaskóli Íslands Vegna aukins leigukostnaðar og annarra rekstrargjalda	2.500
	610	590	Héraðsskólar almennt Vegna lagfæringa á skólamannvirkjum að Reykholti	6.600
	730	690	Bygging grunnskóla	

		og íbúða fyrir skólastjóra	Greiðsla á 65% af eignarhluta Grýtubakkahrepps í Stórutjarnarksóla	2.500
872	101	Lánasjóður ísl. námsmanna	Endurmat fjárveitingar í ljósi verðlagsþróunar	132.000
902	101	Þjóðminjasafnið	Húsaleigukostnaður vegna geymsluhúsnæðis	750
903	101	Þjóðskjalas. Ísl.	Laun séra Kolbeins Þorleifssonar	830
903	101	Þjóðskjalas. Ísl.	Vegna rekstrarhalla á árinu 1988	6.000
906	101	Listasafn Einars Jónssonar	Vegna rekstrarhalla safnsins á árunum 1987 og 1988	1.000
907	101	Listasafn Íslands	Vegna rekstrarhalla á árinu 1988	1.500
909	101	Blindrabókasafn Íslands	Vegna ófyrirséðra útgjalda stofnunarinnar á árinu 1988	500
931	101	Náttúruverndarráð	Vegna rekstrarhalla á árinu 1988	4.500
971	101	Ríkisútvarpið, hljóðvarp	Til greiðslu söluskatts sem lagður var á menningarsjóðsgjald	17.000
973	101	Þjóðleikhúsið	Endurmat útgjalda í ljósi verðlagsþróunar	10.000
974	101	Sinfóníuhljómsveit Íslands	Endurmat útgjalda í ljósi verðlagsþróunar	4.000
982	120	Listir, framlög Leikfél. Reykjav.	Vegna hallareksturs á árinu 1988	3.500
982	121	Listir, framlög Leikfél. Akureyrar	Hækkun framlags samkvæmt samkomulagi fjármálaráðherra og Akureyrarbæjar	1.720
982	130	Listir, framlög Íslenska óperan	Uppgjör á eldri skuldum við ríkissjóð	11.500
982	133	Listir, framlög Íslensk tónverkamiðstöð	Aukið framlag 1988	2.300
982	137	Tónlistarstarfsemi, styrkir	Rekstrarstyrkur til íslensku hljómsveitarinnar	1.000
982	145	Listir, Listasafn Sigurjóns Ólafss.	Styrkur í tilefni opnunar safnsins	1.500
982	175	Lista- og menningarmál, ýmis	Listahátíð, trygging verka Cagalls	316
986	620	Íþróttasjóður	Byggingarstyrkur til íþróttafélagsins Gerplu	1.752
989	111	Ýmis íþróttamál Olympíunefnd Ísl.	Styrkur til Ólympíunefndar Íslands	2.000
989	115	Ýmis íþróttamál Íþróttastarfsemi almenn	Styrkur til íþróttafélagsins þórs í Vestmannaeyjum	2.500
989	115	Ýmis íþróttamál Íþróttastarfsemi almenn	Vegna framkvæmda íþróttafélagsins Fram	1.600
989	115	Ýmis íþróttamál Íþróttastarfsemi almenn	Vegna byggingar nýrrar skíðalyftu á Siglufirði í tilefni 175 ára kaupstaðarafmælis	3.000
989	121	Ýmis íþróttamál Skáksamb. Ísl.	Vegna þátttöku íslenskra skákmanna í Olympíuskákmótinu 1988	500
989	123	Ýmis íþróttamál skákmót styrkir	Framlag til Jóhanns Hjartarsonar vegna áskorendaeinvígis við Kortsnoj	500
989	613	Ýmis íþróttamál Íþróttasamband fatlaðra	Framlag í viðurkenningarskyni fyrir glæsilega frammistöðu fatlaðra íþróttamanna á Olympíuleikum fatlaðra í S-Kóreu	10.000
999	198	Ýmislegt, félög, styrkir	Styrkur vegna plötuútgáfu Pólýfónkórsins	200

999	198	Ýmislegt, félög, styrkir	Styrkur til pólifónkórsins	700
999	631	Ýmislegt, Geysir í Haukadal	Vegna lagfæringa innan girðingar á hverasvæðinu í Haukadal	2.000
03		Utanríkisráðuneyti		44.490
101	101	Aðalskrifstofa	Til greiðslu á kostnaði vegna nefndar um stefnumörkun gagnvart EB	1.000
101	101	Aðalskrifstofa	Vegna rekstrarhalla frá árinu 1987	10.000
101	150	Viðskiptaskrifstofa	Laun lausráðins sendiráðsritara á viðskiptaskrifstofu til áramóta	690
101	160	Rannsóknir á Hatton-Rockall	Hluti Íslands í kostnaði við rannsóknir á Hatton-Rockallsvæðinu	21.800
102	601	Varnarmálaskrifstofa	Framkvæmdir vegna gerðar vatnsbóla fyrir Njarðvík	5.000
310	101	Sendiráð í Brussel	Fjárveiting til kaupa á tölvubúnaði fyrir sendiráðið	500
390	101	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	Viðbótarútgjöld vegna gengisfellinga	2.000
399	180	Ýmis utanríkismál	Framlag vegna hjálparstarfs í Eþíópíu ónotuð fjárveiting frá 1986	1.000
399		Ýmis utanríkismál	Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um framlag Hjálparstofnunar kirkjunnar vegna náttúruhamfaranna í Armeníu	1.500
399		Ýmis utanríkismál	Framlag til hjálparstarfsemi vegna náttúruhamfaranna í Mið-Ameríku	1.000
04		Landbúnaðarráðuneyti		434.110
101	101	Aðalskrifstofa	Vegna aukins leigu- og rekstrarkostnaðar aðalskrifstofu	2.560
171	601	Jarðeignir ríkisins, framlag	Framlag til að jafna skuldir frá árinu 1987	2.900
231	110	Skógrækt ríkisins	Vegna ófyrirséðs kostnaðar við fræhúðun og vegna kostnaðar við aðgerðir vegna gróðurskemmda í Mývatnssveit, á Hólsfjöllum og í Bárðardal	6.500
235	660	Landgræðsla rík., vélar og tæki	Vegna kaupa á flugvél til áburðardreifingar	5.400
243	101	Sauðfjárveikivarnir	Greiðslur á ófyrirséðum kostnaði vegna hringskyrfis og riðuveiki	30.800
246	101	Veiðimálastofnun	Endurmat fjárveitingar í ljósi verðlagsþróunar	3.000
247	690	Yfirdýralæknir, dýralæknabústaðir	Vegna kaupa á dýralæknisbústað á Húsavík	1.000
247	690	Yfirdýralæknir, dýralæknabústaðir	Kaup á dýralæknabústað á Húsavík	6.000
289		Jöfnunargjald	Vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um endurgreiðslur á söluskatti í loðdýrarækt og fiskeldi	30.000
289	110	Endurgreiðsla gjalda í landbúnaði	Lokauppgjör á framlagi til kartöfluverksmiðja af jöfnunargjaldi á innfluttar kartöflur. Kartöfluverksm. Þykkvabæjar 10.000 þús.kr. og Kjörland Svalbarðseyri 5.000 þús.kr.	15.000
290	101	Uppbætur á aðfluttar landbúnaðarafurðir	Vegna útflutnings mjólkurafurða umfram áætlun fjárlaga, 146.000 þús.kr. Vegna útflutnings á kindakjöti umfram áætlun fjárlaga vegna minni neyslu innanlands	

			og úthlutunar búmarka umfram samninga, 181.000 þús.kr.	327.000
	501 140	Bændaskólinn á Hvanneyri	Vegna kostnaðar við varðveislu landnámshænsnastofns á árunum 1986, 1987 og 1988	950
	502 601	Bændaskólinn á Hólum, fasteignir	Uppgjör vegna anddyrisbyggingar við skólann á árinu 1988. Lokaframlag	3.000
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**			**7.500**
	202 101	Hafrannsóknast., yfirstjórn	Vegna vanskila á leigutekjum af r/s Hafþóri	3.500
	203 190	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	Endurmat fjárveitingar í ljósi verðlagsþróunar	4.000
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**			**27.440**
	206 125	Lögreglustj. í R. Lögregluskólinn	Aukin rekstrargjöld	800
	206 125	Lögreglustj. í R.	Vegna launagjalda umfram áætlanir 1988	5.000
	206 622	Lögreglustöð í Mosfellsbæ	Innrétting á aðstöðu fyrir lögreglu í Mosfellsbæ	640
	212 610	Bæjarfóg. Akranesi skrifstofukostn.	Greiðsla skv. kaupsamningi á húsnæði að Þjóðbraut 13, Akranesi. Heimild til þessara kaupa er að finna í 6. gr. fjárlaga 1988	5.000
	239 101	Fangelsismálastofnun	Vegna undirbúnings að starfrækslu stofnunarinnar	300
	244 101	Fangelsið Síðumúla 25	Vegna launa í viðkindum og launakostnaður vegna námskeiða	2.900
	253 101	Almannavarnir ríkisins	Kostnaður vegna flutnings skrifstofu almannavarna á Laugaveg 118d	1.000
	283 110	Fangamál, ýmis kostnaður fangahjálp	Vegna rekstrarvanda félagasamtakanna Verndar	1.500
	283 113	Fangamál, ýmis kostnaður geðlækninga	Greiðsla vegna ófyrirséðs kostnaðar við vistun refsifanga	1.800
	301 101	Biskup Íslands yfirstjórn	Vegna útgáfukostnaðar o.fl.	1.500
	304 652	Ýmis kirkjuleg málefni, Hóladómkirkja	Vegna framkvæmdakostnaðar umfram áætlanir við Hóladómkirkju	7.000
07	**Félagsmálaráðuneyti**			**210.561**
	101 101	Aðalskrifstofa	Kostnaður vegna nefndar um úttekt á almenna húsnæðislánakerfinu	756
	101 101	Aðalskrifstofa	Námskeið fyrir konur sem hefja vilja störf á vinnumarkaðinum	250
	271 101	Byggingarsjóður ríkisins	Vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um veitingu greiðsluerfiðleikalána til fjölskyldna í greiðsluerfiðleikum vegna húsnæðiskaupa	75.000
	700 104	Málefni fatlaðra, kostn. skv. 10.gr.	Greiðslur á kostnaði vegna 10.gr. laga um málefni fatlaðra	10.000
	700 104	Málefni fatlaðra, kostn. skv. 10.gr.	Endurmat fjárveitingar í ljósi verðlagsþróunar	5.000
	701	Blindravinnustofan	Rekstrarhalli blindravinnustofunnar	1.000
	701 130	Vinnustofan Ás	Rekstrarerfiðleikar Styrktarfélags	

			vangefinna, laun fatl. á vinnust. Ás	1.860
701	133	Körfugerð blindrafélagsins	Rekstrarhalli Körfugerðar blindrafélagsins	470
706	130	Iðjulundur, verndaður vinnustaður	Rekstrarhalli síðustu ára, uppgjör	300
706	140	Leikfangasafn Akureyri	Uppgjör á rekstrarhalla	70
706	170	Vistheimilið Sólborg	Rekstrarhalli. uppgjör	580
708	171	Málefni fatlaðra Suðurl. Sólheimar	Vegna viðvarandi rekstrarerfiðleika stofnunarinnar	3.000
982	101	Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota	Vegna fleiri gjaldþrota en áætlað hafði verið	50.000
999	140	Félagsmál, ýmis starfsemi	Styrkur vegna rekstrarerfiðleika ársins 1988	1.000
999	150	Vextir á orlofsfé	Greiðsla vaxta á orlofsfé í póstgíróstofu	16.275
999	190	Félagsmál, ýmis starfsemi, ýmis framlög	Framlag í jöfnunarsjóð skv. ákv. ríkisstjórnarinnar	40.000
999	190	Félagsmál, ýmis starfsemi, ýmis framlög	Greiðsla kostnaðar vegna könnunar á burðarþoli bygginga	1.000
999	111	Félagsmál, ýmis starfsemi, meðlög	Endurmat fjárveitingar í ljósi verðlagsþróunar	4.000
08		**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**		**494.092**
101	101	Aðalskrifstofa	Vegna halla frá fyrra ári og nefndarkostnaður	6.000
101	101	Aðalskrifstofa	Kostnaður við verkefni sem snýr að samræmingu bókhalds sjúkrahúsa	2.000
101	101	Aðalskrifstofa	Kostnaður vegna þáttagerðar og fræðslu starfsemi um heilbrigðismál	500
101	101	Aðalskrifstofa	Vegna hallareksturs á árinu 1988	4.000
271	120	Tryggingast. rík.	Lokauppgjör á rekstrarhalla fyrri ára	5.700
274	101	Eftirlaunasjóður aldraða	Endurmat fjárveitingar í ljósi verðlagsþróunar	8.000
301	101	Landlæknir, yfirstjorn	Vegna hallareksturs á árinu 1987	1.000
301	102	Landlæknisemb., læknaferðir	Vegna íslensk/kanadískra rannsókna í hjarta- og æðasjúkdómum	600
324	101	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	Vegna aukinna útgjalda við kaup á hjálpartækjum	3.000
325	101	Hollustuvernd ríkisins	Greiðsla vegna rekstrarerfiðleika á árinu 1987	4.000
325	101	Hollustuvernd ríkisins	Vegna launakostnaðar sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum	5.000
340	120	Málefni fatlaðra, Sjálfsbjörg Akureyri	Vegna uppsafnaðs rekstrarhalla frá árunum 1985, 1986 og 1987	6.000
340	170	Málefni fatlaðra, MS-félag Íslands	Greiðsla á ónotaðri fjárveitingu frá fjárlögum 1987	292
353	101	Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði	Vegna rekstrarhalla á árinu 1988	5.000
356	101	Sjúkrahúsið Sauðárkróki	Vegna rekstrarhalla ársins 1987	7.300

356	101	Sjúkrahúsið Sauðárkróki	Vegna rekstrarhalla á árinu 1988	4.000
358	101	Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri	Uppgjör á halla ársins 1988	30.000
358	101	Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri	Tjónagreiðsla	8.700
359	101	Sjúkrahúsið Húsavík	Uppgjör rekstrarhalla ársins 1987	7.000
359	101	Sjúkrahúsið Húsavík	Vegna rekstrarhalla á árinu 1988	7.000
360	101	Sjúkrahús Seyðisfjarðar	Vegna greiðsluhalla 1987	3.000
361	101	Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	Uppgjör rekstrarhalla ársins 1987	7.500
361	101	Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	Vegna rekstrarhalla á árinu 1988	3.000
363	101	Sjúkrahúsið Egilsstöðum	Vegna rekstrarhalla á árinu 1988	2.000
365	101	Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	Uppgjör rekstrarhalla ársins 1987	9.500
365	101	Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	Vegna rekstrarhalla á árinu 1988	10.000
367	101	Sjúkrahúsið í Keflavík	Vegna uppsafnaðs halla frá árinu 1987	10.000
367	101	Sjúkrahúsið í Keflavík	Vegna rekstrarhalla á árunum 1987 og 1988	30.000
368	101	Sólvangur., Hafnarfirði	Vegna rekstrarhalla á árinu 1988	5.000
371	110	Ríkisspítalar, legu-, svæf.- og gjörgæsludeild	Laun lausráðins aðstoðarlæknis á lyfjadeild	1.000
371	670	Ríkisspítalar, Yfirstjórn mannvirkjagerðar á Landspítalalóð	Vegna ófyrirséðs kostnaðar við K-byggingu á Landspítalalóð á árunum 1987 og 1988	30.000
371	680	Ríkisspítalar, Ármúli 1a	Kaup á tækjum og innréttingum til rannsóknastofu í veirufræði	10.000
372	101	Borgarspítalinn	Rekstrarhalli ársins 1987	17.000
373	101	St. Jósefsspítali Landakotsspítali	Framlag til greiðslu á uppsöfnuðum rekstrarskuldum spítalans	75.000
373	101	St. Jósefsspítali Landakotsspítali	Vegna rekstrarerfiðleika	25.000
373	101	St. Jósefsspítali Landakotsspítali	Framlag til greiðslu á uppsöfnuðum rekstrarskuldum spítalans	75.000
381	690	Bygging sjúkrah., heilsugæslustöðva og læknabústaða	Greiðsla vegna byggingaskulda við Sjúkrahús Keflavíkur	6.000
381	690	Sjúkrahús og læknisbústaðir	Greiðsla á hlut ríkisins vegna framkvæmda við heilsugæslustöðvar í Reykjavík(heimild í 6. gr.)	22.000
391	101	Heilsugæslust.	Vegna rekstrarhalla 1988	20.000
399	124	Heilbrigðismál ýmis starfsemi	Vegna neyslukönnunar og manneldismála	2.000
471	610	Gæsluvistarsjóður, framlag	Vegna áfengisvarna í tengslum við breytingar á áfengislögum	6.000
471	630	Gæsluvistarsjóður, S.Á.Á.	Vegna halla á rekstri Vogs árin 1987 og 1988	10.000

09	Fjármálaráðuneyti			232.900
	101 601	Hið almenna ráðuneyti	Húsgagnakaup vegna flutnings launa- og tekjudeildar í Sambandshúsið	2.900
	103 101	Ríkisbókhald	Vegna umframkostnaðar við skýrsluvélavinnu o.fl.	15.000
	202 101	Skattstofan í Reykjavík	Vegna kaupa á nýju símstöðvarkerfi fyrir stofnunina	1.000
	212 101	Skattstofur, sameiginleg útgjöld	Vegna skýrsluvélakostnaðar við staðgreiðslukerfi skatta	23.000
	381 101	Uppbætur á lífeyri	Endurmat fjárveitingar í ljósi verðlagsþróunar	60.000
	381 101	Uppbætur á lífeyri	Endurmat fjárveitingar í ljósi þróunar lífeyrisútgjalda	80.000
	999 110	Símak. og burðargjald fyrir Stjórnarráðið	Vegna kostnaðar við síma- og burðargjöld umfram áætlanir	12.000
	999 111	Skýrsluvélakostn. vegna launagreiðslna	Vegna ófyrirséðs kostn. við skýrsluvélavinnslu vegna launagreiðslna	5.000
	999 112	Skýrsluvélakostn. vegna tekjubókhalds	Vegna ófyrirséðs kostnaðar við vinnslu tekjubókhalds	34.000
10	Samgönguráðuneyti			159.230
	211	Vegagerð ríkisins	Vegna endurmats fjárveitingar í ljósi verðlagsþróunar og eldsneytisnotkunar	90.000
	211 610	Vegagerð ríkisins, nýframkvæmdir	Vegna framkvæmdakostnaðar umfram ráðstöfunarfé 1988 vegna Ólafsfjarðarmúla	35.000
	321 110	Strandferðir, framlög, Skipaútgerð ríkisins	Endurmat fjárveitingar í ljósi verðlagsþróunar	11.000
	321 110	Skipaútgerð ríkisins	Tjónabætur vegna bifreiðar sem skemmdist á hafnarbakka	450
	342 101	Rannsóknanefnd sjóslysa	Vegna rekstrarhalla nefndarinnar á s.l. ári	1.800
	485 120	Tilkynningarskylda íslenskra skipa	Uppgjör vegna ársins 1987	2.000
	485 126	Ýmis framlög, ýmislegt	Greiðsla á hlut Íslands í sameiginl. kostnaði við kaupstefnur á vegum Ferða málanefndar Vest-Norden	680
	656 101	Landmælingar Íslands	Vegna kortagerðar af Íslandi í samvinnu við D.M.A.	9.000
	656 101	Landmælingar Íslands	Vegna rekstrarhalla 1987	9.300
11	Iðnaðarráðuneyti			61.900
	201 101	Iðntæknistofnun Íslands	Vegna enduráætlunar á útgjöldum stofnunarinnar	6.000
	201 101	Iðntæknistofnun Íslands	Vegna enduráætlunar á útgjöldum stofnunarinnar	4.000
	201 101	Iðntæknistofnun Íslands	Greiðsla vegna enduráætlunar gjalda 1988	1.500
	201 101	Iðntæknistofnun Íslands	Endurmat fjárveitingar í ljósi verðlagsþróunar	4.000
	299 114	Iðja og iðnaður, framlög	Framlag ríkissjóðs vegna starfsmenntunar í matvælaiðnaði	15.000
	299 140	Iðja og iðnaður, framlag til ullar-	Vegna ákvæða í samstarfssamningi ríkisstjórnarinnar um framlög til	

		iðnaðar	ullariðnaðar	14.000
	301 101	Orkustofnun	Vegna biðlauna og orlofsgreiðslna í kjölfar uppsagna starfsmanna haustið 1987	10.000
	399 119	Ýmis orkumál, önnur orkumál	Vegna úrbóta í raforkumálum Norður-Þingeyjarsýslu	7.400
12	Viðskiptaráðuneyti			567.150
	101 101	Aðalskrifstofa	Tilfærsla til Neytendasamtakanna vegna herts verðlagseftirlits	900
	201 101	Niðurgreiðslur á vöruverði	Vegna aukinna niðurgreiðslna í kjölfar hækkunar á verðlagi og aukins magns af seldu kjöti	210.000
	201 101	Niðurgreiðslur á vöruverði	Vegna aukins vaxta- og geymslukostn. ásamt með auknum niðurgreiðslum	350.000
	901 101	Verðlagsstofnun	Aukinn kostnaður stofnunarinnar við framkvæmd verðstöðvunarlaga	2.000
	902 101	Verðlagsstofnun	Greiðsla vegna sérstaks verðkönnunaráataks	2.000
	902 101	Verðlagsstofnun	ukakostnaður af hertu verðlagseftirliti í kjölfar verðstöðvunar	2.000
	903 101	Skráning hlutafélaga	Kostnaður vegna tímabundinna starfa lögfræðings í veikindaforföllum	250
13	Hagstofa Íslands			4.600
	101 101	Hagstofa Íslands, yfirstjórn	Vegna leiðréttinga á launakostnaði og leigukostnaði	2.500
	101 101	Hagstofa Íslands	Vegna endurgerðra húsaleigusamninga	2.100
			Samtals aukafjárveit. á árinu 1988	2.566.572

Nd. 1138. Breytingartillögur [386. mál]

við frv. til l. um skipan prestakalla og prófastdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Ráðherra er heimilt að stofna nýtt prestakall eða breyta mörkum prestakalla eftir tillögu biskups og að fengnu samþykki þriggja fjórðu hluta atkvæðisbærra manna á héraðsfundi og aðalsafnaðarfundi viðkomandi sókna eða safnaðarráðs, sbr. 2. gr.
2. Við 6. gr. Greinin falli brott.
3. Við 8. gr. 2. mgr. falli brott.
4. 2. tölul. ákvæða til bráðabirgða orðist svo:
   Til þess að sameining prestakalla geti orðið skv. 1. gr. skal fyrst fá samþykki þriggja fjórðu hluta atkvæðisbærra manna á fundi í hvoru eða hverju prestakalli fyrir sig. Til þess fundar skal boðað á sannanlegan hátt og getið sé um fundarefni í fundarboði.

Nd. 1139. Frumvarp til laga [402. mál]

um innflutning dýra.

(Eftir 2. umr. í Nd., 30. apríl.)

1. gr.

Merking orða er í lögum þessum sem hér segir:

Búfé: Hvers konar dýr sem haldin eru og alin í þeim tilgangi að hafa af þeim gagn og nytjar.

Búfjárræktarnefnd: Nefnd skv. 5. gr. laga um búfjárrækt, nr. 84 30. maí 1989.

Dýr: Öll lifandi landdýr, bæði hryggdýr, hryggleysingjar og lagardýr sem lifa að hluta eða öllu leyti í fersku vatni.

Einangrunarstöð: Sóttvarnaraðstaða fyrir loðdýr, fugla og fiska.

Erfðaefni: Hvers kyns efni sem geymir erfðaeiginleika dýra, svo sem fósturvísir (frjóvgað egg eða fóstur á frumstigi), egg eða sæði.

Sóttvarnardýralæknir: Yfirmaður sóttvarnastöðvar þar sem dýr hafa verið flutt inn samkvæmt lögum þessum.

Sóttvarnastöð: Staður þar sem dýr og erfðaefni eru geymd meðan rannsakað er hvort þau eru haldin smitsjúkdómi.

Umsjónardýralæknir: Hver sá dýralæknir sem hefur verið skipaður til eftirlits vegna innflutnings samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin eða villt, svo og erfðaefni þeirra.

Landbúnaðarráðherra getur, að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, vikið frá banni því sem um getur í 1. mgr. og leyft innflutning dýra og erfðaefnis, enda sé stranglega fylgt þeim fyrirmælum, sem felast í lögum þessum, og reglugerðum er settar verða samkvæmt þeim.

Dýrum, sem flutt eru inn án heimildar, skal tafarlaust lógað og skrokkum eytt svo að eigi stafi hætta af. Eggjum, sæði eða fósturvísum skal á sama hátt eytt, svo og dýrum, sem sædd kunna að hafa verið eða notuð sem fósturmæður, og afkvæmum sem kunna að hafa fæðst eftir slíkan ólöglegan innflutning.

3. gr.

Þegar yfirdýralæknir mælir með innflutningi dýra eða erfðaefnis skal hann skila rökstuddu áliti um heilbrigðisástand í viðkomandi landi eða landsvæði og meðmælum skulu fylgja vottorð frá viðkomandi heilbrigðisyfirvöldum um að þar hafi ekki orðið vart sjúkdóma í dýrum sem sérstaklega þarf að óttast hér á landi.

Þegar óskað er heimildar til innflutnings á búfé skal ráðherra skipa nefnd þriggja dýralækna yfirdýralækni til ráðuneytis. Skal einn þeirra tilnefndur af Tilraunastöð Háskólans í meinafræði, annar af yfirdýralækni og sá þriðji skipaður án tilnefningar.

4. gr.

Áður en leyfi til innflutnings á búfé eða erfðaefni þess er veitt skal ráðherra leita álits búfjárræktarnefndar í viðkomandi búgrein og skal hún meta þörf eða hugsanlegan ábata fyrir íslenska búfjárrækt af slíkum innflutningi. Skal nefndin gera tillögur um hvaða kyn og tegund skuli flytja inn, með hvaða hætti og frá hvaða landi.

Nefndin getur lagt til annað form á innflutningi en umsækjandi gerir ráð fyrir telji hún það tryggara og forsendur fyrir meðmælum með umsókninni.

5. gr.

Áður en leyfi er veitt til innflutnings á nýjum dýrategundum eða erlendum stofnum tegunda sem hér eru fyrir skal landbúnaðarráðherra afla umsagnar Náttúruverndarráðs.

6. gr.

Landbúnaðarráðuneytið skal annast og bera ábyrgð á innflutningi búfjár sem heimilaður kann að verða samkvæmt lögum þessum. Á sama hátt annast það framræktun kynja sem inn verða flutt, en landbúnaðarráðherra er þó heimilt að fela hana einstökum búgreinasamtökum eða ræktunarfélögum, enda mæli yfirdýralæknir og viðkomandi búfjárræktarnefnd með því. Viðkomandi aðili skal þá sýna fram á að hann geti fullnægt öllum skilyrðum um sóttvarnir og aðbúnað og kostað framræktunina að öllu leyti. Slíkt framsal skal ávallt bundið við eitt innflutningsleyfi með ákveðnum tímamörkum.

7. gr.

Vegna innflutnings á dýrum og erfðaefni samkvæmt lögum þessum skal vera til staðar eða byggð sóttvarnastöð á hentugum stað. Öll aðstaða til einangrunar og sóttvarna skal fullnægja þeim kröfum sem yfirdýralæknir telur nauðsynlegar og nánar skal kveðið á um í reglugerð.

8. gr.

Þegar dýr eða erfðaefni er valið til innflutnings skal hvert einstakt dýr, sem flytja skal inn, karldýr, sem eru fyrirhugaðir sæðisgjafar, og foreldrar, sem gefið hafa frjóvguð egg, heilbrigðisskoðuð af embættisdýralækni og skulu vottorð og aðrar nauðsynlegar upplýsingar liggja fyrir áður en innflutningur fer fram. Fósturvísa, egg eða sæði má aðeins flytja frá viðurkenndum kynbótastöðvum þar sem fylgst hefur verið með heilbrigði foreldra eða foreldris nægilega lengi að mati yfirdýralæknis. Landbúnaðarráðherra skal setja reglur samkvæmt tillögum yfirdýralæknis um kröfur til hvers kyns upplýsinga og vottorða sem þurfa að liggja fyrir áður en slíkur innflutningur er leyfður.

9. gr.

Einangra skal öll innflutt dýr og erfðaefni á sóttvarnastöð svo lengi sem yfirdýralæknir telur þörf á undir stöðugu eftirliti sóttvarnardýralæknis stöðvarinnar.

Sóttvarnardýralæknir sóttvarnastöðvar skal ráðinn af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, og skal hann fá sérstakt erindisbréf. Sóttvarnardýralæknir skal vera dýralæknir er hafi sérstaka þekkingu og þjálfun í eggjaflutningi og sæðingum búfjár. Sóttvarnardýralækni er óheimilt að stunda lækningar dýra utan sóttvarnastöðvar.

Landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, reglugerð um allt er veit að rekstri sóttvarna- og einangrunarstöðva og öryggi gagnvart hugsanlegri sýkingarhættu frá þeim, þar á meðal ströng ákvæði um mannaferðir, meðferð áburðar, hvers konar úrgangs og afurða frá stöðvunum. Starfsmenn við slíkar stöðvar skulu fá sérstök erindisbréf og skal sóttvarnardýralæknir ábyrgur fyrir því að öryggisreglum sé fylgt.

10. gr.

Innflutt dýr eða dýr, sem hafa vaxið af innfluttu erfðaefni, má aldrei flytja út af sóttvarnastöð.

Þegar tryggt þykir að við innflutning hafi ekki borist neinir erfðagallar eða smitsjúkdómar hættulegir íslenskum dýrum og liðinn er ákveðinn tími, sem nánar skal kveðið á um í reglugerð, frá síðasta innflutningi dýra eða erfðaefnis getur yfirdýralæknir heimilað að dýr eða erfðaefni, annað en getið er í 1. mgr., séu flutt úr sóttvarnastöð.

11. gr.

Hreinræktun innfluttra kynja og blöndun þeirra við innlent búfé skal vera undir stjórn viðkomandi búfjárræktarnefnda sem starfa eftir lögum um búfjárrækt.

12. gr.

Íslensk dýr, sem tekin eru til blöndunar við innflutt búfjárkyn eða til að vera fósturmæður við innflutning á fósturvísum, skulu valin af ráðunautum Búnaðarfélags Íslands í viðkomandi búgrein og skal yfirdýralæknir eða fulltrúi hans ganga úr skugga um að þau séu eigi grunuð um eða haldin smitsjúkdómum. Ekki má hefja ræktun á íslensku búfjárkyni með innfluttu kyni fyrr en gengið hefur verið úr skugga um hvernig kynin blandast og að einblendingsrækt með íslenska kyninu fylgi ekki alvarlegir burðarerfiðleikar eða skapgerðargallar.

Gæta skal þess að verðmætir eiginleikar í íslenskum búfjárkynjum tapist ekki við blöndun við innflutt kyn. Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði sem kveða svo á um að aðeins megi nota hið innflutta kyn til einblendingsræktar telji ráðunautur Búnaðarfélags Íslands og/eða viðkomandi búfjárræktarnefnd ástæðu til.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. þessara laga er landbúnaðarráðherra heimilt að leyfa innflutning loðdýra, sem haldin eru í búrum, frjóvgaðra alifuglaeggja frá viðurkenndum kynbótabúum og fiska og erfðaefnis þeirra á einangrunarstöð undir eftirliti umsjónardýralæknis. Slíkt leyfi skal þó aðeins veita ef fyrir liggja meðmæli yfirdýralæknis. Aðeins skal leyft að flytja dýr úr einangrunarstöð á bú sem fullnægja þeim ákvæðum sem yfirdýralæknir setur til að hindra smithættu frá þeim og fá viðurkenningu búfjárræktarnefndar í greininni. Dýr má ekki flytja úr einangrunarstöð fyrr en þau hafa dvalið svo lengi í einangrun að tryggt þyki að mati yfirdýralæknis að þau séu ekki haldin neinum smitsjúkdómi.

14. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt, ef fyrir liggja meðmæli yfirdýralæknis, að víkja frá ákvæðum 10. gr. þessara laga og veita leyfi til þess að heimilisdýr, sem ekki eru af ætt hóf- og klaufdýra, séu flutt úr sóttvarnastöð. Slíkur flutningur skal ekki fara fram fyrr en dýrin hafa verið svo lengi í einangrun að tryggt þyki að mati yfirdýralæknis að dýrin séu ekki haldin neinum smitsjúkdómum. Slíku leyfi mega fylgja ákvæði um að dýralæknir fylgist reglulega með heilsufari dýranna á kostnað eigenda svo lengi sem yfirdýralæknir telur slíkt nauðsynlegt.

15. gr.

Komi upp alvarlegur smitsjúkdómur í sóttvarna- eða einangrunarstöð skal gera hverjar þær ráðstafanir sem þurfa þykir til að hefta útbreiðslu hans, m.a. fella dýr, ef nauðsyn krefur, og stöðva dreifingu erfðaefnis þaðan. Rekstraraðili ber allan kostnað af slíkum aðgerðum og er skyldur að hlíta fyrirmælum yfirdýralæknis í einu og öllu.

Eigendum er skylt að hlíta fyrirmælum yfirdýralæknis um eyðingu dýra í stöðvunum og eiga þeir ekki rétt á bótum fyrir dýr sem eyða þarf vegna slíkra aðgerða.

16. gr.

Heimilt er að geyma djúpfryst sæði eða fósturvísa utan sóttvarnastöðvar að fengnu leyfi og eftir fyrirsögn yfirdýralæknis. Sóttvarnardýralæknir skal halda nákvæma skrá um alla gripi sem koma í stöðina eða fæðast þar, svo og um sæði og fósturvísa sem þar eru tekin eða þaðan flutt og notkun þeirra. Við mælingar á gripum og skýrsluhald skal sóttvarnardýralæknir fara eftir fyrirmælum viðkomandi búfjárræktarnefndar.

17. gr.

Nú telur yfirdýralæknir að tryggt sé orðið að með innflutningi Galloway-kyns til Hríseyjar hafi engir hættulegir sjúkdómar borist og getur hann þá heimilað að erfðaefnið verði flutt til lands. Ræktun kynsins í landi skal lúta ákvæðum laga um búfjárrækt.

18. gr.

Nú er ákveðið að leggja niður sóttvarnastöð sem starfrækt hefur verið og ekki þykir rétt að mati viðkomandi búfjárræktarnefndar að nota frekar það erfðaefni sem þar er geymt og skal þá eyða því svo að ekki stafi hætta af eða gera aðrar ráðstafanir sem tryggja að frá því stafi ekki sýkingarhætta. Gripi slíkrar stöðvar skal fella hafi ekki verið heimilað samkvæmt lögum þessum að flytja þá úr einangrun.

19. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs. Berist sjúkdómur í stöðina vegna vanrækslu varðar það þann sem vanrækslu hefur sýnt starfs- og stöðumissi eða fangelsi ef miklar sakir eru.

Ef lifandi dýr, fósturvísar, egg eða annað erfðaefni dýra er flutt til landsins án heimildar, sbr. 2. gr., varðar það sektum fyrir eiganda, svo og fyrir skipstjóra eða flugstjóra á farartæki því sem dýrin eða erfðaefnið flutti ef ætla má að það sé flutt með hans vitund.

20. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og Búnaðarfélags Íslands.

Um starfsemi sóttvarnastöðvar ríkisins í Hrísey fer samkvæmt lögum þessum.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög um innflutning búfjár, nr. 74 28. apríl 1962, lög nr. 49 11. maí 1989, um breytingu á þeim lögum, 48.–52. gr. búfjárræktarlaga, nr. 31 24. apríl 1973, svo og 3. gr. laga um loðdýrarækt, nr. 53 29. maí 1981.

Nd. 1140. Nefndarálit [534. mál]

um frv. til l. um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 64/1981, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Frumvarp þetta var lagt fram til að gera nokkrar úrbætur á lögum um atvinnleysistryggingar. Þeir sem sömdu frumvarpið urðu sammála um allar greinar þess nema eina, þ.e. 1. gr. sem tekur til 3. gr. núgildandi laga. Í greininni er sá hópur launamanna, sem á rétt á atvinnuleysisbótum, skilgreindur. Samkvæmt núgildandi lögum eiga þeir launamenn einir rétt á atvinnuleysisbótum sem eru í stéttarfélögum, þó ekki opinberir starfsmenn. Tvö sjónarmið komu upp í nefndinni sem samdi frumvarpið. Annars vegar að réttur til atvinnuleysisbóta næði til allra félagsmanna þeirra stéttarfélaga sem ættu aðild að Atvinnuleysistryggingasjóði eða yrðu síðar aðilar að sjóðnum. Hins vegar að allir launamenn ættu rétt til greiðslna úr sjóðnum, hvort sem þeir væru innan stéttarfélaga eða utan.

Um þetta er fjallað í athugasemdum við frumvarpið en þar segir:

„Nefndin er sammála um að leggja til breytingar á þessari grein, en greinin útilokar nú nokkrar tilgreindar stéttir frá atvinnuleysisbótum. Helmingur nefndarmanna vill að fellt verði niður það skilyrði bótaréttar að hlutaðeigandi umsækjandi sé í stéttarfélagi, enda telja þeir að skilyrði um aðild að stéttarfélagi brjóti í bága við félagsmálasáttmála Evrópu sem Ísland er aðili að.“

Í skýrslu félagsmálaráðherra um 76. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1989 kemur fram að Íslendingar hafa fengið alvarlegar ákúrur vegna brota á rétti fólks utan stéttarfélaga til atvinnuleysisbóta. Í fylgiskjali IV. við skýrslu félagsmálaráðherra eru birtar athugasemdir nefndar óháðra sérfræðinga við framkvæmd Íslands á félagsmálasáttmála Evrópu. Í athugasemdum við 5. gr. segir m.a.:

„Nefndin veitti því enn fremur athygli að samkvæmt lögum nr. 64/1981 eiga aðeins félagar í stéttarfélögum rétt á atvinnuleysisbótum. Með tilliti til þess að það að svipta launamann rétti til fjárhagslegrar verndar ef hann er atvinnulaus er óverjandi ráðstöfun, sem

hefur þann tilgang að neyða hann til að ganga í eða vera áfram félagi í stéttarfélagi, hlaut nefndin að komast að þeirri niðurstöðu að ofangreind lög brytu í bága við anda og bókstaf 5. gr. sáttmálans."

Það er skoðun 2. minni hl. nefndarinnar að ekki sé verjandi að sniðganga það álit sem hér kemur fram.

Í umfjöllun um frumvarp þetta í nefndinni kom fram að meiri hl. nefndarmanna vildi framfylgja þessum ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu og að breytingartillögur yrðu lagðar fram við frumvarpið sem tryggðu öllum launamönnum rétt til atvinnuleysisbóta. Þær breytingartillögur voru síðan fluttar af 1. minni hl. og mun 2. minni hl., sem kaus að skila séráliti til að gera nánari grein fyrir afstöðu sinni, styðja þær tillögur.

Skiptar skoðanir eru um þetta mál meðal forsvarsmanna stórra stéttarfélaga. Fulltrúi ASÍ í nefnd þeirri, er samdi frumvarp þetta, mælti ekki með því að farið yrði að tilmælum sérfræðinganefndarinnar, en í umsögn BHMR um frumvarpið er Alþingi hvatt til að breyta 3. gr. gildandi laga til samræmis við ákvæði félagsmálasáttmála Evrópu.

Það er skoðun 2. minni hl. að virða beri félagsmálasáttmála Evrópu í hvívetna. Benda má á að umrædd gagnrýni sérfræðinganefndarinnar varðar 5. gr. hans, en í henni eru ákvæði um að ekki megi skerða rétt einstaklings til að vera í stéttarfélagi né heldur megi lög um stéttarfélög skerða réttindi nokkurs einstaklings. 2. minni hl. telur réttinn til þátttöku í stéttarfélagi grundvallarrétt hvers manns. Því sé þversagnarkennt að vilja aðeins framfylgja þeim hluta 5. gr. er varðar rétt til að vera í stéttarfélagi en hunsa önnur réttindi sem einnig eru tryggð í greininni.

Það eru ótvíræðir hagsmunir að eiga rétt á að mynda með sér stéttarfélög. Meginstyrkur stéttarfélaga felst í samtakamættinum. Með sameiginlegu átaki er hægt að ná verulegum árangri eins og saga stéttarfélaga á Íslandi frá upphafi ber glöggt vitni. Ræki stéttarfélög þetta hlutverk sitt og séu þau ótvíræðir málsvarar félagsmanna sinna gefur auga leið að þeir munu telja hag sínum best borgið með því að beita samtakamætti sínum innan félaganna.

Það var fyrir samtakamátt fólksins innan stéttarfélaganna að réttur manna til atvinnuleysisbóta var fyrst tryggður. Nú efast enginn lengur um þennan rétt og hann er m.a. tryggður í félagsmálasáttmála Evrópu sem við eigum aðild að. Hér er um sjálfsögð mannréttindi að ræða og aðild að stéttarfélögum á *ekki* að vera aðgöngumiði að þeim. En önnur brýn verkefni bíða stéttarfélaganna og þeim er nauðsynlegt að beita samstöðunni ef unnt á að vera að bæta úr því smánarlega ástandi sem nú ríkir í samfélagi þar sem full dagvinnulaun nægja engan veginn til framfærslu.

Fjárhagslega er ekkert því til fyrirstöðu að stíga þetta mikilvæga skref nú þegar. Á Íslandi eru langflestir launamenn innan stéttarfélaga. Fjöldi þeirra sem á rétt til atvinnuleysisbóta ef allir launamenn öðlast þann rétt verður því litlu meiri en nú er. Atvinnuleysistryggingasjóður er að stórum hluta fjármagnaður af almannafé. Vinnuveitendur launþega utan stéttarfélaga greiða til sjóðsins eins og aðrir vinnuveitendur. Því er ekki hægt að líta svo á að launþegar innan stéttarfélaga eigi meiri rétt til greiðslna úr sjóðnum en aðrir launþegar.

Annar minni hl. mun því styðja breytingartillögu 1. minni hl. og frumvarpið í heild svo breytt.

Alþingi, 30. apríl 1990.

Anna Ólafsdóttir Björnsson,
fundaskr.

Sþ. **1141. Svar** [527. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Guðmundar G. Þórarinssonar um fjárfestingarsjóði iðnaðarins, Iðnlána- og Iðnþróunarsjóð.

1. *Hversu hátt hlutfall gjaldfallinna afborgana frá 1. janúar 1988 til 31. desember 1989 er nú í vanskilum hjá sjóðnum? Hve mikið var framlengt á síðasta ári?*

Iðnlánasjóður:

Ekki liggja fyrir hjá sjóðnum upplýsingar um hve stór hluti afborgana er féllu til greiðslu 1. janúar 1988 til 31. desember 1989 var í vanskilum um síðustu áramót. Hins vegar voru heildarvanskil hjá sjóðnum 31. desember 1988 1.033 millj. kr., eða 17,1% af heildarútlánum og 1.589 millj. kr., eða 17,8% 31. desember 1989. Á árinu 1989 var skuldbreytt vanskilum að fjárhæð 225 millj. kr.

Iðnþróunarsjóður:

Upplýsingar um hlutfall gjaldfallinna afborgana frá 1. janúar 1988 til 31. desember 1989, sem nú eru í vanskilum, liggja ekki fyrir. Hins vegar liggja fyrir heildarvanskil afborgana og vaxta í árslok 1988 og 1989 og hlutfall vanskila af heildarútlánum í lok hvers árs. Þær upplýsingar er að finna á fskj. I.

2. *Hvaða reglur gilda um vanskil hjá sjóðunum, hve lengi má einstakur skuldari vera í vanskilum án þess að gengið sé að honum? Sitja allir skuldarar við sama borð í þessu efni?*

Iðnlánasjóður:

Sú regla hefur verið viðhöfð, ef vanskil hafa staðið í fulla tvo mánuði, að hafnar eru innheimtuaðgerðir á hendur skuldara, enda hafi skuldari eigi samið um lúkningu vanskila með ákveðnum hætti. Í þessu efni sitja allir skuldarar við sama borð.

Iðnþróunarsjóður:

Greiði skuldari Iðnþróunarsjóði ekki vexti, verðbætur og afborgun á gjalddaga er send ítrekun að 10 dögum liðnum. Hafi skuldari eigi greitt 60 dögum eftir gjalddaga, fær skuldari bréf frá lögfræðingi, þar sem honum er gefinn 30 daga frestur á að koma lánum sínum í skil, ella verði beðið um uppboð á þeim eignum sem eru til tryggingar fyrir umræddu láni eða gengið að ábyrgðaraðilum. Sé láninu ekki komið í skil eða samið um greiðslu 120 dögum eftir gjalddaga er beðið um uppboð á eign þeirri sem stendur til tryggingar láninu. Hversu langur tími líður þar til veðsett eign er endanlega seld á nauðungaruppboði fer eftir ýmsu. Í lengstu lög er reynt að komast hjá því að selja endanlega hina veðsettu eign eða ganga að ábyrgðaraðilum. Er samningaleið reynd til þrautar, en þó aldrei svo lengi að hún stefni hagsmunum sjóðsins í hættu. Þá ræðst það einnig nokkuð af uppboðshaldara í hverju tilviki, hve langur tími líður þar til að þriðja og síðasta nauðungaruppboði kemur. Allir skuldarar eiga að sitja við sama borð í þessum efnum.

3. *Hversu hátt hlutfall af útistandandi lánum Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs er bundið hjá tíu stærstu skuldurum hvors sjóðs? Hversu hátt hlutfall af eigin fé hvors sjóðs um sig er þetta?*

Iðnlánasjóður:

Tíu stærstu lántakendur hjá sjóðnum um síðastliðin áramót skulduðu sjóðnum 1.906 millj. kr. og var það 20% heildarútlána sjóðsins á sama tíma. Sú útlánafjárhæð var 79% af eigin fé sjóðsins 31. desember 1989.

Iðnþróunarsjóður:
Sem svar við þessum tölulið vísast til fskj. II.

4. *Hvernig skiptast útlánin á tíu stærstu skuldarana sem hlutfall af heildarútlánum og eigin fé (nöfn skuldaranna skipta ekki máli í þessu sambandi)?*

Iðnlánasjóður:
Stærsti lántakandi sjóðsins um síðastliðin áramót var með 3,2% heildarútlána, eða 12,8% af eigin fé sjóðsins. Tíundi stærsti var með 1,3% útlána og 5,2% af eigin fé að láni hjá sjóðnum.

Iðnþróunarsjóður:
Sem svar við þessum tölulið vísast til fskj. II.

5. *Á hve löngum tíma hafa þessar skuldir myndast?*

Iðnlánasjóður:
Lán ofangreindra aðila hafa verið veitt síðastliðinn áratug og var elsta lánið veitt árið 1980. Óhætt er þó að fullyrða að um 85% af heildarútlánum sjóðsins til tíu stærstu lántakenda hafi verið veitt á síðustu fimm árum.

Iðnþróunarsjóður:
Sem svar við þessum tölulið vísast til fskj. II.

6. *Hvernig er fjárhagsstaða þessara skuldara, eru þeir í skilum og ef ekki, hve mikil eru vanskilin? Hve miklu hefur verið skuldbreytt fyrir þessa aðila? Hve mikið hafa þeir endurgreitt miðað við upphafleg lán?*

Iðnlánasjóður:
Þar sem umræddir lántakendur hafa átt viðskipti við sjóðinn í mörg ár býr sjóðurinn yfir margvíslegri vitneskju um fjárhagsstöðu þeirra en á þær upplýsingar er litið sem trúnaðarmál. Ástæða er til að vekja sérstaka athygli á því að Iðnlánasjóður tekur fullar tryggingar fyrir fjárfestingarlánum, bæði í fasteignum og vélum. Auk þess hefur sjóðurinn á síðustu árum verið að byggja upp sérstakan afskriftareikning útlána en hann nam um síðustu áramót um 280 millj. kr. Að öðru leyti vísast til ársskýrslu sjóðsins fyrir árið 1989 sem nýverið var send öllum alþingismönnum.

Iðnþróunarsjóður:
Upplýsingar um fjárhagsstöðu tíu stærstu skuldara sjóðsins liggja fyrir í ársreikningum nokkurra þeirra sem borist hafa fyrir árið 1989. Að svo miklu leyti sem þeir eru ekki birtir opinberlega, telja starfsmenn sjóðsins ekki heimilt að birta fjárhagsstöðu hvers og eins. Varðandi fjárhagslega stöðu þeirra gagnvart Iðnþróunarsjóði vísast til fskj. II. Þá skal tekið fram varðandi síðustu spurningu þessa töluliðs að níu af þessum fyrirtækjum hafa átt viðskipti við sjóðinn í allt að tuttugu ár og sum tekið mörg lán og er hluti þeirra lána uppgreiddur, önnur ekki, en upplýsingar um hvað endurgreitt hefur verið af hverju einstöku láni liggja ekki fyrir með aðgengilegum hætti.

7. *Yfirlit óskast um hlutabréfaeign Draupnis hf. Hvaða sjónarmið liggja til grundvallar hlutabréfakaupum Draupnis?*

Sem svar við þessum lið fyrirspurnarinnar vísast til fskj. III.

Fylgiskjal I.

Iðnþróunarsjóður:

Vanskil í árslok 1988 og 1989
(Fjárhæðir í þús. ISK miðað við gengi í lok hvers árs.)

1988	**Afborganir**	**Vextir**	**Samtals**
USD	226.927	133.417	360.344
DEM	14.396	17.498	31.894
GBP	2.480	4.776	7.256
DKK	1.573	1.543	3.116
ECU	794	2.367	3.161
ISK-óverðtr.	7.596	7.551	15.147
ISK-verðtr.	0	0	0
	253.766	167.152	420.918

Heildarútlán og áfallnir samningsvextir	3.362.820
Vanskil sem hlutfall af útlánum	12,52%

1989	**Afborganir**	**Vextir**	**Samtals**
USD	343.098	196.224	539.322
DEM	55.829	40.701	96.530
GBP	6.175	7.832	14.007
DKK	0	0	0
ECU	9.582	10.514	20.096
ISK-óverðtr.	5.244	4.268	9.512
ISK-verðtr.	19.114	30.547	49.661
	439.043	290.086	729.129

Heildarútlán og áfallnir samningsvextir	5.179.784
Vanskil sem hlutfall af útlánum	14,08%

Fylgiskjal II.

Tíu stærstu viðskiptavinir Iðnþróunarsjóðs.
(31. desember 1989.)
Fjárhæðir í þús. kr.

	Uppgreiðslu-virði lána	% af útlánum	% af eigin fé	Vanskil	Elstu vanskil	Skuldbreytt 1989
1	413.410	7,70%	16.14%	255.766	01.03.87	
2	228.818	4,31%	8,93%	61.694	01.06.87	
3	194.400	3,67%	7,59%	0	—	23.976
4	146.424	2,76%	5,72%	3.162	01.11.89	24.367
5	155.309	2,93%	6,06%	12.626	23.06.89	
6	112.342	2,12%	4,39%	3.329	01.11.89	3.993
7	115.400	2,18%	4,51%	33.066	01.02.88	
8	102.486	1,93%	4,00%	13.039	01.02.89	
9	100.761	1,90%	3,93%	4.029	01.10.89	6.043
10	91.582	1,73%	3,58%	0	—	
	1.660.932	31,32%	64,85%	386.711		58.379

Samtals útlán 31. des. 1989	5.303.939
Samtals eigið fé 31. des. 1989	2.560.994
Samtals skuldbreytingar 1989	137.698

Einn af viðskiptavinum sjóðsins hefur nokkra sérstöðu hvað stærð varðar og því rétt að gefa skýringu á stærð hans.

Skýringin er að hluta til sú að fyrir nokkrum árum var starfssvið sjóðsins mun þrengra en nú er og dreifing útlána því minni sem hafði í för með sér töluverða útlánaáhættu. Þetta var m.a. hvatinn fyrir því að útvíkka starfssvið sjóðsins. Auk þess þá kom til sameiningar tveggja félaga í sömu grein sem bæði voru meðal stærstu viðskiptavina sjóðsins fyrir sameiningu. Eins og sjá má á vanskilum hefur félagið átt við verulega rekstrarerfiðleika að etja, en vonir standa nú til að tekist hafi að leysa þann vanda. Í kjölfar þeirrar lausnar verður félagið í hópi sjö til tólf stærstu viðskiptavina sjóðsins.

Þar sem endanlega verður gengið frá skuldbreytingu við félagið á þessu ári er skuldbreyting ekki talin með skuldbreytingum á árinu 1989 þó svo unnið hafi verið að þeirri skuldbreytingu allt árið 1989.

Fylgiskjal III.

Draupnissjóðurinn hf.:

Til upplýsinga um Draupnissjóðinn hf. vegna fyrirspurnar á Alþingi til iðnaðarráðherra frá Guðmundi G. Þórarinssyni.
(25. apríl 1990.)

1. Stofnun og tilgangur.

Draupnissjóðurinn hf. var stofnaður af Iðnþróunarsjóði í desember 1987 með 150 m.kr. hlutafjárframlagi. Tilgangur félagsins er að stuðla að þróun hlutabréfamarkaðar hér á landi og gefa hluthöfum kost á hagkvæmri ávöxtun fjár með þátttöku í fjölbreyttum atvinnurekstri. Þessum tilgangi verði m.a. náð með þeim hætti að kaupa hlutabréf og önnur verðbréf atvinnufyrirtækja sem líkleg eru til að skila góðum arði miðað áhættu.

Draupnissjóðurinn hf. er dótturfélag Iðnþróunarsjóðs sem hefur frá stofnun átt 99,95% hlutafjárins. Aðrir hluthafar í félaginu með 20 þús. kr. hlut hver eru: Iðnlánasjóður, Félag íslenskra iðnrekenda, Landssamband iðnaðarmanna og Verðbréfamarkaður Íslandsbanka hf.

Við stofnun þótti eðlilegast að Iðnþróunarsjóður kæmi starfsemi félagsins af stað en síðar yrði leitað eftir nokkrum stórum fjárfestum til viðbótar sem eignaraðilum. Markmiðið er hins vegar að opna félagið og gera það að almenningshlutafélagi þegar frekari reynsla er komin á starfsemina og markaðurinn hefur náð að þróast frekar. Í því sambandi hefur m.a. verið rætt um að sækja um staðfestingu ríkisskattstjóra um að félagið uppfylli kröfur laga nr. 9/1984, en samkvæmt samþykktum félagsins eru engar hömlur lagðar á viðskipti með hlutabréf þess.

2. Sjónarmið til grundvallar hlutabréfakaupum.

Hlutverk félagsins eins og stjórnin hefur skilgreint það má greina niður í þrjá meginþætti:

1. Draupnissjóðurinn hf. festir í fyrsta lagi fé í mengi samvalinna óskráðra hlutabréfa. Félagið hefur haft augastað á:
   - — Fyrirtækjum sem eru meðalstór eða stærri og eru jafnframt í vexti.
   - — Fyrirtækjum sem eru óskráð en stefna að skráningu innan nokkurra ára.
   - — Fyrirtækjum sem ekki leggja hömlur á viðskipti með hlutabréf sín.
   - — Fyrirtækjum sem hafa fyrirmyndarstjórnun, láta endurskoða ársreikninga og gera reglubundin milliuppgjör og fullkomnar áætlanir um reksturinn og eru jafnframt reiðubúin til að veita hluthöfum allar upplýsingar hvenær sem er um stöðu félagsins.
2. Draupnissjóðurinn aðstoðar í öðru lagi við hlutafjárútboð og veitir sölutryggingu í hlutafjárútboðum.
3. Draupnissjóðurinn er í þriðja lagi bakhjarl á markaði með skráð hlutabréf. Draupnissjóðurinn hf. getur þannig í þeim tilvikum, sem hluthafar í skráðum félögum vilja selja hlutabréf, keypt bréf, ef aðrir kaupendur eru ekki fyrir hendi á söludegi, og boðið síðan bréfin til sölu þegar framboð hlutabréfa er lítið. Félagið mun hvað þetta atriði varðar haga þátttöku sinni þannig að einkum umfangsmeiri kaup og/eða sala á hlutabréfum komi til kasta félagsins.

Stjórn Draupnissjóðsins hf. hefur við fjárfestingar sínar haft eftirfarandi þætti að leiðarljósi:

— Að stefna að áhættudreifingu miðað við eigið fé sitt þannig að ekki verði meira en 20% eigin fjár félagsins fest í einu fyrirtæki eða skyldum fyrirtækjum. Þetta hlutfall mun fara lækkandi með aukningu eigin fjár.
— Að stefna að áhættudreifingu með því að velja vænleg fyrirtæki í mismunandi atvinnurekstri til að fjárfesta í.
— Að gerast ekki meirihlutaeigandi í nokkru fyrirtæki og almennt stefna að því að eiga minna en fjórðung hlutafjár hvers þess fyrirtækis sem fjárfest er í.
— Að tilnefna ekki stjórnarmenn sína í stjórn þeirra fyrirtækja sem félagið á hlut í.

3. Hlutabréfaeign.

Í árslok 1989 átti Draupnissjóðurinn hf. hlutabréf í neðangreindum félögum (þús. kr.):

	Nafnverð
Grandi hf.	30.000
Hampiðjan hf.	10.854
Olíufélagið hf.	8.000
Ármannsfell hf.	15.886
Flugleiðir hf.	5.330
Skagstrendingur hf.	244

Ed. 1142. Nefndarálit [197. mál]

um frv. til l. um Úreldingarsjóð fiskiskipa.

Frá 3. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp þetta er svo nátengt frumvarpi um stjórn fiskveiða að það verður hvorki rætt né afgreitt nema samhliða því. Vísast til nefndarálits 4. minni hl. um stjórn fiskveiða um efnislega greinargerð fyrir afstöðu hans.

Þriðji minni hl. leggur til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 2. maí 1990.

Halldór Blöndal, frsm. Guðmundur H. Garðarsson.

Sþ. 1143. Svar [392. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Málmfríðar Sigurðardóttur um risnu- og ferðakostnað ráðuneyta frá 1984 til 1989.

1. Hver var risnukostnaður ráðuneyta frá og með árinu 1984 til og með árinu 1989?

Fjárhæðir í þús. kr.

Ráðuneyti	1984	1985	1986	1987	1988	Bráðab.t. 1989
00 Æðsta stjórn ríkisins	12,1	13,3	13,5	13,0	17,0	21,6
01 Forsætisráðuneyti	3,8	5,0	5,7	7,3	7,6	5,6
02 Menntamálaráðuneyti	10,5	14,5	24,5	28,1	25,8	22,3
03 Utanríkisráðuneyti	24,8	26,1	32,8	37,4	33,3	30,8
04 Landbúnaðarráðuneyti	2,1	3,3	3,0	3,8	3,7	3,0
05 Sjávarútvegsráðuneyti	3,7	5,3	7,7	6,9	7,0	6,6
06 Dóms- og kirkjumálarn.	4,1	3,8	7,6	6,0	10,3	10,8
07 Félagsmálaráðuneyti	2,1	2,7	3,5	4,5	4,3	3,7
08 Heilbr.og tryggingamálarn.	3,9	6,5	11,2	8,0	10,9	5,8
09 Fjármálaráðuneyti	6,4	4,0	8,8	8,4	7,7	6,4
10 Samgönguráðuneyti	7,0	4,6	7,7	8,4	10,7	13,5
11 Iðnaðarráðuneyti	8,1	13,4	10,5	10,6	9,4	6,9
12 Viðskiptaráðuneyti	4,5	7,5	7,6	2,3	2,8	2,1
13 Hagstofa Íslands	0,0	0,0	0,2	0,2	0,4	0,9
14 Ríkisendurskoðun	0,2	0,1	0,1	( )	( )	( )
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	0,3	0,0	0,0	0,3	0,0	0,3
	93,6	110,1	144,4	145,2	150,9	140,3

Tölur fyrir árið 1989 eru bráðabirgðatölur, endanlegar tölur munu verða birtar í fylgiskjali með ríkisreikningi fyrir árið 1989 sem áætlað er að verði gefið út nú upp úr miðju ári. Við uppfærslu kostnaðar til sambærilegs veðlags í mars 1990 er byggt á vísitölu framfærslukostnaðar.

2. Hver var ferðakostnaður ráðuneyta frá og með árinu 1984 til og með árinu 1989?

Fjárhæðir í þús. kr.

Ráðuneyti	1984	1985	1986	1987	1988	Bráðab.t. 1989
00 Æðsta stjórn ríkisins	31,2	54,3	48,6	56,5	63,8	82,0
01 Forsætisráðuneyti	7,6	9,4	13,8	7,8	9,9	9,0
02 Menntamálaráðuneyti	74,2	88,0	99,3	93,8	117,1	114,5
03 Utanríkisráðuneyti	50,5	58,5	67,4	70,7	71,8	82,0
04 Landbúnaðarráðuneyti	33,2	50,8	47,1	52,2	50,8	27,5
05 Sjávarútvegsráðuneyti	36,4	49,5	41,2	43,7	56,5	54,1
06 Dóms- og kirkjumálarn.	66,2	86,5	94,1	108,5	105,1	96,7
07 Félagsmálaráðuneyti	17,4	25,1	23,7	27,3	30,0	26,8
08 Heilbr.og tryggingamálarn.	74,2	87,8	90,6	94,8	101,3	97,4
09 Fjármálaráðuneyti	14,9	20,9	20,9	25,1	29,3	24,6
10 Samgönguráðuneyti	170,3	165,9	162,0	161,8	174,8	165,2
11 Iðnaðarráðuneyti	65,8	73,0	52,7	58,5	57,0	50,8
12 Viðskiptaráðuneyti	11,3	16,3	11,9	7,9	6,1	6,7
13 Hagstofa Íslands	0,1	1,1	1,3	1,7	2,0	2,7
14 Ríkisendurskoðun	0,9	1,8	1,5	( )	( )	( )
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	1,4	2,0	2,0	2,6	2,7	1,6
	655,6	790,9	778,1	812,9	878,2	841,6

Sþ. 1144. Nefndarálit [23. mál]

um till. til þál. um þátttöku varnarliðsins í gerð þjóðvega hér á landi.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði felld.

Alþingi, 27. apríl 1990.

Jóhann Einvarðsson, form., frsm.
Hjörleifur Guttormsson, fundaskr.
Ey. Kon. Jónsson.
Jón Kristjánsson.
Birgir Ísl. Gunnarsson.
Kristín Einarsdóttir.
Karl Steinar Guðnason.

Nd. 1145. Nefndarálit [252. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið um það umsagnir frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Seðlabanka Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Félagi fasteignasala, G-samtökunum, stjórn Landssambands lífeyrissjóða, Vinnuveitendasambandi Íslands, Félagi eldri borgara, Neytendasamtökunum, Öryrkjabandalagi Íslands og Sambandi almennra lífeyrissjóða.

Í ljósi fyrirliggjandi umsagna og umræðna innan nefndarinnar leggur meiri hl. nefndarinnar til að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri:

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem:

1. Það hefur legið ljóst fyrir að stefna ríkisstjórnarinnar er að hækkanir vaxta hjá Byggingarsjóði ríkisins taki ekki til þegar veittra lána og að sú stefna kom skýrt fram í nefndaráliti meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar um vaxtabætur 3. maí 1989 án þess að athugasemd væri við það gerð á Alþingi;

2. Alþýðusamband Íslands mælir ekki með samþykkt frumvarpsins;

3. húsnæðisstjórn bendir í umsögn á að tæknilegir vankantar séu á framkvæmd ákvæða frumvarpsins;

4. vaxtahækkanir á þegar veittum lánum eru óréttlátar og koma í veg fyrir að íbúðarkaupendur geti gert raunhæfar áætlanir um greiðslubyrði;

5. kjarasamningar geta raskast við hækkun vaxta

telur deildin engar forsendur fyrir því að afgreiða frumvarpið og samþykkir að taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 2. maí 1990.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Jón Kristjánsson.

Anna Ólafsdóttir Björnsson.

Nd. 1146. Nefndarálit [191. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 2. maí 1990.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.
Geir H. Haarde.	Jón Kristjánsson.	Eggert Haukdal.

Alexander Stefánsson.

Nd. 1147. Nefndarálit [430. mál]

um frv. til l. um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Stefán Stefánsson í menntamálaráðuneytinu.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins eins og það liggur fyrir á þskj. 1037 eftir afgreiðslu efri deildar.

Ragnar Arnalds var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. maí 1990.

Guðmundur G. Þórarinsson, varaform., frsm.	Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr.	Árni Gunnarsson.
Ólafur Þ. Þórðarson.	Sólveig Pétursdóttir.	Þórhildur Þorleifsdóttir.

Sþ. 1148. Skýrsla [575. mál]

nefndar um stefnu Íslendinga gagnvart Evrópubandalaginu.

Frá Eyjólfi Konráð Jónssyni, Ásgeiri Hannesi Eiríkssyni, Eiði Guðnasyni, Guðmundi H. Garðarssyni, Guðmundi G. Þórarinssyni, Hjörleifi Guttormssyni, Kristínu Einarsdóttur, Páli Péturssyni og Ragnhildi Helgadóttur.

Alþingi samþykkti 11. maí 1988 að kjósa nefnd um stefnu Íslands gagnvart Evrópubandalaginu. Hún gengur jafnan undir heitinu Evrópustefnunefnd. Nefndin telur nú tímabært að gefa Alþingi yfirlit um störf sín. Evrópustefnunefnd starfar samkvæmt svohljóðandi þingsályktun sem Alþingi samþykkti þann sama dag:

Alþingi ályktar að kjósa hlutbundinni kosningu nefnd níu alþingismanna til þess að taka til sérstakrar athugunar þá þróun sem fyrir dyrum stendur í Evrópu, einkanlega með tilliti til ákvörðunar Evrópubandalagsins um sameiginlegan innri markað.

Nefndin skal kanna áhrif þessara ákvarðana og líklegrar þróunar í Evrópu á íslenskt efnahagslíf og meta þær leiðir sem álitlegastar eru til þess að laga íslenskt efnahags- og atvinnulíf að þeim breytingum sem fram undan eru. Í starfi sínu skal nefndin hafa samráð við samtök atvinnulífsins. Nefndin skal skila skýrslu um athuganir sínar og tillögur fyrir 1. apríl 1989.

Þessi ályktun Alþingis var samhljóða tillögu sem Kjartan Jóhannsson hafði flutt fyrr á þinginu nema að því leyti að í tillögu hans var gert ráð fyrir að utanríkisráðherra skipaði sjö alþingismenn í nefndina.

Frá því að Alþingi samþykkti ályktunina um stofnun Evrópustefnunefndar hefur ör þróun átt sér stað í málefnum Evrópu. Á árinu 1989 hófust umfangsmiklar viðræður milli EFTA og EB um hugsanlegt evrópskt efnahagssvæði og á árinu áttu sér stað sögulegar breytingar í Austur-Evrópu. Þessir atburðir hafa að sjálfsögðu haft sín áhrif á störf Evrópustefnunefndar Alþingis og aukið á umfang og þýðingu þess verkefnis sem þingið fól nefndinni. Í stað þess að skila heildarskýrslu um störf sín fyrir 1. apríl 1989 valdi nefndin þann kost að skipta verkefninu í áfanga. Þannig hafa komið út sex rit á vegum nefndarinnar um samskipti Íslands við aðrar Evrópuþjóðir með megináherslu á samvinnu í Vestur-Evrópu síðustu áratugi.

Skýrsla sú sem hér birtist er áfangaskýrsla. Nefndarmenn telja rétt að Evrópustefnunefnd haldi áfram störfum þannig að hún taki fleiri viðfangsefni til meðferðar og geti áfram verið þinginu til ráðgjafar um Evrópumálefni.

Eftirfarandi áfangaskýrsla Evrópustefnunefndar er þríþætt. Í fyrsta hluta er gerð grein fyrir sameiginlegum niðurstöðum nefndarinnar. Í öðrum hluta eru birt álit einstakra nefndarmanna. Í þriðja hlutanum er fjallað um skipan, störf og útgáfustarfsemi nefndarinnar.

I. SAMEIGINLEGAR NIÐURSTÖÐUR NEFNDARINNAR

Evrópustefnunefnd hófst strax handa eftir að hún var kosin á Alþingi vorið 1988 og hefur hún starfað óslitið síðan. Leitast hefur verið við að ná sem víðtækastri samstöðu í nefndinni um meginþætti málsins.

Íslendingar hljóta með ýmsum hætti að bregðast við þeim miklu breytingum sem nú eru að gerast í álfunni, þar á meðal innan Evrópubandalagsins í átt að innri markaði. Hins vegar eru mismunandi viðhorf innan nefndarinnar til þess hvernig eigi að leitast við að tryggja hagsmuni okkar gagnvart bandalaginu.

Á starfstíma nefndarinnar hafa orðið örar breytingar í málefnum Evrópu, ekki síst í austurhluta álfunnar. Stjórnmálaþróun þar hefur stuðlað að auknum mannréttindum og lýðræði. Efnahagsleg þróun virðist stefna í átt að frjálsari viðskiptaháttum í álfunni allri. Einnig hafa orðið þáttaskil í samskiptum EFTA og Evrópubandalagsins eftir að EFTA-ríkin samræmdu sjónarmið sín og hófu undirbúning að samningum við Evrópubandalagið um evrópskt efnahagssvæði (EES). Sú ákvörðun aðildarríkja Evrópubandalagsins að koma á sameiginlegum innri markaði fyrir vörur, þjónustu, fjármagn og vinnuafl í bandalaginu fyrir árslok 1992 hratt þessari þróun af stað.

Í þessum kafla áfangaskýrslunnar eru dregin saman í stuttu máli nokkur þau meginatriði sem samstaða er nú um í nefndinni og allir íslensku stjórnmálaflokkarnir virðast aðhyllast, að minnsta kosti á þessu stigi máls.

1. Aðild að Evrópubandalaginu er ekki á dagskrá.

Enginn íslensku stjórnmálaflokkanna hefur á stefnuskrá sinni aðild að Evrópubandalaginu. Sumir flokkanna orða það svo í stefnuyfirlýsingum sínum og samþykktum að umsókn um aðild sé ekki á dagskrá. Aðrir kveða svo að orði að aðild komi ekki til greina.

2. Tryggja þarf betri markaðskjör fyrir íslenskar afurðir.

Nefndin er sammála um að Ísland skuli áfram taka þátt í samstarfi um fríverslun innan EFTA-ríkjanna og að fríverslun taki einnig til Evrópubandalagsins eins og EFTA-ríkin hafa hvert um sig leitast við að tryggja með tvíhliða samningum.

Ekki er samstaða um það í nefndinni að taka eigi þátt í samningum um myndun sameiginlegs evrópsks efnahagssvæðis EFTA og EB á þeim grundvelli sem fyrir liggur eftir könnunar- og undirbúningsviðræður. Meiri hluti nefndarinnar (ÁHE, EG, EKJ, GHG, GGÞ, PP, RH) telur rétt að ganga til formlegra samningaviðræðna með öðrum EFTA-ríkjum, en minni hluti nefndarinnar (HG, KE) telur fyrirliggjandi samningsgrundvöll um evrópskt efnahagssvæði óaðgengilegan. Gera nefndarmenn grein fyrir afstöðu sinni til þessa í sérálitum (II. kafla).

Nefndin er sammála um að sem fyrst þurfi að ná hagstæðari viðskiptasamningum við EB en nú gilda. Evrópubandalagið boðar gagnkvæmni í viðskiptum og var það sjónarmið viðurkennt með bókun 6 á sínum tíma. Þá felldu Íslendingar niður tolla á meginhluta útflutnings EB til Íslands gegn því að við fengjum svo að segja tollfrjálsan innflutning til bandalagsins á aðalútflutningsvöru okkar, fiski og fiskafurðum. Íslenskar fiskafurðir eru í þessu samhengi hliðstæðar iðnvarningi. Í samningunum 1972 var sú gagnkvæmni viðurkennd sem við höfum síðar haldið okkur að og ætlumst til af Evrópubandalaginu. Það er því fullkomið réttlætismál að óska þess af EB að það virði gjörbreyttar aðstæður, sem sköpuðust við fjölgun bandalagsríkja, þar sem þungbærir tollar, sem áður voru ekki fyrir hendi, leggjast nú á íslenskar afurðir.

Þó að við Íslendingar styðjum fríverslun með sjávarafurðir bæði í EFTA og í viðæðum við EB þarf að tryggja áhrif okkar á ráðstöfun aflans til að koma í veg fyrir að vinnsla hans hverfi að stórum hluta úr landi. Í öllum viðskiptum með fiskafurðir verður að gæta þess vel að fullum yfirráðum okkar í fiskveiði- og fiskvinnslumálum verði ekki stefnt í voða, enda um meginatvinnuveg að ræða sem allt samfélagið byggir á. Verslun okkar með fiskafurðir verður því ætíð að jafna til útflutnings iðnríkja á unninni vöru þeirra.

3. Ekki aðgang að fiskimiðum í stað aðgangs að markaði.

Allir íslensku stjórnmálaflokkarnir hafa lýst því yfir að ekki komi til greina að veita Evrópubandalagsríkjum veiðiheimildir í fiskveiðilögsögu Íslendinga í skiptum fyrir tollalækkanir. Um þetta er full samstaða í nefndinni.

Fiskimiðin eru sú náttúruauðlind sem Íslendingar byggja tilveru sína á. Um þau gildir í enn ríkara mæli það sem við á um náttúruauðlindir annarra þjóða, svo sem olíulindir, land og skóga. Íslendingar eiga lífsafkomu sína undir því að sitja einir að fiskstofnunum umhverfis landið sem að lögum eru sameign þjóðarinnar.

Réttur þjóðarinnar til fiskimiðanna tryggir um leið skynsamlega nýtingu þeirra eins og fram hefur komið eftir útfærslu fiskveiðilögsögunnar.

Við bendum á að meginatriði í boðskap Evrópubandalagsins um efnahagssamvinnu og samkeppni byggist á því að þar með verði auðlegð þjóðanna best hagnýtt með mestum afköstum og minnstum tilkostnaði — öllum til hagsbóta. Vart fer á milli mála að engir geta aflað sjávarfangs á Íslandsmiðum með jafnlitlum tilkostnaði og Íslendingar sjálfir né framleitt jafngóða vöru.

Íslendingar hafa bæði sögulegan og lagalegan rétt til að krefjast þess að fullt tillit sé tekið til séraðstæðna þjóðarinnar. Í því sambandi má vísa til 71. greinar hafréttarsáttmálans, „íslenska ákvæðisins", sem kveður á um réttindi þeirra ríkja sem hafa yfirgnæfandi efnahagslegra hagsmuna að gæta af fiskveiðum.

Til þess verður að ætlast að Evrópubandalagið skilji og virði framangreind sjónarmið og vilji að Íslendingar njóti sanngirni.

Við hvorki getum né viljum flétta íslensk fiskveiðimálefni inn í sameiginlega fiskveiðistefnu Evrópubandalagsins.

4. Aðlögun að breytingum í Evrópubandalaginu og víðar á alþjóðavettvangi.

Frá árinu 1984 hefur verið unnið kerfisbundið að meira en 20 samstarfsverkefnum EFTA og Evrópubandalagsins samkvæmt svonefndri Lúxemborgaryfirlýsingu. Hluti þessa starfs hefur þegar leitt til formlegra samninga milli aðila meðal annars á samstarfssviðum sem tengd eru fríverslunarsamningum. Þau varða t.d. afnám tæknilegra hindrana, samræmingu staðla, reglur um uppruna vöru, ríkisstyrki andstæða fríverslunarsamningunum og aðgang að opinberum útboðum. Einnig eru samstarfssvið utan fríverslunarsamninganna og snerta þau einkum samgöngumál, umhverfismál, menntunarmál og samvinnu um rannsóknir og þróun. Unnið er áfram að því að þróa samvinnu og ná samkomulagi á mörgum fleiri sviðum. Að þessu hefur verið unnið óháð svokölluðu Óslóar-Brussel ferli sem varðar innri markað EB og hugmyndina um hið evrópska efnahagssvæði.

Íslendingar verða að fylgjast vel með breytingum á efnahagsstarfsemi Evrópubandalagsins, m.a. að því er varðar innri markaðinn sem stefnt er að frá ársbyrjun 1993. Margar þessara breytinga ganga í sömu átt og þróun í alþjóðlegu viðskipta- og efnahagslífi og er um þær fjallað m.a. í hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti, GATT (Úrúgvæ-viðræður).

Í Úrúgvæ-viðræðunum er verið að fjalla um þriðjungs lækkun tolla og fækkun eða afnám annarra hindrana í vöruviðskiptum. Jafnframt fara fram viðræður um útvíkkun á því sviði sem venjulega hefur verið samið um í GATT þannig að samningar nái einnig til þjónustuviðskipta, hugverkaréttar og viðskiptahindrana í tengslum við fjárfestingar svo og viðskipta með landbúnaðarvörur.

Á vettvangi GATT er nauðsynlegt að leitast við að tryggja sem best aðgang okkar að helstu mörkuðum m.a. í Asíu og Norður- og Suður-Ameríku.

Í öllu alþjóðlegu samstarfi þurfa Íslendingar að gæta þess að halda fullum og óskoruðum yfirráðum yfir auðlindum sínum og nýtingu þeirra. Auðlindirnar ber að vernda, rannsaka, nýta og rækta eftir því sem aðstæður leyfa á hverjum tíma. Á það jafnt við um land og sjó, þar með talin fullveldisréttindi yfir hafsbotninum utan 200 mílna.

Nefndin hefur fjallað um þau áhrif sem breyttar aðstæður kunni að hafa á meginatvinnuvegi okkar. Hún telur brýnt að rækilega sé farið yfir löggjöf um þessi efni og hverju kynni þar að þurfa að breyta. Nefndin hefur aflað sér sérfræðiaðstoðar í þessum efnum og viðað að sér gögnum og eru þau mál enn til athugunar.

5. Sameiginlegar stofnanir EES.

Sameiginlegar stofnanir á sviði löggjafarvalds, eftirlits og dómsvalds hafa að undanförnu verið til umræðu í könnunar- og undirbúningsviðræðum á vegum EFTA og EB vegna hugmynda um stofnun evrópsks efnahagssvæðis.

Í þessum efnum verður að sýna fyllstu gætni enda þótt ljóst sé að við getum ekki einangrað löggjöf okkar og viðskiptahætti þannig að allar reglur séu hér aðrar en kunna að gilda um meginhluta Evrópu þegar fram í sækir.

Við upphaf leiðtogafundar EFTA-ríkjanna í Ósló 14. og 15. mars 1989 lýsti forsætisráðherra Íslands því m.a. yfir fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að Íslendingar geti aldrei gefið sig á vald yfirþjóðlegum stofnunum eða afsalað sér fullveldi og rétti til þess að taka eigin nauðsynlegar ákvarðanir til að tryggja afkomu þjóðarinnar og sjálfstæði.

6. Athugun á samskiptum sem víðast.

Eðlilega er mjög horft til þeirra breytinga sem nú eru að gerast innan Evrópubandalagsins þar eð það svæði vegur þyngst í utanríkisviðskiptum Íslendinga. Við erum Evrópuþjóð og ætlum okkur að vera það. Menning okkar er samslungin evrópskri menningu og um aldir hafa tengsl okkar við aðrar Evrópuþjóðir verið margháttuð og sterk. Engu að síður hljótum við að efla samskipti okkar við önnur svæði og heimsálfur og kanna þá möguleika sem þar felast í gagnkvæmum viðskiptum og á menningarsviði.

Í þessu sambandi bendir nefndin á hugsanlega samninga um fríverslun við Bandaríkin og Kanada, aukin viðskiptaleg tengsl við Austur-Evrópu og lönd í Austur-Asíu sem Ísland getur tengst m.a. með flugsamgöngum yfir norðurheimskautið.

Nefndin vísar sérstaklega til þeirra miklu breytinga sem orðið hafa að undanförnu og enn eru í deiglu í Mið- og Austur-Evrópu. Nauðsynlegt er að Alþingi og íslensk stjórnvöld kanni skipulega hvaða möguleikar þar geta opnast á sviði viðskipta og margháttaðra aukinna samskipta.

Nefndin telur að þörf sé á að rækta mun betur en gert hefur verið viðskiptasambönd í Japan og víðar í Austur-Asíu.

Með markvissu starfi þarf sem fyrst að leiða í ljós þá mörgu kosti sem þjóðin getur átt í utanríkisviðskiptum og leggja áherslu á að opna nýjar leiðir í þeim efnum.

II. ÁLIT EINSTAKRA NEFNDARMANNA

Álit Ásgeirs Hannesar Eiríkssonar, fulltrúa Borgaraflokksins.

Upplýsa þarf þjóðina og spyrja hana síðan í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Skoðanakönnun hefur leitt í ljós að Íslendingar hafa minna kynnt sér málefni væntanlegs Evrópumarkaðar en búast mátti við. Þjóðin er því alls ekki í stakk búin til að svara þessari stóru spurningu í dag: Eigum við að tengjast þessum stóra markaði og þá hvernig? Við þurfum meiri tíma og að nota þann tíma vel.

Alþingi verður að sjá til þess að öllum Íslendingum standi til boða að kynna sér forsögu málsins: Allt um Efnahagsbandalagið og EFTA. Um þreifingar og undirbúning og viðræður sem nú fara fram. Um kostina og lestina sem okkur standa til boða. Hvað við græðum á nánari Evrópusamvinnu og hverju við töpum.

Hér þarf að nota alla miðla þjóðfélagsins. Prentað mál og ljósvaka. Skóla og vinnustaði. Fundi og félagslíf. Og það strax í dag. Þegar upp er staðið verður hverju skólabarni að vera saga málsins kunn og valkostirnir sem þjóðin stendur frammi fyrir. Því að þeir eru fleiri en einn. Evrópumarkaður er ekki eini kostur Íslendinga í stöðunni.

Um leið þarf að upplýsa landsmenn um þann möguleika Íslendinga að standa utan við markaðssvæði Evrópu. Ísland er og verður smáríki og ber að haga sér í samræmi við stærð sína. Oft má nýta sér kosti smæðarinnar og þeir geta verið tröllvaxnir ef rétt er á þeim haldið. Stór markaðssvæði eru ónumin í austri og vestri og reyndar um alla heimsbyggðina.

Þess vegna þarf að kynna íslensku þjóðinni málið í heild sinni. Alla valkosti. Til þess verks þarf að velja hóp af hæfustu mönnum á sviði upplýsinga. Frá fjölmiðlum og skólum og öðrum aðilum sem kunna til verka á þessu sviði. Frá forustumönnum í félagsmálum fólksins í landinu. Safna saman öllum gögnum og koma þeim til almennings á einfaldasta hátt.

Síðan er sjálfsagt að bera úrslitin úr viðræðum EFTA og EB undir atkvæði þjóðarinnar. Hægt er að koma við þjóðaratkvæðagreiðslu með næstu alþingiskosningum vorið 1991. Aðrir geta ekki svarað þessari stóru spurningu.

Álit Eiðs Guðnasonar, fulltrúa Alþýðuflokksins.

Miklar breytingar eru fram undan á efnahagssamstarfi og viðskiptum í Evrópu. Hvatinn að þessum breytingum er sú ákvörðun aðildarríkja Evrópubandalagsins að koma á sameiginlegum innri markaði fyrir vörur, þjónustu, fjármagn og vinnuafl í bandalaginu fyrir árslok 1992.

Þessar breytingar ná ekki einungis til Evrópubandalagsríkjanna, heldur einnig til EFTA-ríkjanna og ekki síður ríkjanna í Mið- og Austur-Evrópu sem hvert á fætur öðru hafa á undanförnum missirum hrist af sér helsi hins miðstýrða hagkerfis kommúnismans og stefna nú í átt til markaðsbúskapar. Virðing fyrir mannréttindum hefur verið endurreist og fjölflokkalýðræði verður grundvallarreglan í þjóðfélagsskipan álfunnar.

Ljóst er að ýmis ríki í Evrópu, sem standa utan Evrópubandalagsins, æskja nú inngöngu í bandalagið eða munu gera það á næstu árum. Öflugur samrunaferill hefur verið leystur úr læðingi í Evrópu.

Í ljósi þessara breytinga er brýnt að skapa nýjar samvinnu- og samskiptareglur til að ryðja brautina fyrir lýðræðislegum umbótum og framförum á sviði efnahagsmála, félagsmála og umhverfismála.

Í viðræðum milli EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins að undanförnu hefur komið skýrt í ljós að gagnkvæmur vilji er fyrir því að mynda sameiginlegt evrópskt efnahagssvæði (EES) sem nái til allra aðildarríkja EFTA og Evrópubandalagsins og byggi í meginatriðum á reglum bandalagsins um viðskiptafrelsi með vörur, þjónustu, fjármagn og vinnuafl milli landa, en með sérákvæðum og aðlögunartíma þar sem tillit er tekið til lífshagsmuna einstakra EFTA-ríkja.

Íslendingar verða að móta sér skýra afstöðu til þessara mála — afstöðu sem í raun felur í sér endurskoðun á grundvallaratriðum í samskiptum Íslendinga við umheiminn.

Allar alþjóðlegar skuldbindingar takmarka í einhverjum mæli svigrúm einstakra þjóðríkja til óháðra ákvarðana. Aðild Íslands að hinu evrópska efnahagssvæði mun fela í sér víðtækar alþjóðlegar skuldbindingar. Mikilvægt er að fyrirkomulag sameiginlegra ákvarðana í málefnum evrópska efnahagssvæðisins sé með þeim hætti að ekki skerði sjálfsákvörðunarrétt þjóðarinnar í grundvallaratriðum. Í þessu sambandi er rétt að spyrja þeirrar spurningar hvort

hugsanlega sé ekki tímabært að endurmeta inntak og merkingu hugtaka eins og efnahagslegs sjálfstæðis og samþjóðlegs valds. Á vissum sviðum efnahagsmála kann samþjóðlegt vald í reynd að styrkja sjálfstæði þjóðarinnar. Í framtíðinni mun sjálfstæði þjóða í vaxandi mæli ráðast af menningarlegum og félagslegum gildum.

Þessi mál ber því að íhuga vandlega og fordómalaust með þá staðreynd í huga að reynslan hefur sannað okkur sem öðrum að réttur smáþjóða verður best tryggður með formlegum alþjóðasamningum.

Alþýðuflokkurinn telur að Íslendingar eigi hiklaust að taka fullan þátt í sameiningarþróuninni sem nú á sér stað í Evrópu. Við eigum í þessu efni mikilla hagsmuna að gæta þar sem langstærstur hluti utanríkisviðskipta þjóðarinnar er við ríki á hinu fyrirhugaða sameiginlega evrópska efnahagssvæði.

Í málefnasamningi ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar er vikið að viðbrögðum Íslendinga við þróuninni í Evrópu. Þar segir meðal annars að ríkisstjórnin muni vinna að því, „að búa íslenskt atvinnulíf undir þær breytingar sem verða á viðskiptaháttum og efnahagsstjórn í Evrópubandalaginu á næstu árum. Sérstaklega verður unnið að því að laga íslenskt atvinnulíf að hinum nýju aðstæðum og tryggja viðskiptastöðu íslenskrar atvinnustarfsemi, án aðildar að bandalaginu."

Í bókun ríkisstjórnarinnar um viðræður EFTA og Evrópubandalagsins frá 29. nóvember 1989 segir: „Utanríkisráðherra mun áfram taka þátt í undirbúnings- og samningaviðræðum þessara aðila (EFTA-EB, innskot EG) sem byggðar verða á sameiginlegum niðurstöðum könnunarviðræðna, þar með talið þeim fyrirvörum sem Íslendingar hafa sett fram. Jafnframt því sem fylgt verður eftir í þessum viðræðum sameiginlegri kröfu EFTA-ríkjanna um fríverslun með fiskafurðir innan hins væntanlega evrópska efnahagssvæðis verður haldið áfram tvíhliða viðræðum Íslendinga við Evrópubandalagið og aðildarríki þess með það að markmiði að tryggja tollfrjálsan aðgang fyrir íslenskar sjávarafurðir að mörkuðum Evrópubandalagsins og stöðu íslensks sjávarútvegs að öðru leyti."

Í þeim örlagaríku samningum sem fram undan eru er það skoðun Alþýðuflokksins að hafa beri eftirfarandi meginmarkmið að leiðarljósi:

— að tryggja að Íslendingar verði virkir þátttakendur í þeim efnahagslegu og menningarlegu framförum sem fram undan eru í Evrópu,
— að stuðla að öflugri iðnþróun og fjölbreyttu atvinnulífi á Íslandi til þess að tryggja lífskjör þjóðarinnar, hagvöxt og fulla atvinnu,
— að tryggja íslensku atvinnulífi sambærileg starfsskilyrði og í grannlöndunum, ekki síst hvað varðar aðgang að fjármagnsmarkaði og skattskyldur,
— að ná fram fríverslun fyrir fiskafurðir og tryggja þannig óhindraðan aðgang að útflutningsmörkuðum fyrir afurðir okkar, án tollamismununar eða annarra viðskiptahindrana,
— að tryggja íslenskum ríkisborgurum sömu réttindi og öðrum íbúum Vestur-Evrópu með tilliti til mennta, atvinnu og að því er varðar viðskiptastarfsemi,
— að stuðla að því að Íslendingar verði þátttakendur í ýmsum samevrópskum verkefnum, m.a. á sviði menningarmála, umhverfismála og að því er varðar ýmis önnur verkefni á sviði rannsókna og þróunar.

Í I. kafla þessarar áfangaskýrslu er gerð grein fyrir sameiginlegum sjónarmiðum nefndarmanna. Þau atriði verða ekki endurtekin eða ítrekuð í þessu sérálíti.

Þótt nefndarmenn séu sammála um nokkur grundvallaratriði er djúpstæður ágreiningur um ýmis mikilvæg efni, einkanlega svonefnt „fjórfrelsi", þ.e. frelsi til flutninga á vörum, þjónustu, fjármagni og vinnuafli.

Alþýðuflokkurinn er þeirrar skoðunar að í þeim samningaviðræðum, sem fram undan eru, eigi Íslendingar að keppa að sem víðtækastri samstöðu með EFTA-ríkjunum um leið og

gætt er sérstöðu Íslands og unnið að því að ná fram nauðsynlegum sérákvæðum og umþóttunartíma fyrir Ísland. Einkanlega ber að tryggja sérákvæði varðandi eftirfarandi:

— Sjávarútvegur, orkulindir og jarðargæði verði alfarið á forræði Íslendinga.
— Ekki verði skipt á aðgangi að fiskimiðum gegn tollalækkunum.
— Sett verði öryggisákvæði varðandi atvinnu- og búseturétt með svipuðum hætti og nú gilda um norrænan vinnumarkað.
— Örugglega verði tryggður réttur Íslendinga til þess að gera strangar kröfur varðandi umhverfismál og vinnuumhverfi svo og varðandi önnur félagsleg réttindi og byggðamál.
— Óskað verði aðlögunartíma og öryggisákvæða varðandi atriði þar sem mikil frávik eru milli evrópskra reglna og íslenskra og á sviðum þar sem smæð og einhæfni atvinnulífs á Íslandi gerir slíkt nauðsynlegt, þar á meðal að því er varðar fjármálastarfsemi og frjálst fjármagnsflæði. Varðandi fjármagnsmarkaðinn telur Alþýðuflokkurinn að ekki þurfi varanlegar undanþágur heldur allt að þriggja til fjögurra ára aðlögunartíma, breytilegan eftir aðstæðum.
— Forsenda þess að hugsanlegur samningur um aðild að evrópska efnahagssvæðinu verði ásættanlegur fyrir Íslendinga er afdráttarlaus þátttaka í stjórnarákvörðunum svæðisins.

Íslenskt efnhagskerfi var lengi í viðjum hafta. Alþýðuflokkurinn hafði forustu um það á sínum tíma í viðreisnarstjórninni að auka frelsi einstaklega og fyrirtækja til athafna og viðskipta. Í ríkisstjórnum undanfarin þrjú ár hafa ráðherrar Alþýðuflokksins haldið þessu verki áfram. Gagnstætt því sem úrtölumenn hafa haldið fram hefur frelsið ekki reynst okkur hættulegt. Þvert á móti. Það hefur eytt sérréttindum sem þrifust í skjóli ríkisskipaðrar einokunar, treyst lífskjör og aukið hagvöxt.

Við eigum að halda áfram á þessari braut. Íslendingar eru evrópsk þjóð og ætla að halda áfram að vera það. Við eigum nú þann kost einan að laga lög okkar, reglur og viðskiptahætti að þeirri þróun sem nú á sér stað í Evrópu.

Alþýðuflokkurinn leggur áherslu á að í þeirri vinnu sem fram undan er varðandi Evrópusamstarfið verði haft náið samráð og samvinna við samtök atvinnulífsins, launþegasamtök og samtök atvinnurekenda.

Það er stefna Alþýðuflokksins að Íslendingar eigi hiklaust, en þó með fullri gát að stefna að því að taka þátt í stærri efnahagsheild í Evrópu. Með því er unnt að skapa öllum almenningi betri lífskjör, þjóðarbúinu aukinn hagvöxt og þann efnahagslega stöðugleika sem við viljum vinna að.

Álit Eyjólfs Konráðs Jónssonar, Guðmundar H. Garðarssonar og Ragnhildar Helgadóttur, fulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðmundur H. Garðarsson og Ragnhildur Helgadóttir, fagna þeirri mikilvægu samstöðu sem náðst hefur í nefndinni en leggja höfuðáherslu á eftirfarandi:

Hvergi verði kvikað frá þeirri stefnu sem ríki Evrópubandalagsins viðurkenndu með bókun 6 frá 1972, sem gildi tók við lok þorskastríða 1976, að Íslendingar einir ættu réttindin til fiskveiða innan 200 mílna efnahagslögsögunnar og breytingar á þeirri stefnu komi ekki til greina. Eignaraðild útlendinga að fiskveiði- eða fiskverkunarfyrirtækjum verði áfram óheimil, sbr. lög nr. 33 frá 1922. Þegar verði teknar upp viðræður við Evrópubandalagið um viðauka við bókun 6 til leiðréttinga vegna breyttra aðstæðna.

Á sama hátt ráði Íslendingar einir þeim fullveldisréttindum yfir landgrunninu utan 200 mílna sem þeim ber eftir 76. grein hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Samningum við nágrannaríkin um sameiginleg landgrunnsréttindi verði hraðað.

Íslendingar taki upp fullt frjálsræði í peningamálum í samvinnu við aðrar Evrópuþjóðir í umræðum um evrópskt efnahagssvæði eða einhliða, þannig að gjaldeyrisverslun verði algjörlega frjáls. Greitt verði fyrir erlendri fjárfestingu og fjármagnsflutningum til iðnvæðingar og þjónustustarfa. Þannig erum við undirrituð í hópi þeirra sem ganga vilja til formlegra samningaviðræðna með öðrum EFTA-ríkjum um evrópskt efnahagssvæði. Samhliða verði, vegna breyttra aðstæðna, óskað viðræðna við Evrópubandalagið um viðauka við bókun 6 nú þegar.

Samstarf okkar innan GATT verði aukið enda ljóst að sú stefna er þar ríkjandi að fiskveiðar innan 200 mílna í stað tollfríðinda er í þeim samtökum ekki talin umræðuhæf.

Álit Hjörleifs Guttormssonar, fulltrúa Alþýðubandalagsins.

Íslensk leið í samskiptum við umheiminn.

Samskipti til allra átta.

Íslendingar standa nú frammi fyrir því að velja um leiðir í samskiptum við umheiminn. Það val getur orðið afar afdrifaríkt og skipt sköpum um sjálfstæði þjóðarinnar og lífskjör í landinu um langa framtíð.

Kostirnir sem við blasa eru í aðalatriðum tvenns konar:

1. *Að tengjast Evrópubandalaginu í gegnum evrópskt efnahagssvæði eða með beinum hætti innan tíðar.*
2. *Að halda óháðri stöðu gagnvart efnahagsbandalögum en leita sem hagstæðastra samninga við slík bandalög í Evrópu, Norður-Ameríku, Austur-Asíu og víðar.*

Skoðun undirritaðs er sú að tvímælalaust eigi að velja síðari kostinn þar eð með því haldi þjóðin sjálfsákvörðunarrétti sínum og æskilegum sveigjanleika í utanríkisviðskiptum og öðrum samskiptum til langrar framtíðar.

Færa má fyrir því gild rök að Ísland óháð viðskiptabandalögum sé langtum betur sett en með því að verða jaðarsvæði í evrópsku efnahagsbandalagi.

Ísland er á margan hátt í öðru vísi stöðu landfræðilega, viðskiptalega og menningarlega en önnur Norðurlönd, að ekki sé talað um gamalgróin iðnríki Vestur-Evrópu.

Landfræðileg staða okkar getur gagnast þjóðinni í samskiptum til margra átta. Landið er miðlægt á Norður-Atlantshafi, í þjóðbraut til austurs og vesturs, en liggur einnig vel við vaxandi samskiptum milli Evrópu og Austur-Asíu um norðurheimskautið.

Ef við höldum þétt utan um náttúruauðlindir okkar til lands og sjávar og verndum umhverfið fyrir mengun og ofnýtingu er unnt að halda hér uppi lífskjörum til jafns við það sem best gerist annars staðar.

Við eigum að leita eftir samningum við bandalög og einstök ríki um fríverslun og félagsleg og menningarleg samskipti. Við eigum að aðlaga okkur breytingum í heimsviðskiptum og leita sem bestra samskipta við rísandi Evrópustórveldi og keppinauta þess í Norður-Ameríku og Austur-Asíu.

Möguleikar á að ná slíkum samningum og þróa gagnkvæm samskipti verða að teljast góðir. Vegna sérstöðu sinnar og af sögulegum og landfræðilegum ástæðum njóta Íslendingar athygli og víðtæks velvilja víða um heim. Þessi viðhorf verða ekki skýrð út frá efnahagslegum

forsendum eða með þýðingu samskipta við landið. Þau geta engu að síður vegið þungt þegar leitað er eftir samvinnu af okkar hálfu við aðrar þjóðir.

Óháð staða landsins með tilliti til viðskiptabandalaga felur þannig í sér marga mjög góða kosti:

— Með því að halda sjálfsforræðinu í eigin höndum hafa Íslendingar betri tök á því en ella að laga sig að breyttum aðstæðum erlendis.
— Efnahagsleg staða getur þannig verið til muna betri en ef landið væri hluti af stórri heild. Sjávarauðlindirnar geta áfram verið meginstoð góðra lífskjara, en skilyrði er að yfirráð þeirra og afrakstur haldist í landinu.
— Við erum í eftirsóknarverðri stöðu varðandi orkubúskap ef við höldum af forsjálni utan um takmarkaðar en endurnýjanlegar orkulindir landsins.
— Aðrir landkostir geta einnig nýst til muna betur í óháðu þjóðríki sem m.a. getur þróað byggð í landinu út frá eigin forsendum sem ekki væri kostur á í Evrópubandalagi eða evrópsku efnahagssvæði.
— Líkurnar á að takast megi að viðhalda íslenskri menningu og að efla heilbrigða þjóðernisvitund eru mun meiri ef landið er óháð eining en ekki hluti af stórri ríkjaheild.
— Vægi þjóðarinnar í alþjóðasamskiptum verður allt annað og meira í slíku samhengi en ef Ísland yrði það í stóru viðskiptabandalagi, að ekki sé talað um útkjálka í stóru sambandsríki Evrópu.
— Í sérstöðunni og þeirri stefnu að halda sig utan við ríkjabandalög og hinar stóru heildir felast þannig fjölmargir jákvæðir kostir og tækifæri sem m.a. blasa við á sviði ferðaþjónustu.

Út frá ofangreindum forsendum ber að vísa á bug hugmyndum um að tengja landið við einstök efnahagssvæði hvort sem þau væru evrópsk eða amerísk, svo tveir kostir séu nefndir.

EES-grundvöllurinn er óaðgengilegur.

Í eitt ár hafa staðið yfir könnunar- og undirbúningsviðræður um aðild Íslands að svokölluðu evrópsku efnahagssvæði. Þann 3. apríl 1990 samþykktu utanríkisráðherrar EFTA-ríkjanna, þar á meðal Íslands, fyrir sitt leyti að hefja formlegar samningaviðræður við Evrópubandalagið um myndun evrópsks efnahagssvæðis, EES. *Þessu er undirritaður og fleiri í Evrópustefnunefnd Alþingis mótfallin þar eð samningsgrundvöllurinn er óaðgengilegur og Ísland á aðra og vænlegri kosti eins og greint hefur verið frá hér á undan.* Til viðbótar hafa nú nýverið komið kröfur frá forustu EB þess efnis að áður en gengið verði til samninga verði að „styrkja EFTA“ enn frekar, þ.e. breyta þeim í grundvallaratriðum úr fríverslunarsamtökum óháðra ríkja í yfirþjóðlega stofnun *áður en* hafnar verði samningaviðræður.

Samningsgrundvöllurinn um EES felur m.a. í sér eftirfarandi:

— að sjálfstæði þjóðarinnar yrði skert með afsali á löggjafar- og dómsvaldi til EES-stofnana,
— að Íslendingar skuldbinda sig til að lögfesta gildandi EB-rétt á sviði vöruviðskipta, búsetu- og atvinnuréttinda, fjármagns og þjónustustarfsemi,
— að útlendingar fengju í aðalatriðum sama rétt og Íslendingar til atvinnurekstrar hérlendis og eignarhalds á fyrirtækjum.

Afleiðingar af aðild að EES yrðu m.a. þær:

— að Ísland yrði jaðarsvæði í evrópsku stórríki, fólki fækkaði og atvinnuframboð yrði einhæfara en ella,
— að útlendingar næðu vaxandi tökum á atvinnurekstri og náttúruauðlindum landsmanna, sjávarútvegi og orku og landið yrði í auknum mæli hráefnisframleiðandi á sameinuðu markaðssvæði,
— að staða landsbyggðar yrði margfalt erfiðari en ella,
— að menningararfleifð og þjóðernisvitund ættu enn frekar í vök að verjast.

Aðlögun og góð samskipti án aðildar að EES og EB.

Menn mega ekki halda að aðild að stórum viðskiptaheildum eins og EES eða EB sé forsenda þess að Íslendingar taki upp breytta og opnari viðskiptahætti en nú tíðkast og tryggi jöfnun í rekstrarskilyrðum atvinnulífs í landinu. Um þau efni geta Íslendingar tekið sínar ákvarðanir hvenær sem er eftir eigin mati og samið um gagnkvæmni í tvíhliða viðræðum við önnur ríki og bandalög.

Ísland á áfram að vera í fríverslunarsamstarfi með öðrum EFTA-ríkjum og leita eftir góðu samstarfi sem víðast, ekki síst við Evrópubandalagið. Þar skiptir mestu að fá tollfrjálsan aðgang fyrir allar íslenskar sjávarafurðir að mörkuðum bandalagsins hliðstætt því sem gerist með innflutning á iðnvarningi frá EB til Íslands. Einnig eigum við að halda áfram samvinnu og leita samninga um einstök verkefni, m.a. á grundvelli Lúxemborgaryfirlýsingarinnar frá 1984. Sú yfirlýsing varðar samstarf á mörgum sviðum, þar á meðal um mennta- og menningarmál, rannsóknir og þróun og í umhverfismálum.

Aðild að Evrópubandalaginu er hins vegar á engan hátt eftirsóknarverð fyrir Íslendinga og væri raunar mjög háskaleg fyrir efnahagslegt og stjórnarfarslegt sjálfstæði okkar. Sameiginleg fiskveiðistefna EB ætti ein út af fyrir sig að nægja til að enginn Íslendingur láti sér til hugar koma aðild að bandalaginu. Fiskveiðistefnan felur í sér aðgang ríkisborgara allra aðildarríkja bandalagsins að fiskimiðum aðildarríkja þess a.m.k. upp að 12 mílum. En fjölmargt fleira veldur því að aðild að EB á ekki að koma til greina.

Ríki sem gerast aðilar að EES eru í raun að ganga inn í fordyri EB og sum EFTA-ríkin stefna leynt og ljóst að beinni aðild að bandalaginu við fyrstu hentugleika. Einnig af þeim sökum er varhugavert fyrir Ísland að lenda í samningaflækju með ríkjahópi sem að flestu leyti hefur allt annarra hagsmuna að gæta.

Hagsmunir Íslands gagnvart Evrópubandalaginu eru öðru fremur tengdir viðskiptum með sjávarvörur en þau eru langt frá því að vera hluti af fríverslun innan EB. Þvert á móti einkennast sjávarútvegsmál innan bandalagsins af hafta- og styrkjastefnu sem miðar að því að vernda sjávarútveg ríkja bandalagsins. Sáralitlar líkur eru á að því kerfi verði hnikað þrátt fyrir kröfur EFTA um fríverslun með fisk sem m.a. fela í sér afnám styrkja til sjávarútvegs.

Það er að leita langt yfir skammt fyrir Íslendinga að ætla að tengjast EES og innri markaði Evrópubandalagsins til að komast í kallfæri við Evrópubandalagið um eðlileg, tollfrjáls viðskipti með sjávarafurðir. Þess í stað eigum við að knýja á um leiðréttingu á viðskiptum við EB í beinum milliliðalausum viðræðum og ganga út frá því samkvæmt fyrri reynslu að til þess að ná árangri þurfi nokkra þolinmæði og þrautseigju. Á meðan við bindum okkur í samflot með öðrum EFTA-ríkjum í viðræðum um EES er þess vart að vænta að alvöruviðræður komist á við EB um tollfrjáls viðskipti og önnur gagnkvæm hagsmunamál.

Hér á eftir verður vikið nánar að nokkrum þeim atriðum sem gera aðild Íslands að evrópsku efnahagssvæði og þátttöku í samningaviðræðum með öðrum EFTA-ríkjum um slíka aðild óaðgengilega.

Skerðing stjórnarfarslegs sjálfstæðis.

Í könnunar- og undirbúningsviðræðum EFTA og EB um evrópskt efnahagssvæði hefur verið reynt að móta sameiginlegar tillögur um stofnanir, eftirlit og úrskurðaraðila (dómstóla) á EES-svæðinu. Í marslok 1990 var staðan samt sú að mati beggja að verulega bæri enn á milli og að þessi mál verði ekki útkljáð fyrr en í samningaviðræðum.

Af þeim mörgu hugmyndum sem settar hafa verið á blað um þessi atriði er þó ljóst að báðir aðilar eru komnir langt inn á svið „yfirþjóðlegra“ stofnana og ræða fullum fetum um skerðingu á löggjafar- og dómsvaldi viðkomandi þjóðríkja, bæði að formi og enn frekar að innihaldi.

Ágreiningurinn milli viðræðuaðila EFTA og EB snýst um það hversu langt eigi að ganga í valdaafsali til sameiginlegra stofnana og um kröfu EFTA-ríkjanna um að fá áhrif á stefnumótun innan EB. Einstök EFTA-ríki, þar á meðal Ísland, sjá fram á að þessar hugmyndir brjóti í bága við stjórnarskrár ríkjanna.

Komi til myndunar evrópsks efnahagssvæðis (EES) er talið óhjákvæmilegt að lögfesta viðkomandi ákvæði, sem eru afar mikil að vöxtum, til að þau öðlist réttaráhrif fyrir einstaklinga, lögpersónur og stjórnvöld á svæðinu öllu. Er þá gert ráð fyrir að EES-lög hafi forgang framar landslögum og EES-réttur muni þar með ryðja landslögum úr vegi hliðstætt því sem gilt hefur innan EB.

Fyrirhugað er að koma á sameiginlegri stofnun til ákvarðanatöku, svonefndu *EES-ráði*, þar sem sæti eigi ráðherrar eða embættismenn í umboði þeirra. Ráð þetta mundi starfa á grundvelli EES-samningsins, sem hefði lagagildi, og eitt af verkefnum ráðsins væri að þróa þann samning með því að setja afleiddar reglur sem einnig hefðu lagagildi. Þannig fengi ráðið í reynd löggjafarvald. Rætt hefur verið um mikið púsluspil til að stilla saman sjónarmið EB og EFTA í þessu ráði „áður en hvor aðili tæki nokkra endanlega ákvörðun um mál er varða EES". Gert er ráð fyrir að EFTA-ríkin tali „að öðru jöfnu" einum rómi í ráðinu. Þá er óleyst vandamál á hvaða stigi þjóðþing kæmu inn í þetta ákvarðanaferli til að EES-ákvarðanir fái formlegt lagagildi og hafi bein réttaráhrif.

Enn skýrar er talað um *„EES-úrskurðaraðila"*, þ.e. dómstól sem „einn hefði víðtækt umboð til þess að tryggja það að EES reglur verði virtar". Gert er ráð fyrir að hann starfi í nánum tengslum við EB-dómstólinn og yrði skipaður dómurum frá honum og frá ríkjum EFTA. Sem kunnugt er skýrir EB-dómstóllinn lög og túlkar þau, svo og rétt Evrópubandalagsins, og eru dómstólar einstakra ríkja bundnir af niðurstöðu hans. Dómstóllinn tryggir þannig samræmda lagatúlkun í öllum EB-ríkjunum.

Við vissar aðstæður er æðstu áfrýjunardómstólum í EB-ríkjunum skylt að óska eftir svonefndum forúrskurðum EB-dómstólsins og eru þeir bindandi. Að hliðstæðu kerfi virðist stefnt innan EES, þannig að dómstólum væri í vissum tilvikum skylt að leita forúrskurðar EES-dómstóls um túlkun og beitingu EES-réttar. *Þetta virðist hins vegar í augljósri andstöðu við 2. og 61. grein íslensku stjórnarskrárinnar*, þar sem dómsvaldi er skipað með íslenskum lögum, framsal þess í hendur erlendra aðila hvergi heimilað og stjórnsýsluaðilum og löggjafarvaldi eru settar skorður að því er varðar fyrirmæli til dómara.

Hér blasir því við valdaafsal sem vart gæti orðið að veruleika nema að undangenginni stjórnarskrárbreytingu.

Grundvöllurinn að formlegum samningaviðræðum um EES felur þannig í sér stórfellda skerðingu innlends löggjafar- og dómsvalds og afsal þess til yfirþjóðlegra stofnana. Spurningin sem ósvarað er varðar aðeins útfærslu á því valdaafsali.

Það hefur síðan gerst að af hálfu forustu EB hafa komið fram eindregnari kröfur en áður lágu fyrir um „styrkingu EFTA" þannig að samtökin tali einni röddu án þess að þurfa að leita til þjóðþinga aðildarríkja. Er látið að því liggja að slík breyting á EFTA úr fríverslunarsamtökum óháðra þjóðríkja í yfirþjóðleg samtök geti verið skilyrði fyrir því að EB gangi til samninga um EES.

Atvinnu- og búseturéttur og ítök útlendinga í sjávarútvegi.

Rétt er að minna á að eitt af grundvallaratriðum innri markaðar EB, sem einnig mundi gilda fyrir Ísland sem aðila að EES, er réttur manna óháð þjóðerni til að stofna fyrirtæki hvar sem er á svæðinu og færa til fjármagn í tengslum við það.

Einnig yrði gjörbreyting á reglum varðandi dvalarleyfi fyrir útlendinga sem hingað kæmu þannig að þeir fengju sjálfkrafa dvalarleyfi í kjölfar atvinnu. Íslendingar hafa sett fram ósk um fyrirvara varðandi frelsi til atvinnu og flutnings og vísað til bókana í tengslum við norræna

samninginn um vinnumarkað. Það er mat þeirra sem tekið hafa þátt í viðræðum við EB af Íslands hálfu að Evrópubandalagið muni eiga erfitt með að heimila svona fyrirvara af grundvallarástæðum og því sé mikil óvissa um hvort um hann takist samningar. Ekki er hægt að útiloka að hingað til lands yrði aðstreymi fólks í atvinnuleit frá svæðum innan EB þar sem mikið atvinnuleysi ríkir og kjör og réttindi eru lakari en hérlendis.

Rætt er um það að um leið og Íslendingar gerðust aðilar að EES eigi að koma í veg fyrir að útlendingar nái tökum á náttúruauðlindum, svo sem fiskstofnum. Þetta eigi að tryggja með því að leita samninga um sérstakan fyrirvara fyrir Ísland þess efnis að útlendingar fái lögum samkvæmt ekki að gerast eignaraðilar að útgerðarfyrirtækjum. Hins vegar er rætt um að heimila eignarhald útlendinga á fiskvinnslufyrirtækjum allt að helmingi eða jafnvel meira, enda standi þau ekki að útgerð fiskiskipa. Á sama tíma er gert ráð fyrir að afnema takmarkanir á eignarhaldi útlendinga á öðrum sviðum atvinnurekstrar og þjónustustarfsemi í landinu.

Í álitsgerð, sem Ragnar Aðalsteinsson hrl. veitti nefndinni 26. mars 1990, þar sem hann var m.a. beðinn að láta í ljós rökstutt álit á því hvaða möguleikar séu á því að halda sjávarútvegi og orkulindum utan fjárfestingar útlendinga ef hindranir á fjármagnsflutningum, fjármálaþjónustu og búseturétti væru afnumdar að öðru leyti, segir m.a. samandregið:

„Ef gera ætti einhverja tilraun til að draga ályktanir af framangreindu þá væru þær þessar helstar:

a. *Miklu skiptir hver verða ákvæðin í þeim samningum sem Íslendingar kunna að gera við EB beint eða fyrir milligöngu EFTA.*
b. *Einnig er það mikilvægt hvaða yfirþjóðlegu stofnanir verða settar á laggirnar, hvernig þær verða skipaðar og hvert verður valdsvið þeirra.*
c. *Miklu varðar hvort beita eigi landsrétti eingöngu, EES-rétti eingöngu eða hvoru tveggja eftir einhvers konar forgangsröð.*
d. *Aðstæður á Íslandi mæla heldur með því að unnt verði að framfylgja greindum undanþágum með festu, m.a. hníga fleiri rök að því en hinu gagnstæða.*
e. *Styrkja þarf sum reglukerfi og beita bestu þekktu eftirlitskerfum til að tryggja að ekki verði fram hjá reglunum gengið.*
f. *Viðurlög við brotum á undanþágureglunum verða að vera harkaleg, t.d. eitthvað svipað og nú er í EB-löndunum, þegar brotið er gegn samkeppnisreglum.*

Við athugun á framangreindu ber að hafa í huga að aðstæður hafa breyst á Íslandi að undanförnu. Erlendra áhrifa gætir þegar í sjávarútvegi, a.m.k. með óbeinum hætti, þ.e. með fjármagnsfyrirgreiðslu fram yfir það sem fæst í lánastofnunum hér gegn ívilnandi viðskiptasamningum.“

Ýmsir talsmenn atvinnuvega og hagsmunaaðilar í sjávarútvegi, sem komið hafa á fund Evrópustefnunefndar, telja að erfitt eða óframkvæmanlegt geti reynst að tryggja framkvæmd á samningsbundnum fyrirvara um að útiloka eignarhald erlendra aðila að fyrirtækjum í sjávarútvegi.

Þannig sagði Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands, efnislega á fundi nefndarinnar 8. nóvember 1989 að eignarhald á fyrirtækjum mundi meira og minna blandast. Með einhverjum hætti kæmu erlendir aðilar inn í íslenskt atvinnulíf sem eignaraðilar og þá beint og óbeint í sjávarútvegi eins og öðrum atvinnugreinum. Það þýddi ekki að loka augunum fyrir því að það þyrfti flóknar reglur til að hindra það sem hann efaðist um að stæðust. Á móti kæmi tækifæri til að eiga í erlendum dreifingarfyrirtækjum og þetta mundi allt blandast.

Friðrik Pálsson, framkvæmdastjóri hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sagði á fundi nefndarinnar 21. nóvember 1989 að mjög erfitt gæti reynst að halda erlendu fjármagni utan við

sjávarútveginn ef það kæmi á annað borð inn í íslenskt atvinnulíf. Hann kvaðst óttast stjórnleysi ef ekki yrði mörkuð skýr stefna í þessum málum. Hann benti líka á hve mörg fyrirtæki í sjávarútvegi væru illa stödd þannig að ekki þyrfti stórar fjárhæðir til að kaupa þau upp.

Af þessu er ljóst að þótt með lögum og ströngu eftirliti megi koma í veg fyrir formlegt eignarhald útlendinga á fiskiskipum eru ýmsir forsvarsmenn í sjávarútvegi ekki trúaðir á að hald væri í slíkum fyrirvörum í reynd. Hafa ber einnig í huga þá opnun sem ráðgerð er varðandi eignarhald útlendinga á fiskvinnslufyrirtækjum, en mikill meiri hluti fiskveiðiflotans er í eigu fyrirtækja sem jafnframt stunda fiskvinnslu.

Niðurstaða undirritaðs er því sú að líkur séu á að fljótlega eftir að Ísland yrði aðili að EES mundu erlendir aðilar ná tangarhaldi í sjávarútvegi og gætu innan skamms orðið þar ráðandi, bæði í fiskvinnslu og einnig í fiskveiðum, þótt leitast væri við að reisa við því skorður.

Fríverslun með fisk og ráðstöfun fiskaflans.

Rétt er að vekja athygli á að samningar um algera fríverslun með fisk, sem Íslendingar voru frumkvöðlar að á vettvangi EFTA og gerð hefur verið krafa um af hálfu EFTA í samningaumleitunum við EB um EES, gætu ef á þær væri fallist orðið til að auðvelda útlendingum að ná tökum á óunnum eða hálfunnum afla af Íslandsmiðum.

Evrópustefnunefnd beindi þeirri fyrirspurn til Ragnars Aðalsteinssonar hrl. hvaða áhrif það hefði á möguleika Íslendinga til að reisa skorður við útflutningi á óunnum og hálfunnum fiski frá Íslandi ef komið væri á algerri fríverslun með fisk.

Í svari hans kom m.a. fram eftirfarandi:

„Mér virðist vera eins konar mótsögn í spurningunni. Ef um algera fríverslun er að ræða er alls óheimilt að reisa skorður við útflutningi á óunnum eða hálfunnum fiski. Væri það gert væri um fríverslun með undanþágu að ræða eða takmarkaða fríverslun.

...

Íslendingar hafa beitt sér fyrir fríverslun með fisk innan EFTA og komi slík fríverslun með fisk til framkvæmda leiðir það óhjákvæmilega til þess að afnema verður allar takmarkanir á útflutning, svo sem eftir magni eða vinnsluaðferð.

Ákvæðið um takmarkanir á útflutningi er að finna í Rómarsáttmálanum í 16. gr., 34. gr. og 96. gr. Þá er vikið að útflutningsgjöldum í fríverslunarsamningum EB við einstök EFTA-ríki (7. gr.).

Svar við spurningunni um skorður á fiskútflutningi er þess vegna óhjákvæmilega það að í samninga EB um fríverslun verður að fást sérstök heimild til undanþágna ef Íslendingar vilja eiga þess kost að reisa slíkar skorður. Á móti verður að láta einhverja hagsmuni og því verður um fríverslunarsamning með takmörkunum að ræða. Ég tel það hins vegar utan míns hlutverks að íhuga líkurnar á að slík undanþága fengist og þá gegn hvaða endurgjaldi. Sú samningsstaða er líklega mjög erfið, að krefjast fríverslunar með fisk, en gera jafnframt fyrirvara um þá fríverslun.“

Með tilliti til þessa er nauðsynlegt að halda þannig á samningaumleitunum um fríverslun með fisk að Íslendingar missi ekki af möguleikanum á að stýra ráðstöfun fiskaflans að því marki að komi niður á þjóðhagslega hagkvæmri fiskvinnslu innan lands. *Mikilvægast af öllu er þó að gera gangskör að því að móta heildstæða sjávarútvegsstefnu hérlendis. Að þeirri stefnumörkun þarf að vinna af Alþingi og ríkisstjórn í samvinnu við hagsmunaaðila.* Hún þarf að ná til sjávarútvegsmála í heild, allt frá veiðum og úrvinnslu til sölu og markaðssetningar afurðanna. Breytingar á útflutningsmörkuðum og sókn erlendra hagsmunaaðila inn í íslenskan sjávarútveg gerir það enn brýnna en áður að mörkuð verði samræmd sjávarútvegsstefna.

Óheftar fjármagnshreyfingar og þjónustustarfsemi.

Óheftir fjármagnsflutningar eru eitt undirstöðuatriði innri markaðar EB sem áformað er að yfirfæra til EFTA-ríkjanna. Ísland hefur sérstöðu að því leyti að hér eru miklar hömlur á þessu sviði. Með þátttöku í EES yrðum við skuldbundnir til að aflétta þessum hömlum innan skamms og fórnuðum þannig þeim stjórntækjum í efnahagsstarfsemi sem í þeim felast.

Þótt bent sé á vissa kosti sem fylgt geti fjármagnshreyfingum, tengjast þeim mörg vandamál, ekki síst fyrir litla efnahagsheild eins og þá íslensku. Þannig takmarka óheftar fjármagnshreyfingar verulega möguleikann á að reka sjálfstæða peningastefnu og hafa stjórn á gengi og vöxtum. Niðurstaðan af því að aflétta hömlum af fjármagnshreyfingum gæti að því er Ísland varðar orðið verulegt útstreymi á fjármagni úr landi, auk þeirrar hættu sem tengist spákaupmennsku og undandrætti frá sköttum.

„Frjáls" þjónustustarfsemi varðar m.a. fjármálaþjónustu með óheftum rétti til hvers konar banka- og tryggingastarfsemi en hún nær einnig til flutninga, samgangna og fjarskipta. Það er ekki síst á þjónustusviðinu sem hagspekingar EB vænta lækkunar á heildartilkostnaði í kjölfar hagræðingar.

Fyrir Ísland gæti „frelsi" á þjónustusviði haft í för með sér miklar breytingar sem m.a. kæmu fram í því að erlendum bönkum yrði leyft að starfa hérlendis með tilheyrandi heimild til fjármagnsflutninga milli landa.

Áhrifin gætu einnig orðið afdrifarík á sviði samgangna, m.a. flugsamgangna, þótt einnig megi greina þar ákveðin sóknarfæri.

Fyrir liggur að í könnunar- og undirbúningsviðræðum voru engir ákveðnir fyrirvarar gerðir af Íslands hálfu varðandi fjármagns- og þjónustusviðið. Í stöðulýsingu í marslok 1990 frá stjórnarnefnd embættismanna EFTA og EB segir m.a. um þessa þætti:

„Á sviði fjármagnsflutninga og fjármálaviðskipta hafa viðeigandi samþykktir EB verið afmarkaðar sameiginlega og grandskoðaðar og EFTA hefur komist að þeirri niðurstöðu að í grundvallaratriðum sé hægt að fallast á þorra þeirra ... Við fyrstu skoðun virðist engra verulegra vandkvæða að vænta í skipaflutningum eða loftferðamálum ... Viðeigandi samþykktir EB varðandi fjarskipti hafa verið afmarkaðar sameiginlega og grandskoðaðar og virðist vera hægt að fallast á þær."

Telja verður með ólíkindum að ekki skuli hafa verið settir skýrir fyrirvarar af Íslands hálfu varðandi samningaviðræður um þjónustu- og fjármagnssviðið. Það eina sem getið er um varðandi fjármagnshreyfingar er að *lýst hafi verið* lögbundnum takmörkunum á erlendu eignarhaldi í bönkum og á fleiri sviðum. Slíkar lýsingar jafngilda hins vegar ekki fyrirvörum sem áttu að vera komnir fram fyrir lok könnunarviðræðna sl. haust.

Sárafáir fyrirvarar af Íslands hálfu.

Eins og komið hefur fram hér á undan hafa í raun aðeins verið gerðir örfáir fyrirvarar af hálfu íslenskra stjórnvalda í könnunar- og undirbúningsviðræðum um evrópskt efnahagssvæði. Það er í andstöðu við þá stefnu sem forsætisráðherra Íslands, Steingrímur Hermannsson, boðaði í ræðu við upphaf fundar leiðtoga EFTA-ríkjanna í Ósló 14. mars 1989. Þar sagði hann m.a. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar:

„Við getum aldrei gefið okkur á vald yfirþjóðlegum stofnunum. Við getum aldrei afsalað okkur fullveldinu eða rétti okkar til þess að taka eigin nauðsynlegar ákvarðanir til að tryggja afkomu okkar og sjálfstæði.

...

Með þetta í huga verð ég að leggja áherslu á að af Íslands hálfu á fyllsta mögulega framkvæmd samstarfsins fyrst og fremst við frjálsa verslun með varning."

Samkvæmt frásögn utanríkisráðherra, Jóns Baldvins Hannibalssonar, í ræðu á Alþingi 5. apríl 1990 eru undanþágubeiðnir Íslendinga frá EB-reglum með vísan til grundvallarhagsmuna aðeins tvær:

1. Krafa um varanlega undanþágu um að erlendir aðilar megi ekki hafa sama rétt og íslenskir að því er varðar nýtingu á fiskstofnum og orkulindum.
2. Fyrirvari um búsetu- og atvinnuréttindi útlendinga, hliðstæður því sem Ísland setti varðandi norræna vinnumarkaðinn.

Skýrt er tekið fram af stjórnarnefnd EFTA og EB að einnig þessir fyrirvarar séu samningsatriði í fyrirhuguðum formlegum samningaviðræðum.

Áherslur forustu Evrópubandalagsins eru allar á þá lund að halda beri undanþágum frá fyrirhuguðum samningi í lágmarki. Því er verið að tala um það í raun að yfirfæra lög og rétt Evrópubandalagsins að því er varðar samruna innri markaðarins yfir til EFTA-ríkjanna með örfáum undantekningum auk ákvæða um aðlögunartíma til nokkurra ára í tilvikum sem um kann að semjast.

Óháð Ísland í stað aðildar að Evrópubandalaginu.

Hér hefur verið gerð grein fyrir meginviðhorfum undirritaðs að því er varðar stöðu Íslands með tilliti til samskipta við umheiminn á næstu áratugum. *Ég tel að hagsmunum okkar sé best borgið með því að varðveita sjálfstæði okkar óskert og nota einstaklega hagstæða stöðu Íslands til góðra samskipta til allra átta.*

Lífskjör á Íslandi munu áfram að verulegu leyti ráðast af því hvernig okkur tekst að hagnýta í þágu þjóðarinnar sjávarauðlindir við landið og önnur gögn þess og gæði. Ráð yfir þessum auðlindum og skynsamleg nýting þeirra út frá íslenskum hagsmunum eru þannig úrslitaatriði. Ástæða er til að ætla að mikil og vaxandi eftirspurn verði eftir fiskafurðum frá lítt menguðum hafsvæðum. Markaðsaðstæður verða hins vegar breytilegar eftir heimshlutum eins og reynslan hefur kennt okkur á þessari öld. Þýðing Evrópumarkaðar fyrir íslenskar fiskafurðir hefur vaxið á síðasta áratug, en annarra svæða minnkað. Þetta getur fyrr en varir breyst og Íslendingar þurfa að geta brugðist við slíkum sveiflum á mörkuðum. Óháð staða landsins með tilliti til viðskiptabandalaga er lykillinn að því að þjóðin geti lagað sig að breyttum aðstæðum.

Af þessum sökum eiga Íslendingar að hverfa frá þeirri hugmynd að bindast evrópsku efnahagssvæði en einbeita sér þess í stað að því að standa á eigin fótum og ná sem bestum tengslum við umheiminn. Þar verður samstarf við Norðurlöndin í menningarlegu og félagslegu tilliti áfram efst á blaði og góð og gagnkvæm samskipti við Evrópu að öðru leyti.

Fari svo sem ýmislegt bendir til að samningaviðræður um EES beri upp á sker munu þær raddir gerast háværari sem heimta aðild landsins að Evrópubandalaginu. Gegn þeirri ógæfu þurfa sem flestir Íslendingar að snúast af eindrægni og halda fram þeim kosti sem við eigum bestan: Að varðveita sjálfstæði okkar og nýta stórbrotna möguleika til góðra lífskjara og fjölþætts menningarlífs með samstarfi við þjóðir og viðskiptaheildir beggja vegna Atlantshafs og í fjarlægari heimshlutum.

Álit Kristínar Einarsdóttur, fulltrúa Kvennalistans.

Verndum lýðræði og sjálfsákvörðunarrétt.

Þótt fáir taki undir það að Ísland eigi að gerast aðili að EB er þó unnið að því leynt og ljóst að tengja Ísland stórríkinu mjög föstum böndum.

Kvennalistakonur telja að aðild Íslands að Evrópubandalaginu komi ekki til greina. Evrópubandalagið er ekki samstarfsvettvangur sjálfstæðra þjóða því að með aðild afsala þjóðirnar sér verulegum hluta af sjálfstæði sínu.

Ákvarðanir eru teknar af fáum stjórnendum (ráðherraráði, framkvæmdastjórn) sem geta sett reglur sem eru æðri lögum aðildarlandanna. Ákvarðanir lýðræðislega kjörinna þjóðþinga hafa ekkert gildi ef þær stríða gegn lögum stórríkisins. Skortur á lýðræði í EB liggur til grundvallar þeirri skoðun kvennalistakvenna að aðild að Evrópubandalaginu komi ekki til greina. Í miðstýrðum og ólýðræðislegum stjórnkerfum er hlutur kvenna enn minni en annars staðar. Þátttaka í stórri heild, þar sem fámenn þjóð eins og Íslendingar hefur hverfandi áhrif, verður stórt skref til baka, ekki síst í réttindabaráttu kvenna.

Á sama hátt og æðsta stjórn EB er sett yfir þjóðþing aðildarríkjanna hefur EB-dómstóllinn æðsta dómsvald í sameiginlegum málefnum þeirra. Hann hefur lögsögu yfir dómstólum aðildarríkjanna og er þeim skylt að fara eftir túlkunum hans.

Auk þess sem á undan er rakið gerir fiskveiðistefna EB það að verkum að við lítum svo á að Ísland geti aldrei sótt þar um aðild. Ein af grundvallarreglum fiskveiðistefnunar er frjáls aðgangur aðildarríkjanna að öllum fiskimiðum EB.

Aðild að EES þýðir aðlögun að EB.

Nú hefur ríkisstjórn Íslands ákveðið að ganga ásamt öðrum EFTA-ríkjum til samninga við EB um evrópskt efnahagssvæði (EES) þar sem lög og reglur EB verða lagðar til grundvallar að því er varðar óhindruð vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, fjármagnsflutninga svo og atvinnu- og búseturéttindi. Þó er ekki gert ráð fyrir að í EES verði tekið upp sams konar styrkjakerfi og gildir innan EB til að styrkja jaðarbyggðir og vinna gegn atvinnuleysi. Evrópubandalagið tók upp slíkt kerfi til að milda áhrif efnahagssamrunans á byggðir sem augljóslega hefðu ekki þolað þá röskun sem óheftir fjármagnsflutningar hefðu í för með sér.

Þegar haft er í huga að eitt EFTA-ríkjanna, Austurríki, hefur þegar sótt um aðild að EB og tvö önnur, Noregur og Svíþjóð, virðast einnig stefna að aðild er ekki að undra að ráðandi öfl meðal þessara þjóða vilji samþykkja lög og reglur EB sem grundvöll fyrir EES.

Með myndun EES eru sjálfstæðar þjóðir ekki að gera viðskiptasamning sín á milli heldur er verið með sama hætti og innan EB að mynda pólitísk samtök með yfirþjóðlegum stofnunum sem fara eiga með hluta þess valds sem nú er í höndum ríkisstjórna, þjóðþinga og dómstóla. Í seinni tíð hefur komið æ skýrar fram að EB krefst þess að EFTA-ríkin afsali sér valdi til sameiginlegra stofnana. M.a. krefst EB þess sem forsendu fyrir EB-EFTA-viðræðum að EFTA-ríkin komi sér upp dómstóli svipuðum og EB-dómstólnum.

Í íslensku stjórnarskránni er kveðið skýrt á um að dómsvaldið sé í höndum íslenskra dómstóla. Afsal á dómsvaldi krefst því breytinga á íslensku stjórnarskránni en samkvæmt henni er ekki hægt að binda hendur dómara með neins konar fyrirmælum af hálfu stjórnsýsluaðila eða löggjafa.

Með aðild að evrópsku efnahagssvæði yrðu Íslendingar því að fórna stórum hluta sjálfstæðis síns á sama hátt og um aðild að EB væri að ræða. Hvort sem um væri að ræða aðild að EB eða EES væru Íslendingar að undirgangast stjórnkerfi sem í senn er óaðgengilegt, miðstýrt og ólýðræðislegt.

Þátttaka Íslands í EES hefði óæskilegar afleiðingar.

Þátttaka Íslands í EES mundi þvinga íslenskt atvinnulíf og framleiðslu til vaxandi einhæfni. Sé einungis litið á hagsmuni EES sem heildar mætti leiða rök að því að hagkvæmt væri að Ísland framleiddi aðeins hráefni sem fullunnið yrði nær kjarna markaðarins. Óheftur markaður mundi leiða til slíkrar verkaskiptingar. Sjálfstæð þjóð eins og Íslendingar getur ekki tekið hagkvæmnisrök af þessum toga gild. Fjölbreytt atvinnulíf er forsenda byggðar, gróandi mannlífs og menningar í landinu.

Nú er orðið ljóst að EB mun ekki samþykkja fríverslun með fisk í náinni framtíð enda samræmist það ekki því mikla styrkjakerfi sem þar er við lýði. Íslendingum er mikilvægt að

hafa möguleika á því að stjórna sjálfir útflutningi á fiski jafnframt því að tryggja fiskafurðum sínum hagstæða markaði. Við verðum að efla fjölbreytni atvinnulífsins með því að fullvinna sjávarafurðir í ríkara mæli en nú er og afla þeim markaða erlendis.

Óheft flæði fjármagns og fjármálaþjónusta.

Aðild að svo víðtæku efnahagssamstarfi sem gert er ráð fyrir í EES mundi hafa verulegar breytingar í för með sér. Þess má vænta að Ísland framtíðarinnar þróist á allt annan hátt en hingað til hefur verið gengið út frá og verður landið sennilega mun fámennara og fátækara en menn gera nú ráð fyrir.

Stórfyrirtækin í kjarnaríkjum efnahagssvæðisins munu stækka enn frekar og samkeppnisstaða smáfyrirtækja í jaðarríkjum versna. Þá mun staða smáiðnaðar og þjónustu einnig versna í jaðarríkjum. Þetta mun annars vegar leiða til meiri uppsöfnunar tekna og auðs í kjarnanum og hins vegar beinlínis leiða til fækkunar á atvinnumöguleikum í jaðarbyggðum. Aukin byggðaröskun blasir við nema til komi víðtækt styrkjakerfi eins og nú tíðkast innan EB. Staða jaðarríkja á borð við Ísland mun því almennt versna.

Opinn og óskiptur fjármagnsmarkaður felur í sér að ekkert misræmi getur komið til milli einstakra ríkja vegna mismunar í gengisskráningu. Aðildarríkin geta heldur ekki stundað venjulega peningamálastjórn í gegnum vaxtastefnu. Þeim mun einnig reynast torvelt að stjórna peningamálum með því að setja innlánsstofnunum reglur um lausafjárhlutföll. Almennt er talið að samræma þurfi skattareglur innan EB til að jafna samkeppnisstöðu fyrirtækja. Þegar möguleikar einstakra ríkja til virkrar peninga- og gengisstjórnar hverfa takmarkast möguleikar þeirra til sjálfstæðrar fjármálastjórnar. Þessi þröngi rammi efnahagsstjórnar leiðir til fjármögnunarvanda fyrir fámenn ríki á jaðarsvæðum eins og á Íslandi þar sem samfélagsþjónusta og velferðarkerfi er dýrari á hvern þjóðfélagsþegn en í fjölmennari ríkjum.

Frjáls atvinnu- og búseturéttur og réttur til að stofna fyrirtæki.

Ein af meginkröfum EB varðandi viðræðurnar við EFTA-ríkin er að nauðsynlegt sé að koma á einum sameiginlegum vinnumarkaði á evrópska svæðinu. Áhrif þess á íslenskan vinnumarkað yrðu margþætt. Ófaglært vinnuafl mundi sækja hingað í talsverðum mæli og halda almennum kjörum niðri en sérmenntað fólk flytti úr landi á vit betur launaðra starfa þar sem sérhæfni þeirra nyti sín.

Lítt eða ekki hefur verið tekið á þeim félagslegu þáttum sem óhjákvæmilega tengjast flutningi vinnuafls milli landa þegar svo stór svæði eru gerð að einum vinnumarkaði. Svo virðist sem augu manna beinist fyrst og fremst að fjármagninu en hagsmunir fólksins sitji á hakanum.

Kvennalistakonur vara við því að veita útlendingum full réttindi til að hefja atvinnurekstur hér á landi enda gætu þeir þá fljótlega eignast verulegan hlut í undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar.

Umhverfis- og neytendamál.

Fyllsta ástæða er til að óttast að ekki verði gerðar fullnægjandi kröfur um umhverfis- og neytendavernd innan EES. Hvert land innan EB getur sett strangari reglur á þessu sviði en lög og reglur EB segja til um ef þær hindra ekki samkeppni í viðskiptum. Það ákvæði er þó haldlítið þar sem dómstóll EB hefur oft kveðið upp þann úrskurð að strangar kröfur í umhverfismálum og merkingar á vörum um skaðleg efni í þeim leiði til viðskiptahindrana. Er aðildarlöndunum þá skylt að fella niður slíkar kröfur.

Umhverfisráðherrar EFTA-ríkjanna hafa nýlega sett fram þá kröfu að staðlar í umhverfismálum, sem í flestum tilvikum eru strangari en í EB, skuli gilda á evrópska efnahagssvæðinu. Þetta telja samningamenn EB óaðgengilega kröfu. Því má búast við að erfitt reynist að fá samþykktar viðunandi reglur um umhverfisvernd innan EES.

Matvælaframleiðsla gerir miklar kröfur til umhverfisverndar og er því fremur ástæða til að auka kröfur í þeim efnum fremur en að slaka á þeim. Hið sama gildir um ferðaþjónustu sem er vaxandi atvinnugrein hér á landi.

Hagsmunir Íslands mæta afgangi.

Ísland hefur algjöra sérstöðu meðal EFTA-ríkjanna. Aðalútflutningsvara okkar er fiskur sem ríki EB þurfa á að halda og vilja fá á markaði sína. Hin EFTA-ríkin flytja út iðnaðarvörur sem keppa við aðalframleiðsluvörur EB. Þess vegna eru aðstæður Íslands allt aðrar en þeirra og samningsstaða okkar í beinum viðræðum við EB á margan hátt betri en annarra EFTA-ríkja.

Í þeim samningum, sem ríkisstjórnin áformar með þátttöku í EFTA-viðræðum um EES, yrði meginhagsmunum Íslands vikið til hliðar. Í viðræðunum hefur ekki verið sett fram skilyrði um að verslun með sjávarafurðir sé forgangsmál.

Við eigum því ekki samleið með öðrum EFTA-ríkjum í samningum við EB þar sem sjónarmið okkar varðandi sjávarafurðir munu mæta afgangi.

Samningar á okkar eigin forsendum.

Þar eð ljóst er að hagsmunir Íslands verða ekki tryggðir með samfloti við önnur EFTA-ríki er farsælla fyrir okkur að ganga til samninga við EB á okkar eigin forsendum.

Forsvarsmenn EB segjast ekki tilbúnir til samninga við einstök aðildarríki EFTA meðan viðræður EB og EFTA eru á dagskrá. Þessar viðræður tefja því fyrir nauðsynlegum samningum Íslendinga um tollfrjálsan aðgang að markaði EB með fiskafurðir.

Jafnframt því sem við leitum samninga á eigin forsendum við EB eigum við að undirbúa aukin viðskipti og samninga við önnur svæði. Útflutningur á Ameríkumarkað hefur dregist verulega saman undanfarin ár. Nauðsynlegt er að auka útflutning þangað m.a. vegna þess að sá markaður gæti rennt styrkari stoðum undir úrvinnslugreinar í íslenskum sjávarútvegi. Auk þess eru nýir markaðir að opnast í Austur-Asíu, sérstaklega Japan. Einnig má búast við að í náinni framtíð opnist markaðir í Mið- og Austur-Evrópu fyrir afurðir okkar. Því er mikilvægt að binda Ísland ekki fast á einum markaði sem orsakar jafnframt að verulega dregur úr möguleikum okkar til samninga við önnur markaðssvæði.

Meginatriðið er að við göngum til samninga við aðrar þjóðir með fullri reisn á okkar eigin forsendum.

Lokaorð.

Mikils er um vert að samvinna Íslands við EB, m.a. á sviði umhverfismála, rannsókna, þróunar og menntunar, haldi áfram sem hingað til, óháð samskiptum að öðru leyti.

Aðild að EES hefur þá hættu í för með sér að Ísland einangrist í útjaðri svæðisins. Allar líkur eru á að slík aðild leiði til þess að við náum ekki að reisa skorður við útflutningi á hálfunnum og óunnum fiski, sparifé streymi frá landinu og erlendir fjárfestingaraðilar sjái sér hag í því að fjárfesta í undirstöðugreinum í íslensku atvinnulífi, ekki síst sjávarútvegi, og nái þar varanlegum ítökum.

Mun erfiðara yrði fyrir Íslendinga að tryggja sér markaði utan Evrópusvæðisins og þjóðin yrði þannig nauðbeygð að selja nær eingöngu á einum markaði. Afleiðingin verður sú að aðalútflutningsvara okkar verður óunninn fiskur og hráefni frá stóriðjuverum. Þetta eru óviðunandi framtíðarkostir.

Við eigum að nýta þá möguleika sem sérstaða okkar skapar en gerast ekki hráefnisframleiðendur fyrir verksmiðjur á meginlandi Evrópu.

Kvennalistakonur leggja áherslu á nauðsyn þess að samstarf við aðrar þjóðir sé með þeim hætti að efnahagslegu og menningarlegu sjálfstæði þjóðarinnar sé ekki stefnt í hættu.

Þótt ef til vill megi leiða rök að því að hagkvæmt sé tímabundið fyrir Ísland að gerast aðili að stórri efnahagsheild er augljóst að þau rök byggja á skammtímasjónarmiðum. Annað verður uppi á teningnum þegar til langs tíma er litið.

Með aðild að því stórríki sem verið er að mynda í hluta Evrópu blasir sú hætta við að íslensku þjóðinni veitist örðugt að varðveita menningu sína og tungu og þar með kann hún að glata þjóðerniseinkennum sínum og sjálfstæði.

Álit Páls Péturssonar, fulltrúa Framsóknarflokksins.

Framsóknarmenn telja útilokað að Ísland sæki um aðild að Evrópubandalaginu. Íslendingar geta aldrei afsalað sér rétti til þess að taka sjálfir nauðsynlegar ákvarðanir til að tryggja afkomu sína og sjálfstæði. Við verðum að hafa sjálfir stjórn á náttúruauðlindum Íslands en þær eru grundvöllur tilveru okkar. Við teljum ekki að fjarlægt vald muni nokkru sinni geta haft þá stjórn á viðkvæmum náttúruauðlindum okkar, að hagsmuna okkar sé gætt.

Við teljum rétt að reyna til þrautar hvort samningar takist með EFTA og EB um myndun evrópsks efnahagssvæðis. Þegar Ísland gerðist aðili að þessum viðræðum voru settir fram fyrirvarar af Íslands hálfu. Þeir eru forsenda þess að við tökum þátt í samningaviðræðunum. Íslendingar vilja frjálsa verslun, einnig með fisk og fiskafurðir. Hins vegar þarf að styrkja hið íslenska peningakerfi áður en unnt er að samþykkja fullt flæði fjármagns og rétt er að hafa á alla gát hvað varðar hömlulausa flutninga vinnuafls og þjónustuviðskipta.

Við framsóknarmenn vonum að farsællega takist að mynda evrópskt efnahagssvæði þar sem Íslendingar geti orðið þátttakendur, þjóðinni til hagsbóta. Ef hins vegar viðræður EFTA við EB bera ekki viðunandi árangur eiga Íslendingar að reyna að stofna til beinna tvíhliða viðræðna um bætta viðskiptasamninga.

Þá er okkur einnig mjög mikilvægt að útilokast ekki frá menningarlífi Evrópu og þeim brunnum menntunar sem þar er að finna.

Við leggjum ríka áherslu á mikilvægi þess fyrir Íslendinga að fylgjast á hverjum tíma náið með þróun efnhags-, viðskipta- og menningarmála hvarvetna í heiminum en ekki hvað síst í Vestur-, Mið- og Austur-Evrópu.

Íslendingar eru Evrópuþjóð og ætla að halda áfram að vera það.

III. SKIPAN, STÖRF OG ÚTGÁFUSTARFSEMI EVRÓPUSTEFNUNEFNDAR

1. Skipan Evrópustefnunefndar.

Í framhaldi af samþykkt þingsályktunar um stofnun Evrópustefnunefndar kaus Alþingi sama dag níu alþingismenn í nefndina. Við kjörið kom fram einn listi og voru eftirtaldir þingmenn því kjörnir án atkvæðagreiðslu:

Eyjólfur Konráð Jónsson,
Páll Pétursson,
Kjartan Jóhannsson,
Ragnhildur Helgadóttur,
Hjörleifur Guttormsson,
Júlíus Sólnes,
Guðmundur G. Þórarinsson,
Kristín Einarsdóttir,
Guðmundur H. Garðarsson.

Á fyrsta fundi nefndarinnar sem haldinn var 30. maí 1988 kaus nefndin Kjartan Jóhannsson formann, Eyjólf Konráð Jónsson varaformann og Kristínu Einarsdóttur ritara. Skipan nefndarinnar var óbreytt þar til í júlí 1989 er Kjartan Jóhannsson sagði af sér þingmennsku og lét þar með af störfum í nefndinni, en hann hafði verið skipaður sendiherra Íslands hjá Fríverslunarsamtökum Evrópu í Genf frá 1. ágúst 1989. Við formennsku í nefndinni tók þá Eyjólfur Konráð Jónsson. Þá lét Júlíus Sólnes af störfum í september sama ár er hann varð ráðherra. Þann 16. október 1989 kaus Alþingi þá Eið Guðnason og Ásgeir Hannes Eiríksson í nefndina í stað þeirra Kjartans og Júlíusar. Eiður Guðnason hafði þá um skeið verið áheyrnarfulltrúi í nefndinni eftir að Kjartan Jóhannsson hætti þar störfum.

2. Starfsmenn nefndarinnar.

Þegar nefndin hóf störf varð það að samkomulagi við utanríkisráðuneytið að Lilja Viðarsdóttir, sendiráðsritari í viðskiptaskrifstofu ráðuneytisins, aðstoðaði nefndina. Verkefni hennar var að annast ritun fundargerða, undirbúning fundanna og ýmiss konar upplýsingaöflun fyrir nefndina. Þá hafði Helgi Bernódusson, forstöðumaður þingmálaskrifstofu Alþingis, umsjón með útgáfu fimm fyrstu bæklinganna sem nefndin gaf út.

Í september 1989 lét Lilja Viðarsdóttir af störfum fyrir nefndina og við tók Solveig K. Jónsdóttir, fulltrúi í nefndadeild skrifstofu Alþingis. Jafnframt var ákveðið að Þorsteinn Magnússon, deildarstjóri nefndadeildar, yrði nefndinni til aðstoðar.

3. Störf Evrópustefnunefndar.

Með hliðsjón af ályktun Alþingis skilgreindi nefndin verkefni sitt tvíþætt. Í fyrsta lagi að upplýsa Íslendinga sem best um þróunina í Evrópu og stuðla að umræðu um hana. Í öðru lagi að meta stöðu Íslendinga í þessu samhengi og koma með ábendingar um hvernig laga ætti íslenskt efnahagslíf að þessari þróun. Með tilliti til fyrra markmiðsins var ákveðið að gefa út afraksturinn af störfum nefndarinnar jafnóðum og hann lægi fyrir. Nefndin ákvað því að gefin yrðu út hefti er fjölluðu um mismunandi þætti og yrðu þau síðan hluti af lokaskýrslu nefndarinnar. Um þessi útgáfumál er frekar fjallað hér á eftir. Í samræmi við ályktun Alþingis ákvað nefndin fljótlega að rita samtökum atvinnulífsins bréf og óska samráðs við þau og að þau kæmu sjónarmiðum sínum á framfæri við nefndina. Aðeins lítill hluti samtakanna varð við þessari ósk nefndarinnar og er ástæðan líklega sú að umræða um málefni Evrópubandalagsins var í flestum þeirra komin mjög skammt áleiðis á þeim tíma. Fulltrúar margra þessara samtaka voru síðar kallaðir til viðræðna við nefndina eins og gerð verður grein fyrir hér á eftir.

Frá því að Evrópustefnunefnd hóf störf í maí 1988 hefur hún haldið 67 fundi, þar af 11 á árinu 1988, 36 á árinu 1989 og það sem er af þessu ári hefur nefndin haldið 20 fundi. Greina má viðfangsefni nefndarinnar í fjóra meginþætti og verða hverjum þeirra gerð nokkur skil hér á eftir:

3.1. Umræður og útgáfustarfsemi.

Umræður innan nefndarinnar um efni þeirra bæklinga sem nefndin hefur síðan gefið út tók verulegan tíma hjá nefndinni, einkum á tímabilinu október 1988 til júlí 1989, en þá komu út samtals fimm rit. Umfjöllun um þessi rit tók oft megintíma fundanna er sumir hverjir voru mjög langir.

Nefndin fékk sér til aðstoðar við undirbúning þessara hefta ýmsa einstaklinga sem taldir voru hafa þekkingu á málefnum Evrópubandalagsins og Fríverslunarsamtaka Evrópu. Gerðu þeir drög að viðkomandi köflum undir umsjón formanns og nefndarmenn lásu síðan efnið yfir og gerðu athugasemdir sem ræddar voru á fundum nefndarinnar. Yfirlestur nefndarmanna leiddi stundum til verulegra breytinga á upprunalegum texta enda oft álitamál hvernig túlka

bæri ýmis atriði í þróun mála í Evrópu. Þeir einstaklingar er önnuðust samantekt á handritum fyrir nefndina voru Hannes Hafstein, þáverandi ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneytinu, sendiráðunautarnir Lilja Ólafsdóttir og Lilja Viðarsdóttir, Eyjólfur Sæmundsson efnaverkfræðingur, Finnur Sveinbjörnsson hagfræðingur, Gunnar Helgi Kristinsson stjórnmálafræðingur, Helgi Skúli Kjartansson sagnfræðingur, Jón Steindór Valdimarsson lögfræðingur, Kristófer Már Kristinsson blaðamaður og Þorsteinn Magnússon stjórnmálafræðingur. Helgi Bernódusson, forstöðumaður þingmálaskrifstofu Alþingis, hafði umsjón með útgáfu heftanna.

Heiti og útgáfutími þeirra sex bæklinga sem nefndin hefur gefið út eru sem hér segir:

1. *Ísland og Evrópa: Skipan og þróun viðskiptasamvinnu.* Desember 1988.
2. *Ísland og Evrópa: Samvinna Evrópubandalagsins og EFTA á árinu 1984.* Desember 1988.
3. *Ísland og Evrópa: Rannsóknarstarfsemi. Umhverfis-, vinnuverndar- og neytendamál. Vinnumarkaður, mennta-, menningar- og ferðamál.* Febrúar 1989.
4. *Ísland og Evrópa: Atvinnuvegir.* Maí 1989.
5. *Ísland og Evrópa: Efnahagsmál. Fullnusta samninga. Samkeppnisreglur. Félagsmál. Utanríkismálasamvinna.* Júlí 1989.
6. *Ísland og Evrópa: Samskipti EFTA og EB árið 1989.* Febrúar 1990.

Upplag hvers bæklings var í fyrstu 1.000 eintök en það þraut fljótlega og hafa flestir bæklinganna því verið endurútgefnir. Bæklingunum hefur verið dreift á vegum skjalaafgreiðslunnar í Skólabrú 2 en auk þess hafa þeir verið fáanlegir í nokkrum bókaverslunum.

3.2. Samráð við fulltrúa samtaka atvinnulífsins.

Í nóvember 1989 hóf nefndin viðræður sínar við fulltrúa samtaka atvinnulífsins í því skyni að gefa þeim kost á að gera grein fyrir afstöðu sinni til málefna innri markaðar Evrópubandalagsins og þróunar mála í Evrópu. Alls voru haldnir fimm fundir með þessum aðilum í nóvember og desember 1989. Til fróðleiks fylgja nöfn þeirra er nefndin ræddi við á þessum fundum: Ari Skúlason, hagfræðingur Alþýðusambands Íslands, Björn Arnórsson, hagfræðingur Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Birgir Björn Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Hjörtur Eiríksson, framkvæmdastjóri Vinnumálasambands samvinnufélaga, Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands, Þórleifur Jónsson, framkvæmdastjóri Landssambands iðnaðarmanna, Ólafur Davíðsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra iðnrekenda, Jón Steindór Valdimarsson, lögfræðingur FÍI, Kristján Jóhannsson, hagfræðingur Vinnuveitendasambands Íslands, Halldór Árnason, starfsmaður samstarfsnefndar atvinnurekenda í sjávarútvegi (SAS), Ólafur B. Ólafsson, framkvæmdastjóri, fulltrúi síldarsaltenda í SAS, Gunnar Jóakimsson frá Síldarútvegsnefnd, Kristján Ragnarsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna og fulltrúi LÍÚ í SAS, Friðrik Pálsson, forstjóri Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og fulltrúi SH í SAS, Árni Benediktsson, framkvæmdastjóri Félags sambands fiskframleiðenda og fulltrúi þeirra í SAS, Eiríkur Valsson, skrifstofustjóri Sölustofnunar lagmetis, og Hólmgeir Jónsson, hagfræðingur Sjómannasambandsins.

3.3. Viðræður við ráðherra, embættismenn og sérfræðinga.

Nefndin fékk til fundar við sig nokkra ráðherra, embættismenn og sérfræðinga til að ræða stöðu mála í samskiptum EFTA og EB hverju sinni. Þannig komu Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra, Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra og Halldór Ásgrímsson sjávarútvegsráðherra á fundi nefndarinnar til að veita upplýsingar og skiptast á skoðunum við nefndarmenn. Jafnframt komu á fundi nefndarinnar frá utanríkisráðuneytinu Hannes

Hafstein ráðuneytisstjóri, Sverrir Haukur Gunnlaugsson skrifstofustjóri, Valgeir Ársælsson sendiherra og Lilja Viðarsdóttir sendiráðunautur. Þá komu Árni Kolbeinsson, ráðuneytisstjóri frá sjávarútvegsráðuneytinu, og Bolli Þór Bollason, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu, á fund nefndarinnar.

Í október 1989 átti nefndin þrjá gagnlega fundi með tveimur dönskum embættismönnum sem komu hingað til lands að frumkvæði danska sendiherrans á Íslandi. Voru það Torben Mailand Christensen, deildarstjóri viðskiptadeildar danska utanríkisráðuneytisins, og Bjarne Bladbjerg, yfirmaður einkastarfsliðs Hennings Christophersen, varaformanns framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins.

Í nóvember 1989 ákvað nefndin að leita álits nokkurra sérfræðinga á tilteknum efnum er varða samningaviðræður EFTA og EB. Í framhaldi af því komu á fund nefndarinnar Stefán Már Stefánsson lagaprófessor og Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður. Báðir hafa þeir samið greinargerðir og miðlað upplýsingum til nefndarinnar.

3.4. Kynnisferð til Genfar og Brussel.

Nefndin ákvað í desember 1988 að fara í kynnisferð til höfuðstöðva Fríverslunarsamtaka Evrópu í Genf og Evrópubandalagsins í Brussel. Það var mat nefndarmanna að það væri gagnlegt að kynnast starfsemi þessara samtaka og eiga þess kost að hitta að máli þá aðila sem annast daglega stjórnun og rekstur samtakanna sem og að hitta fulltrúa Íslands hjá samtökunum. Ferðin var síðan farin í febrúar 1989 og stóð frá 8.–15. þess mánaðar. Í för með nefndinni voru Hannes Hafstein, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins, og Lilja Viðarsdóttir sendiráðunautur.

Í Genf átti nefndin m.a. viðræður við Georg Reisch, framkvæmdastjóra EFTA, Sven Norberg, forstöðumann lagadeildar skrifstofu EFTA, Hanspeter Tschani, forstöðumann viðskiptadeildar skrifstofu EFTA, Per Mannes, forstöðumann skrifstofu framkvæmdastjóra EFTA, Erika Steinacker fulltrúa og Per Wijkman, forstöðumann efnahagsdeildar skrifstofu EFTA. Viðstaddir þessar viðræður voru fastafulltrúi Íslands, Sverrir Haukur Gunnlaugsson sendiherra, Kristinn F. Árnason varafastafulltrúi, Lilja Ólafsdóttir, fulltrúi í lagadeild EFTA, og Bjarnveig Eiríksdóttir, fulltrúi hjá fastanefnd Íslands.

Í Brussel átti nefndin viðræður við Wolfgang Wolte, sendiherra Austurríkis í Brussel, Arno Klose, deildarstjóra í þeirri stjórnarskrifstofu framkvæmdastjórnarinnar er fer með vísindi og rannsóknir (D-G XII), Inge Gerbaulet, fulltrúa (sem annast málefni Íslands) í þeirri stjórnarskrifstofu framkvæmdastjórnarinnar er fer með utanríkissamskipti (D-G I), Finn Olesen, fulltrúa (sem annast málefni EFTA) í sömu stjórnarskrifstofu, Klaus Kaeding, fulltrúa í þeirri stjórnarskrifstofu er fer með atvinnu-, félags- og menntamál (D-G V), Verli Wallace, menntamálafulltrúa í sömu stjórnarskrifstofu, Hans Jankowski, aðstoðarmann skrifstofustjóra þeirrar stjórnarskrifstofu er fer með umhverfis-, neytendaverndar- og kjarnorkuöryggismál (D-G XI), Leon Gordon, ráðgjafa í þeirri deild er fer með skattamál og málefni fjármálastofnana (D-G XV), og Robert Hull, aðstoðarmann skrifstofustjóra þeirrar stjórnarskrifstofu er fer með málefni fjármagnsviðskipta (D-G XVIII). Þá hitti nefndin einnig að máli fastafulltrúa Íslands hjá Evrópubandalaginu, Einar Benediktsson sendiherra, Gunnar Snorra Gunnarsson varafastafulltrúa, Þórð Guðjónsson sendiráðsritara og Tómas Óla Jónsson viðskiptafulltrúa. Nefndin sat og hádegisverð með Henning Christophersen einum af varaforsetum framkvæmdastjórnarinnar.

Í ferðinni hélt nefndin jafnframt marga fundi í sínum hópi og var ferðin í heild hin gagnlegasta.

Nd. 1149. Breytingartillögur [163. mál]

við frv. til. l. um breyt. á l. nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

Frá Geir Gunnarssyni, Matthíasi Á. Mathiesen, Rannveigu Guðmundsdóttur, Önnu Ólafsdóttur Björnsson, Hreggviði Jónssyni og Ólafi G. Einarssyni.

Við 23. gr.

a. Á eftir orðinu „Reykjavíkurborgar“ í fyrri málslið efnismgr. a-liðar (30.2) komi: og Hafnarfjarðarbæjar.
b. Í stað orðanna „Borgarstjórn Reykjavíkurborgar“ í síðari málslið efnismgr. a-liðar (30.2) komi: sveitarstjórn.

Sþ. 1150. Breytingartillaga [557. mál]

við till. til þál. um byggingu nýrrar áburðarverksmiðju.

Frá Pálma Jónssyni, Páli Péturssyni, Stefáni Guðmundssyni, Þórði Skúlasyni og Jóni Sæmundi Sigurjónssyni.

2. mgr. orðist svo:

Verksmiðjunni verði valinn staður í Húnavatnssýslu, m.a. með vísan til samþykktar ríkisstjórnarinnar frá 28. janúar 1982 um atvinnuþróun á Norðurlandi vestra, en einnig með tilliti til heppilegra flutningaleiða og öryggis að því er tekur til hugsanlegra náttúruhamfara.

Sþ. 1151. Nefndarálit [373. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1988.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Þegar frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1988 var flutt voru kynnt þau meginmarkmið sem þáverandi ríkisstjórn hafði sett sér í fjármálum ríkisins. Þau voru eftirfarandi:

— Að ná jöfnuði í ríkisbúskapnum.
— Minni lánsfjárþörf og engar nýjar erlendar lántökur fyrir A-hluta ríkissjóðs.
— Endurskoðun á tekjuöflunarkerfi ríkisins þannig að skattkerfið yrði einfaldara, skilvirkara og réttlátara.
— Dregið yrði úr sjálfvirkni ríkisútgjalda.
— Ríkisábyrgðum yrði aflétt.

Í samræmi við þessi markmið voru fjárlög afgreidd með rekstrar- og greiðslujöfnuði. Fjárlögunum var síðan lítillega breytt í febrúarmánuði með lögum nr. 10/1988 án þess að meginmarkmiðunum væri raskað.

Það frumvarp til fjáraukalaga, sem hér er til meðferðar, sannar á hinn bóginn að útkoman úr fjármálum ríkisins á árinu 1988 varð á margan hátt fjarri því sem að var stefnt. Þetta á sér m.a. þær skýringar að á árinu störfuðu tvær ríkisstjórnir og tveir fjármálaráðherrar. Ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar lét af störfum en ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar tók við 28. september.

Að sjálfsögðu verður ekki sundurgreint með neinni nákvæmni hvað tilheyrir hvorri ríkisstjórn fyrir sig af því sem úr böndum fór í meðferð ríkisfjármála á árinu. Sumt af því liggur þó býsna ljóst fyrir enda varð mikil stefnubreyting við stjórnarskiptin.

Allt fram í septembermánuð hélt fyrrverandi fjármálaráðherra, Jón Baldvin Hannibalsson, því fram að staða ríkissjóðs hefði að vísu hallast, en þó eigi meira en svo að halli yrði 693 m.kr. Hér verður ekki lagður dómur á hvort þetta var rétt mat. Niðurstaðan varðandi árið í heild varð hins vegar sú að hallinn varð 8.166 m.kr. Hallinn varð því nærri tólffalt meiri en Jón Baldvin Hannibalsson áætlaði fyrir stjórnarskiptin. Beinar aukafjárveitingar urðu fyrstu níu mánuði ársins í tíð Jóns Baldvins 511 m.kr. en síðustu þrjá mánuði ársins í tíð Ólafs Ragnars Grímssonar 2.055 m.kr.

Um leið og markmiðið um jöfnuð í ríkisbúskapnum fór svo hrapallega út um þúfur varð hið sama uppi á teningnum varðandi áformin um lántökur ríkissjóðs og greiðslujöfnuð. Þrátt fyrir markmið um engar nýjar erlendar lántökur voru tekin erlend lán sem námu 4.200 m.kr. og lán A-hluta ríkissjóðs í heild urðu tæplega 9.400 m.kr. Þrátt fyrir allar þessar lántökur varð greiðsluhalli sem nam 4.200 m.kr.

Gífurleg útgjöld úr ríkissjóði umfram heimildir fjárlaga, einkum á síðustu mánuðum ársins eftir að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hafði tekið við, leiddu til þeirrar niðurstöðu sem fyrr er að vikið, að ríkissjóðshallinn varð 8.200 m.kr. Útgjöldin voru hækkuð um liðlega 9.000 m.kr. en tekjurnar hækkuðu á móti um 900 m.kr. Að hluta til má rekja það til samdráttar í efnahagskerfinu að tekjurnar skyldu ekki verða meiri.

Það millifærslu- og sjóðakerfi sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar kom á fót á síðustu mánuðum ársins leiddi auðvitað til þess m.a. að markmiðið um að draga úr ríkisábyrgðum hvarf eins og dögg fyrir sólu. Þess í stað voru ríkisábyrgðir svo stórkostlega auknar. Nú standa ríkisábyrgðir að baki a.m.k. 10 milljörðum kr. sem varið hefur verið til skuldbreytinga og millifærslna á grundvelli þessa kerfis. Þær fjárhæðir gjaldfalla á árunum 1991–92 og verða þá að greiðast, annað tveggja af atvinnufyrirtækjunum eða ábyrgðin fellur á ríkissjóð og veldur því nýjum vanda á þeim árum. Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar velti þannig vandanum þarna, sem víða annars staðar, yfir á herðar framtíðarinnar til þess að það kæmi í hlut annarra að standa undir honum.

Þess er nauðsynlegt að minnast að Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn slitu stjórnarsamstarfinu í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar vegna tillagna sjálfstæðismanna en þær voru í megindráttum tvenns konar:

Í fyrsta lagi að koma atvinnuvegunum á réttan kjöl, m.a. með breytingu á gengi.

Í öðru lagi að mæta verðhækkunaráhrifum gengisbreytingarinnar fyrir almenning í landinu með því að lækka matarskattinn um helming.

Þessar tillögur formanns Sjálfstæðisflokksins réðu úrslitum. Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn rufu stjórnarsamstarfið og mynduðu nýja ríkisstjórn í lok september. Í stað þess að fallast á aðgerðir, sem hefðu veitt undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar nýjan rekstrargrundvöll, hlupu þessir flokkar í faðm Alþýðubandalagsins og mynduðu nýja ríkisstjórn. Sú ríkisstjórn hafðist ekki að í málefnum atvinnuveganna mánuð eftir mánuð, utan þess að taka lán til millifærslna, skuldbreytinga og hlutafjárframlaga og stofna með þeim til ríkisábyrgða sem binda framtíðinni bagga. Samtímis fór óráðsía í fjármálum ríkisins vaxandi svo sem vikið er að hér að framan og frumvarp þetta ber vitni um. Afleiðingarnar hafa verið meiri útgjöld ríkissjóðs og hærri skattar á þjóðina en nokkru sinni hafa áður þekkst.

Alþingi, 29. apríl 1990.

Pálmi Jónsson, frsm. Friðjón Þórðarson. Egill Jónsson.

Sþ. **1152. Svar** [450. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Sverris Sveinssonar um atvinnuþróun á Norðurlandi vestra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað líður úttekt þeirri á atvinnulífi á Norðurlandi vestra sem ríkisstjórnin samþykkti 28. janúar 1982 að fram færi, m.a. í tengslum við verklok Blönduvirkjunar?

Samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 28. janúar 1982, sem vitnað er til, er svohljóðandi:

„Ríkisstjórnin samþykkir að fela Framkvæmdastofnun ríkisins, byggðadeild, að vinna í samvinnu við heimaaðila að úttekt á atvinnulífi á Norðurlandi vestra og móta tillögur um eflingu þess, þar á meðal á sviði iðnaðar. Athugaðir verði hið fyrsta möguleikar atvinnufyrirtækja á svæðinu er eiga hlut að framkvæmdum við virkjun Blöndu og að atvinnulíf verði treyst til að koma í veg fyrir samdrátt á vinnumarkaði á svæðinu þegar virkjunarframkvæmdum lýkur."

Með bréfi dags. 23. febrúar 1982 fól forsætisráðuneytið áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins að gera athugun á mikilsverðustu breytingum sem vænta má af uppbyggingu og vexti orkuframkvæmda í landinu. Skyldi deildin m.a. kanna mannaflaþörf við orkuframkvæmdir og áhrif þeirra við þróun annarra atvinnugreina auk annarra þátta.

Í desember 1982 skilaði Framkvæmdastofnun ríkisins skýrslunni *Mannafli við virkjanaframkvæmdir. Athugun á svæðisbundnum áhrifum við Hrauneyjafoss og Blönduvirkjun.* Í skýrslunni eru dregnar saman ýmsar upplýsingar um mannafla við framkvæmdir við Hrauneyjafossvirkjun og að nokkru leyti Sigölduvirkjun og við þær stuðst í ályktunum og spám um ýmis áhrif Blönduvirkjunar á mannafla í þeim héruðum sem næst virkjunarstað eru.

Beiðni ríkisstjórnarinnar til Framkvæmdastofnunar er nokkuð almennara eðlis en samþykktin frá 28. janúar. Henni var síðan svarað með skýrslu í desember sama ár.

Forsætisráðherra átti 25. júlí 1989 fund með sveitarstjórnarmönnum í Norðurlandskjördæmi vestra og fulltrúa Iðnþróunarfélags Norðurlands. Á fundinn mætti einnig fulltrúi frá Byggðastofnun. Þar var lögð fram skýrsla eða samantekt Byggðastofnunar um áhrif Blönduvirkjunar á vinnumarkaðinn á Norðurlandi vestra. Í niðurlagi þeirrar skýrslu segir svo:

„Eins og fram kemur hér að framan er þess ekki að vænta að sá samdráttur, sem margir óttast í kjölfar virkjanaframkvæmdanna, verði mjög mikill. Hver áhrifin verða á vinnumarkaðinn ræðst hins vegar af miklu leyti af því hvernig að verði verður staðið. Þar má greina tvær leiðir:

Annars vegar geta heimamenn tekið þátt í framkvæmdum á óskipulegan hátt, þ.e. iðnaðarmenn og aðrir segja upp núverandi störfum og ráða sig til starfa við byggingarframkvæmdir. Það gæti leitt til þess að starfandi fyrirtæki mundu eiga við verulega erfiðleika að stríða og geta orðið veikari eftir að framkvæmdum lýkur en áður. Auk þess er óvíst hvort þeir sem ráðast til byggingar virkjunarinnar geti horfið til fyrri starfa ef þessar tímabundnu framkvæmdir verða til þess að starfsemi fyrirtækjanna dregst saman eða leggst niður. Reynslan af þessum verkum gæti því orðið að mjög miklu leyti eftir í fjórðungnum. Hins vegar geta heimamenn tekið þátt í framkvæmdum á skipulegan hátt, þ.e. starfandi fyrirtæki verða þátttakendur í framkvæmdum. Auk þess að halda sínu starfsliði gætu þau eflst bæði af reynslu og búnaði sem nýttust þeim í öðrum verkefnum.

Þótt síðarnefnda leiðin kunni að þykja æskileg frá félagslegu sjónarmiði kunna fjárhagslegir hagsmunir að sníða þeirri leið þröngan stakk. Þannig er mikill framkvæmdahraði grundvöllur þess að þeir fjármunir skili sér fljótt sem í framkvæmdina eru lagðir. Þessi krafa felur í sér þörf á fjölmennu og hæfu starfsliði, góðum tækjakosti, skipulagshæfni og sterkum fjárhagslegum bakhjarli. Búast má við að staðbundinn iðnaður, sem er tiltölulega smár í sniðum, geti ekki mætt þessum kröfum nema að takmörkuðu leyti.

Því verður að gera ráð fyrir að helstu verktakar verði utan svæðisins. Hlutdeild heimamanna getur þó orðið með tvennu móti. Annars vegar sem aðalverktakar í smærri verkeiningum og hins vegar sem undirverktakar eða samstarfsaðilar að öðrum stærri verktökum sem getu hafa til að auka framkvæmdahraða ef þörf krefur. Þannig ætti í framkvæmdum að felast tækifæri til að byggja upp fyrirtæki á staðnum, m.a. hvað varðar tækjabúnað, tæknikunnáttu og þekkingu á sviði stjórnunar. Í þessu skyni mætti veita fyrirtækjum á svæðinu aðstoð, t.d. í formi ráðgjafar til að takast á við þessi verkefni. Jafnframt er brýnt að fyrirtækin hugi að auknu samstarfi með það fyrir augum að standa betur að vígi gagnvart útboðum.

Æskilegt er að viðgerðar- og viðhaldsþjónusta (rafvirkjun, pípulagnir, járnsmíði, málun o.fl.) verði sótt til fyrirtækja á svæðinu eftir því sem kostur er. Rökin fyrir þessu eru m.a. þau að þannig mætti draga úr hlutfallslegri stærð framkvæmdarinnar miðað við aðra atvinnustarfsemi á svæðinu, enda er talið óæskilegt að ein framkvæmd beri hlutfallslega mikla ábyrgð á atvinnuþjónustu í einu byggðarlagi. Annar iðnaður gæti því notið góðs af þessu sambýli ef vel er að verki staðið.

Samkvæmt nýjustu áætlunum er gert ráð fyrir að um 475 manns verði starfandi við virkjunina á árinu 1990. Hugsanlegt er að leita leiða til að efla byggingariðnað á svæðinu árið 1992 þegar framkvæmdum lýkur. Þetta má t.d. gera með því að leggja aukna áherslu á íbúðarbyggingar og e.t.v. flýta öðrum opinberum framkvæmdum um skeið eftir að virkjunarframkvæmdum lýkur ef atvinnulíf að öðru leyti gefur tilefni til."

Á fundi forsætisráðherra með heimaaðilum 25. júlí 1989 kom m.a. fram að fjalla þyrfti vandlega um stöðu atvinnumála á Norðurlandi vestra eins og hún er nú. Á þessum fundi var fastmælum bundið að koma á fót samstarfsnefnd um framgang samþykktarinnar frá 1982 er starfaði að málinu í samvinnu við Byggðastofnun á Akureyri. Samstarfsnefndin hefur nú verið skipuð og eiga í henni sæti fulltrúar frá héraðsnefnd Vestur-Húnvetninga, héraðsnefnd Austur-Húnvetninga, héraðsnefnd Skagfirðinga, Siglufjarðarkaupstað og Iðnþróunarfélagi Norðurlands vestra. Af hálfu samstarfsnefndarinnar hefur þess verið óskað við forsætisráðherra að boðað verði til fundar með nefndinni og alþingismönnum Norðurlandskjördæmis vestra til að fjalla um framkvæmd áðurnefndrar samþykktar. Er ætlunin í samvinnu við Byggðastofnun og heimamenn að verða við þeirri beiðni.

Sþ. 1153. Nefndarálit [373. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1988.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Þegar frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1988 var lagt fram stefndi þáverandi ríkisstjórn að eftirfarandi meginmarkmiðum:

— Að ná jöfnuði í ríkisbúskapnum.
— Að draga úr lánsfjárþörf; engar nýjar erlendar lántökur til A-hluta stofnana.
— Að draga úr sjálfvirkni ríkisútgjalda.
— Að endurskoða tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs.
— Að gera tekjuöflunarkerfið einfaldara, skilvirkara og réttlátara.

Annar minni hl. telur að þessum markmiðum hafi ekki verið náð. Niðurstaða fjáraukalaga fyrir árið 1988 sýnir hækkun á útgjöldum ríkissjóðs frá fjárlögum sem nemur rúmum 9 milljörðum kr. Tekjur hækkuðu um tæpan milljarð umfram áætlun fjárlaga. Halli á ríkissjóði nam 8 milljörðum kr. svo að langt er frá því að jöfnuður hafi náðst. Lánsfjárþörf varð því tæpir 9 milljarðar kr., þar af erlendar lántökur 3,5 milljarðar kr. Ríkisbáknið þandist út sem aldrei fyrr á árinu 1988. Sjálfvirkni ríkisútgjalda óx að sama skapi.

Það sem einkum átti að vera til einföldunar við endurskoðun tekjuöflunarkerfisins var að breikka söluskattsstofninn með innifólgnum hinum illræmda matarskatti. Þessi einföldun varð á kostnað réttlætisins og hefur reynst almennu launafólki þung í skauti. Auk þess hefur hún hefur komið illa niður á einstökum atvinnugreinum. Má þar nefna veitingarekstur og ferðaþjónustu.

Af þessu er ljóst að engin af tilgreindum meginmarkmiðum ríkisstjórnarinnar náðu fram að ganga. Halli ríkissjóðs á árinu varð meiri en dæmi eru um. Augljóst er því að fjármálastjórn þáverandi ríkisstjórna hefur gersamlega brugðist. Ábyrgðina verða þeir að bera sem um stjórnvölinn héldu.

Annar minni hl. getur ekki staðið að afgreiðslu frumvarpsins.

Alþingi, 2. maí 1990.

Málmfríður Sigurðardóttir.

Sþ. 1154. Nefndarálit [385. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990 vegna kjarasamninga í febrúar 1990.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Frumvarpið kom til umræðu í sameinuðu þingi 12. mars sl. og var vísað til nefndarinnar að lokinni þeirri umræðu. Nefndin kallaði til viðræðna fulltrúa frá fjármálaráðuneyti þar sem óskað var sérstaklega eftir upplýsingum frá ráðuneytinu um hvort ákvarðanir hefðu verið teknar um aukin útgjöld umfram fjárlög árið 1990 sem ekki væri gert ráð fyrir í frumvarpinu. Enn fremur var óskað eftir að fjármálaráðuneytið legði fyrir nefndina tillögur um lækkun ríkisútgjalda á árinu 1990 samkvæmt heimildaliðum 6.15 og 6.20 í 6. gr. fjárlaga. Að lokum var óskað eftir að gerð yrði grein fyrir áhrifum breyttra verðlagsforsendna eftir kjarasamninga á ríkisfjármál árið 1990. Þá komu á fund nefndarinnar forstjóri Þjóðhagsstofnunar ásamt starfsmönnum hennar og gerðu þeir grein fyrir breyttum þjóðhagshorfum í kjölfar kjarasamninganna frá því í febrúar sl. Nefndin óskaði eftir því að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti legði fram sundurliðun á tillögum um lækkun stofnframlaga til sjúkrahúsa og læknisbústaða. Þá var óskað eftir því við samgönguráðuneytið og Hafnamálastofnun að þau veittu upplýsingar um tillögur sínar um lækkun framkvæmdaframlaga vegna hafnamála.

Fjárveitinganefnd bárust umbeðnar upplýsingar og í framhaldi af því tók meiri hluti fjárveitinganefndar ákvörðun um að leggja til að veitt yrði 25 milljóna króna framlag til endurgreiðslu gjalda í landbúnaði vegna niðurgreiðslu fóðurs í loðdýrarækt, en vegna mistaka var ekki gert ráð fyrir þessu framlagi í fjárlögum ársins 1990. Til viðbótar þessu framlagi til loðdýraræktar hefur ríkisstjórnin samþykkt að verja 12 milljónum króna á árinu 1990 af fjárlagaliðnum óskiptum til ráðstöfunar fyrir ríkisstjórnina. Þá verða rekstrarframlög til Ríkisspítala hækkuð um 147 milljónir króna þar sem í ljós hefur komið að rekstrarumfang Ríkisspítala var vanmetið við fjárlagagerð 1990. Nefndin fjallaði um nokkur óvissumál sem gætu komið til útgjalda hjá ríkissjóði umfram það sem nefnt er hér að framan. Þar er fyrst að telja tjónakostnað vegna náttúruhamfara á Suðurlandi í byrjun þessa árs. Ríkisstjórnin hefur tekið ákvörðun um að efna til útboðs vegna framkvæmda í tengslum við náttúruhamfarirnar sem auglýst hefur verið. Endanleg tilboð liggja ekki fyrir þannig að ekki er vitað hversu hár þessi kostnaður verður, en viðlagatrygging kemur m.a. til með að bera hluta kostnaðarins. Þá er til ráðstöfunar nokkur fjárhæð á fjárlögum þessa árs vegna sjóvarnargarða sem ráðstafa má

til þessa verkefnis. Það sem á vantar hefur ríkisstjórnin lýst yfir að hún muni mæta með ráðstöfunum á framlögum undir liðnum óskipt vegna tjónabóta í fjárlögum og verði um frekari fjárþörf að ræða mun ríkisstjórnin leggja til við afgreiðslu fjáraukalaga í haust að henni verði þá sinnt.

Við afgreiðslu fjáraukalaga nr. 111/1989, sem var til afgreiðslu á Alþingi í desembermánuði sl., kom fram að rekstrarafkoma Flugmálastjórnar var verulega slæm og fjárvöntun umtalsverð. Í framhaldi af þeim viðræðum sem fjárveitinganefnd átti við samgönguráðuneytið og Flugmálastjórn um þetta mál var ákveðið að ráðuneytið, Fjárlaga- og hagsýslustofnun, ásamt starfsmönnum Flugmálastjórnar, mynduðu vinnuhóp til að gera tillögur um lausn á þeim rekstrarvanda sem er hjá Flugmálastjórn. Fjárveitinganefnd kallaði eftir niðurstöðu vinnuhópsins, en starf vinnuhópsins hefur orðið nokkru tímafrekara en gert var ráð fyrir og liggja ekki fyrir niðurstöður af þeirri vinnu nú, en vinnuhópurinn mun skila niðurstöðum á næstu vikum. Af þessum sökum verður frekari ákvörðun um þetta mál að bíða til fjáraukalaga á komandi hausti.

Til afgreiðslu á Alþingi er tillaga til þingsályktunar um að flýta framkvæmdum við jarðgöng á Vestfjörðum. Í þingsályktunartillögu er gert ráð fyrir að framkvæmdir við jarðgangagerð á Vestfjörðum geti hafist á árinu 1991. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að hraða öllum undirbúningi verksins á árinu 1990 og til þess þarf að verja allt að 47 milljónum króna sem teknar yrðu að láni og leitað eftir lántökuheimild við afgreiðslu fjáraukalaga fyrir árið 1990 á komandi hausti. Meiri hl. fjárveitinganefndar gerir hins vegar tillögur um breytingar á þingsályktunum um vegáætlun þar sem gert er ráð fyrir þessum tilkostnaði á árinu 1990 sem er samfara breyttum verkhraða við jarðgangagerð á Vestfjörðum.

Á þingskjali 1167 er gerð grein fyrir þeim framlögum sem nú er gert ráð fyrir að verja til byggingar sjúkrahúsa og læknisbústaða og til hafnarmannvirkja en meiri hl. samþykkir tillögur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, samgönguráðuneytis og Hafnamálastofnunar óbreyttar um lækkun þeirra framlaga.

Fjármálaráðuneytið lagði fyrir nefndina tilögur sínar um lækkun ríkisútgjalda samkvæmt heimildum í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1990, liður 6.15 og 6.20. Tillögur um lækkun eru að fjárhæð 160 milljónir króna en í fjárlögum 1990 er gert ráð fyrir allt að 300 milljóna króna niðurskurði. Fjárveitinganefnd gafst ekki tími til að afgreiða tillögur fjármálaráðuneytis nú en mun taka málið til afgreiðslu síðar.

Að lokum leggur meiri hl. nefndarinnar til að fyrirsögn frumvarpsins verði breytt og það verði nefnt „Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1990“ þar sem frumvarpið fjallar um fleiri atriði en tengjast beint kjarasamningum frá því í febrúar sl.

Á fylgiskjali er greinargerð hagdeildar fjármálaráðuneytis um verðlagshorfur 1990 í kjölfar kjarasamninganna og áhrif þeirra á fjárlagaforsendur launa- og verðlagsmælikvarða.

Nánari grein verður gerð fyrir breytingum tillagna meiri hl. fjárveitinganefndar í framsögu, en meiri hl. fjárveitinganefndar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fyrir koma á þingskjali 1167.

Alþingi, 2. maí 1990.

Sighvatur Björgvinsson, form., frsm. | Margrét Frímannsdóttir, fundaskr. | Alexander Stefánsson.

Ólafur Þ. Þórðarson. | Ásgeir Hannes Eiríksson.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneytið, hagdeild:

Verðlagshorfur í kjölfar kjarasamninganna.
(Vinnuskjal 19. mars 1990.)

Nýgerðir kjarasamningar breyta nokkuð verðlags- og launaforsendum fjárlaga fyrir árið 1990. Þannig var við afgreiðslu fjárlaga miðað við að verðlag hækkaði um 16–17% að meðaltali milli áranna 1989 og 1990, verð á erlendum gjaldeyri um 13% og laun um 11%. Forsendur kjarasamninganna fela í sér um 2% minni verðlags- og launabreytingar en fjárlög gerðu ráð fyrir.

Samkvæmt áætlunum fjármálaráðuneytisins hækkar vísitala framfærslukostnaðar um 15% að meðaltali á þessu ári. Hækkunin innan ársins er mun minni eða um 7,5%. Þessi spá er byggð á sömu meginforsendum og nýgerðir kjarasamningar. Að öllu forfallalausu má því gera ráð fyrir að árshraði verðbólgunnar miðað við þriggja mánaða breytingar verði kominn niður fyrir 10% um mitt þetta ár og jafnvel niður í 5–6% í árslok.

Eins og þessar tölur bera með sér eru frávikin frá fjárlagaforsendum svipuð bæði á launa- og verðlagsmælikvarða, en í því felst að kaupmáttarþróun er svipuð og reiknað var með í fjárlögum.

Kaupmáttur dagvinnulauna mun samkvæmt þessari spá minnka um 2% frá upphafi til loka þessa árs eða um 0,5% minna en fjárlög gerðu ráð fyrir. Á fjárlögum var gengið út frá 5,5% kaupmáttarrýrnun að meðaltali milli áranna 1989 og 1990. Nýgerðir kjarasamningar breyta engu um þessa forsendu, enda er þessi kaupmáttarrýrnun að mestu komin fram nú þegar þannig að kaupmátturinn ætti samkvæmt spánni að haldast óbreyttur út árið.

Samkvæmt þessari spá mun verðlags- og launaþróun að mestu haldast innan viðmiðunarmarka kjarasamninganna. Lækkun nafnvaxta kann að leiða til minni verðhækkunar en hér er spáð. Á móti vegur að það kann að taka nokkurn tíma að útrýma öllum fylgifiskum þrálátrar verðbólgu sem legið hefur á bilinu 20–30% í langan tíma. Þess vegna er ekki útilokað að það komi fram einhver verðhækkunartilefni á næstu mánuðum sem ekki er beinlínis gert ráð fyrir í spánni.

Frávik verðlags og launa frá forsendum fjárlaga 1990.

	Forsendur fjárlaga %	Endurskoðaðar forsendur %	Mismunur %
1. Vísitala framfærslukostnaðar			
Meðalhækkun	16,5–17,0	15,0	-2,0
Frá upphafi til loka árs	10,5	7,5	-2,5
2. Innflutningsgengi			
Meðalhækkun	13,0	12,5	-0,5
Frá upphafi til loka árs	6,0	0,0	-6,0
3. Dagvinnulaun			
Meðalhækkun	11,0	8,5	-2,0
Frá upphafi til loka árs	7,5	5,5	-2,0
4. Kaupmáttur dagvinnulauna			
Meðalhækkun	-5,5	-5,5	0,0
Frá upphafi til loka árs	-2,5	-2,0	+0,5

Sþ. 1155. Nefndarálit [268. mál]

um till. til þál. um flugmálaáætlun árin 1990–1993.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur haft tillöguna til meðferðar síðan 22. janúar er fyrri umræða fór fram um hana í sameinuðu þingi. Hér er um að ræða endurskoðaða flugmálaáætlun fyrir árin 1990–1993 skv. 1. gr. laga nr. 31/1987. Nefndin hefur fjallað um málið á fundum sínum og kvaddi til fundar við sig fulltrúa samgönguráðuneytis, flugmálastjóra og starfsmenn hans. Þá var haft samráð við þingmannahópa kjördæmanna um meðferð málsins.

Í kjölfar nýgerðra kjarasamninga frá því í febrúarmánuði sl. hafa verðlagsforsendur þær, sem fram koma í tillögunni, breyst. Af þeim sökum var nauðsynlegt að kalla eftir endurreikningi bæði tekna og gjaldaáætlunar flugmálaáætlunar. Því til viðbótar er gert ráð fyrir í frumvarpi til fjáraukalaga vegna kjarasamninga í febrúar 1990 að til komi lækkun útgjalda við rekstur Flugmálastjórnar um tæpar 20 milljónir króna.

Við afgreiðslu fjáraukalaga, nr. 111/1989, sem var til afgreiðslu á Alþingi í desembermánuði sl. kom fram að rekstrarafkoma Flugmálastjórnar var verulega slæm og fjárvöntun umtalsverð. Í framhaldi af þeim viðræðum, sem fjárveitinganefnd átti við samgönguráðuneytið og Flugmálastjórn um þetta mál, var ákveðið að ráðuneytið, Fjárlaga- og hagsýslustofnun, ásamt starfsmönnum Flugmálastjórnar mynduðu vinnuhóp til að gera tillögu um lausn á þeim rekstrarvanda sem er hjá Flugmálastjórn. Fjárveitinganefnd kallaði eftir niðurstöðu vinnuhópsins, en starf hans hefur orðið nokkuð tímafrekara en gert var ráð fyrir og liggja ekki fyrir niðurstöður af þeirri vinnu nú. Hins vegar er gert ráð fyrir að vinnuhópurinn skili tillögum sínum um lausn á rekstrarvanda Flugmálastjórnar á næstunni. Af þeim sökum er ekki hægt að taka afstöðu til þeirra mála nú við afgreiðslu flugmálaáætlunar. Við meðferð málsins í nefndinni kom fram að ekki væri óeðlilegt að af framkvæmdafé Flugmálastjórnar væri gert ráð fyrir kostnaði Flugmálastjórnar við yfirstjórn og undirbúningsframkvæmdir. Þannig er nú gert ráð fyrir að af framkvæmdafé gangi 14 milljónir króna til að mæta rekstrargjöldum Flugmálastjórnar á árinu 1990 til verklegra framkvæmda.

Nefndinni barst endurskoðuð flugmálaáætlun frá stjórnvöldum með breyttum verðlagsforsendum, en endurskoðunin hefur í för með sér að tekjur Flugmálastjórnar lækka um 82 milljónir króna á árinu 1990. Að teknu tilliti til lækkunar tekna var útgjaldaáætlun breytt í samræmi við það. Tillögur þessar voru sendar þingmannahópum kjördæmanna og tók fjárveitinganefnd tillit til óska þingmanna kjördæmanna um skiptingu framkvæmdafjár til einstakra verkefna að því gefnu að þær hefðu ekki áhrif á heildarframlög til einstakra kjördæma.

Auk þeirra breytinga, sem nefndin samþykkti frá þingmannahópum um skiptingu framkvæmdafjár innan kjördæma, bárust nefndinni eftirtaldar beiðnir frá einstökum þingmannahópum.

1. Frá þingmönnum Vesturlands um að ráðstafa nokkurri fjárhæð af óskiptu fé á árinu 1991 til framlengingar flugbrautar á Rifi á Snæfellsnesi.
2. Frá þingmönnum Norðurlands vestra um lagningu malbiks á Sauðárkróksflugvöll á árinu 1992 (sjá fylgiskjal I).
3. Frá þingmönnum Austurlands um byggingu þverbrautar við flugvöllinn á Hornafirði (sjá fylgiskjal II).

Nefndin samþykkti að vísa þessum málum til flugráðs og Flugmálastjórnar til umsagnar og meðferðar, m.a. við næstu endurskoðun flugmálaáætlunar þar sem það á við. Þá komu fram óskir í fjárveitinganefnd um að flugráð gerði áætlun um að unnið yrði að klæðningu

flugbrautar á innanlansflugvöllum þar sem áætlunarflug er með Fokker-flugvélum og tekið yrði tillit til þeirra óska við næstu endurskoðun flugmálaáætlunar.

Nánari grein verði gerð fyrir breytingartillögum fjárveitinganefndar í framsögu, en nefndin leggur til að tillögurnar verði samþykktar með þeim breytingum sem fram koma á þingskjali 1175.

Alþingi, 2. maí 1990.

Sighvatur Björgvinsson, form., frsm.	Margrét Frímannsdóttir, fundaskr.	Alexander Stefánsson.
Pálmi Jónsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Ásgeir Hannes Eiríksson.
Egill Jónsson.	Friðjón Þórðarson.	Málmfríður Sigurðardóttir.

Fylgiskjal I.

Til fjárveitinganefndar frá alþingismönnum í Norðurlandskjördæmi vestra.
(26. apríl 1990.)

Við undirritaðir alþingismenn í Norðurlandskjördæmi vestra höfum ákveðið að beita okkur fyrir því að lagning malbiks á Sauðárkróksflugvöll verði framkvæmd á árinu 1992.

Við minnum á að komið hefur fram að unnt mun vera að semja við Króksverk hf. um að framkvæma verkið og að lána hluta af kostnaðinum. Við teljum eðlilegt að verja til verkefnisins hluta af þeirri upphæð sem er óskipt á flugmálaáætlun ásamt með sérstöku framlagi úr ríkissjóði.

Þetta viljum við kunngjöra háttvirtri fjárveitinganefnd.

Virðingarfyllst,
Páll Pétursson,
Pálmi Jónsson,
Stefán Guðmundsson,
Ragnar Arnalds,
Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Fylgiskjal II.

Til flugráðs frá alþingismönnum Austurlandskjördæmis.
(30. apríl 1990.)

Efni: Bygging þverbrautar við Árnanesflugvöll, Hornafirði.

Samkvæmt flugmálaáætlun fyrir árin 1990–1993 er gert ráð fyrir að bygging þverbrautar við flugvöllinn í Hornafirði hefjist árið 1991.

Alþingismenn Austurlandskjördæmis leggja á það áherslu að þessum framkvæmdum verði lokið sem fyrst og munu beita sér fyrir nauðsynlegum fjárveitingum til þessa verkefnis við endurskoðun flugmálaáætlunar 1992 með það í huga að framkvæmdum ljúki það ár.

Jafnframt munu alþingismenn Austurlandskjördæmis beita sér fyrir því að á árinu 1992 verði lokið við tækjageymslu og tækjakaup sem fresta varð vegna byrjunarframkvæmda við flugbrautina.

Virðingarfyllst,
Halldór Ásgrímsson,
Egill Jónsson,
Kristinn Pétursson,
Jón Kristjánsson,
Hjörleifur Guttormsson.

Nd. 1156. Nefndarálit [403. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 29. maí 1981, um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess með þeim breytingum sem gerðar voru á því í meðförum efri deildar.

Ragnar Arnalds var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. maí 1990.

Alexander Stefánsson, form., frsm.	Guðni Ágústsson, fundaskr.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Eggert Haukdal.	Pálmi Jónsson.	Ingi Björn Albertsson.

Sþ. 1157. Nefndarálit [166. mál]

um till. til þál. um skólamáltíðir.

Frá félagsmálanefnd.

Tillagan gerir ráð fyrir að ríkisstjórninni verði falið að undirbúa og leggja fram lagafrumvarp sem tryggi að komið verði á máltíðum í hádegi í grunnskólum landsins haustið 1990.

Nefndinni bárust umsagnir um tillöguna frá fræðslustjórum á Austurlandi, í Reykjavík, á Suðurlandi, Vesturlandi, Skólaskrifstofu Reykjavíkur, SAMFOK - Samtökum foreldra- og kennarafélaga í Reykjavík og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Fimm umsagnaraðilar taka undir efni tillögunnar og telja hana tímabæra, en tveir af umsagnaraðilum, stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skólaskrifstofa Reykjavíkur vísa til þess að málið heyri nú undir sveitarfélögin eftir nýgerða breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Stjórn SAMFOKS segir m.a. í sinni umsögn: „Við erum sammála flutningsmönnum tillögunnar um að vegna breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu sé þörf á því að börn geti fengið næringarríkan mat í skólum. Við leggjum eindregið til að tekið verði upp sambærilegt fyrirkomulag og nú er í Kópavogi, þ.e. að hið opinbera greiði sem samsvarar launum fyrir einn starfsmann (matmóður) á hvern skóla og 25% af hráefniskostnaði, auk stofnkostnaðar á

hverjum stað sem þyrfti ekki að vera mikill miðað við reynsluna í Kópavogi. Við viljum leggja áherslu á að við teljum heitar máltíðir ekki koma til greina.“ Lætur SAMFOK fylgja með álitsgerð frá dr. Öldu Möller matvælafræðingi frá liðnum vetri.

Fræðslustjórinn á Austurlandi, sem telur tillöguna tímabæra, tekur þó fram að í hans umdæmi sé „að öllum líkindum ekki grundvöllur fyrir skólamáltíðir umfram það sem nú er. Í umdæminu eru 28 grunnskólar. Heimavistarskólar eru fimm og heimanaksturssskólar (daglegur akstur) tólf. Allir nemendur í daglegum akstri fá hádegismáltíð í skóla sínum. Aðrir skólar, ellefu talsins, eru í þéttbýli. Fólk fer nánast undantekningarlaust heim í hádeginu og skólinn gefur þar með matarhlé á sama tíma. Því hefur engin ósk komið fram um skólamáltíðir í þessum skólum og margir telja slíkt ekki vera á dagskrá.“

Félagsmálanefnd telur ekki rétt að hlutast til um það með lögum að sveitarfélögin tryggi hádegismat í grunnskólum eins og tillagan gerir ráð fyrir. Hins vegar er hér um að ræða nauðsynjamál sem lengi hefur verið á dagskrá og er jafnbrýnt hvort sem ríki eða sveitarfélög standa að rekstri skóla. Því telur nefndin eðlilegt að ríkið eigi um það viðræður við sveitarfélögin og Samband íslenskra sveitarfélaga fyrir þeirra hönd hvernig koma megi sem fyrst á skólamáltíðum þar sem þörf er fyrir hendi. Með vísan til þess leggur nefndin til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 30. apríl 1990.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir, fundaskr.	Birgir Ísl. Gunnarsson.
Alexander Stefánsson.	Guðni Ágústsson.	Kristinn Pétursson.
	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	

Sþ. 1158. Nefndarálit [142. mál]

um till. til þál. um endurskoðun á útreikningi þjóðhagsstærða.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og sendi hana til umsagnar nokkurra aðila. Svör bárust frá Hagstofu Íslands, Náttúruverndarráði, viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands og Þjóðhagsstofnun. Verður hér getið nokkurra atriða úr umsögnunum.

Náttúruverndarráð fagnar hugmyndum um grunn að nýju þjóðarauðsmati og gagnaöflun um ástand og nýtingu auðlinda á hverjum tíma. Telur ráðið löngu tímabært að afla slíkrar vitneskju „enda er hún grundvöllur skynsamlegrar nýtingar auðlinda landsins“.

Viðskipta- og hagfræðideild segir í umsögn sinni: „Nú er unnið að því á vegum Sameinuðu þjóðanna og nokkurra einstakra aðildarlanda að endurskoða þjóðhagsreikningagerð í því skyni að taka tillit til áhrifa umhverfismengunar og eyðingar náttúruauðlinda. Hagfræðingar hafa haldið því fram um margra ára skeið að slík endurskoðun væri nauðsynleg. Þörfin er sérstaklega brýn hér á landi þar eð fiskveiðar eru snar þáttur í þjóðarbúskap Íslendinga.“

Bæði Hagstofan og Þjóðhagsstofnun benda á að þótt margt megi finna að þeim aðferðum, sem nú er beitt við útreikinga á þjóðhagsstærðum, sé þar um alþjóðlega og samræmda hagsýslugerð að ræða. „Ljóst er og viðurkennt, ekki síst af hagfræðingum, að þær eru takmarkaðar og að ýmsu leyti ófullnægjandi,“ segir hagstofustjóri. Í umsögnum beggja koma fram ábendingar um takmarkanir núverandi reikningsaðferða en einnig um gagnsemi

þeirra. Þjóðhagsreikningakerfi Sameinuðu þjóðanna sé nú í endurskoðun, en ekki séu horfur á að við þá endurskoðun verði tekið sérstakt tillit til þeirra sjónarmiða sem fjallað er um í greinargerð með tillögunni og varða áhrif framleiðslustarfsemi á umhverfi og náttúrulegar auðlindir.

Hagstofan og Þjóðhagsstofnun eru hins vegar sammála um að með tillögunni sé hreyft þörfu máli.

Í umsögn Þjóðhagsstofnunar segir svo: „Af því sem hér hefur verið rakið má ljóst vera að í tillögunni um endurskoðun á útreikningi þjóðhagsstærða er hreyft hinu merkasta máli. Hins vegar er hér ekki um að ræða sérislenskt fyrirbæri. Vandamálið er þekkt víða um heim og ýmsar rannsóknir og tillögur í gangi. Að því marki, sem Þjóðhagsstofnun þekkir til þessa máls erlendis, virðist þróunin fremur vera í þá átt að tilraunir eru gerðar til þess að byggja upp sjálfstæð reiknikerfi til hliðar við hina hefðbundnu uppsetningu þjóðhagsreikninga. Enn sem komið er hafa þessar aðferðir ekki leitt til endurskoðunar á útreikningi þjóðhagsstærða eins og lagt er til í tillögunni. Í þessu sambandi má raunar geta þess að Sameinuðu þjóðirnar ásamt OECD vinna nú að lokaundirbúningi við endurskoðun á hinu alþjóðlega þjóðhagsreikningakerfi og er áformað að hið nýja reikningakerfi verði fullmótað á næsta ári. Þar er ekki gert ráð fyrir neinum stórvægilegum breytingum í þá átt sem þessi tillaga fjallar um. Engu að síður er full ástæða til þess að Íslendingar fylgist vel með því sem aðrar þjóðir eru að fást við á þessu sviði og hagnýti sér niðurstöður þeirra eftir því sem ástæða þykir til og aðstæður leyfa. Hins vegar hlýtur það jafnan að vera mikið álitamál hvort Íslendingar eigi sjálfir að leggja út í sjálfstæðar rannsóknir á þessu sviði eða fremur að hagnýta sér reynslu annarra þjóða."

Í umsögn Hagstofunnar kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Sterklega skal undir það tekið með flutningsmönnum að brýnt sé að efla skýrslugerð um umhverfisþætti sem mest. Í nokkrum nágrannaríkjum, ekki síst Noregi, Finnlandi og Svíþjóð, hefur mikið kapp verið lagt á þetta síðustu árin. Íslendingar hafa ekki bolmagn til að stunda í verulegum mæli eigin rannsóknir á þessu sviði. Brýnt er því að þeim stofnunum, sem fást við hagmælingar og hagskýrslugerð, sé gert kleift og þær hvattar til að fylgjast vel með í þessum efnum. Loks er óhjákvæmilegt að hagskýrslugerð um umhverfismál og auðlindanýtingu verði skipulögð hér á landi sem allra fyrst. Þess má geta að Hagstofan hefur tekið nokkurn þátt í alþjóðasamstarfi á þessu sviði en henni hefur ekki verið kleift enn sem komið er að takast á hendur eigin skýrslugerð um þetta efni. Á því er þó áhugi á Hagstofunni og að því stefnt eftir því sem geta hennar leyfir.

Niðurstaða þess sem hér hefur verið sagt er sú að Hagstofan sé meðmælt því meginatriði sem hún álítur að felist í þingsályktunartillögunni, þ.e. að nauðsynlegt sé að efla mælingar á og skýrslugerð um umhverfisþætti og auðlindanýtingu til þess að unnt sé að taka tillit til þeirra atriða við mat á efnahags- og þjóðfélagsþróun og við stjórn þjóðarbúskaparins. Jafnframt sé nauðsynlegt að fylgjast sem best með þeim rannsóknum sem um getur í tillögunni og þeim tilraunum sem Norðmenn og aðrar þjóðir eru að gera til mælinga á þessum þáttum. Þessi mál eru þó ekki svo langt komin að efni standi til að tímabært sé að breyta þjóðhagsreikningagerð hér á landi. Ekki er heldur raunhæft að Íslendingar greini sig frá öðrum í þessu efni og taki upp aðrar aðferðir við mælingar og framsetningu þjóðhagsreikninga en tíðkast á alþjóðavettvangi. Fremur en að ályktað væri um endurskoðun grundvallar fyrir útreikning þjóðhagsstærða telur Hagstofan því vænlegra til árangurs að ályktað væri um skipulagningu reglubundinna mælinga og skýrslugerðar um umhverfismál og auðlindanýtingu."

Í greinargerð með tillögunni benda flutningsmenn á að í þeim aðferðum, sem mest er byggt á við ákvarðanir í efnahagsmálum hér á landi sem annars staðar, er ekki tekið tillit til þeirra hættumerkja sem hrannast upp vegna spillingar á umhverfi og eyðingar náttúrulegra auðlinda. Bent er á viðleitni nokkurra þjóða, t.d. Norðmanna, sem leitast hafa við að meta umhverfisþætti inn í þjóðhagsreikninga og koma á nýju þjóðarauðsmati. Fram kemur einnig í

greinargerð að flutningsmenn gera sér grein fyrir að „þetta getur verið ýmsum erfiðleikum háð, en þeim mun brýnna er að byrja að þróa aðferðir sem skilað geta árangri“.

Félagsmálanefnd tekur undir ofangreind sjónarmið og telur mikilsvert að hagstofnunum og rannsóknastofnunum hér á landi verði gert kleift að fylgjast með á þessu sviði og þróa aðferðir sem komið geta að gagni við umrætt endurmat á útreikningi þjóðhagsstærða. Í umsögnum kemur fram að nauðsynlegt sé í þessu skyni að skipuleggja hagskýrslugerð um umhverfismál og auðlindanýtingu og efla rannsóknir og mælingar á umhverfisþáttum og nýtingu auðlinda. Jafnframt þurfi Íslendingar að nýta sér það sem aðrar þjóðir eru að fást við á þessu sviði.

Með vísan til þessa flytur nefndin breytingartillögu við málið á sérstöku þingskjali og mælir með samþykkt tillögunnar þannig breyttrar.

Alþingi, 30. apríl 1990.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir, fundaskr.	Birgir Ísl. Gunnarsson.
Alexander Stefánsson.	Guðni Ágústsson.	Kristinn Pétursson.

Anna Ólafsdóttir Björnsson.

Sþ. 1159. Breytingartillögur [142. mál]

við till. til þál. um endurskoðun á útreikningi þjóðhagsstærða.

Frá félagsmálanefnd.

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna aðferðir við útreikning þjóðhagsstærða þar sem tekið sé tillit til áhrifa framleiðslustarfsemi á umhverfi og náttúrulegar auðlindir. Í þessu skyni verði komið skipulagi á hagskýrslugerð um umhverfismál og nýtingu auðlinda og fylgst með því sem er að gerast erlendis á þessu sviði.
2. Fyrirsögn till. verði: Till. til þál um nýjar aðferðir við útreikning þjóðhagsstærða.

Sþ. 1160. Nefndarálit [63. mál]

um till. til þál. um réttindi og skyldur á vinnumarkaði.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna á mörgum fundum og fékk um hana umsögn frá eftirtöldum: Alþýðusambandi Íslands og Menningar- og fræðslusambandi alþýðu, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Blaðamannafélagi Íslands, Félagi starfsfólks í veitingahúsum, kjararannsóknarnefnd, Vinnueftirliti ríkisins og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Þá fékk nefndin á sinn fund vegna málsins Harald Finnsson, verkefnisstjóra starfsfræðsluverkefnis menntamálaráðuneytisins, og Snorra S. Konráðsson, skólastjóra Félagsmálaskóla alþýðu.

ASÍ og MFA styðja þá hugmynd að Alþingi álykti um sérstakt átak til að kynna fólki á vinnumarkaði réttindi þess og skyldur og að skipuð verði sérstök nefnd til að fylgja því átaki eftir. Hins vegar benda þau á að VSÍ hafi skipað nefnd til að fjalla um ráðningar fólks á svokölluðum verktakasamningum. Á því vandamáli verði að taka og ekki megi tengja það sérstöku átaki til að kynna fólki á vinnumarkaði réttindi þess og skyldur.

BSRB tekur undir nauðsyn þess að kynna almenningi réttindi og skyldur á vinnumarkaði en telur ástæðu til að skoða mál er varða réttindi svonefndra verktaka í öðru samhengi.

Vinnuveitendasambandið mælir gegn samþykkt tillögunnar og tekur m.a. fram eftirfarandi: „Umfangsmikil fræðsla um réttindi og skyldur launþega á sér stað innan vébanda verkalýðshreyfingarinnar með styrk af ríkisfé. Má í því sambandi benda á stofnun Félagsmálaskóla alþýðu. Þá skipaði menntamálaráðherra á síðastliðnu hausti nefnd til að fjalla um starfsfræðslu í skólum og samvinnu við atvinnulífið þar um, en nefndarskipunin er liður í fimm ára átaki ráðuneytisins til eflingar námsráðgjafar og starfsfræðslu í skólum. Verkefni nefndarinnar er m.a. að gera tillögur um heildarstefnu um starfsfræðslu í skólum og hvernig samstarfi skóla og atvinnulífs um þessi mál skuli háttað og þá væntanlega einnig hvort, og þá hvernig, tekið verður á fræðslu um réttindi og skyldur launþega. Verður því með engu móti séð að þörf sé sérstaks átaks í þessum málum."

Haraldur Finnsson, verkefnisstjóri starfsfræðsluverkefnis menntamálaráðuneytisins, en í því eiga sæti 11 manns, staðfesti það sem fram kom í umsögn VSÍ um verkefni nefndarinnar sem er nú að móta stefnu í verkefni sínu, m.a. námsráðgjöf og námsefni, og gæti efni þingsályktunartillögunnar fallið vel að fyrirhuguðu átaki. Þá var haft samband við formann starfsfræðslunefndar, Gerði G. Óskarsdóttur, ráðgjafa menntamálaráðherra í skóla- og uppeldismálum, og tók hún í sama streng. Skipun nefndarinnar er liður í fimm ára átaki menntamálaráðuneytisins til eflingar námsráðgjafar og starfsfræðslu í skólum.

Snorri S. Konráðsson skólastjóri sagði Félagsmálaskóla alþýðu reiðubúinn að vinna með fræðsluyfirvöldum að þessum málum, en á vegum skólans og MFA hefur verið efnt til starfsfræðsludaga í skólum í vetur í tilraunaskyni.

Blaðamannafélag Íslands og Félag starfsfólks í veitingahúsum taka undir efni tillögunnar. Blaðamannafélagið segir óhætt að fullyrða „að réttarstaða verktaka er mjög báborin og hefur verið sýnt fram á að laun slíkra aðila þurfi að vera minnst 40–50% hærri en launamanns í sambærilegu starfi, eigi þeir að standa jafnir að vígi".

Varðandi málefni verktaka segir VSÍ m.a. í umsögn sinni að aðilar vinnumarkaðarins hafi í bókun með nýgerðum kjarasamningi „lýst því yfir að þeir muni á samningstímanum vinna að því að setja skýrar reglur og skilgreiningar á stöðu launþega annars vegar og verktaka og atvinnurekenda hins vegar. Af hálfu vinnuveitenda er þessi vinna þegar hafin þar sem samin hefur verið greinargerð um þessi efni."

Félagsmálnefnd telur að með flutningi tillögunnar sé hreyft við þörfu máli sem nauðsynlegt er að sinnt verði betur en hingað til hefur verið gert. Hins vegar er ljóst af ofangreindu að á vegum aðila vinnumarkaðarins og Félagsmálaskóla alþýðu er hafin vinna að þeim málum sem fjallað er um í tillögunni. Þá er starfandi svokölluð starfsfræðslunefnd á vegum menntamálaráðuneytisins sem vinnur að tillögum um námsráðgjöf og starfsfræðslu. Formaður nefndarinnar og starfsmaður telja að umfjöllun um fræðslu fyrir nemendur í grunnskóla og framhaldsskóla um réttindi og skyldur á vinnumarkaði geti vel fallið að öðrum verkefnum nefndarinnar og telur félagsmálanefnd æskilegt að á því máli verði tekið. Með vísan til þessa og í trausti þess að vel verði staðið að framkvæmd aðgerða til að kynna fólki réttindi þess og skyldur á vinnumarkaði leggur nefndin til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 30. apríl 1990.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir, fundaskr.	Birgir Ísl. Gunnarsson.
Alexander Stefánsson.	Guðni Ágústsson.	Kristinn Pétursson.
	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	

Sþ. 1161. Nefndarálit [226. mál]

um till. til þál. um nám og námsefni fyrir fatlað fólk í heimavistarskóla.

Frá félagsmálanefnd.

Tillagan gerir ráð fyrir að ríkisstjórnin kanni hvernig nýta megi aðstöðu í héraðs- eða heimavistarskólum í þágu fatlaðra til náms að loknum grunnskóla.

Nefndin fékk umsagnir um tillöguna frá svæðisstjórnum fatlaðra á Austurlandi, Norðurlandi vestra, Reykjanesumdæmi, Reykjavík og Vestfjörðum, svo og frá fræðslustjórum á Austurlandi, Reykjavík, Suðurlandi og Vesturlandi.

Umsagnaraðilar telja efni tillögunnar áhugavert nema svæðisstjórn málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra sem segir í umsögn sinni m.a.: „Með tilkomu nýrra framhaldsskólalaga, þar sem gert er ráð fyrir að fatlaðir stundi nám í framhaldsskólum við hlið ófatlaðra, verður að reikna með að það sé það form sem fatlaðir vilja nýta sér. Nú er það svo að um 25 framhaldsskólar opnast fötluðum með þessum lögum. Í hverjum landshluta er starfræktur einn eða fleiri framhaldsskólar. Hlutverk þeirra verður samkvæmt nýju lögunum að koma upp námstilboðum fyrir fatlaða hvort sem það verður með algjörri blöndun eða í sérdeildum. Menntamálaráðherra skipaði á síðasta ári starfshóp sem vinnur að því að skipuleggja námsbraut þroskaheftra við Fjölbrautaskólann á Norðurlandi vestra. Allt bendir til þess að námsbraut þessi verði með svipuðu sniði og gert er ráð fyrir í greinargerð með þingsályktunartillögu um nám og námsefni fyrir fatlað fólk í heimavistarskólum. Það er því álit svæðisstjórnar að ekki eigi að leita eftir að nýta heimavistarskóla á þann hátt sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, heldur beri að leggja aukna áherslu á að fötluðum verði gert kleift að stunda framhaldsnám við almenna framhaldsskóla.“

Umsagnaraðilar minna á þá stefnu að fatlaðir séu við nám með öðrum nemendum og alls ekki megi stefna að sérstofnunum fyrir þá nema aðrar leiðir séu lokaðar.

Fræðslustjórinn á Austurlandi segir m.a.: „Framhaldsskólinn stendur nú á tímamótum. Það þarf að gera honum kleift að sinna þessum málum. Til þess þarf hann að fá vitneskju um fjölda fatlaðra, hver fötlun þeirra er og leggja síðan fram rökstuddar áætlanir um stofn- og rekstrarkostnað vegna þessara mála. Það er svo hárrétt sem segir í greinargerð að sumir héraðs- og heimavistarskólar eru ekki nýttir sem skyldi og vissulega væri þetta verðugt verkefni fyrir þá — einn eða fleiri.“

Svæðisstjórn málefna fatlaðra á Reykjanessvæði segir m.a.: „Það er ákaflega mikilvægt og brýnt að styrkja félags- og skólastarf fatlaðra og stuðla að því að þeir afli sér í auknum mæli framhaldsmenntunar. Í því sambandi telur svæðisstjórn mikilvægast að undirstrika réttindi fatlaðra samkvæmt lögum um framhaldsskóla og nauðsyn þess að fatlaðir eigi kost á sambærilegum námstilboðum og ófatlaðir í almennum framhaldsskólum. Því til viðbótar telur svæðisstjórn vel þess virði að reyna í framkvæmd þær hugmyndir sem fram koma í þingsályktunartillögunni og leggur til eftirfarandi útfærslu á hugmyndinni:

1. Þróaður verði fyrst um sinn einn skóli samkvæmt þessum hugmyndum og verði hann starfræktur sem lýðháskóli.
2. Lögð verði áhersla á blöndun fatlaðra og ófatlaðra. Samsetning nemenda verði með líkum hætti og Peter Morset skólinn í Noregi sem nefndur er í tillögunni.“

Til viðtals við nefndina komu Kolbrún Gunnarsdóttir, sérkennslufulltrúi í menntamálaráðuneytinu, og Margrét Margeirsdóttir, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu.

Félagsmálanefnd telur æskilegt að kannað verði hvort koma megi til móts við námsþarfir fatlaðra sem ekki hafa aðstöðu til náms í heimangönguskóla á framhaldsskólastigi með því að

tryggja þeim aðstöðu í heimavistarskólum með öðrum nemendum á sama skólastigi. Nefndin flytur tillögu um breytingu á sérstöku þingskjali og mælir með samþykkt tillögunnar svo breyttrar.

Alþingi, 30. apríl 1990.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir, fundaskr.	Birgir Ísl. Gunnarsson.
Alexander Stefánsson.	Guðni Ágústsson.	Kristinn Pétursson.
	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	

Sþ. 1162. Breytingartillögur [226. mál]

við till. til þál. um nám og námsefni fyrir fatlað fólk í heimavistarskóla.

Frá félagsmálanefnd.

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvernig koma megi til móts við námsþarfir fatlaðra, sem ekki hafa aðstöðu til að sækja heimangönguskóla að loknum grunnskóla, með því að þeir fái aðstöðu til að stunda fjölbreytt nám með öðrum nemendum í héraðsskólum eða öðrum heimavistarskólum.
2. Fyrirsögn till. verði: Till. til þál. um námsaðstöðu fyrir fatlaða í heimavistarskólum.

Sþ. 1163. Nefndarálit [365. mál]

um till. til þál. um lífeyrisréttindi foreldra í fæðingarorlofi.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og rætt efni hennar við heilbrigðis- og tryggingaráðuneyti, en á þess vegum hefur starfað nefnd til að fjalla um rétt kvenna á vinnumarkaði til fæðingarorlofsgreiðslna. Tillagan gerir ráð fyrir að nefnd þessi taki jafnframt til athugunar lífeyrisréttindi foreldra í fæðingarorlofi. Í greinargerð með tillögunni segir m.a.:

„Það er ljóst að foreldrar, sem njóta fæðingarorlofs, geta lent í því að fæðingarstyrkur og fæðingardagpeningar nemi samtals mun lægri upphæð en mánaðarlaunum þeirra áður og auk þess missa þeir þá jafnframt rétt til greiðslu iðgjalda í lífeyrissjóð meðan á fæðingarorlofi stendur. Þessir foreldrar eru skráðir starfsmenn á vinnustað, en teljast taka launalaust leyfi og fara því út af launaskrá. Þar af leiðandi eru engar launatengdar greiðslur inntar af hendi í þeirra þágu. Auk þess að missa af iðgjaldagreiðslum í sex mánuði, meðan á orlofi stendur, er viðkomandi starfsmaður að hluta til réttindalaus í sínum lífeyrissjóði þá mánuði sem hann greiðir ekki í sjóðinn ... Nú er fæðingarorlof orðið sex mánuðir og er það því veruleg réttindaskerðing að hafa ekki tækifæri til að viðhalda lífeyrisréttindum í þann tíma."

Fram hefur komið að nefnd heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins, sem ráðherra skipaði í október 1989 í kjölfar kjarasamninga, hafi fjallað nokkuð um það efni sem áhersla er lögð á í tillögunni og gert tillögur þar að lútandi til ráðherra.

Nefndin telur að með tillögunni sé hvatt til lausnar á réttlætismáli og leggur áherslu á að á því verði tekið af stjórnvöldum. Með vísan til þess að heilbrigðis- og tryggingaráðherra

hefur lýst vilja sínum til að svo verði gert og nefnd á hans vegum hefur fjallað um málið er lagt til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 30. apríl 1990.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir, fundaskr.	Birgir Ísl. Gunnarsson.
Alexander Stefánsson.	Guðni Ágústsson.	Kristinn Pétursson.
	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	

Sþ. 1164. Nefndarálit [145. mál]

um till. til þál. um íslenska heilbrigðisáætlun.

Frá félagsmálanefnd.

Tillagan felur í sér að Alþingi álykti um íslenska heilbrigðismálastefnu til ársins 2000 í samræmi við áætlun sem sett er fram í tillögunni. Henni er skipt niður í níu kafla þar sem fram eru sett 37 tölusett markmið, flest í mörgum liðum, og inn á milli frásagnir sögulegs efnis, lýsing á stöðu mála og æskilegri þróun. Alls er ályktunartexti 16 blaðsíður. Greinargerð er stutt, en með henni er birt fylgiskjal sem er skrá yfir „verkefni sem þarf að framkvæma til þess að markmið heilbrigðisáætlunar náist".

Hvati að undirbúningi tillögunnar voru samþykktir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar árið 1984, en að tillögunni hefur verið unnið frá árinu 1986 og m.a. fjallað um hana á heilbrigðisþingi 1988. Hún var lögð fram til kynningar á Alþingi vorið 1989 en komst þá ekki til nefndar og liggur nú öðru sinni fyrir þinginu.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna á mörgum fundum. Í upphafi málsmeðferðar 28. nóvember 1989 komu til viðræðna við nefndina Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri og eftirtaldir formenn vinnuhópa sem undirbjuggu málið fyrir heilbrigðisþing 1988: Bjarni Þjóðleifsson læknir, Davíð Á. Gunnarsson forstjóri, Guðmundur Sigurðsson heilsugæslulæknir, Skúli G. Johnsen borgarlæknir og Örn Bjarnason forstjóri.

Þá leitaði nefndin umsagnar um tillöguna hjá 55 aðilum. Bárust umsagnir frá eftirtöldum: Hjúkrunarfélagi Íslands, Félagi háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga, Heilsuhringnum, Meinatæknafélagi Íslands, Læknafélagi Íslands, Ljósmæðrafélagi Íslands, Bergþóru Sigurðardóttur, héraðslækni Vestfjarða, heilbrigðismálaráði Vesturlands, Krabbameinsfélaginu, Stefáni Þórarinssyni, héraðslækni Austurlands, Geðhjálp, Öryrkjabandalagi Íslands, Samtökum heilbrigðisstétta, Jóhanni Ágústi Sigurðssyni, héraðslækni Reykjaness, Fjórðungssjúkrahúsinu á Neskaupstað, heilbrigðismálaráði Norðurlandshéraðs eystra, Tannlæknafélagi Íslands, Almari Grímssyni lyfsala, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Fjórðungssambandi Norðlendinga, Sjúkraliðafélagi Íslands, heilbrigðismálaráði Reykjaneshéraðs, Hollustuvernd ríkisins, stjórnarnefnd Ríkisspítala, læknaráði Landsspítalans, Þórunni Pálsdóttur, hjúkrunarforstjóra geðdeildar Landsspítalans, Apótekarafélagi Íslands, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi og Samtökum áhugafólks um áfengisvandamálið.

Í flestum umsögnum kom fram stuðningur við það áform að Alþingi álykti um heilbrigðisstefnu og geri áætlun til 10 ára í samræmi við hana. Jafnframt koma þar fram margar ábendingar og athugasemdir um efni tillögunnar bæði markmið og skýringar.

Nefndin fór yfir efni tillögunnar og umsagnir sem nefndinni bárust. Nefndin er sammála um að æskilegt sé að Alþingi marki langtímastefnu í heilbrigðismálum og geri áætlun um aðgerðir til að ná settum markmiðum. Við skoðun málsins komu hins vegar í ljós verulegir formgallar á framsetningu tillögunnar þar sem ekki er greint með skýrum hætti milli almennra markmiða í heilbrigðismálum og leiða eða aðgerða til að ná þeim fram. Þá eru í tillögunni langir kaflar sögulegs eðlis með ýmsum álitamálum sem ekki er rétt að ætla Alþingi að álykta um. Í fylgiskjali með tillögunni er hins vegar skrá yfir mörg verkefni sem æskilegt gæti verið að Alþingi tæki afstöðu til.

Nefndin kynnti sér hvernig staðið hefur verið að afgreiðslu hliðstæðra mála í nokkrum Evrópulöndum. Í ljós kom að það er með mismunandi hætti og yfirleitt ekki um að ræða beinar ályktanir þjóðþinga. Í Noregi lagði ríkisstjórnin t.d. fram skýrslu um heilbrigðisáætlun *Melding til Stortinget,* St. meld. nr. 41 (1987–88), sem rædd var í þinginu. Ekki var hins vegar stefnt að efnislegri ályktun um málið af hálfu Stórþingsins. Ástæða gæti verið til þess fyrir Alþingi að bera saman málsmeðferð varðandi stefnumarkandi mál hér og í þingum nágrannalanda, ekki síst þar eð þeim málum fer fjölgandi sem eiga rætur í samþykktum alþjóðastofnana. Ólík málsmeðferð tengist sumpart mismunandi starfsháttum þjóðþinga og þingnefnda. Yfirlit um þessi efni gæti einnig verið gagnlegt fyrir Stjórnarráðið og samskipti þess við Alþingi.

Nefndin telur nauðsynlegt að vanda til stefnumörkunar og áætlunar í heilbrigðismálum þannig að sem bestum notum komi. Í fyrirliggjandi tillögu og umsögnum, sem um hana hafa borist, er góður efniviður, en nauðsynlegt er að vinna úr honum með nokkuð öðrum hætti en fyrir liggur. Nefndin hefur ekki aðstæður til að vinna það verk í það horf sem hún teldi þörf á. Þar eð hér er stjórnartillaga á ferðinni er að mati nefndarinnar nauðsynlegt að viðkomandi ráðuneyti hafi hönd í bagga um svo viðamiklar breytingar á málinu.

Að höfðu samráði við heilbrigðisráðherra telur nefndin rétt að farið verði yfir málið í heild milli þinga með hliðsjón af ofangreindum ábendingum og framkomnum umsögnum og það lagt fram að nýju til ályktunar að hausti. Með vísan til þessa leggur nefndin til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 30. apríl 1990.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir, fundaskr.	Birgir Ísl. Gunnarsson.
Alexander Stefánsson.	Guðni Ágústsson.	Kristinn Pétursson.
	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	

Sþ. 1165. Nefndarálit [465. mál]

um till. til þál. um breyt. á þál. um vegáætlun fyrir árin 1989–1992.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur haft tillöguna til meðferðar en hún var rædd í sameinuðu þingi 2. apríl sl. og var að þeirri umræðu lokinni vísað til fjárveitinganefndar. Nefndin hefur fjallað um málið á fundum sínum og fengið m.a. til liðs við sig vegamálastjóra og starfsmenn hans eins og venja er til þegar vegáætlun er til meðferðar. Þá hefur eins og ætíð áður verið haft samráð við þingmannahópa kjördæmanna um skiptingu framkvæmdafjár milli einstakra viðfangsefna.

Regluleg endurskoðun vegáætlunar fór fram á síðasta þingi þannig að sú endurskoðun, sem nú hefur farið fram á þessu þingi, nær þess vegna aðeins til tekjuspár og framkvæmdaáforma fyrir árið 1990. Regluleg endurskoðun vegáætlunar á samkvæmt vegalögum ekki að fara fram næst fyrr en á Alþingi 1990–91.

Í kjölfar nýgerðra kjarasamninga og aðgerða stjórnvalda í tengslum við þá hafa verðlagsforsendur vegáætlunar tekið breytingum, bæði á tekna- og gjaldahlið vegáætlunar, og var því nauðsynlegt að óska eftir endurskoðun á áætluninni. Þá lá ekki fyrir hvernig fara skyldi með kostnaðarauka vegna virðisaukaskatts af snjómokstri hjá Vegagerð ríkisins. Í fjáraukalagafrumvarpi fyrir árið 1990 er heimild handa fjármálaráðherra til þess að lækka rekstrargjöld um 2% vegna breyttra verðlagsforsendna í kjölfar kjarasamninga í febrúarmánuði sl. Lækkun á útgjöldum til vegamála af þessum sökum nemur um 90 milljónum króna. Að lokum taldi nefndin nauðsynlegt að fá upplýsingar um stöðu óinnheimtra markaðra tekjustofna til vegamála í árslok 1989, svo og óafgreidd framlög til girðinga og ristarhliða. Nefndin óskaði eftir upplýsingum um framangreint atriði.

Nefndinni bárust upplýsingar frá stjórnvöldum er varða þau atriði sem nefnd voru hér að framan. Í tillögunni er gert ráð fyrir að markaðir tekjustofnar til vegamála á árinu 1990 nemi alls 4.496 milljónum króna. Ný tekjuspá gerði hins vegar ráð fyrir að markaðir tekjustofnar næmu 4.396 milljónum króna sem er 100 milljónum króna lægri fjárhæð en fram kemur í þingsályktunartillögunni. Til að mæta þeim tekjumissi er gert ráð fyrir að innheimta eftirstöðva markaðra tekjustofna til vegamála hækki um 100 milljónir króna á árinu 1990. Fjármálaráðuneytið hefur að undanförnu gert sérstakt innheimtuátak sem áætlað er að skili auknum tekjum af mörkuðum tekjustofnum til vegamála í ríkissjóð að fjárhæð 100 milljónir króna og að þær fari óskertar til vegamála. Þannig er tryggt að ráðstöfunarfé verði óbreytt til vegamála á árinu 1990 frá því sem þingsályktunartillagan gerði ráð fyrir. Fyrirhugað er af hálfu fjármálaráðuneytis að gefa út reglugerð um niðurfellingu virðisaukaskatts af snjómokstri. Með þessari ákvörðun má áætla að tilkostnaður Vegagerðar ríkisins við snjómokstur geti lækkað um 80 milljónir króna á árinu 1990 sem er svo til sama fjárhæð og fyrirhuguð lækkun útgjalda um 2% vegna breyttra verðlagsforsendna gerir ráð fyrir. Þannig er tryggt að framkvæmdafé á árinu 1990 til vegamála verði í samræmi við áætlun um skil markaðra tekjustofna á þessu ári. Á fylgiskjali er yfirlit frá Vegagerð ríkisins um óafgreiddar kröfur vegna girðinga og ristarhliða, en þar kemur fram að heildarfjárþörf til þessara viðfangsefna um sl. áramót nemur um 264 milljónum króna allt frá árinu 1978.

Til afgreiðslu á Alþingi er tillaga til þingsályktnar um að flýta framkvæmdum við jarðgöng á Vestfjörðum. Í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir að framkvæmdir við jarðgangagerð á Vestfjörðum geti hafist á árinu 1991. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að hraða öllum undirbúningi verksins á árinu 1990 og til þess þarf að verja allt að 47 milljónum króna sem teknar yrðu að láni og heimildar leitað fyrir lántöku við afgreiðslu fjáraukalaga fyrir árið 1990 á komandi hausti. Í breytingartillögum meiri hl. nefndarinnar á þingskjali 1176 er gert ráð fyrir fjármögnun þess kostnaðar sem til fellur á árinu 1990 við undirbúning jarðgangagerðar á Vestfjörðum.

Við endanlega ákvörðun um framlög til einstakra verkefna hafa þingmenn kjördæma unnið í samráði við Vegagerð ríkisins og hefur nefndin fallist á allar tilfærslur milli verkefna, enda hafa þær ekki breytt heildarframlögum til vegamála á árinu 1990.

Nánari grein verður gerð fyrir breytingartillögum meiri hl. nefndarinnar í framsögu, en meiri hl. leggur til að tillagan verði samþykkt með þeim breytingum sem fram koma á þskj. 1176.

Alþingi, 2. maí 1990.

Sighvatur Björgvinsson, form., frsm.	Margrét Frímannsdóttir, fundaskr.	Ólafur Þ. Þórðarson, með fyrirvara.
Alexander Stefánsson.		Ásgeir Hannes Eiríksson.

Fylgiskjal.

MINNISBLAÐ
frá Vegagerð ríkisins.

Þann 1. janúar 1990 voru óafgreiddar kröfur um 633 km í girðingum og 36 ristarhlið. Hver km í girðingu kostar um 400 þús. kr. og 4 metra ristarhlið 260 þús. kr. hvert. Heildarfjárþörf um sl. áramót nam því u.þ.b. 264 m.kr. en rétt er að geta þess að reynsla sýnir að ekki reynast allar kröfur réttmætar þegar að afgreiðslu þeirra kemur og er því framangreind tala vafalaust talsvert of há. Nánar skiptast kröfurnar á umdæmi svo sem hér á eftir greinir:

	Girðingar km	**Ristarhlið stk.**	**Kröfur m.kr.**
Suðurland	75	4	31,3
Reykjanes	7	0	2,9
Vesturland	160	7	66,2
Vestfirðir	18	4	8,3
Norðurl. vestra	108	5	44,7
Norðurl. eystra	198	13	83,0
Austurland	67	3	27,8
Samtals	633	36	264,2

Fjárveiting til girðinga og landgræðslu í vegáætlun fyrir árið 1990 er 22 m.kr. Af þeirri fjárhæð er fyrirhugað að 10 m.kr. verði varið til landgræðslu og 12 m.kr. til girðinga.

Elstu kröfur eru frá árinu 1978 og verður sennilega unnt að afgreiða kröfur frá 1978 og 1979 með fyrrnefndri fjárhæð.

Ed. 1166. Frumvarp til laga [576. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8 18. apríl 1986.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

1. mgr. 89. gr. orðist svo:

Sveitarfélag getur veitt Lánasjóði sveitarfélaga tryggingar í tekjum sínum vegna lána sem það tekur hjá sjóðnum. Eigi má sveitarfélag veðsetja öðrum tekjur sínar né heldur fasteignir sem nauðsynlegar eru til þess að sveitarfélagið geti rækt lögskyld verkefni sín. Aðrar eignir getur sveitarfélag veðsett og heildareignir sveitarfélags standa til tryggingar skuldbindingum þess. Félagsmálaráðherra getur sett í reglugerð nánari ákvæði um tryggingar sjóðsins í tekjum sveitarfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í áliti nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði 25. júlí 1989 til að kanna fjárhagsstöðu verst stöddu sveitarfélaganna og gera tillögur til úrbóta er m.a. lagt til að Lánasjóður sveitarfélaga breyti a.m.k. um sinn nokkuð áherslum sínum í sambandi við útlán og leggi meiri áherslu á að veita sveitarfélögum lán til greiðslu óhagstæðra lána sökum þeirrar erfiðu fjárhagsstöðu sem mörg sveitarfélög fást nú við. Í bréfi félagsmálaráðherra til Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 21. mars 1990, sem stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga barst jafnframt afrit af, er áhersla lögð á að tillögur nefndarinnar komi til framkvæmda. Sérstök áhersla var lögð á þátt Lánasjóðs sveitarfélaga varðandi skuldbreytingar skammtímalána sveitarfélaga.

Á fulltrúaráðsfundi Sambands íslenskra sveitarfélaga dagana 22. og 23. mars 1990 voru fjárhagsmál sveitarfélaga m.a. til umræðu. Var á fundinum samþykkt svofelld ályktun:

„45. fundur fulltrúaráðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, haldinn í Reykjavík 22. og 23. mars 1990, beinir þeim tilmælum til stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga að hún leggi aukna áherslu á lánveitingar til skuldbreytinga á skammtímalánum sveitarfélaga sem í fjárhagserfiðleikum eiga, sbr. 4. mgr. 2. gr. laga um Lánasjóð sveitarfélaga, nr. 35/1966."

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga fjallaði um málið á fundi 27. apríl sl.

Samkvæmt 4. tölul. 9. gr. laga nr. 35/1966, um Lánasjóð sveitarfélaga, er eitt af skilyrðum lánveitinga úr sjóðnum að fjárhagur sveitarfélags sé að dómi sjóðstjórnar svo traustur að telja megi vísa greiðslu afborgunar og vaxta á umsömdum tíma. Ella verður að setja tryggingu fyrir láninu sem sjóðstjórn metur gilda. Á grundvelli 13. gr. laga sjóðsins getur félagsmálaráðherra greitt vanskil af lánum við sjóðinn af framlögum hlutaðeigandi sveitarfélaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eftir því sem til vinnst. Vegna breytinga sem urðu með lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 91/1989, er trygging lánasjóðsins í framlögum ekki lengur sú sama og var samkvæmt eldri lögum. Sum sveitarfélög fá litlar sem engar greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og önnur allmikið undir því sem nemur greiðslubyrði þeirra á þegar fengnum lánum við sjóðinn. Tryggingar sjóðsins á grundvelli 13. gr. hafa því rýrnað verulega. Að mati stjórnar lánasjóðsins er fjárhagur margra sveitarfélaga ekki nægilega tryggur til þess að verjandi sé út frá hagsmunum sjóðsins að veita lán framvegis án fullnægjandi trygginga, bæði til skuldbreytinga og nýframkvæmda. Um lán úr sjóðnum hafa sótt 50 sveitarfélög á þessu ári, þar af 21 vegna skuldbreytinga. Ráðstöfunarfé sjóðsins á þessu ári er um 400 milljónir króna en beiðnir um skuldbreytingarlán nema samtals 343 milljónum króna.

Samkvæmt 89. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, mega sveitarfélög ekki veðsetja tekjur sínar. Til þess að unnt sé að verða við óskum um skuldbreytingarlán sveitarfélaga og til þess að tryggja hag sjóðsins hefur stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga með bréfi dags. 27. apríl sl. farið þess á leit við félagsmálaráðherra að sú breyting verði gerð á 89. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, sem lögð er til í frumvarpi þessu. Með breytingunni getur Lánasjóður sveitarfélaga fengið tryggingu í staðgreiðslufé sveitarfélaga vegna greiðslna afborgana, verðbóta og vaxta af lánum sjóðsins. Slík heimild yrði þó aðeins notuð að tryggingar í framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga duga ekki. Með breytingunni vinnst tvennt. Annars vegar er staða sjóðsins hvað tryggingar snertir styrkt frá því sem nú er. Hins vegar er stjórn sjóðsins gert kleift að aðstoða sveitarfélögin í auknum mælli með skuldbreytingum skammtímalána. Ef koma á til skuldbreytingarlána af ráðstöfunarfé Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir þetta ár er nauðsynlegt að breyta nefndri 89. gr. sveitarstjórnarlaganna. Úthlutun lána úr sjóðnum fer fram í maímánuði. Þess vegna er frumvarp þetta flutt nú.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga tók þetta mál fyrir á fundi sínum 27. apríl sl. og samþykkti einróma að leggja til þá breytingu sem hér að framan er rakin.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breytingin felur í sér að sveitarfélag fær heimild til þess að veita Lánasjóði sveitarfélaga tryggingar í tekjum sínum vegna lána sem það tekur hjá sjóðnum. Lánasjóður sveitarfélaga hefur til þessa haft sem tryggingu framlög sveitarfélaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, en þau teljast til tekna sveitarfélaga. Breytingin felur í sér útvíkkun á heimild sem nú gildir og gefur jafnframt möguleika á tryggingu í staðgreiðslufé sveitarfélaga. Er þessi breyting nauðsynleg vegna hagsmuna Lánasjóðs sveitarfélaga og til þess að einstök sveitarfélög eigi þess kost framvegis að fá lán úr sjóðnum, bæði til skuldbreytinga og nýframkvæmda. Vakin er athygli á að Lánasjóður sveitarfélaga er sameiginlegur sjóður sveitarfélaga og lánar eingöngu til sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra. Það eru því sameiginlegir hagsmunir þeirra að hagur sjóðsins sé ætíð sem bestur. Um rýmkun gagnvart öðrum er hins vegar alls ekki að ræða og skýrt tekið fram að sveitarfélagi sé óheimilt að veita öðrum sambærilega tryggingu í tekjum sínum. Í niðurlagi 1. mgr. er bætt inn í greinina að félagsmálaráðherra geti sett með reglugerð nánari ákvæði um tryggingar Lánasjóðs sveitarfélaga í tekjum sveitarfélaga. Má hugsa sér að í slíkum reglum yrði t.d. tekið fram að trygging í staðgreiðslufé sveitarfélags megi aldrei fara upp fyrir tiltekið hlutfall af heildartekjum sveitarfélagsins. Ætla verður að ráðherra hafi samráð við stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga um setningu reglugerðar þó að það sé ekki beinlínis tekið fram.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 1167. Breytingartillögur [385. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990 vegma kjarasamninga í febrúar 1990.

Frá meiri hluta fjárveitinganefndar (SighB, MF, AS, ÓÞÞ, ÁHE).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Eftirtaldar breytingar verða á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1990 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1990:

Rekstrarreikningur	Þús. kr.	Þús. kr.
Tekjur		**−2 600 000**
Óbeinir skattar	−300 000	
Breyting tekna vegna breyttra verðlagsforsendna	−2 300 000	
Gjöld		**−1 783 000**
Rekstrarliðir:		
Samneysla	53 000	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	787 000	
Fjárfesting:		
Stofnkostnaður	−509 000	
Fjármagnstilfærslur	−64 000	
Breyting gjalda, sbr. 4. gr.	−2 050 000	
Gjöld umfram tekjur		**817 000**

Lánahreyfingar	Þús. kr.	Þús. kr.
Lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**817 000**
Lántökur		820 000
Innlend lán	820 000	
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		3 000

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1990 sem hér segir, sbr. sundurliðun í 3. gr.:

00 Æðsta stjórn ríkisins	−83 000	
02 Menntamálaráðuneyti	−99 000	
03 Utanríkisráðuneyti	−5 000	
04 Landbúnaðarráðuneyti	−3 000	
05 Sjávarútvegsráðuneyti	−8 000	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	−55 000	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	2 000	
09 Fjármálaráðuneyti	−116 000	
10 Samgönguráðuneyti	−144 000	
11 Iðnaðarráðuneyti	−20 000	
12 Viðskiptaráðuneyti	800 000	
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	−2 000	
Samtals		267 000

3. Við 3. gr. Við bætast tveir nýir liðir:

a. 04-289 Endurgreiðsla gjalda í landbúnaði

Viðfangsefni:

Almennur rekstur:

1 30 Niðurgreiðsla fóðurs í loðdýrarækt	25 000	
Gjöld samtals		25 000

b. 08-371 Ríkisspítalar

Viðfangsefni:

Almennur rekstur:

1 10 Legu-, svæfingar- og gjörgæsludeild	147 000	
Gjöld samtals		147 000

4. Við 3. gr. 08-381 690 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða. Sundurliðun á lækkun stofnkostnaðar kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

1. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 690).

	Þús. kr.	Þús kr.
1. Akranes, H2	−2 000	
2. Húsavík, H2	−3 000	
3. Raufarhöfn, H1	−1 000	
4. Seyðisfjörður, sjúkrahús	−2 000	
5. Neskaupstaður, sjúkrahús	−1 000	
6. Eskifjörður, H2	−1 300	
7. Vestmannaeyjar, sjúkrahús	−2 000	
8. Þorlákshöfn, H1	−600	
9. Hafnarfjörður, St. Jósefsspítali (hönnun)	−2 000	
10. Mosfellsbær	−900	
11. Ólafsvík, hjúkrunarheimilið	−1 000	
		16 800

5. Við 3. gr. 10-333 630 Hafnarmannvirki. Sundurliðun á lækkun stofnkostnaðar kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

2. Hafnarmannvirki (10-333 630).	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Akranes	−2 300	
2. Siglufjörður	−11 400	
3. Grenivík	−8 000	
4. Reyðarfjörður	−3 300	
		−25 000

6. Fyrirsögn frv. verði: Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990.

Nd. 1168. Nefndarálit [435. mál]

um frv. til l. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund um málið Láru V. Júlíusdóttur, formann nefndar þeirrar er samdi frumvarpið, Elsu Þorkelsdóttur, framkvæmdastjóra Jafnréttisráðs, og Þórarin V. Þórarinsson, Víglund Þorsteinsson og Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Vinnuveitendasambandi Íslands. Nefndinni barst einnig umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands. Þá kynnti nefndin sér þær umsagnir, sem leitað var eftir af félagsmálaráðuneytinu, eftir að frumvarpið hafði verið lagt fram á síðasta þing, en þá varð það ekki útrætt.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Þær breytingar, sem hér er um að ræða, eru einkum eftirtaldar:

1. Tekin eru af öll tvímæli um að í þeim tilvikum, sem einhver telur rétt á sér brotinn skv. 6. gr., þá skuli atvinnurekandi sýna *kærunefnd* jafnréttismála fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans. Þessi breyting þýðir að öfug sönnunarbyrði skuli einungis gilda fyrir kærunefnd en ekki í dómsmálum um jafnstöðumál.

2. Lagt er til að 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins falli brott. Sú málsgrein kveður á um að við ráðningu í starf skuli það kynið, sem er í minni hluta í starfsgrein, ganga fyrir uppfylli umsækjandi tilskildar kröfur til starfsins.

3. Gerðar eru breytingar á 12. gr. Síðari málsgrein er felld brott og breytingar gerðar á 1. mgr.

4. Í 15. gr., er kveður á um skipan Jafnréttisráðs, er gerð sú breyting að fækkað er í ráðinu og fellt brott ákvæði um setu fulltrúa tilnefndra af þingflokkunum. Hins vegar er gert ráð fyrir að formaður kærunefndar jafnréttismála eigi sæti í nefndinni. Alls verður því ráðið skipað sjö manns.

5. Við 16. gr. er sú meginbreyting gerð að sett er inn ákvæði um að halda skuli jafnréttisþing á a.m.k. þriggja ára fresti. Nefndin gerir ráð fyrir að ráðherra setji nánari ákvæði í reglugerð um skipulag og hlutverk þingsins en telur þó jafnframt rétt að fram komi í þessu nefndaráliti sú afstaða að eðlilegt sé að verkefni slíks þings sé ráðgjafar- og umsagnastörf á sviði jafnréttismála fyrir Jafnréttisráð, ekki síst vegna aðildar ráðsins að mótun jafnréttisáætlunar. Um leið gæti þingið orðið vettvangur almennra umræðna um jafnréttismál og uppspretta og farvegur nýrra hugmynda um þau mál. Nefndin telur jafnframt eðlilegt að aðild að þinginu eigi, auk Jafnréttisráðs, fulltrúar jafnréttisnefnda, stjórnmálaflokka og fulltrúar félagasamtaka er láta sig jafnréttismálefni varða.

6. Lagt er til að 23. gr. frumvarpsins falli brott enda er greinin ekki í samræmi við önnur ákvæði VI. kafla laganna um viðurlög og réttarfar.

Alþingi, 2. maí 1990.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.
Geir H. Haarde, með fyrirvara.	Jón Kristjánsson.	Eggert Haukdal.

Alexander Stefánsson.

Nd. 1169. Breytingartillögur [435. mál]

við frv. til l. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 6. gr.
   a. Orðin „sbr. þó sérreglu 1. mgr. 8. gr.“ í 2. tölul. fyrri málsgreinar falli brott.
   b. Síðari málsgrein orðist svo:
   Ef einhver telur rétt á sér brotinn samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og vísar máli sínu til kærunefndar jafnréttismála, sbr. 19. gr., skal atvinnurekandi sýna kærunefnd fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans.
2. Við 8. gr. 1. mgr. falli brott.
3. Við 12. gr.
   a. Við fyrri málsgrein bætist: og skal ávallt á það minnt þegar óskað er tilnefningar í hlutaðeigandi stjórnir, nefndir og ráð.
   b. Síðari málsgrein falli brott.
4. Við 15. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Eftir hverjar kosningar til Alþingis skal skipa sjö manna Jafnréttisráð. Félagsmálaráðherra skipar formann án tilnefningar, einn nefndarmann tilnefndan af Vinnuveitendasambandi Íslands, einn tilnefndan af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndan af

Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn tilnefndan af Kvenréttindafélagi Íslands og einn tilnefndan af Kvenfélagasambandi Íslands. Varamenn þeirra eru tilnefndir á sama hátt. Jafnframt skal skipa formann kærunefndar jafnréttismála í ráðið, sbr. 19. gr., og er varaformaður kærunefndar varamaður hans.

5. Við 16. gr.
   a. Í stað orðanna „af sjálfsdáðum“ í 7. tölulið komi: að eigin frumkvæði eða annarra.
   b. Í stað orðsins „samband“ í 8. tölul. komi: samvinnu.
   c. Orðið „Að“ í upphafi 9. tölul. falli brott.
   d. Við greinina bætist svohljóðandi töluliður:
      10. Halda jafnréttisþing á a.m.k. þriggja ára fresti.
6. Við 19. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Skrifstofa Jafnréttisráðs er jafnframt skrifstofa kærunefndar jafnréttismála.
7. Við 21. gr. Í stað „21“ í greininni komi: 20.
8. Við 23. gr. Greinin falli brott.

Nd. 1170. Nefndarálit [252. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum.

Frá minni hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta frá því í janúar og leitað umsagna fjölda aðila svo sem fram kemur í áliti meiri hl. nefndarinnar.

Meiri hluti þeirra umsagnaraðila, sem afstöðu taka, Félag fasteignasala, Neytendasamtökin, Landssamband lífeyrissjóða, Vinnuveitendasamband Íslands og Samband ísl. sveitarfélaga, lýsir stuðningi við frumvarpið. Því er eigi unnt að draga þá ályktun af umsögnum að rétt sé að afgreiða málið með rökstuddri dagskrá svo sem meiri hl. nefndarinnar gerir.

Minni hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 2. maí 1990.

Geir H. Haarde, frsm. Alexander Stefánsson. Eggert Haukdal.

Fylgiskjal I.

Umsögn Félags fasteignasala
um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 86/1988,
um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum.
(9. mars 1990.)

Stjórn Félags fasteignasala hefur á fundi sínum fjallað um erindi yðar varðandi greint frumvarp.

Öll veðskuldabréf Byggingarsjóðs ríkisins, sem gefin hafa verið út eftir gildistöku laga nr. 54/1986, hafa að geyma ákvæði þess efnis að lánakjör þeirra, þar með taldir vextir, séu

breytileg. Skuldarar bréfanna hafa því allir samþykkt tilgreind lánakjör. Flestar lánastofnanir, svo sem bankar, lífeyrissjóðir og verðbréfafyrirtæki, hafa sambærileg ákvæði í sínum veðskuldabréfum. Ef ekki eru ákvæði um breytilega vexti er annar valkostur algengur, sá að hafa vextina fasta eða óumbreytanlega allan lánstímann líkt og gert er í svokölluðum fasteignaveðbréfum sem eru skiptanleg fyrir húsbréf Byggingarsjóðs ríkisins. Almenna reglan við innheimtu veðskuldabréfa er sú að þau eru innheimt samkvæmt þeim ákvæðum sem bréfin hafa að geyma og á hún jafnt við alla skuldara sambærilegra lána. Samningar skulu standa og á það jafnt við um báða samningsaðila. Þessi regla á jafnt við í lánssamningum og öðrum samningum. Afar mikilvægt er að þessi regla sé haldin til þess að tiltrú manna á gildi samninga fari ekki forgörðum.

Ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 5. desember sl. var afar óheppileg að því leyti til að þar fór hún á undan með slæmu fordæmi sem slævir vitund fólks fyrir því hvernig halda skuli samninga. Sambærilegir lánssamningar eru skyndilega túlkaðir á mismunandi vegu. Hvers eiga þeir að gjalda sem leystu út lán sín fyrir 5. desember?

Ákvörðunin hafði einnig slæm áhrif á fasteignamarkaði og urðu fasteignasalar áþreifanlega varir við það í störfum sínum. Ef ákvörðun þessi verður ekki endurskoðuð mun hún fyrirsjáanlega hafa alvarleg áhrif þegar frá líður. Kaupverð fasteigna er í sífellt vaxandi mæli að verða meira eða minna verðtryggt. Allir kaupsamningar um nýbyggingar eru að fullu verðtryggðir. Með tilkomu húsbréfanna greiðist kaupverðið mun hraðar en áður og allt stefnir í að innan fárra ára verði kaupverð allra eldri íbúða einnig að fullu verðtryggt. Þetta er afar eðlileg þróun því að engin rök eru fyrir því að seljandi láni kaupanda stóran hluta kaupverðsins án verðtryggingar. Í öllum öðrum lánssamningum þurfa skuldarar að greiða verðbætur eða vexti sambærilega verðbótum.

Þessi þróun mun aftur leiða til þess að nauðsynlegt verður að núvirða þau lán sem á íbúðum hvíla og kaupendur yfirtaka. Öll lán Byggingarsjóðs ríkisins eru bundin við tiltekna fasteign og getur seljandi (skuldari) því ekki flutt lánið með sér og komist þannig hjá núvirðingu þeirra. Flest lán Byggingarsjóðs, veitt eftir gildistöku laga 54/1986, eru frekar há og um leið hátt hlutfall af verði íbúða. Það gefur auga leið að seljandi, sem skuldar lán með 4,5% vöxtum, kemur lakar út úr núvirðingu þessari heldur en seljandi, sem skuldar lán með 3,5% vöxtum, sem þó er úr sama lánaflokki.

Af þessu mál ljóst vera að sú ávörðun ríkisstjórnarinnar frá 5. desember sl., sem fyrr er lýst, mun verðfella eignir þeirra sem skulda lán með 4,5% vöxtum í samanburði við eignir þeirra sem fengu lán fyrir 5. desember og bera 3,5% vexti. Hér er því verið að mismuna lántakendum illilega.

Félag fasteignasala tekur ekki afstöðu til þess hver vaxtahæð lána Byggingarsjóðs ríkisins skulu vera, en í ljósi þess sem að framan er lýst telur félagið afar áríðandi að öll lán í sama lánaflokki beri sömu vexti.

Félag fasteignasala er þar af leiðandi fylgjandi því að greint frumvarp verði að lögum og telur það bæta úr óþolandi mismunun sem lántakendur hafa orðið fyrir.

Virðingarfyllst,
Þórólfur Halldórsson,
formaður.

Fylgiskjal II.

Dr. Pétur H. Blöndal, formaður
stjórnar Landssambands lífeyrissjóða:

Umsögn
um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 86/1988,
um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum.
(15. mars 1990).

Landssamband lífeyrissjóða hefur verið beðið um umsögn um ofangreint frumvarp, en það kveður skýrt á um að *ekki* megi vera mismunandi vextir á lánum innan sama lánaflokks hjá Byggingarsjóði ríkisins.

Landssamband lífeyrissjóða styður ofangreint frumvarp með eftirfarandi rökum:

1. Greiðslubyrði ungs fólks er oftast þyngst fyrstu árin. Þess vegna er það óeðlilegt að þeir sem taka lán eftir 15. nóvember sl. skuli greiða hærri vexti en hinir sem flestir eru komnir á lygnan sjó fjárhagslega.
2. Ef vextir á öllum lánum hefðu verið hækkaðir jafnt hefði miklu lægri vaxtahækkun skilað meiri tekjum til byggingarsjóðsins sem ekki mun veita af tekjunum.
3. Eftir ofangreinda vaxtahækkun 15. nóvember sl. eru í gangi á fasteignamarkaði nákvæmlega eins skuldabréf, sem þó bera mjög mismunandi vexti. Þetta kemur til með að rugla fólk í ríminu og valda því tjóni, því nýrri bréfin eru um 16% verðmeiri en hin gömlu þó að bæði líti eins út.

Það eina sem mælir með framkvæmdinni hjá Húsnæðisstofnun er samanburður eldra húsnæðiskerfisins við nýja húsbréfakerfið varðandi vexti. En mönnum hefði verið í lófa lagið að gefa út nýjan lánaflokk sem bæri hærri vexti.

Nd. 1171. Breytingartillaga [128. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 16. apríl 1971, um náttúruvernd, l. nr. 20 30. apríl 1986, um Siglingamálastofnun ríkisins, og ýmsum lögum er varða yfirstjórn umhverfismála.

Frá Ólafi G. Einarssyni og Inga Birni Albertssyni.

16.–17. gr. falli brott.

Nd. 1172. Nefndarálit [415. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 109/1988 og 76/1989.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Pál Magnússon, formann stjórnar verkamannabústaða í Reykjavík, Ríkharð Steinbergsson, framkvæmdastjóra verkamannabústaða í Reykjavík, Sigurgeir Sigurðsson, formann stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, Yngva Örn Kristinsson, formann stjórnar Húsnæðisstofnunar ríkisins, og Inga Val Jóhannsson, deildarstjóra í félagsmálaráðuneytinu.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins eins og efri deild gekk frá því að því undanskildu að gerðar eru tillögur um fjórar minni háttar breytingar sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Breytingarnar miða að því að gera viðkomandi ákvæði skýrari og taka af öll tvímæli um hvað felist í þeim ákvæðum.

Alexander Stefánsson áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja öðrum breytingartillögum er fram kunna að koma.

Alþingi, 2. maí 1990.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm.
Guðrún Helgadóttir, fundaskr.
Anna Ólafsdóttir Björnsson.
Alexander Stefánsson, með fyrirvara.
Jón Kristjánsson.

Nd. 1173. Breytingartillögur [415. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 109/1988 og 76/1989.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar (RG, AÓB, GHelg, JK, AS).

1. Við 1. gr. Á eftir orðinu „möguleika“ í efnismálsgreininni komi: fólks.
2. Við 3. gr., f-lið (56. gr.). Í stað orðanna „þrjá kosna“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: þrjá tilnefnda.
3. Við 3. gr., j-lið (60. gr.). Á eftir orðunum „1% álag“ í seinni málslið 1. mgr. bætist: af endursöluverði.
4. Við 3. gr., t-lið (69. gr.). Á eftir orðinu „skal“ í fyrri málslið greinarinnar bætist: honum.

Sþ. 1174. Breytingartillögur [385. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990 vegna kjarasamninga í febrúar 1990.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar (PJ, EgJ, FÞ).

	Þús. kr.
1. Við 3. gr. Við bætist nýr liður:	
01-998 Ráðstöfunarfé	–5 000
2. Við 3. gr. Eftirtaldir liðir falli brott:	
a. 02-233 Rannsóknasjóður.	
b. 02-318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður.	
c. 02-501 Tækniskóli Íslands.	
d. 02-518 Fiskvinnsluskólinn.	
e. 02-531 Íþróttakennaraskóli Íslands.	
f. 02-533 Húsmæðrakennaraskólar.	
g. 02-610 Héraðsskólar, almennt.	
3. Við 3. gr. Við bætist:	
a. **02-998 Ráðstöfunarfé**	–15 000
b. **03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa**	
1.51 Útflutningsráð Íslands	–15 000
1.52 Viðskiptafulltrúi í Tókíó	–3 470
c. **03-998 Ráðstöfunarfé**	–5 000
4. Við 3. gr. Eftirtaldir liðir falli brott:	
a. 04-101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa.	
b. 04-201 Búnaðarfélag Íslands.	
c. 04-202 Hagþjónusta landbúnaðarins.	
d. 04-205 Veiðistjóri.	
e. 04-206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins.	
f. 04-231 Skógrækt ríkisins.	
g. 04-232 Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins.	
h. 04-235 Landgræðsla ríkisins.	
i. 04-242 Mat á landbúnaðarafurðum.	
j. 04-243 Sauðfjárveikivarnir.	
k. 04-244 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða.	
l. 04-246 Veiðimálastofnun.	
m. 04-247 Yfirdýralæknir.	
n. 04-288 Jarðræktar- og búfjárræktarlög.	
o. 04-501 Bændaskólinn Hvanneyri.	
p. 04-502 Bændaskólinn Hólum.	
q. 04-503 Garðyrkjuskólinn Reykjum.	
5. Við 3. gr. 04-998 Ráðstöfunarfé.	
Fyrir „–1 000“ kemur	–3 000
6. Við 3. gr. bætist nýr liður:	
05-998 Ráðstöfunarfé	–3 000
7. Við 3. gr. Eftirtaldir liðir falli brott:	
a. 06-208 Rannsóknarlögregla ríkisins.	
b. 06-251 Landhelgisgæsla Íslands.	

		Þús. kr.
8.	Við 3. gr. Við bætast nýir liðir:	
	a. **06-998 Ráðstöfunarfé**	–8 000
	b. **07-998 Ráðstöfunarfé**	–5 000
9.	Við 3. gr. Eftirtaldir liðir falli brott:	
	a. 08-372 Borgarspítalinn.	
	b. 08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir.	
	c. 08-385 Framkvæmdasjóður aldraðra.	
10.	Við 3. gr. Við bætast nýir liðir:	
	08-998 Ráðstöfunarfé	–8 000
	09-212 Skattakerfið, ýmis útgjöld	–10 000
11.	Við 3. gr. 09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum.	
	Fyrir „–50 000“ kemur	–100 000
12.	Við 3. gr. 09-989 Launa- og verðlagsmál.	
	a. Við 110 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra í samræmi við samþykktir ríkisstjórnarinnar.	
	Fyrir „–20 000“ kemur	–100 000
	b. Við 610 Stofnkostnaður.	
	Fyrir „–32 000“ kemur	–50 000
13.	Við 3. gr. bætast nýir liðir:	
	a. **09-99 Ráðstöfunarfé**	–5 000
	b. **09-999 Ýmislegt, óviss útgjöld**	–30 000
14.	Við 3. gr. Eftirtaldir liðir falli brott:	
	a. 10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa.	
	b. 10-331 Vita- og hafnamálaskrifstofan.	
	c. 10-333 Hafnamál.	
	d. 10-342 Rannsóknanefnd sjóslysa.	
	e. 10-471 Flugmálastjórn.	
	f. 10-651 Ferðamálaráð.	
15.	Við 3. gr. Við bætist nýr liður:	
	10-998 Ráðstöfunarfé	–3 000
16.	Við 3. gr. 11-371 Orkusjóður. Liðurinn fellur brott.	
17.	Við 3. gr. Við bætast nýir liðir:	
	a. **11-998 Ráðstöfunarfé**	–8 000
	b. **12-998 Ráðstöfunarfé**	–3 000
	c. **14-998 Ráðstöfunarfé**	–3 000
	d. **15-181 Ríkisbifreið, framlag**	–4 000
	e. **15-998 Ráðstöfunarfé**	–1 000

Sþ. 1175. Breytingartillaga [268. mál]

við till. til þál. um flugmálaáætlun árin 1990–1993.

Frá fjárveitinganefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar skv. I. kafla laga nr. 31/1987 að árin 1990–1993 skuli framkvæmdum í flugmálum hagað samkvæmt eftirfarandi flugmálaáætlun.

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1990	1991	1992	1993
1.1. Markaðar tekjur:				
*1. Flugvallagjald	285	306	306	306
*2. Eldsneytisgjald	40	43	43	43
3. Lendingargjöld	67	67	67	67
4. Loftferðaeftirlitsgjöld	19	19	19	19
5. Leigugjöld	23	23	23	23
6. Þjónustugjöld	30	30	30	30
7. Aðrar tekjur	14	14	14	14
	478	502	502	502
1.2. Önnur framlög:				
1. Framlag úr ríkssjóði	532	647	647	647
Samtals	1010	1149	1149	1149

* Tekjur sem bundnar eru til framkvæmda í flugmálum samkvæmt lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

II. SKIPTING ÚTGJALDA
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1990	1991	1992	1993
2.1. Rekstur:				
1. Yfirstjórn	52	60	60	60
2. Loftferðaeftirlit	27	32	32	32
3. Reykjavíkurflugvöllur	81	101	101	101
4. Flugvalladeild	136	154	154	154
5. Flugleiðsöguþjónusta	75	95	95	95
6. Flugumferðarþjónusta	147	178	178	178
7. Alþjóðaflugþjónusta	167	180	180	180
	685	800	800	800

	1990	1991	1992	1993
2.2. Áætlunarflugvellir I:				
1. Flugbrautir og stæði	81	90	72	80
2. Byggingar	47	14	0	0
3. Fjarskipta- og veðurmælitæki	1	1	0	15
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	0	0	0	0
5. Snjóhreinsibúnaður	7	0	30	0
6. Aðflugs- og rafbúnaður	2	0	1	59
7. Ljósabúnaður	0	0	0	9
8. Bundið slitlag	0	49	73	38
9. Yfirstjórn framkvæmda	6	9	13	10
	144	163	189	211
2.3. Áætlunarflugvellir II:				
1. Flugbrautir og stæði	9	8	0	0
2. Byggingar	15	11	0	0
3. Fjarskipta- og veðurmælitæki	0	0	0	17
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	0	0	2	0
5. Snjóhreinsibúnaður	3	12	39	0
6. Aðflugs- og rafbúnaður	1	0	9	50
7. Ljósabúnaður	0	0	0	0
8. Bundið slitlag	47	2	0	0
9. Yfirstjórn framkvæmda	3	2	0	3
	78	35	50	70
2.4. Áætlunarflugvellir III:				
1. Flugbrautir og stæði	50	0	0	0
2. Byggingar	15	42	0	0
3. Fjarskipta- og veðurmælitæki	0	0	0	0
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	0	44	0	0
5. Snjóhreinsibúnaður	0	0	25	0
6. Aðflugs- og rafbúnaður	0	6	27	0
7. Ljósabúnaður	0	0	0	0
8. Bundið slitlag	0	0	0	0
9. Yfirstjórn framkvæmda	4	2	0	0
	69	94	52	0
2.5. Aðrir flugvellir og lendingarstaðir:				
1. Óskipt	19	22	22	22
2. Yfirstjórn framkvæmda	1	2	2	2
	20	24	24	24
2.6. Flugleiðsögu- og flugumferðarþjónusta:				
1. Óskipt	14	16	16	16
2.7. Til leiðréttinga og brýnna verkefna:	0	17	18	28
Samtals	**1010**	**1149**	**1149**	**1149**

III. FLOKKUN FLUGVALLA

3.1 Áætlunarflugvellir I.

Reykjavíkurflugvöllur, Akureyrarflugvöllur, Egilsstaðaflugvöllur, Alexandersflugvöllur við Sauðárkrók og Húsavíkurflugvöllur.

3.2 Áætlunarflugvellir II.

Ísafjarðarflugvöllur, Vestmannaeyjaflugvöllur, Patreksfjarðarflugvöllur og Hornafjarðarflugvöllur.

3.3 Áætlunarflugvellir III.
Grímseyjarflugvöllur, Siglufjarðarflugvöllur, Vopnafjarðarflugvöllur, Flateyrarflugvöllur, Bíldudalsflugvöllur, Norðfjarðarflugvöllur, Þingeyrarflugvöllur, Þórshafnarflugvöllur, Suðureyrarflugvöllur, Gjögursflugvöllur, Bakkafjarðarflugvöllur, Borgarfjarðarflugvöllur, Ólafsfjarðarflugvöllur, Raufarhafnarflugvöllur, Breiðdalsvíkurflugvöllur, Kópaskersflugvöllur, Fáskrúðsfjarðarflugvöllur, Rifsflugvöllur, Blönduósflugvöllur, Stykkishólmsflugvöllur, Hólmavíkurflugvöllur og Grundarfjarðarflugvöllur.

3.4 Aðrir flugvellir og lendingarstaðir.
Arngerðareyri, Búðardalur, Bær, Djúpivogur, Hella, Ingjaldssandur, Kirkjubæjarklaustur, Melgraseyri, Reykhólar, Reykjahlíð, Reykjanes, Sandskeið/Kapelluhraun, Selfoss og Vík. Álftaver, Bakki, Berjanesfitjar, Bolungarvík, Borgarnes, Breiðabólstaður, Dagverðará, Einholtsmelar, Fagurhólsmýri, Flúðir, Geysir, Grímsstaðir, Gunnarsholt, Herðubreiðalindir, Hnausar, Hólakot, Hrafnseyri, Hrauneyjafoss, Húsafell, Hveravellir, Kaldármelar, Kerlingarfjöll, Króksfjarðarnes, Krókstaðamelar, Melanes, Melgerðismelar, Múlakot, Narfastaðamelar, Núpur, Nýidalur, Sandármelar, Sandur, Selárdalur, Seyðisfjörður, Skálavatn, Skógarsandur, Sprengisandur, Stórholt, Stóri-Kroppur, Svínafell, Tálknafjörður, Þórisós og Þórsmörk.

IV. SUNDURLIÐUN VERKEFNA
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1990	1991	1992	1993
4.0. Yfirstjórn framkvæmda	14,0	15,0	15,0	15,0
	14,0	15,0	15,0	15,0
4.1. Reykjavík				
1. Tækjageymsla	24,8			
2. Hitamælar	1,0			
3. Vararafmagn	2,4			
4. Malbik		48,9	72,4	37,6
5. Sanddreifari			4,0	
6. Markviti			0,7	
7. Stefnusendir				30,0
8. Skyggnismælir				2,0
9. Skýjahæðarmælir				4,0
	28,2	48,9	77,1	73,6
4.2. Akureyri				
1. Snjóblásari	7,0			
2. Hitamælir		1,0		
3. Bremsumælir			3,0	
4. Stefnusendir				15,0
5. Skyggnismælir				1,0
6. Skýjahæðarmælir				4,0
	7,0	1,0	3,0	20,0

	1990	1991	1992	1993
4.3. Egilsstaðir				
1. Flugbraut	81,0	89,3		
2. Flugstöð	14,3	14,1		
3. Flugbrautarlenging			72,4	79,8
4. Snjóblásari			8,0	
5. Flugbrautarsópur			10,0	
6. Bremsumælir			3,0	
7. Stefnusendir				15,0
	95,3	103,4	93,4	94,8
4.4. Sauðárkrókur				
1. Tækjageymsla	7,6			
2. Bremsumælir			2,0	
3. Skyggnismælir				1,0
4. Skýjahæðarmælir				2,5
5. Aðflugsljós				9,0
	7,6	0,0	2,0	12,5
4.5. Ísafjörður				
1. Bundið slitlag	11,4	2,4		
2. Snjósópur		12,0		
3. Bremsumælir			2,0	
4. Vararafmagn			1,5	
5. Skyggnismælir				1,0
6. Skýjahæðarmælir				4,0
	11,4	14,4	3,5	5,0
4.6. Vestmannaeyjar				
1. Bundið slitlag	34,5			
2. Tækjageymsla	7,6			
3. Snjósópur	3,0		7,0	
4. Radíóviti	1,0			
5. Snjóplógur			4,0	
6. Sanddreifari			1,0	
7. Bremsumælir			2,0	
8. Vararafmagn			1,5	
9. Stefnusendir				12,2
10. Skyggnismælir				1,0
11. Skýjahæðarmælir				2,0
	46,1	0,0	15,5	15,2
4.7. Patreksfjörður				
1. Tækjageymsla	7,6			
2. Öryggissvæði	3,8			
3. Björgunarbátur			1,0	
4. Snjóplógur			4,0	
5. Snjóblásari			2,0	
6. Sanddreifari			1,0	
7. Bremsumælir			2,0	
8. Vararafmagn			1,5	
9. Stefnusendir				7,0
10. Fjarlægðarmælir				4,0
11. Skyggnismælir				1,0
12. Skýjahæðarmælir				2,0
	11,4	0,0	11,5	14,0

	1990	1991	1992	1993
4.8. Húsavík				
1. Flugbraut, lenging	3,8			
2. Tækjageymsla		11,0		
3. Snjóblásari			1,0	
4. Bremsumælir			2,0	
5. Radíóviti			1,0	
6. Markviti			0,7	
7. Vararafmagn			1,5	
8. Stefnusendir				12,2
9. Skyggnismælir				1,0
10. Skýjahæðarmælir				2,0
	3,8	11,0	6,2	15,2
4.9. Hornafjörður				
1. Flugbraut, þverbraut	1,4	8,5		
2. Björgunarbátur			1,0	
3. Snjóplógur			4,0	
4. Snjóblásari			2,5	
5. Sanddreifari			1,0	
6. Snjósópur			2,0	
7. Bremsumælir			2,0	
8. Vararafmagn			1,5	
9. Stefnusendir				15,0
10. Skyggnismælir				1,0
11. Skýjahæðarmælir				2,0
	1,4	8,5	14,0	18,0
4.10. Grímsey				
1. Flugbraut	7,6			
2. Slökkvibúnaður		4,5		
3. Radíóviti		1,0		
4. Markviti			0,7	
5. Sanddreifari			1,0	
	7,6	5,5	1,7	0,0
4.11. Siglufjörður				
1. Tækjageymsla	1,4			
2. Sanddreifari			1,0	
3. Markviti			0,7	
4. Vararafmagn			1,5	
	1,4	0,0	3,2	0,0
4.12. Vopnafjörður				
1. Tækjageymsla	4,8			
2. Sanddreifari			1,0	
	4,8	0,0	1,0	0,0
4.13. Flateyri				
1. Slökkvibúnaður		4,5		
2. Sanddreifari			1,0	
3. Vararafmagn			1,5	
	0,0	4,5	2,5	0,0

	1990	1991	1992	1993
4.14. Bíldudalur				
1. Tækjageymsla		2,4		
2. Slökkvibúnaður		4,5		
3. Sanddreifari			1,0	
4. Vararafmagn			1,5	
	0,0	6,9	2,5	0,0
4.15. Norðfjörður				
1. Öryggissvæði	5,7			
2. Tækjageymsla	1,4			
3. Radíóviti		1,0		
4. Vararafmagn			1,5	
	7,1	1,0	1,5	0,0
4.16. Þingeyri				
1. Sanddreifari			1,0	
2. Vararafmagn			1,5	
3. Radíóviti		1,0		
	0,0	1,0	2,5	0,0
4.17. Þórshöfn				
1. Flugbraut	11,4			
2. Tækjageymsla		2,4		
3. Slökkvibúnaður		4,5		
4. Farþegaskýli		8,5		
5. Radíóviti		1,0		
6. Sanddreifari			1,0	
7. Markviti			0,7	
	11,4	16,4	1,7	0,0
4.18. Suðureyri				
1. Sanddreifari			1,0	
	0,0	0,0	1,0	0,0
4.19. Gjögur				
1. Flugbraut	4,8			
2. Tækjageymsla		8,5		
3. Slökkvibúnaður		4,5		
4. Radíóviti		1,0		
5. Snjóplógur			4,0	
6. Snjóblásari			2,5	
7. Sanddreifari			1,0	
8. Markviti			0,7	
9. Vararafmagn			1,5	
	4,8	14,0	9,7	0,0
4.20. Borgarfjörður eystri				
1. Öryggissvæði	2,9			
2. Slökkvibúnaður		4,5		
3. Tækjageymsla		2,4		
4. Sanddreifari			1,0	
5. Markviti			0,7	
6. Vararafmagn			1,5	
	2,9	6,9	3,2	0,0

	1990	1991	1992	1993
4.21. Raufarhöfn				
1. Öryggissvæði	2,9			
2. Tækjageymsla		0,9		
3. Radíóviti		1,0		
4. Sanddreifari			1,0	
	2,9	1,9	1,0	0,0
4.22. Breiðdalsvík				
1. Tækjageymsla		2,4		
2. Slökkvibúnaður		4,5		
3. Sanddreifari			1,0	
4. Radíóviti			1,0	
5. Markviti			0,7	
6. Vararafmagn			1,5	
	0,0	6,9	4,2	0,0
4.23. Kópasker				
1. Hlað, öryggissvæði	3,8			
2. Tækjageymsla		8,5		
3. Slökkvibúnaður		4,5		
4. Snjóblásari			2,5	
5. Sanddreifari			1,0	
6. Radíóviti			1,0	
7. Markviti			0,7	
8. Vararafmagn			1,5	
	3,8	13,0	6,7	0,0
4.24. Rif				
1. Flugbraut, lenging	2,1			
2. Radíóviti			1,0	
3. Markviti			0,7	
	2,1	0,0	1,7	0,0
4.25. Blönduós				
1. Tækjageymsla		2,4		
2. Sanddreifari			1,0	
3. Radíóviti			1,0	
	0,0	2,4	2,0	0,0
4.26. Stykkishólmur				
1. Öryggissvæði	3,6			
2. Tækjageymsla		2,4		
3. Slökkvibúnaður		4,5		
4. Sanddreifari			1,0	
5. Radíóviti			1,0	
6. Vararafmagn			1,5	
	3,6	6,9	3,5	0,0
4.27. Hólmavík				
1. Öryggissvæði	5,7			
2. Farþegaskýli	7,6			
3. Slökkvibúnaður		4,5		
4. Sanddreifari			1,0	
5. Markviti			0,7	
	13,3	4,5	1,7	0,0

	1990	1991	1992	1993
4.29. Aðrir flugvellir og lendingarstaðir				
1. Óskipt	19,1	22,0	22,0	22,0
	19,1	22,0	22,0	22,0
4.30. Flugleiðsögu- og flugumferðarþjónusta				
1. Óskipt	14,0	16,0	16,0	16,0
	14,0	16,0	16,0	16,0
4.31. Til leiðréttinga og brýnna verkefna	0,0	17,0	18,5	27,7
Samtals	325,0	349,0	349,0	349,0

Sþ. 1176. Breytingartillaga [465. mál]

við till. til þál. um breyt. á þál. um vegáætlun fyrir árin 1989–1992.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar (SighB, MF, AS, ÁHE, ÓÞÞ).

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að árið 1990 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað samkvæmt eftirfarandi vegáætlun:

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1990
1.1. Markaðar tekjur 1990:	
1. Bensíngjald	3186
2. Þungaskattur, km-gjald	925
3. Þungaskattur, árgjald	285
	4396
1.2. Eftirstöðvar markaðra tekna frá fyrri árum, innheimtar 1990	100
1.3. Sérstök fjáröflun vegna flýtingar jarðganga á Vestfjörðum	47
Samtals	4543

II. SKIPTING ÚTGJALDA
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1990
2.1. Stjórn og undirbúningur:	
1. Skrifstofukostnaður	119
2. Tæknilegur undirbúningur	90
3. Umferðartalning og vegaeftirlit	29
4. Eftirlaunagreiðslur	8
	246

		1990
2.2.	**Viðhald þjóðvega:**	
	1. Sumarviðhald	
	1. Viðhald malarvega	316
	2. Viðhald vega með bundið slitlag	331
	3. Viðhald brúa	62
	4. Viðhald varnargarða	12
	5. Heflun vega	162
	6. Rykbinding	54
	7. Vinnsla efnis	184
	8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð	74
	9. Vegmerkingar	22
	10. Umferðaröryggisaðgerðir	23
		1240
	2. Vetrarviðhald	477
		1717
2.3.	**Til nýrra þjóðvega:**	
	1. Stofnbrautir	
	1. Almenn verkefni og bundið slitlag	685
	2. Sérstök verkefni	385
	3. Stórverkefni	623
		1693
	2. Þjóðbrautir	256
	3. Bundið slitlag á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum	29
	4. Girðingar og uppgræðsla	22
		2000
2.4.	**Til brúagerða:**	
	1. Brýr 10 m og lengri	138
	2. Smábrýr	7
		145
2.5.	**Til fjallvega o.fl.:**	
	1. Aðalfjallvegir	14
	2. Aðrir fjallvegir	9
	3. Þjóðgarðavegir o.fl.	7
	4. Vegir á Þingvöllum	6
	5. Reiðvegir	4
		40
2.6.	**Til sýsluvega:**	150
2.7.	**Til vega í kaupstöðum og kauptúnum:**	225
2.8.	**Til vélakaupa og áhaldahúsa:**	0
2.9.	**Til tilrauna:**	20
	Samtals	4543

SUNDURLIÐUN
2.3. Til nýrra þjóðvega.
1. Stofnbrautir.
1.1. Almenn verkefni og bundið slitlag.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1990 Fjárv. m.kr.
1	Suðurlandsvegur	
18	Um Markarfljót	7
30	Skeiða- og Hrunamannavegur	
04	Þjórsárdalsvegur-Hrunavegur	18
35	Biskupstungnabraut	
04	Laugarvatnsvegur-Skálholtsvegur	11
38	Þorlákshafnarvegur	
01	Suðurlandsvegur-Þrengslavegur	22
1	Vesturlandsvegur	
17	Eyrarfjallsvegur-Kjósarskarðsvegur	2
19	Rannsóknir í Hvalfirði	2
40	Hafnarfjarðarvegur	
03	Kópavogur-Arnarnes	38
04	Umferðarljós	5
41	Reykjanesbraut	
03	Landbætur	3
1	Vesturlandsvegur	
01	Rannsóknir í Hvalfirði	1
01	Um Hvalstöð og Olíustöð	24
09	Eskiholtslækur-Gljúfurá	12
54	Ólafsvíkurvegur	
05	Núpá-Skógarnesvegur	2
08	Staðará-Urriðaá	40
60	Vestfjarðavegur	
09	Víðir-Bessatunga	20
10	Rannsóknir í Gilsfirði	2
60	Vestfjarðavegur	
01	Gilsfjörður	3
03	Króksfjarðanes- Kambur	14
24	Gemlufallsheiði	5
61	Djúpvegur	
05	Snæfjallastrandarvegur-Flugvöllur	44
18	Hafnartangar-Hamar	29
25	Óshlíð	11
62	Barðastrandarvegur	
05	Hlaðseyri-Raknadalur	19

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1990 Fjárv. m.kr.
65	Súgandafjarðarvegur	
02	Botn-Laugar	3
1	Norðurlandsvegur	
08	Árfarið í Vatnsdal	4
19	Víðivellir-Uppsalir	16
19	Uppsalir-Kjálkavegur	8
74	Skagastrandarvegur	
01-02	Norðurlandsvegur-Skagaströnd	10
76	Siglufjarðarvegur	
08-09	Um Brúnastaðaá og Fljótaá	1
10	Strákagöng	16
1	Norðurlandsvegur	
03-04	Hörgárdalur	47
20	Skútustaðir-Garður	6
82	Ólafsfjarðarvegur	
06	Um Ólafsfjarðarmúla	73
85	Norðausturvegur	
21	Raufarhöfn-flugvöllur	9
26	Hafralónsá-Langanesvegur	8
1	Austurlandsvegur	
15	Úlfsstaðir-Stóra-Sandfell	12
25-27	Fossá-Valtýskambur	59
38	Mánagarður-Myllulækur	17
47-48	Hof-Virkisá	13
85	Norðausturvegur	
04	Á Sandvíkurheiði	15
93	Seyðisfjarðarvegur	
02	Langahlíð-Norðurbrún	10
96	Suðurfjarðavegur	
01	Norðfjarðarvegur-Handarhald	7
04	Skriður-Höfðahús	4
07	Tunguá-Víkurgerði	12
10	Stöðvará-Tóftá	1
	Samtals	685

1.2. Sérstök verkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1990 Fjárv. m.kr.
1	Suðurlandsvegur	
11-12	Um Mýrdalssand	11
12	Um Múlakvísl	29
18	Um Markarfljót	4

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1990 Fjárv. m.kr.
34	Eyrarbakkavegur	
05	Um Ölfusárós	6
40	Hafnarfjarðarvegur	
03	Kópavogur-Arnarnes	36
1	Vesturlandsvegur	
13	Sveinatungumúli	25
54	Ólafsvíkurvegur	
02-03	Um Mýrar	44
1	Vesturlandsvegur	
02-03	Holtavörðuheiði	16
60	Vestfjarðavegur	
22	Um Dýrafjörð	30
61	Djúpvegur	
05	Tenging Inn-Djúps	3
1	Norðurlandsvegur	
18-21	Miðhús-Sýslumörk	44
1	Norðurlandsvegur	
03	Öxnadalur	32
917	Hlíðarvegur	
01-07	Vopnafjörður-Hérað	25
92	Norðfjarðarvegur	
09-10	Um Oddsskarð	76
	Jarðgangarannsóknir	4
	Samtals	385

1.3. Stórverkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1990 Fjárv. m.kr.
	Jarðgöng.	
60	Vestfjarðavegur	
27	Vestfjarðagöng	58
82	Ólafsfjarðarvegur	
06	Ólafsfjarðarmúli	272
	Samtals	330
	Höfuðborgarsvæðið.	
40	Hafnarfjarðarvegur	
03	Kópavogur-Arnarnes	105
	Sætún vestan Kringlumýrarbrautar	73
	Nýbýlavegur	31
	Samtals	209

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1990 Fjárv. m.kr.
	Stórbrýr.	
	Dýrafjörður	67
	Markarfljót	16
	Til undirbúnings næstu verkefna	1
	Samtals	84
	Stórverkefni samtals	623

2. Þjóðbrautir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1990 Fjárv. m.kr.
26	Landvegur	
01	Um Marteinstungu	14
211	Álftaversvegur	1
240	Stórhöfðavegur	4
252	Landeyjavegur	
06	Ártúnsvegur-Suðurlandsvegur	1
261	Fljótshlíðarvegur	
03-04	Hlíðarendakot-Háimúli	9
268	Þingskálavegur	
02	Þingskálar-Haukadalur	2
37	Laugarvatnsvegur	
03	Um Laugardalshóla	8
316	Kaldaðarnesvegur	
01	Um Litlu Sandvík	4
358	Einholtsvegur	
01	Um Tungufljót	9
360	Grafningsvegur efri	
02	Grafningsvegur neðri-Nesjavellir	8
415	Bessastaðavegur	
02	Álftanesvegur-Bessastaðir	5
425	Nesvegur	
02	Reykjanesviti-Grindavíkurvegur	18
461	Meðalfellsvegur	2
50	Borgarfjarðarbraut	
02	Um Andakílsá	7
05	Síðumúlaveggir-Varmaland	21
59	Laxárdalsvegur	
01	Höskuldsstaðir-Þrándarkot	7

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1990 Fjárv. m.kr.
527	Varmalandsvegur	
01	Borgarfjarðarbraut-Samkomuhús	4
574	Útnesvegur	
04	Snjóastaðir í Djúpudölum	7
606	Karlseyjarvegur	
01	Reykhólasveitarvegur-Karlsey	15
607	Reykhólasveitarvegur	
10	Grímsnes-Hafnanes	11
711	Vatnsnesvegur	
05	Hjá Ósum	2
731	Svínvetningabraut	
01	Norðurlandsvegur-Reykjabraut	9
745	Skagavegur	
03	Um Laxá	2
752	Skagafjarðarvegur	
01-02	Varmilækur-Mælifellsá	11
764	Hegranesvegur vestri	3
765	Hegranesvegur eystri	3
805	Svarfaðardalsvegur	
02	Hreiðarstaðakot-Hóll	3
812	Bakkavegur	
01	Um Pálmholtslæk	3
816	Dagverðareyrarvegur	
01	Norðurlandsvegur-Ólafsfjarðarvegur	7
830	Svalbarðseyrarvegur	
01	Norðurlandsvegur-Svalbarðseyri	14
848	Mývatnsvegur	
01	Vagnbrekka-Stekkjarnes	2
850	Flugvallarvegur Mývatnssveit	
01	Kísilvegur-Flugvöllur	2
864	Hólsfjallavegur	
01-04	Norðurlandsvegur-Norðausturvegur	4
94	Borgarfjarðarvegur	
01	Mýnes-Eiðar	34
	Samtals	256

2.4. Til brúagerða.
1. Til brúa 10 m og lengri.

	1990 Fjárv. m.kr.
Ölfusá, göngubrú (1)	31
Tungufljót (358)	15
Álftá (54)	7
Geiradalsá (60)	4
Fljótaá (76)	32
Brúnastaðaá (76)	14
Eyjafjarðará (823)	14
Falljökulkvísl (1)	5
Kelduárkvísl, yfirbygging (931)	8
Fjarðará (ÞÞ)	6
Morsá (Skaftafellsþjóðgarður)	2
Samtals	138

Sþ. 1177. Breytingartillögur [465. mál]

við till. til þál. um breyt. á þál. um vegáætlun fyrir árin 1989–1992.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni og Ásgeiri Hannesi Eiríkssyni.

Við II. Skipting útgjalda.	Millj. kr.
a. Við 2.1.2. Tæknilegur undirbúningur.	
Fyrir „90“ kemur	30
b. Við 2.3.4. Girðingar og uppgræðsla.	
Fyrir „22“ kemur	82

Nd. 1178. Nefndarálit [163. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Davíð Á. Gunnarsson, forstjóra Ríkisspítala, Skúla G. Johnsen borgarlækni og Dögg Pálsdóttur, deildarstjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Nefndinni bárust umsagnir frá bæjarstjórn Hafnarfjarðar og stjórnarnefnd Ríkisspítala.

Nefndin leggur til að 4. gr. verði breytt þannig að verkefni heilbrigðismálaráðs verði eftirlit með en ekki stjórn heilbrigðismála í héraði. Einnig er lagt til að heilbrigðismálaráð skipuleggi ekki rekstur heilbrigðisstofnana í héraði þar sem slíkt er frekar í verkahring stjórna einstakra stofnana eftir því sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið ákveður. Þá leggur nefndin til að í 1. málsl. síðustu málsgreinar 10. gr. frumvarpsins verði tekið fram til öryggis að

íbúar Seltjarnarness geti valið sér heimilislækni eða heilsugæslulækni á sama hátt og íbúar Reykjavíkurborgar.

Nefndin fellst á þær breytingar sem gerðar voru í meðförum efri deildar að einni undanskilinni. Gerð er tillaga um breytingu á ákvæði til bráðabirgða þannig að það sé hafið yfir efa að ekki sé ætlunin að leggja Heilsuverndarstöðina í Reykjavík niður, heldur að henni sé ætlað framtíðarhlutverk í tengslum við heilsugæslustarf í Reykjavík samkvæmt þeim lögum sem hér er fjallað um og samkvæmt þeim tillögum sem stjórn hennar kemur til með að gera.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þessum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali, en nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja aðrar breytingartillögur eða fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Alþingi, 2. maí 1990.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, form., frsm.	Anna Ólafsdóttir Björnsson, fundaskr.	Geir Gunnarsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Geir H. Haarde.	Guðmundur G. Þórarinsson.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Nd. 1179. Breytingartillögur [163. mál]

við frv. til. l. um breyt. á l. nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Við 4. gr.:
   a. Í stað orðanna „Stjórn heilbrigðismála“ í 1. tölul. síðari efnismálsgreinar komi: Eftirlit með heilbrigðismálum.
   b. Orðin „og rekstri“ í 3. tölul. síðari efnismálsgreinar falli brott.
2. Við 10. gr. Á eftir orðunum „íbúar borgarinnar“ í síðasta málslið bætist við: og Seltjarnarness.
3. Við ákvæði til bráðabirgða. Í stað 4. málsl. 1. tölul. komi tveir nýir málsliðir er orðist svo: Stjórnin skal í umboði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra annast rekstur Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur og gera í samráði við héraðslækni og stjórnir heilsugæsluumdæmanna í Reykjavíkurhéraði tillögur um framtíðarhlutverk stöðvarinnar samkvæmt lögum þessum og í tengslum við heilsugæslustarf í Reykjavík. Skipulag þessa efnis skal koma til framkvæmdar frá 1. janúar 1992.

Nd. 1180. Nefndarálit [422. mál]

um frv. til l. um breyt. á læknalögum, nr. 53/1988.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Á fund hennar komu Dögg Pálsdóttir, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Helgi Valdimarsson, varaforseti læknadeildar Háskóla Íslands, Haukur Þórðarson, Viðar Hjartarson og Páll Þórðarson frá Læknafélagi Íslands.

Umsagnir um frumvarpið bárust frá eftirtöldum: Geðlæknafélagi Íslands, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, landlækni, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Læknafélagi

Íslands og læknadeild Háskóla Íslands, læknaráðum Borgarspítala, Landakotsspítala og Landspítala, Sérfræðingafélagi lækna, Sigurði Þór Guðjónssyni og stjórnarnefnd Ríkisspítala.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um ákvæði 1.–3. gr. frumvarpsins um veitingu lækningaleyfis og framhaldsnám við Háskóla Íslands. Með vísan til umsagna þeirra, sem nefndinni bárust, telja nefndarmenn að of skammur tími sé til umfjöllunar um þessar mikilvægu greinar. Því er gerð tillaga um að fella þær brott. Gerð er tillaga um að ný grein bætist við frumvarpið þar sem ráðherra er gert skylt að leita umsagnar heildarsamtaka launafólks og atvinnurekenda um reglur og gerð læknisvottorða. Mikið var rætt um afhendingu sjúkraskráa og upplýsinga úr þeim. Nefndin er sammála um að leggja til að fyrirsögn greinarinnar breytist þannig að heiti hennar verði: *Meðferð upplýsinga í sjúkraskrám*, en ekki: *Afhending sjúkraskráa*. Þá eru tekin af öll tvímæli um að ákvæði um afhendingu afrita úr sjúkraskrám séu ekki afturvirk. Loks er lagt til að frestur landlæknis til ákvörðunar um það hvort gögn skuli afhent verði átta vikur. Að lokum er lagt til að gerðar verði breytingar á 18. gr. læknalaga svo að skýrar sé kveðið á um tilkynningarskyldu læknis og honum sé gert að tilkynna landlækni ef skaði hlýst af læknisverki. Lagt er til að ráðherra setji reglur um meðferð landlæknis á slíkum málum. Breytingar á 7. gr. eru tæknilegs eðlis þar sem breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á læknalögum, eru ekki svo verulegar að þörf sé á að gefa lögin út að nýju svo breytt.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þessum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali, en nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja aðrar breytingartillögur eða fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Alþingi, 2. maí 1990.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, form., frsm.	Anna Ólafsdóttir Björnsson, fundaskr.	Geir Gunnarsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Geir H. Haarde.	Guðmundur G. Þórarinsson.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Nd. 1181. Breytingartillögur [422. mál]

við frv. til. l. um breyt. á læknalögum, nr. 53/1988.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. 1.–3. gr. falli brott.
2. Á eftir 3. gr. bætist við ný grein er orðist svo:
   Síðari málsgrein 11. gr. laganna orðist svo:
   Ráðherra setur nánari reglur um gerð og útgáfu læknisvottorða, að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands, og að fenginni umsögn heildarsamtaka launafólks og vinnuveitenda.
3. 4. gr. orðist svo:
   Fyrirsögnin í staflið G í III. kafla laganna verði:
   Meðferð upplýsinga í sjúkraskrám.
4. Við 5. gr.:
   a. Í stað orðanna „Gildir þetta einnig“ í lokamálslið 2. efnismgr. komi: Þetta gildir þó ekki.
   b. Í stað orðsins „fjögurra“ í 5. efnismgr. komi: átta.

5. Á eftir 5. gr. bætist við ný grein svohljóðandi:
   Eftirtaldar breytingar verði á 18. gr. laganna:
   a. 2. mgr. orðist svo:
      Verði læknir í starfi sínu var við mistök eða vanrækslu af hálfu lækna eða annarra heilbrigðisstarfsmanna skal hann tilkynna það landlækni. Sama skylda hvílir á öðrum heilbrigðisstéttum og öðrum þeim sem vinna með læknum.
   b. Á eftir 2. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:
      Hljótist skaði af læknisverki skal læknir sá sem verkið vann eða yfirlæknir tilkynna það til landlæknis.
   c. Við greinina bætist ný málsgrein er orðist svo:
      Ráðherra setur reglur um meðferð landlæknis á málum skv. 2. og 3. mgr.
6. 2. málsl. 7. gr. falli brott.

Sþ. 1182. Nefndarálit [299. mál]

um till. til þál. um skipulega fræðslu og leiðsögn fyrir útlendinga sem taka sér búsetu á Íslandi.

Frá félagsmálanefnd.

Tillagan gerir ráð fyrir að séð verði til þess að útlendingar, sem setjast að á Íslandi, hljóti skipulega fræðslu og leiðsögn til að auðvelda þeim að takast á við daglegt líf. Talin eru upp nokkur atriði sem fræðslan eigi einkum að ná til.

Nefndin fékk umsögn um tillöguna frá Bandalagi kennarafélaga, félaginu Germania, Félagsmálastofnun Hafnarfjarðar, Samtökum um kvennaathvarf, Rauða krossi Íslands og Thailensk-íslenska félaginu.

Á fund nefndarinnar komu vegna málsins Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneyti, og Guðrún Ágústsdóttir, aðstoðarmaður menntamálaráðherra.

Allir umsagnaraðilar lýsa yfir stuðningi við þingsályktunartillöguna og gefa ýmsar ábendingar varðandi efni hennar.

Félagsmálastjórinn í Hafnarfirði, Marta Bergmann, sem jafnframt er formaður Samtaka félagsmálastjóra, greinir frá því að hún hafi á síðari hluta árs 1989 ritað félagsmálaráðherra bréf vegna bágrar stöðu nokkurra austurlenskra kvenna í Hafnarfirði og rekur efni þess í umsögn sinni. Þá segir orðrétt: „Eftir að hafa vakið athygli ráðherra á vanda þessa þjóðfélagshóps kynnti undirrituð málið fyrir samtökum félagsmálastjóra í Íslandi á sl. haustfundi. Sumir félagsmálastjórar könnuðust við þennan vanda en ekki var vitað hve mikill hann væri fyrr en á þessum fundi.

Fyrir hönd samtaka félagsmálastjóra á Íslandi vill undirrituð fagna framkominni þingsályktunartillögu þar sem tekið er á þeim þætti er varðar fræðslu fyrir útlendinga sem setjast vilja hér að. Nánar tiltekið fjallar tillagan um íslenskukennslu, fræðslu um réttindi og skyldur íslenskra þjóðfélagsþegna, fræðslu um íslenskt þjóðfélag og helstu stofnanir þess. Loks fjallar tillagan um fræðslu um sögu landsins og staðhætti, íslenska menningu og þjóðlíf. Að mati samtaka félagsmálastjóra á Íslandi er fræðsla um alla framantalda þætti nauðsynleg þeim útlendingum sem setjast vilja hér að. Samtökin vilja þó koma með ábendingu um viðbót við fræðsluefnið, þ.e. fræðslu um réttarstöðu erlendra ríkisborgara sem hyggjast setjast að á Íslandi. Einnig telja samtökin þörf á því að skýrar sé kveðið á um þessa réttarstöðu í lögum.

Þá vill undirrituð bæta því við í ljósi þeirrar reynslu, sem fengist hefur af þessum málum hjá Félagsmálastofnun Hafnarfjarðar, að tryggja þurfi að allir þeir útlendingar, sem hyggjast setjast hér að fái vitneskju um hina fyrirhuguðu fræðslu og að þeim verði gert kleift að njóta hennar óháð tekjum og búsetu.“

Í umsögn frá Samtökum um kvennaathvarf segir m.a.: „Til okkar í Kvennaathvarfið hafa á síðastliðnu ári leitað konur frá ellefu löndum öðrum en Íslandi. Hafa þær leitað stuðnings símleiðis eða komið til okkar í viðtöl. Þar af hafa komið til dvalar konur frá sjö erlendum ríkjum. Þessar konur hafa allar utan ein verið í sambúð með eða verið giftar íslenskum mönnum. Þær hafa ekki sótt námskeið í íslensku og þó ekki væri nema þess vegna eru þær einangraðar í íslensku samfélagi. Sjö þessara kvenna komu frá öðrum menningarsvæðum en hinu vestræna og höfðu litla sem enga þekkingu á lagalegri stöðu sinni á Íslandi. Vegna málleysis og upplýsingaskorts hafa konur þessar haft alls kyns ranghugmyndir um rétt sinn og það hefur m.a. orðið til þess að þær hafa ekki slitið annars vonlausum samböndum.

Algengt er að þær konur, sem til okkar hafa leitað, hafi fengið villandi upplýsingar um að við skilnað yrði þeim skilyrðislaust vikið úr landi og að þær misstu við það forræði yfir börnum þeim sem þær ættu með íslenskum mönnum.

Þessar konur hafa ekki vitað um félagslegan stuðning við einstæðar mæður. Þær hafa t.d. ekki vitað um meðlög og mæðralaun, barnabætur og tímabundna aðstoð frá sveitarfélögum. Við þekkjum dæmi þess að erlendar konur hafi skrifað undir kaupmála þar sem þær hafa afsalað sér tilkalli til allra eigna án þess að hafa vitað undir hvað þær voru að skrifa.

Þrátt fyrir þessar lýsingar hvarflar ekki að okkur að íslenskir karlmenn, sem giftast erlendum konum, geri sér það almennt að leik að mata þær á ranghugmyndum. Okkur þykir það hins vegar sjálfsagt að bjóða nýja þjóðfélagsþegna velkomna með þeim hætti sem lagt er til í þingsályktunartillögunni, enda hlýtur slíkt að skila sér í ánægðari og nýtari þjóðfélagsþegnum."

Í umsögn frá Rauða krossi Íslands segir: „Rauði kross Íslands fagnar fram kominni þingsályktunartillögu. Í viðbót við góða íslenskukennslu er þörf á fræðslu um íslenskt þjóðfélag, réttindi og skyldur þegnanna, sögu lands og þjóðar og menningu. Ekki væri óeðlilegt að slík fræðsla væri bundin við veitingu ríkisborgararéttar.

Ríkisstjórn Íslands hefur á liðnum árum beðið Rauða krossinn aðstoðar þegar tekið hefur verið á móti hópum flóttamanna. Hér hefur því fengist reynsla af þessum málum og er Rauði krossinn fús til að miðla af henni sé þess óskað."

Fulltrúar félagsmálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis, sem komu á fund nefndarinnar, greindu frá því að unnið væri að því í samvinnu ráðuneytanna að koma út bæklingi með fræðsluefni fyrir útlendinga sem hér ætla að setjast að. Ráðinn hefur verið maður til að taka saman efni í bæklinginn. Tilefni þess að farið var að huga að þessu var vandi kvenna frá fjarlægum menningarsvæðum, einkum Suðaustur-Asíu, sem hingað eru komnar. Hins vegar væri miðað við að bæklingurinn nýttist öllum útlendingum, konum sem körlum, og yrði afhentur fólki við komuna til landsins. Meðal efnis yrðu upplýsingar um dvalarleyfi og atvinnuleyfi, almannatryggingar, heilsuvernd, dagvistarmál, íslenska skólakerfið, húsnæðismál og skatta. Rætt er um að koma bæklingnum út á a.m.k. þremur tungumálum: tælensku, ensku og spönsku. Jafnframt væri í undirbúningi að koma á námskeiðum fyrir fólk frá fjarlægum heimshlutum og leita samstarfs við Rauða krossinn um framkvæmd þeirra. Fulltrúar frá dómsmálaráðuneyti og útlendingaeftirliti hafa tekið þátt í undirbúningi þessa máls. Fjármagn vantar til að standa straum af kostnaði við þetta starf, en menntamálaráðuneytið ráðgerir að sækja um fjárveitingu vegna íslenskukennslu fyrir útlendinga á fjárlögum 1991.

Alls munu hér búsettar um 100 konur frá Tælandi og Filippseyjum og bættust 17 í hópinn á fyrstu þremur mánuðum þessa árs.

Félagsmálanefnd telur að með þingsályktunartillögunni sé vikið að brýnu máli sem nauðsynlegt er að brugðist verði við á jákvæðan hátt. Fram hefur komið að af hálfu stjórnvalda eru ákveðnar aðgerðir í undirbúningi og er brýnt að þær komist til framkvæmda sem fyrst. Í því skyni þarf Alþingi að veita fjárhagslegan stuðning. Mestu varðar að

útlendingar, sem hér setjast að, fái upplýsingar um réttindi sín og skyldur og aðgang að kennslu í íslensku og fræðslu um íslenskt samfélag. Í trausti þess að vel verði að þessum málum staðið framvegis leggur nefndin til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Guðni Ágústsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. apríl 1990.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir, fundaskr.	Alexander Stefánsson.
Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Kristinn Pétursson.	Birgir Ísl. Gunnarsson.

Sþ. 1183. Nefndarálit [385. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990 vegna kjarasamninga í febrúar 1990.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Frumvarp þetta er flutt til þess að fá lögfestar þær breytingar á tekjum og gjöldum ríkissjóðs sem ríkisstjórnin telur nauðsynlegar til þess að standa við yfirlýsingar sem gefnar voru í tengslum við kjarasamningana í febrúarmánuði sl. Meiri hl. nefndarinnar hefur þó samþykkt að leggja fram breytingartillögur um útgjöld til tveggja viðfangsefna sem sýnilega vantaði fé til við afgreiðslu fjárlaga. Hér er um að ræða fé til Ríkisspítalanna og til loðdýraræktar. Ýmsir slíkir liðir liggja eftir sem munu væntanlega bíða fjáraukalagafrumvarps sem boðað er að lagt verði fyrir Alþingi í haust.

Þær niðurskurðartillögur, sem birtast í þessu frumvarpi og meiri hl. nefndarinnar virðist ætla að samþykkja, eru margar hverjar ærið sérkennilegar. Það sem einkennir þær er m.a. eftirfarandi:

— Í rekstrarliðum einstakra stofnana er sums staðar farið afar nákvæmlega í saumana, þannig að niðurskurður er í einstökum tilvikum 10–20 þús. kr. Er það mikil nákvæmni, ekki síst með tilliti til þess að fjármálaráðherra sannaði ágæti sitt við fjármálastjórnina með því að fara fram úr heimildum fjárlaga í útgjöldum ríkissjóðs um 9.600 millj. kr. á síðasta ári.

— Skorið er niður í fjölmörgum fjárfestingarliðum sem fjárveitinganefnd hafði lokið við að skipta og Alþingi afgreitt fáeinum vikum áður en frumvarpið var flutt. Þetta tekur til skólabygginga, heilbrigðismannvirkja, hafnarmannvirkja og fjárfestingarliða einstakra stofnana. Mestur er þó niðurskurðurinn hjá Vegagerð ríkisins, 79 millj. kr.

— Skorin eru niður framlög sem eru hvort tveggja í senn lögbundin og samningsbundin. Svo er t.d. um framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs, Framkvæmdasjóðs aldraðra til jarðræktar- og búfjárræktar og til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins.

— Niðurskurði er beitt gagnvart stofnunum sem þegar höfðu of lítið fé til sinnar starfsemi á fjárlögum. Svo er t.d. um Flugmálastjórn. Talið var við afgreiðslu fjárlaga að vantaði 47–48 millj. kr. á launa- og rekstrarlið þeirrar stofnunar. Nú á að skera niður 19,4 millj. kr. til viðbótar. Engar upplýsingar hafa fengist um það hvort á að loka einhverjum flugvöllum og þá hverjum eða hvað af starfsliðinu eigi að vinna kauplaust hluta úr árinu.

Engar áætlanir hafa verið gefnar upp af hálfu ríkisstjórnarinnar um hugsanlegar breytingar á tekjum ríkissjóðs á árinu umfram það sem fram kemur frumvarpinu. Það liggur því fyrir að samkvæmt frumvarpinu og brtt. meiri hl. nefndarinnar vex halli á ríkissjóði frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum úr 3.700 millj. kr. í 4.500 millj. kr.

Við, sem erum fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í fjárveitinganefnd, teljum nauðsynlegt að beita stórauknum sparnaði í ríkisfjármálum. Við höfum marglýst yfir því að þess verði að krefjast að sá sparnaður komi fyrst af öllu fram í aðalskrifstofum ráðherranna sjálfra og ýmsum ákvörðunum þeirra sem iðulega fara í bága við heimildir fjárlaga og jafnvel ákvæði annarra laga. Það frumvarp, sem hér liggur fyrir, þjónar ekki þessu markmiði. Þvert á móti standa yfirleitt óbreyttir þeir fjárlagaliðir sem einstakir ráðherrar, og að sumu leyti ríkisstjórnin í heild, eiga að hafa til frjálsrar ráðstöfunar að eigin geðþótta. Á hinn bóginn er krukkað í útgjaldaliði svo sem að framan er að vikið, einkanlega þá sem fjær standa ráðherrum sjálfum, og það jafnt þótt fjárveitinganefnd og Alþingi haf lagt mikla vinnu í það að deila þar niður fé. Sífelldar breytingar á fjárlögum hafa þann megingalla í för með sér að einstakar stofnanir og forsvarsmenn ákveðinna verkefna, t.d. verklegra framkvæmda, vita ekki hvar þeir standa. Afleiðingin getur orðið sú að aðhaldið dvíni og ringulreið fari vaxandi.

Við, sem að þessu nefndaráliti stöndum, teljum því óhjákvæmilegt að flytja margar breytingartillögur við frv. Þær birtast á sérstöku þingskjali.

Þær meginlínur, sem hafðar eru til hliðsjónar við flutning þessara breytingartillagna, eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að skera niður ýmsa safnliði sem í fjárlögunum eru ætlaðir til frjálsrar notkunar fyrir ríkisstjórn eða einstaka ráðherra. Hér er m.a. um að ræða lækkun á gjaldaliðum til að mæta útgjöldum vegna heimildarákvæða og samkvæmt sérstökum samþykktum ríkisstjórnarinnar og svokallað ráðstöfunarfé einstakra ráðherra er fellt niður. Lagt er til að fé til örfárra annarra viðfangsefna verði lækkað eða fellt niður.
2. Á móti er lagt til að stórfækka niðurskurðartillögum frumvarpsins. Í fyrsta lagi er lagt til að fella niður alla niðurskurðarliði sem á heilli stofnun eru lægri en 1 millj. kr., ýmsir þeirra 10–20 þús. kr. Í öðru lagi er lagt til að fella út niðurskurð á fjárfestingarliðum sem lögð hefur verið mikil vinna í að kanna þörf fyrir og síðan skipta af hálfu fjárveitinganefndar fyrir afgreiðslu fjárlaga. Þetta á við um fé til skóla, hafna og sjúkrahúsa og læknisbústaða. Undir þetta getur einnig heyrt fé til tækjabúnaðar fyrir Landhelgisgæsluna. Í þriðja lagi er lagt til að þurrka út niðurskurð til stofnana og viðfangsefna sem þegar höfðu of knappt fé í fjárlögunum eins og þau voru afgreidd. Þetta á við niðurskurð á fé til Rannsóknasjóðs, jarðræktar- og búfjárræktar, Rannsóknarlögreglu ríkisins, Framkvæmdasjóðs aldraðra, Flugmálastjórnar og styrkingar dreifikerfis í sveitum á vegum Orkusjóðs.

Þessar breytingartillögur eru fluttar í þeim tilgangi að gerbreyta frumvarpi ríkisstjórnarinnar sem meiri hl. nefndarinnar virðist ætla að leggja til að verði samþykkt. Þær fela einnig í sér sparnað fyrir ríkissjóð frá því sem frumvarpið gerir ráð fyrir, auk þess mundi samþykkt þeirra knýja ríkisstjórnina til nokkurrar sparnaðarviðleitni í ákvörðunum sínum og á aðalskrifstofum ráðherranna sjálfra.

Verði þessar breytingartillögur samþykktar munu niðurstöður frumvarpsins breytast í tölum sem hér segir (í þúsundum króna):

Nýr og aukinn niðurskurður útgjalda	274.470
Niðurskurðartillögur felldar brott	201.390
Lækkun á rekstrarhalla ríkissjóðs	73.080

Alþingi, 2. maí 1990.

Pálmi Jónsson, frsm. Egill Jónsson. Friðjón Þórðarson.

Ed. 1184. Frumvarp til laga [352. mál]

um stjórn fiskveiða.

(Eftir 2. umr. í Ed., 3. maí.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.

2. gr.

Til nytjastofna samkvæmt lögum þessum teljast sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð í íslenskri fiskveiðilandhelgi og sérlög gilda ekki um.

FR gefur út kröfur sem einstakar fóðurblöndur ætlaðar einstökum búfjártegundum skulu fullnægja og getur bannað framleiðslu og sölu á fóðurblöndum sem ekki fullnægja settum kröfum.

17. gr. hljóði svo:

ÁR hefur eftirlit með því að tilbúinn áburður innihaldi þau efni og það magn sem framleiðandi gefur til kynna og ábyrgist í samræmi við settar kröfur um hverja áburðartegund.

20. gr. hljóði svo:

SR hefur eftirlit með spírunarhæfni, hreinleika og öðrum eiginleikum sáðvöru sem ástæða þykir til, gefur út kröfur um samsetningu fræblandna og hefur eftirlit með að blöndunarhlutföll séu í samræmi við þær.

c. *Lög 54/1978, byggingarlög.*

1. mgr. 4. gr. hljóði svo:

Félagsmálaráðuneytið setur almenna byggingarreglugerð, svo og sérreglugerðir með ákvæðum um notkun staðla á ýmsum sviðum byggingariðnaðarins.

d. *Lög 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.*

26. gr. hljóði svo:

Viðmiðunarreglur og staðallýsingar um efna- og gerlainnihald matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara.

e. *Lög 108/1984, lyfjalög.*

2. mgr. 3. gr. hljóði svo:

Ráðherra skal, að fengnum tillögum landlæknis, kveðja til nefnd sérfróðra manna til þess að skilgreina nánar og gera tillögur um staðallýsingar þess varnings er greinir í 1. mgr.

2. mgr. 6. gr. hljóði svo:

Lyfjanefnd gerir tillögur til ráðherra um staðallýsingar fyrir lyfjaform, gæði og hreinleika lyfjaefna og hjálparefna við lyfjagerð, svo og fyrir aðgerðir til greiningar og ákvörðunar á þessum efnum.

3. mgr. 6. gr. hljóði svo:

Ráðherra hefur á hendi auglýsingar og útgáfustarfsemi er að staðallýsingum lýtur.

3. tölul. 3. mgr. 14. gr. hljóði svo:

Framleiðandi lyfja skal í hvívetna hlíta ákvæðum gildandi lyfjaskrár og staðallýsinga, svo og reglugerð þar að lútandi, og góðum framleiðsluháttum í lyfjagerð.

3. málsl. 2. mgr. 18. gr. hljóði svo:

Skulu framangreindar upplýsingar ætíð vera í samræmi við það sem greinir í lyfjaskrá, staðallýsingum, sérlyfjaskrá eða skrá um stöðluð lyf, sbr. 13. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir 1. október 1990 skal halda stofnfund Staðlaráðs og leggja á fundinum fram drög að stofnskrá til afgreiðslu. Stofnfundur kýs stjórn Staðlaráðs til næsta reglulegs aðalfundar. Stjórnin skal undirbúa breytta tilhögun á starfsemi Staðlaráðs samkvæmt þessum lögum er taki gildi 1. janúar 1991.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til þess að styrkja lagagrundvöll reglna um staðla hér á landi. Staðlaráð Íslands starfar nú á grundvelli starfsreglna sem stjórn Iðntæknistofnunar hefur sett með heimild í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 41/1978, um Iðntæknistofnun Íslands, þar sem segir að stofnunin gegni hlutverki sínu m.a. með stöðlun. Lagalegur grundvöllur starfseminnar er því ófullnægjandi miðað við þá auknu áherslu sem lögð er á stöðlun og tengda starfsemi í Evrópu.

Þegar rætt er um stöðlun er mikilvægt að gera sér grein fyrir því megineinkenni starfseminnar að staðall er unninn í samvinnu þeirra aðila sem málið er skylt. Af þessu leiðir að enginn einstaklingur eða stofnun getur sest niður og samið staðal án samráðs við hagsmunaaðila. Með slíku samráði er unnin lausn sem telst rétt lausn og góður framkvæmdamáti að bestu manna yfirsýn.

Það var einkum vegna þessara eiginleika stöðlunar að framkvæmdanefnd Evrópubandalagsins hóf að vinna samkvæmt svo kallaðri nýrri aðferð „New Approach“ við að samræma reglur í þeim tilgangi að koma á innri markaði í Evrópu fyrir árslok árið 1992. Ráðið tók ákvörðun um þessa aðferð 7. maí 1985 en áður hafði lengi verið unnið samkvæmt þessari aðferð í raftækni. Samkvæmt ákvörðuninni (100. gr.) á að takmarka lögbundna samræmingu (þ.e. samræmingu í tilskipunum) á tæknisviðum við grunnkröfur um öryggisatriði og kröfur varðandi almenn atriði. Síðan var þeim stofnunum (félögum) sem höfðu unnið að stöðlun í iðnaði fengið það hlutverk að sinna tæknilegum forskriftum í einstökum atriðum. Þessar forskriftir áttu síðan að gefa út sem samræmda staðla í aðildarlöndum bandalagsins. Staðlarnir eru til frjálsra afnota en svo er litið á að sá sem fylgir stöðlunum hafi fullnægt grunnkröfunum í tilskipunum.

Á sama tíma var gerður rammasamningur við evrópsku staðlasamböndin, CEN á almennu sviði og CENELEC á raftæknisviði, um að stýra gerð þeirra staðla sem gert væri ráð fyrir í tilskipunum. Í samningunum er það gert að skilyrði að samþykktir Evrópustaðlar verði gerðir að landsstöðlum í hverju aðildarlandi innan missiris frá samþykkt þeirra og þeir landsstaðlar numdir úr gildi sem koma í bága við Evrópustaðla. Fríverslunarbandalag Evrópu, EFTA, fylgdi á eftir og gerði samsvarandi samning við evrópsku staðlasamböndin. Í viðræðum um Evrópska efnahagssvæðið er reiknað með að vísað sé til samræmdu staðlanna í almennum stjórnvaldsfyrirmælum á tæknisviðum og við opinber innkaup.

Staðlaráð Íslands gerðist aðili að báðum þessum staðlasamböndum um miðbik ársins 1988.

Með þessari nýju stefnu breytist hlutverk þeirra sem vinna við staðla í smærri löndum Evrópu mikið. Áður unnu þeir að gerð þeirra staðla, sem iðnaðurinn taldi sig þurfa á að halda innan lands, á þeim hraða og með þeim mannafla sem aðstæður leyfðu hverju sinni. Engar kvaðir lágu á stjórnvöldum að fylgja stöðlunum. Á þrjátíu ára tímabili hafði Iðntæknistofnun Íslands þannig staðfest um fimmtíu staðla alls en á fyrsta ári aðildar Staðlaráðsins að CEN og CENELEC urðu staðlarnir 130. Nú verða þessi lönd að fylgjast eins vel með þróun mála í Evrópu og kostur er og þær stofnanir sem málin varða hverju sinni.

Helstu málaflokkar sem unnið er að hjá staðlasamböndunum koma fram á bls. 15 í *Íslenskri staðlaskrá 1990,* sem er fylgiskjal við þetta frumvarp. Meðal verkefna sem staðlasamböndunum hefur verið falið að vinna að má nefna að vinna vegna stöðlunar í matvælaiðnaði er nýhafin hjá CEN og sérstök ástæða er til að nefna staðla um gæðakerfi og starfsemi prófunar- og vottunaraðila. Þá hefur staðlasamböndunum einnig verið falið að vinna að uppbyggingu gagnkvæmrar viðurkenningar á prófunarniðurstöðum og vottunum.

Þessir nýju alþjóðlegu staðlar um gæðakerfi (ISO 900x) og evrópskir staðlar (EN 4500x) um vottunarmál kalla á aukið starf Staðlaráðs á því sviði. Einnig þarf að tryggja lagastoð fyrir vottunarstarfsemi og yfirstjórn hennar hér á landi og er í undirbúningi sérstök lagasetning um þau efni.

Með bréfi dagsettu 2. ágúst 1989 skipaði iðnaðarráðherra eftirtalda menn í nefnd til að gera tillögu um frumvarp til laga um staðla: Halldór Jón Kristjánsson, tilnefndur af iðnaðarráðuneyti, Halldór Árnason, tilnefndur af sjávarútvegsráðuneyti, Sturlaugur Daðason, tilnefndur af Útflutningsráði Íslands, Sigurður Arnalds, tilnefndur af Verkfræðingafélag Íslandi, Davíð Lúðvíksson, tilnefndur af Staðlaráði Íslands.

Nefndinni var falið að hafa samráð við þá hagsmunaaðila sem málið varða. Framkvæmdastjóri Staðlaráðs, Jóhannes Þorsteinsson, hefur starfað með nefndinni.

Til undirbúnings vinnu nefndarinnar var aflað gagna um tilhögun staðlamála í Evrópu. Evangelos Vardakas, framkvæmdastjóri CEN, lagði fram tillögur um löggjöf um staðla á Íslandi og einnig var safnað athugasemdum við tillögur Vardakas víðs vegar að. Tillögurnar og athugasemdir við þær hafa verið grundvöllur starfsins í nefndinni.

Samkvæmt frumvarpinu er eftirfarandi lagt til:

1. Staðlaráð Íslands verði einkastofnun sem starfi á grundvelli sérreglna í þessu frumvarpi og verði veitt einkaréttur til stöðlunarstarfs. Frumvarpið byggir á þeirri meginhugsun að hagsmunaaðilar, einkaaðilar, fyrirtæki og samtök þeirra beri aðalábyrgðina á staðlavinnunni. Gert er ráð fyrir að Staðlaráð starfi samkvæmt stofnskrá þar sem settar verði reglur um opna aðild að Staðlaráði Íslands.
   Gert er ráð fyrir að kveðið sé á um innri starfshætti Staðlaráðsins í stofnskrá.
2. Þar sem gera má ráð fyrir verulega aukinni aðild að ráðinu, úr 8 í allt að 25 lögaðila, er lagt til að lögfest verði níu manna stjórn Staðlaráðs sem kosin verði samkvæmt nánari ákvæðum í Stofnskrá. Í grein um fjármál er kveðið á um fjárveitingar til ráðsins af fjárlögum. Jafnframt er miðað við að einkaaðilar að Staðlaráði greiði aðildargjöld.
3. Með tilliti til aðstæðna hér á landi er lagt til að ráðið verði miðstöð stöðlunarstarfs hér á landi og komi fram í öllum þáttum alþjóðlegrar staðlavinnu. Fela má einstökum stofnunum eða aðilum framkvæmd einstakra þátta. Það stefnumið er í samræmi við stefnu EFTA-ríkjanna að einn aðili staðfesti staðla og komi fram fyrir hönd hvers ríkis í stöðlunarmálum.
4. Reglur um birtingarhætti staðla og aðferð við að óska eftir athugasemdum verði skýrar og tryggi víðtækt samráð um efni þeirra. Þá er lagt til að staðfest verði það stefnuatriði að við reglugerðarsmíð verði stuðst í auknum mæli við staðla og settar verði skýrar reglur um lagalega stöðu staðlatilvísana í reglugerðum. Hin nýja aðferð við afnám tæknilegra viðskiptahindrana byggir á slíku kerfi.
5. Staðlaráði eru falin verkefni varðandi vottun og er lagt til að í stofnskrá verði nánar kveðið á um hlutverk ráðsins á því sviði.
6. Gert er ráð fyrir að lög um staðlastarfsemi gætu tekið gildi í áföngum þannig að endurnýjað Staðlaráð kjósi sér stjórn eigi síðar en 1. október nk. og stjórnin undirbúi breytta starfsemi ráðsins frá 1. janúar nk.

Í frumvarpinu er byggt á þeim skilgreiningum á orðunum stöðlun, staðall, sammæli og vottun sem er að finna í gildandi staðli á hverjum tíma um orð og skilgreiningar í stöðlun og skyldri starfsemi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er lagt til að Staðlaráð starfi sem sjálfstæð einkastofnun er starfi á grundvelli stofnskrár er ráðið setur og ráðherra staðfestir. Lagt er til að meginverkefni Staðlaráðs verði skilgreind í stofnskrá. Í þeim drögum að stofnskrá, sem nú liggja fyrir, er byggt á þeirri stefnu að ráðið greiði fyrir því að stöðlun verði beitt í opinberri stjórnsýslu og hjá einkaaðilum og er þá m.a. átt við opinber innkaup og stærri útboð. Enn fremur að staðið verði þannig að gerð staðla að vísa megi til þeirra í auknum mæli í opinberum stjórnvaldsfyrirmælum. Þetta er í samræmi við meginstefnu Evrópuríkja um að samræmdir Evrópustaðlar komi í stað mismunandi tæknilegra reglugerða í einstökum ríkjum og stuðli þar með að afnámi tæknilegra viðskiptahindrana.

Í ljósi þess, að lagt er til að Staðlaráði verði veittur einkaréttur til útgáfu staðla hér á landi, er í þeim frumdrögum að stofnskrá, sem er fylgiskjal við frumvarp þetta, lagt til að skýrar reglur verði um aðild að ráðinu og hún standi hagsmunaaðilum opin. Frumdrögin eru lögð fram til kynningar á því sem kveða þarf á um í stofnskrá. Úr þessum drögum verður unnið á næstu mánuðum og leitað sammælis um stofnskrána fyrir sumarlok.

Til skýringar á hugtökum sem eru notuð í frumvarpi þessu og greinargerð skal þess getið að samkvæmt alþjóðastaðli hafa þau orð sem nefnd eru í 4. mgr. 1. gr. laganna þessar merkingu:

Staðall (e. standard): sérstök gerð opinbers skjals sem er byggt á sammæli hagsmunaaðila og staðfest af þar til viðurkenndum aðila. Í því eru gefnar reglur, leiðbeiningar eða eiginleikar fyrir verknaði eða afrakstur þeirra, ætlaðar fyrir algenga og endurtekna notkun í því markmiði að ná sem mestri samskipan á gefnu sviði.

Stöðlun (e. standardization): það að ná sammæli um skjal sem inniheldur lýsingu á reglum, leiðbeiningum eða eiginleikum sem er ætluð fyrir algenga og endurtekna verknaði eða afrakstur af þeim. Til þessa telst einnig að skjalið er samið í þeim tilgangi að ná fram sem mestri samskipan mála á gefnu sviði og að það hafi hlotið staðfestingu viðkennds aðila.

Alþjóðlegur staðall (e. international standard): opinber staðall sem hefur verið staðfestur af alþjóðastaðlasambandi.

Reglugerð á tæknisviði (e. technical regulation): skjal þar sem kveðið er á um lagalega bindandi kröfur á tæknisviði, staðfestar af stjórnvaldi. Kröfurnar eru ýmist tilgreindar í einstökum atriðum, með tilvísun til staðals, tæknilegrar forskriftar eða framkvæmdastaðals, eða með því að taka staðalinn upp í heild sinni. Undir þetta falla m.a. lög, reglugerðir, tilkynningar og orðsendingar.

Tæknileg forskrift (technical specification): skjal þar sem mælt er fyrir um þær kröfur sem vara, ferli eða þjónusta á að fullnægja og þær tilgreindar í einstökum atriðum.

Vottun (e. certification): starfsemi óháðs aðila þar sem sýnt er fram á að nægjanlegt traust megi bera til þess að réttilega auðkennd og tiltekin vara, ferli eða þjónusta samræmist kröfum í tilgreindum staðli eða öðru regluskjali.

Sammæli (e. consensus): almennt samkomulag sem einkennist af því að mikilvægir hagsmunaaðilar í málinu halda ekki uppi andstöðu við veigamikil atriði. Sammæli næst með því að leitast við að taka tillit til sjónarmiða allra aðila sem málinu tengjast og vinna að lausn sem sameinar andstæðar röksemdir.

Auk þessara skilgreininga er *Evrópustaðall* opinber staðall sem hefur verið staðfestur af öðru hvoru evrópsku staðlasambandanna CEN eða CENELEC.

Um 2. gr.

Í samræmi við stefnumótun í Evrópu um að staðlamál verði samræmd er í greininni lagt til að Staðlaráðinu verði veittur einkaréttur til að gefa út íslenska staðla. Enn fremur þykir rétt að leggja til að Staðlaráð eigi aðild að alþjóðlegu samstarfi um staðlamál fyrir Íslands hönd, en ráðinu verði heimilt að fela öðrum aðilum þátttöku í tæknilegum hluta slíks samstarfs.

Um 3. gr.

Gera má ráð fyrir að u.þ.b. 25 aðilar verði að Staðlaráði og því er í greininni lagt til að ráðið kjósi sér níu manna stjórn. Með hliðsjón af því að ríkisvaldið veitir verulegu fjármagni til starfsemi ráðsins þykir eðlilegt að leggja til að iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra tilnefni tvo stjórnarmenn. Aðrir aðilar að ráðinu kjósi stjórnarmenn að öðru leyti.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um fjárveitingar til ráðsins en ráðið mun hafa sjálfstæðan fjárhag og njóta framlaga á fjárlögum. Ekki er gert ráð fyrir því að framlög ríkisvaldsins aukist vegna setningar laganna. Hins vegar valda aukin verkefni staðlaráða í Evrópu því að framlög ríkisins til þessa málaflokks hafa aukist í þessum löndum. Reiknað er með að svo verði einnig hér á landi. Aukningin er einkum vegna þess að með aðildinni að CEN og CENELEC hafa Íslendingar játast undir þá skyldu að gera staðla sambandanna að sínum. Aðildin er liður í aðlögun að samræmdum Evrópumarkaði og það verður því að teljast eðlilegt að ríkisvaldið tryggi grunnfjármögnun vinnu vegna þessarar skyldu.

Þá hefur þótt eðlilegt að gera ráð fyrir að fyrirtæki og stofnanir, sem aðild eiga að ráðinu, greiði árgjald til að standa straum af kostnaði við starfið. Gert er ráð fyrir að ráðið sjálft ákveði árgjöld í stofnskrá. Þá er einnig reiknað með því að ráðið hafi allnokkrar tekjur af sölu þjónustu sem tengist samræmingarvinnu í Evrópu.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði sú meginregla að staðlar séu til frjálsra afnota í skiptum manna á meðal. Hins vegar er gert ráð fyrir að stjórnvöld geti gert staðal skyldubundinn með því að vísa til hans í reglugerð sem staðfest er og birt með venjulegum hætti.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að skýrt verði kveðið á um birtingu staðla og tilkynningar um ný stöðlunarverkefni. Greininni er ætlað að tryggja að allir þeir sem hagsmuna eiga að gæta geti haft áhrif á gerð staðals. Trygg birting staðla auðveldar enn fremur tilvísun í staðla í opinberum stjórnvaldsfyrirmælum.

Þá er lagt til að heimilt verði að staðfesta staðal sem íslenskan staðal þó hann sé á erlendu máli ef ljóst er að not hans eru bundin við aðila er kunna þá tungu, t.d. flóknir staðlar á flugmálasviði. Þetta er í samræmi við breytingar sem gerðar hafa verið á Norðurlöndum. Nefna má að Finnar hafa nýverið breytt stjórnarskrárákvæði er kveður á um lögbirtingu á finnsku og sænsku á þann veg sem hér er lagt til.

Óframkvæmanlegt er að þýða vissa staðla sem eru á hundruðum blaðsíðna. Enn fremur er óskynsamlegt að eyða fé og fyrirhöfn í slíkt, jafnvel þótt fært væri, ef engir geta fært sér þá í nyt nema kunna það tungumál sem staðallinn er saminn á.

Um 7. gr.

Lagt er til að orðalagi varðandi staðla og stöðlun verði breytt í þeim lögum sem talin eru upp í greininni. Breytingar eru nauðsynlegar vegna þess að orðalag í þeim samræmist ekki þeim skilgreiningum sem eru viðteknar á alþjóðavettvangi og fylgt er í lögum þessum, sbr. athugasemd við 1. gr. frumvarpsins.

Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Frumdrög að stofnskrá fyrir Staðlaráð Íslands.

Neðangreindir aðilar hafa komið sér saman um eftirfarandi stofnskrá Staðlaráðs Íslands og að leita staðfestingar iðnaðarráðherra á henni.

1. gr.

Staðlaráð Íslands starfar á grundvelli laga um stöðlun og skylda starfsemi nr. .../1990 og ákvæða þessarar stofnskrár. Heimili og varnarþing ráðsins er í Reykjavík. Heiti þess er skammstafað STRÍ. Merki þess er ...

Stofnendur ráðsins eru taldir upp í lista sem er fylgiskjal við stofnskrána.

2. gr.

Stofnfé ráðsins er ...

Ríkissjóði er heimilt að leggja fram sem hluta stofnfjárframlags síns allar þær núverandi eignir Iðntæknistofnunar Íslands sem eru einvörðungu nýttar til stöðlunarvinnu eða stöðlunarþjónustu, svo sem búnað og tæki á staðladeild stofnunarinnar og skjalasafn deildarinnar.

3. gr.

Hlutverk ráðsins er að vera miðstöð stöðlunarstarfs í landinu og vettvangur hagsmunaaðila til að hafa áhrif á gerð og notkun staðla hérlendis. Það skal einnig vera þjónustustofnun við aðrar stofnanir, fyrirtæki, einstaklinga og samtök sem vilja nýta sér staðla í starfi sínu. Enn fremur skal ráðið vera upplýsingamiðstöð um innlenda og erlenda staðla og reglugerðir um tæknileg málefni.

Verkefni ráðsins eru m.a. að:

a. hafa umsjón með staðlagerð á Íslandi og vera fulltrúi fyrir Íslands hönd á erlendum vettvangi á sviði stöðlunar;
b. aðhæfa og staðfesta sem íslenska þá staðla sem leiðir af aðild ráðsins að erlendu stöðlunarsamstarfi;
c. greiða fyrir því að íslenskum stöðlum verði beitt í opinberri stjórnsýslu og hjá einkaaðilum;
d. stuðla að því að fjölþjóðlegir staðlar, sem teljast gagna íslensku athafnalífi, verði staðfestir sem íslenskir staðlar;
e. gefa út staðlatíðindi og staðlaskrá;
f. stunda vottun á þeim sviðum þar sem hagsmunaaðilar í íslensku atvinnulífi kunna að óska eftir þeirri þjónustu;
g. stuðla að framgangi stöðlunar á Íslandi á þann hátt sem gagnlegt þykir, m.a. með fræðslu og upplýsingum.

Í starfi sínu hefur ráðið að leiðarljósi að meta jafnan gagnsemi starfsins, jafnframt því sem tekið er tillit til hagsmuna neytenda og umhverfissjónarmiða.

4. gr.

Aðild að ráðinu geta átt stofnanir, samtök eða fyrirtæki, sem telja sig eiga víðtækra hagsmuna að gæta af starfi ráðsins.

Ósk um aðild að ráðinu skal senda stjórn þess er fjallar um umsóknina. Samþykki stjórnin einróma aðildina telst hún afgreidd. Verði ágreiningur í stjórninni um umsóknina er hún lögð fyrir fulltrúaráðið til ákvörðunar. Aðild tekur gildi frá og með einróma afgreiðslu í stjórn eða afgreiðslu í fulltrúaráðinu.

Við mat á umsókn að ráðinu skal stjórnin hafa hliðsjón af annarri skipan ráðsins og miða við að jafnvægi ríki á milli mismunandi hagsmunageira.

Stjórn ráðsins er heimilt að beina umsóknum um aðild að ráðinu til afmarkaðri sviða í starfsemi ráðsins eða hvetja til þess að umsækjandi leiti samvinnu við aðila að ráðinu um sameiginlega aðild þeirra ef aðild beggja mundi auðsýnilega leiða til þess að óeðlilega margir fulltrúar sömu eða svipaðra hagsmuna sætu í ráðinu.

Aðild að Staðlaráðinu er ekki skilyrði fyrir þátttöku í starfi ráðsins, hvorki í verkefnahópi, tækninefnd né í fagstjórn.

5. gr.

Staðlaráð Íslands hefur sjálfstæðan fjárhag. Tekjur þess eru m.a.:

a. framlög á fjárlögum,
b. aðildargjöld,
c. framlög hagsmunaaðila og greiðslur fyrir umbeðna staðlagerð,
d. af sölu staðla og annarrar þjónustu,
e. aðrar tekjur.

6. gr.

Yfirstjórn Staðlaráðs Íslands er í höndum fulltrúaráðs þess.

Aðilar að ráðinu skipa hver einn fulltrúa til setu í fulltrúaráðinu og annan til vara. Fulltrúar skulu skipaðir til tveggja ára í senn. Endurskipa má fulltrúa. Aðilar að ráðinu geta hvenær sem er skipt um fulltrúa sinn með skriflegri tilkynningu þess efnis til formanns. Formaður Staðlaráðsins er aðili að fulltrúaráðinu og formaður stjórnar þess.

Fulltrúarnir eru ábyrgir fyrir því að umbjóðendur þeirra viti ávallt um ákvarðanir sem teknar eru í ráðinu og skulu, þegar það á við, leita eftir afstöðu þeirra til mála sem á dagskrá ráðsins eru hverju sinni.

7. gr.

Fulltrúaráð skal m.a.:

a. bera ábyrgð á og fylgjast með að farið sé að stofnskrá ráðsins og öðrum samþykktum þess,
b. samþykkja langtímaáætlanir, rekstraráætlanir, reikninga og ársskýrslur fyrir hvert einstakt ár,
c. kjósa stjórnarmenn til tveggja ára, aðra en þá sem lögbundið er að valdir séu af öðrum, sbr. 13. gr.,
d. kjósa tvo endurskoðendur reikninga ráðsins til eins árs í senn.

Fulltrúaráðið setur nánari reglur um starfsemi sína og stjórnarinnar.

8. gr.

Sé ekki kveðið sérstaklega á um annað tekur fulltrúaráðið ákvarðanir með einföldum meiri hluta atkvæða þeirra fulltrúa sem mættir eru á fundi. Falli atkvæði jafnt ræður atkvæði formanns. Almennur fundur í fulltrúaráðinu telst ályktunarhæfur ef löglega er til hans boðað og einn fjórði hluti fulltrúa er mættur á fundinn.

9. gr.

Fulltrúaráðið skal koma saman til fundar a.m.k. tvisvar sinnum á ári, á fyrsta ársfjórðungi og á síðari helmingi ársins, og skal fyrri fundurinn vera aðalfundur ráðsins.

Færa skal fundargerð fyrir fundi í fulltrúaráðinu og senda fulltrúum afrit. Hafi fulltrúar ekki gert skriflegar athugasemdir við fundargerð tveimur vikum eftir að hún var send út skoðast fundargerðin samþykkt.

10. gr.

Til fundar skal boðað með bréfi til hvers fulltrúa með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Í bréfinu eða í fylgiskjali við það skulu koma fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að taka afstöðu til mála sem eru til afgreiðslu á fundinum. Aðalfundur er lögmætur ef rétt er til hans boðað og a.m.k. helmingur fulltrúa mætir. Nú mætir innan við helmingur fulltrúa á aðalfund þá skal boða til aðalfundar að nýju innan viku og telst hann lögmætur.

11. gr.

Rétt til setu á aðalfundi eiga:

a. fulltrúaráðsmenn,
b. fráfarandi stjórnarmenn, þeir sem ekki eru lengur í fulltrúaráði, með málfrelsi og tillögurétt á meðan fjallað er um skýrslu stjórnar og reikninga,
c. framkvæmdastjóri með málfrelsi og tillögurétt.

12. gr.

Á aðalfundi skal eftirfarandi, auk annars tekið fyrir:

a. kosning fundarstjóra og fundarritara,
b. yfirfarnar starfsskýrslur fyrra árs, þ.m.t. skýrslur einstakra fagráða og fagstjórna,
c. afgreiddir endurskoðaðir reikningar,
d. afgreidd starfs- og fjárhagsáætlun næsta árs,
e. ákvörðun aðildargjalda,
f. stjórnarkjör (annað hvert ár),
g. inntaka nýrra aðila,
h. kosning endurskoðenda,
i. önnur mál.

Aukafund skal halda þegar þurfa þykir eða ef a.m.k. fjórðungur fulltrúaráðs óskar þess.

13. gr.

Í stjórn Staðlaráðsins skulu sitja níu menn og skulu þeir valdir á eftirfarandi hátt:

a. Iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra skipa hvor um sig einn mann og annan til vara.
b. Hagsmunaaðilar í framleiðslu- og byggingariðnaði, þeir sem eiga aðild að ráðinu, skulu kjósa tvo menn í sameiningu og tvo til vara.
c. Hagsmunaaðilar í sjávarútvegi, þeir sem eiga aðild að ráðinu, skulu kjósa tvo menn í sameiningu og tvo til vara.
d. Menntastofnanir og fagsamtök á tæknisviði, sem eiga aðild að ráðinu, kjósa einn mann í sameiningu og annan til vara.

Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir beinni kosningu.

Við val og kjör stjórnarmanna skal við það miðað að hverju sinni sitji í stjórn fulltrúar þeirra sem helst hafa hagsmuna að gæta af stöðlunarvinnunni. Gæta skal sérstaklega að eðlilegt jafnvægi sé á milli hagsmunaaðila atvinnulífs og stjórnvalda annars vegar og hins vegar á milli einstakra faggreina.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður stjórnar Staðlaráðs er jafnframt formaður Staðlaráðs.

14. gr.

Stjórnin framkvæmir ákvarðanir fulltrúaráðsins og fylgist með fjármálastjórn ráðsins. Stjórnin skipar verkefnahópa, tækninefndir og fagstjórnir og skipar þeim formenn og setur þeim erindisbréf. Stjórnin leggur nefndir, stjórnir og verkefnahópa niður þegar þær hafa lokið störfum eða hentugt þykir annarra hluta vegna að breyta skipaninni.

15. gr.

Meðal sérstakra annarra verkefna stjórnar skal tekið fram eftirfarandi:

a. Leggja skal fjárhagsstöðu ráðsins fyrir stjórnina ekki sjaldnar en þrisvar á ári. Reikningarnir eru bornir saman við áætlun um árið í heild og ákvörðun tekin um aðgerðir vegna frávika sem kunna að hafa orðið frá áætlunum.

b. Stjórnin ákveður gjöld fyrir þjónustu ráðsins.
c. Stjórnin semur reglur um starfsemi skrifstofu ráðsins.
d. Stjórnin ákveður reglur um laun og lífeyrismál starfsmanna ráðsins.
e. Stjórnin starfar sem fagstjórn, sbr. 22. gr., á þeim sviðum sem falla ekki undir aðrar fagstjórnir ráðsins.

16. gr.

Tækninefndir eru skipaðar til þess að annast stöðlun á tilgreindum, afmörkuðum verkefnasviðum. Við skipan nefnda skal þess gætt að í þeim sitji fulltrúar sem víðtækastra hagsmuna á tilteknum sviðum. Einkum skal leitast við að í þeim sitji fulltrúar fyrir framleiðendur, seljendur, neytendur, rannsóknaraðila og stjórnvöld sem vinna að fyrirmælum stjórnvalda á sviðunum.

17. gr.

Tækninefnd skal starfa að eftirtöldum þáttum:
a. annast virka þátttöku Íslendinga í alþjóðlegu eða fjölþjóðlegu staðlasamstarfi,
b. vinna úr niðurstöðum af alþjóðlega eða fjölþjóðlega staðlasamstarfi,
c. annast sérstakt innanlandsverkefni, þ.m.t. endurskoðun gildandi íslensks staðals,
d. bera ábyrgð á viðhaldi gildandi íslensks staðals.

Nú á ekkert af fjórum ofangreindum skilyrðum við um tækninefnd og hefur ekki gert það í eitt ár samfleytt og skal þá leggja tækninefndina niður.

18. gr.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um að stofna tækninefnd setur stjórnin erindisbréf, ákveður hver skuli tilnefna fulltrúa í nefndina og — þegar ljóst er hverjir muni sitja í nefndinni — velur formann.

Ákvörðun stjórnar er tekin, að fengnum tillögum framkvæmdastjóra ráðsins, og að fengnu áliti fagstjórnar, ef tækninefndin fellur undir sérstaka fagstjórn, sjá 22. gr.

19. gr.

Tækninefnd getur farið þess á leit við stjórnina að bætt verði fulltrúum tiltekinna hagsmunaaðila í nefndina eða vinnuhópa sem kunna að starfa á hennar vegum.

20. gr.

Stjórnin getur samþykkt að nefnd á vegum annarra aðila annist samningu á íslenskum staðli á tilteknu sviði, innan lands eða í erlendu staðlasamstarfi.

Skilyrði ofangreinds er að:
a. nefndina skipi fulltrúar sem víðtækastra hagsmuna, sbr. 16. gr.,
b. fyrir liggi samþykki nefndarinnar um að starfa í samræmi við reglur ráðsins og stofnskrá þess,
c. tryggt sé að ráðið verði ekki fyrir kostnaði að vinnu nefndarinnar.

21. gr.

Nú næst ekki í tækninefnd sammæli um mál sem varða staðlavinnuna og skal þá skjóta málinu til starfandi fagstjórnar eða fagráðs, sbr. 22.–23. gr., til úrskurðar. Nú heyrir nefndin hvorki undir fagstjórn né fagráð og skal skjóta málinu til stjórnar til úrskurðar.

22. gr.

Þar sem nokkrar nefndir, tækninefndir og verkefnahópar, vinna að verkefnum á svo skyldum sviðum, að telja má að þau myndi eiginlega heild, getur stjórnin stofnað fagstjórnir.

Hlutverk þeirra er að samræma vinnu á sviðunum, raða verkefnum í forgangsröð og tryggja nána samvinnu við hagsmunaaðila.

Stjórn skipar menn til setu í fagstjórnum og setur fagstjórnum formenn.

23. gr.

Nú berast tilmæli frá hagsmunaaðilum á tilgreindu sviði um að stofnað verði fagráð til að stýra vinnu á sviðinu og með frjálsri aðild allra hagsmunaaðila og er þá stjórninni skylt að bregðast við tilmælunum.

Í afgreiðslu stjórnar á tilmælunum skal stjórnin einkum taka tillit til þess:

a. hvort umrætt svið myndar eina heild eða hvort auka ber við umfang þess eða draga úr því,
b. hvort þeir aðilar sem fagráðsins óska, eða tilkynnt hafa um þátttöku í væntanlegu fagráði, séu fulltrúar víðtækra mismunandi hagsmuna á sviðinu,
c. hvort fyrirliggjandi verkefni réttlæti slíka vinnu sem fagráði fylgir,
d. hvort fé er tryggt til vinnunnar, þ.m.t. kostnaður sem skrifstofa Staðlaráðs kann að verða fyrir af starfinu.

24. gr.

Aðilar að fagráði kjósa sér stjórn. Stjórn fagráðs skipar nefndir til starfa á sviði sínu í samræmi við meginreglur 16.–19. gr.

Fagráð fylgir settum reglum Staðlaráðsins um starfsemina en setur sér sjálft nánari reglur. Stjórn Staðlaráðs skal staðfesta þær reglur áður en þær geta öðlast gildi.

25. gr.

Nú hefur verið stofnað fagráð á tilteknu sviði og er þá lögð niður fagstjórn sem kann að hafa starfað á sviðinu.

26. gr.

Stjórn skal skipa sérstaka nefnd til þess að gæta þeirra hagsmuna sem neytendur kunna að hafa af starfi ráðsins og leita tilnefningar launþegasamtaka og neytendafélaga í nefndina. Nefndin skal gera tillögur til stjórnar um verkefnaval og verklag við stöðlun sem varðar sérstaka hagsmuni neytenda.

27. gr.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra ráðsins, ákveður laun hans og setur honum erindisbréf. Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk og annast daglegan rekstur ráðsins, svo sem nánar er tilgreint í erindisbréfi hans.

28. gr.

Formaður ráðsins kemur auk framkvæmdastjóra fram út á við fyrir hönd ráðsins. Samningar um kaup á fasteignum og sölu þeirra eða um aðrar mikilvægar skuldbindingar skulu undirritaðir af formanni og tveimur stjórnarmönnum hið minnsta.

Varaformaður stjórnar er staðgengill formanns í forföllum hans. Forfallist einnig varaformaður skipar stjórnin einn stjórnarmanna til þess að koma fram fyrir hönd ráðsins.

29. gr.

Reikningsár Staðlaráðs er almanaksárið og skulu reikningar, endurskoðaðir af löggiltum og þar til kjörnum endurskoðendum, lagðir fram á aðalfundi til umræðu og úrskurðar.

Reikningar ráðsins eru öllum opnir.

30. gr.

Aðalfundur ráðsins ákveður aðildargjöld. Þess skal gætt í ákvörðun aðildargjalda að þau hindri ekki að mikilvægir hagsmunaaðilar geti átt aðild að ráðinu.

Aðild getur verið full aðild, aðild að fagráði eða áskriftaraðild. Þegar rætt er um aðild í skjali þessu er átt við fulla aðild. Fulltrúaráðið ákveður nánari reglur um aðild, aðild að fagráði og áskriftaraðild, sem og reglur um aðildargjöld að fagráðum.

31. gr.

Hagnaði, sem verða kann af starfsemi Staðlaráðs Íslands, má einvörðungu verja í samræmi við tilgang ráðsins og verkefni.

32. gr.

Stjórnin getur staðfest skjal sem íslenskan staðal ef:

a. hún telur efni þess henta til útgáfu sem staðall,
b. skjalið hefur verið sent sem frumvarp til almennrar, opinnar gagnrýni þannig að þeir sem telja sig hafa hagsmuna að gæta af efni skjalsins hafi getað haft áhrif á gerð staðalsins,
c. skjalið, efni þess eða efnismeðferð, kemur ekki í bága við skuldbindingar ráðsins á alþjóðavettvangi.

Formlega telst frumvarp hafa verið sent til almennrar, opinnar gagnrýni ef annaðhvort hefur verið getið um það og umsagnarfrest við því í Staðlatíðindum eða í Lögbirtingablaðinu. Einnig skal, eftir því sem atvik bjóða hverju sinni, leitast við að sem flestum hagsmunaaðilum sé kunnugt um auglýst frumvörp sem þá kunna að varða hagsmuni þeirra.

33. gr.

Eigi sjaldnar en ársfjórðungslega skal á vegum Staðlaráðs gefa út Staðlatíðindi þar sem m.a. skal

a. tilkynna um ný stöðlunarverkefni,
b. auglýsa frumvarp að staðli og kalla eftir athugasemdum innan tiltekins tímafrests og
c. tilkynna staðfestingu stjórnar Staðlaráðs á nýjum staðli ásamt lýsingu á meginefni hans.

Geta skal útgáfu Staðlatíðinda í Lögbirtingablaði.

Við útgáfu auglýsinga og ákvörðun tímafrests samkvæmt þessari grein skal miðað við að aðilar, er hagsmuna eiga að gæta, geti haft áhrif á gerð staðalsins svo sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

Heimilt er að gefa út íslenskan staðal á erlendu tungumáli ef sýnt er að það hindri ekki eðlileg not staðalsins. Staðlaráð skal halda staðlaskrá yfir alla gilda íslenska staðla og skal hún birt árlega.

Nú er íslenskur staðall gefinn út í nýrri útgáfu og fellur þá eldri útgáfan úr gildi á gildistökudegi nýju útgáfunnar. Ef stjórn telur rökstudda ástæðu til er heimilt að ákveða að eldri útgáfan eða einstakir hlutar hennar gildi áfram á tilteknu notkunarsviði og um tiltekinn tíma.

34. gr.

Nú hentar íslenskur staðall ekki lengur til þess er honum var ætlað og getur þá stjórnin þá ákveðið að nema hann úr gildi. Ákvörðun þessa efnis skal birt á opinberum vettvangi.

35. gr.

Ráðið setur nánari reglur um einstök atriði er varða starfsemina, svo sem:

a. skyldur þeirra er gegna trúnaðarstörfum fyrir ráðið,
b. framsetningu staðla,
c. notkun staðla við vottun og skylda starfsemi.

36. gr.

Ákvæðum stofnskrár þessarar má breyta á aðalfundi og þarf tvo þriðju hluta atkvæða allra aðila að Staðlaráði Íslands til að breyta þeim. Heimilt er að á aðalfundi verði ákveðið að aðilar greiði skriflega atkvæði um breytingartillögur innan frests sem ákveðinn er á fundinum. Leita skal staðfestingar iðnaðarráðherra á breytingum og taka breytingarnar gildi að fenginni þessari staðfestingu.

37. gr.

Nú samþykkja tveir þriðju hlutar aðila að Staðlaráði Íslands að leggja ráðið niður og skal það þá gert að fengnu samþykki iðnaðarráðherra. Stjórn Staðlaráðsins gerir tillögu til iðnaðarráðherra um ráðstöfun eigna ráðsins.

38. gr.

Stofnskrá þessi tekur gildi ...

Nd. 1193. Frumvarp til laga [578. mál]

um einkaleyfi.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Rétt til að fá einkaleyfi fyrir uppfinningu samkvæmt lögum þessum hefur uppfinningamaður eða sá sem hefur öðlast rétt hans. Einkaleyfi er veitt eftir umsókn fyrir uppfinningu sem hagnýta má í atvinnulífi. Leyfið veitir einkarétt til að hagnýta uppfinninguna í atvinnuskyni.

Helstu nýjungar, sem ekki verða taldar til uppfinninga, eru þær sem eingöngu varða:

1. Uppgötvanir, vísindakenningar og stærðfræðiaðferðir.
2. Listræn verk.
3. Skipulag, reglur eða aðferðir við hugarstarfsemi, leiki eða atvinnustarfsemi eða forrit fyrir tölvur.
4. Miðlun upplýsinga.

Aðferðir við handlækningar, endurhæfingu eða sjúkdómsgreiningu á mönnum eða dýrum verða heldur ekki taldar til uppfinninga. Þetta er þó ekki því til fyrirstöðu að veita megi einkaleyfi fyrir tækjum og afurðum til nota við þessar aðferðir, þar á meðal fyrir efnum og efnablöndum.

Einkaleyfi má ekki veita fyrir:

1. Uppfinningum sem stríða mundu gegn siðgæði eða allsherjarreglu.
2. Plöntu- eða dýraafbrigðum eða aðferðum við að framleiða plöntur eða dýr sem eru aðallega líffræðilegar. Þó má veita einkaleyfi fyrir aðferðum á sviði örverufræði og afurðum slíkra aðferða.

2. gr.

Einkaleyfi verður einungis veitt fyrir uppfinningum sem eru nýjar með tilliti til þess sem þekkt er fyrir innlagningardag og eru að auki frábrugðnar því í verulegum atriðum.

Það telst þekkt sem almennur aðgangur er að í rituðu máli, fyrirlestrum, með hagnýtingu eða á annan hátt. Einnig telst efni einkaleyfisumsóknar, sem lögð hefur verið inn hér á landi fyrir innlagningardag annarrar umsóknar, þekkt ef aðgangur verður almennur að fyrri umsókninni samkvæmt reglum 22. gr. Skilyrðið í 1. mgr. um að uppfinningin sé í verulegum atriðum frábrugðin því sem þekkt er gildir þó ekki gagnvart efni slíkrar umsóknar.

Í 29. og 38. gr. eru ákvæði um að umsóknir, sem um er fjallað í III. kafla, skuli í sérstökum tilvikum hafa sömu áhrif hér á landi og um er rætt í 2. mgr.

Skilyrði í 1. mgr. um að uppfinningar skuli vera nýjar er ekki því til fyrirstöðu að veitt verði einkaleyfi fyrir þekktu efni eða efnablöndum til notkunar við aðferðir þær sem nefndar eru í 3. mgr. 1. gr. svo fremi sem efnið eða efnablöndurnar eru ekki þekktar við einhverjar þessara aðferða.

Einkaleyfi má veita fyrir uppfinningu þótt hún hafi orðið almenningi aðgengileg innan sex mánaða fyrir innlagningardag þegar það má rekja til:

1. augljósrar misbeitingar gagnvart umsækjanda eða einhvers sem hann sækir rétt sinn til eða
2. að umsækjandi eða einhver, sem hann sækir rétt sinn til, hafi sýnt uppfinninguna á opinberri eða opinberlega viðurkenndri alþjóðlegri sýningu samkvæmt sáttmála um alþjóðlegar sýningar sem gerður var í París 22. nóvember 1928.

3. gr.

Einkaréttur sá, sem menn öðlast með einkaleyfi, felur það í sér að aðrir en einkaleyfishafi mega ekki án samþykkis hans hagnýta sér uppfinninguna með því að:

1. framleiða, bjóða til sölu, setja á markað, nota eða flytja inn eða hafa í fórum sínum í þeim tilgangi tæki eða aðrar afurðir sem veitt hefur verið einkaleyfi fyrir eða
2. nota aðferð, sem nýtur einkaleyfisverndar, eða bjóða hana til notkunar hér á landi ef sá sem býður fram aðferðina veit að hana má ekki nota án samþykkis einkaleyfishafa eða slíkt má vera ljóst af aðstæðum eða
3. bjóða, setja á markað eða nota afurð, sem framleidd er með aðferð sem vernduð er með einkaleyfi, eða flytja inn, eiga eða hafa slíka afurð í fórum sínum í ofangreindum tilgangi.

Í einkaréttinum felst einnig að aðrir en einkaleyfishafi mega ekki án hans samþykkis hagnýta sér uppfinninguna með því að afhenda eða bjóða þeim sem ekki hafa heimild til að nota uppfinninguna tilföng til að nota hana hér á landi. Þetta á við ef tilföngin varða verulegan þátt uppfinningar og sá sem lætur þau af hendi eða tilboðsgjafinn veit að þau henta og eru ætluð til slíkra nota eða slíkt er ljóst af aðstæðum. Sé tilfang almenn verslunarvara gildir þetta þó því aðeins að sá sem afhendir eða býðst til að afhenda það hvetji móttakandann til að hafa þann verknað í frammi sem nefndur er í 1. mgr. Við beitingu ákvæða 1. og 2. málsl. þessarar málsgreinar verður að líta svo á að þeir sem fara að með þeim hætti, sem nefndur er í 1., 3. og 4. tölul. 3. mgr., hafi ekki rétt til að notfæra sér uppfinninguna.

Einkaréttur tekur ekki til:

1. athafna sem ekki tengjast atvinnustarfsemi,
2. hagnýtingar á framleiðsluafurð sem nýtur einkaleyfisverndar og sett er á markað hér á landi af einkaleyfishafa eða með samþykki hans,
3. tilrauna með efni uppfinningar,
4. tilreiðslu lyfja í lyfjabúð samkvæmt forskrift frá lækni í einstökum tilvikum eða ráðstöfunar lyfs sem þannig er tilreitt.

4. gr.

Hagnýti einhver sér uppfinningu í atvinnuskyni hér á landi þegar annar leggur inn einkaleyfisumsókn um hana má hinn fyrrnefndi halda þeirri hagnýtingu áfram með sem líkustum hætti þrátt fyrir veitt einkaleyfi, svo fremi að hún sé ekki augljós misbeiting gagnvart umsækjanda eða einhverjum sem hann sækir rétt sinn til. Á sama hátt er hagnýting heimil þeim sem gert hafði verulegar ráðstafanir til að hagnýta uppfinninguna í atvinnuskyni hér á landi.

Aðilaskipti að rétti skv. 1. mgr. geta aðeins orðið í tenglsum við aðilaskipti að þeim atvinnurekstri sem rétturinn á uppruna sinn í eða starfsemi þar sem notkun hans var áformuð.

5. gr.

Einkaleyfi hindrar ekki að vernduð uppfinning sé hagnýtt af öðrum en einkaleyfishafa við notkun erlends ökutækis, skips eða loftfars þegar viðkomandi samgöngutæki er statt hér um stundarsakir eða af tilviljun.

Iðnaðarráðherra getur ákveðið að þrátt fyrir veitt einkaleyfi megi flytja inn varahluti og annað tilheyrandi loftförum og nota hér við viðgerðir á loftförum sem skráð eru í öðru ríki ef það ríki veitir íslenskum loftförum sams konar réttindi.

6. gr.

Nú er sótt um einkaleyfi fyrir uppfinningu sem umsækjandi eða einhver, sem hann sækir rétt sinn til, hefur á síðustu 12 mánuðum fyrir innlagningardag lýst í annarri umsókn um einkaleyfi hér á landi, eða í annarri umsókn um einkaleyfi, uppfinningaskírteini eða í umsókn um smáeinkaleyfi í öðru landi sem er aðili að Parísarsáttmálanum frá 20. mars 1883 um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar. Skal þá litið svo á að seinni umsóknin hafi verið lögð inn samtímis hinni fyrri að því er varðar efni 1., 2. og 4. mgr. 2. gr. svo og 4. gr., enda leggi umsækjandi fram kröfu þar að lútandi. Einnig má byggja forgangsrétt á umsókn um vernd sem lögð er inn í ríki sem ekki er aðili að Parísarsáttmálanum ef íslenskar umsóknir um einkaleyfi njóta sambærilegra réttinda í því ríki og löggjöf þar er í aðalatriðum í samræmi við sáttmálann.

Iðnaðarráðuneytið ákveður nánari skilyrði fyrir heimild til að slíkur forgangsréttur taki gildi.

II. KAFLI

Einkaleyfisumsóknir og meðferð þeirra.

7. gr.

Lög þessi falla undir iðnaðarráðuneytið. Á vegum ráðuneytisins er starfrækt einkaleyfa- og vörumerkjaskrifstofa sem fer með framkvæmd laganna. Með einkaleyfayfirvöldum í lögum þessum er átt við þá skrifstofu nema annað sé tekið fram.

Iðnaðarráðherra skipar áfrýjunarnefnd í einkaleyfamálum. Nefndin úrskurðar í málum sem til hennar verður skotið og varða ákvarðanir einkaleyfayfirvalda, sbr. 25. gr. og 67. gr. þessara laga. Um hæfi formanns og skipunartíma, meðnefndarmenn og málsmeðferð fyrir nefndinni gilda reglur 44. gr. laga nr. 47/1968, sbr. lög nr. 31/1984. Í reglugerð verður nánar kveðið á um nefndina.

8. gr.

Umsókn um einkaleyfi skal skila skriflega til einkaleyfayfirvaldanna eða, ef um er að ræða tilvik sem greinir í III. kafla, til einkaleyfayfirvalda í erlendu ríki eða alþjóðastofnunar.

Einkaleyfisumsókn skal hafa að geyma lýsingu á uppfinningunni ásamt teikningum, sé þeirra þörf, og greinargóða skilgreiningu á því sem krafist er einkaleyfis á (einkaleyfiskröfur). Lýsingin skal vera svo skýr að fagmaður geti á grundvelli hennar útfært uppfinninguna. Ef uppfinningin varðar örverufræðilega aðferð eða afurð framleidda með slíkri aðferð telst henni ekki nægilega vel lýst nema skilyrði 6. mgr. séu uppfyllt.

Umsókn skal hafa að geyma ágrip af lýsingu og einkaleyfiskröfum. Ágripinu er eingöngu ætlað að veita tæknilegar upplýsingar um uppfinninguna en hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

Nafn uppfinningamanns skal tilgreint í umsókn. Sé umsækjandi annar en uppfinningamaður skal umsækjandi sanna rétt sinn til uppfinningarinnar.

Umsækjandi skal greiða tilskilið umsóknargjald. Fyrir einkaleyfisumsókn skal einnig greiða tilskilið árgjald fyrir hvert gjaldár sem byrjar að líða áður en endanleg ákvörðun er tekin um umsókn. Gjaldár samkvæmt lögum þessum er 12 mánuðir og reiknast í fyrsta skipti frá innlagningardegi, en eftir það frá tilsvarandi degi á almanaksárinu.

Ef við uppfinninguna þarf að nota örverur sem hvorki eru aðgengilegar almenningi né hægt að lýsa í umsókn þannig að fagmaður geti á grundvelli hennar útfært uppfinninguna, skal rækt af örverustofninum lögð inn til varðveislu í síðasta lagi á innlagningardegi umsóknar. Ræktina skal þaðan í frá varðveita stöðugt þannig að hver sá, sem heimild hefur samkvæmt lögum þessum, geti fengið afhent sýni af henni hér á landi. Í reglugerð skal kveðið á um hvar slík varðveisla sé heimil.

Ef varðveitt örverurækt verður óvirk eða ekki er af öðrum ástæðum hægt að láta í té sýni af ræktinni má skipta um hana með nýrri rækt af sama örverustofni innan tilskilins tíma og að öðru leyti í samræmi við ákvæði í reglugerð. Í slíkum tilvikum telst nýja varðveislan hefjast sama dag og hin fyrri.

9. gr.

Að beiðni umsækjanda og gegn greiðslu tilskilinna gjalda skulu einkaleyfayfirvöld, í samræmi við nánari ákvæði í reglugerð, láta rannsaka nýnæmi uppfinningarinnar hjá alþjóðlegri nýnæmisrannsóknastofnun, sbr. ákvæði 5. mgr. 15. gr. alþjóðasamstarfssáttmálans um einkaleyfi (PCT) sem gerður var í Washington 19. júní 1970.

10. gr.

Í einni og sömu umsókn má ekki sækja um einkaleyfi fyrir tveimur eða fleiri óskyldum uppfinningum.

11. gr.

Sæki maður um einkaleyfi fyrir uppfinningu sem felst í eldri einkaleyfisumsókn hans og ekki hefur hlotið endanlega afgreiðslu skal að beiðni umsækjanda og að uppfylltum skilyrðum í reglugerð litið svo á að seinni umsóknin hafi verið lögð inn samtímis því að gögn, sem fela í sér uppfinninguna, bárust einkaleyfayfirvöldum.

12. gr.

Hafi umsækjandi ekki heimilisfesti hér á landi skal hann hafa umboðsmann búsettan hérlendis sem getur komið fram fyrir hans hönd í öllu því er varðar umsóknina.

13. gr.

Umsókn um einkaleyfi má ekki breyta á þann hátt að sótt sé um einkaleyfi fyrir einhverju því sem ekki kom fram í umsókninni þegar hún var lögð inn eða á þeim tíma sem hún telst lögð inn skv. 14. gr.

14. gr.

Geri umsækjandi breytingar á umsókn sinni innan sex mánaða frá innlagningardegi skal umsóknin, að beiðni umsækjanda, teljast lögð inn á þeim degi sem breytingarnar bárust einkaleyfayfirvöldum.

Beiðni skv. 1. mgr. skal sett fram innan tveggja ára frá innlagningardegi umsóknar. Slíka beiðni má ekki setja fram oftar en einu sinni og hún verður ekki afturkölluð.

15. gr.

Hafi umsækjandi ekki farið að settum reglum um umsóknir eða einkaleyfayfirvöld telja af öðrum ástæðum að eitthvað sé því til fyrirstöðu að umsókn verði samþykkt skal umsækjanda tilkynnt það og honum gefinn kostur á að tala sínu máli eða bæta umsóknina innan ákveðins frests. Einkaleyfayfirvöld geta þó án samráðs við umsækjanda gert þær breytingar á ágripi umsóknarinnar sem þau telja nauðsynlegar.

Ef umsækjandi hvorki tjáir sig um málið né gerir nauðsynlegar ráðstafanir til að bæta umsóknina innan þess frests sem einkaleyfayfirvöld setja skal hún afskrifuð. Tekið skal fram í tilkynningu skv. 1. mgr. að svo verði gert.

Einkaleyfisumsókn verður þó tekin til meðferðar á ný ef umsækjandi tjáir sig um málið eða bætir umsóknina innan fjögurra mánaða frá því að hinn tiltekni frestur rann út, enda greiði hann tilskilið endurupptökugjald.

Ef árgjald skv. 8., 41. og 42. gr. er ekki greitt verður umsóknin afskrifuð án undanfarandi tilkynningar. Umsókn, sem hefur af þessum ástæðum verið afskrifuð, verður ekki tekin til meðferðar að nýju.

16. gr.

Telji einkaleyfayfirvöld, að fengnu svari umsækjanda, enn eitthvað mæla á móti því að umsóknin verði samþykkt og hafi umsækjandi haft möguleika á því að tjá sig um það atriði skal hafna umsókninni nema einkaleyfayfirvöld telji ástæðu til að gefa umsækjanda að nýju kost á að tala máli sínu eða bæta umsóknina skv. 1. mgr. 15. gr.

17. gr.

Staðhæfi einhver við einkaleyfayfirvöld að hann, en ekki umsækjandi, sé rétthafi uppfinningarinnar geta einkaleyfayfirvöld, ef þau telja vafa leika á í þessum efnum, beint þeim tilmælum til viðkomandi að hann höfði mál til staðfestingar kröfu sinni innan tiltekins frests. Ef viðkomandi verður ekki við tilmælunum geta einkaleyfayfirvöld litið fram hjá staðhæfingu hans við afgreiðslu einkaleyfisumsóknarinnar. Þessa skal getið í tilmælunum.

Ef höfðað er mál fyrir dómstólum um rétt til uppfinningar sem sótt er um einkaleyfi á má fresta frekari meðferð einkaleyfisumsóknarinnar þar til málinu er endanlega lokið.

18. gr.

Færi einhver sönnur á að hann en ekki umsækjandi eigi réttinn til uppfinningar skulu einkaleyfayfirvöld skrá umsóknina á hans nafn, enda setji viðkomandi fram kröfu um það. Sá sem fær einkaleyfisumsókn skráða á sitt nafn með þessum hætti skal greiða umsóknargjald að nýju.

Komi fram krafa um yfirfærslu einkaleyfisumsóknar skv. 1. mgr. má ekki afskrifa, hafna eða samþykkja umsóknina fyrr en tekin hefur verið endanleg afstaða til kröfunnar.

19. gr.

Ef umsóknin er í samræmi við settar reglur og fyrirmæli og ekkert er því til fyrirstöðu að veita einkaleyfi skal umsóknin samþykkt til framlagningar skv. 21. gr.

Eftir að umsókn hefur verið samþykkt til framlagningar verður ekki lögð fram krafa skv. 14. gr. eða einkaleyfiskröfum breytt þannig að umfang einkaleyfisverndar verði víðtækara.

20. gr.

Umsækjandi skal greiða tilskilið framlagningargjald innan tveggja mánaða frá því einkaleyfayfirvöld tilkynntu honum að umsóknin hefði verið samþykkt til framlagningar. Sé gjaldið ekki greitt skal umsóknin afskrifuð. Umsóknin verður þó tekin til meðferðar að nýju ef umsækjandi greiðir framlagningargjaldið og tilskilið endurupptökugjald innan fjögurra mánaða frá því að frestur rann út.

Uppfinningamaður, sem sjálfur sækir um einkaleyfi, getur, innan þess frests sem um ræðir í fyrri málslið 1. mgr., farið fram á að hann verði undanþeginn greiðslu á framlagningargjaldi. Einkaleyfayfirvöld geta orðið við slíkri beiðni ef telja má að umsækjandi eigi í verulegum erfiðleikum með að greiða gjaldið. Ef slíkri beiðni er synjað telst greiðsla, sem innt er af hendi innan tveggja mánaða frá synjun, vera greidd á réttum tíma.

21. gr.

Þegar framlagningargjald skv. 20. gr. hefur verið greitt eða undanþága veitt frá greiðslu þess skulu einkaleyfayfirvöld leggja umsóknina fram svo að almenningur eigi þess kost að skoða hana og bera fram andmæli gegn henni. Framlagningin skal auglýst.

Andmæli skulu vera skrifleg og hafa borist einkaleyfayfirvöldum innan þriggja mánaða frá því að framlagningin var auglýst.

Frá þeim tíma sem framlagningin er auglýst skal vera hægt að fá hjá einkaleyfayfirvöldum prentuð eintök af lýsingu, einkaleyfiskröfum og ágripi umsóknar. Þar skulu koma fram upplýsingar um umsækjanda og uppfinningamann.

22. gr.

Frá og með framlagningardegi umsóknar skulu umsóknargögnin vera öllum aðgengileg.

Þegar liðnir eru 18 mánuðir frá innlagningardegi eða þeim degi, sem krafist er forgangsréttar frá, sbr. 6. gr., skulu umsóknargögnin vera öllum aðgengileg, jafnvel þótt umsóknin hafi ekki verið lögð fram. Hafi verið tekin ákvörðun um að afskrifa eða hafna umsókninni má þó ekki veita aðgang að umsóknargögnunum nema umsækjandi krefjist endurupptöku, áfrýi ákvörðun um höfnun eða krefjist endurveitingar réttinda skv. 72. eða 73. gr.

Ef umsækjandi óskar skulu gögn varðandi umsóknina gerð aðgengileg fyrr en lýst er í 1. og 2. mgr.

Þegar umsóknargögn verða aðgengileg skv. 2. eða 3. mgr. skal birta auglýsingu um það.

Hafi skjal að geyma viðskiptaleyndarmál sem ekki varðar uppfinningu þá sem sótt er um einkaleyfi á geta einkaleyfayfirvöld, ef þess er óskað og sérstakar ástæður eru fyrir hendi, ákveðið að skjalið í heild eða að hluta verði ekki aðgengilegt almenningi. Hafi slík beiðni verið sett fram verður skjalið ekki gert aðgengilegt fyrr en tekin hefur verið ákvörðun þar að lútandi eða liðinn er áfrýjunarfrestur vegna þeirrar ákvörðunar. Áfrýjun hefur í för með sér frestun á framkvæmd ákvörðunar.

Ef rækt af örverustofni er varðveitt í samræmi við ákvæði 8. gr. getur hver sem er fengið afhent sýni af ræktinni í samræmi við ákvæði 1., 2. eða 3. mgr. Þetta þýðir þó ekki að sýni verði afhent neinum þeim sem samkvæmt reglugerð eða lagaákvæðum er óheimilt að meðhöndla varðveittar örverur. Sýni verður heldur ekki afhent neinum þeim sem vegna skaðlegra eiginleika örverunnar er ekki talinn hæfur til að meðhöndla sýnið án verulegrar áhættu.

Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. getur umsækjandi farið fram á að sýni af örverurræktinni skuli aðeins afhent sérfróðum mönnum þar til umsókn er lögð fram eða þar til endanlega hefur verið úrskurðað um hana án þess að hún sé lögð fram. Iðnaðarráðherra setur reglur um frest til að setja slíka beiðni fram og hverjir teljast skuli sérfróðir í þessu samhengi.

Beiðni um afhendingu sýnis skal borin fram skriflega við einkaleyfayfirvöld og skal hún hafa að geyma yfirlýsingu um að fylgt verði þeim takmörkunum varðandi notkun sýnisins sem iðnaðarráðherra ákveður. Ef afhenda á sýnið sérfróðum manni skal hann gefa slíka yfirlýsingu í stað þess sem ber fram beiðnina.

23. gr.

Þegar frestur skv. 2. mgr. 21. gr. er liðinn er umsóknin tekin til frekari umfjöllunar í því skyni að ákveða hvort orðið skuli við henni. Við þá meðferð gilda, eftir því sem við á, ákvæði 15., 16., 17. og 18. gr.

Hafi komið fram andmæli gegn umsókninni skal umsækjanda tilkynnt það og honum gefinn kostur á að segja álit sitt á þeim.

24. gr.

Umsækjandi getur skotið endanlegum ákvörðunum einkaleyfaskrifstofunnar varðandi umsóknina til áfrýjunarnefndar. Ef einkaleyfi er veitt þrátt fyrir rétt fram komin andmæli getur andmælandi einnig skotið þeirri ákvörðun til áfrýjunarnefndar. Falli andmælandi frá málskoti sínu er eigi að síður heimilt að taka það til umfjöllunar ef sérstakar ástæður mæla með því.

Ef beiðni um endurupptöku skv. 3. mgr. 15. gr. eða 1. mgr. 20. gr. er hafnað eða orðið er við beiðni um yfirfærslu umsóknar skv. 18. gr. getur umsækjandi skotið slíkum ákvörðunum til áfrýjunarnefndar. Ef beiðni um yfirfærslu umsóknar er hafnað getur sá sem setti beiðnina fram skotið ákvörðuninni til áfrýjunarnefndar.

Ef beiðni skv. 5. og 8. mgr. 22. gr. er hafnað getur sá sem sett hefur slíka beiðni fram skotið ákvörðuninni til áfrýjunarnefndar.

25. gr.

Þegar ákvörðun varðandi einkaleyfisumsókn er áfrýjað skal það tilkynnt áfrýjunarnefnd í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir að einkaleyfayfirvöld tilkynntu viðkomandi um ákvörðunina. Innan sama frests skal greiða tilskilið áfrýjunargjald. Sé það ekki gert skal vísa áfrýjuninni frá.

Ákvarðanir áfrýjunarnefndar verða ekki bornar undir æðra stjórnvald.

Dómsmál vegna þeirra ákvarðana einkaleyfaskrifstofunnar, sem skjóta má til áfrýjunarnefndar, verður ekki höfðað fyrr en fyrir liggur niðurstaða áfrýjunarnefndar, sbr. þó 52. og 53. gr. Dómsmál vegna þeirrar ákvörðunar áfrýjunarnefndar að hafna einkaleyfisumsókn skal höfðað innan tveggja mánaða frá því að viðkomandi var tilkynnt um ákvörðunina.

Ákvæði 5. mgr. 22. gr. gilda einnig um gögn sem lögð hafa verið fyrir áfrýjunarnefnd.

26. gr.

Einkaleyfi telst veitt þegar umsókn hefur verið endanlega samþykkt. Þegar einkaleyfi hefur verið veitt skal það auglýst og einkaleyfisskjal gefið út. Hafi lýsingu eða einkaleyfiskröfum verið breytt frá útgáfu eintaka sem um getur í 3. mgr. 21. gr. skal vera unnt að fá hjá einkaleyfayfirvöldum afrit af endanlegri gerð einkaleyfisins. Þar skal getið nafns einkaleyfishafa og uppfinningamanns.

Sé umsókn, sem almenningur hefur haft aðgang að, endanlega hafnað eða hún afskrifuð skal birta auglýsingu um það.

27. gr.

Veitt einkaleyfi skulu færð inn í einkaleyfaskrá sem haldin er af einkaleyfayfirvöldum.

III. KAFLI

Alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir.

28. gr.

Með alþjóðlegri einkaleyfisumsókn er átt við umsókn samkvæmt ákvæðum samstarfssáttmálans um einkaleyfi sem undirritaður var í Washington 19. júní 1970.

Alþjóðleg einkaleyfisumsókn skal lögð inn hjá einkaleyfayfirvöldum eða alþjóðastofnun sem í samræmi við ákvæði sáttmálans og reglur, sem settar eru samkvæmt honum, hafa heimild til að veita viðtöku slíkum umsóknum (viðtökuyfirvöld). Alþjóðlega einkaleyfisumsókn er hægt að leggja inn hjá einkaleyfayfirvöldum hér á landi í samræmi við ákvæði reglugerðar sem iðnaðarráðherra setur. Umsækjandi skal greiða einkaleyfayfirvöldum tilskilið umsóknargjald.

Ákvæði 29.–38. gr. eiga við um alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir sem taka til Íslands.

29. gr.

Alþjóðleg einkaleyfisumsókn, sem fengið hefur alþjóðlegan innlagningardag samkvæmt ákvörðun viðtökuyfirvalda, hefur sömu áhrif og einkaleyfisumsókn lögð inn hér á landi sama dag. Ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. eiga þó því aðeins við að umsóknin hafi verið yfirfærð í samræmi við ákvæði 31. gr.

30. gr.

Alþjóðleg einkaleyfisumsókn telst afturkölluð að því er Ísland varðar í tilvikum sem nefnd eru í (i)- og (ii)-lið 1. mgr. 24. gr. samstarfssáttmálans um einkaleyfi.

31. gr.

Óski umsækjandi eftir því að yfirfæra alþjóðlega einkaleyfisumsókn til Íslands skal hann innan 20 mánaða frá alþjóðlegum innlagningardegi eða forgangsréttardegi umsóknarinnar, sé forgangsréttar krafist, greiða tilskilin gjöld til einkaleyfayfirvalda. Enn fremur skal umsækjandi afhenda þýðingu á íslensku af umsókninni að því marki sem ákveðið er í reglugerð. Hafi umsóknin verið lögð inn á íslensku skal afhenda afrit af henni.

Ef umsækjandi óskar að gerð verði alþjóðleg forathugun á einkaleyfishæfi alþjóðlegrar umsóknar og lýsi hann yfir því innan 19 mánaða frá þeim degi sem getið er um í 1. mgr. að hann í samræmi við ákvæði samningsins hyggist nota niðurstöður þeirrar athugunar við umsókn um einkaleyfi á Íslandi skal hann innan 30 mánaða frá fyrrnefndri dagsetningu hafa uppfyllt skilyrði 1. mgr.

Hafi umsækjandi greitt þau gjöld, sem krafist er, innan þess frests, sem um getur í 1. og 2. mgr., má leggja inn tilskilda þýðingu eða afrit innan tveggja mánaða viðbótarfrests gegn því að greitt sé ákveðið viðbótargjald áður en sá frestur rennur út.

Uppfylli umsækjandi ekki skilyrði þessarar greinar telst umsóknin hafa verið dregin til baka að því er varðar Ísland.

32. gr.

Dragi umsækjandi til baka beiðni um alþjóðlega forathugun á einkaleyfishæfi eða yfirlýsingu um að hann hyggist nota niðurstöður slíkrar athugunar við umsókn um einkaleyfi á Íslandi skal litið svo á að alþjóðlega umsóknin hafi verið dregin til baka að því er Ísland varðar nema umsækjandi hafi dregið beiðnina til baka innan þess frests sem gildir skv. 1. mgr. 31. gr. og yfirfært umsóknina innan þeirra tímamarka sem gilda skv. 1. mgr. 31. gr., sbr. 3. mgr. sömu greinar.

33. gr.

Þegar alþjóðleg einkaleyfisumsókn er yfirfærð í samræmi við ákvæði 31. gr. gilda ákvæði II. kafla um umsóknina og meðferð hennar ef ekki er kveðið á um annað í þessari grein eða 34.–37. gr. Umsóknina má þó því aðeins taka til meðferðar að liðnir séu frestir skv. 1. eða 2. mgr. 31. gr. nema umsækjandi óski annars.

Ákvæði 12. gr. tekur ekki gildi fyrr en einkaleyfayfirvöld geta tekið umsóknina til meðferðar.

Þótt umsókn hafi ekki verið yfirfærð koma ákvæði 22. gr. til framkvæmda um leið og umsækjandi hefur uppfyllt skyldur sínar skv. 31. gr. með því að leggja inn þýðingu á umsókninni eða, ef umsóknin er á íslensku, þegar umsækjandi hefur lagt inn afrit af henni til einkaleyfayfirvalda.

Við beitingu ákvæða 48., 56. og 60. gr. telst alþjóðleg einkaleyfisumsókn orðin öllum aðgengileg þegar hún hefur verið gerð aðgengileg samkvæmt ákvæðum 3. mgr. Ef einkaleyfisumsóknin uppfyllir skilyrði samstarfssáttmálans um form og innihald skal hún samþykkt að því leyti.

34. gr.

Alþjóðleg einkaleyfisumsókn verður ekki samþykkt til framlagningar eða henni hafnað fyrr en liðinn er frestur samkvæmt reglugerð nema umsækjandi hafi samþykkt að tekin verði ákvörðun um umsóknina innan þess frests.

35. gr.

Án samþykkis umsækjanda mega einkaleyfayfirvöld ekki leggja fram alþjóðlega einkaleyfisumsókn eða gera hana opinbera í prentuðu máli fyrr en umsóknin hefur verið gerð opinber af Alþjóðahugverkastofnuninni (WIPO) eða 20 mánuðir eru liðnir frá alþjóðlegum innlagningardegi eða forgangsréttardegi sé forgangsréttar krafist.

36. gr.

Hafi hvorki verið gerð alþjóðleg nýnæmisrannsókn á hluta af alþjóðlegri einkaleyfisumsókn né alþjóðleg forathugun á einkaleyfishæfi þess hluta, af þeirri ástæðu að umsóknin er talin hafa að geyma tvær eða fleiri uppfinningar óskyldar hver annarri, og hafi umsækjandi ekki greitt viðbótargjald innan tilskilins frests í samræmi við ákvæði samstarfssáttmálans skulu einkaleyfayfirvöld rannsaka hvort matið var rétt. Reynist svo vera skal umræddur hluti umsóknarinnar teljast afturkallaður hjá einkaleyfayfirvöldum nema því aðeins að umsækjandi greiði tilskilið gjald innan tveggja mánaða frá því að einkaleyfayfirvöld tilkynntu honum um niðurstöðu rannsóknarinnar. Ef einkaleyfayfirvöld komast að þeirri niðurstöðu að matið hafi ekki verið rétt ber þeim að halda áfram málsmeðferð umsóknarinnar í heild sinni.

Umsækjandi getur áfrýjað ákvörðun skv. 1. mgr. þess efnis að umsókn varði tvær eða fleiri óskyldar uppfinningar. Ákvæði 1.–3. mgr. 25. gr. eiga hér við.

Ef úrskurður einkaleyfayfirvalda er staðfestur telst frestur til greiðslu skv. 2. málsl. 1. mgr. frá þeim degi sem endanlegur úrskurður lá fyrir.

37. gr.

Hafi ekki farið fram alþjóðleg forathugun á einkaleyfishæfi hluta alþjóðlegrar einkaleyfisumsóknar af þeirri ástæðu að umsækjandi hefur takmarkað einkaleyfiskröfurnar samkvæmt ábendingu alþjóðlegrar rannsóknarstofnunar skal líta svo á að umræddur hluti umsóknarinnar hafi verið afturkallaður hjá einkaleyfayfirvöldum nema umsækjandi greiði tilskilið gjald innan tveggja mánaða frá því að einkaleyfayfirvöld sendu honum tilkynningu þar að lútandi með vísun til takmörkunar á þeirri rannsókn sem fram fór.

38. gr.

Hafi viðtökuyfirvöld hafnað því að veita alþjóðlegri einkaleyfisumsókn alþjóðlegan innlagningardag, eða tekið ákvörðun um að umsóknin eða beiðni þess efnis að umsóknin taki til Íslands teljist afturkölluð, skulu einkaleyfayfirvöld að beiðni umsækjanda sannreyna hvort ákvörðunin hafi verið rétt. Sama gildir ef alþjóðaskrifstofan hefur úrskurðað að einkaleyfisumsóknin teljist afturkölluð.

Beiðni um endurmat skv. 1. mgr. skal koma á framfæri við alþjóðaskrifstofuna innan frests sem ákveðinn er í reglugerð. Innan sama frests, og að því marki sem kveðið er á um í reglugerð, ber umsækjanda að leggja fram þýðingu á umsókninni til einkaleyfayfirvalda og greiða að auki tilskilið umsóknargjald.

Telji einkaleyfayfirvöld að úrskurður viðtökuyfirvalda eða alþjóðaskrifstofunnar sé rangur skulu þau fara með umsóknina í samræmi við ákvæði II. kafla. Hafi viðtökuyfirvöld ekki ákvarðað alþjóðlegan innlagningardag fyrir umsóknina telst hún vera lögð inn þann dag

sem einkaleyfayfirvöld telja að hefði átt að ákvarða sem alþjóðlegan innlagningardag. Sé umsóknin í samræmi við ákvæði samstarfssáttmálans að því er varðar form og efni skal hún viðurkennd að því leyti.

Ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. gildir um umsókn sem tekin er til meðferðar skv. 3. mgr., svo fremi hún verði gerð almenningi aðgengileg samkvæmt ákvæðum 22. gr.

IV. KAFLI

Umfang einkaleyfis og gildistími.

39. gr.

Umfang einkaleyfisverndar ákvarðast af einkaleyfiskröfum. Skýringa á einkaleyfiskröfum má leita í lýsingu.

40. gr.

Veittu einkaleyfi er unnt að halda í gildi í 20 ár frá innlagningardegi umsóknar. Greiða skal árgjald af einkaleyfi fyrir hvert gjaldár sem byrjar að líða eftir að leyfið er veitt. Verði einkaleyfi veitt áður en árgjöld fyrir umsóknina falla í gjalddaga, sbr. ákvæði 41. gr., skal eigandi einkaleyfisins einnig, um leið og árgjald fyrir einkaleyfið gjaldfellur í fyrsta skipti, greiða árgjöld fyrir þau gjaldár sem hafist hafa fyrir veitingu leyfisins.

V. KAFLI

Greiðsla árgjalda.

41. gr.

Árgjald fellur í gjalddaga síðasta dag fyrsta almanaksmánaðar í gjaldári. Árgjöld fyrir fyrstu tvö gjaldárin falla þó ekki í gjalddaga fyrr en árgjald fyrir þriðja gjaldár gjaldfellur. Heimilt er að greiða árgjald allt að þremur mánuðum fyrir gjalddaga. Ef dómstólar hnekkja úrskurði áfrýjunarnefndar um að hafna umsókn gjaldfellur árgjald, fyrir gjaldár sem hefst eftir að úrskurður áfrýjunarnefndar er kveðinn upp og þar til dómurinn öðlast réttargildi, ekki fyrr en tveir mánuðir eru liðnir frá síðastgreindum degi.

Þegar um er að ræða seinni umsókn skv. 11. gr. teljast árgjöld, fyrir gjaldár sem hefjast áður en hún er lögð inn eða innan tveggja mánaða frá þeim degi, undir engum kringumstæðum fallin í gjalddaga fyrr en tveir mánuðir eru liðnir frá umræddum degi. Þegar um er að ræða alþjóðlega umsókn sem yfirfærð hefur verið skv. 31. gr. teljast árgjöld, fyrir gjaldár sem hefjast fyrir yfirfærsludag eða fyrir þann dag sem umsókn hefur verið tekin til meðferðar skv. 38. gr. eða innan tveggja mánaða frá þeim degi, undir engum kringumstæðum fallin í gjalddaga fyrr en tveir mánuðir eru liðnir frá þeim degi.

Árgjald má, með tilskilinni hækkun, greiða innan sex mánaða frá gjalddaga.

42. gr.

Ef uppfinningamaður er umsækjandi eða eigandi einkaleyfis og teljist það verulegum erfiðleikum bundið fyrir hann að greiða árgjöld geta einkaleyfayfirvöld veitt honum greiðslufrest, enda komi fram beiðni um það í síðasta lagi þann dag sem árgjöldin falla í fyrsta sinn í gjalddaga. Greiðslufrest má veita þrjú ár í senn en þó ekki lengur en í þrjú ár frá veitingu einkaleyfis. Beiðni um lengingu frests skal í síðasta lagi bera fram þann dag sem veittur frestur rennur út.

Ef beiðni um greiðslufrest á árgjaldi eða lengingu hans er hafnað telst greiðsla, sem berst innan tveggja mánaða frá því, greidd á réttum tíma.

Árgjald, sem veittur hefur verið frestur til að greiða skv. 1. mgr., má greiða innan sex mánaða frá þeim tíma, er frestur rann út, með sömu hækkun og nefnd er í 3. mgr. 41. gr.

VI. KAFLI

Nytjaleyfi, framsal o.fl.

43. gr.

Hafi einkaleyfishafi veitt öðrum nytjaleyfi, þ.e. heimild til að hagnýta uppfinningu í atvinnuskyni, er nytjaleyfishafa óheimilt að framselja þann rétt til annarra nema um annað hafi verið samið.

44. gr.

Ef aðilaskipti verða að einkaleyfi eða nytjaleyfi er veitt skulu slíkar breytingar færðar í einkaleyfaskrá sé þess óskað.

Ef færðar eru sönnur á að skráð nytjaleyfi sé fallið niður skal það afmáð í einkaleyfaskránni.

Ákvæði 1. og 2. mgr. taka einnig til nauðungarleyfa og heimilda skv. 2. mgr. 53. gr.

Málssókn vegna einkaleyfis má ætíð beina að þeim sem er skráður einkaleyfishafi í einkaleyfaskrá og tilkynningar frá einkaleyfayfirvöldum má senda honum.

45. gr.

Hafi einkaleyfð uppfinning ekki verið notuð hér á landi með eðlilegum hætti þegar liðin eru þrjú ár frá útgáfu einkaleyfis og fjögur ár frá innlagningu einkaleyfisumsóknar getur sá sem vill nota uppfinninguna hér á landi fengið nauðungarleyfi í því skyni nema gildar ástæður séu fyrir því að uppfinningin hafi ekki verið notuð.

Við beitingu ákvæða 1. mgr. getur iðnaðarráðherra ákveðið ef fullnægt er skilyrðum um gagnkvæmni að notkun í öðru landi teljist jafngild notkun hér á landi.

46. gr.

Þegar hagnýting einkaleyfðrar uppfinningar er háð einkaleyfi sem annar á getur eigandi fyrrnefnda einkaleyfisins fengið nauðungarleyfi til að hagnýta uppfinningu þá sem vernduð er með síðarnefnda einkaleyfinu teljist það sanngjarnt með hliðsjón af mikilvægi fyrrnefndu uppfinningarinnar eða af öðrum sérstökum ástæðum.

Hafi verið veitt nauðungarleyfi skv. 1. mgr. til að hagnýta einkaleyfða uppfinningu getur einkaleyfishafi þeirrar uppfinningar einnig fengið nauðungarleyfi til að hagnýta hina uppfinninguna nema sérstakar ástæður mæli því í mót.

47. gr.

Ef það telst nauðsynlegt vegna ríkra almannahagsmuna má veita þeim sem hagnýta vill í atvinnuskyni uppfinningu sem annar hefur einkaleyfi á nauðungarleyfi til slíkrar hagnýtingar.

48. gr.

Nú hagnýtir einhver í atvinnuskyni hér á landi uppfinningu sem sótt hefur verið um einkaleyfi á þegar umsóknin verður aðgengileg almenningi. Getur viðkomandi þá, ef mjög sérstakar ástæður mæla með því og umsóknin leiðir til einkaleyfis, fengið nauðungarleyfi til að hagnýta uppfinninguna. Það verður því aðeins veitt að viðkomandi hafi ekki vitað um umsóknina og þess verði heldur ekki með sanngirni af honum krafist að hann hafi getað aflað sér slíkrar vitneskju. Á sömu forsendum getur sá er gert hefur verulegar ráðstafanir til að hagnýta uppfinninguna í atvinnuskyni einnig öðlast slíkan rétt.

Nauðungarleyfi skv. 1. mgr. getur náð til tímans fyrir veitingu einkaleyfisins.

49. gr.

Nauðungarleyfi verður eingöngu veitt þeim sem ætla má að sé fær um að hagnýta uppfinninguna á sanngjarnan og viðunandi hátt og í samræmi við leyfið.

Nauðungarleyfi hindrar ekki að einkaleyfishafi sjálfur hagnýti uppfinninguna eða veiti öðrum nytjaleyfi. Aðilaskipti að nauðungarleyfi eru aðeins heimil í tengslum við aðilaskipti að atvinnurekstri þeim sem leyfið er hagnýtt í eða til stóð að hagnýta það.

50. gr.

Bæjarþing Reykjavíkur sker úr um það hvort nauðungarleyfi skuli veitt, að hvaða marki hagnýta má uppfinninguna, hve hátt endurgjald skuli greitt einkaleyfishafa og önnur skilyrði nauðungarleyfis. Breytist aðstæður verulega getur dómstóllinn að kröfu annars hvors aðila fellt leyfið úr gildi eða ákveðið nýja skilmála.

VII. KAFLI

Brottfall einkaleyfis o. fl.

51. gr.

Sé árgjald ekki greitt samkvæmt reglum í 40., 41. og 42. gr. fellur einkaleyfið úr gildi frá og með byrjun þess gjaldárs sem ekki er greitt fyrir.

52. gr.

Ógilda má einkaleyfi með dómi, ef:

1. það hefur verið veitt án þess að skilyrðum 1. og 2. gr. hafi verið fullnægt,
2. það varðar uppfinningu sem ekki er lýst svo greinilega að fagmaður geti á grundvelli lýsingarinnar útfært uppfinninguna,
3. það tekur til einhvers sem ekki kom fram í umsókn þegar hún var lögð inn eða
4. það hefur verið veitt þótt verndarsvið þess hafi verið rýmkað eftir að umsóknin var samþykkt til framlagningar.

Einkaleyfi verður þó ekki dæmt ógilt í heild sinni af þeirri ástæðu að einkaleyfishafinn hafi einungis átt rétt til einkaleyfisins að hluta.

Að frátöldu tilviki því, er greinir í 4. mgr., getur hver sem er höfðað mál samkvæmt grein þessari.

Mál, sem reist er á því að annar hafi öðlast einkaleyfi en sá sem samkvæmt 1. gr. á rétt til þess, getur sá einn höfðað er telur sig eiga rétt til einkaleyfisins. Mál skal höfðað innan eins árs frá því að viðkomandi fékk vitneskju um útgáfu einkaleyfisins og önnur þau atvik sem málssóknin er reist á. Hafi einkaleyfishafi verið í góðri trú þegar einkaleyfið var veitt eða þegar hann eignaðist það verður mál undir engum kringumstæðum höfðað eftir að þrjú ár eru liðin frá útgáfu einkaleyfisins.

53. gr.

Hafi einkaleyfi verið veitt öðrum en þeim sem skv. 1. gr. á rétt til leyfisins skal rétturinn til leyfisins yfirfærður til réttháfa með dómi ef hann krefst þess. Um málshöfðunarfresti fer samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 52. gr.

Hafi maður, sem misst hefur einkaleyfi með dómi, í góðri trú hagnýtt uppfinningu í atvinnuskyni hérlendis eða gert verulegar ráðstafanir til þess er honum heimilt gegn sanngjörnu gjaldi og að öðru leyti með sanngjörnum skilmálum að halda þeirri hagnýtingu áfram með sem líkustum hætti eða hefja fyrirhugaða hagnýtingu innan sömu marka. Handhafi skráðs nytjaleyfis hefur einnig sama rétt á sömu forsendum.

Aðilaskipti að rétti skv. 2. mgr. geta einungis orðið í tengslum við aðilaskipti að þeim atvinnurekstri þar sem rétturinn er hagnýttur eða þar sem til stóð að beita honum.

54. gr.

Falli einkaleyfishafi frá einkaleyfi sínu með skriflegri yfirlýsingu til einkaleyfayfirvalda skulu einkaleyfayfirvöld lýsa einkaleyfið niður fallið.

Nú er byrjuð málssókn um yfirfærslu á rétti til einkaleyfis og má þá ekki lýsa einkaleyfið niður fallið fyrr en úrlausn er fengin í málinu.

55. gr.

Þegar einkaleyfi fellur úr gildi eða það er lýst niður fallið, það dæmt ógilt eða réttur til þess yfirfærður skulu einkaleyfayfirvöld gefa út tilkynningu um það.

VIII. kafli

Skylda til að veita upplýsingar um einkaleyfi.

56. gr.

Beri umsækjandi um einkaleyfi fyrir sig umsókn sína gagnvart öðrum áður en hún er gerð almenningi aðgengileg er honum skylt að veita honum aðgang að umsóknargögnunum sé þess krafist. Hafi rækt af örverustofni verið lögð inn til varðveislu í tengslum við umsóknina, sbr. 6. mgr. 8. gr., skal viðkomandi aðili einnig eiga rétt á því að fá afhent sýni af ræktinni. Ákvæði 2. og 3. málsl. 6. mgr. 22. gr. ásamt 7. og 8. mgr. sömu greinar eiga hér við.

Gefi maður til kynna með því að snúa sér beint til annars eða með auglýsingu, með áritun á vöru eða umbúðir hennar eða með öðrum hætti að sótt hafi verið um einkaleyfi eða það veitt, án þess þó jafnframt að tilgreina númer einkaleyfisins eða umsóknarinnar, er honum skylt að veita þeim sem þess krefst þær upplýsingar án ástæðulausrar tafar. Ef upplýsingar eru til þess fallnar að gefa í skyn að um einkaleyfi hafi verið sótt eða það veitt, án þess að slíkt sé skýrt tekið fram, er skylt, sé þess krafist, að veita án ástæðulausrar tafar upplýsingar um hvort svo sé.

IX. KAFLI

Refsi- og bótaábyrgð o.fl.

57. gr.

Sá sem af ásetningi skerðir einkarétt þann er einkaleyfi veitir skal sæta sektum eða, ef sök er mikil, varðhaldi allt að þremur mánuðum.

Nú er brot framið af félagi eða öðru fyrirtæki og er þá heimilt að dæma það í fésekt.

Sókn sakar á sá sem misgert er við.

58. gr.

Sá sem af ásetningi eða gáleysi skerðir einkaleyfisrétt skal greiða hæfilegt endurgjald fyrir hagnýtingu uppfinningar og að auki skaðabætur fyrir annað það tjón sem skerðingin hefur haft í för með sér.

Skerði einhver einkaleyfisrétt án þess að um ásetning eða gáleysi hafi verið að ræða er hann, ef og að því marki sem það telst sanngjarnt, skyldur til að greiða endurgjald og skaðabætur samkvæmt ákvæðum 1. mgr.

59. gr.

Nú hefur einkaleyfisréttur verið skertur og getur þá dómstóll, sé þess krafist og að svo miklu leyti sem það telst sanngjarnt, mælt fyrir um ráðstafanir til að koma í veg fyrir misnotkun afurða, sem framleiddar hafa verið samkvæmt einkaleyfðri uppfinningu, eða misnotkun tækja, útbúnaðar eða annars sem hefði skerðingu einkaleyfisréttar í för með sér.

Þannig má mæla fyrir um að hlut verði breytt á ákveðinn hátt, hann eyðilagður eða, þegar um er að ræða einkaleyfisverndaðan hlut, að hann verði afhentur gegn endurgjaldi þeim sem misgert var við. Þetta á þó ekki við gagnvart þeim sem í góðri trú hefur eignast viðkomandi hlut eða öðlast umráðarétt yfir honum og hefur ekki sjálfur framið einkaleyfisbrot.

Þegar mjög sérstæðar ástæður liggja til grundvallar getur dómstóll, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. og sé þess krafist, veitt eiganda afurða þeirra, tækja, útbúnaðar og annars sem nefnt er í 1. mgr., heimild til umráða yfir þeim á gildistíma einkaleyfis eða hluta af honum gegn sanngjörnu endurgjaldi og að öðru leyti með sanngjörnum skilmálum.

60. gr.

Hagnýti einhver uppfinningu án heimildar í atvinnuskyni eftir að umsóknargögn hafa verið gerð almenningi aðgengileg og leiði umsóknin til veitingar einkaleyfis verður ákvæðum um einkaleyfisskerðingu beitt eftir því sem við getur átt, að undanskildum ákvæðum 57. gr. Áður en framlagning skv. 21. gr. er auglýst nær einkaleyfisverndin þó aðeins til þess sem leiða má bæði af einkaleyfiskröfum eins og þær voru þegar umsóknin varð almenningi aðgengileg og af einkaleyfiskröfum í einkaleyfinu.

Brotlegur aðili er aðeins skyldur til greiðslu skaðabóta að því marki sem um ræðir í 2. mgr. 58. gr. fyrir tjón sem leiðir af skerðingu sem átt hefur sér stað áður en framlagning umsóknar skv. 21. gr. er auglýst.

61. gr.

Í málum, er varða einkaleyfisskerðingu, verður einkaleyfi því aðeins lýst ógilt að kröfu þess efnis hafi verið beint að einkaleyfishafa, eftir atvikum eftir að honum var stefnt samkvæmt reglum 4. mgr. 63. gr. Verði einkaleyfið dæmt ógilt verður ákvæðum 57.–60. gr. ekki beitt.

62. gr.

Sá sem lætur undir höfuð leggjast að uppfylla skyldur sínar skv. 56. gr. eða gefur rangar upplýsingar skal sæta sektum ef ekki liggur þyngri refsing við broti hans samkvæmt öðrum lögum. Hann skal og bæta það tjón sem af háttsemi hans hefur hlotist, að því marki sem sanngjarnt verður talið.

Ákvæði 2. og 3. mgr. 57. gr. eiga hér einnig við.

63. gr.

Sá sem höfðar mál til ógildingar einkaleyfi eða um yfirfærslu á rétti til einkaleyfis eða til að öðlast nauðungarleyfi skal tilkynna það einkaleyfayfirvöldum. Samtímis skal hann með ábyrgðarbréfi tilkynna málshöfðunina öllum skráðum nytjaleyfishöfum sé heimilisfangs þeirra getið í einkaleyfaskránni. Nytjaleyfishafi, sem höfða vill mál vegna skerðingar á einkaleyfi, skal með sama hætti tilkynna það einkaleyfishafa, enda sé heimilisfangs hans getið í skránni.

Sanni stefnandi ekki á þingfestingardegi að tilkynningar skv. 1. mgr. hafi verið sendar getur dómstóllinn veitt honum frest svo að skilyrðum 1. mgr. verði fullnægt. Nýti stefnandi ekki frestinn í þessu skyni skal vísa máli hans frá dómi.

Nú höfðar einkaleyfishafi mál vegna einkaleyfisskerðingar og vilji stefndi gera kröfu um að einkaleyfið verði dæmt ógilt skal hann samkvæmt ákvæðum 1. mgr. tilkynna það einkaleyfayfirvöldum og skráðum nytjaleyfishöfum. Ákvæði 2. mgr. eiga hér einnig við og verður kröfunni um ógildingu einkaleyfis vísað frá dómi ef stefndi nýtir ekki frestinn.

Í málum um einkaleyfisskerðingu, sem nytjaleyfishafi höfðar, getur stefndi stefnt einkaleyfishafanum án tillits til varnarþings hans til að beina að honum kröfu um ógildingu einkaleyfisins. Ákvæði IV. kafla laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, eiga hér við.

64. gr.

Eftirgreind mál skal höfða fyrir bæjarþingi Reykjavíkur:

1. mál um rétt til uppfinningar sem sótt hefur verið um einkaleyfi á,
2. mál um veitingu einkaleyfis, sbr. 3. mgr. 25. gr.,
3. mál um ógildingu einkaleyfis eða um yfirfærslu á rétti til einkaleyfis, sbr. 52. og 53. gr., svo og mál um réttindi skv. 2. mgr. 53. gr.,
4. mál um réttindi skv. 4. gr. og 2. mgr. 74. gr.,
5. mál um einkaleyfisskerðingu,
6. mál um aðilaskipti að einkaleyfi og mál um nytjaleyfi.

Umsækjendur og einkaleyfishafar, sem ekki eru heimilisfastir hér á landi, skulu taldir eiga varnarþing í Reykjavík í málum samkvæmt lögum þessum.

65. gr.

Endurrit dóma í málum skv. 50. gr. og 1. mgr. 64. gr. skal dómari að eigin frumkvæði láta einkaleyfayfirvöldum í té.

X. KAFLI

Ýmis ákvæði.

66. gr.

Einkaleyfishafi, sem ekki hefur heimilisfesti hér á landi, skal hafa umboðsmann sem búsettur er hérlendis. Í einkaleyfaskrá skal skrá hver umboðsmaður er. Umboðsmaður hefur, fyrir hönd einkaleyfishafa, heimild til að taka við stefnu og öðrum tilkynningum er einkaleyfið varða.

Hafi einkaleyfishafi ekki umboðsmann fer um birtingu stefnu eftir því sem segir í 2. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936. Einnig skal í ábyrgðarbréfi senda skráðum einkaleyfishafa afrit stefnu. Sama gildir um aðrar tilkynningar er einkaleyfið varða.

Iðnaðarráðherra getur ákveðið að reglur 1. mgr. gildi ekki gagnvart einkaleyfishafa sem heimilisfesti á í öðru landi ef einkaleyfishafar, sem heimilisfesti eiga hér á landi, njóta sama réttar að þessu leyti í hinu erlenda ríki. Hið sama gildir einnig ef einkaleyfishafi hefur umboðsmann sem búsettur er í viðkomandi ríki og sá hinn sami er skráður í einkaleyfaskrá hér á landi sem umboðsmaður með heimild til að taka við stefnu og öðrum tilkynningum.

67. gr.

Umsækjandi eða einkaleyfishafi getur skotið til áfrýjunarnefndar öðrum endanlegum ákvörðunum einkaleyfaskrifstofunnar en getið er í 24. gr. í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir að honum var tilkynnt um ákvörðunina. Sama gildir um ákvarðanir skv. 42. gr. eða 1. og 2. mgr. 72. gr., svo og 73. gr. Aðrir, sem hagsmuna eiga að gæta, geta með sama hætti skotið umræddum ákvörðunum til áfrýjunarnefndar í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir að hún var birt.

Innan sama frests skal greiða tilskilið áfrýjunargjald. Sé það ekki gert skal vísa áfrýjuninni frá.

68. gr.

Í reglugerð skal kveðið á um gjöld samkvæmt lögum þessum, þóknun fyrir þjónustu og þess háttar. Einnig er heimilt að ákveða í reglugerð að ekki verði greitt árgjald skv. 41. gr. fyrir eitt eða fleiri hinna fyrstu gjaldára.

69. gr.

Iðnaðarráðherra setur nánari reglur um einkaleyfisumsóknir og meðferð þeirra, um skipulag og færslu einkaleyfaskrár, um útgáfu og efni einkaleyfatíðinda, um skipulag og

starfshætti einkaleyfaskrifstofu og áfrýjunarnefndar, svo og almennt um framkvæmd laga þessara. Þar má m.a. kveða á um að dagbækur einkaleyfaskrifstofunnar um inn komnar umsóknir skuli vera öllum aðgengilegar.

Iðnaðarráðherra getur ákveðið, að ósk yfirvalda í öðru landi, að einkaleyfayfirvöld hér á landi veiti hinu erlenda yfirvaldi upplýsingar um meðferð á innlögðum einkaleyfisumsóknum. Einnig getur iðnaðarráðherra ákveðið að einkaleyfayfirvöld hér á landi geti við mat á einkaleyfishæfi umsóknar lagt til grundvallar rannsókn á einkaleyfishæfi uppfinningar sem fram hefur farið hjá einkaleyfayfirvöldum í öðru landi eða hjá alþjóðlegri stofnun.

Iðnaðarráðherra getur enn fremur ákveðið að umsækjandi hér á landi, sem lagt hefur inn sambærilega umsókn um einkaleyfi í öðru landi, skuli, að kröfu einkaleyfayfirvalda hér á landi, innan ákveðins frests láta í té upplýsingar sem honum hafa verið veittar af einkaleyfayfirvöldum í viðkomandi landi um niðurstöður rannsóknar á einkaleyfishæfi uppfinningar ásamt afriti af bréfaskriftum þeirra á milli. Upplýsinga verður þó ekki krafist vegna alþjóðlegrar umsóknar sem fjallað er um í III. kafla laganna ef fram hefur farið alþjóðleg forathugun á einkaleyfishæfi hennar og skýrsla um rannsóknina hefur verið látin einkaleyfayfirvöldum í té.

70. gr.

Ef nauðsyn krefur vegna neyðarástands af völdum náttúruhamfara, stríðs eða yfirvofandi stríðshættu getur iðnaðarráðherra ákveðið að réttur til að hagnýta uppfinningu falli til ríkisins eða annars aðila sem ráðherra ákveður. Fullt endurgjald skal koma fyrir slíka yfirtöku. Náist ekki samkomulag um endurgjald skal það ákveðið með mati samkvæmt lögum nr. 11/1973.

Ef réttur til að hagnýta uppfinningu er yfirtekinn á grundvelli ákvörðunar skv. 1. mgr. af öðrum en ríkinu og sá aðili greiðir ekki endurgjald það sem þar um ræðir er ríkinu skylt að kröfu þess, sem rétt á til endurgjaldsins, að greiða það samstundis.

71. gr.

Einkaleyfaskrifstofan getur tekið að sér upplýsingaþjónustu og aðra þjónustu varðandi vernd uppfinninga sé þess óskað. Iðnaðarráðherra setur nánari reglur um slíka þjónustu og greiðslu fyrir hana.

72. gr.

Nú glatar einkaleyfisumsækjandi, að frátöldum þeim tilvikum sem nefnd eru í 2. mgr., rétti af þeirri ástæðu að hann eða umboðsmaður hans hefur ekki gert ráðstafanir hjá einkaleyfayfirvöldum innan þess frests sem settur er í lögum þessum eða á grundvelli þeirra og hafi hlutaðeigandi gert allt sem með sanngirni má af honum krefjast til að virða frestinn og geri hann viðeigandi ráðstafanir innan tveggja mánaða frá brottfalli hindrunar er töfinni olli, en þó aldrei síðar en einu ári frá lokum frestsins, skulu einkaleyfayfirvöld endurveita honum réttinn. Til þess að rétturinn verði endurveittur þarf, innan sama frests, að leggja fram skriflega beiðni þar að lútandi og greiða tilskilin gjöld.

Ákvæði 1. mgr. eiga með sama hætti við ef umsækjandi eða einkaleyfishafi hefur ekki greitt árgjald innan þess frests sem ákveðinn er í 3. mgr. 41. gr. eða 3. mgr. 42. gr. Beiðni um endurveitingu réttinda í þeim tilvikum þarf þó að hafa borist og árgjaldið greitt í síðasta lagi sex mánuðum frá lokum frestsins.

Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við um frest skv. 1. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 25. gr.

73. gr.

Nú hefur umsækjandi í þeim tilvikum, er greinir í 31. gr. og 38. gr., sent gögn eða gjöld í pósti, en sendingin ekki komið fram á réttum tíma, og hafi viðeigandi gögnum eða gjaldi verið komið til einkaleyfayfirvalda innan tveggja mánaða frá því að umsækjanda varð ljóst eða hann

mátti vita að frestur var liðinn eða í síðasta lagi einu ári eftir að frestur var liðinn skulu einkaleyfayfirvöld endurveita réttindin ef:

1. póstsamgöngur hafa legið niðri síðustu 10 daga fyrir lok frestsins vegna stríðs, byltingar, uppþots, verkfalls, náttúruhamfara eða af öðrum svipuðum ástæðum á þeim stað þar sem sendandi dvelur eða hefur starfsemi sína og gögnin eða gjöldin eru send einkaleyfayfirvöldum innan fimm daga frá því að póstsamgöngur hófust að nýju eða
2. gögnin eða gjaldið hafa verið send í ábyrgðarpósti til einkaleyfayfirvalda í síðasta lagi fimm dögum fyrir lok frestsins. Ákvæðið á þó aðeins við ef ábyrgðarsendingin var send í flugpósti nema slíkt sé ekki mögulegt eða ef sendandi hefur haft ástæðu til að ætla að hún kæmist til skila í síðasta lagi tveimur dögum frá sendingardegi.

Óski umsækjandi eftir endurveitingu réttinda skv. 1. mgr. skal hann innan þar tilgreinds frests senda einkaleyfayfirvöldum skriflega beiðni þar að lútandi.

74. gr.

Það skal auglýst ef orðið er við beiðni um endurveitingu skv. 72. eða 73. gr. og umsókn, sem hefur verið afskrifuð eða hafnað eftir að hún var gerð almenningi aðgengileg, er tekin til áframhaldandi meðferðar eða niðurfallið einkaleyfi öðlast gildi að nýju á grundvelli endurveitingarinnar.

Hafi maður í góðri trú byrjað að hagnýta uppfinningu hér á landi í atvinnuskyni, eða gert verulegar ráðstafanir til þess eftir að liðinn er tilskilinn frestur til endurupptöku umsóknar sem hefur verið afskrifuð eða hafnað, ellegar eftir að tilkynnt hefur verið að einkaleyfi sé fallið úr gildi, en þó áður en auglýsing skv. 1. mgr. hefur verið gefin út, getur hlutaðeigandi haldið hagnýtingu áfram með sama hætti og áður var.

Aðilaskipti að rétti skv. 2. mgr. geta einungis orðið í tengslum við aðilaskipti að þeim atvinnurekstri þar sem rétturinn er hagnýttur eða þar sem til stóð að beita honum.

XI. KAFLI

Gildistökuákvæði.

75. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar sex mánuðir eru liðnir frá staðfestingu þeirra. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 12 20. júní 1923, um einkaleyfi, með þeim takmörkunum sem leiðir af öðrum ákvæðum þessa kafla. Þá falla úr gildi lög nr. 15 2. apríl 1946, um breytingu á lögum nr. 12 20. júní 1923.

Ekki er hægt að veita einkaleyfi fyrir læknislyfjum fyrr en fimm árum eftir gildistöku laga þessara. Einkaleyfi má þó veita fyrir sérstakri aðferð við tilreiðslu slíkra efna.

Ákvæði 8., 22. og 56. gr. laganna um varðveislu ræktar af örverustofni taka ekki gildi fyrr en slíkt verður ákveðið með reglugerð.

76. gr.

Lögin gilda um einkaleyfi, sem veitt hafa verið eða veitt verða í samræmi við eldri lög, með þeim takmörkunum sem leiðir af eftirfarandi ákvæðum:

1. Einkaleyfi, sem um ræðir í 1. málsl. þessarar greinar, verða einungis ógilt í samræmi við ákvæði 20. gr. laga nr. 12 20. júní 1923.
2. Gildistími einkaleyfa, sem veitt eru 10 árum fyrir gildistöku þessara laga eða fyrr, ræðst af ákvæði 1. mgr. 4. gr. laga nr. 12 20. júní 1923. Gildistími annarra einkaleyfa, sem veitt eru í samræmi við eldri lög, ræðst af lögum þessum en þó þannig að hann verði ekki styttri en 15 ár frá útgáfudegi.
3. Ákvæði laga nr. 12 20. júní 1923 um viðbótareinkaleyfi gilda áfram um þau viðbótareinkaleyfi sem veitt hafa verið í samræmi við þau lög.

77. gr.

Hafi stofnast réttur til að hagnýta uppfinningu á grundvelli ákvæðis 1. mgr. 6. gr. laga nr. 12 20. júní 1923 áður en lög þessi taka gildi skal sá réttur haldast þótt skilyrði 4. gr. þessara laga séu ekki uppfyllt.

78. gr.

Lögin gilda um einkaleyfisumsóknir, sem við gildistöku laga þessara eru til meðferðar hjá einkaleyfayfirvöldum, með þeim takmörkunum sem leiðir af eftirfarandi ákvæðum þessarar greinar og ákvæðum 79. og 80. gr.

1. Um meðferð umsóknar, sem hefur verið auglýst í samræmi við 13. gr. laga nr. 12 20. júní 1923, fer eftir ákvæðum þeirra laga.
2. Með umsóknir um viðbótareinkaleyfi, sem lagðar eru inn fyrir gildistöku laga þessara, verður farið eftir ákvæðum eldri laga.
3. Ákvæðum 8., 22. og 56. gr. laganna um varðveislu ræktar af örverustofni verður einungis beitt varðandi umsóknir sem lagðar eru inn eftir að ákvæðin taka gildi.
4. Ákvæði 3. mgr. 8. gr. um ágrip af lýsingu og einkaleyfiskröfum umsóknar verður einungis beitt varðandi umsóknir sem lagðar eru inn eftir gildistöku laganna.

79. gr.

Nú hagnýtir einhver við gildistöku laga þessara í atvinnuskyni hér á landi uppfinningu sem ekki hefur verið unnt að veita einkaleyfi fyrir samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 12 20. júní 1923 eða gerir verulegar ráðstafanir til að hagnýta slíka uppfinningu. Honum er þá heimilt að halda þeirri hagnýtingu áfram í samræmi við 4. gr. þessara laga óháð því hvort hagnýtingin eða ráðstafanir þar að lútandi hófust eftir að umsókn um einkaleyfi fyrir viðkomandi uppfinningu var lögð inn og óháð því hvort einkaleyfi verður síðar veitt fyrir henni.

Nú hagnýtir einhver við gildistöku laga þessara í atvinnuskyni hér á landi uppfinningu sem annar hefur einkaleyfi á án þess að sú hagnýting sé óheimil með tilliti til 5. gr. laga nr. 12 20. júní 1923, eða gerir verulegar ráðstafanir til slíkrar hagnýtingar. Honum er þá heimilt að halda þeirri hagnýtingu áfram innan sömu marka þrátt fyrir það að hagnýtingin væri óheimil skv. 3. gr. þessara laga. Aðilaskipti að slíkum rétti geta einungis orðið í tengslum við aðilaskipti að þeim atvinnurekstri þar sem rétturinn er hagnýttur eða þar sem til stóð að beita honum.

80. gr.

Nú hefur uppfinning orðið kunnug almenningi fyrir gildistöku laga þessara vegna aðgerða af hálfu umsækjanda eða einhvers sem hann sækir rétt sinn til. Ef lögð er inn umsókn um einkaleyfi fyrir þeirri uppfinningu innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara skulu einungis ákvæði 4. tölul. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 12 20. júní 1923 gilda við mat á því að hve miklu leyti hægt sé að veita einkaleyfi með tilliti til ofangreindra aðgerða eða að hve miklu leyti veitt einkaleyfi verði ógilt.

81. gr.

Árgjöld af einkaleyfum, sem veitt hafa verið eða veitt verða í samræmi við eldri lög, gjaldfalla í fyrsta sinn þegar einkaleyfisgjald samkvæmt núgildandi reglum, sbr. 8. gr. rg. nr. 59/1966, hefði næst átt að gjaldfalla eftir gildistöku laga þessara. Eftir það gjaldfalla þau í samræmi við ákvæði laga þessara.

Greiða skal árgjöld af umsóknum sem lagðar hafa verið inn fyrir gildistöku laga þessara. Árgjald fyrir slíkar umsóknir reiknast í fyrsta sinn frá þeim almanaksdegi eftir gildistöku laganna sem umsóknin var upphaflega lögð inn á. Árgjöld fyrir fyrstu tvö gjaldárin eftir gildistöku laganna falla þó ekki í gjalddaga fyrr en árgjald fyrir þriðja gjaldár gjaldfellur.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það til einkaleyfalaga, sem hér liggur fyrir, er flutt af iðnaðarráðherra til kynningar. Mun hann fara þess á leit við iðnaðarnefnd neðri deildar að hún dreifi því til umsagnar.

Iðnaðarráðuneytið hefur látið eftirtöldum aðilum frumvarpið í té: Iðntæknistofnun Íslands, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Rannsóknaráði ríkisins, Félagi íslenskra hugvitsmanna, Samtökum áhugamanna um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar og Félagi umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa.

Frumvarpinu er ætlað að verða grundvöllur nýrrar einkaleyfalöggjafar sem betur svari þörfum iðnaðarins og almennings en núgildandi lög. Verði frumvarpið að lögum mun það leysa af hólmi núgildandi lög um einkaleyfi sem eru frá árinu 1923.

Um aðdraganda og samningu frumvarpsins.

Umfjöllun um endurskoðun á núgildandi einkaleyfalögum má rekja allt aftur til ársins 1981 er þáverandi iðnaðarráðherra setti starfshóp til að fjalla um þörfina á endurbættri löggjöf á þessu sviði. Síðan hafa þrjár nefndir verið skipaðar til að takast á við þetta verkefni. Sú fyrsta starfaði á árunum 1983–1985. Nefndin skilaði áfangaáliti 1983 um ýmsa þætti eignarréttinda á sviði iðnaðar. Hún var leyst frá störfum í mars 1985. Næsta nefnd var skipuð í október 1985. Gerði hún tillögu til iðnaðarráðherra um að hafinn yrði undirbúningur að samningu frumvarpsins um sniðvernd (mynstur). Nefndin var fljótlega leyst frá störfum.

Í nóvember 1987 skipaði iðnaðarráðherra þriggja manna starfshóp til að vinna að úttekt vegna endurskoðunar á lögum um einkaleyfi. Í starfshópnum voru Gunnar Örn Harðarson tæknifræðingur, Jón L. Arnalds borgardómari og Þorgeir Örlygsson prófessor. Starfshópurinn skilaði áfangaskýrslu til iðnaðarráðherra 1. febrúar 1988. Var skýrslan lögð fyrir Alþingi í apríl 1988. Í framhaldi af því fól iðnaðarráðherra starfshópnum að vinna að samningu frumvarps til laga um einkaleyfi. Starfshópurinn lauk störfum í júlí 1989 og skilaði þá til ráðuneytisins drögum að frumvarpi ásamt skýringum við einstakar greinar þess.

Um það leyti, sem frumvarpsdrög starfshópsins lágu fyrir, réð iðnaðarráðuneytið til starfa lögfræðing með sérmenntun á þessu sviði. Var lögfræðingnum, Rán Tryggvadóttur, falið að yfirfara fyrirliggjandi frumvarpsdrög í samstarfi við starfsmenn einkaleyfa- og vörumerkjadeildar iðnaðarráðuneytisins.

Þegar á heildina er litið er frumvarpið í öllum meginatriðum og eftir því sem aðstæður hér frekast leyfa samhljóða einkaleyfalöggjöf annars staðar á Norðurlöndum. Þar hefur löggjöf um þetta efni í meginatriðum verið samræmd og löguð að löggjöf í helstu iðnríkjum Evrópu og þeim breytingum sem orðið hafa á alþjóðavettvangi á síðustu árum.

Norræna einkaleyfalöggöfin var samræmd að undangenginni vandaðri athugun. Nefndin, sem vann að þeirri athugun, skilaði áliti árið 1963 (Nordisk patentlovgivning, Nordisk utredningsserie 1963:6). Þá hafa önnur ríki á Norðurlöndum einnig samræmt reglugerðir og reglur um framkvæmd laganna. Verði frumvarp þetta að lögum er að því stefnt að reglugerð við lögin verði sem líkust því sem gerist annars staðar á Norðurlöndum.

Hugmyndalegur grunnur einkaleyfa.

Einkaleyfi eru í eðli sínu alþjóðleg. Tilgangur þeirra er að stuðla að alhliða tækniframförum í atvinnulífi og flytja þekkingu frá einu landi til annars. Einkaleyfi eru af hálfu samfélagsins (löggjafans) hugsuð sem hvatning fyrir þá sem vinna að hvers konar nýsköpun. Ein meginforsenda þess, að einkaleyfisumsókn geti leitt til einkaleyfis, er að uppfinningin teljist nýjung. Í því felst m.a. að uppfinningin má ekki áður hafa komið fyrir almenningssjónir né hafa verið notuð opinberlega. Sú tæknilega lausn, sem fólgin er í uppfinningunni, má ekki

heldur vera svo „einföld“ að lausnin liggi í augum uppi fyrir kunnáttumann væri hann beðinn að leysa „vandamálið“. Síðast en ekki síst þarf að lýsa uppfinningunni það vel í rituðu máli og með teikningum, ef við á, að kunnáttumaður á viðkomandi sviði skilji hana til hlítar og geti fært sér hana í nyt. Af þessu leiðir að uppfinningin verður að vera tæknilega framkvæmanleg.

Sú vernd, sem hugvitsmaður eða einkaleyfishafi öðlast með einkaleyfi, er tímabundin, oftast 15–20 ár, breytilegt eftir löndum. Á þessu tímabili eða svo lengi sem leyfið er í gildi hefur leyfishafi löghelgaðan rétt til að hindra að aðrir hagnýti uppfinninguna í atvinnuskyni án heimildar. Hugvitsmaðurinn getur sjálfur hagnýtt einkaleyfið telji hann það ábatavænlegt eða heimilað öðrum að hagnýta það gegn samningsbundinni þóknun (nytjaleyfi). Eins getur hann valið þann kost að framselja leyfið og réttindi sem því fylgja til annars aðila.

Hinn samfélagslegi ávinningur liggur e.t.v. ekki alltaf í augum uppi. Með því að birta einkaleyfisumsókn opinberlega er almenningi veittur aðgangur að þeirri tækni sem lýst er í umsókninni. Þess er vænst að tækninýjungar, sem í umsóknunum felast, veki hugmyndir hjá lesandanum um aðra og e.t.v. betri lausn á því tæknilega vandamáli sem hver einstök umsókn fjallar um. Og þegar gildistími einkaleyfisins er útrunninn eða eigandi þess telur ekki lengur ávinning að því að halda leyfinu í gildi er öllum frjálst að hagnýta sér uppfinninguna.

Helstu nýmæli.

Helstu nýmæli, sem fram koma í frumvarpinu og breytingar frá núgildandi lögum, felast í eftirfarandi:

— Skýrari ákvæði eru sett varðandi umfang og takmörk einkaleyfisverndar. (1. og 3. gr.)

— Ekki verður lengur bannað að veita einkaleyfi fyrir lyfjum og næringarefnum.

— Tekið er skýrt fram að heimilt sé að veita einkaleyfi fyrir efnum, efnablöndum og uppfinningum á sviði líftækni. (1. gr.)

— Betur er skilgreint hvað talist getur einkaleyfishæf uppfinning með tilliti til nýnæmis og frumleikastigs, þ.e. að hve miklu leyti uppfinning er frábrugðin þekktri tækni. (2. gr.)

— Uppfinningar, sem lýst er í einkaleyfisumsóknum og birtar hafa verið almenningi fyrir umsóknardag, verða samkvæmt frumvarpinu „nýnæmishindrandi“, þ.e. taldar til þess sem er þekkt. Sama máli gegnir um efni óbirtra umsókna sem síðar verða aðgengilegar. (2. gr.)

— Skýrari ákvæði eru um frágang einkaleyfisumsókna og meðferð þeirra á öllum stigum. (II. kafli.)

— Lagt er til að umsóknir verði gerðar aðgengilegar almenningi í síðasta lagi 18 mánuðum eftir innlagningu. (22. gr.)

— Mun ítarlegri ákvæði eru um andmæli gegn veitingu einkaleyfis og ágreiningsmál sem rísa kunna vegna réttar til einkaleyfis. (17., 18., 21. og 23.–25. gr.)

— Gert er ráð fyrir aðild Íslands að alþjóðasamningi um einkaleyfisumsóknir (PCT). Í samningnum felst m.a. að sama umsókn getur tekið gildi í mörgum löndum samtímis. (III. kafli.)

— Einkaleyfi verður hægt að halda í gildi í 20 ár frá innlagningardegi. Samkvæmt núgildandi lögum hefur gildistími verið að hámarki 15 ár frá útgáfudegi. (40. gr.)

— Fyllri ákvæði eru um nytjaleyfi og rýmkuð eru skilyrði um veitingu nauðungarleyfa. (43.–50. gr.)

— Skýrari ákvæði eru um refsi- og bótaábyrgð. (57.–65 gr.)

— Heimilað er undir vissum kringumstæðum að endurveita réttindi samkvæmt einkaleyfi. (72. og 73. gr.)

— Ýmsar breytingar verða á gjaldtöku fyrir umsóknir og einkaleyfi. Þar á meðal er gert ráð fyrir greiðslu árgjalda af einkaleyfisumsóknum. (8., 20., 25., 41.–42. og 51. gr.)

— Ákvæði er um að umsækjanda einkaleyfis og einkaleyfishafa, sem ekki hefur búsetu hér á landi, sé skylt að hafa umboðsmann.(12. og 66. gr.)

— Horfið er frá veitingu svonefndra viðbótareinkaleyfa.

Nokkrir drættir í alþjóðlegri þróun.

Parísarsáttmálinn frá 1883 um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar er sá grunnur sem einkaleyfalög standa á. Aðildarríki voru 126 1. janúar 1990. Sáttmálinn hefur verið endurskoðaður sex sinnum, síðast í Stokkhólmi 1967. Alþjóðahugverkastofnunin, WIPO, er stjórnsýslumiðstöð fyrir málefni þau er sáttmálinn fjallar um. Hlutverk stofnunarinnar er að treysta vernd hugverka og hafa milligöngu um samstarf aðildarríkja á þessu sviði. Á fskj. II er í samantekt Ránar Tryggvadóttur lögfræðings yfirlit um upphaf einkaleyfisverndar og alþjóðasamstarf.

Frá því lög voru sett hér um einkaleyfi hafa orðið miklar breytingar á skipan einkaleyfamála á alþjóðavettvangi að ekki sé talað um hinar stórfelldu breytingar í tækniþróun. Ný þekking hefur fætt af sér ný og víðfeðm tæknisvið og nýjar framleiðsluafurðir. Nægir hér að nefna sem dæmi líftækni, rafeindatækni og tölvutækni. Í takt við þessar framfarir hefur uppfinningum í iðnríkjum fjölgað ár frá ári og einkaleyfisumsóknum að sama skapi.

Þessi þróun hefur kallað á tíðari endurskoðun á ýmsum þáttum einkaleyfalöggjafar en menn óraði fyrir. Ástæðuna má m.a. rekja til alþjóðasamninga á þessu sviði. Þá hafa einnig í nálægum löndum orðið miklar breytingar á stjórnsýslu einkaleyfakerfisins og meðferð einkaleyfisumsókna. Þar kemur hvort tveggja til, fjölgun einkaleyfisumsókna í iðnríkjum og sá veruleiki að einkaleyfisumsóknir taka stöðugt til flóknari fyrirbæra. Þetta þýðir að rannsókn á einkaleyfishæfi hverrar einstakrar uppfinningar verður yfirgripsmeiri og vandasamari.

Stjórnvöld og einkaleyfastofnanir í hverju landi hafa reynt að bregðast við framangreindri þróun með því m.a. að endurskipuleggja starfsemi einkaleyfastofnananna, að auka samstarf ríkjaheilda og að hagnýta alþjóðastofnanir og alþjóðasamninga á þessu sviði. Aðgerðir einkaleyfastofnananna í hverju landi hafa m.a. beinst að því að auka þekkingu starfsmanna sinna, að bæta gagnasöfn og að hagnýta upplýsingatækni sem opnar aðgang að stórum gagnabönkum. Ýmis ríki hafa með sér formlegt eða óformlegt samstarf um tiltekna þætti varðandi meðferð einkaleyfamála. Dæmi um hið fyrrnefnda, þ.e. samningsbundið eða formlegt milliríkjasamstarf, er Evrópusáttmálinn um einkaleyfi frá 1973, sjá nánar fskj. II. Hið nána samstarf, sem Norðurlönd hafa lengi haft með sér um einkaleyfamál, er hins vegar dæmi um óformlegt samstarf á þessu sviði. Sem dæmi um aukið alþjóðasamstarf má nefna

samstarfssáttmálann um einkaleyfi, PCT, sem gerður var 1970 og 40 ríki eiga nú (1. janúar 1990) aðild að. Nánar er fjallað um sáttmálann síðar í þessum athugasemdum og í fskj. II.

Í alþjóðlegu tilliti er, eins og fyrr er getið, litið á einkaleyfi sem leið til að flytja þekkingu milli landa. Á árinu 1988 voru lagðar inn 1,4 milljónir einkaleyfisumsókna í heiminum og veitt einkaleyfi það ár voru um 400 þúsund. Hafa ber í huga að fjöldi uppfinninga verður ekki lesinn út úr þessum tölum því að í flestum tilvikum er sótt um einkaleyfi fyrir sömu uppfinningu í mörgum löndum. Með þessum hætti m.a. berast upplýsingar um nýjustu tækni frá einu landi til annars. Upplýsingatækni, svo sem varsla upplýsinga í tölvubönkum og möguleikar á samskiptum með aðstoð tölva, auðveldar mönnum til muna aðgang að upplýsingum varðandi einkaleyfi miðað við það sem áður var.

Um þróun einkaleyfisverndar hér á landi.

Fyrir daga núgildandi einkaleyfalaga veitti konungur einkarétt fyrir uppfinningum í iðnaði skv. 13. gr. stjórnarskrár er þá var í gildi. Veiting einkaréttar fór fram með útgáfu leyfisbréfa að fenginni umsögn dönsku einkaleyfanefndarinnar. Nefndin lagði mat á það hvort uppfinning gæti talist það mikil nýjung að hún ætti skilið einkaleyfisvernd.

Núgildandi lög um einkaleyfi voru sett 1923 og hafa ekki verið endurskoðuð í heild síðan. Minni háttar breytingar voru gerðar með lögum nr. 15 2. apríl 1946, lögum nr. 75 13. maí 1982 og lögum nr. 36 15. maí 1984.

Frá gildistöku laganna til áramóta 1989–90 höfðu verið lagðar hér inn alls 3533 umsóknir. Þar af eru um 750 umsóknir, eða rúmlega fimmti hluti, frá íslenskum uppfinningamönnum. Af framangreindum umsóknum leiddu 1.410 umsóknir til einkaleyfis. Af þeim hafa aðeins 58 einkaleyfi, eða um 4% af heild, verið veitt íslenskum aðilum. Um áramótin 1989–90 voru hér í gildi um 300 einkaleyfi. Fyrsta einkaleyfi hér á landi samkvæmt einkaleyfalögum var veitt 1. apríl 1925 og átti það franskur aðili. Einkaleyfi til íslensks manns var fyrst gefið út árið 1930.

Síðustu 10 ár hafa að meðaltali verið gefin hér út 34 einkaleyfi á ári. Árið 1989 sker sig þó úr, en þá voru veitt hér 80 einkaleyfi. Frá ársbyrjun 1980 til ársloka 1989 voru umsóknir frá íslenskum aðilum 223 talsins eða um þriðjungur af heild. Á sama tímabili hafa veitt einkaleyfi til íslenskra aðila ekki náð því að vera eitt að meðaltali á ári, verið um 2% af heild.

Til ársloka 1983 birtust allar tilkynningar um einkaleyfamálefni í *Lögbirtingablaði* og *Stjórnartíðindum*. Í ársbyrjun 1984 hóf iðnaðarráðuneytið útgáfu sérstaks blaðs, *Vörumerkja- og einkaleyfatíðinda*, fyrir birtingar varðandi einkaleyfi og vörumerki. Blaðið kemur að jafnaði út mánaðarlega. Þá er árlega gefið út sérrit um skráð vörumerki og einkaleyfi næstliðins árs og kemur ritið í stað birtinga í *Stjórnartíðindum* um sama efni.

Sniðvernd (oft kölluð mynsturvernd) er þekkt í flestum nálægum löndum. Verndin tekur eingöngu til útlits eða forms hlutar en ekki tæknilegra eiginleika líkt og einkaleyfisvernd. Svo sem kunnugt er hafa ekki enn verið sett hér lög um sniðvernd. Drög að frumvarpi um þetta efni liggja fyrir, sbr. áðurnefnda skýrslu iðnaðarráðuneytis til Alþingis. Unnið er að því í ráðuneytinu að búa frumvarpið til flutnings. Löggjöf um þetta efni hefur lengi verið í gildi annars staðar á Norðurlöndum.

Smáeinkaleyfi er verndarform sem lítið hefur verið kynnt hér á landi. Hér er um að ræða eins konar millistig milli sniðverndar og einkaleyfa. Verndin er frábrugðin sniðvernd að því leyti að hún tekur til tæknilegra þátta en ekki eingöngu útlits. Í samanburði við einkaleyfisvernd eru á hinn bóginn gerðar mun minni kröfur til frumleikastigs, þ.e. hve uppfinningin er frábrugðin þekktri tækni. Rannsókn er því takmarkaðri og um leið ekki eins kostnaðarsöm og við einkaleyfisumsóknir. Ýmis ríki, svo sem Vestur-Þýskaland og Japan, hafa lengi haft lög um smáeinkaleyfi. Í Finnlandi hefur verið undirbúið lagafrumvarp um smáeinkaleyfi, en það hefur ekki enn verið lagt fram. Í Danmörku og Svíþjóð er um þessar mundir verið að kanna hvort þörf sé fyrir setningu laga af þessu tagi.

Stjórnsýsla — stofnun sjálfstæðrar skráningarskrifstofu.

Stjórnsýsla einkaleyfa- og vörumerkjamála hefur frá öndverðu verið hluti af starfsemi Stjórnarráðsins. Frá stofnun iðnaðarrráðuneytis árið 1970 hafa einkaleyfa- og vörumerkjamál heyrt undir það ráðuneyti. Með auknum umsvifum hin síðustu ár hefur þörfin fyrir úrbætur í starfseminni farið stöðugt vaxandi. Á árinu 1989 var einkaleyfa- og vörumerkjadeild flutt úr ráðuneytinu í leiguhúsnæði að Lindargötu 9. Jafnframt var ákveðið að fjölga í starfsliði og búa betur að starfseminni hvað tækjakost og aðstöðu alla varðar.

Nefnd sú er vann að undirbúningi þessa frumvarps lagði til að sett yrði á laggirnar sjálfstæð skráningarskrifstofa til sjá um skráningu þeirra eignarréttinda á sviði iðnaðar sem hér er löggjöf um. Svo sem fram kemur í skýrslu iðnaðarráðherra til Alþingis, í apríl 1988, um störf nefndarinnar er þar gert ráð fyrir að samið verði frumvarp um stofnun sjálfstæðrar skráningarskrifstofu. Einnig er þar gert ráð fyrir samningu frumvarps um sniðvernd, sjá fskj. I. Vinna við undirbúning og frágang þessa frumvarps reyndist tímafrekari en áætlað var. Því tókst ekki að ljúka frágangi umræddra frumvarpa samtímis þessu frumvarpi. Munu frumvörp um stofnun sjálfstæðrar skráningarskrifstofu og sniðvernd verða lögð fram á næsta þingi.

Rekstur einkaleyfa- og vörumerkjadeildar er nú færður sem sérstakt viðfangsefni á fjárlögum. Með stofnun sjálfstæðrar skráningarskrifstofu er átt við að starfsemin flytjist frá ráðuneytinu í stofnun sem heyri undir ráðuneytið. Telja verður að næg rök séu fyrir hendi til að setja slíka stofnun á laggirnar. Með nýjum einkaleyfalögum og aðild að samstarfssáttmálanum um einkaleyfi mun starfsemin aukast verulega. Vörumerkjaskráningum hefur fjölgað ár frá ári. Ef sett verða lög um sniðvernd mun umfang starfseminnar enn vaxa. Á árinu 1989 stóðu gjöld fyrir vörumerki, einkaleyfi og aðra þjónustu undir rekstrarkostnaði deildarinnar. Útgjöld vegna starfseminnar á því ári námu um 12 milljónum króna. Frá því deildin fluttist í núverandi húsakynni hafa þar að jafnaði starfað fimm manns við einkaleyfa- og vörumerkjaskráningu.

Alþjóðasamstarf.

Með lögum nr. 102 28. desember 1961 var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta Parísarsáttmálann fyrir Íslands hönd. Sáttmálinn öðlaðist lagagildi hér á landi 5. mars 1962, en þá fullgilti Ísland Lundúnagerð sáttmálans. Hinn 28. september 1984 gerðist Ísland svo aðili að seinni hluta Stokkhólmsgerðar sáttmálans (stjórnunarhluta). Af því leiðir að efnissvið Lundúnagerðar sáttmálans gildir enn hér. Ísland gerðist aðili að Alþjóðahugverkastofnuninni 13. september 1986 og hefur þau réttindi og skyldur sem aðildinni fylgja.

Einkaleyfayfirvöld hér hafa til þessa leitast við að uppfylla lágmarksskyldur við Alþjóðahugverkastofnunina, svo sem varðandi árlega skýrslugjöf um starfsemina, en ekki séð sér fært að taka að neinu ráði þátt í störfum stofnunarinnar, m.a. vegna kostnaðar og takmarkaðs mannafla. Eftir leiðum norræna samstarfsins hafa íslensk stjórnvöld hins vegar haft óbein áhrif á störf ýmissa starfsnefnda WIPO. Aðild að samstarfssáttmálanum um einkaleyfi, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu, mun kalla á mun virkari tengsl við WIPO en verið hafa. Stofnunin hefur m.a. verið íslenskum stjórnvöldum innan handar með upplýsingar um hugsanlegan ávinning af aðild að samstarfssáttmálanum, PCT.

Það leiddi af ríkjasambandi okkar við Dani fyrr á tíð að samstarf við einkaleyfayfirvöld í Danmörku hefur jafnan verið allnáið. Danska einkaleyfaskrifstofan hefur þannig frá öndverðu annast efnislega rannsókn á þeim einkaleyfisumsóknum íslenskra aðila sem ekki hafa jafnframt verið lagðar inn í öðrum ríkjum. Frá 1981 hefur iðnaðarráðuneytið tekið þátt í því samstarfi um einkaleyfamál sem Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð hafa lengi haft með sér. Þessi lönd ákváðu á sínum tíma (1963) að samræma einkaleyfalöggjöf sína og tilheyrandi reglugerðir og reglur er varða framkvæmdina.

Fyrir einkaleyfayfirvöld hér á landi hefur norræna samstarfið afar mikið gildi. Samstarf einkaleyfastofnananna tekur ekki síst til þátta er varða samræmingu á lögum og reglugerðum á þessu sviði, en einnig skiptast þær á upplýsingum um hvaðeina sem varðar meðferð einkaleyfamála og starfsemi stofnananna. Á vegum einkaleyfayfirvalda á Norðurlöndum er um þessar mundir verið að undirbúa fræðslu- og kynningarátak um einkaleyfi almennt og starfsemi einkaleyfastofnananna. Þá er þess að geta að einkaleyfastofnanirnar hjá frændþjóðunum hafa veitt íslenskum stjórnvöldum mjög gagnlegar upplýsingar í sambandi við undirbúning þessa frumvarps.

Þörfin fyrir ný einkaleyfalög — aðstaða íslenskra umsækjenda.

Fjallað er m.a. um þessi atriði í skýrslu iðnaðarráðuneytisins frá apríl 1988, sjá fskj. I. Hér verður vikið að nokkrum almennum atriðum til viðbótar.

Ef borið er annars vegar saman hlutfall einkaleyfisumsókna sem íslenskir aðilar leggja inn hér og einkaleyfa sem þeir öðlast og hins vegar hliðstætt hlutfall annars staðar á Norðurlöndum kemur eftirfarandi í ljós: Á fimm ára tímabili, 1984–1988, leiddi þrítugasta hver umsókn, sem íslenskir aðilar lögðu inn hér, til einkaleyfis. Á sama tímabili leiddi tæplega fjórða hver umsókn, sem lögð var inn í Noregi af þarlendum aðilum, til einkaleyfis. Hliðstæð hlutföll í Danmörku eru að um fimmta hver umsókn danskra uppfinningamanna leiði til einkaleyfis og í Svíþjóð nálega önnur hver.

Þótt framangreindur samanburður sé grófur gefur hann nokkra vísbendingu og vekur ýmsar spurningar um stöðu einkaleyfamála hérlendis. Eftirtalin atriði gætu skýrt framangreindan mun að nokkru:

Hér eru árlega lagðar inn allmargar einkaleyfisumsóknir sem aldrei ná því að komast á rannsóknarstig. Ástæðan er einkum sú að þær ná ekki að uppfylla lágmarksskilyrði um form og frágang. Þegar svo er ástatt fellur viðkomandi umsókn úr gildi.

Einkaleyfisvernd hefur alla tíð verið eina form iðnverndar (að vörumerkjavernd frátalinni) hér á landi. Svo hagar til að meginþorri uppfinninga íslenskra aðila er ávöxtur af heilabrotum og hugkvæmni einstaklinga sem oft hafa ekki aðra rannsóknaraðstöðu en bílskúrinn eða vinnustað til sjós eða lands. Sem vænta má taka uppfinningar þessara aðila oft fremur til minni háttar endurbóta á tækjum og búnaði, fremur en um sé að ræða margbrotnar vélasamstæður, nýjar framleiðsluaðferðir eða ný efni eða efnasamsetningar. Áður er getið um sniðvernd og smáeinkaleyfi. Bæði þessi verndarform gætu átt betur við ýmsar af þeim uppfinningum sem verða til við framangreindar aðstæður hér á landi. Væri völ á öðru eða báðum þessum verndarformum mundi a.m.k. fækka hér þeim einkaleyfisumsóknum sem ekki ná að uppfylla skilyrði til einkaleyfisverndar.

SAMANBURÐUR Á FJÖLDA EINKALEYFISUMSÓKNA OG VEITTRA EINKALEYFA Á NORÐURLÖNDUM 1984-1988[1])

		Allar umsóknir	Umsóknir innlendra aðila	Veitt einkaleyfi til innlendra aðila	Öll veitt einkaleyfi
Ísland	1984	98	28	0	37
	85	92	21	2	21
	86	121	29	0	46
	87	119	28	2	44
	88	126	16	0	24
Noregur	1984	5293	961	230	1931
	85	6734	938	229	2165
	86	6872	934	208	1818
	87	8310	907	254	2145
	88	9459	928	277	2447
Danmörk	1984	6278	966	212	1089
	85	8293	917	200	1054
	86	8907	1036	186	958
	87	8760	1090	212	1129
	88	11214	1331	344	2815
Finnland	1984	5183	1775	647	2204
	85	7017	1746	563	2161
	86	7521	1780	555	2175
	87	8374	1893	726	2672
	88	9543	2038	776	2690
Svíþjóð	1984	6674	3969	1693	11670
	85	30748 [2])	5179	2260	13520
	86	32641	4555	1923	14949
	87	34657	4458	2014	13806
	88	39230	4399	2424	15367

1. Heimild: WIPO — Industrial Property Statistic.
2. Fjölgun umsókna frá 1984–1985 er vegna aðildar Svíþjóðar að Evrópusáttmálanum um einkaleyfi (EPC).

Gjöld, sem einkaleyfayfirvöld hér taka fyrir meðhöndlun einkaleyfisumsókna, eru hin lægstu á Norðurlöndum. Gjald, sem greitt er við móttöku einkaleyfisumsóknar hér á landi, er nú (gjaldskrá frá desember 1989) 7.000 kr. og gjald vegna rannsóknar á einkaleyfishæfi umsóknar erlendis 12.500 kr. Síðarnefnda gjaldið greiða umsækjendur ekki ef þeir hafa sótt um einkaleyfi fyrir sömu uppfinningu í landi sem veitir einkaleyfi að undangenginni rannsókn. Umsækjandi afhendir þá íslenskum einkaleyfayfirvöldum niðurstöður af slíkri rannsókn eða afrit af erlendu einkaleyfi og óskar eftir því að íslenskt einkaleyfi verði gefið út á grundvelli þess. Kostnaður við rannsókn á íslenskri einkaleyfisumsókn í Danmörku er, eftir því hve umsóknin er viðamikil, á bilinu 30–40 þús. kr. Gjöld fyrir einkaleyfisumsókn í Danmörku eru hin hæstu á Norðurlöndum, um 3.200 danskar krónur, og er þá rannsóknarkostnaður innifalinn.

Með tilliti til þess sjálfsagða markmiðs að einkaleyfi efli íslenska iðnþróun verður að telja það áhyggjuefni hve lítið er hér lagt inn af umsóknum frá íslenskum aðilum sem fást við rannsóknar- og þróunarstarfsemi. Hér er nánar tiltekið átt við uppfinningar sem standa undir því nafni að geta talist afrakstur af markvissum og vísindalegum vinnuaðferðum. Lausleg athugun sýnir að á árabilinu 1970–1988 hafi innan við 10 umsóknir borist frá slíkum aðilum.

Almennt verður að gera ráð fyrir miklum kostnaði við að koma uppfinningum á framleiðsluhæft stig (tilraunastarfsemi og smíði frumeintaks). Sama máli gegnir um kostnað við markaðsathuganir. Þannig getur þróunarkostnaður við uppfinningu, sem í fljótu bragði virðist einföld í sniðum, oft skipt milljónum. Uppfinningamenn kvarta iðulega yfir því hve lánastofnanir og/eða þróunarsjóðir taki dauflega beiðnum þeirra um fyrirgreiðslu í formi lána eða styrkja. Á það verður ekki lagður dómur hér. En framangreind atriði skýra e.t.v. að nokkru hve margir íslenskir aðilar gefast upp við að fjármagna þróun eigin hugmynda og þá um leið hvers vegna einkaleyfisumsóknir þessara sömu aðila daga uppi.

Rýmkun ákvæða varðandi einkaleyfishæfar uppfinningar.

Meðal veigameiri breytinga, sem af frumvarpinu leiðir ef að lögum verður, er rýmkun ákvæða varðandi það hvað teljist einkaleyfishæfar uppfinningar. Þannig er gert ráð fyrir að hægt verði að veita hér einkaleyfi fyrir lyfjum. Einnig er skýrt kveðið á um að hér megi veita einkaleyfi fyrir efnum og efnasamböndum, en um það hefur ríkt nokkur óvissa. Þá er það einnig nýlunda að veita megi einkaleyfi fyrir aðferðum á sviði örverufræði og afurðum slíkra aðferða, svo sem örverum. Í þessum efnum er fylgt fordæmi gildandi laga annars staðar á Norðurlöndum. Þar voru undantekningarákvæði varðandi einkaleyfi á efnum, efnasamböndum og lyfjum numin úr gildi um og eftir 1967 í tengslum við heildarendurskoðun laganna. Bráðabirgðaákvæði um frestun á gildistöku voru þó lengi vel í gildi, en þau hafa nú verið felld úr gildi í flestum landanna.

Samkvæmt núgildandi einkaleyfalögum hér á landi má enginn öðlast einkaleyfi fyrir „nýfundnum læknislyfjum, neyzluefnum eða nautnar". Á hinn bóginn heimila lögin að veitt sé einkaleyfi fyrir „sérstakri aðferð við tilreiðslu slíkra hluta". Með neysluefnum er átt við matvæli og efni sem almennt teljast til næringarefna. Í samræmi við þetta lagaákvæði hafa verið veitt hér allmörg einkaleyfi á aðferðum við framleiðslu efna, þar á meðal lyfja og ýmiss konar næringarefna (matvæla, vítamína og þess háttar). Sem að líkum lætur eru einkaleyfi þessi nær undantekningarlaust í eigu erlendra aðila. Hérlendir lyfjaframleiðendur hafa, vegna ákvæðis gildandi laga, getað framleitt hér ýmis lyf sem vernduð eru með einkaleyfi erlendis. Hafi aðferð við framleiðslu viðkomandi lyfs verið vernduð með einkaleyfi hér eða erlendis hefur einungis þurft að nota aðra framleiðsluaðferð.

Fyrrnefnd breyting á lögum frændþjóða okkar í þá átt að fella niður undantekningarákvæði eldri einkaleyfalaga var liður í samræmingu norrænna laga. Í þessu efni sem mörgum

öðrum var stuðst við nefndarálitið frá 1963 (Nordisk patentlovgivning) sem getið er í upphafi þessara athugasemda.

Telja verður að munurinn á því að veita einkaleyfi fyrir aðferð við framleiðslu efnis og á efninu sem slíku sé oft næsta lítill. Í mörgum ríkjum var raunar lengi vel andstaða gegn því að telja efni og efnablöndur einkaleyfishæfar afurðir. Þetta átti einkum við um læknislyf og næringarefni. Færð voru fram ýmis rök þessu til stuðnings, svo sem að einkaleyfi til framleiðslu efna mundi koma í veg fyrir framþróun á viðkomandi sviði. Stórþjóðir og stærri fyrirtæki mundu í krafti fjármagns og þekkingar fá yfirburðaaðstöðu og ryðja keppinautum til hliðar. Þá var því einnig haldið fram að lyf yrðu dýrari ef veitt yrðu einkaleyfi fyrir framleiðslu þeirra. Enn fremur var skírskotað til ýmissa siðferðilegra og þjóðfélagslegra sjónarmiða. Það var talin óhæfa að veita einkarétt á læknislyfjum af þeirri ástæðu að þau gegndu því hlutverki að forða mönnum frá sjúkdómum og dauða. Loks var það nefnt að veiting einkaleyfa fyrir efnum og efnablöndum gæti leitt af sér ógeðfellda auglýsingastarfsemi. Þess má geta að í flestum löndum hefur verið sett ströng löggjöf um lyfjaauglýsingar. Hér á landi gilda í þeim efnum ákvæði VII. kafla laga nr. 49/1978.

Reynsla síðari ára hefur sýnt að framangreindar röksemdir gegn veitingu einkaleyfa fyrir efnum og efnablöndum eru byggðar á veikum grunni. Einkaleyfisvernd á efnum verður þvert á móti að teljast veigamikil forsenda fyrir eðlilegri þróun iðnaðar. Þannig er þróun lyfja byggð á mjög kostnaðarsömum rannsóknum og slíkar rannsóknir eru nauðsynlegur undanfari þess að lyf verði markaðssett. Telja verður að einkaréttur samkvæmt einkaleyfalöggjöf geti verkað hvetjandi á þessu sviði sem öðrum, verði m.a. til þess að fleiri nytsamleg efni verði fundin upp og sett á markað. Þannig er talið að ýmis fyrirtæki, t.d. í matvælaiðnaði, haldi að sér höndum við þróunarstarf og framleiðslu ýmissa efna vegna óhallkvæmrar einkaleyfalöggjafar. Forráðamenn fyrirtækjanna standa frammi fyrir því að víða eru framleiddar eftirlíkingar af vörum þeirra. Fyrirtæki, sem stunda eftirlíkingar, geta t.d. boðið lyf á mun lægra verði og þannig ráðið markaðinum að verulegu leyti vegna þess að þau þurfa hvorki að leggja í kostnað við þróun lyfjanna né heldur að greiða eðlileg leyfisgjöld.

Telja verður óeðlilegt að einkaleyfalöggjöf verndi eftirlíkingaiðnað þótt með óbeinum hætti sé. Sá eftirlíkingaiðnaður, sem á sér stað víða um lönd, felur í sér vissa þjóðfélagslega sóun. Fyrirtæki verja bæði vinnu og fjármagni til að finna upp „öðruvísi aðferð“ við framleiðslu viðkomandi efnis, eingöngu til að fara í kringum einkaleyfisréttinn. Með því að veita einkaleyfi fyrir efnum er með vissum hætti spornað við sóun af þessu tagi og þeim kostnaði sem leggst á neytendur vegna hennar. Vegna harðrar og stöðugt vaxandi samkeppni í lyfjaiðnaði svo og löggjafar ýmissa þjóða gegn ólögmætum viðskiptaháttum (hringamyndun) er talið mjög ólíklegt að einkaleyfi fyrir lyfjum leiði til hærra verðs í krafti einokunar.

Iðnfyrirtæki hér á landi þurfa að eiga kost á að færa sér í nyt erlenda rannsóknarstarfsemi og uppfinningar. Eðlilegt er að þau geri það með því að afla sér framleiðsluleyfa (nytjaleyfa) hjá réttum aðilum. Með greiðslu fyrir slík leyfi mundu hérlendir aðilar taka eðlilegan þátt í kostnaði við rannsóknir sem liggja að baki þróun viðkomandi efnis. Hér á landi er þegar fyrir hendi vísir að rannsóknar- og þróunarstarfsemi á sviði efna- og lyfjaframleiðslu. Það fyrirkomulag, sem hér hefur verið í gildi, með stoð í einkaleyfalögum, þ.e. að veita ekki einkaleyfi fyrir efnum og lyfjum, er síst fallið til þess að örva þessa starfsemi.

Aðild að samstarfsáttmálanum, PCT.

Gert er ráð fyrir að Ísland gerist aðili að samstarfssáttmálanum um einkaleyfi (Patent Cooperation Treaty, skammstafað PCT) sem gerður var í Washington 1970. Með ákvæðum í III. kafla frumvarpsins er kominn lagagrundvöllur til að hægt sé að framfylgja sáttmálanum hér á landi.

Meginmarkmið sáttmálans er að koma í veg fyrir tvíverknað við rannsóknir á einkaleyfisumsóknum sem lagðar eru inn samtímis í mörgum ríkjum. Í þessu skyni hefur verið farin sú leið að fela nokkrum öflugum einkaleyfastofnunum í heiminum að annast rannsókn á nýnæmi og einkaleyfishæfi uppfinninga sem sótt er um einkaleyfi á samkvæmt ákvæðum sáttmálans. Þessar stofnanir þurfa samkvæmt sáttmálanum að hljóta sérstaka viðurkenningu til að geta talist „alþjóðlegar rannsóknarstofnanir“. Sænska einkaleyfastofnunin annast rannsókn alþjóðlegra umsókna fyrir önnur ríki á Norðurlöndum og gert er ráð fyrir að hún taki einnig að sér rannsókn á íslenskum alþjóðaumsóknum.

Þótt rannsókn á umsóknum sé að vissu leyti „miðstýrð“ taka einkaleyfayfirvöld í hverju landi endanlega ákvörðun um veitingu einkaleyfis. Aðildarríkin eru einnig frjáls að því að ákveða umfang einkaleyfisverndar í sínu landi. Af því leiðir að ekki þarf að gera efnislegar breytingar á gildissviði löggjafar í hverju ríki til innbyrðis samræmis.

Fyrir einkaleyfisumsækjanda er einn helsti kostur við aðild að sáttmálanum sá að innlagning umsóknar í einu aðildarlandi getur, ef umsækjandi svo óskar, tekið gildi samtímis í þeim löndum sem hann hefur áhuga á að fá einkaleyfisvernd í. Þá veitir sáttmálinn möguleika á bráðabirgðaskýrslu um einkaleyfishæfi uppfinningar. Alþjóðlega umsóknakerfið, sem sáttmálinn fjallar um, getur haft í för með sér lægri útgjöld fyrir umsækjanda. Þar skiptir þó verulegu máli í hve mörgum löndum umsókn er ætlað að taka gildi. Hins vegar losnar umsækjandi undir öllum kringumstæðum við umstang sem fylgir því að leggja inn sjálfstæða umsókn í hverju landi.

Aðild að sáttmálanum leggur umsækjendum og einkaleyfayfirvöldum auknar skyldur á herðar í ýmsum efnum. Má þar nefna strangari kröfur um frágang og form umsókna en almennt gilda. Einnig eru í sáttmálanum skýr og ófrávíkjanleg ákvæði um fresti af ýmsu tagi. Ákvæði sáttmálans eru í mörgum efnum flókin í framkvæmd. Því verður að gera ráð fyrir að framkvæmd hans hér á landi miðist við nokkurn aðlögunartíma. Samkvæmt ákvæðum í sáttmálanum tekur hann gildi þremur mánuðum eftir að undirritun hefur farið fram. Það er þannig ekki á valdi aðildarríkja að ákveða aðlögunartíma eftir að undirritun hefur farið fram. Því þarf að miða undirritun við það hvenær einkaleyfayfirvöld hér eru undir það búin að framfylgja sáttmálanum. Nánar er fjallað um samstarfssáttmálann í fskj. II.

Kostnaðaráhrif af frumvarpinu.

Iðnaðarráðuneytið hefur á síðustu árum ákvarðað gjöld fyrir vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar (einkaleyfi, vörumerki o.fl.) með hliðsjón af því markmiði að gjöldin stæðu að verulegu eða helst öllu leyti undir kostnaði við þessa þjónustu. Telja má að þessu markmiði hafi verið náð.

Með þeim umfangsmiklu breytingum á meðferð einkaleyfamála, sem af frumvarpi þessu leiðir, er ljóst að kostnaður við umsýslu einkaleyfa mun aukast nokkuð. Ekki er gert ráð fyrir að ríkið taki á sig þennan kostnaðarauka heldur verða notendur einkaleyfakerfisins að bera hann. Gjöld fyrir einkaleyfi munu því þurfa að hækka eitthvað að raungildi frá því sem nú er. Hinn samfélagslegi kostnaður mun fyrst og fremst miðast við að skapa skilyrði til þess að umræddar breytingar komist í framkvæmd þannig að iðnaðurinn, einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir eigi hér völ á hliðstæðri vernd iðnréttinda og gerist annars staðar á Norðurlöndum og í helstu viðskiptalöndum okkar.

Líta verður raunsætt á þá staðreynd að grunnkostnaður við rekstur lítillar einkaleyfastofnunar verður ætíð hlutfallslega hár miðað við fjölda umsókna. Með frumvarpi þessu er að því stefnt að allar einkaleyfisumsóknir fái sambærilega meðhöndlun hér á landi og gerist í ríkjum með sams konar löggjöf. Í því felst að einkaleyfayfirvöld hér verða að geta haldið í þjónustu sinni sérmenntuðu starfsfólki þrátt fyrir það að hér séu lagðar inn tiltölulega fáar umsóknir. Laun og annar rekstrarkostnaður við umsýslu einkaleyfa mun því eðlilega deilast á færri umsóknir en gerist hjá einkaleyfastofnunum fjölmennari þjóða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um þau grundvallaratriði sem segja til um hvað verði verndað með einkaleyfi og hver geti fengið einkaleyfi.

Um 1. mgr. 1. gr.

Hugtakið uppfinning er ekki skilgreint í lagafrumvarpi þessu. Það hefur þó öðlast fasta merkingu í framkvæmd. Í núgildandi lögum er orðið uppgötvun notað í stað uppfinningar. Í norrænum einkaleyfisrétti er gerður greinarmunur á orðunum uppgötvun og uppfinning. Þar er uppfinning skilgreind sem nýsmíð með tæknilegu ívafi sem byggð er á mannlegri hugsun. Slík nýsmíð getur verið einkaleyfishæf. Orðið uppgötvun er aftur á móti notað um þau tilvik þegar menn komast að raun um einhver áður óþekkt náttúrufyrirbæri eða náttúrulögmál. Uppgötvanir samkvæmt þessari skilgreiningu eru ekki einkaleyfishæfar því að allir eiga jafnan rétt á að njóta þess sem fyrirfinnst í náttúrunni. Til samræmis við norrænan rétt þykir rétt að styðjast við sömu skilgreiningar í frumvarpi þessu og nota orðið uppfinning í stað uppgötvunar.

Til þess að hægt sé að veita uppfinningu einkaleyfisvernd þarf hún að vera tæknilega framkvæmanleg. Í því felst að hægt sé að endurtaka hana þannig að sama niðurstaða fáist, annars er ekki um uppfinningu að ræða. Það er ekki skilyrði að uppfinningamaðurinn „skilji" uppfinningu sína svo framarlega sem hægt er að lýsa henni og endurtaka hana. Uppfinning þarf að vera að einhverju leyti tæknilegs eðlis. Með því er átt við að uppfinningin sé tæknileg lausn á vandamáli sem leyst er með tilstuðlan náttúruafla, þ.e. með löglegri nýtingu á efni og orku úr náttúrunni. Mælikvarðinn er jafnframt sá að ekki má eingöngu vera um hugarfóstur að ræða sem ekki er unnt að nýta.

Skilyrði núgildandi laga um að uppfinningar verði að hafa eitthvert verulegt gildi, sbr. 1. tölul. 2. mgr. 1. gr., er sleppt í lagafrumvarpi þessu, enda ávallt matsatriði hvað telst hafa verulegt gildi. Ljóst er þó að skilyrðið um að hægt þurfi að vera að hagnýta uppfinninguna í atvinnulífi felur í sér að gagnslausar uppfinningar verða ekki taldar einkaleyfishæfar. Í núgildandi lögum, sbr. 1. mgr. 1. gr., er þess krafist að hægt sé að hagnýta uppfinningar í iðnaði. Í tíð eldri norrænna laga, sem núgildandi lög okkar eru sniðin eftir, var túlkun þessa ákvæðis mjög þröng, sérstaklega í Danmörku. Talið var að uppfinningar þyrftu að vera á sviði hefðbundins iðnaðar. Þannig töldust uppfinningar á sviði landbúnaðar og sjávarútvegs ekki einkaleyfishæfar. Með samræmingu norrænna einkaleyfalaga á sjötta áratugnum var ákveðið að samræma stefnu þjóðanna í þessum efnum og túlka þetta skilyrði á þann hátt að það næði til hvers konar atvinnustarfsemi. Það er í samræmi við orðalag og túlkun 3. tölul. 1. gr. Parísarsáttmálans um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, sbr. lög nr. 102/1962. Þessari túlkun hefur verið fylgt í framkvæmd hér á landi. Við samningu þessa frumvarps var ákveðið að víkja frá orðalagi norrænu einkaleyfalaganna þar sem enn er notað orðið „industrielt" hvað þetta atriði varðar. Það er gert til þess að taka af allan vafa um að einkaleyfisumsókn um uppfinningu, tæknilegs eðlis, verði ekki hafnað vegna notkunarsviðs ef unnt er að hagnýta hana í atvinnuskyni og öðrum skilyrðum um einkaleyfishæfi er fullnægt.

Uppfinningamaður, eða sá sem hefur öðlast rétt hans, á rétt á að fá einkaleyfi fyrir uppfinningu sinni. Rétturinn byggist þó á því að önnur skilyrði varðandi veitingu einkaleyfis séu uppfyllt. Þetta er sama regla og í núgildandi lögum, sbr. 1. mgr. 3. gr. Einstaklingur eða hópur nafngreindra einstaklinga, sem unnið hafa að uppfinningu í sameiningu, geta talist uppfinningamenn. Fyrirtæki eða samtök geta ekki talist uppfinningamenn en uppfinningamaður getur framselt rétt sinn til slíkra aðila. Ef annar en uppfinningamaður sækir um

einkaleyfi þarf að nafngreina uppfinningamann í umsókninni og jafnframt þarf umsækjandi að sanna rétt sinn til uppfinningarinnar, sbr. 4. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Réttur til einkaleyfis tilheyrir þeim sem fyrstur sækir um. Þetta gildir ef fleiri en einn sækja um einkaleyfi fyrir sömu uppfinningunni án innbyrðis tengsla, sbr. nánar 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Ef ágreiningur verður um hver sé uppfinningamaður verður að leysa úr honum eftir almennum reglum, jafnvel að leita til dómstóla ef nauðsyn krefur, sbr. nánar 17. gr., 18. gr., 4. mgr. 52. gr. og 53. gr. frumvarpsins.

Aðilaskipti geta orðið að réttindum uppfinningamanns við framsal, erfðir, skipti bús eða fullnustuaðgerðir skuldheimtumanna eins og öðrum eignarréttindum. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir neinum sérreglum um aðilaskipti og gilda því um þau almennar reglur. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. núgildandi laga mega skuldheimtumenn ekki leita fullnægingar í rétti til að öðlast einkaleyfi, þ.e. eftir að uppfinning liggur fyrir og áður en sótt er um einkaleyfi. Ekki þótti ástæða til að halda þessari sérreglu varðandi fullnusturétt í frumvarpi þessu.

Margir uppfinningamenn eru starfsmenn í þjónustu annarra og oft eru menn ráðnir gagngert til fyrirtækja til að vinna að uppfinningum. Ef ekki er samið sérstaklega um hver eigi réttinn til uppfinningar sem til verður á starfstíma getur leikið vafi á hver eigi réttinn til hennar. Hjá öðrum Norðurlandaþjóðum hafa verið sett sérlög um réttarstöðu í þessum málum þar sem slík ákvæði þykja ekki falla innan ramma almennra einkaleyfalaga. Í frumvarpi þessu er fordæmi frændþjóða okkar fylgt og ekki kveðið á um réttarstöðu varðandi eignarrétt að uppfinningum sem verða til hjá starfsmönnum í þjónustu annarra.

Um inntak einkaréttarins, sem einkaleyfið veitir, er nánar fjallað í 3. gr. frumvarpsins. Hér má þó benda á að einkarétturinn er í framkvæmd neikvæður, þ.e. að eigandi einkaleyfis getur bannað öðrum að nota uppfinningu sína en einkaleyfið veitir honum ekki sjálfkrafa rétt til að nýta uppfinninguna. Nýting uppfinningarinnar getur verið bönnuð með lögum eða óheimil vegna einkaleyfis annarra.

Um 2. mgr. 1. gr.

Hér er uppfinningarhugtakið nánar afmarkað. Slíka afmörkun er ekki að finna í núgildandi lögum. Í framkvæmd hafa þó þau tilvik, sem hér eru nefnd, ekki verið talin til uppfinninga. Ákvæðið mun því ekki hafa í för með sér breytingar hvað það varðar. Eins og orðalag 1. málsl. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins ber með sér er upptalningin ekki tæmandi og önnur tilvik geta því fallið utan uppfinningarhugtaksins. Jafnframt er þess að gæta að í tilvikum, sem hér um ræðir, geta falist einkaleyfishæfir þættir. Þetta er undirstrikað með orðalaginu „sem eingöngu varða".

1. tölul. 2. mgr. Eins og áður er vikið að felur uppgötvun í sér að áður óþekkt náttúrufyrirbæri eru leidd í ljós. Slíkt telst ekki uppfinning þar sem ekki er um neina nýsköpun að ræða. Vísindakenningar og stærðfræðiaðferðir eru ekki heldur uppfinningar þar sem þær miða ekki að lausn tiltekinna tæknilegra vandamála. Það er auðvitað mögulegt að beita vísindakenningum eða stærðfræðiaðferðum við lausn tiltekinna tæknilegra atriða. Lausn byggð á slíkum kenningum eða aðferðum gæti verið uppfinning í skilningi einkaleyfalaga.

2. tölul. 2. mgr. Listræn verk eru almennt ekki gædd tæknilegum eiginleikum og geta því ekki talist uppfinning. Ekki skiptir máli í því sambandi hvort verkin njóta verndar höfundalaga eða ekki. Ef verkið felur hins vegar í sér tæknilega eiginleika geta þeir út af fyrir sig talist uppfinning og verið einkaleyfishæfir. Ekkert er því til fyrirstöðu að hægt sé að fá einkaleyfi fyrir nýjum aðferðum eða áhöldum, sem notuð eru til listsköpunar eða listiðkana, að öðrum skilyrðum uppfylltum.

3. tölul. 2. mgr. Þessi tilvik teljast ekki uppfinningar þar sem þau eru eingöngu byggð á skipulagningu og framsetningu ákveðinnar hugarstarfsemi án nýtingar efnis eða orku úr náttúrunni. Þrátt fyrir skilyrðislausa hljóðan þessa töluliðar er ljóst að mörg tölvuforrit geta

talist uppfinning í skilningi einkaleyfalaga. Akvæðið tekur eingöngu til forrita sem einungis eru framsetning á hugarstarfsemi og því án tæknilegra eiginleika. Skýr dæmi um það eru almenn notendaforrit, svo sem ritvinnslu- og bókhaldsforrit. Sama máli gegnir um forritunarmál. Stýriforrit, sem eru hluti af ákveðnu framleiðsluferli, fela hins vegar í sér tæknilega eiginleika og geta því verið einkaleyfishæf að öðrum skilyrðum uppfylltum. Oft getur verið erfitt að ákvarða hvaða forrit geta talist uppfinningar og því einkaleyfishæf. Við framkvæmd þessa ákvæðis hér á landi verður að líta til evrópskrar og sér í lagi norrænnar framkvæmdar.

4. tölul. 2. mgr. Hér er um að ræða aðferðir við að koma upplýsingum á framfæri, svo sem töflum og gröfum ýmiss konar. Slíkt getur að sjálfsögðu ekki talist uppfinning. Öðru máli gegnir um tæki til að koma upplýsingum á framfæri, eins og t.d. útvarp eða símrita. Slík tæki geta verið einkaleyfishæf ef þau uppfylla önnur skilyrði einkaleyfalaga.

Um 3. mgr. 1. gr.

Læknisaðferðir þær, sem hér eru taldar upp, teljast ekki uppfinningar í skilningi frumvarpsins. Það er í samræmi við fyrri framkvæmd þótt ekki sé sérstaklega tekið fram í núgildandi lögum. Óeðlilegt er að láta einkaleyfi hindra lækna í að nota sérfræðiþekkingu sína til að lækna menn og dýr. Aðferðirnar eiga það sameiginlegt að þeim er aðeins hægt að beita á líkama manna eða dýra. Í norrænum rétti, sem og hérlendis, hefur ekki viðgengist að veita einkaleyfi fyrir aðgerðum sem aðeins eru gerðar á mannslíkamanum. Frumvarpið felur ekki í sér breytingu að þessu leyti. Undantekningar hafa þó verið gerðar varðandi ýmiss konar fegrunaraðgerðir, svo sem liðun og litun hárs. Aðgreining á milli læknis- og fegrunaraðgerða getur þó stundum verið erfið. Aðgerðir á líkömum dýra, sem falla utan þessa ákvæðis, geta talist einkaleyfishæfar uppfinningar, sbr. það sem segir síðar um 2. tölul. 4. mgr. þessarar greinar.

Eins og tekið er fram í 2. málsl. þessarar málsgreinar hindrar ákvæðið ekki að veitt sé einkaleyfi fyrir áhöldum og efnum til nota við þessar aðferðir. Ekki er tekið upp ákvæði núgildandi laga sem bannar útgáfu einkaleyfa fyrir nýfundnum læknislyfjum, neysluefnum eða nautnar, sbr. 3. tölul. 2. mgr. 1. gr. Einnig er skýrt tekið fram í þessum málslið að hægt sé að veita einkaleyfi fyrir efnum og efnablöndum. Hér er því boðuð töluverð breyting frá núgildandi lögum og framkvæmd. Er það í samræmi við norrænu einkaleyfalögin og réttarþróun annarra iðnríkja. Fyrrgreind breyting er þó ekki eins róttæk og virðist við fyrstu sýn þar sem í tíð núgildandi laga hafa verið veitt einkaleyfi fyrir aðferðum við framleiðslu lyfja og annarra efna og efnablandna. Slík einkaleyfi veita einkaleyfishafa allmikla vernd vegna ákvæða 1. tölul. 5. gr. núgildandi laga, en þar er kveðið á um óbeina efnisvernd. Þrátt fyrir það er ljóst að hér er lögð til mikil breyting á gildandi rétti varðandi einkaleyfishæfi lyfja sem gæti haft úrslitaáhrif á stöðu íslensks lyfjaiðnaðar. Rétt þykir því að setja bráðabirgðaákvæði, sem seinkar gildistöku þess að einkaleyfi verði veitt fyrir lyfjum, til að gera innlendum lyfjaiðnaði kleift að laga sig að breyttum aðstæðum, sbr. 2. mgr. 75. gr. frumvarpsins. Slík bráðabirgðaákvæði eru enn í gildi í norskum einkaleyfalögum, en í Svíþjóð var sambærilegum ákvæðum aflétt 1978, í Danmörku 1983 og í Finnlandi falla þau úr gildi 1995.

Um 4. mgr. 1. gr.

Hér er fjallað um hluti sem geta talist uppfinningar í skilningi einkaleyfisréttar en ekki þykir rétt að veita einkaleyfi fyrir.

1. tölul. 4. mgr. Þetta ákvæði er sambærilegt við það sem er að finna í 2. tölul. 2. mgr. 1. gr. núgildandi einkaleyfalaga. Þó er sá munur á að skilyrðið um að uppfinning megi ekki brjóta í bága við lög hefur verið fellt úr. Það er í samræmi við ákvæði 4. gr. quater Parísarsáttmálans sem sett var inn við endurskoðun hans 1958. Þar segir að ekki megi hafna eða ógilda einkaleyfi fyrir það eitt að sala eða notkun uppfinningarinnar sé bönnuð með

lögum. Sjaldan hefur reynt á ákvæðið hérlendis eða á samsvarandi ákvæði erlendis. Það er auðvitað grundvallaratriði að yfirvöld veiti ekki einkaleyfi fyrir uppfinningum sem brjóta í bága við siðgæði eða allsherjarreglu þjóðarinnar og því þörf á að hafa ákvæði um það. Hverjar slíkar uppfinningar eru fer síðan eftir siðferðismati þjóðfélagsins á hverjum tíma.

2. tölul. 4. mgr. Bannið við veitingu einkaleyfa samkvæmt þessum tölulið nær eingöngu til plöntu- eða dýraafbrigða sem slíkra. Því er möguleiki á að fá einkaleyfi fyrir plöntu eða fræi sem hefur fengið sérstaka efnismeðferð í þeim tilgangi að búa plöntuna eða fræið ákveðnum eiginleikum sem ekki er að finna í einstaklingum í náttúrunni, t.d. gera plöntuna eða fræið ónæmt fyrir sjúkdómum. Eftir slíka meðhöndlun telst plantan eða fræið ekki lengur plöntuafbrigði í hefðbundnum skilningi. Það er þó vert að taka fram að það eru eingöngu hin meðhöndluðu eintök sem njóta verndar.

Aðferðir við framleiðslu dýra eða plantna, sem eru aðallega líffræðilegar, eru ekki einkaleyfishæfar. Hér er átt við aðferðir þar sem náttúran á stærstan hlut að máli, en tækni er ekki beitt. Líffræðilegar aðferðir við framleiðslu annarra afurða en dýra eða plantna geta verið einkaleyfishæfar að öðrum skilyrðum uppfylltum. Jafnframt geta aðferðir við framleiðslu dýra og plantna, sem ekki eru líffræðilegar að meginhluta, verið einkaleyfishæfar. Hér undir geta fallið líffræðilegar aðferðir þar sem tækni er beitt til að ná fram ákveðnum eiginleikum. Þetta á þó eingöngu við einstök dýr eða plöntur en ekki dýra- eða plöntuafbrigði sem slík.

Undir aðferðir á sviði örverufræði falla bæði þau tilvik þegar notast er við örverur í sjálfu ferlinu og einnig framleiðsla eða einangrun örvera, t.d. með erfðafræðilegum aðferðum. Ágreiningur hefur verið um hvort örverur sem slíkar teljist afurðir aðferða á sviði örverufræði og því einkaleyfishæfar eða hvort þær teljist til dýra- eða plöntutegunda. Í Noregi ríkir síðari skilningurinn og því ekki hægt að fá einkaleyfi fyrir örverunum sem slíkum, andstætt því sem gildir í Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi. Þar eru örverur taldar falla utan hugtaksins plöntu- og dýraafbrigði og því hægt að fá einkaleyfi fyrir þeim ef öðrum skilyrðum einkaleyfisréttarins er fullnægt. Hér er lagt til að fylgt verði sænskri, danskri og finnskri framkvæmd. Sérreglur um meðferð örvera, sem einkaleyfisumsókn er byggð á, eru í 6. og 7. mgr. 8. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Hér er fjallað um kröfuna um nýnæmi og frumleikastig uppfinninga, svo og um forgangsréttarreglu einkaleyfisumsókna. Í núgildandi lögum er kveðið á um þessi atriði í 4. tölul. 2. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 3. gr.

Um 1. mgr. 2. gr.

Uppfinning verður að vera ný með tilliti til þess sem þekkt er fyrir innlagningardag. Hvað telst þekkt í þessu sambandi er nánar tilgreint í 2. mgr. Miðað er við hlutlægt mat einkaleyfayfirvalda, en vitneskja uppfinningamanns um hvort uppfinningin hafi verið til eða þekkt skiptir ekki máli. Krafan um nýnæmi uppfinninga er gerð í þágu almannahagsmuna og ekki talið rétt að veita einkaleyfi fyrir neinu því sem þegar er orðið þekkt og því almennur aðgangur að.

Krafan um að uppfinning verði að vera frábrugðin því sem áður er þekkt felst í raun í hugtakinu uppfinning og er því ekki nefnd berum orðum í núgildandi lögum. Til þess að um uppfinningu sé að ræða verður hún að fela í sér einhverja tækniþróun sem ekki er augljós miðað við þekkta tækni. Uppfinning verður því að byggjast á einhverju lágmarkshugviti. Við mat á því hvort frumleikastig uppfinningar sé nægilegt er það sjónarmið haft til viðmiðunar að uppfinning verði að liggja utan þeirra marka sem fagmanni á viðkomandi sviði hefði hugkvæmst með því einu að byggja á því sem þegar er þekkt.

Innlagningardagur skilur á milli þess sem telst þekkt eða ekki þekkt þegar metið er hvort skilyrðum um nýnæmi og frumleikastig uppfinningar er fullnægt. Innlagningardagur samkvæmt frumvarpi þessu telst vera sá dagur þegar umsókn er lögð inn til einkaleyfayfirvalda, sbr. nánari umfjöllun við 8. og 14. gr. frumvarpsins. Miðað er við heilan dag þannig að fræðilega getur komið upp sú staða að tvö einkaleyfi yrðu gefin út fyrir sömu uppfinningunni ef tveir óskyldir aðilar legðu samdægurs inn fullgildar umsóknir fyrir sömu uppfinningu. Innlagningardagur er stundum nefndur forgangsréttardagur þar sem sá sem fyrstur sækir um einkaleyfi fyrir ákveðinni uppfinningu hefur forgang til að fá einkaleyfi fyrir henni. Skiptir ekki máli hvenær uppfinningin var gerð. Reglan er annars vegar byggð á þeirri grundvallarhugsun einkaleyfisréttarins að vernd skuli veita þeim sem fyrstur sé tilbúinn að opinbera uppfinningu sína og hins vegar á því að auðveldara sé að sannreyna hvenær réttur skapast ef miðað er við innlagningardag. Forgangsréttarreglan er ekki nefnd berum orðum í frumvarpi þessu andstætt því sem nú er, sbr. 2. mgr. 3. gr. núgildandi laga. Í 6. gr. frumvarpsins er nánar fjallað um forgangsrétt innlendra og erlendra umsókna.

Um 2. og 3. mgr. 2. gr.

Hér er nánar tilgreint hvað telja skuli þekkt þegar lagt er mat á nýnæmi og frumleikastig uppfinninga. Í samræmi við norræn einkaleyfalög er lagt til að tekið verði upp ótakmarkað nýnæmi þannig að allt sem almennur aðgangur er að teljist þekkt í skilningi einkaleyfalaganna, sbr. orðalagið „eða á annan hátt“. Öll opinberun — í ræðu eða riti, með mynd eða við notkun uppfinningarinnar eða á annan hátt — getur valdið því að uppfinning telst þekkt. Engin takmörk eru heldur sett í frumvarpinu varðandi hvenær eða hvar í heiminum almennur aðgangur er eða hefur verið að viðkomandi upplýsingum. Í núgildandi lögum er hins vegar mun þrengri afmörkun á hvað telst þekkt, sbr. 4. tölul. 2. mgr. 1. gr.

Almennur aðgangur telst vera að uppfinningu ef stór eða ótilgreindur hópur manna hefur tækifæri til að komast yfir þær upplýsingar sem nægja fagmanni til að hagnýta hana. Hér skiptir ekki máli hvort óviðkomandi aðilar hafa í raun fengið upplýsingarnar eða hvort þær hafa leitt til hagnýtingar af hálfu sérfróðs manns eða annarra, heldur að sá möguleiki hafi verið fyrir hendi. Undantekning er þó varðandi þá sem kynnast uppfinningunni vegna tengsla við uppfinningamann, svo sem þegar um er að ræða aðstoðarmenn, samstarfsfólk eða væntanlega kaupendur. Hér skiptir þó máli hversu mikil aðgát er höfð eða að hve miklu leyti reynt er að koma í veg fyrir að óviðkomandi eigi aðgang að uppfinningunni.

Aðalregla ákvæðisins er að einungis það sem almennur aðgangur er að fyrir innlagningardag teljist þekkt í skilningi einkaleyfalaga. Í 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins er að finna undantekningu frá þeirri reglu. Þar segir að efni eldri óbirtra umsókna, sem lagðar hafa verið inn hér á landi, skuli teljast þekkt við mat á nýnæmi uppfinninga samkvæmt yngri umsóknum svo framarlega sem þær fyrrgreindu verði birtar í samræmi við 22. gr. frumvarpsins. Þetta er mikil breyting frá því sem nú gildir þar sem tekið er fram að jafnvel birtar umsóknir skuli ekki teljast þekkt efni við mat á nýnæmi uppfinninga, sbr. 4. tölul. 2. mgr. 1. gr.

Ofangreind regla er byggð á forgangsrétti þess sem fyrr sækir um. Eins og segir í ákvæðinu þarf seinni umsókn að uppfylla skilyrði um nýnæmi miðað við fyrri óbirta umsókn, en ekki skilyrði um frumleikastig. Framkvæmd reglunnar yrði sú að leggja þyrfti seinni umsóknina til hliðar þar til ákvörðun er tekin um birtingu hinnar fyrri. Ef hin fyrri verður birt er hægt að meðhöndla seinni umsókn á eðlilegan hátt varðandi mat á nýnæmi hennar. Ef hins vegar verður ekki af birtingu hinnar fyrri hefur hún engin áhrif á mat á einkaleyfishæfi hinnar seinni. Telja verður þetta eðlilega framkvæmd miðað við forgangsréttarregluna. Ef almannahagsmunir eru hafðir í huga mæla engin sérstök rök með því að sá sem kemur seinna með umsókn um svipaða eða sömu uppfinningu og annar hefur þegar sótt um, en ekki hefur verið birt, njóti betri réttar en sá sem sækir um eftir að fyrri umsókn hefur verið birt. Undantekning

varðandi skilyrðið um frumleikastig uppfinninga, sem síðar er sótt um, er aðallega gerð með þær umsóknir í huga sem koma frá sama aðila og varða nánari útfærslu á fyrri umsókn.

Í 3. mgr. 2. gr. er áréttað að undir vissum kringumstæðum, sem eru nánar tilgreindar í 28. og 38. gr. frumvarpsins, geti ofangreind undantekningarregla gilt varðandi alþjóðaumsóknir.

Um 4. mgr. 2. gr.

Hér er sett sérregla varðandi nýnæmisskilyrði þekktra efna og efnasambanda sem nota á við lækningaaðferðir. Aðalreglan er sú að hægt er að fá einkaleyfi fyrir nýrri notkun þekktra efna og efnasambanda ef almenn skilyrði um einkaleyfishæfi eru uppfyllt. Ákvæðið virðist þó segja samkvæmt orðanna hljóðan að slíkt sé ekki hægt varðandi efni og efnasambönd sem nota á við lækningaaðferðir nema um sé að ræða fyrstu notkun á þessu sviði. Sú túlkun var ríkjandi annars staðar á Norðurlöndum fyrst eftir að samsvarandi ákvæði var sett þar. Hins vegar hefur á seinni árum gætt efasemda um að sú framkvæmd sé rétt. Nú er því möguleiki talinn vera á að veita einkaleyfi fyrir þekktum efnum og efnasamböndum til nota í lækningaskyni þrátt fyrir það að önnur læknisáhrif viðkomandi efna séu kunn. Ef á þetta atriði reynir hér á landi verður að líta til norrænnar framkvæmdar.

Um 5. mgr. 2. gr.

Hér koma fram undantekningar frá aðalreglu einkaleyfisréttarins um að nýnæmi uppfinninga skuli miðast við innlagningardag.

1. tölul. 5. mgr. Hér er talið að hagsmunir umsækjanda eða þess sem sækir rétt sinn til hans vegi þyngra en tillitið til almannahagsmuna eða réttarvissunnar þegar ljóst er að brotið hefur verið á rétti þeirra. Því er heimilað að birting, sem er augljós misbeiting gagnvart rétthafa, skuli ekki skaða nýnæmi uppfinningar svo framarlega sem sótt sé um einkaleyfi fyrir henni innan sex mánaða frá því að uppfinningin varð aðgengileg almenningi með þessum hætti. Skilyrðið um að augljós misbeiting hafi átt sér stað felur í sér að ekki er nóg að birting hafi átt sér stað án samþykkis rétthafa. Einnig er ljóst að rétthafi má ekki á neinn hátt vera meðsekur í að uppfinningin varð almenningi aðgengileg, t.d. með kæruleysi. Að lokum verður að liggja fyrir að birtingin eigi rót sína að rekja til ótilhlýðilegs athæfis gagnvart umsækjanda eða þess sem sækir rétt sinn til hans. Þessari undantekningareglu eru þó sett ákveðin tímatakmörk þar sem umsókn þarf að berast innan sex mánaða frá því að uppfinningin varð almenningi kunn með þessum hætti. Þetta setur rétthafa nokkuð þröngar skorður en er rökstutt með tilliti til almannahagsmuna.

2. tölul. 5. mgr. Þetta er samsvarandi regla og er í 1. mgr. 24. gr. núgildandi laga. Hér er þó nánar kveðið á um að undantekning taki aðeins til viðurkenndra alþjóðlegra sýninga samkvæmt sáttmála um alþjóðlegar sýningar sem gerður var í París 20. nóvember 1928. Talin var þörf á að hafa þessa tilgreiningu því að orðalag núgildandi laga var villandi varðandi umfang þessarar undantekningarreglu. Ljóst er að vegna þeirra þröngu takmarka, sem alþjóðasýningum eru sett í ofangreindum sáttmála, kemur örsjaldan til með að reyna á þetta ákvæði. Umsóknir um uppfinningar, sem hafa verið sýndar á slíkum alþjóðasýningum, þurfa að berast innan sex mánaða frá því að þær voru sýndar þar.

Um 3. gr.

Hér er nánar kveðið á um inntak einkaréttarins sem einkaleyfi veitir, en í núgildandi lögum er um það efni fjallað í 1. mgr. 5. gr. Í 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins er nákvæmlega tíundað hvaða athafnir teljist brot á einkarétti einkaleyfishafa. Er þar um tæmandi talningu að ræða. Upptalningin tekur til fleiri athafna en í núgildandi lögum og felur því í sér rýmkun á einkarétti einkaleyfishafa. Í 2. mgr. eru ákvæði um óbein brot á einkarétti samkvæmt einkaleyfi. Slík ákvæði eru ekki í núgildandi lögum. Í 3. mgr. er tiltekið hvaða athafnir teljast

ekki brot á einkarétti einkaleyfishafa. Engin ákvæði um það efni eru í núgildandi lögum. Frumvarpið er því mun ítarlegra varðandi inntak einkaréttarins en ákvæði núgildandi laga um sama efni.

Um 1. mgr. 3. gr.

Einkaleyfishafi hefur einkarétt til að hagnýta uppfinningu sína í atvinnuskyni hér á landi. Enginn annar má hagnýta uppfinninguna í þeim tilgangi nema með leyfi einkaleyfishafa. Ef uppfinningamaður hefur framselt uppfinningu sína er einnig honum óheimilt að hagnýta hana í atvinnuskyni nema með leyfi einkaleyfishafa. Einkaréttur einkaleyfishafa leiðir þó ekki sjálfkrafa til að hann geti nýtt sér uppfinninguna því að nýting hennar getur verið óheimil af ýmsum ástæðum, t.d. vegna annarra einkaleyfa eða þess að hún sé bönnuð með lögum eða stjórnvaldsákvörðunum. Einnig verður að hafa í huga að einkarétturinn tekur eingöngu til íslenskrar lögsögu. Eigandi íslensks einkaleyfis getur hvorki bannað öðrum að hagnýta uppfinninguna né hagnýtt hana sjálfur á grundvelli íslenska einkaleyfisins annars staðar en á Íslandi. Þetta er oft nefnt forráðasvæðisreglan.

Í 1. og 2. tölul. málsgreinarinnar er tilgreint hvað teljist beint brot á einkarétti samkvæmt einkaleyfi fyrir tækjum, afurðum eða aðferð. Upptalningin er mun ítarlegri en ákvæði núgildandi laga. Framleiðsla tekur til allra framleiðslustiga að frátöldu því sem telst hreinn undirbúningur. Það er nýtt ákvæði að ekki megi bjóða uppfinninguna til sölu, leigu eða annarra nota. Einnig að notkun í atvinnuskyni sé óheimil. Markaðssetning felur í sér alla ráðstöfun uppfinningarinnar eða afurða hennar gegn þóknun. Innflutningur er einnig óheimill og er það engin breyting frá núgildandi lögum. Það er nýtt að óheimilt sé að hafa í fórum sínum einkaleyfisverndaða uppfinningu í þeim tilgangi að hagnýta hana í heimildarleysi. Ákvæði 1. og 2. tölul. fela í sér tæmandi talningu og því teljast athafnir, sem ekki falla undir upptalninguna, ekki brot á einkaréttinum. Miðað er við að allar ofangreindar athafnir séu í tengslum við atvinnustarfsemi, sbr. 1. tölul. 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins þar sem segir að einkarétturinn taki ekki til athafna sem ekki tengjast atvinnustarfsemi.

Í 3. tölul. málsgreinarinnar er kveðið á um óbeina afurðavernd. Þetta ákvæði er mjög mikilvægt fyrir eigendur aðferðaeinkaleyfa. Án slíks ákvæðis væri t.d. hægt að flytja inn afurðir sem væru löglega framleiddar með aðferðinni erlendis, sbr. það sem áður segir um gildissvið íslenskra einkaleyfa. Það mundi að sjálfsögðu rýra mjög gildi aðferðaeinkaleyfa. Þetta ákvæði veitir því eigendum aðferðaeinkaleyfa allsterka vernd. Á móti kemur þó að einkaleyfishafi verður að sanna að afurðin hafi orðið til fyrir tilstilli hinnar einkaleyfisvarinduðu aðferðar. Í því felst m.a. að afurðin verður að hafa öðlast megineiginleika sína við notkun viðkomandi aðferðar og þessa eiginleika má hún ekki hafa misst á síðari stigum vinnslunnar. Ákvæðið tekur ekki til afurða sem framleiddar eru með notkun einkaleyfisverndaðs hlutar eins og t.d. vélaútbúnaðar. Að öðru leyti gildir það sama um athafnir sem eru nefndar í 3. tölul. og að ofan greinir í umfjöllun um 1. og 2. tölul. málsgreinarinnar.

Um 2. mgr. 3. gr.

Hér er fjallað um óbeint brot á einkarétti einkaleyfishafa. Brot samkvæmt þessu ákvæði felst ekki í því að sá brotlegi nýti sér hina einkaleyfisvarinduðu uppfinningu á einhvern þann hátt sem brýtur í bága við 1. mgr. þessarar greinar, heldur að hann afli eða bjóðist til að afla öðrum tilföng til að gera slíkt og að tilföngin varði verulegan þátt uppfinningarinnar. Ef tilföngin eru almenn verslunarvara er því aðeins um brot að ræða að sá sem afhendir þau eða býðst til að afhenda þau hvetji til óheimillar hagnýtingar uppfinningarinnar.

Sá sem býður tilföngin þarf að vita að þau henti og séu ætluð til að hagnýta uppfinninguna án heimildar eða slíkt sé ljóst af aðstæðum. Hér er því að vissu leyti um hlutdeildarbrot að ræða. Brotið felst í því að gera öðrum kleift að hagnýta uppfinninguna með því að útvega þeim

efni eða tæki í því skyni. Í núgildandi lögum er ekki að finna ákvæði um hlutdeildarbrot. Hlutdeildarbrot í einkaleyfisrétti hafa því lotið almennum reglum skaðabóta- og refsiréttar. Þar er meginreglan sú að til þess að um hlutdeildarbrot geti verið að ræða þurfi beint brot að liggja fyrir. Samkvæmt þessu ákvæði skiptir hins vegar ekki máli hvort tilföngin verði í raun notuð á óheimilan hátt eða ekki. Það að útvega eða bjóða tilföng til hagnýtingar uppfinningunni til aðila, sem ekki hefur heimild til að nýta hana, án leyfis einkaleyfishafa, er sjálfstætt brot. Hér er því um að ræða víkkun á einkarétti einkaleyfishafa, miðað við núgildandi lög.

Einnig er ljóst að um óbeint brot getur verið að ræða þó svo að hagnýting uppfinningarinnar með viðkomandi tilföngum sé ekki brot á einkarétti einkaleyfishafa. Kveðið er á um þetta í 3. málsl. 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Samkvæmt þeim málslið er óheimilt nema með leyfi einkaleyfishafa að afhenda eða bjóða tilföng til þeirra sem hagnýta sér uppfinninguna með þeim hætti sem tilgreint er í 1., 3. og 4. tölul. 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Slíkt gefur tilefni til refsi- og/eða skaðabótaábyrgðar þó svo að sá sem hagnýtir uppfinninguna teljist ekki brotlegur.

Um 3. mgr. 3. gr.

Hér eru tilgreindar þær athafnir sem einkarétturinn tekur ekki til.

Í 1. tölul. er tekið fram að einkarétturinn taki ekki til athafna sem ekki tengjast atvinnustarfsemi. Þetta er einnig ríkjandi skilningur núgildandi laga, þótt ekki sé það sagt berum orðum. Notkun uppfinningar t.d. við kennslu eða í vísindafyrirlestri telst ekki brot á einkaréttinum nema viðkomandi uppfinning sé einmitt til þeirra nota. Noti einstaklingur uppfinningu í eigin þágu telst slíkt heldur ekki brot á einkarétti einkaleyfishafa. Svo dæmi sé tekið getur einstaklingur samkvæmt þessu búið til tæki sem er verndað með einkaleyfi svo framarlega sem notkun þess er eingöngu til eigin þarfa. Hann gæti jafnvel selt smíðina svo lengi sem salan er tilfallandi og getur ekki kallast atvinnustarfsemi. Matið er ekki byggt á því hvort um ábata er að ræða eða ekki. Til dæmis er ljóst að starfsemi í tengslum við líknarmál eða ríkisrekstur getur ekki verið grundvöllur til undanþágu.

Í 2. tölul. er mikilvæg regla sem er viðurkennd hér á landi þótt hana sé ekki að finna í núgildandi lögum, en það er neyslureglan. Hún er byggð á því að þegar einkaleyfishafi hefur samþykkt markaðssetningu hinnar vernduðu uppfinningar getur hann ekki hindrað áframhaldandi notkun og sölu hennar eða afurða hennar. Þetta þýðir ekki að samkeppnisaðilar eða aðrir geti án heimildar byrjað að framleiða eða flytja inn og selja viðkomandi uppfinningu eða afurðir hennar. Inntak reglunnar er að einkaleyfishafi hefur undir þessum kringumstæðum ekki lengur rétt yfir hinu markaðssetta eintaki. Áframhaldandi notkun eða sala á eintakinu, hvort sem er í atvinnuskyni eða ekki, verður ekki talin brot á einkarétti einkaleyfishafa. Þessi regla á eingöngu við um markaðssetningu hér á landi, sbr. það sem að framan segir um forráðasvæðisregluna. Þó að uppfinningin hafi verið löglega markaðssett erlendis, jafnvel af sama aðila og hefur einkaleyfi fyrir henni hér á landi, má enginn annar en íslenski einkaleyfishafinn eða einhver með hans samþykki flytja inn afurðir sem einkaleyfið nær yfir.

3. tölul. kveður á um að einkarétturinn taki ekki til athafna sem tengdar eru tilraunum með efni uppfinningarinnar. Tilraunin verður að varða efni uppfinningarinnar sjálfrar. Hins vegar skiptir ekki máli hvort tilraunin er gerð í atvinnuskyni eða í öðrum tilgangi.

4. tölul. fjallar um tilreiðslu lyfja í lyfjabúð samkvæmt lyfseðli. Þessi undantekning mun ekki hafa gildi fyrr en farið verður að veita einkaleyfi fyrir lyfjum hér á landi, þ.e. þegar bráðabirgðaákvæði 2. mgr. 75. gr. frumvarpsins rennur úr gildi. Þessi regla er sett til þess að lyfsalar geti áfram tilreitt lyf eftir lyfseðlum lækna án þess að brjóta á einkarétti einkaleyfishafa. Vert er þó að leggja áherslu á að eingöngu er átt við tilreiðslu lyfja eftir lyfseðli fyrir tilgreinda einstaklinga í einstökum tilfellum. Ekki er lyfsala heimilt að tilreiða lyf til að eiga á „lager“ eða tilreiða stóra skammta fyrir sjúkrahús án heimildar einkaleyfishafa.

Um 4. gr.

Hér er fjallað um svonefndan fornotkunarrétt aðila sem hagnýta uppfinninguna þegar annar aðili sækir um einkaleyfi. Í núgildandi lögum er um þetta tilvik fjallað í 1. mgr. 6. gr. Í frumvarpinu felast ekki stórvægilegar breytingar varðandi þetta atriði en inntak reglunnar er nánar afmarkað. Hér er um undantekningareglu að ræða. Tilvik, sem hér um ræðir, geta ekki verið mörg því að oftast mundi umrædd hagnýting hafa áhrif á nýnæmi uppfinningar og útilokaði því að hægt væri að veita einkaleyfi fyrir henni.

Fornotkunarréttinum er ætlað að tryggja hagsmuni þeirra sem hagnýta sér viðkomandi uppfinningu þegar umsókn um hana er lögð inn af öðrum. Oftast væri um að ræða aðila sem hafa sjálfir fundið upp það sama og annar sækir um einkaleyfi fyrir. Það er þó ekki skilyrði. Upplýsingar um efni uppfinningarinnar hafa getað borist notanda frá þriðja aðila. Það er skilyrði að hagnýtingin sé ekki augljós misbeiting gagnvart umsækjanda eða þeim sem hann sækir rétt sinn til. Varðandi það, hvað sé augljós misbeiting í þessu tilliti, vísast til umfjöllunar um 5. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Misbeiting gagnvart þriðja aðila kemur hins vegar ekki sjálfkrafa í veg fyrir fornotkunarrétt.

Hagnýting sú, sem hér um ræðir, tekur til allra athafna sem falla undir 3. gr. frumvarpsins. Hagnýtingin þarf að vera í atvinnuskyni. Jafnframt verður hagnýtingin að eiga sér stað hér á landi. Eðli hagnýtingar samkvæmt fornotkunarrétti má ekki breytast frá þeim tíma sem fornotkunarréttur skapast. Það þýðir að ef fyrri hagnýting hefur falist í sölu er notanda ekki heimilt á grundvelli fornotkunarréttar að framleiða viðkomandi vöru eða flytja hana inn. Einnig er það skilyrði fyrir stofnun réttarins að hagnýting eigi sér stað á því tímamarki þegar einkaleyfisumsókn er lögð inn. Umsóknin getur verið íslensk eða erlend ef sú síðarnefnda er grundvöllur forgangsréttar skv. 6. gr. frumvarpsins.

Sama fornotkunarrétt og með sömu skilyrðum öðlast sá sem hefur gert verulegar ráðstafanir til að hagnýta uppfinninguna í atvinnuskyni. Það felur í sér að viðkomandi hafi gert tæknilegar og fjárhagslegar ráðstafanir til að hefja hagnýtingu hennar.

Aðilaskipti geta orðið að fornotkunarrétti, en þó aðeins í tengslum við aðilaskipti að þeim atvinnurekstri sem hann á uppruna sinn í. Annað þætti ganga of nærri einkarétti einkaleyfishafa. Jafnframt ber að athuga að samkvæmt þessari grein hefur rétthafi aðeins heimild til áframhaldandi hagnýtingar. Hann getur t.d. ekki bannað öðrum að hagnýta sér uppfinninguna.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um undantekningar frá einkarétti einkaleyfishafa vegna alþjóðasamgangna. Í núgildandi lögum er fjallað um þetta atriði í 2. mgr. 5. gr. Lítið hefur reynt á ákvæðið en nauðsynlegt þykir þó að hafa samsvarandi ákvæði í frumvarpi þessu, m.a. vegna alþjóðlegra skuldbindinga, sbr. 5. gr. b Parísarsáttmálans og 27. gr. alþjóðaloftflutningasamningsins sem gerður var í Chicago 7. des. 1944. Samningurinn var staðfestur af Íslands hálfu 4. apríl 1945, sbr. auglýsingu utanríkisráðuneytisins nr. 94 dags. 10. nóv. 1945.

Hagnýting sú, sem um ræðir í 1. mgr., verður að vera tengd notkun erlends samgöngutækis. Fljótandi olíuborpallar eða frystiskip teljast ekki samgöngutæki í þessu samhengi, a.m.k. ekki að því er varðar hlutverk þeirra sem vinnustöðva á hafi úti. Beiting ákvæðisins er ekki byggð á gagnkvæmni, heldur tekur það til allra erlendra samgöngutækja hvort sem heimaríki þeirra veitir íslenskum samgöngutækjum sama rétt eða ekki. Einnig er ljóst að ákvæði þessarar málsgreinar tekur til allra uppfinninga hvort sem þær varða afurð eða aðferð. Undantekningarregla núgildandi laga tekur hins vegar eingöngu til einkaleyfisverndaðra hluta.

Efni 2. mgr. á rót sína að rekja til 27. gr. alþjóðaloftflutningasamningsins. Um er að ræða heimildarákvæði sem byggja skal á gagnkvæmni. Í reglugerð yrði kveðið á um hvernig

heimildarákvæðið skuli nýtt. Ekki þykir ástæða til að taka upp efni b-liðar 2. mgr. 5. gr. núgildandi laga þar sem nægileg rök þóttu ekki styðja slíka sérreglu, auk þess sem slík regla þekkist ekki í einkaleyfalögum annarra þjóða.

Um 6. gr.

Ákvæði greinarinnar fjallar um forgangsrétt þess umsækjanda sem fyrstur sækir um einkaleyfi vegna tiltekinnar uppfinningar. Efni ákvæðisins er sótt til einnar mikilvægustu reglu Parísarsáttmálans, sbr. 4. gr. og 4. gr. a, um alþjóðasamvinnu. Í núgildandi lögum er fjallað um forgangsrétt í 2. mgr. 24. gr. Tilgangur forgangsréttarreglunnar er að gera umsækjendum kleift að sækja um einkaleyfi í fleiri en einu landi án þess að þurfa að sækja um samtímis í þeim öllum. Slíkt er mjög erfitt í framkvæmd. Umsækjanda er einnig oft nauðsyn á að fá niðurstöðu nýnæmisrannsóknar áður en hann tekur ákvörðun um að sækja um einkaleyfi í fleiri löndum. Það væri ekki mögulegt án forgangsréttarreglu Parísarsáttmálans. Ef hennar nyti ekki við yrði birting umsóknar í einu landi nýnæmishindrun í næsta landi vegna kröfunnar um alþjóðlegt nýnæmi uppfinninga.

Reglan felur það í sér að umsækjandi fær forgangsrétt í 12 mánuði frá innlagningardegi fyrstu umsóknar sinnar til þess að sækja um einkaleyfi fyrir uppfinningu sinni í öðrum aðildarlöndum Parísarsáttmálans. Þennan frest er ekki hægt að framlengja, sbr. 3. mgr. 72. gr. frumvarpsins. Þótt ekki segi berum orðum í frumvarpinu að miðað sé við fyrstu umsókn vegna viðkomandi uppfinningar er átt við hana í samræmi við eðli máls og 4. gr. C 2 Parísarsáttmálans.

Forgangsréttur getur einnig skapast á grundvelli erlendra umsókna um uppfinningaskírteini eða smáeinkaleyfi. Uppfinningaskírteini er verndarform sem er aðallega notað í sósíalískum ríkjum. Þau veita ríkisvaldinu einkarétt til að hagnýta viðkomandi uppfinningu gegn endurgjaldi til uppfinningamanns. Smáeinkaleyfi er hins vegar, eins og nafnið bendir til, verndarform þar sem gerðar eru minni kröfur til einkaleyfishæfis uppfinninga jafnframt því sem þau veita mun skemmri vernd. Smáeinkaleyfi þekkjast í mismunandi formi í Vestur-Þýskalandi, Japan og Ítalíu. Hvorugt ofangreindra verndarforma er að finna hérlendis.

Samkvæmt Parísarsáttmálanum og núgildandi lögum er aðeins unnt að fá forgangsrétt á grundvelli umsóknar sem áður hefur verið lögð inn erlendis. Í frumvarpi þessu er hins vegar skýrt tekið fram að forgangsrétt sé hægt að byggja á íslenskri umsókn. Hér er um að ræða rýmkun á forgangsréttinum sem rekja má til ákvæða alþjóðasamstarfssáttmálans (PCT) og Evrópusáttmálans um einkaleyfi (EPC). Í þeim sáttmálum er gert ráð fyrir að alþjóðaumsókn eða umsókn um Evrópueinkaleyfi geti notið forgangsréttar á grundvelli umsóknar frá aðildarlandi sem jafnframt er æskt einkaleyfis í samkvæmt fyrrnefndum umsóknum. Slík regla getur leitt til þess að tvö einkaleyfi væru gefin út fyrir sömu uppfinningu í því landi. Þrátt fyrir þetta hafa norrænu þjóðirnar fallist á þessa skipan. Talið er að sjaldan mundi reyna á þetta, m.a. vegna þess að einkaleyfishafi þyrfti þá að sjálfsögðu að borga tvöföld gjöld. Af sömu ástæðu var ekki talið að möguleikinn á að lengja verndartíma umsóknar með þessu móti væri haldbær mótrök. Meginrökin voru að setja ekki innlenda umsækjendur í verri stöðu en þá sem sækja um einkaleyfi á grundvelli PCT eða EPC og því var afráðið að lögfesta regluna í norrænum lögum. Lagt er til að slíkt hið sama verði gert hér á landi.

Til þess að forgangsréttur taki gildi verður umsækjandi að leggja fram kröfu þar að lútandi. Í reglugerð yrði nánar kveðið á um hvenær og hvernig sú krafa skuli fram sett, sbr. 2. mgr. þessarar frumvarpsgreinar. Ef slík krafa kemur fram verður litið svo á að seinni umsóknin hafi verið lögð fram samtímis hinni fyrri varðandi atriði sem falla undir 1., 2. og 4. mgr. 2. gr., svo og 4. gr. frumvarpsins. Nýnæmi uppfinningar skaðast því ekki af birtingu hennar, notkun eða af öðrum ástæðum á þessu tímabili. Fornotkunarréttur skv. 4. gr.

frumvarpsins getur heldur ekki skapast. Forgangsrétturinn gildir þó aðeins varðandi fyrrnefnd atriði. Því getur t.d. myndast réttur til nauðungarleyfis skv. 48. gr. frumvarpsins vegna notkunar annarra á forgangstímanum. Einnig hefur forgangsrétturinn engin áhrif á hvort veita eða hafna skuli einkaleyfisumsókn. Slíkt er metið sjálfstætt í hverju ríki fyrir sig. Þannig getur umsókn um sömu uppfinningu verið hafnað um einkaleyfi í einu ríki en veitt í öðru vegna mismunandi einkaleyfalaga í viðkomandi ríkjum þrátt fyrir forgangsréttartengsl milli umsóknanna. Þessi sjálfstæðisregla einkaleyfa er byggð á 4. gr. a Parísarsáttmálans.

Síðasti málsliður 1. mgr. 6. gr. heimilar að sami forgangsréttur geti verið veittur á grundvelli umsókna frá ríki sem ekki er aðili að Parísarsáttmálanum. Skilyrði þess eru að gagnkvæmi sé að þessu leyti milli ríkjanna og að viðkomandi ríki hafi löggjöf sem er í aðalatriðum í samræmi við ákvæði sáttmálans.

Um II. kafla.

Um 7. gr.

Í 8. gr. auglýsingar um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96/1969, er kveðið á um að málefni, er varða réttindi á sviði iðnaðar, falli undir iðnaðarráðuneytið. Á vegum ráðuneytisins hefur frá árinu 1988 verið starfrækt einkaleyfa- og vörumerkjaskrifstofa sem sér um framkvæmd einkaleyfalaga.

Núgildandi einkaleyfalög eru byggð á því meginsjónarmiði að allar umsóknir um einkaleyfi séu rannsakaðar með tilliti til einkaleyfishæfis uppfinninga. Sama á við um frumvarp þetta. Fullnaðarrannsókn einkaleyfisumsókna fer ekki fram hér á landi þar sem of fáar umsóknir berast til að standa undir þeim fjölda sérhæfðra starfsmanna sem þyrfti til þess. Hingað til hefur framkvæmdin verið sú að einkaleyfi hafa annaðhvort verið veitt á grundvelli erlendra einkaleyfa sem hafa verið rannsökuð af einkaleyfayfirvöldum viðkomandi landa eða umsóknir hafa verið sendar til dönsku einkaleyfastofnunarinnar til rannsóknar. Við það er miðað að gerður verði samningur við þá stofnun um áframhaldandi aðstoð á þessu sviði. Í reglugerð yrðu sett nánari ákvæði um þetta atriði.

Nú er einkaleyfaskrifstofan eini móttökuaðili íslenskra einkaleyfisumsókna. Ef Ísland gerist aðili að samstarfssáttmálanum um einkaleyfi (Patent Cooperation Treaty eða PCT) verður hægt að sækja um einkaleyfi hér á grundvelli alþjóðaumsóknar sem hægt er að leggja inn í öllum aðildarlöndum PCT. Af því leiðir að umsóknir um íslensk einkaleyfi verða einnig lagðar inn erlendis. PCT tekur þó eingöngu til umsókna en ekki veitingar einkaleyfa. Einkaleyfaskrifstofan hér mun fjalla um umsóknina eftir að hún berst til Íslands og taka ákvörðun um höfnun eða veitingu einkaleyfis samkvæmt henni. Síðasti málsliður 1. mgr. 7. gr. varðandi skilgreiningu á hugtakinu „einkaleyfayfirvöld" er settur vegna fyrirhugaðrar aðildar Íslands að PCT.

Áfrýjunarnefnd í einkaleyfa- og vörumerkjamálum hefur verið starfandi síðan 1984. Nánari reglur um starfshætti nefndarinnar verða settar í reglugerð.

Um 8. gr.

Einkaleyfi er eingöngu veitt á grundvelli umsóknar eins og fram kemur í 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Í þessari grein er nánar kveðið á um hvernig umsókn um einkaleyfi skuli úr garði gerð. Greinin er hliðstæð 10. og 11. gr. núgildandi laga. Nýmæli eru þó nokkur. Sérákvæði eru um lýsingu örvera sem uppfinningar byggjast á, sbr. 6. og 7. mgr. Einnig er nýmæli að ágrip af lýsingu og einkaleyfiskröfum skuli vera hluti af umsókn, sbr. 3. mgr. Í 5. mgr. er kveðið á um árgjald af umsóknum. Slíks gjalds er ekki krafist samkvæmt núgildandi lögum. Nánari reglur um gerð einkaleyfisumsókna verða settar í reglugerð, sbr. 1. mgr. 69. gr. frumvarpsins.

Um 1. mgr. 8. gr.

Hér kemur fram að þegar sótt er um einkaleyfi skuli leggja inn skriflega umsókn til einkaleyfayfirvalda. Engin önnur ákvæði eru í lögunum um hvaða lágmarkskröfur eru gerðar til þess að umsókn um einkaleyfi teljist hafa verið lögð inn. Ákvörðun um hver sé innlagningardagur umsóknar er mikilvæg vegna þeirra réttaráhrifa sem við hann eru tengd, sbr. umfjöllun um 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Umsókn getur verið svo ábótavant að upprunalegur innlagningardagur getur ekki haldist. Umsækjandi á þá kost á að færa hann til, sbr. 14. gr. frumvarpsins.

Umsókn þarf að innihalda lýsingu á uppfinningunni, einkaleyfiskröfur og ágrip þessara þátta. Einnig þarf að tilgreina uppfinningamann. Í reglugerð yrðu sett nánari ákvæði um formsatriði varðandi frágang umsókna, sbr. 1. mgr. 69. gr. frumvarpsins. Ítarleg ákvæði yrðu einnig sett um umsóknareyðublöð svo og frágang og fjölda fylgigagna.

Umsækjanda skal gefinn kostur á að bæta úr þeim göllum sem á umsókninni kunna að vera, sbr. 15. gr. frumvarpsins. Geri hann það ekki innan þess frests sem einkaleyfayfirvöld ákveða verður umsóknin afskrifuð, sbr. 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins. Þrátt fyrir þennan möguleika til lagfæringar getur umsókn, sem er vanbúin á innlagningardegi, auðveldlega eyðilagt eða rýrt möguleika umsækjanda á að fá einkaleyfi. Þetta er ljóst af 13. gr. frumvarpsins. Þar kemur fram að umsókn má ekki breyta þannig að hún taki til einhvers sem ekki kom fram á innlagningardegi hennar.

Í seinni hluta 1. mgr. er nefnt það tilvik þegar umsókn um einkaleyfi á Íslandi er lögð inn hjá einkaleyfayfirvöldum í erlendu ríki eða alþjóðastofnun. Um slíkt verður því aðeins að ræða að Ísland gerist aðili að PCT. Þetta ákvæði öðlast því ekki gildi fyrr en Ísland hefur gerst aðili að þeim alþjóðasáttmála.

Um 2. mgr. 8. gr.

Hér eru nánari ákvæði um helstu efnisþætti umsókna, en þeir eru: lýsing uppfinningar ásamt teikningum, ef þörf krefur, og einkaleyfiskröfur. Gögn, þar sem þessi atriði koma fram, teljast grunngögn umsóknar. Fyrst er tekið fram að einkaleyfisumsókn skuli hafa að geyma lýsingu á uppfinningunni. Hún skal vera svo skýr að fagmaður geti á grundvelli hennar útfært uppfinninguna. Með fagmanni er átt við einstakling sem hefur til að bera staðgóða þekkingu eða sérmenntun á viðkomandi sviði. Krafa um lýsingu á uppfinningu er byggð á svonefndu opinberunarsjónarmiði sem er eitt af grundvallaratriðum einkaleyfisréttarins: Ríkið veitir aðila einkarétt til að hagnýta uppfinninguna í ákveðinn tíma gegn því að henni sé lýst svo skilmerkilega að hún stuðli að tækniframförum. Nánari reglur um hvernig lýsing skuli úr garði gerð verða settar í reglugerð. Um réttaráhrif lýsingar er fjallað í 39. gr. frumvarpsins.

Teikninga er því aðeins krafist að þeirra sé þörf til að skýra lýsinguna. Þeirra er þó yfirleitt þörf nema þegar sótt er um einkaleyfi fyrir efnasambandi. Þá nægir að setja fram efnafræðiformúlu þess. Nánari reglur um teikningar og frágang þeirra verða í reglugerð.

Einkaleyfiskröfur eru þungamiðja einkaleyfisumsókna. Í þeim kemur fram fyrir hverju er beiðst einkaleyfis. Þörf er á greinargóðri skilgreiningu þess sem krafist er einkaleyfis fyrir því að umfang verndar ræðst af einkaleyfiskröfunum, sbr. 39. gr. frumvarpsins. Samræmi verður að vera á milli einkaleyfiskrafna og lýsingar á uppfinningu því að hana getur þurft að nota til að skýra einkaleyfiskröfur, sbr. 39. gr. frumvarpsins i.f. Einkaleyfiskröfur geta verið ein eða fleiri í sömu umsókn. Þó verða þær að varða sömu uppfinningu, sbr. 10. gr. frumvarpsins. Í reglugerð verða nákvæmar reglur um efni og framsetningu einkaleyfiskrafna.

Ekki er kveðið á um það sérstaklega í frumvarpinu að umsókn um íslenskt einkaleyfi skuli vera á íslensku. Það verður þó að teljast grundvallaratriði til að upplýsingar, sem felast í birtum umsóknum, komi sem flestum að notum er vinna að tækniþróun hér á landi. Í þessu

efni er því gert ráð fyrir að framkvæmd verði í samræmi við norrænar reglur. Af því leiðir að a.m.k. lýsing, einkaleyfiskröfur og ágrip, sbr. 3. mgr. hér á eftir, skulu vera á íslensku. Nánari reglur um innlagningu skjala á öðrum tungumálum og fresti til að leggja inn þýðingar, þegar þeirra er þörf, verða settar í reglugerð.

Í athugasemdum við 6. og 7. mgr. þessarar greinar er fjallað um þær kröfur sem gerðar eru til lýsingar á örverum sem uppfinningar eru byggðar á og hvorki eru almenningi aðgengilegar né unnt að lýsa skriflega.

Um 3. mgr. 8. gr.

Krafan um að ágrip skuli vera hluti af umsókn á rót sína að rekja til reglna PCT og Evrópusáttmálans um einkaleyfi (European Patent Convention eða EPC). Ágripið á að auðvelda notendum einkaleyfakerfisins að glöggva sig á efni umsókna eða einkaleyfa með skjótum hætti. Einnig gerir ágripið mönnum kleift að átta sig á hvort þeir þurfi að kynna sér frekar efni umsóknar eða einkaleyfis. Í ágripi á að koma fram hvaða tæknilegt vandamál uppfinningin á að leysa og hvernig það er gert. Ágripið er eingöngu til upplýsingar og hefur enga þýðingu við mat á einkaleyfishæfi uppfinningar eða umfangi verndar, sbr. seinni málslið ákvæðisins. Þetta kemur einnig fram í því að einkaleyfayfirvöld geta breytt ágripinu án samráðs við umsækjanda, sbr. 1. mgr. 15. gr. frumvarpsins. Nánari reglur um ágrip verða í reglugerð.

Um 4. mgr. 8. gr.

Réttur uppfinningamanns til að vera nefndur í einkaleyfi er tryggður í 4. gr. b. Parísarsáttmálans. Í einkaleyfalögum annars staðar á Norðurlöndum er hins vegar gengið lengra; þar er skylda að nefna uppfinningamann í umsókn. Lagt er til að sami háttur verði tekinn upp hérlendis, þ.e. að nafn uppfinningamanns komi fram í umsókn um einkaleyfi. Þar að auki þarf umsækjandi að sanna rétt sinn til uppfinningarinnar ef hann er ekki sjálfur uppfinningamaður. Slík sönnun yrði yfirleitt í formi skriflegrar framsalsyfirlýsingar, en stundum er þörf á dómsniðurstöðu, sbr. 17. gr. frumvarpsins.

Einfalt er að tilgreina uppfinningamann þegar um einn einstakling er að ræða. Erfiðara er um vik þegar hópur manna stendur að uppfinningu, sérstaklega þegar um er að ræða þróunarverkefni innan fyrirtækis. Slík þróunarverkefni geta staðið yfir í mörg ár og margir kunna að leggja þar hönd á plóg. Ekki liggur þá ávallt beint við hver teljast skuli uppfinningamaður. En af ákvæði þessarar greinar er ljóst að tilgreina þarf einn eða fleiri einstaklinga. Það útilokar að lögpersóna geti talist uppfinningamaður. Því þurfa fyrirtæki, sem sækja um einkaleyfi, að tilgreina ákveðna menn innan fyrirtækisins sem uppfinningamenn. Eins og vikið er að í athugasemdum við 1. gr. er í frumvarpi þessu ekki tekin afstaða til eignarréttar að uppfinningum sem gerðar eru af mönnum er starfa í þjónustu annarra.

Um 5. mgr. 8. gr.

Hér er kveðið á um að umsækjandi skuli greiða umsóknargjald. Einnig er gert ráð fyrir að greidd séu árgjöld af einkaleyfisumsóknum þótt ekki hafi verið tekin afstaða til veitingar einkaleyfisins. Það er breyting frá gildandi rétti. Umsóknargjaldi og árgjöldum vegna umsókna og veittra einkaleyfa er ásamt öðrum gjöldum ætlað að standa undir kostnaði við rekstur einkaleyfa- og vörumerkjaskrifstofu.

Greiðsla umsóknargjalds er skilyrði fyrir því að umsóknin verði tekin gild. Gert er ráð fyrir að í reglugerð verði sett ákvæði þess efnis að umsækjandi geti fengið ákveðinn frest á greiðslu umsóknargjalds greiði hann það ekki við innlagningu umsóknar. Sá frestur yrði tiltölulega skammur, t.d. tveir mánuðir. Hafi umsækjandi ekki greitt umsóknargjaldið innan tilskilins frests telst umsóknin hafa verið dregin til baka.

Árgjöld ber að greiða af umsókn þar til hún hefur fengið endanlega afgreiðslu. Í því felst m.a. að greiða ber árgjöld meðan umsókn er til meðferðar hjá áfrýjunarnefnd og/eða dómstólum. Ákvæði um það, frá hvaða tíma greiða skuli árgjöld, er í 41. gr. frumvarpsins og kveðið er á um fresti til greiðslu árgjalda í 42. gr. frumvarpsins. Rök fyrir greiðslu árgjalda af umsóknum eru m.a. að með því megi sporna við því að verið sé að viðhalda umsóknum sem augljóst er að ekki muni ná fram að ganga eða umsækjandi hefur misst áhuga á.

Um 6. mgr. 8. gr.

Hér er að finna sérreglur um það hvenær telja skuli að uppfinningum, sem varða aðferðir á sviði örverufræði eða afurðir slíkra aðferða, sé nægilega vel lýst. Aðalreglan er sú að rækt af viðkomandi örverustofni skuli lögð inn til varðveislu þannig að hver sá, sem hefur heimild til, geti fengið afhent sýni af henni. Slík varðveisla er þó ekki nauðsynleg ef örveran er aðgengileg almenningi. Til þess að svo teljist vera þarf að vera hægt að útvega örveruna án verulegs umstangs og útgjalda. Eingöngu örverur, sem auðvelt er að skilgreina og hægt er að útvega með auðveldum hætti hjá rannsóknastofu, teljast uppfylla það skilyrði. Það að örveran finnist í náttúrunni leiðir ekki sjálfkrafa til þess að hún teljist aðgengileg almenningi.

Hugsanlegt er að örvera, sem var aðgengileg almenningi á umsóknardegi, hætti að vera það. Ef það gerist áður en einkaleyfi er veitt og rækt af örverustofninum hefur ekki verið lögð inn til varðveislu né henni nægilega lýst í umsókn er ekki hægt að veita einkaleyfið. Hafi einkaleyfi hins vegar þegar verið veitt getur fyrrnefnt tilvik leitt til þess að einkaleyfið verði ógilt, sbr. 52. gr. frumvarpsins. Einkaleyfishafi getur þó yfirleitt komið í veg fyrir þetta þar sem hann hefur oftast í fórum sínum rækt af örverustofninum og getur þannig séð til þess að hún sé aðgengileg almenningi.

Varðveisla er heldur ekki nauðsynleg ef mögulegt er að lýsa örverunni í umsókn þannig að fagmaður geti á grundvelli lýsingarinnar útfært uppfinninguna. Þetta ákvæði var sett í norræn lög í kringum 1985 en áður var ekki talið unnt að lýsa örverum. Með hliðsjón af hinni öru þróun á sviði örverufræða er ekki rétt að útiloka þann möguleika. Því er samsvarandi ákvæði sett í þetta frumvarp. Rétt er þó að benda á að erfitt getur verið fyrir umsækjanda að átta sig á hvenær skrifleg lýsing sé nægileg. Í vafatilvikum er öruggara að leggja einnig inn rækt af örverustofninum til varðveislu, ella er hætta á að umsókn verði hafnað eða einkaleyfi dæmt ógilt vegna ófullnægjandi lýsingar.

Í ákvæðinu er tekið fram að í síðasta lagi á innlagningardegi umsóknar sé hægt að leggja inn rækt af örverustofninum til varðveislu. Einnig er lögð á það áhersla að ræktin skuli það an í frá vera stöðugt varðveitt. Ef slík varðveisla á að teljast hluti af lýsingu á uppfinningunni verður hún að vera til staðar a.m.k. þar til verndartími einkaleyfis er útrunninn, sbr. 40. gr. frumvarpsins. Ef brestur verður á því getur það leitt til þess að ekki sé unnt að veita einkaleyfi eða veitt einkaleyfi verði fellt úr gildi.

Stöðug varðveisla ræktar af örverustofni, sem uppfinning er byggð á, er ekki eingöngu hagsmunamál einkaleyfishafa. Einkaleyfislýsingar sem almennt aðgengilegar tækniupplýsingar gegna vart hlutverki sínu ef varðveislu ræktar er ekki viðhaldið, helst fram yfir verndartíma hlutaðeigandi einkaleyfis. Í frumvarpi þessu eru ekki settar fastar reglur um þetta efni. Slíkar reglur eru í Búdapestsáttmálanum frá 1977 sem fjallar um alþjóðlega viðurkenningu á varðveislu örvera vegna einkaleyfisumsókna. Ísland er ekki aðili að sáttmálanum gagnstætt því sem við á um aðrar norrænar þjóðir. Þrátt fyrir það eru ákvæði þessa frumvarps í samræmi við sáttmálann og það auðveldar hugsanlega aðild að honum seinna meir.

Varðveislu örverurræktarinnar skal haldið við þannig að þeir sem til þess hafa rétt geti fengið sýni af henni hér á landi. Ljóst er að það er aðeins á færi sérhæfðra stofnana að

varðveita slíka rækt. Í reglugerð verður kveðið á um hvar varðveisla er heimil. Varðveislu á slíkum sérstofnunum fylgir mikill kostnaður og leggst hann á umsækjanda. Aðalmarkmið fyrrgreinds Búdapestsáttmála er að koma á alþjóðareglum til að létta umsækjendum róðurinn. Í því skyni felur samningurinn í sér að aðeins sé þörf á varðveislu einnar ræktar af örverustofni á einni alþjóðlega viðurkenndri stofnun fyrir öll aðildarlönd sáttmálans.

Eins og áður segir er Ísland ekki aðili að sáttmálanum. Það er þó hugsanlegt að varðveisla ræktar í alþjóðlega viðurkenndri stofnun erlendis yrði metin gild sem grundvöllur fyrir lýsingu í íslenskri einkaleyfisumsókn. Þetta væri þó háð því skilyrði að viðkomandi stofnun gæti útvegað þeim sem til þess hefðu rétt sýni hér á landi. Um rétt til að fá slíkt sýni er fjallað í ákvæðum 22. gr. frumvarpsins.

Um 7. mgr. 8. gr.

Varðveitt örverurækt getur orðið óvirk. Ef það gerist áður en verndartími einkaleyfis er útrunninn eða áður en einkaleyfi er veitt getur það valdið umsækjanda eða einkaleyfishafa réttarmissi. Í ákvæði þessu er því rétthafa heimilað að skipta um örverurækt ef þannig stendur á. Ákvæðið á uppruna sinn í Búdapestsáttmálanum. Nánar verður fjallað um framkvæmd og fresti til slíkra skipta í reglugerð.

Réttaráhrif framangreindra skipta eru þau að horft yrði fram hjá því að örveruræktin hafi orðið óvirk um tíma og að uppfinningunni hafi ekki verið nægilega vel lýst á því tímabili. Nýja varðveislan kemur í stað hinnar fyrri og telst hefjast sama dag og hin fyrri var lögð inn. Því er ekki hægt að hafna umsókn eða ógilda einkaleyfi vegna ónógrar lýsingar sem rekja má til tímabundinnar óvirkni ef slík skipti fara fram eftir settum reglum.

Ef varðveitt örverurækt hefur í millitíðinni orðið aðgengileg almenningi og telst vera það þegar varðveislan verður óvirk þarf ekki nýja varðveislu. Forsendur þess eru þó að örveran hafi verið skilmerkilega skilgreind í umsóknargögnum.

Um 9. gr.

Þetta ákvæði er byggt á 5. mgr. 5. gr. PCT. Þar er heimilað að í landslögum einstakra aðildarríkja megi kveða á um að umsækjendur um einkaleyfi í viðkomandi landi geti beðið um að fram fari nýnæmisrannsókn á umsókn þeirra hjá alþjóðlegri nýnæmisrannsóknastofnun. Ávinningur sá, er umsækjandi getur haft af slíkri alþjóðlegri nýnæmisrannsókn, er að hún gefur honum betri undirstöðu til að meta hvort hann eigi að leggja inn alþjóðaumsókn á grundvelli PCT. Einnig getur slík rannsókn haft í för með sér lækkun á nýnæmisrannsóknagjöldum vegna slíkrar alþjóðaumsóknar.

Ísland er ekki aðili að PCT. En þar sem aðild að þessum alþjóðasáttmála er fyrirhuguð og líta má á frumvarpið sem lið í þeim undirbúningi þykir rétt að hafa þetta ákvæði í frumvarpinu og tryggja á þann hátt samræmi við einkaleyfalög annarra Norðurlandaþjóða. Ákvæðið mun þó ekki hafa gildi fyrr en Ísland gerist aðili að PCT. Einnig er vert að árétta að ofangreind nýnæmisrannsókn mun ekki sjálfkrafa koma í stað venjulegrar nýnæmisrannsóknar á íslenskum einkaleyfisumsóknum. Kveðið verður á um það atriði í reglugerð.

Um 10. gr.

Greinin skýrir sig að mestu leyti sjálf. Hér er sett skilyrði um skyldleika uppfinninga í sömu umsókn. Sambærilegt ákvæði er í 3. mgr. 11. gr. núgildandi laga og er hér aðeins um orðalagsbreytingu að ræða. Meginrök fyrir þessu ákvæði eru stjórnunarlegs eðlis. Það mundi torvelda mjög meðhöndlun og rannsókn umsókna ef leyft væri að sækja um einkaleyfi fyrir óskyldum uppfinningum í sömu umsókn. Einnig yrði erfitt að flokka umsóknir og einkaleyfi sem aftur gerði almenningi erfiðara um vik að kynna sér efni þeirra. Fjárhagsleg rök liggja einnig að baki ákvæðinu. Ekki þykir heldur rétt að umsækjandi geti fyrir eitt og sama gjald

fengið umfjöllun um og síðar vernd á mörgum ólíkum uppfinningum. Að síðustu má nefna erfiðleika sem kynnu að koma upp við túlkun á umfangi einkaleyfis sem veitt væri fyrir óskyldum uppfinningum.

Í greininni er ekki skilgreint hvenær uppfinningar séu nægilega skyldar til þess að geta falist í sömu umsókn. Ljóst er að í mörgum tilvikum eru náin tæknileg tengsl milli uppfinninga og því sjálfsagt og eðlilegt að sótt sé um einkaleyfi fyrir þeim sameiginlega. Slíkur skyldleiki telst ekki vera fyrir hendi ef hægt er að hagnýta aðra uppfinninguna án þess að koma inn á svið hinnar. Í reglugerð verður gerð nánari grein fyrir skilyrðum sem uppfinningar þurfa að uppfylla til að teljast nægilega skyldar í þessu samhengi.

Ef sótt er um einkaleyfi á óskyldum uppfinningum í einni og sömu umsókn ber umsækjanda að skipta umsókninni í tvær eða fleiri umsóknir. Nánar er kveðið á um slíka skiptingu umsókna í 11. gr. frumvarpsins.

Um 11. gr.

Greinin fjallar um þau tilvik þegar einkaleyfisumsókn er skipt í tvær eða fleiri sjálfstæðar umsóknir. Hún er í eðlilegu framhaldi af 10. gr. frumvarpsins sem kveður á um að ekki megi í sömu umsókn sækja um einkaleyfi á óskyldum uppfinningum. Hér er gefinn kostur á að hluta í sundur umsókn sem þannig er ástatt um. Greinin tekur þó ekki eingöngu til slíkra tilvika, heldur á hún einnig við ef umsækjandi æskir af öðrum ástæðum að skipta umsókn í tvær eða fleiri sjálfstæðar umsóknir. Sambærilegt ákvæði er ekki í núgildandi lögum.

Í norrænum rétti er talað um hlutun umsóknar ef efni nýrrar umsóknar er að finna í grunngögnum frumumsóknar. Ef efni nýrrar umsóknar hefur hins vegar orðið til vegna viðbóta við grunngögn frumumsóknar er talað um sundurgreiningu umsókna. Þessi aðgreining skiptir máli varðandi fresti til að setja fram beiðni um að skipta umsókn. Nánar verður gerð grein fyrir þessu í reglugerð.

Skilyrði þess, að hlutun eða sundurgreining umsóknar sé heimil, er að eldri umsókn hafi ekki hlotið endanlega afgreiðslu. Með því er átt við veitingu, afturköllun eða höfnun einkaleyfis. Það telst einnig endanleg afgreiðsla ef umsókn hefur verið afskrifuð, sbr. 15. gr. frumvarpsins. Umsókn telst þó ekki endanlega afgreidd fyrr en kæru- eða endurupptökufrestur er liðinn. Annað skilyrði fyrir hlutun eða sundurgreiningu umsóknar er beiðni umsækjanda. Slík beiðni getur falist í nýrri umsókn þar sem vísað er til hinnar eldri. Einkaleyfayfirvöld geta ekki skipt umsókn af sjálfsdáðum. Um önnur skilyrði fyrir hlutun eða sundurgreiningu umsókna verður fjallað í reglugerð.

Réttaráhrif af hlutun eða sundurgreiningu umsókna eru þau að nýjar umsóknir, sem til verða við slíkar aðgerðir, teljast hafa verið lagðar inn sama dag og gögn sem fela í sér uppfinninguna. Hafi þau verið lögð inn strax við innlagningu frumumsóknar fær nýja umsóknin sama innlagningardag og frumumsóknin, annars þann dag sem viðkomandi gögn teljast hafa verið lögð inn. Þessi afturvirku réttaráhrif eru verulegt frávik frá meginreglunni um að raunverulegur innlagningardagur sé upphafsdagur réttarverndar.

Um 12. gr.

Í greininni er kveðið á um skyldu umsækjanda, sem ekki er heimilisfastur hér á landi, til að hafa umboðsmann búsettan hérlendis. Slík skylda er ekki fyrir hendi samkvæmt núgildandi lögum, sbr. 12. gr. þeirra. Eigi að síður hefur það almennt tíðkast að aðilar búsettir erlendis hafi umboðsmenn hér á landi vegna einkaleyfisumsókna sinna. Ef þessu ákvæði er ekki framfylgt verður umsókn afskrifuð eða hafnað, sbr. 15. og 16. gr. frumvarpsins. Greinin tekur eingöngu til umsókna, en í 66. gr. er ákvæði um umboðsmenn vegna veittra einkaleyfa.

Það þekkist í lögum ýmissa erlendra ríkja að sett séu skilyrði um menntun og sérþekkingu umboðsmanna. Slík skilyrði er ekki að finna í lögum norrænna þjóða utan að krafist er að

viðkomandi hafi búsetu í landinu. Í frumvarpi þessu er því fordæmi fylgt. Umboðsmaður getur verið hvort heldur sem er einstaklingur eða lögpersóna.

Krafan um umboðsmann er byggð á hagkvæmnisjónarmiðum. Það getur verið erfiðleikum bundið fyrir einkaleyfayfirvöld að eiga samskipti við umsækjendur, sem búsettir eru erlendis, vegna tungumálaerfiðleika og vanþekkingar þeirra á íslenskum réttarreglum. Frágangur einkaleyfisumsókna og umsjón með þeim gagnvart einkaleyfayfirvöldum krefst mikillar sérþekkingar. Því er algengt að umsækjendur, búsettir hérlendis og erlendis, leiti til sérfróðra umboðsmanna til að hafa umsjón með umsóknum sínum. Í greininni er ekki tilgreint hverjir hafi rétt til að hafa umboðsmann. Til þessa hefur umsækjendum, sem búsettir eru hérlendis, einnig verið heimilt að fela umboðsmanni að koma fram fyrir sína hönd gagnvart einkaleyfayfirvöldum. Frumvarpi þessu er ekki ætlað að breyta því.

Það er búseta en ekki þjóðerni sem skiptir máli varðandi skyldu til að hafa umboðsmann. Ekki er nánar skilgreint í frumvarpinu hvað átt er við með heimilisfesti. Því verður að styðjast við almenn sjónarmið úr alþjóðarétti og réttarfari. Heimilisfesti telst vera sá staður þar sem viðkomandi hefur fasta búsetu að undanskildum skammvinnum fjarvistum vegna leyfa eða veikinda.

Samkvæmt greininni má ekki takmarka umboðið. Umboðsmaður hefur því heimild til að taka bindandi ákvarðanir gagnvart einkaleyfayfirvöldum um öll þau málefni sem upp koma varðandi einkaleyfisumsóknina. Hann getur þó orðið bótaskyldur gagnvart umbjóðanda sínum ef hann tekur ákvarðanir sem fara út fyrir samkomulag þeirra í milli. Nánari reglur um umboð og frágang þeirra verða settar í reglugerð.

Um 13. gr.

Í núgildandi lögum eru ekki samsvarandi ákvæði og hér um ræðir.

Það er meginregla einkaleyfisréttarins að ekki megi breyta umsókn sem hefur verið lögð inn hjá einkaleyfayfirvöldum. Rök fyrir þeirri reglu eru að ýmis réttaráhrif eru bundin innlagningardegi umsóknar. Nægir að nefna að mat á nýnæmi uppfinningar miðast við innlagningardag; einnig forgangsréttur til verndar, sbr. 6. gr. frumvarpsins, og upphaf verndartímabils einkaleyfis reiknast frá þeim tíma, sbr. 40. gr. frumvarpsins. Oft er þó þörf minni háttar breytinga, eftir að umsókn hefur verið lögð inn, til að uppfylla kröfur um frágang umsókna, sbr. 15. gr. frumvarpsins. Því er hér heimilað að gera breytingar á umsókn svo framarlega sem breytingin felur ekki í sér viðbót við efni umsóknar, þ.e. að ekki sé sótt um víðtækari vernd en kom fram í grunngögnum upphaflegrar umsóknar. Leiðréttingar, umorðun, nánari skýringar og takmarkanir á umsóknum eru því heimilar. Einnig er ávallt heimilt að draga umsókn til baka og leggja inn nýja. Nýja umsóknin er þá meðhöndluð sjálfstætt og greiða þarf umsóknargjöld að nýju. Þetta er þó því aðeins raunhæft að fyrri umsóknin hafi ekki orðið almenningi aðgengileg í samræmi við 22. gr. frumvarpsins því að annars eyðileggur fyrri umsóknin nýnæmi þeirrar seinni.

Ef þörf er víðtækari breytinga en heimilar eru samkvæmt þessari grein getur slíkt verið mögulegt skv. 14. gr. frumvarpsins gegn því að innlagningardegi umsóknarinnar verði breytt.

Um 14. gr.

Í greininni er fjallað um tilfærslu á upphaflegum innlagningardegi umsóknar. Hliðstætt ákvæði er ekki í núgildandi lögum. Aðalregla einkaleyfisréttarins er sú að ekki megi breyta efni umsóknar þannig að hún taki til einhvers sem ekki kemur fram í upphaflegri umsókn, sbr. umfjöllun um 13. gr. frumvarpsins. Stundum er umsókn þó svo ófullkomin að þörf er slíkra breytinga. Ef ekki væri heimilt að færa til upphaflegan innlagningardag þyrfti umsækjandi í slíkum tilfellum að leggja inn nýja umsókn, en það væri ósanngjarnt í mörgum tilvikum. Hér er því sett sú regla að ef umsækjandi gerir meiri háttar breytingar innan sex mánaða frá því að

upphafleg umsókn var lögð inn geti hann beðið um að umsóknin teljist hafa borist einkaleyfayfirvöldum þegar breytingarnar bárust.

Ekki er afmarkað í greininni við hvaða breytingar er átt. Ákvæðið á þó einkum við ef um mjög víðtækar breytingar er að ræða, t.d. ef lýsingu á uppfinningu hefur alveg vantað eða henni verið mjög ábótavant. Það þurfa þó að vera ljós tengsl milli upphaflegrar umsóknar og þeirrar breyttu. Breytingarnar verða að vera innan þeirra marka að þær geti með sanngirni talist breytingar í sjálfu sér en ekki ný umsókn. Annars verður umsækjandi að leggja inn nýja umsókn.

Breytingar verða að hafa borist einkaleyfayfirvöldum innan sex mánaða frá upphaflegum innlagningardegi. Þessi frestur er settur af hagkvæmnisástæðum til að koma í veg fyrir að einkaleyfayfirvöld leggi of mikla vinnu í umsókn sem síðar kynni að verða gjörbreytt. Einnig er með þessum fresti komið í veg fyrir að umsækjendur misnoti þennan möguleika til að lengja verndartímabil umsóknar.

Umsækjandi verður að leggja inn beiðni um tilfærslu á innlagningardegi. Einkaleyfayfirvöld geta því ekki fært innlagningardag til af sjálfsdáðum. Þrátt fyrir að breytingar á umsókninni verði að hafa borist innan sex mánaða frá upphaflegum innlagningardegi hefur umsækjandi tveggja ára frest til að setja fram beiðni um tilfærslu innlagningardags. Slík beiðni verður þó að hafa borist áður en einkaleyfayfirvöld birta umsóknina, sbr. 2. mgr. 19. gr. frumvarpsins. Ekki má biðja um tilfærslu innlagningardags oftar er einu sinni og beiðnina er ekki hægt að afturkalla. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu að umsókn sé breytt oftar en einu sinni innan sex mánaða frestsins og getur beiðnin þá náð til allra þeirra breytinga.

Réttaráhrif slíkrar tilfærslu á innlagningardegi eru þau að umsókn telst lögð inn á þeim degi sem breytingarnar bárust. Þetta þýðir að forgangsréttur og verndartími einkaleyfis reiknast frá þeim degi. Einnig eru nýnæmishindranir og önnur atriði, er varða einkaleyfishæfi umsóknar, könnuð til þessa dags. Fyrri innlagningardagur verður því ógildur að öllu leyti nema því að umsóknin heldur sama umsóknarnúmeri. En með beiðni um tilfærslu á innlagningardegi í stað þess að leggja inn nýja umsókn sparar umsækjandi sér að greiða umsóknargjald að nýju.

Um 15. gr.

Hér er fjallað um hvernig skuli fara með umsókn sem ekki uppfyllir skilyrði laga og reglugerða um efni og frágang. Reglurnar um hvernig fara skuli með ófullkomnar umsóknir eru mun ítarlegri en þær sem eru í 1. mgr. 13. gr. núgildandi laga. Allt, sem getur verið áfátt við umsókn, fellur hér undir, bæði form- og efnisgallar. Hér er því ekki greint á milli form- og efnisrannsóknar umsókna eins og þekkist í einkaleyfalögum sumra þjóða. Það leiðir þó af eðli máls að yfirleitt er byrjað að athuga hvort formskilyrði séu uppfyllt áður en umsóknin er athuguð efnislega.

Ef einkaleyfayfirvöld sjá eitthvað athugavert við umsókn skal umsækjanda tilkynnt það. Ekki eru settar reglur um hvernig sú tilkynning skuli úr garði gerð, en yfirleitt yrði hún skrifleg. Umsækjanda skal gefinn ákveðinn frestur til að tala sínu máli eða bæta umsóknina. Honum skal jafnframt tilkynnt að sýni hann ekki einhver viðbrögð við tilmælum einkaleyfayfirvalda verði umsóknin afskrifuð, sbr. 2. mgr. Litið er svo á að ef umsækjandi hirðir ekki um að svara athugasemdum einkaleyfayfirvalda hafi hann í reynd afturkallað umsókn sína. Það er ekki skilyrði að umsækjandi verði við öllum tilmælum einkaleyfayfirvalda til þess að meðferð umsóknar verði haldið áfram. Nægilegt er að hann sýni áhuga á að viðhalda umsókninni. Ef umsækjandi bætir ekki úr því sem áfátt er við umsóknina getur það leitt til þess að henni verði hafnað, sbr. 16. gr. frumvarpsins.

Umsækjandi getur fengið umsókn sína enduruppteknа enda þótt hún hafi verið afskrifuð ef hann tjáir sig um athugasemdir einkaleyfayfirvalda eða bætir umsóknina innan fjögurra

mánaða frá því að hinn tiltekni frestur rann út. Jafnframt þarf hann að greiða endurupptökugjald. Mögulegt er að sama umsókn verði afskrifuð og endurupptekin mörgum sinnum ef svo ber undir. Ákvörðun um að hafna endurupptöku umsóknar má kæra til áfrýjunarnefndar, sbr. 2. mgr. 24. gr. frumvarpsins. Umsókn, sem er afskrifuð vegna vangoldinna árgjalda, verður ekki endurupptekin, sbr. 4. mgr.

Það er meginregla að einkaleyfayfirvöld geta ekki af sjálfsdáðum breytt neinu í umsókn. Í 2. málsl. 1. mgr. er þó gerð undantekning varðandi ágrip umsóknar. Tilgangur með ágripi er að gefa í sem stystu máli tæknilegar upplýsingar um uppfinninguna. Þær upplýsingar þurfa að vera aðgengilegar almenningi eins snemma og hægt er. Því getur verið nauðsynlegt að breyta ágripi án samráðs við umsækjanda til að tryggja að það liggi fyrir í endanlegri mynd áður en umsókn verður aðgengileg almenningi í samræmi við 22. gr. frumvarpsins. Þar sem ágrip hefur enga þýðingu við túlkun á umfangi verndar veldur breyting á því ekki réttarspjöllum.

Um 16. gr.

Ekki er samsvarandi ákvæði í núgildandi lögum. Í greininni kemur fram að heimilt sé að hafna umsókn telji einkaleyfayfirvöld enn eitthvað standa í vegi fyrir að veita einkaleyfi, þrátt fyrir að umsækjandi hafi haft tækifæri til að tala sínu máli eða bæta umsóknina í samræmi við 15. gr. frumvarpsins. Höfnun umsóknar er endanleg ákvörðun og skal rökstudd skriflega. Hún getur bæði byggst á form- og efnisgöllum. Það er skilyrði að umsækjandi hafi haft tækifæri til að tjá sig um þau atriði sem höfnunin er byggð á. Ef umsókn er hafnað samkvæmt þessari grein má skjóta þeirri ákvörðun til áfrýjunarnefndar skv. 24. og 25. gr. frumvarpsins.

Þetta ákvæði er sett til að stuðla að skjótari meðferð einkaleyfisumsókna. Á þennan hátt er komið í veg fyrir að ófullkomnar umsóknir liggi lengi hjá einkaleyfayfirvöldum án þess að endanleg ákvörðun sé tekin. Einkaleyfayfirvöld geta þó veitt umsækjanda enn á ný tækifæri til að bæta umsóknina eða tala sínu máli, sbr. niðurlag ákvæðisins. Við mat á því, hvort hafna eigi umsókninni eða gefa umsækjanda enn möguleika á að bæta hana, verður að miða við það hverjar líkur séu á að hægt sé að bæta úr því sem áfátt er. Ef um formgalla er að ræða og umsækjandi hefur haft tækifæri til að lagfæra þá skv. 15. gr. frumvarpsins verður þessum möguleika aðeins beitt í undantekningartilvikum.

Um 17. gr.

Um það, hver sé rétthafi uppfinningar, er fjallað í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Í þessari grein er á hinn bóginn fjallað um það hvernig með skuli fara ef einhver staðhæfir við einkaleyfayfirvöld að hann en ekki umsækjandi eigi rétt til uppfinningar sem sótt er um einkaleyfi fyrir. Slíka staðhæfingu getur hver sem er sett fram á hvaða málstigi umsóknar sem er. Viðkomandi er því ekki bundinn af andmælafresti skv. 2. mgr. 21. gr. frumvarpsins.

Telji einkaleyfayfirvöld að sá sem hlut á að máli hafi fært nægilegar sönnur á mál sitt getur sá hinn sami krafist þess að umsóknin verði færð á hans nafn, sbr. 18. gr. frumvarpsins. Á sama hátt geta einkaleyfayfirvöld hafnað slíkri staðhæfingu ef þau álíta að ekki sé fótur fyrir henni. Ef einkaleyfayfirvöld telja hins vegar vafa leika á í þessum efnum geta þau beint þeim tilmælum til viðkomandi að hann höfði mál til staðfestingar kröfu sinni innan tiltekins frests. Ef hann verður ekki við þeim tilmælum geta yfirvöld litið fram hjá staðhæfingu hans.

Í 2. mgr. er heimild fyrir einkaleyfayfirvöld til að fresta meðferð umsóknar ef mál varðandi rétt til uppfinningar hefur verið höfðað fyrir dómstólum. Á það við hvort heldur einkaleyfayfirvöld hafa mælst til þess við aðila í samræmi við 1. mgr. eða aðili hefur höfðað mál af sjálfsdáðum. Öll slík mál skal höfða fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, sbr. 64. gr. frumvarpsins. Málshöfðun skal beint gegn umsækjanda en ekki einkaleyfayfirvöldum.

Um 18. gr.

Í frumvarpsgreininni er fjallað um svokallaða yfirfærslu umsóknar á nafn þess sem sýnir einkaleyfayfirvöldum fram á að hann en ekki umsækjandi eigi réttinn til uppfinningar. Samsvarandi ákvæði er ekki í núgildandi lögum.

Einkaleyfisumsókn verður ekki skráð á nafn annars manns nema sá hinn sami sanni rétt sinn. Ef sönnunargögn eru ótvíræð getur sönnunarfærsla farið fram millilíðalaust fyrir einkaleyfayfirvöldum, annars verður að leggja fyrir þau endurrit dóms sem gengið hefur skv. 17. gr. frumvarpsins. Slíka sönnun má setja fram á hvaða málstigi umsóknar sem er. Auk sönnunar verður viðkomandi að leggja fram kröfu um yfirfærslu umsóknar. Ef einhver hefur sannað rétt sinn til uppfinningar en krefst þess ekki að fá umsóknina skráða á sitt nafn skal umsókninni hafnað.

Umsókn, sem skráð er á nafn annars manns vegna betri réttar hans, heldur upphaflegum innlagningardegi. Forgangsréttur glatast því ekki og réttur til handa þriðja manni getur ekki stofnast í millitíðinni. Umsóknargjald þarf að greiða að nýju vegna þeirrar auknu vinnu sem slík yfirfærsla hefur í för með sér, auk þess sem ósanngjarnt þykir að sá sem fær umsóknina skráða á sitt nafn með þessum hætti hagnist á greiðslu upphaflegs umsækjanda.

Til að koma í veg fyrir réttartap þess aðila, sem setur fram kröfu um yfirfærslu umsóknar, er í 2. mgr. kveðið á um að ekki megi afskrifa, hafna eða samþykkja umsókn fyrr en tekin hefur verið endanleg afstaða til slíkrar kröfu. Hægt er að áfrýja úrskurði um yfirfærslu umsóknar hvort sem orðið er við beiðni um yfirfærslu eða henni hafnað, sbr. 2. mgr. 24. gr. frumvarpsins. Hafi einkaleyfi þegar verið veitt þegar sett er fram krafa samkvæmt þessari grein eiga við ákvæði 53. gr. frumvarpsins.

Um 19. gr.

Hér er fjallað um það hvenær umsókn skal samþykkt til framlagningar og möguleika umsækjanda til að breyta einkaleyfiskröfum eftir það. Með framlagningu umsóknar er verið að gefa almenningi kost á að skoða hana og bera fram andmæli gegn veitingu einkaleyfis á grundvelli hennar, sbr. 21. gr. frumvarpsins. Samkvæmt 13. gr. núgildandi laga er umsókn birt eftir að formskilyrði hafa verið athuguð. Niðurstaða efnisrannsóknar liggur þá yfirleitt ekki fyrir. Umsókn getur því tekið miklum breytingum frá því hún er birt og þar til einkaleyfi er veitt. Þessar kringumstæður eru andstæðar almannahagsmunum þar sem þær gera almenningi erfitt fyrir að átta sig á hvert verður endanlegt verndarsvið hugsanlegs einkaleyfis. Hér er því lagt til að umsókn verði ekki samþykkt til framlagningar fyrr en efnisrannsókn hefur farið fram.

Áður en umsókn er samþykkt til framlagningar verður að hafa farið fram rannsókn á einkaleyfishæfi uppfinningarinnar. Það að umsókn sé samþykkt til framlagningar gefur því til kynna að á grundvelli þeirrar rannsóknar telji einkaleyfayfirvöld að uppfinningin sé einkaleyfishæf. Framlagning er hins vegar ekki bindandi yfirlýsing um að einkaleyfi verði gefið út. Þvert á móti ber einkaleyfayfirvöldum eftir sem áður skylda til að athuga allar þær hindranir sem þau fá vitneskju um og kunna að vera á því að veita einkaleyfi. Vitneskja um slíkar hindranir berst þó yfirleitt í formi andmæla en kemur sjaldnast fram vegna frekari rannsóknar af hálfu einkaleyfayfirvalda. Ákvörðun einkaleyfayfirvalda um að leggja umsókn ekki fram telst endanleg og má því áfrýja henni skv. 24. gr. frumvarpsins, en samþykki til framlagningar er ekki hægt að áfrýja.

Í 2. mgr. kemur fram að ekki megi breyta einkaleyfiskröfum þannig að umfang verndar verði víðtækara eftir að umsókn hefur verið samþykkt til framlagningar. Þessi tímamörk eru valin til að koma í veg fyrir að rannsaka þurfi umsókn á ný áður en til framlagningar kemur sem getur verið nokkru síðar, sbr. 20. gr. frumvarpsins. Rökin fyrir því að takmarka möguleika á breytingum eftir að umsókn hefur verið samþykkt til framlagningar eru þau að

umsóknin þarf að vera í endanlegum búningi þegar almenningi er gefinn kostur á að kynna sér hana og meta hvort andmæla sé þörf. Sömu rök eiga við um bann við að setja fram kröfu skv. 14. gr. um tilfærslu á innlagningardegi. Öðru máli gegnir hins vegar um breytingar sem leiða til takmörkunar á umfangi verndar. Slíkar breytingar eru heimilar þrátt fyrir það að umsókn hafi verið samþykkt til framlagningar.

Um 20. gr.

Hér er kveðið á um gjald sem umsækjandi þarf að greiða fyrir framlagningu umsóknar. Framlagningargjaldi er ætlað að standa undir prentunar- og auglýsingakostnaði vegna framlagningar umsóknarinnar, sbr. 21. gr. frumvarpsins. Sá kostnaður verður breytilegur eftir umfangi umsóknar eins og nánar verður gerð grein fyrir í reglugerð. Ef framlagningargjald er ekki greitt innan þess frests sem greinin kveður á um verður umsóknin afskrifuð og þar af leiðandi ekki lögð fram. Þessi háttur er hafður á til að tryggja greiðslu gjaldsins. Umsækjandi hefur þó möguleika á að fá umsóknina tekna til meðferðar að nýju ef hann greiðir framlagningargjaldið auk endurupptökugjalds innan fjögurra mánaða frá því að frestur rann út. Ef beiðni umsækjanda um endurupptöku er hafnað má skjóta þeirri ákvörðun til áfrýjunarnefndar, sbr. 2. mgr. 24. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er heimild til að fella niður framlagningargjald fyrir umsóknir umsækjenda sem eiga í verulegum erfiðleikum með að greiða gjaldið. Í 25. gr. núgildandi laga er heimild til að fella niður kostnað við rannsókn umsókna fyrir efnalitla umsækjendur. Hér er hins vegar lagt til að aðstoð við efnalitla uppfinningamenn komi ekki til álita fyrr en umsókn hefur verið rannsökuð. Eðlilegra þykir að styrkja einungis þær umsóknir sem virðast hafa raunhæfa möguleika á að leiða til einkaleyfis. Slíkt er ekki hægt að meta fyrr en rannsókn hefur farið fram og búið er að samþykkja umsókn til framlagningar.

Beiðni um niðurfellingu framlagningargjalds yrði því aðeins tekin fyrir að uppfinningamaður sækti um einkaleyfi sjálfur og í eigin nafni. Heimildinni yrði aðeins beitt þegar efnalitlir umsækjendur eiga í hlut. Ekki kemur fram í frumvarpinu hvernig meta eigi efnahag umsækjanda sem ber upp slíka beiðni, en eðlilegast væri að leggja til grundvallar upplýsingar á síðasta skattframtali viðkomandi. Það skal tekið fram að örsjaldan hefur reynt á samsvarandi ákvæði hjá frændþjóðum okkar. Ef beiðni um eftirgjöf á framlagningargjaldi er hafnað hefur umsækjandi enn tveggja mánaða frest til að greiða gjaldið. Ákvörðun einkaleyfayfirvalda um að hafna slíkri beiðni verður ekki áfrýjað.

Um 21. gr.

Hér er fjallað um framkvæmd á framlagningu umsóknar og kveðið á um frest til að andmæla veitingu einkaleyfis samkvæmt henni. Framlagningin skal eiga sér stað eins fljótt og hægt er eftir að framlagningargjald hefur verið greitt. Möguleiki er þó að fá henni frestað ef umsóknin er ekki orðin almenningi aðgengileg í samræmi við 2. mgr. 22. gr. frumvarpsins. Líta má á framlagningu og andmælafrest sem „tæki" til viðbótarkönnunar á einkaleyfishæfi umsóknar. Þess vegna er mikilvægt að framlagning umsóknar sé auglýst. Auglýsing um framlagningu hefur áhrif á réttarvernd umsóknar, sbr. 1. mgr. 60. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. kemur fram að andmæli skulu vera skrifleg. Andmælafrestur er þrír mánuðir frá birtingu auglýsingar um framlagningu. Að öðru leyti eru ekki sett ákvæði um hvernig andmæli skuli úr garði gerð. Af þeim sökum er hægt að taka órökstudd andmæli til athugunar. Þetta er með vilja gert til að binda ekki hendur einkaleyfayfirvalda og er um leið hvatning til andmæla. Öll andmæli, sem byggjast á því að ekki megi veita einkaleyfi samkvæmt viðkomandi umsókn, yrðu tekin til athugunar hvort sem þau varða efnis- eða formskilyrði umsóknar. Hver sem er getur sett fram andmæli sér að kostnaðarlausu. Andmælandi þarf ekki að hafa umboðsmann, jafnvel þótt hann sé búsettur erlendis. Andmæli, sem berast eftir lok andmælafrests, skulu

tekin til efnislegrar athugunar. Meðhöndlun slíkra andmæla er ekki formbundin og sá sem leggur andmæli fram of seint fær ekki réttarstöðu andmælanda. Viðkomandi getur því t.d. ekki áfrýjað ákvörðun einkaleyfayfirvalda um að veita einkaleyfi þrátt fyrir andmælin, sbr. 1. mgr. 24. gr. frumvarpsins. Nánari reglur um meðferð andmæla og fresti í andmælamálum verða settar í reglugerð.

Í 3. mgr. kemur fram að almenningur á rétt á að fá prentuð eintök af lýsingu, einkaleyfiskröfum og ágripi framlagðra umsókna. Í þeim skulu m.a. koma fram upplýsingar um nafn og heimilisfang umsækjanda og uppfinningamanns. Gjald verður tekið fyrir afhendingu slíkra endurrita.

Um 22. gr.

Greinin kemur í stað síðari málsliðar 2. mgr. 13. gr. núgildandi laga og kveður á um hvaða umsóknargögn skuli vera aðgengileg almenningi og frá hvaða tíma. Það skiptir máli varðandi refsi- og bótaábyrgð vegna brota á einkaleyfisrétti, sbr. 60. gr. frumvarpsins. Meginreglan, sem kemur fram í 1. mgr., er sú að frá framlagningardegi skuli öll umsóknargögn vera aðgengileg almenningi. Þar er átt við að auk lýsingar, kröfugerðar og teikninga skuli gögn varðandi rannsókn á nýnæmi og einkaleyfishæfi, bréfaskriftir einkaleyfayfirvalda við aðila, breytingar á umsókninni, umboð, framsal og öll önnur þau gögn, sem skipta máli og einkaleyfayfirvöld hafa undir höndum, vera aðgengileg. Undanskilin eru þó innanhússvinnuplögg, svo sem uppköst og minnispunktar þess sem fer með málið.

Umsókn er lögð fram eftir að hún hefur verið rannsökuð, sbr. 19.–21. gr. frumvarpsins. Slík rannsókn getur tekið langan tíma. Það getur skapað réttaróvissu ef almenningur á ekki kost á að kynna sér efni umsóknar fyrr en að löngum tíma liðnum. Því er lagt til í 2. mgr. að 18 mánuðum eftir umsóknardag eða þann dag, sem forgangsréttar er krafist frá, verði umsóknargögnin öllum aðgengileg.

Undantekning frá því, að umsókn verði aðgengileg eftir 18 mánuði, er þó gerð í 2. málsl. 2. mgr. Ef endanleg ákvörðun hefur verið tekin áður um að ekki verði veitt einkaleyfi á grundvelli umsóknarinnar — umsókn t.d. hafnað eða hún afskrifuð — verður hún ekki gerð almenningi aðgengileg. Rök fyrir þessari undantekningu eru þau að sé ljóst að ekki verði veitt einkaleyfi á grundvelli umsóknar hefur almenningur ekki sömu hagsmuni af því að kynna sér efni hennar. Hins vegar getur umsækjandi haft hag af því að umsóknin sé ekki gerð almenningi aðgengileg undir slíkum kringumstæðum. Hann getur þróað uppfinningu sína áfram og sótt aftur um einkaleyfi fyrir endurbættri gerð hennar án þess að fyrri umsóknin verði talin nýnæmishindrandi. Þessi undantekning varðandi aðgengileika umsókna á ekki við ef umsækjandi hefur krafist endurupptöku umsóknar sem hefur verið afskrifuð, áfrýjað ákvörðun um höfnun eða krafist endurveitingar réttinda skv. 72. eða 73. gr. frumvarpsins.

Ef umsóknargögn hafa verið gerð aðgengileg almenningi verða þau það áfram þótt umsókninni sé síðar hafnað eða hún afskrifuð. Umsækjandi getur einnig farið fram á að umsóknargögn verði gerð aðgengileg fyrr en skylt er, sbr. 3. mgr. Hann getur haft hag af því vegna þeirra réttaráhrifa sem slíkt hefur í för með sér, sbr. 60. gr. frumvarpsins og 2. mgr. 2. gr.

Í 5. mgr. segir að einkaleyfayfirvöld geti ákveðið, að beiðni umsækjanda, að skjal eða hluti úr skjali verði ekki aðgengilegt almenningi. Þetta er þó háð því skilyrði að í skjalinu komi fram viðskiptaleyndarmál sem ekki varðar uppfinningu þá sem sótt er um einkaleyfi á og sérstakar aðstæður séu fyrir hendi sem geri það óæskilegt að skjalið verði gert aðgengilegt. Hér undir geta fallið allar upplýsingar um starfsemi umsækjanda sem telja má mikilvægt að haldið sé leyndum. Ef slík beiðni kemur fram verða einkaleyfayfirvöld að vega og meta framangreinda hagsmuni umsækjanda með tilliti til hagsmuna almennings af því að geta kynnt sér öll umsóknargögn. Viðkomandi skjal verður ekki gert aðgengilegt fyrr en endanleg ákvörðun hefur verið tekin um að slíkt skuli gert þrátt fyrir beiðnina.

Í 6. mgr. er fjallað um á hvern hátt varðveitt rækt af örverustofni skuli vera aðgengileg almenningi. Aðalreglan er sú að hver sem er geti fengið afhent sýni af ræktinni eftir að umsóknargögn verða almenningi aðgengileg. Sýni verður aftur á móti ekki afhent neinum þeim sem samkvæmt reglugerð eða lagaákvæðum er óheimilt að meðhöndla varðveittar örverur. Ákvæðið er sett til að taka af allan vafa um að einkaleyfalögin veita ekki aðila sjálfstæðan rétt til að krefjast sýnis ef slíkt er bannað í sérreglum annars staðar. Í síðasta málslið er enn fremur kveðið á um að ekki megi afhenda sýni neinum þeim sem vegna skaðlegra eiginleika örverunnar er ekki talinn hæfur til að meðhöndla sýnið án verulegrar hættu. Aðili, sem ekki hefði rétt til að fá sýni vegna ofangreindra ákvæða, yrði að fá aðila, sem uppfyllir skilyrði laganna, til að kanna örveruna fyrir sig.

Í 7. mgr. kemur fram að umsækjandi getur óskað þess að þar til umsókn verður lögð fram eða þar til endanlega hefur verið úrskurðað um hana, án þess að hún verði lögð fram, megi aðeins afhenda sýni sérfróðum mönnum. Þessi undantekning frá aðalreglunni um aðgengileika umsókna, eftir að 18 mánuðir eru liðnir frá umsóknar- eða forgangsréttardegi, helgast af því að með því að fá sýni af örverurræktinni fær samkeppnisaðili oft uppfinninguna sjálfa í hendur. Mjög auðvelt er því fyrir viðkomandi að hagnýta uppfinninguna, ólíkt því sem við á um uppfinningar sem einungis er lýst skriflega í umsókn. Því er talið rétt að heimila takmörkun á möguleikum almennings á að fá sýni þar til nær dregur útgáfu hugsanlegs einkaleyfis. Sá sem vill fá að rannsaka sýni verður því að snúa sér til sérfróðs manns sem iðnaðarráðherra hefur samþykkt að uppfylli skilyrði til að geta tekið á móti sýni, sbr. 2. málsl. 7. mgr., og biðja hann um að kanna sýnið fyrir sig. Til að þessari sérreglu verði beitt við umsóknir verður að leggja inn beiðni um það innan frests sem ákveðinn er í reglugerð.

Í 8. mgr. er kveðið á um að allir, sem æskja þess að fá sýni af varðveittri örverurækt, þurfi að leggja fram skriflega beiðni um það til einkaleyfayfirvalda. Í slíkri beiðni á jafnframt að koma fram yfirlýsing um að viðkomandi fallist á að fylgja þeim reglum um meðhöndlun sýnisins sem iðnaðarráðherra setur. Þessi yfirlýsing á að tryggja enn betur að sýnið verði ekki misnotað. Ef aðeins er heimilt að afhenda sýni sérfróðum mönnum verður fyrrgreind yfirlýsing að koma frá þeim sem fenginn er til að rannsaka sýnið. Þetta á við þó að beiðnin um sýni sé sett fram af öðrum aðila.

Um 23. gr.

Hér er fjallað um hvernig fara skuli með umsókn eftir að hún hefur verið lögð fram og andmælafrestur er liðinn. Í núgildandi lögum skortir reglur um þetta að öðru leyti en því að í síðari hluta 14. gr. er kveðið á um að umsækjandi eigi rétt á að tjá sig um fram komin andmæli.

Ef andmæli hafa borist gegn veitingu einkaleyfis er ljóst að endurskoða þarf umsóknina með tilliti til þeirra, sbr. umfjöllun um 21. gr. frumvarpsins. Hins vegar er svo fyrir mælt í 1. mgr. 23. gr. að einkaleyfayfirvöld skuli athuga umsókn aftur eftir að andmælafrestur er liðinn þótt andmæli hafi ekki borist. Af þessu er ljóst að einkaleyfayfirvöld hafa heimild til að kanna af sjálfsdáðum ný gögn sem þeim verður kunnugt um hvenær sem er fram að veitingu einkaleyfis. Það liggur þó í hlutarins eðli að hafi ekki borist andmæli og aðstæður hafa að öðru leyti ekki breyst frá því að umsókn var lögð fram eru miklar líkur til að einkaleyfi verði veitt á grundvelli hennar.

Athugun sú, sem fer fram eftir að andmælafrestur er liðinn, lýtur, eftir því sem við á, sömu reglum um málsmeðferð og fyrri athugun, sbr. 2. málsl. 1. mgr. Ef umsækjandi svarar ekki skriflegum athugasemdum einkaleyfayfirvalda vegna andmæla eða annarra ástæðna verður umsóknin afskrifuð, sbr. 15. gr. frumvarpsins. Ef einkaleyfayfirvöld senda einungis afrit af andmælum til umsækjanda, sbr. 2. mgr., án athugasemda eða beiðni um svar verður umsóknin hins vegar ekki afskrifuð, þó svo að umsækjandi svari ekki, heldur verður málið tekið til efnislegrar meðferðar og úrskurðað með hliðsjón af fram komnum gögnum. Ekki má

hafna umsókn á þessu stigi málsins vegna andmæla eða annarra nýframkominna hindrana nema umsækjandi hafi haft tækifæri til að tjá sig um viðkomandi atriði, sbr. 16. gr. frumvarpsins. Nánari reglur um meðferð andmæla verða settar í reglugerð.

Um 24. gr.

Í greininni er fjallað um málskot til áfrýjunarnefndar. Málskotsréttur skv. 16. gr. núgildandi laga, sbr. og 1. gr. laga nr. 36/1984, er mjög takmarkaður. Einungis umsækjanda er heimilt að áfrýja ákvörðun um höfnun. Öðrum ákvörðunum einkaleyfayfirvalda verður ekki skotið til áfrýjunarnefndar. Hér er lagt til að málskotsréttur verði rýmkaður þannig að áfrýja megi fleiri ákvörðunum einkaleyfayfirvalda og einnig að andmælanda verði heimilt að áfrýja ákvörðun um að veita einkaleyfi þrátt fyrir rétt fram komin andmæli.

Meginreglan er sú að einungis má skjóta endanlegum ákvörðunum varðandi umsókn til áfrýjunarnefndar, sbr. 1. mgr. Endanlegar ákvarðanir eru höfnun eða afskrifun umsóknar eða veiting einkaleyfis samkvæmt umsókn. Engu máli skiptir hvort höfnun eða afskrifun umsóknar er vegna form- eða efnisgalla. Öðrum ákvörðunum einkaleyfayfirvalda má því aðeins skjóta til áfrýjunarnefndar að þær séu nefndar í 2. og 3. mgr. 24. gr. eða 67. gr. frumvarpsins. Á grundvelli almennra stjórnsýslureglna má þó kæra óeðlilega málsmeðferð, en ekki einstakar ákvarðanir, einkaleyfayfirvalda til æðra stjórnvalds.

Það er umsækjandi sem hefur málskotsrétt skv. 1. mgr. Andmælandi hefur einnig málskotsrétt ef einkaleyfi er veitt þrátt fyrir rétt fram komin andmæli. Andmæli teljast rétt fram komin ef þau uppfylla skilyrði 2. mgr. 21. gr. frumvarpsins. Sérregla er í síðasta málslið 1. mgr. sem kveður á um að séu sérstakar ástæður fyrir hendi sé áfrýjunarnefndinni heimilt að taka málskot til umfjöllunar þótt andmælandi hafi dregið málskot sitt til baka. Heimildin yrði helst notuð þegar andmæli, sem áfrýjað er út af, varða einkaleyfishæfi uppfinningar almennt en síður ef deilan snýst um eignarrétt að henni.

Málskotsréttur í 3. mgr. vegna höfnunar á beiðni skv. 8. mgr. 22. gr. er í samræmi við norsku einkaleyfalögin. Eðlilegt virðist að veita málskotsrétt ef slíkri beiðni er hafnað þar sem um mikilsverða hagsmuni getur verið að ræða.

Um 25. gr.

Í greininni er nánar fjallað um málskot til áfrýjunarnefndar og einnig um málskot til dómstóla.

Umsækjanda eða andmælanda er gefinn tveggja mánaða frestur, frá því að einkaleyfayfirvöld tilkynntu um ákvörðun sína, til að áfrýja ákvörðun einkaleyfayfirvalda til áfrýjunarnefndar, sbr. 24. gr. Greiða skal gjald fyrir áfrýjun innan sama frests. Ef áfrýjunin eða greiðslan berst ekki innan áðurnefnds frests ber að vísa áfrýjuninni frá. Nánari reglur um formkröfur áfrýjunar verða settar í reglugerð.

Þótt áfrýjandi hafi sjálfræði um hvaða ákvörðunum hann áfrýjar getur takmörkun af hans hálfu í því efni ekki komið í veg fyrir að áfrýjunarnefndin taki einkaleyfisumsóknina og málsmeðferðina alla til endurmats. Ekkert er því til fyrirstöðu að ný gögn séu lögð fram. Áfrýjunarnefndin endurskoðar ekki ákvörðun einkaleyfaskrifstofunnar eingöngu á grundvelli þeirra gagna sem skrifstofan hefur byggt niðurstöðu sína á, heldur tekur hún nýja ákvörðun í málinu í heild sinni.

Þó svo að ekki sé unnt að bera ákvarðanir áfrýjunarnefndar undir æðra stjórnvald, sbr. 2. mgr., þá hefur það ekki áhrif á rétt til að skjóta ákvörðunum áfrýjunarnefndar til dómstóla. Af 3. mgr. er þó ljóst að ekki má skjóta þeim ákvörðunum einkaleyfayfirvalda, sem áfrýja má til áfrýjunarnefndar, til dómstóla fyrr en ákvörðun áfrýjunarnefndar liggur fyrir. Þetta á þó ekki við ákvörðun um að veita einkaleyfi, sbr. 52. og 53. gr. frumvarpsins.

Ef höfðað er mál fyrir dómstólum vegna ákvörðunar áfrýjunarnefndar ber að gera það innan tveggja mánaða frá því að viðkomandi fékk upplýsingar um úrskurð áfrýjunarnefndar,

sbr. 3. mgr. Ákvörðunum einkaleyfayfirvalda, sem ekki verður áfrýjað til áfrýjunarnefndar, verður heldur ekki skotið til dómstóla. Ólögmætum stjórnsýsluathöfnum má að sjálfsögðu skjóta til dómstóla. Málssókn fyrir dómstólum vegna ákvörðunar, sem áfrýjunarnefnd hefur úrskurðað um, skal beint gegn áfrýjunarnefndinni. Andmælandi og aðrir, sem hafa nægilegra hagsmuna að gæta, geta með meðalgöngu gerst aðilar að málinu í samræmi við almennar reglur um meðalgöngu.

Um 26. gr.

Hér er fjallað um veitingu einkaleyfis og hvernig skuli að því staðið. Greinin fjallar um sama efni og 17. gr. núgildandi laga.

Einkaleyfi telst veitt þegar umsókn hefur verið endanlega samþykkt, sbr. 1. mgr. Endanlegt samþykki telst ekki liggja fyrir fyrr en áfrýjunarfrestur skv. 1. mgr. 25. gr. er útrunninn. Útgáfudagur einkaleyfis er sá dagur þegar einkaleyfi er veitt, en ekki sá dagur sem auglýsing um veitinguna er birt, sbr. 2. málsl. 1. mgr. Frá útgáfudegi hefjast að fullu réttaráhrif einkaleyfis, þar með talin refsi- og skaðabótaákvæði IX. kafla frumvarpsins. Einnig hefur útgáfudagur þýðingu varðandi ýmsa fresti, sbr. 1. mgr. 45. gr., 4. mgr. 52. gr. og 1. mgr. 53. gr. frumvarpsins. Útgáfudagur hefur hins vegar engin áhrif á gildistíma einkaleyfis þar sem hann reiknast frá innlagningardegi, sbr. 40. gr. frumvarpsins.

Réttaráhrif einkaleyfis eru ekki bundin við einkaleyfisskjalið sem slíkt. Gildi einkaleyfis er óháð því hvort hægt sé að sýna skjalið. Jafnframt er hægt að framselja einkaleyfið án þess að einkaleyfisskjalið sé afhent. Skjalið sjálft inniheldur engar upplýsingar sem ekki koma fram í gögnum sem hafa verið lögð fram varðandi einkaleyfið, sbr. 3. mgr. 21. gr. og 1. mgr. þessarar greinar.

Ef ekki hafa orðið breytingar á lýsingu uppfinningar eða einkaleyfiskröfum frá því að umsókn var lögð fram, sbr. 21. gr. frumvarpsins, verða ekki gefin út ný eintök af þessum skjölum við útgáfu einkaleyfis. Þótt prenta þurfi nýja lýsingu eða einkaleyfiskröfur vegna breytinga verður ekki krafist sérstaks gjalds fyrir útgáfu einkaleyfis.

Um 27. gr.

Greinin fjallar um skráningu veittra einkaleyfa í einkaleyfaskrá. Slík skrá er þegar haldin, sbr. 18. gr. núgildandi laga. Í frumvarpinu er ekki kveðið á um hvaða upplýsingar skuli færðar í skrána, heldur er gert ráð fyrir að nánari reglur þar að lútandi yrðu settar í reglugerð, sbr. 1. mgr. 69. gr. Þó er í nokkrum ákvæðum frumvarpsins nefnt að upplýsingar skuli skráðar í einkaleyfaskrá samkvæmt ósk aðila. Sem dæmi má nefna upplýsingar um framsal og um veitt nytjaleyfi og niðurfellingu þess, sbr. 1. og 2. mgr. 44. gr. frumvarpsins. Hið sama gildir um veitingu nauðungarleyfis og réttindi skv. 2. mgr. 53. gr. og 3. mgr. 44. gr. frumvarpsins.

Viss réttaráhrif eru tengd skráningu upplýsinga í einkaleyfaskrá. Til dæmis má ætíð beina málssókn vegna einkaleyfis að þeim sem er skráður einkaleyfishafi í einkaleyfaskrá, sbr. 4. mgr. 44. gr. frumvarpsins. Einnig hefur skráður leyfishafi ákveðin réttindi, sbr. 2. mgr. 53. gr. og 1. mgr. 63. gr. frumvarpsins. Að öðru leyti er einkaleyfaskráin án réttaráhrifa og færsla í hana er aðallega af skipulagsástæðum. Gildi einkaleyfis er ekki bundið við að allar upplýsingar um það séu skráðar í einkaleyfaskrána.

Af ákvæðum 3. gr. gildandi einkaleyfalaga leiðir að einkaleyfi er unnt að veðsetja. Sama gildir samkvæmt frumvarpi þessu. Um slíka veðsetningu gilda reglur um sjálfsvörsluveð í lausafé. Tryggingarráðstöfunin felst í þinglýsingu og yrði veðsetningin færð í lausafjárbók á blað réttsala, sbr. 4. tölul. 1. mgr. og 4. mgr. 8. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Skráning í einkaleyfaskrá á veði í einkaleyfi veitir veðinu ekki réttarvernd, heldur móttaka veðbréfs til þinglýsingar hjá þinglýsingadómara. Af þeim sökum er ólíklegt að allir veðhafar hlutist til um

skráningu í einkaleyfaskrá. Þannig getur skapast misræmi milli einkaleyfaskrár og þinglýsingarbókar og þykir því rétt að miða hér við að skráningin skuli eingöngu eiga sér stað í þinglýsingarbók en ekki jafnframt í einkaleyfaskrá.

Um flokkunarkerfi það, sem notað yrði í einkaleyfaskránni ef frumvarp þetta verður að lögum, yrðu sett nánari ákvæði í reglugerð.

Um III. kafla.

Eins og fram kemur í almennum hluta greinargerðarinnar er stefnt að því að samhliða gildistöku nýrra einkaleyfalaga verði samstarfssáttmálinn um einkaleyfi, sem undirritaður var í Washington 19. júní 1970 (Patent Cooperation Treaty eða PCT), fullgiltur. Með ákvæðum 28.–38. gr. frumvarpsins er kominn lagagrundvöllur að því að hægt sé að framfylgja ákvæðum sáttmálans hér á landi. Það er forsenda að aðild Íslands að sáttmálanum og fullgildingu hans.

Um 28. gr.

Í 1. mgr. er vísað í samstarfssáttmálann um einkaleyfi sem gerður var í Washington 19. júní 1970 (PCT) varðandi skilgreiningu á því hvað sé alþjóðleg umsókn. Í honum segir að alþjóðleg umsókn sé umsókn sem lögð sé inn í samræmi við sáttmálann, sbr. PCT, gr. 2(vii).

Í 2. mgr. er fjallað um hvar hægt sé að leggja inn alþjóðlegar umsóknir. Viðtökuyfirvöld geta verið einkaleyfayfirvöld aðildarlanda sáttmálans eða þær alþjóðastofnanir sem hafa heimild til að veita slíkum umsóknum viðtöku, sbr. PCT, gr. 2. og reglu 19. Eingöngu ríkisborgarar eða aðilar, sem búsettir eru í aðildarlandi sáttmálans eða reka þar fyrirtæki, mega leggja inn alþjóðlega umsókn, sbr. PCT, gr. 9. Aðilar, sem rétt hafa til að leggja inn alþjóðlega umsókn, geta valið um hvort þeir leggja umsókn inn í því landi sem þeir eru búsettir í eða þar sem þeir njóta ríkisborgararéttar ef bæði ríkin eru aðilar að PCT, sbr. PCT, reglu 19. Á sama hátt getur alþjóðleg einkaleyfisumsókn eingöngu náð til aðildarríkja PCT, sbr. PCT, gr. 4.

Alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir, sem tækju til Íslands, yrðu flestar lagðar inn erlendis. Ekki er þörf sérstakra lagaákvæða um það hér á landi. Hins vegar verður íslenskum ríkisborgurum eða aðilum, sem eru búsettir hér eða reka fyrirtæki hérlendis, að vera kleift að leggja inn alþjóðlegar umsóknir hér á landi í samræmi við PCT, reglu 19. Því er kveðið á um það í 2. málsl. 2. mgr. að hægt sé að leggja inn alþjóðlega umsókn hjá einkaleyfayfirvöldum hér á landi. Það verður þó ekki mögulegt fyrr en samstarfssáttmálinn hefur verið fullgiltur. Einnig þarf að koma til sérstakt samkomulag um framkvæmd hans hér á landi við WIPO sem hefur yfirumsjón með sáttmálanum og framkvæmd hans.

Nánari ákvæði verða sett í reglugerð um hlutverk einkaleyfayfirvalda sem móttökuaðila alþjóðlegra einkaleyfisumsókna í samræmi við ákvæði PCT-sáttmálans og PCT-reglugerðar. Alþjóðleg einkaleyfisumsókn fær eftirfarandi meðferð hjá einkaleyfayfirvöldum (viðtökuyfirvöldum):

1. Umsókn ásamt greiðslu tilskilins umsóknargjalds er móttekin. Umsóknargjald er þrenns konar: alþjóðlegt umsóknargjald, sbr. PCT, reglu 15, gjald fyrir nýnæmisrannsókn, sbr. PCT, reglu 16, og að lokum gjald fyrir móttöku og meðferð umsóknarinnar af hálfu einkaleyfayfirvalda hér á landi, sbr. PCT, reglu 14. Síðastgreinda gjaldið geta einkaleyfayfirvöld hér á landi ákveðið sjálf. Alþjóðlega umsóknargjaldið rennur til WIPO sem einnig ákveður upphæð þess, en rannsóknagjaldið er ákveðið af og rennur til þeirrar stofnunar sem rannsakar nýnæmi viðkomandi umsóknar.
2. Alþjóðleg umsókn er yfirfarin með tilliti til þess hvort hún fullnægi skilyrðum samstarfssáttmálans um form og efni, sbr. PCT, gr. 11(1) og 14(1)(a).

3. Fullnægi umsóknin ekki skilyrðum sáttmálans um gjöld, form og efni ber yfirvöldum að beina þeim tilmælum til umsækjanda, að hann bæti úr því innan tilskilins frests, sbr. PCT, gr. 11(2)(a), 14(1)(b) og reglu 20(6).
4. Ef umsóknin fullnægir skilyrðum sáttmálans, e.t.v. eftir að hún hefur verið lagfærð, fær hún alþjóðlegan innlagningardag, sbr. PCT, gr. 11(1), 11(2)(b) og reglu 20(3)–(5). Skilyrði, sem umsókn þarf að uppfylla til að fá úthlutað alþjóðlegum umsóknardegi, eru í PCT, gr. 11(1): í fyrsta lagi að umsækjandi hafi heimild til þess að leggja inn alþjóðlega umsókn hjá viðkomandi móttökuyfirvaldi; í öðru lagi að umsóknin sé á því tungumáli sem krafist er; í þriðja lagi að umsóknin hafi a.m.k. að geyma eftirfarandi:
   a. tilvísun til þess að um alþjóðlega einkaleyfisumsókn sé að ræða,
   b. a.m.k. eitt aðildarríki samstarfssáttmálans sé tilgreint í umsókninni,
   c. nafn umsækjanda,
   d. eitthvað sem lítur út fyrir að vera lýsing uppfinningar,
   e. eitthvað sem lítur út fyrir að vera einkaleyfiskrafa.
5. Eftir að alþjóðaumsókn hefur verið úthlutað alþjóðlegum innlagningardegi er eintak af henni ásamt tilheyrandi gögnum sent til þess aðila sem sér um nýnæmisrannsókn og annað til WIPO. Frekari málsmeðferð fer fram hjá báðum þessum aðilum í samræmi við PCT, gr. 12 og reglur 22–25.

Ákvæði 28. gr. eiga við um allar alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir, jafnvel þótt þær taki ekki til Íslands. Hins vegar eiga ákvæði 29.–38. gr. aðeins við um þær alþjóðlegu einkaleyfisumsóknir sem taka til Íslands, þó svo að þær séu lagðar inn hjá einkaleyfayfirvöldum í einhverju öðru landi.

Um 29. gr.

Hér eru ákvæði um réttaráhrif alþjóðlegrar einkaleyfisumsóknar hér á landi. Í greininni, sem byggð er á PCT, gr. 11, kemur fram að alþjóðleg einkaleyfisumsókn, sem fengið hefur ákveðinn alþjóðlegan innlagningardag, hafi frá þeim degi sömu réttaráhrif og innlend einkaleyfisumsókn. Þessi regla er þó ekki án undantekninga. Þau réttaráhrif umsóknar, sem mestu máli skipta, eru nýnæmisáhrif hennar gagnvart síðar innlögðum umsóknum, sbr. 2. gr. frumvarpsins, og bráðabirgðavernd sú sem umsóknum er veitt skv. 60. gr. frumvarpsins. Sérreglu um nýnæmisáhrif alþjóðlegra umsókna er að finna í 2. málsl. greinarinnar. Hún felst í því að óbirt alþjóðleg umsókn telst ekki nýnæmishindrandi á sama hátt og óbirt innlend umsókn, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins, nema hún hafi verið yfirfærð í samræmi við 31. gr. frumvarpsins. Bráðabirgðavernd skv. 60. gr. hefst eftir að umsókn er orðin almenningi aðgengileg. Alþjóðleg umsókn telst ekki aðgengileg almenningi fyrr en hún hefur verið þýdd á íslensku, sbr. 3. mgr. 33. gr. frumvarpsins, og nýtur því ekki bráðabirgðaverndar fyrr en það hefur verið gert, sbr. 4. mgr. 33. gr. frumvarpsins.

Um 30. gr.

Greinin er byggð á 24. gr. samstarfssáttmálans. Hún fjallar um það hvenær alþjóðleg umsókn telst hafa verið dregin til baka að því er Ísland varðar. Ákvæðið tekur til afturköllunar á alþjóðlegri umsókn á tímabilinu frá því að hún var lögð inn hjá viðtökuyfirvöldum og þar til yfirvöld í löndum tilgreindum í umsókninni hafa tekið við henni. Eftir það eiga ákvæði 33.–38. gr. frumvarpsins við.

Ef alþjóðleg einkaleyfisumsókn telst afturkölluð vegna tilvika sem nefnd eru í (i) og (ii) lið 1. mgr. 24. gr. PCT falla niður þau réttaráhrif, sem 29. gr. frumvarpsins veitir henni, á sama hátt og réttaráhrif innlendrar einkaleyfisumsóknar sem telst afturkölluð. Ekki þótti rétt að tilgreina í lagatextanum sjálfum öll þau tilvik sem leiða til þess að alþjóðleg umsókn teljist afturkölluð, heldur látið nægja að vísa í 24. gr. PCT. Tilfelli, sem þar eru nefnd, eru í fyrsta lagi

þegar umsækjandi dregur alþjóðlega umsókn sína til baka í heild eða eingöngu tilgreiningu sína á Íslandi. Í öðru lagi eru þau tilvik þegar umsókn er talin hafa verið dregin til baka vegna ákvæða samstarfssáttmálans. Þar getur verið um að ræða:

1. að umsókn hafi ekki borist innan tilskilins frests til WIPO, sbr. gr. 12(3);
2. að umsækjandi hafi ekki orðið við tilmælum viðtökuyfirvalda um að lagfæra umsóknina, sbr. gr. 14(1)(b);
3. að umsóknin hafi einhvern tíma verið ófullkomin í veigamiklum atriðum, sbr. gr. 14(4);
4. að umsækjandi vanræki að greiða tilskilin gjöld á réttum tíma, sbr. gr. 14(3)(a).
5. Einnig telst tilgreining á Íslandi afturkölluð ef umsækjandi hefur ekki greitt tilgreiningargjald að fullu, sbr. gr. 14(3)(b).

Um 31. gr.

Greinin fjallar um hvenær og hvernig yfirfæra skuli alþjóðlega umsókn til þess að hægt sé að öðlast íslenskt einkaleyfi á grundvelli hennar. Ákvæðin eru byggð á PCT, gr. 22, 24(1)(iii) og gr. 39. Ef skilyrðum greinarinnar er fullnægt öðlast umsóknin gildi hér á landi frá alþjóðlegum innlagningardegi að telja í samræmi við ákvæði 29. gr. frumvarpsins.

Ef yfirfæra á umsókn til Íslands þarf skv. 1. mgr. að greiða tilskilin gjöld til einkaleyfayfirvalda og afhenda íslenska þýðingu af umsókninni eða afrit af henni ef hún hefur verið lögð inn á íslensku innan 20 mánaða frá alþjóðlegum innlagningardegi eða forgangsréttardegi umsóknar, sbr. PCT, gr. 22(1). Nánari ákvæði um hvaða hluta alþjóðlegrar umsóknar þarf að þýða verða sett í reglugerð. Þýðing eða afrit umsóknar þarf að vera í samræmi við upphaflega umsókn ásamt áorðnum breytingum, en heimilt er að breyta alþjóðlegri umsókn að ákveðnu marki, sbr. PCT, gr. 19(1) og 34(2).

Í 2. mgr. er sett sérregla um lengri frest til að uppfylla skilyrði 1. mgr. Þessi sérregla á við ef umsækjandi æskir þess að alþjóðleg forathugun verði gerð á einkaleyfishæfi alþjóðlegrar umsóknar áður en hún er yfirfærð til tilgreindra landa. Um slíka forathugun er fjallað í II. kafla PCT (gr. 31–42). Allar alþjóðlegar umsóknir skulu rannsakaðar að því er varðar formskilyrði og nýnæmi áður en þær eru yfirfærðar til tilgreindra landa. Alþjóðleg forathugun verður hins vegar ekki gerð nema að beiðni umsækjanda. Slíka beiðni er þó því aðeins hægt að setja fram að heimaland umsækjanda hafi fullgilt II. kafla PCT um alþjóðlega forathugun, en heimilt er að gera fyrirvara um fullgildingu hans, sbr. PCT, gr. 64(1)(a). Einnig gildir slík forathugun eingöngu fyrir aðildarlönd sem hafa fullgilt kaflann. Í frumvarpi þessu er ekki gert ráð fyrir að settur verði fyrirvari af Íslands hálfu varðandi fullgildingu kaflans um alþjóðlega forathugun eins og nánar er rætt um í almennum athugasemdum við frumvarpið. Aðilar búsettir á Íslandi geta því sett fram beiðni um alþjóðlega forathugun þegar samstarfssáttmálinn tekur gildi hér á landi enda hefur forathugunin þá gildi hér. Ef umsækjandi hefur beiðst alþjóðlegrar forathugunar og lýsir yfir því innan 19 mánaða frá alþjóðlegum innlagningardegi eða forgangsréttardegi að hann hyggist nota niðurstöðurnar við umsókn um einkaleyfi á Íslandi lengist frestur sá sem hann hefur til yfirfærslu umsóknar til Íslands um 10 mánuði. Þessi regla er byggð á PCT, gr. 39.

Í 3. mgr. er kveðið á um viðbótarfrest til að leggja fram þýðingu eða afrit af alþjóðlegri umsókn. Skilyrði fyrir því, að hægt sé að nýta þennan viðbótarfrest, er að tilskilin gjöld vegna yfirfærslu umsóknarinnar hafi verið greidd innan þess frests sem settur er í 1. og 2. mgr. Jafnframt þarf að greiða viðbótargjald fyrir lok viðbótarfrestsins. Rökin fyrir þessari sérreglu eru þau að umsækjandi eða umboðsmaður hans þarf oft lengri tíma til að skila inn þýðingu á alþjóðaumsókn. Nauðsynlegt er að þýðingin sé mjög nákvæm. Þýðing umsóknar tekur óhjákvæmilega sinn tíma því að yfirleitt er efni umsókna mjög tæknilegt. Af samræmingarástæðum er sami viðbótarfrestur veittur til að skila inn afriti af alþjóðlegri umsókn sem upphaflega var lögð inn á íslensku. Viðbótarfrestur er ekki veittur nema umsækjandi hafi

greitt tilskilin gjöld vegna yfirfærslu innan almenna frestsins. Með því er leitast við að tryggja hagsmuni almennings af því að fá sem fyrst upplýsingu um hvort alþjóðleg umsókn verði yfirfærð eða ekki.

Í 4. mgr. er tilgreint hvaða afleiðingar það hefur ef ofangreindir frestir vegna yfirfærslu umsóknar eru ekki virtir. Umsóknin telst þá afturkölluð að því er varðar Ísland. Íslensk einkaleyfayfirvöld skulu þá afskrifa umsóknina án þess að gera umsækjanda viðvart. Reglan er byggð á PCT, gr. 24(1)(iii) og 39(2). Ákvæði 72. og 73. gr. frumvarpsins um endurveitingu réttinda geta komið til vegna réttindamissis samkvæmt þessari grein ef þar tilgreind skilyrði eru uppfyllt.

Um 32. gr.

Ákvæði greinarinnar taka til þess þegar umsækjandi dregur sjálfur til baka beiðni um alþjóðlega forathugun á einkaleyfishæfi alþjóðlegrar umsóknar eða dregur til baka yfirlýsingu um að hann ætli að nota niðurstöður hennar við umsókn um einkaleyfi á Íslandi. Greinin er byggð á PCT, gr. 37(4).

Meginreglan varðandi réttaráhrif slíkrar afturköllunar er að umsóknin í heild telst afturkölluð að því er Ísland varðar. Þó er undantekning gerð frá því ef afturköllunin á sér stað innan þess frests sem umsækjandi hefur til að yfirfæra umsóknina, sbr. 1. mgr. 31. gr. frumvarpsins. Þá hefur umsækjandi möguleika á að koma í veg fyrir að umsóknin teljist afturkölluð með því að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að yfirfæra hana innan yfirfærslufrestsins skv. 1. mgr. 31. gr. frumvarpsins, sbr. 3. mgr. sömu grein.

Um 33. gr.

Hér eru ákvæði um meðferð á alþjóðlegum umsóknum sem hafa verið yfirfærðar í samræmi við 31. gr. frumvarpsins. Rétt þykir að meðferð þeirra sé, að svo miklu leyti sem hægt er, hin sama og meðferð á innlendum umsóknum. Því er sett sú meginregla í 1. málsl. 1. mgr. að við meðferð alþjóðlegra umsókna skuli farið eftir ákvæðum II. kafla frumvarpsins. Þörf er þó á ýmsum sérreglum um meðferð alþjóðlegra umsókna. Þær sérreglur eru settar í þessari grein svo og 34.–37. gr. frumvarpsins.

Fyrsta sérreglan er sett í 2. málsl. 1. mgr. Þar er kveðið á um að ekki megi taka alþjóðlega umsókn til meðferðar fyrr en liðnir eru frestir skv. 1. eða 2. mgr. 31. gr. nema til komi beiðni umsækjanda. Þetta ákvæði er byggt á PCT, gr. 23 og 40.

2. mgr. fjallar um undantekningu frá skilyrðum 12. gr. frumvarpsins um umboðsmann. Ekki má krefjast þess að umsækjendur búsettir erlendis, sem sækja um einkaleyfi hér á landi í alþjóðlegri umsókn, tilnefni umboðsmann fyrr en einkaleyfayfirvöld hér á landi geta tekið umsóknina til meðferðar. Þessi regla er byggð á PCT, gr. 27(7).

Allar alþjóðlegar umsóknir eru birtar af WIPO þegar liðnir eru 18 mánuðir frá forgangsréttardegi, sbr. PCT, gr. 21. Innlendar umsóknir verða almenningi aðgengilegar innan sama tíma, sbr. 22. gr. frumvarpsins. Í 3. mgr. er hins vegar kveðið á um að alþjóðlegar umsóknir teljist ekki almenningi aðgengilegar fyrr en umsækjandi hefur lagt inn þýðingu af umsókninni eða afrit af henni. Ekki þarf að leggja fram þýðingu eða afrit af alþjóðlegri umsókn fyrr en 20 eða 30 mánuðir eru liðnir frá forgangsréttardegi, sbr. 1. og 2. mgr. 31. gr. frumvarpsins. Því getur alþjóðleg umsókn orðið seinna aðgengileg almenningi en innlend umsókn. Í þessari málsgrein er fylgt fordæmi norskra einkaleyfalaga og tekið fram að öll ákvæði 22. gr. komi til framkvæmda þegar þýðing eða afrit af alþjóðlegri umsókn hefur verið lagt inn. Í dönskum og sænskum lögum er hins vegar eingöngu minnst á 2. og 3. mgr. 22. gr. Skýrara þykir að taka fram að öll ákvæði 22. gr. frumvarpsins falli hér undir, enda liggur í eðli máls að þau geri það hvort sem það er tilgreint í lagatextanum eða ekki.

Ýmis réttaráhrif eru tengd því að umsókn verði aðgengileg almenningi. 4. mgr. kveður á um að við framkvæmd ákvæða 48. gr. frumvarpsins um nauðungarleyfi til handa þeim sem hagnýtti uppfinningu þegar umsókn um hana er gerð almenningi aðgengileg, ákvæða 56. gr. frumvarpsins um upplýsingaskyldu um einkaleyfi og ákvæða 60. gr. frumvarpsins um bráðabirgðavernd umsókna, sem gerðar hafa verið almenningi aðgengilegar, skuli litið svo á að alþjóðleg umsókn hafi orðið almenningi aðgengileg þegar skilyrði 3. mgr. eru uppfyllt.

5. mgr. er byggð á PCT, gr. 27(1). Þar segir að í lögum einstakra aðildarlanda megi ekki setja strangari reglur um innihald og form alþjóðlegra umsókna en eru í PCT. Aðildarlönd verða því að taka alþjóðlega umsókn fullgilda ef hún uppfyllir skilyrði PCT-sáttmálans hvað varðar form og innihald, jafnvel þó lög þess lands hafi að geyma strangari skilyrði um form og innihald innlendra einkaleyfisumsókna. Hins vegar geta einkaleyfayfirvöld tekið alþjóðlega umsókn gilda þótt hún uppfylli ekki skilyrði PCT-sáttmálans ef hún uppfyllir skilyrði einkaleyfalaga viðkomandi lands nema umsækjandi krefjist þess að skilyrði PCT-sáttmálans verði látin ganga fyrir, sbr. PCT, gr. 27(4). Vert er að taka fram að þetta ákvæði tekur ekki til efnislegra skilyrða fyrir veitingu einkaleyfis. Hvert einstakt aðildarland leggur að öðru leyti mat á hvort viðkomandi uppfinning uppfylli skilyrði um nýnæmi og einkaleyfishæfi.

Um 34. gr.

Í greininni er tekið fram að alþjóðleg einkaleyfisumsókn verði ekki samþykkt til framlagningar eða henni hafnað fyrr en að ákveðnum fresti liðnum. Með þessu er umsækjanda tryggður sá réttur sem honum ber samkvæmt PCT-sáttmálanum til að gera breytingar á umsókninni innan ákveðins frests áður en tekin er endanleg ákvörðun um hana, sbr. PCT, gr. 28 og 40. Lengd þessa frests er tilgreind í PCT-reglugerðinni, sbr. reglu 52 og 78. Í samræmi við það er hér lagt til að þessi frestur verði einnig ákveðinn í reglugerð þar sem hægara er þá að breyta honum ef PCT-reglugerðinni yrði breytt.

Um 35. gr.

Í greininni er kveðið á um hvenær alþjóðlega einkaleyfisumsókn megi í fyrsta lagi leggja fram eða gera opinbera í prentuðu máli. Ákvæðið er byggt á PCT, gr. 30(4). Um það hvenær alþjóðleg umsókn verði aðgengileg almenningi er fjallað í 3. mgr. 33. gr. frumvarpsins. Ákvæði þessarar greinar hindra ekki að alþjóðleg umsókn verði almenningi aðgengileg samkvæmt reglum 3. mgr. 33. gr. frumvarpsins ef það hefur ekki í för með sér að umsóknin verði gerð opinber í prentuðu máli.

Um 36. gr.

Hér eru settar reglur um meðferð alþjóðlegrar einkaleyfisumsóknar sem hefur verið yfirfærð til Íslands og hluti umsóknar hefur ekki verið rannsakaður með tilliti til nýnæmis eða einkaleyfishæfis. 37. gr. frumvarpsins er viðbót við 36. gr. frumvarpsins og eru þær báðar byggðar á PCT, gr. 17 (3) og 34 (3).

Það er skilyrði samkvæmt PCT-sáttmálanum, sem og frumvarpi þessu, sbr. 10. gr., að umsókn megi ekki varða tvær eða fleiri óskyldar uppfinningar. Ef því skilyrði er ekki fullnægt í alþjóðlegri umsókn ber umsækjanda að greiða viðbótargjald fyrir rannsókn á þeim hluta hennar sem ekki telst „aðaluppfinningin“. Gjaldið greiðist til þeirrar stofnunar sem gerir alþjóðanýnæmisrannsókn eða forathugun á einkaleyfishæfi uppfinningarinnar.

Í 1. mgr. er kveðið á um að þótt umsækjandi hafi ekki greitt viðbótargjald innan tilskilins frests eigi hann möguleika á að yfirfæra til Íslands þann hluta umsóknarinnar sem ekki hefur verið rannsakaður. Einkaleyfayfirvöldum hér ber í slíkum tilvikum að athuga hvort kröfum um sjálfstæði uppfinningar sé fullnægt. Komist þau að sömu niðurstöðu og alþjóðlega rannsóknastofnunin, þ.e. að umsókn taki til tveggja eða fleiri óskyldra uppfinninga, skal líta

svo á að sá hluti umsóknar, sem ekki hefur verið rannsakaður, sé afturkallaður nema umsækjandi greiði viðbótargjald innan tveggja mánaða frá því að einkaleyfayfirvöld tilkynna honum um þessa niðurstöðu sína. Komist einkaleyfayfirvöld hins vegar að gagnstæðri niðurstöðu, þ.e. að skilyrði um skyldleika uppfinninga sé uppfyllt, skal taka umsóknina í heild til frekari meðferðar.

Forsenda tillögu að þessu ákvæði og 37. gr. frumvarpsins er að ákvæði íslenskra einkaleyfalaga og reglugerða séu sambærileg eða hagstæðari um mat á skyldleika uppfinninga í þessu samhengi.

Í 2. mgr. eru ákvæði um áfrýjun úrskurða einkaleyfayfirvalda í þessum efnum. Um slíka áfrýjun gilda reglur 1.–3. mgr. 25. gr. frumvarpsins. Í 3. mgr. er síðan kveðið á um hvenær frestur til greiðslu viðbótargjalds skv. 2. málsl. 1. mgr. hefst ef úrskurður einkaleyfayfirvalda er staðfestur.

Um 37. gr.

Telji rannsóknaryfirvöld sem sjá um alþjóðlega forathugun á einkaleyfishæfi uppfinninga að alþjóðleg umsókn taki til tveggja eða fleiri óskyldra uppfinninga ber þeim samkvæmt PCT, gr. 34(3)(a), að beina þeim tilmælum til umsækjanda að hann takmarki kröfurnar eða greiði tilskilið viðbótargjald. Um síðari kostinn er fjallað í 36. gr. frumvarpsins. Takmarki umsækjandi hins vegar kröfurnar skal litið svo á við yfirfærslu umsóknar að aðrir hlutar hennar hafi verið afturkallaðir að því er varðar Ísland nema umsækjandi greiði tilskilið gjald. Ef umsækjandi greiðir þetta gjald til einkaleyfayfirvalda getur hann einnig yfirfært þann hluta umsóknarinnar sem hann takmarkaði gagnvart alþjóðlegum rannsóknayfirvöldum.

Um 38. gr.

Hér er fjallað um viss tilvik þar sem íslenskum einkaleyfayfirvöldum ber skylda til að úrskurða um ákvarðanir móttökuyfirvalda eða alþjóðaskrifstofu WIPO. Greinin er byggð á ákvæðum PCT, gr. 25 og reglu 51. Umsækjandi hefur skv. PCT, gr. 25, rétt til að bera úrskurð viðtökuyfirvalda um að veita umsókn ekki alþjóðlegan innlagningardag eða telja umsókn í heild eða tilgreiningu einstaks lands afturkallaða undir einkaleyfayfirvöld í tilgreindu landi. Þetta er áréttað í 1. mgr. greinarinnar.

Í 2. mgr. er kveðið á um hvaða skilyrði umsækjandi þurfi að uppfylla til að einkaleyfayfirvöld framkvæmi það endurmat sem hér um ræðir. Hann þarf að bera upp beiðni um endurmat við alþjóðaskrifstofu WIPO innan ákveðins frests. Að fenginni slíkri beiðni skal alþjóðaskrifstofan senda einkaleyfayfirvöldum öll skjöl í málinu, sbr. PCT, gr. 25(2). Umsækjandi skal jafnframt innan sama frests leggja fram þýðingu á umsókninni til einkaleyfayfirvalda og greiða tilskilið umsóknargjald. Samkvæmt núgildandi PCT, reglu 51, er fresturinn tveir mánuðir frá því að umsækjanda var send tilkynning um viðkomandi úrskurð. Með því að lögbinda ekki frestinn heldur kveða á um hann í reglugerð, eins og hér er lagt til, yrði auðveldara að breyta honum síðar meir til samræmis við hugsanlegar breytingar á PCT-reglum um þetta efni.

Í 3. mgr. er því lýst hvernig umsókn skuli meðhöndluð ef einkaleyfayfirvöld hnekkja úrskurði viðtökuyfirvalda eða alþjóðaskrifstofunnar. Tilkynna skal alþjóðaskrifstofunni niðurstöðu einkaleyfayfirvalda, sbr. PCT, reglu 51(4). Meðferð umsóknarinnar fer síðan eftir ákvæðum II. kafla frumvarpsins. Ef umsókninni hefur ekki verið ákvarðaður alþjóðlegur innlagningardagur skal telja að hún hafi verið lögð inn þann dag sem einkaleyfayfirvöld telja að hefði átt að vera alþjóðlegur innlagningardagur. Á sama hátt og aðrar alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir yrði umsókn, sem hér fellur undir, samþykkt varðandi form og innihald ef hún telst uppfylla skilyrði PCT-sáttmálans að þessu leyti.

4. mgr. kveður á um að umsóknir, sem fá meðferð skv. 3. mgr., verði að öllu leyti nýnæmishindrandi á sama hátt og innlendar umsóknir ef þær verða almenningi aðgengilegar

skv. 22. gr. frumvarpsins. Ef þetta væri ekki sérstaklega tekið fram leiddi af ákvæðum 29. gr. frumvarpsins að alþjóðlegar umsóknir, sem ekki hefði verið unnt að yfirfæra skv. 31. gr. frumvarpsins vegna úrskurðar móttökuyfirvalda eða alþjóðaskrifstofunnar, yrðu ekki nýnæmishindrandi fyrr en þær hefðu verið lagðar fram. Óbirtar umsóknir teldust þannig ekki nýnæmishindrandi, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Þetta þykir ósanngjarnt ef einkaleyfayfirvöld telja upphaflegan úrskurð hafa verið rangan.

Um IV. kafla.

Um 39. gr.

Í greininni er ákvæði um þýðingu einkaleyfiskrafna við ákvörðun á umfangi einkaleyfisverndar. Samsvarandi ákvæði er ekki í núgildandi einkaleyfalögum, en framkvæmd hefur þrátt fyrir það verið í samræmi við ákvæðið.

Umfang einkaleyfisverndar má einnig nefna verndarsvið einkaleyfis. Það er það svið sem hægt er að beita einkaréttinum á, þ.e. einkaleyfishafi getur komið í veg fyrir að aðrir hagnýti í atvinnuskyni tæki, aðferð eða afurð sem fellur innan verndarsviðs einkaleyfis, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Það getur hins vegar oft verið vandasamt að ákveða hvað fellur innan og hvað utan verndarsviðs einkaleyfis. Matið er auðvelt ef um nákvæmlega eins hluti er að ræða. Örugg og skynsamleg réttarvernd einkaleyfa verður hins vegar að tryggja að annað og meira en nákvæmlega sams konar hlutir sé verndað. Varði uppfinning t.d. vélbúnað verða tæknileg verkan, áhrif eða notkun að skera úr um hvort svipaður vélbúnaður telst brot á einkaleyfisrétti eða ekki, en ekki það hvort búnaðurinn líkist eða sé nákvæmlega eins í útliti og hinn verndaði vélbúnaður. Annars væri of auðvelt fyrir samkeppnisaðila að gera smávægilegar breytingar á útliti eða aðferð og þannig hagnýta sér uppfinningar annarra. Samtímis þarf þó að hafa í huga að of umfangsmikil vernd getur heft um of starfsemi samkeppnisaðila.

Greininni er ætlað að vera til leiðbeiningar við mat á því hvað sé verndað með einkaleyfi. Samkvæmt henni er það hlutverk einkaleyfiskrafna að afmarka svo ljóst sem verða má hvað sé verndað. Vernd getur ekki náð til neins þess sem ekki verður leitt af einkaleyfiskröfum. Við túlkun á því hvað felst í einkaleyfiskröfum má leita til lýsingar. Með þessu er lögð áhersla á það að enda þótt einkaleyfiskröfur eigi að fela í sér tæmandi upptalningu á öllum aðalatriðum uppfinningar geti þær aldrei staðið einar sér; þær verði ævinlega að lesa í samhengi við lýsingu á uppfinningunni. Teikningar, sem fylgja umsókn, teljast til lýsingar í þessu samhengi.

Framkvæmd samsvarandi ákvæðis hjá öðrum norrænum þjóðum er sú að byggt er á heildarmati á kröfum og öðrum einkaleyfisgögnum. Það felur í sér að við túlkun á því, hvað kröfurnar fela í sér, er farið nákvæmlega yfir öll önnur gögn einkaleyfis, þ.e. lýsingu og teikningar. Við mat á verndarsviði einkaleyfa hér á landi verður væntanlega höfð hliðsjón af norrænni framkvæmd.

Um 40. gr.

Hér er fjallað um gildistíma einkaleyfa og greiðslu árgjalda til að viðhalda gildi þeirra. Um er að ræða töluverðar breytingar frá núgildandi lögum og reglum. Lagt er til að gildistími einkaleyfa verði lengdur úr 15 árum í 20 ár. Á móti kemur að upphaf gildistíma samkvæmt frumvarpinu er innlagningardagur umsóknar en skv. 1. mgr. 4. gr. núgildandi laga hefst gildistíminn þann dag sem einkaleyfi er veitt. Breytingin hefur í för með sér að gildistími einkaleyfa lengist ef málsmeðferð umsókna er styttri en fimm ár. Hins vegar styttist gildistíminn í þeim tilvikum sem málsmeðferð dregst lengur en fimm ár. Slíkt ætti eingöngu að gerast í undantekningartilvikum ef frumvarp þetta verður að lögum. Einnig er lagt til að árgjald af einkaleyfi verði greitt á hverju ári en samkvæmt núgildandi reglugerð um afgreiðslu einkaleyfa nr. 59/1966, sbr. 8. gr., skulu gjöld af einkaleyfum greidd fyrir fram fyrir fimm ár í senn.

Upphaf gildistímans er frá innlagningardegi umsóknar hér á landi. Umsóknir, sem eru lagðar inn með forgangsrétti í samræmi við 6. gr. frumvarpsins, hafa því lengri verndartíma sem forgangsréttartímanum nemur. Ef innlagningardagur hefur verið færður til skv. 14. gr. frumvarpsins reiknast gildistíminn frá þeim degi. Ef árgjald er ekki greitt fyrir hvert gjaldár fellur einkaleyfið úr gildi. Gjaldár er skilgreint í 5. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Þessi breyting gefur einkaleyfishöfum tilefni til að taka reglulega til athugunar hvort rétt sé að viðhalda einkaleyfi. Þannig er spornað við því að óvirkum einkaleyfum sé haldið í gildi að ástæðulausu. Ekki er hægt að framlengja gildistíma einkaleyfis.

Um árgjald af umsóknum er fjallað í 5. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Ef árgjald vegna umsóknar er ekki greitt verður umsókn afskrifuð, sbr. 15. gr. frumvarpsins. Árgjöld fyrir umsóknir gjaldfalla ekki fyrr en í upphafi þriðja gjaldárs, sbr. 1. mgr. 41. gr. frumvarpsins. Því getur komið fyrir að einkaleyfi verði veitt áður en árgjöld fyrir umsóknina gjaldfalla. Í 3. málsl. er því, að norskri fyrirmynd, lagt til að í þeim tilfellum gjaldfalli viðkomandi árgjöld um leið og fyrsta árgjald af veittu einkaleyfi.

V. kafli.
Um 41. gr.

Hér er að finna öll ákvæði frumvarpsins um gjalddaga árgjalda. Samsvarandi ákvæði eru ekki í núgildandi lögum.

Meginreglan um gjalddaga árgjalda kemur fram í 1. málsl. 1. mgr. Þar segir að árgjald falli í gjalddaga síðasta dag fyrsta almanaksmánaðar í gjaldári. Gjaldár er skilgreint í 5. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Það verður því eingöngu um að ræða 12 gjalddaga á ári, þ.e. síðasta dag hvers mánaðar, fyrir árgjöld allra umsókna og veittra einkaleyfa. Þetta fyrirkomulag hefur í för með sér mikið hagræði fyrir alla aðila. Í 2. málsl. 1. mgr. er að finna fyrstu undantekninguna frá meginreglunni. Þar er lagt til að árgjald fyrir fyrstu tvö árin gjaldfalli ekki fyrr en um leið og árgjald fyrir þriðja gjaldár. Umsækjandi hefur því tvö ár til að taka afstöðu til hvort ástæða sé til að viðhalda umsókninni. Þá ættu yfirleitt að liggja fyrir fyrstu niðurstöður rannsóknar á umsókninni. Ekki er unnt að greiða árgjald fyrr en þremur mánuðum áður en það gjaldfellur, sbr. 3. málsl. 1. mgr. Upphæð árgjalds fer eftir gjaldskrá á gjalddaga en ekki á greiðsludegi.

Í 4. málsl. 1. mgr. er sérregla að norskri fyrirmynd um gjalddaga árgjalda vegna umsóknar sem hefur verið hafnað en umsækjandi skotið þeim úrskurði til dómstóla. Ef árgjöld eru ekki greidd af umsókn verður hún afskrifuð, sbr. 5. mgr. 8. gr. og 15. gr. frumvarpsins. Þetta gildir þótt einkaleyfayfirvöld hafi hafnað umsókninni og umsækjandi áfrýjað þeim úrskurði til áfrýjunarnefndar. Ef áfrýjunarnefnd staðfestir úrskurð einkaleyfayfirvalda hefur umsækjandi möguleika á að bera þá niðurstöðu undir dómstóla, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 64. gr. frumvarpsins. Það þykir ósanngjarnt að greiðsla árgjalda verði skilyrði fyrir því að hægt sé að sækja málið fyrir dómstólum. Því er lagt til að ef dómstólar hnekkja úrskurði áfrýjunarnefndar um að hafna umsókninni skuli árgjöld, vegna gjaldára sem hefjast frá því að áfrýjunarnefndin kvað upp sinn úrskurð til þess dags sem dómurinn öðlast réttargildi, ekki gjaldfalla fyrr en tveimur mánuðum eftir síðastnefnda daginn. Ef dómstólar staðfesta hins vegar úrskurð áfrýjunarnefndar þarf umsækjandi ekki að greiða nein árgjöld fyrir það tímabil.

Umsókn, sem verður til við sundurgreiningu eða hlutun, telst, að vissum skilyrðum uppfylltum, hafa verið lögð inn mun fyrr en beiðnin um hlutun eða sundurgreiningu frá upphaflegri umsókn, sbr. 11. gr. frumvarpsins. Hér getur jafnvel munað nokkrum árum og því varðað töluverða upphæð. Því er til hagræðis fyrir umsækjanda lagt til í 1. málsl. 2. mgr. að árgjöld, fyrir gjaldár sem hefjast áður en beiðni um sundurgreiningu eða hlutun er lögð inn eða innan tveggja mánaða frá þeim degi, gjaldfalli ekki fyrr en tveimur mánuðum eftir þann dag. Þessi tveggja mánaða frestur reiknast frá þeim degi sem beiðnin var lögð inn og verður ekki

framlengdur til síðasta dags viðkomandi mánaðar eins og meginreglan er skv. 1. málsl. 1. mgr. Gjalddagar seinni árgjalda verða síðan framvegis í samræmi við meginregluna.

Þá er í 2. málsl. 2. mgr. sérregla um gjalddaga árgjalda af alþjóðlegum umsóknum. Hugsanlegt er að alþjóðleg umsókn verði ekki yfirfærð til Íslands fyrr en rúmlega tveimur árum eftir alþjóðlegan innlagningardag, t.d. í því tilviki að fram fari alþjóðleg forathugun á einkaleyfishæfi hennar, sbr. 2. mgr. 31. gr. frumvarpsins. Þá telst ekki sanngjarnt að umsækjandi greiði árgjöld af umsókninni fyrr en hún hefur verið yfirfærð í samræmi við reglur III. kafla frumvarpsins. Því er lagt til að árgjöld fyrir alþjóðlegar umsóknir gjaldfalli ekki fyrr en tveimur mánuðum eftir að viðkomandi umsókn hefur verið yfirfærð í samræmi við 31. gr. frumvarpsins eða tekin til meðferðar skv. 38. gr. frumvarpsins. Tveggja mánaða fresturinn reiknast frá þeim degi og verður ekki framlengdur til síðasta dags almanksmánaðar, sbr. umfjöllun hér að framan.

3. mgr. er í samræmi við ákvæði Parísarsáttmálans, gr. 5 a. Umræddur sex mánaða frestur á jafnt við um árgjöld af einkaleyfum og árgjöld af umsóknum.

Um 42. gr.

Í greininni er lagt til að hægt sé að veita efnalitlum umsækjendum eða einkaleyfishöfum gjaldfrest á greiðslu árgjalda skv. 41. gr. Greinin tekur bæði til árgjalda af umsóknum og einkaleyfum. Veita má greiðslufrest til þriggja ára. Hægt er að fá frestinn framlengdan en þó aldrei lengur en í þrjú ár frá veitingu einkaleyfis. Skilyrði þess að greiðslufrestur verði veittur er: Í fyrsta lagi að uppfinningamaður sjálfur sé umsækjandi eða einkaleyfishafi. Í öðru lagi að það teljist verulegum erfiðleikum bundið fyrir viðkomandi að greiða árgjöld. Við mat á greiðsluerfiðleikum yrðu líklega lagðar til grundvallar upplýsingar á síðasta skattframtali viðkomandi, sbr. umfjöllun við 20. gr. frumvarpsins. Í þriðja lagi þarf beiðni um greiðslufrest að berast í síðasta lagi þann dag sem árgjöldin falla í fyrsta sinn í gjalddaga eða, ef um framlengingu á greiðslufresti er að ræða, þann dag sem upphaflegur frestur rennur út. Bent skal á það að sé umsókn hafnað á meðan umsækjandi hefur greiðslufrest er ekki hægt að skylda hann til að greiða árgjöldin. Hægt er að áfrýja úrskurði einkaleyfayfirvalda um að hafna beiðni um greiðslufrest, sbr. 67. gr. frumvarpsins.

Um VI. kafla.

Einkaleyfishafi getur haft fjárhagslegan ávinning af einkaleyfi sínu á ýmsan hátt. Hann getur sjálfur hagnýtt uppfinninguna og komið í veg fyrir samkeppni með einkaleyfinu. Hann getur selt öðrum einkaleyfið. Einnig getur hann leyft öðrum að nota uppfinninguna gegn ákveðnu gjaldi, þ.e. veitt öðrum nytjaleyfi.

Í frumvarpi þessu eru ekki neinar reglur um hvernig staðið skuli að framsali einkaleyfis. Um það gilda því almennar reglur fjármunaréttarins eftir því sem við getur átt hverju sinni. Ekki eru heldur neinar reglur um hvernig staðið skuli að nytjaleyfissamningum utan þess sem mælt er fyrir um í 43. og 44. gr. frumvarpsins. Ástæðan er sú að oft er um svo ólík tilvik að ræða að gera verður nytjaleyfissamning með hliðsjón af hagsmunum aðila hverju sinni. Því þykir ekki fært að setja reglur þar að lútandi í einkaleyfalög sem tryggðu réttarstöðu aðila betur. Um réttarsamband einkaleyfishafa og nytjaleyfishafa verður því að fara eftir samningum þeirra á milli, sbr. þó ákvæði 43. gr. frumvarpsins.

Í þessum kafla frumvarpsins eru hins vegar nákvæmar reglur um hvernig nauðungarleyfi verða veitt. Andstætt því sem við á um nytjaleyfi eru nauðungarleyfi heimild öðrum til handa til að hagnýta einkaleyfi án samþykkis einkaleyfishafa. Nauðungarleyfi verða ekki veitt nema samkvæmt lagaheimild og þau eru því í eðli sínu lögfest takmörkun á einkarétti einkaleyfishafa. Um nauðungarleyfi er fjallað í 45.–50. gr. frumvarpsins.

Um 43. gr.

Fallið var frá því að setja efnisreglur um nytjaleyfissamninga í frumvarp þetta. Hér er þó gerð undantekning. Flestir nytjaleyfissamningar eru byggðir á sérstöku trúnaðarsambandi aðila og oft er gert ráð fyrir að einkaleyfishafi geti fylgst með hvort nytjaleyfishafi noti leyfið á umsaminn hátt. Því er hér lagt til að nytjaleyfishafi, ef ekki er um annað samið, hafi ekki rétt til að framselja rétt sinn til annarra. Af ákvæðinu leiðir einnig að nytjaleyfishafi getur ekki veitt öðrum „undirleyfi" að því marki sem slíkt felur í sér framsal leyfisins að hluta. Einnig kemur ákvæðið í veg fyrir að aðilaskipti geti orðið að nytjaleyfi með öðrum hætti en framsali. Þannig verður t.d. ekki gert fjárnám í nytjaleyfi og það yrði ekki meðal verðmæta sem dregin yrðu undir skipti við gjaldþrot leyfishafa.

Um 44. gr.

Í greininni er fjallað um hvaða upplýsingar megi skrá í einkaleyfaskrá og hver áhrif slík skráning hefur. Í núgildandi lögum er á þessu atriði tekið í 3. mgr. 18. gr. en ekki jafnítarlega og hér er lagt til.

Aðilaskipti geta orðið við framsal, erfðir, skipti bús eða fullnustuaðgerðir skuldheimtumanna. Öll aðilaskipti að einkaleyfi má skrá í einkaleyfaskrá. Sömuleiðis má skrá öll nytjaleyfi sem veitt eru. Það er ekki skylda að skrá þessi atriði í einkaleyfaskrá og skráningu fylgja engin efnisleg réttaráhrif. Hvor aðili réttarsambandsins sem er getur farið fram á skráningu. Í reglugerð yrði nánar kveðið á um hvernig beiðni um skráningu í einkaleyfaskrá skuli úr garði gerð.

Samþykki nytjaleyfishafa telst yfirleitt nægileg sönnun fyrir að nytjaleyfi sé fallið niður þannig að það verði afmáð úr einkaleyfaskrá, sbr. 2. mgr. Liggi samþykki ekki fyrir verður að færa sönnur fyrir því með öðrum hætti, t.d með dómsniðurstöðu.

Í 4. mgr. 4. gr. er lagt til að ávallt megi beina málssókn, t.d. vegna kröfu um nauðungarleyfi, sbr. 50. gr. frumvarpsins, eða til ógildingar á einkaleyfi, sbr. 61. og 63. gr. frumvarpsins, að þeim sem er skráður einkaleyfishafi í einkaleyfaskrá. Skráður einkaleyfishafi getur því ekki andmælt slíkri málshöfðun með vísun til þess að hann hafi framselt einkaleyfið öðrum. Hins vegar verður ekki gagnályktað frá þessari reglu. Aðili, sem sætir málssókn af hendi skráðs einkaleyfishafa vegna ætlaðs brots á einkaleyfisrétti, getur borið fram þau mótmæli að skráður einkaleyfishafi sé ekki réttur sóknaraðili vegna þess að hann hafi t.d. framselt einkaleyfi sitt. Réttur sóknaraðili í slíkum málum er sá sem er raunverulegur einkaleyfishafi hvort sem hann er skráður í einkaleyfaskrá eða ekki.

Um 45.–48. gr.

Í þessum greinum er að finna tillögur um í hvaða tilvikum eigi að vera hægt að veita nauðungarleyfi. Þær eru sniðnar að norrænum reglum um sama efni. Um er að ræða fleiri tilvik en heimil eru skv. 8. gr. núgildandi laga. Hér er lagt til að hægt sé að veita nauðungarleyfi í eftirfarandi tilvikum:

1. Ef uppfinning hefur ekki verið notuð á eðlilegan hátt, sbr. 45. gr.
2. Ef ekki er unnt að nota einkaleyfi án þess að fara inn á svið annars einkaleyfis, sbr. 1. mgr. 46. gr.
3. Ef nauðungarleyfi hefur verið veitt skv. 1. mgr. 46. gr., sbr. 2. mgr. 46. gr.
4. Ef um ríka almannahagsmuni er að ræða, sbr. 47. gr.
5. Ef um fornotkunarrétt er að ræða, sbr. 48. gr.

Hér á landi hefur aldrei reynt á núgildandi ákvæði. Einnig hefur mjög sjaldan reynt á ákvæði um nauðungarleyfi hjá frændþjóðum okkar. Þrátt fyrir það eru reglur um nauðungarleyfi mjög þýðingarmiklar sem varnagli við misnotkun á einkarétti þeim sem einkaleyfi veitir.

Um 45. gr.

Frá upphafi einkaleyfisréttarins hefur notkun einkaleyfisverndaðrar uppfinningar verið skilyrði til að viðhalda einkarétti. Rök fyrir því eru aðallega þau að einkaleyfi eru veitt til þess örva tækniframfarir og iðnþróun. Til að ná þessum markmiðum var talið nauðsynlegt að skylda einkaleyfishafa til að nota uppfinningu sína í viðkomandi landi. Einkaleyfi féllu þannig úr gildi væru þau ekki notuð. Með auknum alþjóðasamskiptum hafa viðhorf breyst og notkun einkaleyfa í hverju landi vegur ekki eins þungt á metum og áður, a.m.k. ekki hjá iðnríkjum. Þrátt fyrir það þykir enn ástæða til að hafa reglur til að koma í veg fyrir að menn öðlist einkaleyfi eingöngu til að útiloka aðra frá að nota uppfinningu. Flest iðnríki hafa því reglur um að einkaleyfi skuli notuð innan landamæra viðkomandi ríkis, en í stað þess að einkaleyfi, sem ekki er notað, falli úr gildi eru sett ákvæði um að hægt sé að veita nauðungarleyfi.

Í samræmi við þessi sjónarmið er í 1. mgr. lagt til að hægt sé að veita nauðungarleyfi ef einkaleyfð uppfinning hefur ekki verið notuð með eðlilegum hætti hér á landi innan ákveðins tíma. Með notkun uppfinningar í þessu samhengi er átt við framleiðslu þess sem verndað er eða notkun verndaðrar aðferðar í framleiðslu. Skilyrðið um notkun er því ekki uppfyllt með því að flytja inn vörur erlendis frá. Hér á því ekki við sama skilgreining og á orðinu „hagnýting" einkaleyfis, sbr. t.d. 3. gr. frumvarpsins. Ekki er nánar kveðið á um það í frumvarpi þessu hvað telst vera eðlileg notkun uppfinningar. Hér skal þó tekið fram að það telst eðlileg notkun ef uppfinning er notuð á grundvelli nytjaleyfis. Að öðru leyti verða dómstólar að skera úr um hvað teljist eðlileg notkun, sbr. 50. gr. frumvarpsins.

Nauðungarleyfi verður veitt þeim sem ætlar að nota uppfinningu hér á landi. Á sama hátt og að ofan greinir merkir notkun hér framleiðslu. Nauðungarleyfi verður því ekki veitt ef ætlunin er eingöngu að flytja viðkomandi vöru inn og selja hana síðan.

Ef gildar ástæður eru fyrir því að einkaleyfi hafi ekki verið notað verður nauðungarleyfi ekki veitt, sbr. 1. mgr. i.f. Ekki er nánar skilgreint hvað gildar ástæður séu í þessu samhengi. Ætla má að slíkar ástæður teljist vera fyrir hendi ef t.d. notkun uppfinningar er bönnuð með lögum eða ekki er hægt að útvega nauðsynleg hráefni. Hins vegar er ólíklegt að það yrði talin gild ástæða að einkaleyfishafi telji framleiðslu ekki arðbæra. Þetta mat á þó alfarið undir dómstóla, sbr. 50. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 2. mgr. var upphaflega sett í norræn lög vegna fyrirhugaðs samstarfs um norrænar einkaleyfisumsóknir sem ekki varð af. Hins vegar getur það haft þýðingu í framtíðinni í tengslum við samstarf tiltekinna ríkjaheilda eða markaðssvæða.

Um 46. gr.

Hér er lagt til að hægt sé að veita nauðungarleyfi ef ekki er unnt að hagnýta einkaleyfisverndaða uppfinningu án þess að fara inn á svið annars einkaleyfis. Samsvarandi ákvæði er í 3. mgr. 8. gr. núgildandi laga. Frumvarpið felur hins vegar í sér rýmkun skilyrða fyrir veitingu nauðungarleyfa í slíkum tilvikum.

Frumskilyrði fyrir því að bera upp beiðni um að nauðungarleyfi skv. 1. mgr. verði veitt er að ekki sé hægt að hagnýta uppfinningu þá sem beiðnin byggist á án þess að brjóta á einkarétti annars einkaleyfishafa. Sá sem sækir um að fá nauðungarleyfið verður sjálfur að hafa fengið einkaleyfi hér á landi fyrir uppfinningu þeirri sem beiðnin byggist á. Þannig liggur fyrir sönnun að um sjálfstæða uppfinningu sé að ræða gagnvart þeirri sem sótt er um að fá nauðungarleyfi til að hagnýta. Einnig gefur einkaleyfið vissa tryggingu fyrir því að sá sem sækir um nauðungarleyfið er rétthafi þeirrar uppfinningar sem beiðnin byggist á.

Nauðungarleyfi skv. 1. mgr. verður ekki veitt nema það teljist sanngjarnt vegna mikilvægis uppfinningarinnar sem beiðnin byggist á eða af öðrum sérstökum ástæðum. Líklegt er að uppfinning, sem felur í sér verulega tæknilega framför frá þeirri sem sótt er um að fá að hagnýta með nauðungarleyfi, teljist mikilvæg í þessu samhengi. Þjóðhagslegt mikilvægi

uppfinningar sem beiðni byggist á skiptir einnig máli; því mikilvægari sem hún er þeim mun líklegra er að nauðungarleyfi til hagnýtingar á hinni verði veitt. Þetta á t.d. við uppfinningar sem varða neysluefni og lyf. Ef um samkeppni er að ræða milli viðkomandi einkaleyfishafa þarf sterkari rök fyrir því að nauðungarleyfi verði veitt. Aðrar sérstakar ástæður, sem mælt gætu með veitingu nauðungarleyfis, geta verið þær að uppfinning, sem beiðni um nauðungarleyfi byggist á, sé á allt öðru sviði en sú sem beiðandi vill fá að hagnýta og því verði ekki um að ræða samkeppni á milli aðila.

Í 2. mgr. er fjallað um rétt einkaleyfishafa sem þarf að sæta því að nauðungarleyfi skv. 1. mgr. verði gefið út til hagnýtingar á einkaleyfisverndaðri uppfinningu hans. Hann á þá gagnkvæman rétt til að fá nauðungarleyfi fyrir hagnýtingu á hinni uppfinningunni nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Slíkar sérstakar ástæður gætu t.d. verið að svo mikið ósamræmi væri á mikilvægi uppfinninganna að ósanngjarnt þætti að veita nauðungarleyfi á gagnkvæmnisgrundvelli. Nauðungarleyfi, sem yrði veitt skv. 2. mgr., telst alveg sjálfstætt eftir veitingu. Gildistími þess væri t.d. ekki háður gildistíma upphaflegs nauðungarleyfis skv. 1. mgr.

Verði nauðungarleyfi veitt skv. 1. eða 2. mgr. heimilar það þó eingöngu hagnýtingu að því marki sem nauðsynlegt er til að hagnýta uppfinningu þá sem beiðnin byggist á. Nauðungarleyfið veitir því ekki sjálfstæðan rétt til að hagnýta viðkomandi einkaleyfða uppfinningu að öðru leyti.

Um 47. gr.

Hér er lagt til að heimilað verði að veita nauðungarleyfi ef það telst nauðsynlegt vegna ríkra almannahagsmuna. Ekki er samsvarandi heimild í núgildandi lögum. Hins vegar er almenn eignarnámsheimild fyrir hið opinbera í 1. mgr. 8. gr. núgildandi laga, sbr. nú 70. gr. frumvarpsins og athugasemdir við hana.

Þessi heimild til nauðungarleyfis ber þó svip af eignarnámi og því þarf að beita henni af mikilli gát. Af sömu ástæðu þarf að tryggja að fullt endurgjald komi fyrir slík nauðungarleyfi, annars gæti verið hætta á að þau yrðu misnotuð þegar í raun ætti að beita eignarnámi. Nauðungarleyfi samkvæmt þessu ákvæði yrði aðeins veitt ef það teldist nauðsynlegt vegna ríkra almannahagsmuna. Hér er átt við opinbera hagsmuni, t.d. öryggi ríkisins, nauðsynlegt framboð á lyfjum og neysluefnum, orkuframboð og samgöngur. Til að tryggja nauðsynlegt framboð væri í undantekningartilvikum hægt að veita nauðungarleyfi til innflutnings. Einkahagsmunir aðila, þó miklir væru, koma ekki til álita sem grundvöllur fyrir nauðungarleyfi samkvæmt þessari grein.

Um 48. gr.

Þessi grein er byggð á sömu rökum og 4. gr. frumvarpsins um fornotkunarrétt. Hér er hins vegar tekið mið af hagnýtingu sem hefst eftir að annar hefur lagt inn umsókn um einkaleyfi en áður en sú umsókn verður almenningi aðgengileg. Í slíkum tilvikum kemur forgangsréttur umsækjanda í veg fyrir að sá sem hagnýtir uppfinninguna á þeim tíma öðlist rétt til áframhaldandi hagnýtingar. Hér er þó lagt til að mæli mjög sérstakar ástæður með því megi veita þeim aðila, sem hefur hagnýtt uppfinningu á umræddu tímabili eða hefur gert verulegar ráðstafanir til slíks, nauðungarleyfi til áframhaldandi hagnýtingar.

Þær ástæður, sem kæmu helst til greina, eru ef lagt hefur verið í mikinn kostnað vegna framleiðslu eða annarrar hagnýtingar viðkomandi uppfinningar. Það getur verið þjóðhagslega mjög óhagkvæmt ef öll sú vinna og fjármagn fer til spillis með því að viðkomandi væri bönnuð áframhaldandi hagnýting. Sú áframhaldandi hagnýting, sem heimiluð yrði með nauðungarleyfi, yrði að vera innan sömu marka og fyrri hagnýting. Viðkomandi gæti t.d. ekki aukið umsvif sín seinna meir á grundvelli nauðungarleyfisins. Þetta þurfa dómstólar, sbr. 50.

gr. frumvarpsins, að hafa í huga við mat á umfangi nauðungarleyfis samkvæmt þessari heimild.

Hafa ber í huga að efni greinarinnar er þröngt undantekningarákvæði sem beita skal með varúð. Mjög ströng skilyrði eru sett um grandleysi þess aðila sem byggir beiðni um nauðungarleyfi á fornotkun eftir að umsókn er lögð inn. Ákvæðið er mun þrengra en ákvæði 4. gr. frumvarpsins auk þess sem sá aðili, sem fær nauðungarleyfi samkvæmt þessu ákvæði, þarf að sjálfsögðu að greiða einkaleyfishafa hæfilegt endurgjald fyrir leyfið.

Hægt er að höfða mál um rétt til nauðungarleyfis samkvæmt þessari grein um leið og umsókn verður almenningi aðgengileg. Dómur getur hins vegar ekki gengið fyrr en einkaleyfið hefur verið veitt. Í 2. mgr. er að finna undantekningu frá þeirri aðalreglu að nauðungarleyfi verði ekki afturvirkt. Ef nauðungarleyfi er veitt samkvæmt þessari grein frumvarpsins getur það náð til tímans áður en einkaleyfið var veitt. Ef þessi heimild væri ekki fyrir hendi gæti einkaleyfishafi farið í mál við leyfishafa vegna hagnýtingar hans áður en nauðungarleyfi hefði verið veitt.

Um 49. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um almenn skilyrði sem hver sá, sem óskar eftir að fá útgefið nauðungarleyfi sér til handa skv. 45.–48. gr. frumvarpsins, þarf að uppfylla. Leyfisbeiðandi þarf að vera tæknilega og fjárhagslega í stakk búinn til að hagnýta uppfinninguna í eigin atvinnurekstri. Hann þarf einnig að geta tryggt sömu gæði í framleiðslu og einkaleyfishafi svo að ekki sé hætta á að viðskiptavild einkaleyfishafa skerðist vegna framboðs á lélegum vörum framleiddum samkvæmt nauðungarleyfi. Það er hins vegar ekki skilyrði að sá sem beiðist nauðungarleyfis hafi áður reynt að fá nytjaleyfi hjá einkaleyfishafa.

Í 2. mgr. er tekið fram að nauðungarleyfi komi ekki í veg fyrir hagnýtingu einkaleyfishafa á uppfinningu sinni eða að hann geti veitt öðrum nytjaleyfi til hagnýtingar á henni. Þetta ákvæði er byggt á Parísarsáttmálanum, 5. gr. A 4, eins og henni var breytt 1958 með Lissabongerð sáttmálans. Ísland hefur ekki fullgilt þá gerð sáttmálans en áformað er að það verði gert. Því þykir eðlilegt, einnig með hliðsjón af samræmingu við önnur norræn einkaleyfalög, að sama ákvæði verði í lögum hér á landi. Þessi regla á við öll nauðungarleyfi án tillits til þess af hvaða tilefni þau eru veitt. Í 2. málsl. 2. mgr. er samsvarandi ákvæði og í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins um að aðilaskipti séu ekki heimil að nauðungarleyfinu einu sér. Ef einhver, sem öðlast rétt til nauðungarleyfis, t.d. vegna arfs eða framsals, uppfyllir ekki almenn skilyrði 1. mgr., getur einkaleyfishafi höfðað mál til niðurfellingar þess skv. 2. málsl. 50. gr. frumvarpsins.

Um 50. gr.

Hér er lagt til að ákvörðun um veitingu nauðungarleyfis og afmörkun á skilmálum um hagnýtingu uppfinninga samkvæmt nauðungarleyfum skuli heyra undir bæjarþing Reykjavíkur. Samkvæmt 4. mgr. 8. gr. núgildandi laga heyrir þessi ákvörðun undir iðnaðarráðuneytið með málskotsrétti til dómstóla. Nauðungarleyfi eru takmörkun á einkarétti einkaleyfishafa. Í frumvarpi þessu er lagt til að heimildir til að beita þessari takmörkun verði rýmkaðar. Með hliðsjón af því þykir rétt að leggja ákvörðunarvaldið í hendur dómstóla til að tryggja sem best hagsmuni einkaleyfishafa. Einnig þykir rétt að tilgreina einn sérstakan dómstól til að fjalla um þessi mál til að stuðla að því að sérþekking á þessu sviði byggist upp hjá viðkomandi dómstól. Niðurstöðum bæjarþings Reykjavíkur í málum sem varða nauðungarleyfi verður áfrýjað til Hæstaréttar.

Nauðsynlegt er að afmarka skýrt og ótvírætt umfang hagnýtingarréttar samkvæmt nauðungarleyfi. Meginsjónarmiðið er að hagnýtingarrétturinn má ekki vera rýmri en aðstæður þær sem heimila veitingu nauðungarleyfis, sbr. 45.–48. gr. frumvarpsins, gefa tilefni

til. Einnig þarf að afmarka hvaða not uppfinningar séu heimil og í hvaða mæli. Þannig má t.d. nauðungarleyfi, sem veitt er vegna þess að uppfinning hefur ekki verið notuð hér á landi á eðlilegan hátt, sbr. 45. gr. frumvarpsins, ekki ná til innflutnings, sbr. athugasemdir við þá grein. Á sama hátt nær hagnýting uppfinningar samkvæmt nauðungarleyfi, sem veitt er á grundvelli 1. mgr. 46. gr. frumvarpsins, eingöngu til hagnýtingar sem nauðsynleg er til hagnýtingar hinnar uppfinningarinnar. Heimilt er að takmarka gildistíma nauðungarleyfis. Sé það ekki gert gildir nauðungarleyfið til loka gildistíma viðkomandi einkaleyfis. Á sama hátt og á við um einkaleyfi hafa nauðungarleyfi, sem veitt eru hér á landi, eingöngu gildi hérlendis.

Ávallt ber að ákveða endurgjald til einkaleyfishafa við útgáfu nauðungarleyfis. Endurgjald getur verið leyst af hendi með einni greiðslu, en tíðast er að það sé ákvarðað sem gjald í ákveðnu hlutfalli við framleiðslu eða sölu. Meginreglan er sú að endurgjald skuli að fullu bæta einkaleyfishafa allt fjárhagslegt tjón sem hagnýting annars á grundvelli nauðungarleyfis veldur honum. Í vissum tilvikum getur sú regla sætt takmörkunum. Sem dæmi má nefna að hafi einkaleyfishafi misnotað einkarétt sinn með því að halda uppi óeðlilega háu vöruverði á nauðsynjavöru getur verið tilefni til að veita nauðungarleyfi á grundvelli 47. gr. frumvarpsins. Í því tilviki væri óeðlilegt að veita fullar bætur þar sem það gerði að engu möguleika nauðungarleyfishafa til að framleiða ódýrari vörur. Einnig getur verið erfitt að ákvarða nákvæmlega hvað séu fullar bætur. Umfang tjóns vegna hagnýtingar annarra á grundvelli nauðungarleyfis hlýtur jafnan að vera mikilli óvissu háð og ákvörðun endurgjaldsins byggist því á mati hverju sinni. Við það mat verður að taka tillit til allra þeirra ástæðna sem leiða til útgáfu leyfisins. Önnur atriði, sem huga þarf að við veitingu nauðungarleyfis, eru t.d. hvernig eftirliti með gæðum framleiðslu og tryggingu fyrir greiðslum skuli hagað.

Ákvæði 2. málsl. um endurskoðun nauðungarleyfis verður einungis beitt í undantekningartilvikum. Aðstæður verða að hafa breyst verulega og valda því að eldri skilyrði séu orðin ósanngjörn. Annars gæti það skert um of möguleika nauðungarleyfishafa á að hagnýta nauðungarleyfið.

Um VII. kafla.

Um 51. gr.

Hér er fjallað um afleiðingar þess ef árgjald fyrir veitt einkaleyfi er ekki greitt. Í 15. gr. frumvarpsins er hins vegar kveðið á um afleiðingar þess að árgjald fyrir umsóknir er ekki greitt. Samkvæmt 25. gr. núgildandi laga skal skipað fyrir um greiðslu einkaleyfisgjalda í reglugerð. Í 8. gr. rg. nr. 59/1966 um umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa er kveðið á um að ef gjald er ekki greitt innan ákveðins frests falli einkaleyfið úr gildi. Lagt er til að sama regla gildi samkvæmt frumvarpi þessu. Hins vegar þykir tryggara að kveða á um slíkt réttartap í lagatexta fremur en í reglugerð. Í 72. og 74. gr. frumvarpsins er fjallað um endurveitingu réttinda sem glatast hafa vegna þess að frestir hafa ekki verið virtir.

Um 52. gr.

Hér er kveðið á um hvenær hægt sé að ógilda einkaleyfi. Í núgildandi lögum er fjallað um ógildingu einkaleyfa í 1. mgr. 20. gr. Í frumvarpi þessu er lagt til að hægt verði að ógilda einkaleyfi af fleiri ástæðum en þar eru tilgreindar. Jafnframt eru settar fram skýrari reglur um hverjir hafi málshöfðunarrétt. Greinin er byggð á samsvarandi ákvæði í lögum annarra Norðurlandaþjóða sem aftur á móti eru byggð á ákvæðum Evrópueinkaleyfasáttmálans (EPC) og ákvæðum fyrirhugaðs sáttmála Efnahagsbandalagsins um einkaleyfi (CPC).

Einkaleyfi verður aðeins ógilt með dómi, sbr. 1. málsl. 1. mgr., og eingöngu á grundvelli þeirra ástæðna sem taldar eru upp í greininni. Hins vegar eru engin tímamörk á því hvenær höfða megi ógildingarmál nema í því tilviki sem um er fjallað í 4. mgr. Áhrif ógildingar eru þau að einkaleyfið fellur niður annaðhvort að hluta eða öllu leyti. Ef krafist er ógildingar á hluta af

einkaleyfi og fallist er á þá kröfu verða annaðhvort einstakar einkaleyfiskröfur afmáðar eða þær umorðaðar. Varlega verður þó að fara í að umorða kröfur þar sem ný framsetning á kröfum má að sjálfsögðu ekki fela í sér víðtækari vernd en fyrri kröfur.

Ekki er kveðið á um það í frumvarpi þessu frá hvaða tíma einkaleyfið telst fallið niður, þ.e. hvort einkaleyfið teljist aldrei hafa verið veitt (ex tunc) eða hvort það falli niður frá uppsögu dóms (ex nunc). Af 2. málsl. 61. gr. frumvarpsins er þó ljóst að refsi- eða skaðabótaákvæðum 57.–60. gr. frumvarpsins verður ekki beitt vegna brota á rétti þeim sem einkaleyfi veitir hafi það verið dæmt ógilt. Að því leyti jafngilda réttaráhrif ógildingar því að einkaleyfið hafi aldrei verið veitt. Dómstólar verða að öðru leyti að meta hvaða áhrif ógilding hefur á fyrra réttarsamband aðila hverju sinni með hliðsjón af aðstæðum, t.d. hvort það teljist sanngjarnt að nytjaleyfishafi fái endurgreidd nytjaleyfisgjöld sín eða ekki.

Ógildingarástæður eru tæmandi taldar í 1.–4. tölul. 1. mgr. Það er í almannaþágu að hægt sé að ógilda einkaleyfi sem ekki uppfylla skilyrði einkaleyfalaga. Hins vegar er einnig á það að líta að ógilding einkaleyfis getur haft mjög víðtækar fjárhagslegar afleiðingar fyrir einkaleyfishafa. Í trausti þess að einkaleyfi sé í fullu gildi er algengt að einkaleyfishafi leggi í mikinn kostnað við undirbúning og framleiðslu á grundvelli einkaleyfisins. Af þessum ástæðum er lagt til að ekki verði heimilt að ógilda einkaleyfi vegna annarra atriða en tiltekin eru í þessari grein.

Fyrsta ógildingarástæðan, sbr. 1. tölul., tekur til þess ef skilyrði 1. og. 2. gr. frumvarpsins um einkaleyfishæfi uppfinningar eru ekki uppfyllt eða ef einkaleyfi er veitt öðrum en þeim sem rétt hefur til þess. Dómstólum er heimilt að endurskoða ákvarðanir einkaleyfayfirvalda að öllu leyti í þessum efnum. Mjög mikilvægt er að dómstólar hafi slíka endurskoðunarheimild. Rannsókn á uppfinningu hér á landi er að mestu byggð á niðurstöðum rannsóknar erlendis. Ljóst er að erlendir rannsóknaraðilar hafa takmarkaða möguleika á að fylgjast með tækniþróun hér á landi. Þeim mun meiri hætta er á að veitt verði hér einkaleyfi fyrir einhverju sem var orðið þekkt hér á landi áður en viðkomandi umsókn var lögð inn. Þessi endurskoðunarheimild er því afar nauðsynleg hérlendis, einkum að því er varðar nýnæmi uppfinninga.

Önnur ógildingarástæðan, sbr. 2. tölul., varðar það tilvik þegar lýsing á uppfinningu er ekki nægilega skýr til þess að fagmaður geti á grundvelli hennar útfært uppfinninguna, sbr. 2. málsl. 2. mgr. og 6. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Ákvæðið nær bæði til þess að lýsing hafi ekki verið nógu skýr þegar einkaleyfið var veitt og einnig til þess að lýsingin verði talin ófullnægjandi eftir að það var veitt. Slíkt getur átt sér stað þegar varðveitt örverurækt verður óvirk.

Þriðja ógildingarástæðan, sbr. 3. tölul., tekur til þess ef einkaleyfi varðar eitthvað sem ekki kom fram í umsókn á innlagningardegi. Reglan, sem lögð er til grundvallar, er í samræmi við ákvæði í 13. gr. frumvarpsins. Ef einkaleyfi verður veitt fyrir einhverju sem ekki kom fram í umsókn á innlagningardegi, þrátt fyrir ákvæði 13. gr., má ógilda einkaleyfið að þeim hluta.

Fjórða ógildingarástæðan, sbr. 4. tölul., er sú ef einkaleyfi hefur verið gefið út þrátt fyrir það að verndarsvið þess hafi verið rýmkað eftir að umsókn var samþykkt til framlagningar skv. 21. gr. frumvarpsins. Í 19. gr. frumvarpsins er lagt bann við breytingum á umsókn eftir að hún er samþykkt til framlagningar þannig að umfang einkaleyfisverndar verði víðtækara. Þannig á að vera komið í veg fyrir að umsækjandi geti komið með einhverjar slíkar breytingar eftir að umsóknin er lögð fram. Hins vegar er möguleiki á því að slík rýmkun á verndarsviði einkaleyfis verði vegna mistaka einkaleyfayfirvalda, áfrýjunarnefndar eða dómstóla við umorðun krafna, t.d. í andmælamáli eða dómsmáli þar sem einkaleyfi er ógilt að hluta.

Samkvæmt 2. mgr. verður einkaleyfi ekki dæmt ógilt í heild sinni þó að í ljós komi að einkaleyfishafi eigi eingöngu rétt til einkaleyfisins að hluta. Slíkt getur gerst ef margir hafa unnið að uppfinningu og einkaleyfishafi hefur ekki fengið samþykki þeirra allra til að sækja um einkaleyfi. Ef ljóst er hver hefur unnið að hvaða hluta og hægt er að afmá einstakar kröfur

viðvíkjandi þeim hluta má ógilda einkaleyfið að þeim hluta. Yfirleitt eru aðstæður þó þær að ekki er hægt að sundurgreina uppfinningu í sjálfstæða hluta sem einstakir uppfinningamenn eiga tilkall til. Í þeim tilvikum þyrfti að ógilda einkaleyfi í heild sinni á sama hátt og á við um umsókn sem afskrifuð er í heild sinni ef í ljós kemur að samþykki allra uppfinningamanna liggur ekki fyrir. Þetta þykja þó of ströng viðurlög þegar einkaleyfi hefur verið veitt í ljósi þess að einkaleyfishafi á þó alltént rétt á einkaleyfinu að hluta. Meðuppfinningamenn verða því í slíkum tilvikum að sætta sig við að geta eingöngu krafist þess að þeim verði ákvarðaður réttur til einkaleyfisins að hluta, sbr. 53. gr. frumvarpsins.

Hver sem er getur höfðað mál til ógildingar samkvæmt þessari grein, sbr. 3. mgr., nema mál sé höfðað vegna þess að annar hefur öðlast einkaleyfi en sá sem skv. 1. gr. frumvarpsins á rétt til þess. Í því tilfelli getur eingöngu sá sem telur sig eiga rétt til einkaleyfisins höfðað mál, sbr. 4. mgr. Þessi undantekning frá því að allir geti höfðað mál til ógildingar einkaleyfi er rökstudd með því að almenningi ætti að standa á sama hver á einkaleyfið ef það er að öðru leyti gilt. Málshöfðun í ógildingarmálum skal beina að einkaleyfishafa, ekki einkaleyfayfirvöldum, sbr. 4. mgr. 44. gr. frumvarpsins. Þeim skal þó tilkynnt um málshöfðunina, sbr. 63. gr. frumvarpsins.

Í 4. mgr. er að finna sérreglur um þá ógildingarástæðu að annar hafi öðlast einkaleyfi en sá sem rétt á til þess skv. 1. gr. frumvarpsins. Fyrri sérreglan er að sá einn getur höfðað mál sem telur sig eiga rétt til einkaleyfisins, sbr. umfjöllun að framan. Önnur sérreglan er að sett eru tvenns konar tímamörk fyrir því hvenær höfða megi slík ógildingarmál. Þessi tímamörk eiga líka við ef þess er krafist að í stað ógildingar á einkaleyfi verði rétturinn til einkaleyfisins yfirfærður til þess sem telur sig eiga hann, sbr. 53. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi hefur sá sem telur sig eiga rétt til einkaleyfisins aðeins eins árs frest til að höfða slíkt ógildingarmál eftir að hann fær vitneskju um að einkaleyfið hafi verið veitt og önnur þau atvik sem málssóknin er reist á. Með „öðrum atvikum“ er hér átt við þær aðstæður sem lagðar eru til grundvallar rétti viðkomandi aðila. Þessi regla er réttlætt með því að tómlæti þess, sem telur sig eiga rétt til einkaleyfis um að hefjast ekki handa við málshöfðun innan eins árs, frá því að hann fékk ofangreinda vitneskju, geti valdið fjártjóni sem telja megi bæði ósanngjarnt og þjóðhagslega óhagkvæmt.

Í öðru lagi gilda sérstök tímamörk ef einkaleyfishafi var í góðri trú um rétt sinn. Þá verður ógildingarmál undir engum kringumstæðum höfðað eftir að þrjú ár eru liðin frá útgáfu einkaleyfisins. Annað væri ósanngjarnt gagnvart einkaleyfishafa sem í góðri trú fær veitt einkaleyfi eða í góðri trú kaupir eða öðlast rétt til einkaleyfis á annan hátt og hefur lagt í fjárfestingar til framleiðslu á grundvelli þess. Hér kemur einnig til að sá sem telur sig eiga rétt til einkaleyfis hefur líka sýnt af sér ákveðið tómlæti með því t.d. að sækja ekki sjálfur um einkaleyfi. Ef einkaleyfishafi er hins vegar ekki í góðri trú gildir þessi regla ekki.

Þó svo að ofangreindir málshöfðunarfrestir geti leitt til þess að sá sem á rétt til einkaleyfis geti ekki ógilt einkaleyfi eða fengið yfirfærðan rétt sinn til þess, sbr. 53. gr. frumvarpsins, þá hefur hann yfirleitt rétt til að hagnýta viðkomandi uppfinningu, annaðhvort á grundvelli fornotkunarréttar skv. 4. gr. frumvarpsins eða með því að fá nauðungarleyfi skv. 48. gr. frumvarpsins.

Um 53. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að sá sem á rétt til einkaleyfis, sem veitt hefur verið öðrum, geti með dómi fengið réttinn til einkaleyfisins yfirfærðan til sín. Samsvarandi regla er ekki í núgildandi lögum. Nauðsynlegt þykir að hafa þetta ákvæði til að tryggja hagsmuni rétthafa. Ef einhver hefur fengið veitt einkaleyfi sem annar á rétt til hindra nýnæmisreglur í 2. gr. frumvarpsins að sá síðarnefndi geti fengið einkaleyfi fyrir sömu uppfinningu þrátt fyrir það að hann hafi fengið fyrra einkaleyfið ógilt. Þó svo að rétthafi geti hagnýtt uppfinningu eftir að

einkaleyfi hefur verið ógilt hefur hann ekki sömu möguleika á fjárhagslegum ávinningi eins og einkaréttur samkvæmt einkaleyfi getur stuðlað að. Hins vegar eru af sömu ástæðum og raktar eru í athugasemdum við 4. mgr. 52. gr. frumvarpsins höfð sömu tímamörk fyrir rétthafa að ná þessum rétti sínum, sbr. 2. málsl. 1. mgr.

Réttur til einkaleyfis getur verið yfirfærður í heild eða að hluta, þó svo að það sé ekki tekið sérstaklega fram í greininni. Ekki er hægt að skipta veittu einkaleyfi í tvö eða fleiri sjálfstæð einkaleyfi. Því leiðir yfirfærsla á rétti til einkaleyfis að hluta til þess að viðkomandi aðilar verða sameigendur að einkaleyfinu. Slík sameign getur verið með tvennum hætti: Ef hægt er að sundurgreina einkaleyfið í sjálfstæða þætti fær hvor aðili fyrir sig einkarétt á þeim hluta einkaleyfisins sem honum ber. Ef slík sundurgreining er hins vegar ekki möguleg verður einkaleyfið í óskiptri sameign þeirra. Hvort sem um er að ræða skipta eða óskipta sameign á einkaleyfi verður í dómsúrskurði að ákveða eignarhlutdeild hvors aðila um sig þannig að hægt sé að ákveða hvernig skipta skuli t.d. greiðslu árgjalda. Ekki eru í frumvarpinu neinar reglur um hvernig fara skuli með sameign á einkaleyfi. Um það gilda því almennar reglur um sameign eftir því sem við á.

Ekki er kveðið á um hvaða réttaráhrif yfirfærsla á rétti til einkaleyfis hefur. Eftir að yfirfærslan hefur átt sér stað er aðstaðan nokkuð skýr. Sá sem fær réttinn til einkaleyfisins yfirfærðan öðlast þar með allan þann rétt sem einkaleyfinu fylgir. Um rétt þess sem áður var einkaleyfishafi eða skráður nytjaleyfishafi er kveðið á í 2. mgr. Hins vegar er óvíst hvernig fer með réttarsambönd sem til hefur verið stofnað áður en yfirfærslan átti sér stað. Almennt verður að líta svo á að þau séu ógild. Hins vegar er ekki hægt að byggja eingöngu á ógildissjónarmiðum því að einkaleyfið sjálft var gilt þótt rangur aðili hafi verið einkaleyfishafi. Því verður að meta kröfur um endurgreiðslu eða skaðabætur vegna yfirfærslu réttar til einkaleyfis með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni.

Ef sá sem þarf að sæta því að annar fái réttinn til einkaleyfis var í góðri trú um rétt sinn til einkaleyfisins hefur hann heimild til að hagnýta viðkomandi uppfinningu áfram á sama hátt og um fornotkunarrétt skv. 4. gr. frumvarpsins væri að ræða. Sömu takmörk um umfang og eðli hagnýtingar gilda og skv. 4. gr., sbr. athugasemdir við þá grein. Greiða þarf endurgjald fyrir hagnýtinguna eins og um nauðungarleyfi skv. 48. gr. frumvarpsins væri að ræða. Endurgjald og aðrir skilmálar skulu vera sanngjarnir miðað við allar aðstæður. Sama rétt hefur nytjaleyfishafi sem var í góðri trú. Aðilaskipti geta ekki orðið að þessum hagnýtingarrétti nema í tengslum við aðilaskipti að þeim atvinnurekstri þar sem hagnýtingin fór fram eða átti að fara fram.

Um 54. gr.

Hér er einkaleyfishafa veitt heimild til að falla frá einkaleyfi sínu. Slík heimild er ekki í núgildandi lögum. Einkaleyfishafi getur látið einkaleyfi sitt falla úr gildi með því að greiða ekki árgjöld, sbr. 51. gr. frumvarpsins. En honum getur líka verið nauðsyn á því að láta einkaleyfi sitt falla niður með yfirlýsingu, t.d. til að koma í veg fyrir málaferli um gildi þess.

Með einkaleyfishafa er átt við þann sem skráður er sem slíkur í einkaleyfaskrá, sbr. 44. gr. frumvarpsins. Yfirlýsing hans verður að vera skrifleg en aðrar formkröfur eru ekki gerðar. Eins og aðrar einhliða viljayfirlýsingar verður hún að vera skýr og ótvíræð. Séu fleiri en einn skráðir einkaleyfishafar leiðir það af almennum reglum um sameign að þeir verða allir að samþykkja slíka yfirlýsingu. Ekki er gert ráð fyrir því að skráðir nytjaleyfishafar þurfi að samþykkja yfirlýsingu um niðurfellingu á einkaleyfi. Slíkt þykir hefta um of umráðarétt einkaleyfishafa yfir einkaleyfi sínu. Gangi slík yfirlýsing á rétt nytjaleyfishafa getur hann átt skaðabótakröfu á einkaleyfishafa. Skráður einkaleyfishafi getur veitt öðrum sérstakt umboð til að gefa yfirlýsingu um niðurfall einkaleyfis. Almennt umboð, t.d. skv. 66. gr., er ekki nægjanlegt.

Hægt er að falla frá einkaleyfi í heild eða að hluta þó slíkt sé ekki tekið fram. Einkaleyfi telst ekki niður fallið fyrr en einkaleyfayfirvöld hafa gefið út tilkynningu þar að lútandi, sbr. 55. gr. frumvarpsins. Fram að útgáfu tilkynningar getur skráður einkaleyfishafi afturkallað yfirlýsingu sína. Niðurfelling einkaleyfis er endanleg og ekki er hægt að endurvekja það á sama hátt og ef einkaleyfi fellur úr gildi vegna vangoldinna árgjalda, sbr. 2. mgr. 72. gr. frumvarpsins. Niðurfelling einkaleyfis hefur eingöngu áhrif fram í tímann, þ.e. frá þeim tíma sem hún tekur gildi.

Sé skráður einkaleyfishafi ekki réttur einkaleyfishafi getur raunverulegur rétthafi misst rétt sinn því að ekki er hægt að veita niðurföllnu einkaleyfi gildi á ný. Hann verður því að láta sér nægja að fara í skaðabótamál við þann sem var skráður einkaleyfishafi nema hann geti komið að andmælum áður en einkaleyfayfirvöld gefa út tilkynningu um að einkaleyfið sé niður fallið. Í framhaldi af slíkum andmælum gæti rétthafi frestað niðurfellingu einkaleyfisins með því að höfða dómsmál til að fá réttinn til einkaleyfisins yfirfærðan til sín, sbr. 2. mgr. Frestun niðurfellingar skv. 2. mgr. tekur eftir orðanna hljóðan aðeins til dómsmála um yfirfærslu réttar til einkaleyfis skv. 53. gr. frumvarpsins. Telja verður þó heimilt að fresta niðurfellingu einkaleyfis ef höfðað hefur verið dómsmál til staðfestingar á rétti til einkaleyfis þrátt fyrir að sá réttur hafi orðið til eftir að einkaleyfi var veitt, t.d. vegna framsals.

Í norskum og sænskum einkaleyfalögum er í ákvæði samsvarandi 53. gr. frumvarpsins sérstaklega tekið fram að hafi verið gerð aðför í einkaleyfi fresti það niðurfellingu einkaleyfis þar til aðfarargerðinni hefur verið aflétt. Hér er hins vegar lagt til að fylgt verði fordæmi í dönskum einkaleyfalögum og aðför í einkaleyfi ekki látin valda frestun á niðurfellingu einkaleyfis. Telja má að hagsmunir aðfararhafa séu nægilega tryggðir með refsiákvæði í almennum hegningarlögum gegn þeim sem með spjöllum á eignum sínum kemur í veg fyrir að lánardrottnar hans geti fengið greiðslu af þeim, sbr. 258. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940, sbr. einnig 2. mgr. 45. gr. laga nr. 19/1887, um aðför.

Um 55. gr.

Hér er kveðið á um að einkaleyfayfirvöld skuli tilkynna þegar einkaleyfi er niður fallið hvort sem það er vegna ákvæða 51., 52. eða 54. gr. frumvarpsins. Einnig skulu þau tilkynna um yfirfærslu réttar til einkaleyfis skv. 53. gr. frumvarpsins.

Um VIII. kafla.

Um 56. gr.

Hvorki í núgildandi lögum né í frumvarpi þessu eru ákvæði sem skylda einkaleyfishafa til að upplýsa með einhverjum hætti að framleiðsla hans njóti einkaleyfisverndar. Það er andstætt ákvæði 5. gr. D Parísarsáttmálans að binda réttarvernd slíkri upplýsingaskyldu. Ákvæðið hindrar þó ekki að takmarka megi refsi- eða bótaábyrgð vegna brota ef einkaleyfishafi hefur ekki sinnt upplýsingaskyldu. Slíkt ákvæði er þó ekki í frumvarpi þessu né núgildandi lögum. Þótt ekki sé skylt að upplýsa að um einkaleyfisvernd sé að ræða er algengt að einkaleyfishafi eða umsækjandi geri það annaðhvort í auglýsingaskyni eða til að hindra að brotið sé á rétti hans. Ekki eru í frumvarpinu nein viðurlög ef um er að ræða rangar eða villandi upplýsingar í þessu sambandi. Slíkt fellur fremur undir löggjöf um óréttmæta viðskiptahætti, sbr. V. kafla laga nr. 56/1978. Hins vegar þykir rétt að hafa í einkaleyfalögum ákvæði sem stuðla að því að almenningur geti sannreynt hvort staðhæfingar um einkaleyfisvernd séu réttar. Hér er því lagt til að einkaleyfishafa eða umsækjanda sé skylt að veita upplýsingar um einkaleyfi sitt eða umsókn ef hann ber annaðhvort fyrir sig.

Í 1. mgr. er fjallað um þau tilvik þegar umsækjandi lýsir því yfir við ákveðinn hóp einstaklinga eða einstakling að hann hafi sótt um einkaleyfi fyrir tiltekinni uppfinningu. Hann gæti haft hag af því að benda ákveðnum aðilum á umsókn sína til þess að koma í veg fyrir að

þeir brjóti á rétti hans eða til þess að koma í veg fyrir að þeir ávinni sér rétt til hagnýtingar, t.d. á grundvelli nauðungarleyfis skv. 48. gr. frumvarpsins. Þeir sem slík yfirlýsing væri beint gegn hafa hins vegar hagsmuni af því að geta kynnt sér hvort hún hafi við rök að styðjast og hvert sé umfang einkaleyfisverndar ef umsóknin leiði til einkaleyfis. Samkvæmt 2. mgr. er umsækjanda almennt skylt að upplýsa um númer umsóknar. Enn fremur er í 1. mgr. tiltekið að þótt umsókn sé ekki orðin almenningi aðgengileg skv. 22. gr. frumvarpsins hafi sá sem yfirlýsingu er sérstaklega beint að rétt til að krefjast þess að fá aðgang að umsóknargögnum. Einnig á viðkomandi rétt á að fá afhent sýni af örverurækt ef slíkt sýni hefur verið lagt inn til varðveislu í samræmi við ákvæði 6. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Heimildin er þó háð þeim takmörkunum sem um getur í 2. og 3. málsl. 6. mgr. 22. gr. frumvarpsins ásamt 7. og 8. mgr. sömu greinar. Skyldan til að heimila aðgang að umsókn í umræddum tilvikum hvílir á umsækjanda. Ákvæðið heimilar ekki einkaleyfayfirvöldum að veita slíkan aðgang.

Í 2. mgr. er mun þrengra ákvæði um upplýsingaskyldu. Það á við ef einkaleyfishafi eða umsækjandi hefur almennt látið að því liggja að sótt hafi verið um einkaleyfi ellegar að einkaleyfi hafi verið veitt án þess að viðkomandi yfirlýsingu sé beint að ákveðnum einstaklingi eða hópi einstaklinga. Í 1. málsl. 2. mgr. er fjallað um það tilvik þegar númer umsóknar eða einkaleyfis hefur ekki komið fram í slíkri almennri yfirlýsingu. Þeim sem yfirlýsinguna gaf er skylt að veita upplýsingar um það atriði án ástæðulausrar tafar sé þess krafist. Þetta auðveldar aðilum, sem hagsmuna eiga að gæta, að afla sér upplýsinga um tilvist og efni umsóknar eða einkaleyfis. Hins vegar er hér ekki heimild til að krefjast þess að fá aðgang að umsóknum sem ekki eru orðnar almenningi aðgengilegar. Í 2. málsl. 2. mgr. er enn fremur tekið fram að sé eingöngu gefið í skyn að sótt hafi verið um einkaleyfi eða að það hafi verið veitt beri hlutaðeigandi skylda til að veita upplýsingar um það án ástæðulausrar tafar ef þess er krafist.

Ef einkaleyfishafi eða umsækjandi sinnir ekki upplýsingaskyldu sinni samkvæmt þessu ákvæði eiga við refsiákvæði 62. gr. frumvarpsins.

Um IX. kafla.

Í þessum kafla er kveðið á um afleiðingar brota á einkaleyfisrétti. Einnig er hér afmarkað frá hvaða tíma einkaleyfisvernd hefst, sbr. 60. gr. frumvarpsins. Auk þess eru hér reglur um málsmeðferð fyrir dómstólum. Í 3. gr. frumvarpsins er skilgreint hvað felst í einkarétti samkvæmt einkaleyfi. Í 39. gr. frumvarpsins er fjallað um hvernig umfang verndar er afmarkað. Hagnýting, sem er óheimil skv. 3. gr. frumvarpsins, er brot í hlutlægri merkingu. Það þýðir að um brot er að ræða, hvort sem sá sem það fremur vissi að athöfn hans væri brot á einkarétti samkvæmt einkaleyfi eða ekki. Huglæg afstaða þess sem brot fremur skiptir hins vegar máli við beitingu viðurlaga. Ekki er hægt að beita refsiábyrgð skv. 57. gr. frumvarpsins nema um ásetningsbrot sé að ræða. Skaðabætur þarf að greiða bæði vegna ásetningsbrota og einnig brota sem framin eru af gáleysi, sbr. 58. gr. frumvarpsins, og jafnvel vegna brota sem framin eru í góðri trú, sbr. 2. mgr. þeirrar greinar.

Um refsi- og skaðabótaábyrgð er fjallað í 21. og 22. gr. núgildandi laga. Með þeim breytingum, sem hér eru lagðar til, er stefnt að því að samræma ákvæði um þessi efni samsvarandi ákvæðum í einkaleyfalögum frændþjóða okkar. Í þeim tilvikum, sem ákvæði norrænna laga eru ekki samhljóða, hefur fordæmi danskra laga verið fylgt. Vert er að taka fram að sjaldan hefur reynt á refsiákvæði núgildandi einkaleyfalaga. Hið sama er að segja um refsiákvæði í einkaleyfalögum frændþjóða okkar. Þegar þær samræmdu einkaleyfalög sín á sjötta áratugnum var rætt um hvort afnema ætti refsiábyrgð. Það var ekki gert með þeim rökum að ásetningsbrot græfu undan réttarkerfi samfélagsins og því væri rétt að hafa refsiábyrgð samhliða skaðabótaábyrgð.

Skaðabætur og lögbann eru áhrifaríkustu aðgerðir sem einkaleyfishafi getur gripið til þegar brotið er á einkaleyfisrétti hans. Einkaleyfishafi getur einnig höfðað almennt bæjar-

þingsmál gegn þeim sem hann telur brjóta á rétti sínum og krafist þess að honum verði með dómi bannað það atferli sem einkaleyfishafi telur brot á rétti sínum. Lögbann er þó mun fljótvirkari aðgerð og leiðir til sömu niðurstöðu. Í frumvarpi þessu er ekki fjallað um rétt manna til að fara fram á lögbann vegna brota á einkaleyfisrétti. Lögbanni er þó ótvírætt hægt að beita í samræmi við almennar reglur um lögbann, sbr. III. kafla laga nr. 18/1949, um kyrrsetningu og lögbann. Það er hins vegar umdeilt í norrænum rétti hvort eingöngu sé hægt að krefjast lögbanns á grundvelli einkaleyfis eða hvort umsókn um einkaleyfi, a.m.k. eftir að hún hefur verið lögð fram, sbr. 60. gr. frumvarpsins, geti verið nægilegur grundvöllur fyrir slíkri beiðni.

Um 57. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um hvaða refsingum megi beita ef skertur er einkaréttur sá sem einkaleyfi veitir. Meginrefsingin fyrir einkaleyfisskerðingu er fésekt. Til viðbótar má beita varðhaldi ef sök er mikil, t.d. ef um síendurtekin brot er að ræða þrátt fyrir viðvaranir. Skilyrði refsiábyrgðar er ásetningur hins brotlega. Það þýðir að til þess að refsingu verði beitt verður sá sem brotið framdi að hafa vitað um einkaleyfið og að það tilheyrði öðrum; jafnframt þarf hann að hafa vitað að aðgerðir hans væru brot á einkaleyfisvernd og að hann hefði ekki samþykki einkaleyfishafa fyrir þeim. Það er dómstóla að meta hvort sá brotlegi geti talist hafa vitað að aðgerðir hans væru brot á einkaleyfisrétti, en ekki þess sem brotið fremur. Ekki er sérstaklega tiltekið hvort tilraun og/eða hlutdeild varði refsingu. Við það er miðað að um það gildi almennar reglur refsiréttarins.

Í 2. mgr. er sérstaklega kveðið á um að heimilt sé að sekta félög og fyrirtæki sem skerða einkaleyfisrétt. Hér er fylgt danskri fyrirmynd. Eðlilegt þykir að félög eða fyrirtæki sæti refsiábyrgð, t.d. ef framleiðsla viðkomandi lögaðila byggist á því að uppfinning, sem nýtur einkaleyfisverndar, er hagnýtt án heimildar.

Í 3. mgr. er kveðið á um að sá sem misgert var við eigi sókn sakar. Þetta er í samræmi við núgildandi lög, sbr. 1. mgr. 22. gr. Sá sem misgert er við er í flestum tilfellum einkaleyfishafi en getur einnig verið nytjaleyfishafi, sbr. 1. mgr. 63. gr. frumvarpsins. Ekki er í frumvarpi þessu sérákvæði um fyrningu sakar eins og í 2. mgr. 22. gr. núgildandi laga. Við það er miðað að sök fyrnist samkvæmt almennum reglum refsiréttarins. Um málsmeðferð fer að öðru leyti að hætti almennra einkamála.

Um 58. gr.

Hér er kveðið á um skaðabótaskyldu vegna brota á einkaleyfisrétti. Í 22. gr. núgildandi laga er ákvæði um að hver sá, sem brýtur á einkaleyfisrétti, sé skaðabótaskyldur samkvæmt almennum skaðabótareglum. Hér eru hins vegar mun nákvæmari reglur um skaðabótaskyldu í einkaleyfisrétti, þar á meðal leiðbeinandi reglur um hvernig reikna skuli skaðabætur. Ákvæðið tekur til skaðabótaskyldu vegna brots á einkarétti samkvæmt veittu einkaleyfi. Um skaðabótaskyldu vegna brots á rétti samkvæmt umsókn er fjallað í 60. gr. frumvarpsins.

Í 1. mgr. er kveðið á um að skaðabótaskylda stofnist bæði vegna brota sem framin eru af ásetningi og af gáleysi. Um hvað telst ásetningur gilda sömu sjónarmið og varðandi refsiábyrgð, sbr. umfjöllun við 57. gr. frumvarpsins.

Gáleysi telst liggja fyrir ef sá sem brot fremur hefði átt að vita að athafnir hans fælu í sér brot á einkaleyfisvernd. Hér er því lögð rannsóknarskylda á menn áður en þeir hefja framkvæmdir sem brotið gætu í bága við einkarétt annarra. Meginreglan er sú að eftir að tilkynning hefur verið birt um framlagningu umsóknar, sbr. 21. gr. frumvarpsins, eða útgáfu einkaleyfis, sbr. 26. gr. frumvarpsins, getur enginn firrt sig skaðabótaábyrgð með því að halda því fram að hann hafi ekki vitað um einkaleyfið eða umsóknina. Sömu reglu er að finna í 2. málsl. 2. mgr. 6. gr. núgildandi laga. Þessi rannsóknarskylda hvílir ótvírætt á þeim sem

framleiða eða flytja inn vörur. Hins vegar eru ekki eins strangar kröfur gerðar um rannsóknarskyldu annarra, t.d. aðstoðarmanna eða kaupmanna sem gætu orðið fyrir því að selja vöru sem framleidd hefur verið í trássi við einkaleyfisvernd. Slíkir aðilar geta borið fyrir sig að þeir hafi gert það í góðri trú nema rétthafi hafi gefið þeim viðvörun um að hann teldi að um brot á einkaleyfisrétti væri að ræða. Ef framangreindar tilkynningar um framlagningu umsóknar eða útgáfu einkaleyfis hafa ekki verið birtar, t.d. vegna mistaka, þarf einkaleyfishafi hins vegar að sanna að viðkomandi aðili hafi vitað um umsóknina eða einkaleyfið. Við mat á gáleysi skiptir ekki máli hvort sá sem brotið fremur telur athafnir sínar hafa fallið utan verndarsviðs einkaleyfisins, nema einkaleyfiskröfur séu svo óskýrar að erfitt sé að meta hvert verndarsvið er. Í þeim tilvikum geta dómstólar látið einkaleyfishafa bera hallann af því.

Við ákvörðun skaðabóta skiptir ekki máli hvort brot er framið af ásetningi eða af gáleysi. Meginreglan er sú að bæta skuli allt fjárhagslegt tjón sem verður vegna einkaleyfisbrots. Vandamálið í einkaleyfisrétti er hins vegar að mjög erfitt getur verið að ákveða hve mikið tjón er. Hér er því sett fram sú regla til viðmiðunar að ávallt skuli greiða hæfilegt endurgjald fyrir hagnýtingu uppfinningarinnar og að auki skaðabætur fyrir annað tjón sem hlýst af brotinu. Reglan um „hæfilegt endurgjald“ á að tryggja þeim sem fyrir tjóninu verður ákveðnar lágmarksbætur. Hvað sé hæfilegt endurgjald verða dómstólar að meta með hliðsjón af öllum málsatvikum hverju sinni. Með öðru tjóni er eingöngu átt við fjártjón. Ekki er ákvæði í frumvarpinu um bætur fyrir annað tjón en fjárhagslegt. Ef tjónþolar eru fleiri en einn, t.d. ef um er að ræða fleiri en einn nytjaleyfishafa, skal skipta skaðabótunum milli aðila í samræmi við innbyrðis réttarsamband þeirra.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ef sanngjarnt þyki megi skylda þann sem framdi einkaleyfisbrot í góðri trú til að greiða skaðabætur. Skaðabætur skulu ákveðnar í samræmi við 1. mgr. að því marki sem sanngjarnt þykir. Það er dómstóla að meta hvað telst sanngjarnt í slíkum tilvikum. Hér er á ferðinni undantekningarregla sem sjaldan yrði beitt, m.a. vegna þess að oftast teldist gáleysi liggja fyrir þegar um einkaleyfisbrot væri að ræða. Ef sá sem brotið fremur er í góðri trú er sjaldnast ástæða til að dæma hann í skaðabætur nema t.d. hagnýting hafi verið óvenjuumfangsmikil eða um mikinn ágóða hafi verið að ræða. Skaðabætur mega þó ekki vera of íþyngjandi fyrir dómþola og þær geta aldrei orðið hærri en sem nemur tjóni einkaleyfishafa. Þetta ákvæði hefur þýðingu við mat á skaðabótum vegna brota á einkaleyfisrétti samkvæmt umsókn sem ekki hefur verið lögð fram, sbr. 2. mgr. 60. gr.

Ekki er að finna í frumvarpi þessu sérreglu um fyrningu bótakröfu eins og í 3. mgr. 22. gr. núgildandi laga. Um fyrningu bótakröfu vegna brots á einkaleyfi gildir því 10 ára fyrningarfrestur, sbr. 2. tölul. 4. gr. laga nr. 14/1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Almennar reglur skaðabótaréttarins gilda um eigin sök og aðgerðaleysi tjónþola.

Um 59. gr.

Í greininni eru ákvæði um úrræði sem dómstólar geta kveðið á um eftir kröfu rétthafa til að koma í veg fyrir endurtekna skerðingu á einkaleyfisrétti. Í 21. gr. núgildandi laga er heimild fyrir einkaleyfishafa til að krefjast afhendingar muna sem ólöglega hafa verið aðfluttir, tilbúnir eða boðnir til kaups. Hér er hins vegar lagt til að úrræðum til að koma í veg fyrir brot á einkaleyfisrétti verði fjölgað, auk þess sem gefið er aukið svigrúm til að ákveða hvað teljist sanngjarnt í hverju tilviki fyrir sig.

Til þess að úrræðum greinarinnar verði beitt verður einkaleyfisréttur að hafa verið skertur, sbr. 1. mgr. Hins vegar skiptir huglæg afstaða þess sem skerti einkaleyfisréttinn ekki máli, brot þarf ekki að hafa verið framið af ásetningi eða gáleysi. Ef hætta er á að brot verði endurtekið getur dómstóll að kröfu rétthafa mælt fyrir um ráðstafanir til að koma í veg fyrir það. Dómstólar geta fyrirskipað allar þær ráðstafanir sem til þess eru fallnar að koma í veg fyrir brot. Í 2. málsl. 1. mgr. eru nefnd þau úrræði sem helst koma til greina. Það er rétthafa að

setja fram kröfu um tiltekið úrræði í þessu sambandi. Hafi hann sett fram kröfu um að hlutur verði eyðilagður verða dómstólar að taka afstöðu til þess hvort sanngjarnt sé að verða við þeirri kröfu. Hins vegar hefur dómstóll ekki heimild til að ákveða að í stað eyðileggingar komi einhver önnur ráðstöfun.

Úrræðum verður bæði beitt til að koma í veg fyrir misnotkun afurða sem framleiddar hafa verið samkvæmt einkaleyfðri uppfinningu og einnig til að koma í veg fyrir að tæki, útbúnaður eða annað verði misnotað á þann hátt að það hefði skerðingu einkaleyfisréttar í för með sér. Það er ekki skilyrði að öll hagnýting viðkomandi tækis eða útbúnaðar hafi í för með sér einkaleyfisbrot. Ef einnig er hægt að nota hlutinn á löglegan hátt er ólíklegt að fallist verði á kröfu um að hann verði eyðilagður. Eðlilegri krafa væri að hlut eða útbúnaði yrði breytt eða hann varðveittur þar til einkaleyfið rynni út.

Í 3. málsl. 1. mgr. er kveðið á um að ekki sé hægt að beita ofangreindum úrræðum gegn þeim sem í góðri trú hefur eignast eða öðlast umráðarétt yfir viðkomandi afurð, tæki eða útbúnaði. Það er einnig skilyrði að viðkomandi aðili hafi ekki sjálfur framið einkaleyfabrot.

Í 2. mgr. er að finna þrönga undantekningarreglu. Ef mjög sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur dómstóll, ef þess er krafist, heimilað að umráð þeirra hluta, sem um er rætt í 1. mgr., verði áfram hjá þeim sem braut á einkaleyfisrétti. Þessari heimild yrði því aðeins beitt að frá samfélagslegu sjónarmiði teljist það óverjandi að eyðileggja viðkomandi hlut og að afhending hans til einkaleyfishafa væri ekki möguleg, t.d. vegna þess að hann hefði ekki efni á að greiða nauðsynlegt endurgjald. Eingöngu væri um að ræða heimild til umráða yfir viðkomandi hlut en ekki til að hagnýta þá uppfinningu sem nýtur einkaleyfisverndar. Fyrir slík umráð verður að greiða sanngjarnt endurgjald og aðrir skilmálar verða að vera sanngjarnir. Það er dómstóla að kveða á um hvað teljist sanngjarnt í þessu tilviki.

Um 60. gr.

Hér er fjallað um frá hvaða tíma hægt er að beita úrræðum IX. kafla vegna brota á einkaleyfisrétti. Áður en sótt er um einkaleyfi er ekki um að ræða neina vernd samkvæmt einkaleyfisrétti. Sömuleiðis fellur vernd niður um leið og einkaleyfi fellur úr gildi, þó svo að málssókn vegna brota á gildistíma þess sé enn heimil. Full refsi- og bótaábyrgð er fyrir hendi eftir að einkaleyfi hefur verið veitt, sbr. 57.–59. gr. frumvarpsins, og þar til það fellur úr gildi. Í greininni er því fjallað um afleiðingar af óheimilli hagnýtingu uppfinningar sem á sér stað eftir að sótt hefur verið um einkaleyfi á henni en áður en einkaleyfi hefur verið veitt. Samsvarandi ákvæði er í 2. mgr. 6. gr. núgildandi laga. Hér er hins vegar að finna skýrari reglur um frá hvaða tíma og hvers konar ábyrgð verði við komið á ofangreindu tímabili.

Meginreglan er sú að eftir að umsóknargögn eru orðin almenningi aðgengileg skv. 22. gr. frumvarpsins verður ákvæðum frumvarpsins um einkaleyfisskerðingu beitt eftir því sem við á að undanskildum ákvæðum um refsiábyrgð, sbr. 1. mgr. Þetta á við svo framarlega sem umsóknin leiðir til einkaleyfis. Málssókn vegna brota á einkarétti samkvæmt umsókn verður því ekki til lykta leidd fyrr en einkaleyfi er út gefið eða umsókn endanlega hafnað. Af þeim sökum er vart raunhæft að tala um að úrræðum 59. gr. frumvarpsins verði beitt vegna brota á þessu tímabili. Af meginreglunni er ljóst að umsóknir, sem ekki hafa verið gerðar almenningi aðgengilegar, njóta engrar verndar samkvæmt einkaleyfalögum.

Skaðabótaábyrgð vegna brota á einkarétti samkvæmt umsókn er mismunandi eftir því á hvaða tímabili hin óheimila hagnýting uppfinningarinnar átti sér stað. Eftir að framlagning umsóknar hefur verið auglýst er skaðabótaábyrgðin sú sama og vegna brots á rétti samkvæmt veittu einkaleyfi. Þetta er stutt með þeim rökum að eftir að umsókn hefur verið fram lögð og það auglýst hafa allir tækifæri til að kynna sér efni hennar á sama hátt og gildir um veitt einkaleyfi. Einkaleyfiskröfum má ekki breyta eftir að umsókn hefur verið fram lögð þannig að umfang verndar verði víðfeðmara, sbr. 2. mgr. 19. gr. frumvarpsins. Í flestum tilfellum verða

því umsóknir, sem lagðar hafa verðið fram, gefnar út sem einkaleyfi í óbreyttu formi. Því telst rétt að veita umsóknum, sem hafa verið fram lagðar, sömu vernd og um einkaleyfi væri að ræða, að því tilskildu að einkaleyfi verði veitt. Ef einkaleyfiskröfur hafa verið þrengdar á tímabilinu milli þess sem framlagning umsóknar er auglýst og þar til einkaleyfi er veitt, t.d. vegna andmæla, miðast umfang verndar á því tímabili við þá þrengingu.

Eftir að umsókn hefur verið gerð aðgengileg almenningi skv. 22. gr. frumvarpsins og áður en auglýsing hefur birst um framlagningu hennar gilda hins vegar ýmsar sérreglur um skaðabótaábyrgð. Rétt þykir að veita umsókn vernd ef brotið er á rétti samkvæmt henni á þessu tímabili ef einkaleyfi er að lokum veitt fyrir henni. Þó er hér að ýmsu að hyggja. Í fyrsta lagi geta einkaleyfiskröfur breyst töluvert frá því umsókn er gerð aðgengileg almenningi og þar til einkaleyfi er veitt. Því er sett sú sérregla í 2. málsl. 1. mgr. að þar til framlagning umsóknar er auglýst skuli einkaleyfisvernd aðeins ná til þess sem leiða má bæði af einkaleyfiskröfum eins og þær voru þegar hún varð almenningi aðgengileg og af einkaleyfiskröfum í einkaleyfinu. Þetta hefur það í för með sér að ef einkaleyfiskröfum er breytt á þessu tímamarki þannig að umfang verndar víkki gildir sú víkkun aðeins frá þeim tíma er auglýsing um framlagningu umsóknarinnar var birt. Einkaleyfisvernd á þessu tímabili getur ekki heldur náð til neins þess sem ekki kemur fram í einkaleyfiskröfum í veittu einkaleyfi. Í öðru lagi er erfitt fyrir almenning að kynna sér efni umsóknar sem ekki hefur verið lögð fram. Því er sett sú regla í 2. mgr. að sé brot á einkarétti samkvæmt umsókn framið áður en framlagning hennar er auglýst verði aðeins dæmdar skaðabætur í samræmi við ákvæði 2. mgr. 58. gr. frumvarpsins. Bætur verða því aðeins dæmdar að sanngjarnt teljist. Upphæð bóta skal einnig miðast við það sem telst sanngjarnt. Tilvísunin til 2. mgr. 58. gr. tekur aðeins til umfangs bóta en ekki til huglægrar afstöðu þess sem brotið fremur.

Í einkaleyfalögum annarra norrænna þjóða er að finna sérreglu um fyrningu bótakröfu skv. 1. mgr. þessarar greinar. Rök fyrir þeirri sérreglu eru þau að í þessum löndum er fyrningarfrestur fyrir bótakröfur í einkaleyfisrétti fimm ár. Lengri tími getur liðið frá því að umsókn varð aðgengileg þar til einkaleyfi er veitt, t.d. ef andmæli berast. Bótakrafa skv. 1. mgr. þessarar greinar gæti því fyrnst samkvæmt almennu reglunni áður en hægt væri að taka afstöðu til hennar ef þessarar sérreglu nyti ekki við. Hér á landi er fyrningarfrestur bótakrafna vegna brota á einkaleyfisrétti hins vegar tíu ár, sbr. 2. tölul. 4. gr. laga nr. 14/1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Því þykir ekki ástæða til að taka upp samsvarandi sérreglu um fyrningu.

Um 61. gr.

Í greininni er fjallað um það með hvaða hætti sé unnt að fá einkaleyfi lýst ógilt í dómsmáli sem höfðað er vegna skerðingar á því. Í 2. mgr. 22. gr. núgildandi laga er kveðið á um að sé því haldið fram í máli, að einkaleyfi sé niður fallið eða ógilt, beri að leggja dóm á það svo framarlega sem það varði sekt eða sýknu stefnda. Slíkur dómur hefur þó aðeins gildi milli aðilanna sjálfra og veldur því ekki að einkaleyfi verði afmáð úr einkaleyfaskrá. Hér er hins vegar lagt til að sé einkaleyfi lýst ógilt vegna kröfu sem borin er upp í máli vegna einkaleyfisskerðingar hafi það sömu áhrif og venjulegur ógildingardómur, sbr. 52. gr. frumvarpsins. Af því leiðir að ákvæðum 57.–60. gr. frumvarpsins um refsi- og bótaábyrgð og úrræði til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot verður ekki beitt. Sömuleiðis leiðir slíkur dómur til þess að einkaleyfi verði afmáð úr einkaleyfaskrá og að tilkynning um það skuli gefin út, sbr. 55. gr. frumvarpsins.

Til þess að einkaleyfi verði lýst ógilt undir þessum kringumstæðum er sett það skilyrði að fram komi krafa um það, ekki er nægilegt að gildi einkaleyfisins sé almennt mótmælt. Kröfunni verður að vera beint gegn einkaleyfishafa, sjá 4. mgr. 44. gr. frumvarpsins. Ef einkaleyfishafi er ekki aðili að málinu verður að stefna honum samkvæmt ákvæðum 4. mgr.

63. gr. Ákvæðinu verður einnig beitt vegna kröfu um ógildingu einkaleyfis að hluta og með lögjöfnun ef því er haldið fram að einkaleyfi sé niður fallið vegna ákvæða 40. eða 51. gr. frumvarpsins.

Um 62. gr.

Aðili, sem er skyldur til skv. 56. gr. frumvarpsins að gefa ákveðnar upplýsingar eða veita aðgang að umsókn sinni um einkaleyfi áður en hún verður aðgengileg, skal sæta refsiábyrgð ef hann vanrækir þær skyldur sínar eða gefur rangar upplýsingar í tengslum við fyrirspurn á grundvelli ákvæðisins. Samkvæmt greininni verður bæði refsað fyrir ásetning og gáleysi.

Um 63. gr.

Tilgangur þessa ákvæðis er að tryggja að þeir sem hagsmuna eiga að gæta varðandi einkaleyfi hafi tækifæri til að gæta réttar síns ef mál er höfðað út af því. Því er skylt að senda einkaleyfayfirvöldum tilkynningu um málshöfðun út af einkaleyfi til þess að upplýsingar um slíkt séu aðgengilegar í einkaleyfaskrá. Einkaleyfishafi er í flestum tilvikum málsaðili í málum sem höfðuð eru vegna einkaleyfis hans. Ef svo er ekki er skylt að tilkynna honum málshöfðunina. Nægilegt er að senda umboðsmanni hans, sbr. 66. gr. frumvarpsins, tilkynningu þar að lútandi. Nytjaleyfishafar hafa yfirleitt mikilla hagsmuna að gæta í málum sem varða gildi eða rétt til einkaleyfis. Því ber að tilkynna þeim um málshöfðanir sem varða þau atriði. Ef skilyrðum greinarinnar um tilkynningar er ekki framfylgt verður málinu vísað frá dómi, sbr. 2. mgr.

Nauðsynlegt er að hafa ákvæði 4. mgr. um heimild stefnda til að stefna einkaleyfishafa inn í mál til að beina að honum kröfu um ógildingu einkaleyfis því að samkvæmt IV. kafla laga nr. 85/1936 hefur eingöngu sækjandi heimild til að stefna nýjum aðila inn í mál.

Um 64. gr.

Öll mál, sem varða einkaleyfi, skulu rekin fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, sbr. 50. gr. frumvarpsins. Með því er stuðlað að eflingu sérþekkingar á þessu sviði hjá einum tilteknum dómstóli. Um málsmeðferð fer almennt eftir lögum nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, nema þegar annað leiðir af ákvæðum frumvarpsins.

Um 65. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Um X. kafla.

Um 66. gr.

Hér er kveðið á um skyldu einkaleyfishafa, sem búsettur er erlendis, til að hafa umboðsmann búsettan hérlendis. Samkvæmt núgildandi lögum er ekki skylda að hafa umboðsmann. Í 12. gr. frumvarpsins er kveðið á um skyldu umsækjanda að einkaleyfi til að hafa umboðsmann. Um það hverjir geti verið umboðsmenn, hverjir teljist hafa heimilisfesti hér á landi og um rétt til að hafa umboðsmann vísast til athugasemda með þeirri grein.

Skylda til að hafa umboðsmann samkvæmt þessari grein er mun takmarkaðri en til umboðs skv. 12. gr. frumvarpsins. Samkvæmt því ákvæði skal umboðsmanni vera heimilt að koma fram fyrir hönd umsækjanda í öllu því sem við kemur umsókn. Hér er hins vegar í 1. mgr. aðeins mælt fyrir um það að umboðsmaður skuli geta tekið á móti stefnu og öðrum tilkynningum sem varða einkaleyfið. Réttaráhrif þess eru þau sömu og ef einkaleyfishafi hefði sjálfur móttekið stefnuna eða viðkomandi tilkynningu. Ákvæðið kemur að sjálfsögðu ekki í veg fyrir að einkaleyfishafi geti gefið út víðtækara umboð.

Megintilgangurinn með því að skylda einkaleyfishafa til að hafa umboðsmann eftir að einkaleyfi er veitt er að tryggja að hægt sé að birta stefnur og aðrar tilkynningar, sem varða einkaleyfi hans, fyrir einhverjum hér á landi. Því þykir ekki ástæða til að hafa eins ströng viðurlög við því ef þessu ákvæði er ekki framfylgt og gildir um 12. gr. frumvarpsins. Umsókn verður hafnað eða hún afskrifuð ef ákvæði 12. gr. er ekki framfylgt. Einkaleyfi verður hins vegar ekki fellt úr gildi þó einkaleyfishafi, sem búsettur er erlendis, hafi ekki umboðsmann, heldur er í 2. mgr. kveðið á um hvernig birta skuli stefnur og senda aðrar tilkynningar þegar þannig stendur á. Stefna verður birt í *Lögbirtingablaði*, sbr. 2. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936. Jafnframt skal senda hana í ábyrgðarbréfi til skráðs einkaleyfishafa, sbr. 4. mgr. 44. gr. frumvarpsins. Aðrar tilkynningar, sem varða einkaleyfið, skulu á sama hátt sendar skráðum einkaleyfishafa.

Um 67. gr.

Í greininni er fjallað um hvernig áfrýja skuli ákvörðunum einkaleyfayfirvalda um einkaleyfi svo og ákvörðunum um endurveitingu réttinda skv. 72. og 73. gr. frumvarpsins. Í 24. og 25. gr. frumvarpsins er kveðið á um hvernig áfrýja skuli ákvörðunum einkaleyfayfirvalda um umsóknir.

Hér er lagt til, í samræmi við samsvarandi ákvæði í sænskum einkaleyfalögum, að öllum endanlegum ákvörðunum um einkaleyfi verði hægt að áfrýja. Einnig er lagt til að hægt verði að áfrýja ákvörðun um gjaldfrest á greiðslu árgjalda, sbr. 42. gr. frumvarpsins, og ákvörðun um endurveitingu réttinda skv. 72. og 73. gr. frumvarpsins. Eðlilegt verður að telja að hægt sé að áfrýja öllum endanlegum ákvörðunum einkaleyfayfirvalda um einkaleyfi á sama hátt og gildir um endanlegar ákvarðanir varðandi umsóknir. Auk einkaleyfishafa og umsækjanda gæti nytjaleyfishafi haft hagsmuna að gæta í þessu sambandi vegna t.d. ákvörðunar um að afmá nytjaleyfi úr einkaleyfaskrá, sbr. 2. mgr. 44. gr. frumvarpsins, eða aðili sem telur sig eiga réttindi í einkaleyfi sem verður endurreist á grundvelli 72. gr. frumvarpsins.

Um 68. gr.

Við það er miðað að gjöld skuli ákveðin þannig að þau standi undir starfsemi einkaleyfaskrifstofunnar og þeirri þjónustu sem hún veitir.

Um 69. gr.

Hér er kveðið á um heimild iðnaðarráðherra til að setja nánari reglur um framkvæmd laga þessara með reglugerð. Reglugerðir annarra norrænna þjóða um einkaleyfi eru samræmdar á sama hátt og einkaleyfalögin. Við samningu reglugerðar hér yrði því tekið mið af því að svo miklu leyti sem aðstæður okkar leyfa.

Í 1. mgr. er að finna almenna heimild til að setja reglugerð. Þar yrði m.a. kveðið á um að einkaleyfaskrifstofan skuli halda dagbók yfir inn komnar umsóknir. Í slíkri dagbók kæmu fram ýmsar upplýsingar um umsóknina, svo sem númer hennar og heiti uppfinningar. Þar kæmi hins vegar ekkert fram um efni umsóknarinnar. Því þykir eðlilegt að þessi dagbók sé öllum aðgengileg. Í dönsku einkaleyfalögunum er ákvæði sem heimilar setningu reglugerðar um hvaða dagar skuli ekki teljast afgreiðsludagar einkaleyfaskrifstofunnar. Var það m.a. hugsað til að kveða á um hvernig með skyldi fara þegar umsækjandi gæti ekki af óviðráðanlegum aðstæðum lagt inn umsókn sína eða einhver gögn henni lútandi, t.d. vegna verkfalla, stríðs eða náttúruhamfara. Í frumvarpi þessu eru slík ákvæði í 72. og 73. gr. og því ekki þörf á sérstakri reglugerð um það.

Í 1. málsl. 2. mgr. er ákvæði sem heimilar að gert verði samkomulag um að einkaleyfayfirvöld hér megi veita erlendu yfirvaldi upplýsingar um umsóknir um einkaleyfi hér á landi áður en þær eru orðnar almenningi aðgengilegar. Þetta ákvæði á rætur sínar að rekja til samstarfs

frændþjóða okkar í einkaleyfamálum og er aðallega hugsað sem heimild til samkomulags við aðrar erlendar einkaleyfastofnanir. Hins vegar útilokar það ekki að öðrum erlendum stofnunum, t.d. dómstólum, yrðu veittar slíkar upplýsingar ef samkomulag yrði gert um það.

Í 2. málsl. 2. mgr. er heimildarákvæði varðandi samstarf um rannsókn á einkaleyfishæfi uppfinningar við erlend einkaleyfayfirvöld eða alþjóðlega stofnun. Þetta er mjög mikilvægt ákvæði vegna íslenskra aðstæðna. Algengt er að íslenskir aðilar sæki eingöngu um einkaleyfi hér á landi. Einnig getur komið fyrir að erlendir aðilar sæki eingöngu um einkaleyfi hér. Hingað til hafa slíkar umsóknir verið sendar í rannsókn hjá einkaleyfastofnuninni í Danmörku. Við það er miðað að gerður verði samningur við þá stofnun um áframhaldandi aðstoð á þessu sviði. Slíkur samningur útilokar að sjálfsögðu ekki að gerð verði sjálfstæð rannsókn á einkaleyfishæfi umsókna, sem hér eru lagðar inn, með tilliti til íslenskra aðstæðna. Einnig útilokar samningurinn við dönsku einkaleyfastofnunina ekki að mat á einkaleyfishæfi umsókna verði byggt á rannsókn annarra erlendra einkaleyfastofnana eða alþjóðastofnana, sbr. ákvæði 3. mgr. þessarar greinar.

Í 1. málsl. 3. mgr. er gert ráð fyrir þeim möguleika að án sérstakra samninga um það sé hægt að nýta niðurstöður rannsóknar frá erlendri einkaleyfastofnun við mat á einkaleyfishæfi umsóknar. Ef umsækjandi hefur lagt inn sambærilega umsókn erlendis, annaðhvort á undan eða á eftir íslensku umsókninni, má krefja hann um niðurstöður rannsóknar þar á einkaleyfishæfi umsóknarinnar ásamt afriti af bréfaskriftum milli hans og erlenda einkaleyfayfirvaldsins. Þetta ákvæði er sett til að koma í veg fyrir tvíverknað vegna rannsóknar á umsókn um sömu uppfinninguna. Þessi tilhögun er raunar ekki ný af nálinni því að sambærilegur háttur hefur verið hafður hér á í gildistíð núgildandi laga. Við það er miðað að settar verði með reglugerð nánari reglur um framkvæmdina, t.d. hvaða erlendar stofnanir verði viðurkenndar í þessu sambandi, hvaða fresti beri að veita og hvaða viðurlögum það varði að verða ekki við beiðni um upplýsingar samkvæmt þessu ákvæði.

Ákvæði 2. málsl. 3. mgr. er sett vegna ákvæða 42. gr. PCT-sáttmálans. Þar er lagt bann við því að einkaleyfayfirvöld í landi, sem tilgreint er í alþjóðlegri umsókn, megi krefjast þess að fá rannsóknaniðurstöður vegna sömu alþjóðaumsókna frá öðru tilgreindu landi ef skýrsla um alþjóðlega forathugun á einkaleyfishæfi hennar hefur verið send einkaleyfayfirvöldum í fyrrnefnda landinu.

Um 70. gr.

Í greininni er að finna heimild til að taka eignarnámi rétt til að hagnýta uppfinningu ef þess er þörf vegna neyðarástands í landinu. Samsvarandi ákvæði er í norskum og sænskum einkaleyfalögum.

Í 8. gr. núgildandi laga er almenn eignarnámsheimild vegna einkaleyfðrar uppfinningar til handa því opinbera. Hér er hins vegar um að ræða bæði þrengri og rýmri heimild til eignarnáms. Heimildin er þrengri að því leyti að henni verður aðeins beitt vegna neyðarástands sem skapast vegna stríðs eða náttúruhamfara. Í frumvarpinu er lagt til að heimilað verði að veita nauðungarleyfi í fleiri tilvikum en samkvæmt núgildandi lögum, m.a. vegna ríkra almannahagsmuna. Því er minni þörf en áður fyrir jafnvíðtæka heimild til eignarnáms og er í núgildandi lögum. Heimildin er rýmri að því leyti að hún nær til uppfinninga almennt en ekki eingöngu til einkaleyfðra uppfinninga og einnig að því leyti að ráðherra getur ákveðið að annar aðili en ríkið fái hagnýtingarréttinn.

Yfirtaka hagnýtingarréttar samkvæmt þessari grein getur bæði verið ótakmörkuð, þ.e. útilokað alla aðra frá nýtingu uppfinningar, eða eingöngu tekið til nytjaleyfisréttar. Bætur yrðu ákveðnar í samræmi við það. Ef ekki næst samkomulag um endurgjald yrði það ákveðið af matsnefnd eignarnámsbóta samkvæmt ákvæðum laga nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

Um 71. gr.

Meginverkefni einkaleyfaskrifstofunnar verður jafnan stjórnsýsla í tengslum við veitingu einkaleyfa. Hins vegar er eðlilegt að heimild sé til að skrifstofan geti veitt upplýsingaþjónustu og aðra þjónustu varðandi efni sem tengjast starfssviði hennar og geta komið innlendum iðnaði og tækniþróun að gagni. Nánari reglur um slíka þjónustu, eðli og umfang hennar, svo og gjaldtöku yrðu settar í reglugerð um almennt skipulag og starfshætti skrifstofunnar.

Um 72. gr.

Í greininni er fjallað um endurveitingu réttinda sem glatast hafa vegna þess að fresta hefur ekki verið gætt. Samsvarandi ákvæði, sbr. og 73. og 74. gr. frumvarpsins, eru ekki í núgildandi lögum.

Í 1. mgr. er fjallað um endurveitingu réttinda á umsóknarstigi. Endurveitingu verður eingöngu beitt þegar umsækjandi á í hlut. Ákvæðið getur ekki átt við andmælanda. Helgast það af því að til þess að ákvæðinu verði beitt verður réttartap að hafa orðið vegna þess að frestir hafa ekki verið virtir. Umsækjandi telst hafa orðið fyrir réttartapi í þessu samhengi ef hann t.d glatar málskotsrétti sínum eða umsókn hans er hafnað eða hún er afskrifuð án möguleika á endurupptöku. Ef andmælandi hefur hins vegar einhverra hluta vegna ekki gætt andmælafrests skv. 2. mgr. 21. gr. frumvarpsins hefur hann enn þann möguleika að höfða ógildingarmál, sbr. 52. gr. frumvarpsins, eða mál til yfirfærslu réttar, sbr. 53. gr. frumvarpsins. Því hefur hann ekki liðið réttartap.

Þess er krafist að sá sem fer fram á endurveitingu réttinda verði að hafa gert allt sem með sanngirni má af honum krefjast til að virða þau tímamörk sem vörðuðu missi réttinda. Hvort viðkomandi teljist hafa uppfyllt það skilyrði verða einkaleyfayfirvöld að meta hverju sinni. Rétt er að beita ströngu mati því að þetta er undantekningarákvæði. Ef því væri beitt of frjálslega mundi það leiða til réttaróvissu. Hindranir þær, sem um ræðir, þurfa að vera þess eðlis að umsækjandi hafi ekki getað séð þær fyrir eða að hann hafi með engu móti getað virt frestinn. Flestir umsækjendur hafa umboðsmenn sem sjá um umsóknina fyrir þeirra hönd gagnvart einkaleyfayfirvöldum. Því þykir rétt að láta ákvæðið einnig ná til þeirra. Ef umboðsmaður hefur gert allt sem með sanngirni má af honum krefjast til að virða viðkomandi frest, en ekki tekist það, má endurveita réttindi sem þannig tapast. Hafi umboðsmaður hins vegar ekki sýnt nægilega aðgát getur umsækjandi ekki haldið því fram að hann sjálfur hafi sýnt nægilega aðgát og eigi því rétt á endurveitingu.

Ákvæðið tekur ekki eingöngu til endurveitingar réttinda vegna réttartaps sem hefur orðið vegna þess að samskipti milli umsækjanda eða umboðsmanns hans og einkaleyfayfirvalda voru hindruð á þann hátt sem greinin tekur til. Það á einnig við ef hindrun hefur komið í veg fyrir samskipti milli umsækjanda og umboðsmanns hans og umboðsmaður hefur ekki af þeirri ástæðu getað virt viðkomandi frest. Ef öll skilyrði ákvæðisins eru fyrir hendi verða réttindi einnig endurveitt vegna síðarnefnda tilviksins.

Í 2. mgr. er fjallað um endurveitingu réttinda sem glatast hafa vegna þess að árgjöld af umsókn eða einkaleyfi hafa ekki verið greidd á réttum tíma. Skilyrði endurveitingar réttinda í slíkum tilvikum eru hin sömu nema að því leyti að beiðni um endurveitingu og greiðsla vangoldinna árgjalda þarf í síðasta lagi að hafa borist sex mánuðum eftir að frestur skv. 3. mgr. 41. gr. og 3. mgr. 42. gr. frumvarpsins rann út. Rök fyrir því að hafa styttri frest hér eru þau að samkvæmt fyrrgreindum ákvæðum hefur umsækjandi eða einkaleyfishafi sex mánaða frest frá gjalddaga til greiðslu árgjalda að viðbættri tilskilinni hækkun. Því þykir óeðlilegt að veita til viðbótar þeim fresti eins árs frest eins og gert er í 1. mgr.

Forgangsréttarfrestur skv. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins er byggður á Parísarsáttmálanum. Ef hægt væri að framlengja þann frest um eitt ár samkvæmt ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar gæti umsækjandi lagt inn umsókn hér á landi allt að tveimur árum eftir að hann lagði hana inn í

fyrsta sinn í einhverju öðru aðildarlandi sáttmálans með sömu réttaráhrifum og hann hefði lagt hana inn hér á landi. Slíkt þykir skapa of mikla réttaróvissu fyrir almenning og því er lagt til í 3. mgr. að ekki verði hægt að endurveita réttindi sem tapast vegna þess að frestur skv. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins er ekki virtur.

Þá er í 3. mgr. lagt til að ákvæði 1. mgr. skuli eingöngu gilda um réttartap vegna frests gagnvart einkaleyfayfirvöldum og áfrýjunarnefnd, en ekki um frest til málshöfðunar fyrir dómstólum, sbr. 25. gr. frumvarpsins. Það fer eftir almennum réttarfarsreglum hvort mál verði höfðað eftir að liðinn er frestur til málshöfðunar.

Það leiðir af eðli máls að ákvæði 1. mgr. verður ekki beitt ef þeir frestir, sem þar eru nefndir, eru ekki virtir. Ákvörðunum einkaleyfayfirvalda um endurveitingu réttinda samkvæmt þessari grein verður skotið til áfrýjunarnefndar, sbr. 67. gr. frumvarpsins.

Um 73. gr.

Greinin á við um alþjóðlegar umsóknir. Í henni er fjallað um endurveitingu réttinda sem tapast hafa vegna tiltekinna hindrana. Ákvæðin eru sett til að uppfylla skilyrði 48. gr. PCT-sáttmálans.

1. mgr. er um það tilvik þegar gögn eða gjöld, sem berast skulu til einkaleyfayfirvalda vegna alþjóðlegra umsókna, eru send með pósti og þau berast ekki innan þeirra fresta sem settir eru í 31. og 38. gr. frumvarpsins. Þá skal endurveita réttindi sem þannig tapast ef nánar tilgreindar aðstæður eru fyrir hendi. Það er annars vegar ef póstsamgöngur hafa legið niðri af óviðráðanlegum ástæðum (force majeure) og sending er send einkaleyfayfirvöldum ekki seinna en fimm dögum frá því að póstsamgöngur hófust að nýju eða hins vegar að sending hafi ekki borist þrátt fyrir það að hún hafi verið send í ábyrgðarpósti fimm dögum fyrir lok frestsins. Síðarnefnda tilvikið á þó aðeins við ef ábyrgðarsendingin er send í flugpósti, hafi slíkt verið mögulegt, eða ef sendandi hefur haft ástæðu til að ætla að sendingin kæmist til skila í síðasta lagi tveimur dögum frá sendingardegi þrátt fyrir það að flugpóstur væri ekki notaður.

Í flestum tilvikum er endurveiting réttinda skv. 72. gr. frumvarpsins nægileg. Hins vegar er hugsanlegt að upp komi tilvik þar sem beita má ákvæðum 73. gr. um endurveitingu en ekki ákvæðum 72. gr. Þetta gæti t.d. átt við ef umsækjandi hefur ekki uppfyllt skilyrði 72. gr., þ.e. að hann hafi ekki gert allt sem með sanngirni má af honum krefjast til að koma sendingunni til einkaleyfayfirvalda á réttum tíma. 73. gr. á eingöngu við um fresti vegna alþjóðlegra umsókna og aðeins vegna sendinga sem fara milli umsækjanda (eða umboðsmanns hans) og einkaleyfayfirvalda. Umsækjandi verður að koma viðkomandi gögnum eða gjaldi til einkaleyfayfirvalda innan tveggja mánaða frá því að hann vissi eða mátti vita að fresturinn var liðinn, þó í síðasta lagi einu ári eftir að frestur leið. Hann verður jafnframt að leggja inn beiðni um endurveitingu innan sama tíma, sbr. 2. mgr. Ekki er krafist sérstaks gjalds fyrir endurveitingu réttinda samkvæmt þessari grein þar sem það væri andstætt PCT-sáttmálanum.

Um 74. gr.

Hér er kveðið á um að auglýsa skuli þegar réttindi eru endurveitt á grundvelli 72. eða 73. gr. frumvarpsins. Einnig er hér ákvæði um hagnýtingarrétt þess sem í góðri trú byrjar að hagnýta uppfinningu eftir að réttindi samkvæmt umsókn eða einkaleyfi falla niður en áður en auglýst er um endurveitingu þeirra.

Ef umsókn, sem hefur verið gerð almenningi aðgengileg, er afskrifuð eða henni hafnað nýtur uppfinning sú, sem hún fjallar um, ekki lengur verndar samkvæmt einkaleyfalögum. Sama á við þegar einkaleyfi fellur úr gildi. Öllum er því frjálst að hagnýta sér viðkomandi uppfinningu. Því er þörf að auglýsa það sérstaklega, sbr. 1. mgr., ef réttindi eru endurveitt skv. 72. og 73. gr. frumvarpsins þar sem það felur í sér að viðkomandi uppfinning öðlast aftur

vernd samkvæmt lögunum og hagnýting í atvinnuskyni verður óheimil án samþykkis eiganda hennar. Um það, hvar sú auglýsing skal birt, yrði fjallað í reglugerð, sbr. 69. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er með sérstöku ákvæði tekið tillit til hagsmuna þess sem í góðri trú byrjar að hagnýta uppfinningu eftir að umsókn hefur verið afskrifuð eða henni hafnað ellegar eftir að einkaleyfi féll úr gildi. Ef slík hagnýting hefst — eða verulegur undirbúningur fyrir slíka hagnýtingu er hafinn — áður en tilkynning um endurveitingu er birt er viðkomandi heimilt að halda hagnýtingu áfram á sama hátt og áður. Þetta er sams konar ákvæði og er í 4. gr. frumvarpsins um fornotkunarrétt, að því undanskildu að hér er þess krafist að hlutaðeigandi sé í góðri trú til að áframhaldandi hagnýting sé heimil. Samkvæmt 4. gr. er þess aðeins krafist að hagnýtingin sé ekki augljós misbeiting. Varðandi skýringu við ákvæði 2. og 3. mgr. er að öðru leyti vísað til athugasemda við 4. gr. frumvarpsins.

Um XI. kafla.

Um 75. gr.

Verði frumvarp þetta að lögum er lagt til að lögin öðlist gildi sex mánuðum eftir staðfestingu. Þannig fá einkaleyfayfirvöld tíma til að undirbúa gildistökuna með setningu reglugerða og samningum við erlendar rannsóknastofnanir. Einnig eru hér sérákvæði um gildistöku einstakra þátta frumvarpsins. Það liggur í hlutarins eðli að ákvæði III. kafla frumvarpsins um alþjóðlegar umsóknir öðlast ekki gildi fyrr en Ísland hefur fullgilt samstarfssáttmálann um einkaleyfi og því er ekki þörf sérákvæða um það.

Samkvæmt núgildandi lögum má ekki veita einkaleyfi fyrir „læknislyfjum, neyzluefnum eða nautnar". Í 2. mgr. er lagt til að ekki verði hægt að veita einkaleyfi fyrir læknislyfjum fyrr en fimm árum eftir gildistöku. Þannig fær íslenskur lyfjaiðnaður vissan tíma til að laga sig að breyttum aðstæðum. Hins vegar er rétt að taka tillit til þess að sambærileg bráðabirgðaákvæði hjá frændþjóðum okkar, að Noregi frátöldum, eru ýmist fallin úr gildi eða munu gera það á næstu árum, sbr. umfjöllun við 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Með það í huga er hér lagt til að veittur verði fimm ára aðlögunartími. Ekki þykir hins vegar ástæða til að hafa sambærilegt undantekningarákvæði vegna uppfinninga á sviði neysluefna eða nautnar. Undir læknislyf falla öll lyf sem notuð eru til lækninga hvort sem það er fyrir menn eða dýr. Önnur lyf, t.d. fegrunarlyf eða lyf til að auka kjöt- eða mjólkurframleiðslu dýra, eru einkaleyfishæf að öðrum skilyrðum laganna uppfylltum.

Forsenda þess, að hægt sé að beita þeim ákvæðum sem rætt er um í 3. mgr., er að samkomulag verði gert við stofnanir sem varðveitt geta slíka rækt. Einnig þarf að setja með reglugerð nánari reglur um framkvæmd slíkrar varðveislu. Óvíst er að það takist áður en lögin öðlast almennt gildi. Því er lagt til að ákvæði frumvarpsins um varðveislu ræktar af örverustofni taki því aðeins gildi að gefin verði út sérstök reglugerð um það efni.

Um 76. gr.

Hér er fjallað um að hve miklu leyti lögin skuli gilda um einkaleyfi sem veitt hafa verið eða veitt verða í samræmi við eldri lög. Þær breytingar, sem frumvarpið hefur í för með sér, eru flestar þess eðlis að ekki er ástæða til að láta þær ekki gilda um eldri réttindi. Meginreglan er því sú að nýju lögin skuli einnig gilda um þau. Enn fremur er hagkvæmara að sem flest einkaleyfi lúti sömu réttarreglum. Þetta getur þó í vissum tilvikum leitt til ósanngjarnrar niðurstöðu. Því eru hér tilgreind nokkur undantekningarákvæði.

Frumvarpið hefur í för með sér að skilyrði fyrir einkaleyfishæfi uppfinninga breytast. Einnig verður í fleiri tilvikum hægt að ógilda einkaleyfi. Það þykir óeðlilegt að hægt sé að ógilda réttindi sem veitt voru á grundvelli eldri laga og ekki var hægt að ógilda samkvæmt þeim. Því er í 1. tölul. lagt til að slík einkaleyfi verði aðeins ógilt í samræmi við ákvæði eldri laga.

Lagt er til að gildistíma einkaleyfa verði breytt þannig að þau geti gilt í 20 ár frá innlagningardegi. Núgildandi lög kveða hins vegar á um að einkaleyfi geti gilt í 15 ár frá útgáfudegi. Breytingin hefur í för með sér að gildistími einkaleyfa lengist ef málsmeðferð umsókna er styttri en fimm ár. Hins vegar styttist gildistíminn í þeim tilvikum sem málsmeðferð dregst lengur en fimm ár. Rétt þykir að láta hinn nýja gildistíma einnig eiga við eldri réttindi, með vissum takmörkunum þó. Í vissum tilvikum er ósanngjarnt að gildistíminn lengist, t.d vegna nytjaleyfishafa eða þeirra sem gert hafa ráðstafanir til að hagnýta einkaleyfi eftir að það fellur úr gildi. Því er í 2. tölul. lagt til að gildistími einkaleyfa, sem veitt eru 10 árum fyrir gildistöku laganna, verði í samræmi við ákvæði eldri laga. Þetta tekur til þeirra einkaleyfa sem eiga eftir eldri lögum að falla úr gildi innan fimm ára frá gildistöku þessara laga. Þau sem eiga eftir lengri gildistíma falla undir ákvæði nýju laganna. Þannig gefst þeim sem hafa af því hag að einkaleyfi falli úr gildi tími til að bregðast við breyttum aðstæðum. Einnig telst ósanngjarnt að breytingin verði til þess að gildistími einkaleyfa, sem gefin eru út á grundvelli eldri laga, styttist með nýjum lögum. Því er hér tillaga um ákvæði 2. málsl. 2. tölul.

Með viðbótareinkaleyfi, sem eru í gildi eða verða veitt, sbr. 80. gr. frumvarpsins, skal farið eftir ákvæðum núgildandi laga.

Um 77. gr.

Ákvæði frumvarpsins um fornotkunarrétt er þrengra en ákvæði núgildandi laga. Hafi fornotkunarréttur stofnast samkvæmt eldri lögum áður en þessi lög tóku gildi er lagt til að hann haldist þrátt fyrir gildistöku þessara laga.

Um 78. gr.

Það er meginregla að ákvæði laganna gildi um meðferð umsókna sem lagðar eru inn fyrir gildistöku laganna. Gert er ráð fyrir ýmsum undantekningum til að tryggja hagsmuni umsækjanda og einnig til að auðvelda umskiptin, sbr. 1.–4. tölul. þessarar greinar svo og ákvæði 79. og 80. gr. frumvarpsins.

Svo sem greinir í 1. tölul. skal umsókn, sem auglýst hefur verið í samræmi við 13. gr. núgildandi laga, meðhöndluð eftir ákvæðum þeirra laga.

2. tölul. tekur til umsókna um viðbótareinkaleyfi. Ekki er í frumvarpi þessu heimild til veitingar viðbótareinkaleyfa. Við samningu frumvarps þessa lágu ekki fyrir neinar umsóknir um viðbótareinkaleyfi. Hins vegar geta borist umsóknir um slík einkaleyfi áður en lög þessi öðlast gildi. Með þær umsóknir fer samkvæmt eldri lögum.

Í 3. tölul. er kveðið á um að þegar ákvæði laganna um varðveislu ræktar af örverustofni taka gildi, sbr. 3. mgr. 75. gr., skuli þau aðeins gilda um umsóknir sem berast eftir það tímamark.

Ekki þykir rétt að láta umsækjanda, sem lagt hefur inn umsókn fyrir gildistöku laga þessara, skila inn ágripi af lýsingu og einkaleyfiskröfum. Því er í 4. tölul. sett ákvæði þar að lútandi.

Um 79. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að hægt sé að veita einkaleyfi fyrir uppfinningum sem ekki teljast einkaleyfishæfar samkvæmt núgildandi lögum. Því er möguleiki á að umsókn, sem lögð er inn fyrir gildistöku laga þessara, verði breytt þannig eftir gildistöku þeirra að hún nái til einhvers sem áður var óeinkaleyfishæft. Það gæti t.d. átt við umsókn um aðferð við framleiðslu ákveðins nautnaefnis sem er breytt þannig eftir gildistöku þessara laga, á grundvelli 13. gr. frumvarpsins, að umsóknin nái einnig til efnisins sjálfs. Því er í 1. mgr. lagt til að þeim sem við gildistöku laganna hagnýtir uppfinningu, sem ekki var áður hægt að veita einkaleyfi fyrir en það er hægt eftir gildistöku þeirra, sé heimilt að halda þeirri hagnýtingu áfram á sama hátt og gildir um fornotkunarrétt skv. 4. gr. frumvarpsins.

Í frumvarpinu er einnig lagt til að einkaréttur sá, sem einkaleyfi veitir, verði rýmkaður frá því sem er skv. 5. gr. núgildandi laga. Því er í 2. mgr. lagt til að hagnýting, sem hófst fyrir gildistöku laganna og heimil var samkvæmt eldri lögum, verði áfram heimil þeim sem hóf hana á sama hátt og um fornotkunarrétt væri að ræða.

Um 80. gr.

Frumvarpið hefur í för með sér að fleiri ástæður geta valdið því að uppfinning teljist þekkt og þar með óeinkaleyfishæf. Það verður að teljast óréttlátt að beita ákvæði þessara laga um nýnæmishindrun gagnvart umsókn um uppfinningu sem hefur orðið kunnug almenningi á þann hátt, sem ekki telst nýnæmishindrandi samkvæmt eldri lögum, fyrir gildistöku þessara laga. Því er hér lagt til að ef svo háttar til verði nýnæmi viðkomandi uppfinningar metið á grundvelli eldri laga ef umsókn um einkaleyfi fyrir henni er lögð inn ekki seinna en sex mánuðum eftir gildistöku þessara laga. Þetta á bæði við um mat á nýnæmi uppfinningar á umsóknarstigi og einnig vegna mats á nýnæmi hennar vegna hugsanlegs ógildingarmáls.

Um 81. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Skýrsla iðnaðarráðherra til Alþingis um endurskoðun löggjafar um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar.

(Lögð fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

INNGANGUR

Svo sem fram kom í stefnuræðu forsætisráðherra var að því stefnt að leggja fram frumvarp til nýrra laga um einkaleyfi á þessu þingi.

Eftir athugun á máli þessu í ráðuneytinu sl. haust skipaði iðnaðarráðherra, þann 18. nóvember 1987, þrjá sérfróða menn til að vinna að endurskoðun á lögum um einkaleyfi. Eftir viðræður sérfræðinganna við helstu hagsmunaaðila og athugun á réttarþróun meðal annarra þjóða varð ljóst að verk þetta er viðameira en svo að hægt sé að ljúka endurskoðuninni á þessu þingi. Þess í stað var ákveðið að vinna að víðtækari heildarendurskoðun löggjafar á þessu sviði og er stefnt að því að henni verði lokið í október 1988.

Rétt þykir að gefa Alþingi nú sérstaka skýrslu varðandi endurskoðun löggjafar um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar og gera grein fyrir þeirri meginstefnu sem unnið er eftir við endurskoðunina.

I.

Með erindisbréfi dags. 18. nóvember 1987 fól iðnaðarráðherra þeim Gunnari Erni Harðarsyni tæknifræðingi, Jóni L. Arnalds borgardómara og Þorgeiri Örlygssyni, settum prófessor, að vinna að úttekt vegna endurskoðunar á lögum um einkaleyfi. Var þess óskað að þeir ynnu að úttekt, upplýsingasöfnun og fyrstu tillögugerð, er gæti orðið leiðbeinandi við samningu frumvarps að nýjum einkaleyfalögum.

Samkvæmt erindisbréfinu var verkefnið einkum fólgið í greiningu og yfirlitskönnun á stöðu einkaleyfamála hérlendis. Markmiðið var að leiða í ljós hverra meginbreytinga væri þörf á núgildandi einkaleyfalögum út frá því grundvallarsjónarmiði að þau þjónuðu sem best þróun og nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Í tengslum við þessa vinnu var einnig óskað eftir ábendingum varðandi vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar að öðru leyti.

Í erindisbréfinu var lögð á það áhersla að fram færu viðræður við hagsmunaaðila í iðnaði og skyldum starfsgreinum, aðila í stjórnkerfinu og stofnanir og ráðgjafarfyrirtæki á sviði einkaleyfamála.

Enn fremur var þess óskað að varpað yrði ljósi á helstu þætti í þróun einkaleyfamála á alþjóðavettvangi.

II.

Starfshópurinn hófst þegar handa við undirbúning og skipulagningu verksins. Haldnir voru fundir með eftirtöldum hagsmunaaðilum:

1. Félagi umboðsmanna einkaleyfa og vörumerkja,
2. Félagi íslenskra iðnrekenda,
3. Landssambandi íslenskra iðnaðarmanna,
4. Félagi hugvitsmanna,
5. Rannsóknaráði ríkisins,
6. fulltrúum frá Iðntæknistofnun og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins,
7. sóttir voru tveir fundir á vegum SVESI, Samtaka um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar.

Þá hélt starfshópurinn fundi með aðilum í stjórnkerfinu og ýmsum sérfræðingum í hugverkarétti.

Auk þessa hélt starfshópurinn reglulega fundi og fór yfir fyrirliggjandi gögn og stöðu mála.

Starfshópurinn skilaði frumskýrslu til iðnaðarráðherra þann 29. janúar sl. Í skýrslunni voru settar fram tillögur um endurskoðun gildandi löggjafar á þessu réttarsviði og hvernig skyldi staðið að þeirri endurskoðun. Í skýrslu starfshópsins komu m. a. fram þau atriði sem hagsmunaaðilar töldu brýna þörf á að yrðu endurskoðuð.

III.

Í framhaldi af viðræðum við hagsmunaaðila og á grundvelli eigin mats á stöðu gildandi einkaleyfalöggjafar gerði starfshópurinn eftirfarandi að tillögu sinni:

1. Samið yrði nýtt frumvarp til einkaleyfalaga. Frumvarpið hefði í meginatriðum að leiðarljósi þá stefnu við einkaleyfisvernd, sem mörkuð var í Danmörku við endurskoðun

einkaleyfalöggjafar þar. Lögð yrði sérstök áhersla á að rýmka svið laganna og afmarka skýrar gildissvið þeirra frá því sem nú er.

2. Jafnhliða samningu nýs einkaleyfafrumvarps yrði hafinn undirbúningur að því að Íslendingar gerðust aðilar að hinum svokallaða PCT-samningi og yrði þá tekin afstaða til þess, hvort ákvæði þess samnings yrðu leidd í íslensk lög í nýjum einkaleyfalögum eða hvort það yrði gert með sérstökum lögum.
3. Lögum nr. 102/1061, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd Parísarsamþykktina um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, verði breytt þannig að Stokkhólmsgerð hennar hafi lagagildi hér á landi.
4. Fyrirliggjandi frumvarp um mynsturvernd verði endurskoðað, m.a. með hliðsjón af þróun viðtækari verndar á þessu sviði annars staðar á Norðurlöndum og víðar og lagt fram þannig.
5. Samið verði sérstakt frumvarp um stofnun sjálfstæðrar skrifstofu, er annist einkaleyfa-, vörumerkja- og mynsturskráningar.
6. Samið verði frumvarp um hugverkalega réttarstöðu þeirra manna, er vinna að uppfinningum í þjónustu annarra.

IV.

1. Um þörfina fyrir endurskoðun gildandi laga um einkaleyfi.

Gildandi lög um einkaleyfi á Íslandi (lög nr. 12/1923) eru 65 ára gömul. Frá gildistöku laganna hefur þróun í einkaleyfisrétti a alþjóðavettvangi verið hröð og hefur lögunum ekki verið breytt til samræmis við þá þróun. Vegna alþjóðlegs eðlis einkaleyfisverndar er brýn nauðsyn fyrir Íslendinga að fylgja slíkri alþjóðlegri þróun eftir.

Annmarkar á gildandi löggjöf eru m.a. eftirtaldir:

a. Svið einkaleyfisverndar er um margt óljóst markað í 1. gr. gildandi laga og of þröngt miðað við þá þróun sem átt hefur sér stað erlendis. Þannig má nefna, að óljóst er samkvæmt gildandi lögum hvort unnt er að fá einkaleyfisvernd á aðferðum á sviði örverulíffræði og afurðum slíkra aðferða. Þá má og nefna að réttur manna er takmarkaður til þess að öðlast einkaleyfi á uppfinningum á læknislyfjum og næringar- og neysluefnum, en erlendis er farið að veita einkaleyfi á slíkum uppfinningum í sívaxandi mæli.
b. Ákvæði gildandi laga um svokallað nýnæmi uppfinninga er óljóst og í ósamræmi við þá þróun sem átt hefur sér stað í nágrannalöndum okkar. Nýnæmi varðar birtingu, nýtingu eða sýningu uppfinningar. Er þörf á skýrari ákvæðum um það efni í lögum.
c. Tími einkaleyfisverndar hér á landi er 15 ár frá dagsetningu leyfisbréfs en almennt 20 ár frá umsóknardegi víðast hvar erlendis. Hér þarf samræming að koma til.
d. Samkvæmt ákvæðum 13. gr. gildandi laga fer auglýsing umsóknar fram innan 6 mánaða frá því að hún er innlögð. Þegar umsóknin hefur verið auglýst hafa allir aðgang að umsókninni og þeim lýsingum á uppfinningu sem hún hefur að geyma. Eftir slíka auglýsingu telst uppfinningin hafa verið birt opinberlega. Víðast hvar erlendis er þessi frestur 18 mánuðir. Gildandi regla hérlendis getur því skert möguleika umsækjenda á því að sækja um einkaleyfi erlendis. Þarfnast það breytinga.
e. Frestur til andmæla skv. 14. gr. er stuttur og ekki í samræmi við það sem þekkist annars staðar í heiminum.
f. Reglur gildandi laga um meðferð einkaleyfisumsókna eru mjög af skornum skammti og ófullkomnar.
g. Kröfum um gerð og frágang umsókna er áfátt og er þörf úrbóta á því sviði.
h. Ákvæði um viðbótareinkaleyfi eru úrelt og hafa víða erlendis verið felld brott. Ákvæði um undanþágur varðandi uppfinningar, sem sýndar hafa verið á alþjóðlegum sýningum, þarfnast endurskoðunar.

2. Aðild Íslands að einkaleyfasamstarfssamningnum (PCT).

Samningur þessi, sem undirritaður var í Washington D.C. árið 1970, var gerður að tilhlutan WIPO (World Intellectual Property Organization). Undirbúningur að gerð samningsins hófst upp úr 1960.

Meginmarkmið samningsins er að koma í veg fyrir tvíverknað við rannsóknir einkaleyfisumsókna þegar sótt er um vernd í mörgum ríkjum samtímis. Aðilar að samningnum eru flest stórveldin, flest ríki Vestur-Evrópu og Norðurlöndin að Íslandi undanskildu. Með samningnum var sett á laggirnar samband aðildarríkjanna til alþjóðlegrar samvinnu á sviði einkaleyfisverndar.

Rannsókn á einkaleyfishæfni og nýnæmi er miðstýrt skv. samningnum, en þó er tekin endanleg afstaða til veitingar einkaleyfis í hverju landi fyrir sig. Innlagning umsóknar í einu landi, sem er aðili að PCT (Patent Cooperation Treaty), hefur þau réttaráhrif að litið er svo á að umsóknin sé einnig lögð inn í þeim PCT-löndum þar sem verndar er jafnframt óskað.

Samningurinn gerir ráð fyrir alþjóðlegri einkaleyfisumsókn þegar óskað er verndar í mörgum löndum samtímis. Gerðar eru skýrar og ítarlegar formkröfur til umsóknar. Rannsókn á nýnæmi og einkaleyfishæfni fer fram hjá alþjóðlegri stofnun sem viðurkennd er sérstaklega til þess samkvæmt PCT-samningum. Er ætlunin að þær stofnanir, sem eru stærstar og búa yfir bestri þekkingu og getu, framkvæmi slíkar rannsóknir fyrir aðildarríkin. Sænska einkaleyfastofnunin og sú breska hafa t.d. verið viðurkenndar til slíkra rannsókna.

Þegar umsækjandi hefur fengið umsögn um bæði nýnæmið og hæfnina getur hann tekið afstöðu til þess hvort hann afturkallar umsóknina, endurbætir hana eða leggur hana inn til umsóknar í einstökum löndum.

Eins og áður sagði eru einstök lönd ekki bundin við niðurstöður rannsókna hjá viðkomandi rannsóknastofnun. Tilgangurinn með þessari miðstýringu er að létta álagi af skráningarskrifstofu í hverju landi. Samningsríkin eru frjáls að því að ákveða umfang einkaleyfisverndar hvert í sínu landi og því þarf ekki að gera efnislegar breytingar á gildissviði löggjafar í hverju ríki til innbyrðis samræmis.

PCT-samningurinn hefur auk þess að geyma ákvæði sem stuðla að tækniframförum í þróunarlöndunum og auðvelda þeim aðgang að nútímatækni.

Kostir aðildar að PCT-samningnum eru fyrst og fremst þeir að málsmeðferð umsókna verður stöðluð og umsækjandinn getur, áður en hann sækir um í einstökum löndum, aflað sér upplýsinga um nýnæmi og hæfni umsóknarinnar. Hann getur þannig myndað sér rökstudda skoðun um hvort æskilegt sé fyrir hann að halda áfram. Með þessum samningi ávinnst og það að vinna við umsóknir verður léttari fyrir yfirvöld.

Um það er deilt hvort aðild að PCT-samningnum hafi í för með sér lægri útgjöld fyrir umsækjendur þegar sótt er um í mörgum löndum samtímis. Líkur eru á því að ef litið er til lengri tíma þá muni PCT-fyrirkomulagið hafa sparnað í för með sér fyrir umsækjendur. Þá er og ljóst að PCT-fyrirkomulagið hefur í för með sér frestun útgjalda fyrir umsækjendur og léttir þeim róðurinn í upphafi.

3. Staðfesting Stokkhólmsgerðar Parísarsamþykktarinnar.

Parísarsamþykktin svokallaða um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar er upprunalega frá árinu 1883 en hefur margsinnis verið endurskoðuð, m.a. í London 2. júní 1934, í Lissabon 31. október 1958 og í Stokkhólmi 14. júlí 1967. Um 100 ríki eru aðilar að samþykktinni.

Markmið Parísarsamþykktarinnar er að tryggja að eigandi eignarréttinda á sviði iðnaðar í sérhverju aðildarríki geti sem best náð réttarvernd í hinum aðildarríkjunum. Öll Norðurlöndin nema Ísland hafa fullgilt Stokkhólmstexta samþykktarinnar í heild sinni.

Með lögum nr. 102 28. desember 1961 var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta samþykktina fyrir Íslands hönd. Það var gert og fékk hún lagagildi hér á landi frá 5. mars 1962. Ísland fullgilti þá Lundúnatextann frá 1934.

Hinn 28. september 1984 gerðist Ísland aðili að Stokkhólmstexta samþykktarinnar, þó með þeim fyrirvara að fyrstu tólf greinar textans voru undanskildar. Hvað efnissvið þeirra greina varðar gildir Lundúnatextinn því áfram.

Aðildarríki Parísarsamþykktarinnar hafa stofnað með sér samband til verndar eignarréttindum á sviði iðnaðar, svo sem það er nánar skilgreint í samþykktinni. Hún byggir á fjórum grunnreglum: **Í fyrsta lagi** að sambandsríkin séu skyld til að veita borgurum annarra sambandsríkja sömu lögvernd og þau veita eigin borgurum. **Í öðru lagi** á reglunni um lágmarksvernd sem felur í sér ákvæði um þá lágmarksvernd sem löggjöf sambandsríkis verður að uppfylla gagnvart borgurum annarra sambandsríkja. Þessi regla hefur leitt til lagasamræmingar, t.d. á Norðurlöndum. **Í þriðja lagi** er um að ræða regluna um forgangsrétt samkvæmt samþykktinni. Sú regla felur í sér að sé fyrst lögð inn umsókn um veitingu ákveðins einkaleyfis í einu sambandsríki og síðar innan ákveðins frests (eins árs) í einu eða fleiri hinna sambandsríkjanna, þá skuli líta svo á að síðari umsóknirnar hafi verið lagðar inn samtímis þeirri fyrstu. **Í fjórða lagi** er um að ræða regluna um sjálfstæða réttarvernd hvers ríkis. Hún felur það í sér að réttarvernd einkaleyfis gildi sjálfstætt í hverju ríki fyrir sig. Ef skilyrði fyrir vernd er ekki uppfyllt í einu sambandsríki kemur það ekki eitt sér í veg fyrir að vernd eða réttur geti komist á eða verið til staðar í öðru sambandsríki.

Ísland hefur þegar staðfest 13.–30. gr. Stokkhólmsgerðarinnar. Þessar greinar hafa að geyma skipulagsákvæði, einkum stofnsetningu WIPO en efnishluta Stokkhólmsgerðarinnar (1.–12. gr.) hefur Ísland enn ekki staðfest.

Efnishluti Stokkhólmsgerðarinnar hefur að geyma ýmsar breytingar til bóta bæði hvað varðar einkaleyfi og ekki hvað síst vörumerki og er æskilegt að Ísland staðfesti einnig efnishlutann og fylgi þannig alþjóðlegri þróun á þessu sviði.

4. Framlagning frumvarps til laga um mynstur.

Svokölluð vörumerkjalaganefnd, sem skipuð var 1961, skilaði frumvarpi til laga um mynsturvernd til iðnaðarráðuneytisins árið 1975. Frumvarpið var aldrei lagt fram. Það var endurskoðað fyrri hluta árs 1986 og var ætlunin að leggja það fram þá um haustið. Af því varð þó ekki. Í viðræðum starfshópsins við hagsmunaaðila kom það glöggt í ljós að ýmsir þeir sem hér á landi starfa að framleiðslu og iðnhönnun, töldu það vera mjög til bóta ef hér á landi væri í gildi löggjöf um mynsturvernd. Gerði starfshópurinn það að tillögu sinni að fyrirliggjandi frumvarp í iðnaðarráðuneytinu um mynsturvernd verði lagt fram samhliða nýju einkaleyfafrumvarpi. Verður að telja að sú vernd sem höfundalögin veita mynstrum sé ófullnægjandi fyrir iðnaðarmynstur. Þá er það og eðlilegastur skilningur á ákvæðum Lundúnatexta Parísarsamþykktarinnar, sem Íslendingar eru aðilar að, að okkur er skylt að hafa hér á landi löggjöf um mynsturvernd. Það er á hinn bóginn ótvírætt að hér á landi ber að hafa mynsturlöggjöf ef við gerumst aðilar að efnisákvæðum Stokkhólmsgerðar Parísarsamþykktarinnar.

Samkvæmt 1. gr. áðurnefnds frumvarps um mynsturvernd merkir mynstur, í skilningi frumvarpsins, fyrirmynd að útliti vöru eða fyrirmynd að skreytingu hennar. Með skráningu samkvæmt frumvarpinu getur hver sá sem gert hefur mynstur fengið einkarétt til þess að nýta sér mynstrið í atvinnuskyni. Samkvæmt þessu felur mynsturréttur í sér vernd gegn því að aðrir en mynstureigandinn nýti sér mynstrið í atvinnuskyni við framleiðslu, innflutning, útboð, sölu eða leigu á vörum sem ekki eru að verulegu leyti frábrugðnar mynstrinu.

Að frátöldum skrautmynstrum er hægt að fá skráð sem mynstur fyrirmynd að útliti á öllu því sem venjulegt er að kalla **vöru** í hefðbundnum skilningi þess orðs. Má hér sem dæmi

nefna fyrirmynd að útliti á borðum og stólum, kaffikönnum, lömpum o.s.frv. Það er einvörðungu útlit vörunnar sem notið getur verndar samkvæmt mynsturlögum. Þá er og rétt að taka fram að mynsturskráning veitir ekki vernd á tæknilegum þáttum eða eiginleikum vöru. Vernd slíkra eiginleika færi eftir einkaleyfalöggjöf ef um tæknilegar nýjungar væri að ræða.

Segja má að mynsturvernd hafi tvenns konar tilgang. **Í fyrsta lagi** veitir hún þeim hugvitsmanni sem hannað hefur nýtt form, nýjan búnað eða skreytingu vöru vernd gegn því að aðrir nýti sér það hugverk hans í atvinnuskyni. **Í öðru lagi** leiðir það af vernd mynsturlaga að sá framleiðandi sem lagt hefur í kostnað við að hanna vöru með tilteknu útliti, skreytingu eða formi, mundi í skjóli laganna öðlast tryggingu fyrir því að aðrir framleiðendur komi ekki á markaðinn með vörur sem hafa sama form eða sömu skreytingu.

Mynstur njóta að vísu ekki verndar samkvæmt gildandi höfundalögum en hún er takmörkuð. Verndin takmarkast við það að kröfum um listrænt gildi sé fullnægt. Það getur ávallt verið matsatriði hvenær kröfum um listrænt gildi er fullnægt og má því segja að í raun sé sú vernd sem höfundalögin veita mynstrum harla ófullkomin. Ef því fyllsta ástæða til þess að stíga skrefið til fulls og veita mynstrum réttarvernd án tillits til þess hvort það fullnægir kröfum um listrænt gildi eða ekki. Iðnaðarráðuneytið hefur því ákveðið að endurskoðað frumvarp um mynsturvernd verð lagt fram um leið og frumvarp til nýrra laga um einkaleyfi.

5. Stofnun skráningarskrifstofu.

Framangreindar tillögur um gagngera endurskoðun einkaleyfalaganna, um aðild okkar að hinum svokallaða PCT-samningi og um mynsturvernd fela í sér svo róttækar breytingar á gildandi fyrirkomulagi þessara mála að óhjákvæmilegt hlýtur að teljast að sett verði á laggirnar sjálfstæð skráningarskrifstofa, er annist skráningar þessar. Við ríkjandi aðstæður verður að telja að iðnaðarráðuneytið sé ekki í stakk búið að taka að sér þetta verkefni. Má einnig segja að það sé eðlilegra að svo umfangsmikil afgreiðslustörf fari fram á sérstakri skrifstofu en ekki í ráðuneytinu sjálfu.

Ætla verður að tekjur af einkaleyfa-, vörumerkja- og mynsturskráningum mundu að verulegu ef ekki öllu leyti geta staðið undir rekstrarkostnaði slíkrar skrifstofu. Löggjöfin gerir ráð fyrir því að gjöld þessi séu til þess að standa undir þjónustu ríkisins á þessu sviði en séu ekki sérstök skattheimta. Má því segja að þeir sem hagsmuna eiga að gæta eigi kröfu til þess að fá þjónustu í samræmi við gjöldin.

Rétt er að benda á það hér til samanburðar að víðast hvar erlendis er fyrirkomulag skráningar á þá lund að sérstakar skráningarskrifstofur annast skráningarstarfsemina.

6. Frumvarp um hugverkalega réttarstöðu þeirra manna er starfa í þjónustu annarra að uppfinningum.

Í viðræðum starfshópsins við hagsmunaaðila, einkum fulltrúa frá ríkisstofnunum sem starfa að rannsóknarverkefnum, kom fram að hér eru á ferðinni mörg óleyst vandamál sem brýnt er að leysa. Vandamálin eru helst fólgin í því að ágreiningur kemur upp á milli rannsóknarstofnana og fyrirtækja annars vegar og starfsmanna þeirra hins vegar um eignarréttinn að einkaleyfum á þeim uppfinningum sem verða til í rannsóknarstarfsemi stofnanna.

Einstakar stofnanir og fyrirtæki hafa reynt að leysa þetta vandamál með samningum við starfsfólk sitt en neiti starfsfólk að skrifa undir slíka samninga er vandinn óleystur. Því er þörf á lagasetningu er setji almennar reglur um hugverkalega réttarstöðu starfsfólks. Líklegt er að setning slíkrar löggjafar geti verkað hvetjandi fyrir starfsfólk, sérstaklega ef því er tryggð í lögum hlutdeild í tekjum af þeim uppfinningum sem það hefur átt þátt í að skapa.

V.

Iðnaðarráðuneytið hefur lagt á það áherslu við starfshópinn að hann ljúki við að semja frumvarp til nýrra einkaleyfalaga fyrir 1. október n.k. Þá verði einnig lokið samningu frumvarps um aðild okkar að PCT-samningnum og um stofnun sjálfstæðrar skráningarskrifstofu. Er ætlunin að leggja þessi frumvörp ásamt frumvarpi til mynsturlaga fram í þingbyrjun næsta haust. Telur starfshópurinn sig þurfa tíma fram til haustsins að ljúka þessu verki.

Þá hefur iðnaðarráðuneytið lagt á það áherslu við starfshópinn að strax og lokið er við að semja þau frumvörp sem að framan getur verði samið frumvarp um hugverkalega réttarstöðu starfsmanna sem vinna að uppfinningum í þágu annarra. Jafnframt skal samið frumvarp um gildistöku efnishluta Stokkhólmsgerðar Parísarsamþykktarinnar.

Fylgiskjal II.

Um upphaf einkaleyfisverndar og alþjóðasamstarf.

1.0. Sögulegt yfirlit.

Uppfinningar eru undirstaða tækniframfara í hverju landi. Frá örófi alda hefur uppfinningamönnum verið umbunað á ýmsan hátt til að hvetja þá til frekari dáða. Einvaldar fyrri tíma veittu einstökum uppfinningamönnum ýmis sérréttindi, sem m.a. fólust í einkarétti til að hagnýta uppfinninguna í ákveðinn tíma. Þessi sérréttindi, sem byggðust á handahófskenndu og pólitísku ákvörðunarvaldi einvaldanna, eru forverar einkaleyfa í nútímaskilningi. Fyrstu einkaleyfalögin, sem kváðu á um almennar reglur um veitingu einkaleyfa, voru sett í Feneyjum 1474. Þau veittu uppfinningamönnum 10 ára einkarétt á að hagnýta nýjar og gagnlegar uppfinningar. Jafnframt var það skilyrði að uppfinningin yrði hagnýtt innan ákveðins tíma. Þessi lög höfðu því flesta megindrætti nútímalöggjafar um einkaleyfi. Aðrar þjóðir fylgdu þó ekki í kjölfarið og næstu einkaleyfalög voru ekki sett fyrr en 1623 í Englandi. Þau lög afnámu reyndar áður útgefin „einokunarleyfi" og lögðu bann við útgáfu nýrra. Þó var sú mikilvæga undantekning þar á að hægt var að veita einkaleyfi til 14 ára fyrir uppfinningum sem fólu í sér nýja framleiðsluhætti áður óþekkta í Englandi og töldust til almenningsheillar. Næsta mikilvæga skref í þróun einkaleyfalöggjafar var setning einkaleyfalaga í Bandaríkjum Norður-Ameríku 1790 og í Frakklandi 1791. Þessi lög áttu rót sína að rekja til þeirra pólitísku byltinga sem höfðu átt sér stað í þessum löndum og byggðust á þeirri kenningu að einstaklingar hefðu eðlislægan eignarrétt á hugverkum sínum.

Iðnbyltingin, sem hófst á 18. öld, var helsti hvatinn að nútíma einkaleyfalöggjöf. Það er þó ekki fyrr en á seinni hluta 19. aldar að flest iðnríki heims eru komin með einkaleyfalöggjöf í nútímaskilningi. Þróun á alþjóðavettvangi, þ.e. undirritun og gildistaka Parísarsáttmálans árið 1883 um alþjóðavernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, hafði þar mikil áhrif. Löggjöf einstakra landa þróaðist þó á mismunandi hátt og var byggð á ólíkum hugmyndafræðilegum grunni. Ýmis rök fyrir veitingu einkaleyfa hafa séð dagsins ljós í tímans rás. Þó að ekki þurfi að rökstyðja eða réttlæta veitingu einkaleyfa nú eru þau rök og sjónarmið, sem jafnan hafa verið notuð til að réttlæta einkaréttinn, enn áhugaverð því að þau skýra margar meginreglur einkaleyfisréttarins. Af þeim rökum, sem hafa haft mest gildi, má fyrst nefna umbunarsjónarmiðið, þ.e. að uppfinningamaðurinn eigi rétt á umbun fyrir framlag sitt til tækniframfara. Skylt því er hvatningarsjónarmiðið, þ.e. að líta má á einkaréttinn til að hagnýta uppfinning-

una og þar með möguleika á fjárhagslegum ábata einkaleyfishafa sem umbun og hvatningu til frekari uppfinninga. Eignarréttarsjónarmiðið byggist á náttúrurétti. Uppfinningamaðurinn á eðlislægan eignarrétt á hugverki sínu. Að lokum er það opinberunarsjónarmiðið. Hér er viðmiðunin sú að sá sem sækir um einkaleyfi er tilbúinn að birta almenningi lýsingu á uppfinningu sinni í stað þess að hagnýta hana með leynd. Birtingin er forsenda þess að aðrir geti kynnt sér uppfinninguna og þannig verður hún grundvöllur áframhaldandi tækniþróunar. Þess vegna á sá sem sækir um einkaleyfi rétt á þeirri umbun sem felst í einkaréttinum.

Öll ofangreind rök mæla með einkarétti einkaleyfishafa. Hins vegar eru líka sterk rök byggð á almannahagsmunum sem mæla gegn einkaréttinum. Þjóðfélaginu er nauðsyn að tækniframfarir komi öllum þegnum þess til góða. Enn fremur er nauðsynlegt að einkarétturinn hindri ekki áframhaldandi þróun tækni og vísinda. Þessi sjónarmið hafa leitt til þess að einkarétturinn hefur ávallt verið takmarkaður. Mikilvægasta takmörkunin er gildistími einkaleyfa sem er yfirleitt 15–20 ár. Auk þess eru í einkaleyfalögum flestra ríkja ákvæði um að uppfinningin skuli hagnýtt innan ákveðins tíma. Sé það ekki gert má veita svokallað nauðungarleyfi, þ.e. öðrum er leyfð hagnýting uppfinningar án samþykkis einkaleyfishafa.

Áhersla á almannahagsmunum annars vegar og einkarétti einkaleyfishafa hins vegar hefur verið mismunandi frá landi til lands. Þannig veita þjóðir með miðstýrt efnahagskerfi mjög sjaldan einkaleyfi og einkaleyfishafar þar hafa mjög takmarkaða möguleika til að nýta einkaleyfi sín. Uppfinningamenn í þessum löndum eiga hins vegar kost á að fá útgefið svokallað „uppfinningaskírteini“ sem veitir ríkinu einkarétt á hagnýtingu uppfinningar gegn endurgjaldi til skírteinishafa.

Tvær meginstefnur ríkja um framkvæmd varðandi veitingu einkaleyfa. Annars vegar er „rannsóknarkerfið“, sem byggist á því að einkaleyfisbeiðnin er rannsökuð með tilliti til einkaleyfishæfi uppfinningarinnar áður en einkaleyfi er veitt, og hins vegar „skráningakerfið“, þar sem einkaleyfi eru veitt á grundvelli skráningar án forrannsóknar. Grundvallarmunur þessara tveggja aðferða er að einkaleyfayfirvöld í löndum, sem aðhyllast rannsóknarkerfið, úrskurða um hvort uppfinning uppfylli kröfur um einkaleyfishæfi og umsækjandi þarf að setja fram nákvæmar kröfur í umsókn sem afmarka andlag og umfang einkaréttarins. Einkaleyfayfirvöld í löndum, sem aðhyllast skráningakerfið, hafa ekki úrskurðarvald um einkaleyfishæfi uppfinninga, heldur hafa dómstólar einir lögsögu um gildi og umfang veittra einkaleyfa. Báðar aðferðir gera ráð fyrir opinberri birtingu umsókna og/eða veittra einkaleyfa. Rannsóknarkerfið hefur löngum verið talið tryggja hagsmuni einkaleyfishafa betur þar sem gildi veittra einkaleyfa er tryggara eftir forrannsókn umsókna. Þar á móti kemur að skráningakerfið er mun einfaldara í sniðum og þar af leiðandi mun fljótlegra og ódýrara í framkvæmd.

Öll iðnríki heims byggja á annarri hvorri framangreindra aðferða í mismunandi útfærslum. Bandaríkjamenn urðu fyrstir til að taka upp rannsóknarkerfið og þeir hafa kannað nýnæmi og einkaleyfishæfi umsókna frá 1836. Bretar tóku upp takmarkaða rannsókn umsókna 1883 sem síðan hefur verið aukin stig af stigi. Það var þó ekki fyrr en með núgildandi einkaleyfalögum sem voru sett 1977 að fullkomin rannsókn umsókna var tekin upp í Bretlandi. Þjóðverjar, Japanir og norrænu þjóðirnar byggja einkaleyfaframkvæmd sína á nákvæmri rannsókn umsókna. Frakkar og Belgar eru meðal þeirra þjóða sem enn aðhyllast skráningakerfið. Frakkar hafa þó nýlega breytt sínum lögum og m.a. var nýnæmisrannsókn tekin upp sem er skref í átt að rannsóknarkerfi.

Þrátt fyrir það að rannsóknarkerfið tryggi betur gildi útgefinna einkaleyfa og þar með hagsmuni iðnaðarins er aðferðin ekki gallalaus. Helsti annmarkinn er hversu tímafrek rannsókn umsókna er. Með auknum tækniframförum hefur fjöldi umsókna margfaldast undanfarin ár og einkaleyfaskrifstofur átt æ erfiðara með að anna þeirri fjölgun. Það getur því tekið mörg ár að fá einkaleyfi útgefið. Því tóku nokkur lönd, þar á meðal Holland, Vestur-Þýskaland og Japan, upp svokallað „biðrannsóknarkerfi“ á sjötta áratugnum. Það kerfi er

byggt á því að efnisrannsókn er frestað. Upphaflega er umsókn aðeins rannsökuð með tilliti til formgalla. Efnisrannsókn fer síðan aðeins fram að beiðni umsækjanda eða þriðja aðila og gegn greiðslu rannsóknagjalds. Ef beiðni um efnisrannsókn er ekki borin upp innan ákveðins tíma, oftast 5–7 ára, fellur umsóknin úr gildi. Til að halda umsókninni í gildi í millitíðinni þarf að borga árgjald, svipað og fyrir útgefin einkaleyfi. Þar sem stór hluti einkaleyfisverndaðra uppfinninga reynast ekki hagnýtar er þeim ekki haldið í gildi nema í nokkur ár. Því hlýst vinnusparnaður af þessu fyrirkomulagi. Hins vegar eru á því sömu annmarkar og á skráningakerfinu, þ.e. áður en efnisrannsókn fer fram er óvíst um gildi og umfang á vernd uppfinningarinnar.

2.0. Alþjóðasamstarf um vernd einkaleyfa.

Mikil samræming hefur orðið á framkvæmd og efnisrétti einkaleyfalaga ríkja fyrir tilstilli alþjóðasamvinnu. Fyrsti árangur þeirrar samvinnu var undirritun Parísarsáttmálans 1883 um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar. Var hann nánast eini alþjóðasáttmálinn á sviði einkaleyfa fram yfir seinni heimsstyrjöld. Þá kom mikill fjörkippur í alþjóðasamstarf á þessu sviði sem öðrum, sérstaklega í Vestur-Evrópu.

2.1. Parísarsáttmálinn frá 1883.

Auknar samgöngur og alþjóðaviðskipti í kjölfar iðnbyltingarinnar sköpuðu þörf á alþjóðlegri vernd einkaleyfa. Þörf á alþjóðlegum reglum var sérstaklega brýn þar sem einkaleyfi voru yfirleitt ekki veitt nema til ríkisborgara viðkomandi landa. Flestar þjóðir heimiluðu „innflutning“ uppfinninga, þ.e. einkaleyfi var veitt þeim sem fyrstur kynnti uppfinninguna í viðkomandi landi óháð því hvort hún væri í raun eign annars og vernduð sem slík í öðru landi. Uppfinningar sem og önnur hugverk er auðvelt að flytja milli landa og vegna skorts á alþjóðasamvinnu gátu einkaleyfishafar ekki hindrað „milliríkjastuld“ á uppfinningum. Nokkrar þjóðir bundust því um það samtökum á seinni hluta nítjándu aldar að finna lausn á þessum vanda. Árangur þeirrar samvinnu var undirritun Parísarsáttmálans um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar 20. mars 1883. Aðildarríki voru upphaflega aðeins 11, en voru orðin 100 1. janúar 1990.

Sáttmálinn tekur til allra eignarréttinda á sviði iðnaðar. Hann byggist á nokkrum grundvallarreglum sem eru sameiginlegar fyrir öll þau eignarréttindi sem hann tekur til. Fyrsta grundvallarreglan er að aðildarríki eru skyld til að veita borgurum og fólki, sem búsett er í aðildarríkjum, sömu lögvernd og þau veita eigin borgurum. Því er ekki lengur hægt að neita aðila um einkaleyfi eingöngu vegna þess að hann sé útlendingur nema viðkomandi komi frá landi sem ekki er aðili að sáttmálanum. Önnur grundvallarreglan miðar að því að auðvelda mönnum að sækja um einkaleyfi fyrir sömu uppfinningu í mörgum löndum. Flest iðnríki byggja nú orðið á ótakmörkuðu nýnæmi. Ótakmarkað nýnæmi felur í sér að allt sem talið er þekkt á innlagningardegi umsóknar er tekið til greina við mat á nýnæmi uppfinningarinnar. Skiptir þá ekki máli í því sambandi í hvaða formi birting hefur átt sér stað né hvar í heiminum eða hvenær. Það er því vandkvæðum bundið að sækja um einkaleyfi í mörgum löndum því að til að uppfylla skilyrði um nýnæmi þyrftu umsóknir að vera lagðar inn samdægurs í öllum þeim löndum sem verndar er óskað í. Parísarsáttmálinn kveður því á um forgangsrétt til umsókna. Samkvæmt honum á sá sem leggur inn umsókn í einu aðildarlandi forgangsrétt á því að leggja inn umsóknir varðandi sömu uppfinningu í öðrum aðildarríkjum innan tólf mánaða frá fyrstu umsókn. Seinni umsóknir, sem umsækjandi leggur inn í öðrum ríkjum innan árs, teljast hafa sama innlagningardag og fyrsta umsóknin. Þriðja grundvallarreglan er um sjálfstæði réttarverndar hvers ríkis. Ef umsókn um einkaleyfi er hafnað í einu aðildarríki kemur það eitt sér ekki í veg fyrir að einkaleyfi verði veitt í öðru aðildarríki. Sama á við um allar aðrar ákvarðanir um einkaleyfi, svo sem veitingu eða ógildingu. Að lokum byggist sáttmálinn á reglum um ákveðna lágmarksvernd sem hvert aðildarríki verður að veita ríkisborgurum annarra ríkja.

Þessi regla var sett til að stuðla að samræmingu og aukinni vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar. Ef aðildarríki samræmir ekki löggjöf sína ákvæðum sáttmálans um lágmarksvernd getur það leitt til þess að erlendir ríkisborgarar eigi betri rétt í því ríki en eigin þegnar þess.

Helstu ákvæði sáttmálans um lágmarksvernd uppfinninga eru eftirfarandi: Uppfinningamaður á rétt á að vera tilgreindur sem slíkur í einkaleyfi. Þetta ákvæði er til að tryggja siðferðilegan rétt uppfinningamanns til uppfinningar sinnar. Þar sem flest einkaleyfi eru nú orðið veitt til annarra en uppfinningamannsins sjálfs, ýmist vegna þess að atvinnurekandi hans á betri rétt til einkaleyfisins samkvæmt lögum eða samningi eða vegna framsals, er þetta mikilvægt ákvæði. Í öðru lagi má ekki neita að veita einkaleyfi fyrir uppfinningu eða ógilda einkaleyfi vegna þess að bannað sé að selja þær afurðir sem af hagnýtingu uppfinningarinnar leiðir eða vegna annarra takmarkana á hagnýtingu hennar. Mikilvægasta og umdeildasta ákvæðið um einkaleyfi varðar hagnýtingu þess. Frá upphafi hafa lög um einkaleyfi lagt ríka áherslu á hagnýtingu uppfinninga, enda einn megintilgangur verndar að auka tæknivæðingu þjóða. Þegar til Parísarsáttmálans var stofnað var í flestum löndum hægt að ógilda einkaleyfi væri það ekki hagnýtt innan ákveðins tíma. Ljóst er að erfitt og óhagkvæmt getur verið að nýta uppfinningu í öllum þeim löndum þar sem hún nýtur einkaleyfisverndar. Því var snemma reynt að milda viðurlög við því að vernduð uppfinning væri ekki hagnýtt. Á móti kemur hins vegar það sjónarmið að vernduð uppfinning kemur ekki landsmönnum að gagni nema hún sé hagnýtt í viðkomandi landi. Á það helst við þau ríki sem skammt eru komin í tækniþróun. Hafa ákvæði um hagnýtingu uppfinninga því frá upphafi verið eitt helsta bitbein aðildarríkja Parísarsáttmálans. Núgildandi reglur sáttmálans kveða á um að aðildarríki megi heimila útgáfu nauðungarleyfa til handa þriðja aðila til að hagnýta einkaleyfi til að sporna við misbeitingu einkaréttarins. Tilvik, sem m.a. telst misbeiting, er ef hagnýting einkaleyfis hefur ekki hafist innan ákveðins tíma og einkaleyfishafi hefur ekki gildar ástæður fyrir þeim drætti. Ógilding einkaleyfis vegna þess að einkaleyfi hefur ekki verið hagnýtt er óheimil nema nauðungarleyfi hafi ekki borið árangur.

Parísarsáttmálinn hefur verið endurskoðaður sex sinnum frá því að hann tók gildi. Hver endurskoðun þýðir í raun að nýr sáttmáli er gerður og þurfa aðildarlöndin að fullgilda hina endurskoðuðu gerð hans. Þar til fullgilding hefur átt sér stað eru ríkin bundin af eldri gerð sáttmálans. Aðildarríkin eru því bundin af mismunandi gerðum sáttmálans þó að flest hafi fullgilt síðustu endurskoðun sem var gerð í Stokkhólmi 1967. Ný aðildarlönd geta þó ekki valið milli eldri gerða sáttmálans heldur þurfa þau að fullgilda síðustu endurskoðun hans. Ísland gerðist aðildarríki Parísarsáttmálans 1961 og fullgilti þá Lundúnagerð hans frá 1934. Formreglur Stokkhólmsgerðar sáttmálans voru fullgiltar á Íslandi 1984, sbr. auglýsingu nr. 17 frá 1984, en efnisreglurnar undanskildar og því gildir efnisréttur Lundúnagerðarinnar enn hér á landi.

2.2. Alþjóðahugverkastofnunin.

Alþjóðahugverkastofnunin (World Intellectual Property Organization eða WIPO) var stofnuð með sérstökum sáttmála í Stokkhólmi 1967. WIPO tók við stjórn og rekstri Parísarsáttmálans um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar. Áður hafði umsjá sáttmálans verið á höndum alþjóðaskrifstofu (BIRPI) sem heyrði formlega undir svissnesku ríkisstjórnina. Tilgangur með stofnun Alþjóðahugverkastofnunarinnar var að samræma og efla alþjóðasamvinnu á öllum sviðum hugverkaréttar. Stofnunin hefur því umsjón með helstu alþjóðasamningum um eignarréttindi á sviði iðnaðar og á sviði höfundaréttar. Hún vinnur að samræmingu löggjafar aðildarríkja sinna varðandi hugverkarétt, sér um alþjóðaskrásetningar, veitir ráðgjöf og safnar og miðlar upplýsingum. Frá 1974 hefur Alþjóðahugverkastofnunin verið ein af sérfræðistofnunum Sameinuðu þjóðanna. Höfuðstöðvar WIPO eru í Genf. Aðildarlönd sáttmálans um Alþjóðahugverkastofnunina voru orðin 126 1. janúar 1990. Ísland gerðist aðili að Alþjóðahugverkastofnuninni 13. júní 1986, sbr. auglýsingu nr. 11/1986 í C-deild Stjórnartíðinda.

2.3. Samstarfssáttmálinn um einkaleyfi (PCT).

Ein af meginreglum einkaleyfisréttarins er forráðasvæðisreglan. Hún felur í sér að vernd uppfinninga samkvæmt einkaleyfi nær eingöngu til þess lands sem veitir einkaleyfið. Ef óskað er verndar á sömu uppfinningu í fleiri löndum þarf því að sækja um einkaleyfi í hverju landi fyrir sig og hefur það í för með sér margfalda vinnu umsækjanda og skráningayfirvalda. Því var snemma byrjað að ræða möguleikann á „alþjóðaeinkaleyfi", þ.e. einkaleyfi sem gildir í mörgum löndum. Það var eitt af upphaflegum markmiðum upphafsmanna Parísarsáttmálans frá 1883. Því markmiði hefur enn ekki verið náð og þykir ólíklegt að svo verði í náinni framtíð. Hins vegar hefur meiri árangur náðst við að samræma og koma á alþjóðlegri miðstýringu umsókna og rannsókna á þeim.

Á sjötta áratugnum fjölgaði umsóknum um einkaleyfi mikið og þau lönd, sem aðhylltust rannsóknarkerfið, voru að kikna undir vinnuálagi. Fjölgunin stafaði aðallega af örri tækniþróun sem leiddi til aukins umfangs nýnæmisrannsókna. Jafnframt leiddu aukin alþjóðaviðskipti til þess að æ algengara varð að sótt væri um einkaleyfi fyrir sömu uppfinningu í mörgum löndum. Afleiðingin varð margföldun og sífelld endurtekning á sömu vinnu hjá einkaleyfayfirvöldum. Því var það að frumkvæði Bandaríkjanna og með stuðningi annarra helstu iðnríkja heims að umræða hófst innan BIRPI (og síðan WIPO) um möguleika á alþjóðasamningi um alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir og rannsókn á þeim. Árangur þeirrar umræðu var undirritun samstarfssáttmálans um einkaleyfi (Patent Cooperation Treaty eða PCT) í Washington 1970.

Samstarfssáttmálinn er opinn öllum aðildarríkjum Parísarsáttmálans og WIPO hefur umsjón með honum. Aðildarlönd hans voru 43 talsins 1. janúar 1990, þar á meðal öll helstu iðnríki heims svo og Norðurlandaþjóðirnar fjórar, Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð. Ríkisborgarar eða aðilar búsettir í aðildarríkjum sáttmálans geta samkvæmt honum lagt inn alþjóðlega einkaleyfisumsókn og hefur hún gildi fyrir öll þau aðildarríki sem umsækjandi tilgreinir í umsókninni. Alþjóðlegar umsóknir skulu lagðar inn hjá einkaleyfayfirvöldum í heimalandi umsækjanda. Auk þess geta Einkaleyfastofnun Evrópu, sbr. kafla 2.5.3., og WIPO tekið á móti alþjóðlegum umsóknum. Sáttmálinn tiltekur nákvæmlega hvaða formskilyrði alþjóðleg umsókn þarf að uppfylla. Uppfylli umsóknin þau hefur hún sömu réttaráhrif í tilgreindum löndum og venjuleg einkaleyfisumsókn lögð inn í landinu og ekki er heimilt að hafna henni vegna formgalla. Einkaleyfayfirvöld, sem taka á móti alþjóðlegri umsókn, athuga hvort hún uppfylli formskilyrði. Geri hún það er umsóknin send áfram til nýnæmisrannsóknar. Nýnæmisrannsókn fer fram hjá nokkrum stærri einkaleyfastofnunum aðildarríkja samstarfssáttmálans, svo og hjá Einkaleyfastofnun Evrópu. Hvert aðildarríki verður fyrir fram að ákveða hvaða stofnun það vilji nota í þessu sambandi. Sænska einkaleyfastofnunin er alþjóðleg leitarstöð undir samstarfssáttmálanum og sér hún um nýnæmisrannsókn fyrir norrænu þjóðirnar ásamt Einkaleyfastofnun Evrópu. Eftir að nýnæmisrannsókn hefur farið fram er gefin út nýnæmisskýrsla. Skal það gert innan 16 mánaða frá því að alþjóðaumsókn var lögð inn eða frá forgangsréttardegi umsóknar ef sá frestur rennur út fyrr. Á grundvelli nýnæmisskýrslunnar getur umsækjandi ákveðið hvort hann vilji afturkalla umsóknina eða framfylgja henni. Afturkalli umsækjandi ekki umsóknina birtir WIPO hana innan 18 mánaða frá innlagningar- eða forgangsréttardegi. Jafnframt sendir WIPO öllum þeim löndum, sem tilgreind eru í umsókninni og ekki hafa verið afturkölluð, afrit af umsókninni og nýnæmisskýrslunni. Umsækjandi verður síðan að greiða venjuleg umsóknargjöld og leggja fram þýðingu á umsókninni í hverju því landi, sem hann óskar verndar í, innan 20 mánuða frá innlagningar- eða forgangsréttardegi hennar. Eftir það verður meðferð alþjóðlegrar umsóknar hin sama og venjulegra umsókna. Einkaleyfayfirvöldum einstakra aðildarríkja er frjálst að framkvæma eigin nýnæmisrannsókn til viðbótar hinni alþjóðlegu ef þurfa þykir, en eins og áður segir mega þau ekki hafna umsókninni vegna formgalla.

Auk alþjóðlegrar nýnæmisrannsóknar gefur samstarfssáttmálinn líka kost á bráðabirgðaskýrslu um einkaleyfishæfi uppfinningar í alþjóðaumsókninni. Ef umsækjandi ákveður að notfæra sér þann möguleika er frestur til að greiða umsóknargjald og leggja fram þýðingar hjá einkaleyfayfirvöldum einstakra landa framlengdur um 10 mánuði til viðbótar við áðurgreinda 20 mánuði. Umsækjandi hefur því enn lengri tíma til að ákveða hvort hann vilji framfylgja alþjóðaumsókninni. Þar að auki gefur bráðabirgðaskýrslan umsækjanda upplýsingar um möguleika hennar til að ná vernd. Þar sem skilyrði um einkaleyfishæfi eru mismunandi frá einu aðildarríki til annars er rík áhersla lögð á að rannsóknin sé aðeins til bráðabirgða og hún sé ekki bindandi fyrir einkaleyfayfirvöld aðildarríkja. Þrátt fyrir það höfðu margar þjóðir áhyggjur af því að of mikið mark yrði tekið á bráðabirgðaskýrslunni og einkaleyfishæfi uppfinninga yrði alfarið dæmt á grundvelli hennar. Því var ákveðið að heimila aðildarríkjum að setja fyrirvara um ákvæði samstarfssáttmálans varðandi bráðabirgðarannsókn á einkaleyfishæfi uppfinninga. Nokkur lönd notfærðu sér þessa undanþágu, þar á meðal Bandaríkin, Danmörk og Noregur. Þessi ótti hefur þó reynst ástæðulaus og Bandaríkin afléttu undanþágunni 1987, Danmörk 1988 og til stendur að gera slíkt hið sama í Noregi á næstunni.

Samstarfssáttmálinn hefur ótvíræða kosti og vinnusparnað í för með sér bæði fyrir umsækjendur og einkaleyfayfirvöld. Hann hefur þó verið gagnrýndur fyrir að vera of þunglamalegur í framkvæmd. Sú gagnrýni átti e.t.v. rétt á sér í upphafi, en frá því að sáttmálinn tók gildi hefur hann verið endurskoðaður tvisvar með það í huga að einfalda málsmeðferð og haft er vakandi auga á hvað megi betur fara í framtíðinni. Jafnframt hefur því verið haldið fram að engan fjárhagslegan sparnað leiði af sáttmálanum fyrir umsækjendur. Því er til að svara að fjárhagslegur sparnaður umsækjenda er óbeinn að því leyti að þeir hafa lengri tíma til að íhuga hvort uppfinning sé fjárhagslega hagkvæm áður en alþjóðaumsókn er framfylgt. Jafnframt geta umsækjendur sparað sér útgjöld í einstökum löndum ef ljóst er af alþjóðarannsókn umsóknarinnar að ólíklegt sé að uppfinningin hljóti vernd í einhverju tilgreindu landi. Umsækjandinn getur afturkallað umsóknina í viðkomandi landi og þannig sparað sér umsóknargjald í því landi. Ísland er enn ekki aðili að samstarfssáttmálanum, en aðild er til umræðu hjá stjórnvöldum og hagsmunaaðilum. Fyrirliggjandi frumvarp um einkaleyfi gerir ráð fyrir að aðild verði samþykkt.

2.4. Aðrir alþjóðasáttmálar varðandi einkaleyfi sem WIPO hefur umsjón með.

2.4.1. Búdapestsáttmálinn frá 1977 um alþjóðaviðurkenningu á geymslu örvera vegna umsókna um einkaleyfi fjallar um vandamál sem rísa við lýsingu á uppfinningum sem byggjast á örverum. Þegar sótt er um einkaleyfi er eitt helsta skilyrðið fyrir veitingu þess að uppfinningu sé svo skilmerkilega lýst að fagmaður geti framkvæmt hana. Erfitt er að lýsa uppfinningum, sem byggjast á örverum, eingöngu með orðum. Því er yfirleitt gripið til þess ráðs að afhenda rækt af viðkomandi örverustofni til varðveislu þar sem almenningur getur átt aðgang að henni. Þannig telst skilyrði einkaleyfalaganna um lýsingu uppfyllt. Hins vegar þurfa mjög sérstakar aðstæður að vera til staðar til að unnt sé að geyma og halda örverum á lífi. Flestar einkaleyfastofnanir eru vanbúnar í þessu efni. Örverurnar eru því yfirleitt geymdar á sérstofnunun sem viðurkenndar eru í því skyni. Mikill kostnaður og umstang er samfara geymslu og varðveislu slíkra örvera, sérstaklega fyrir umsækjanda sem vill fá einkaleyfi í mörgum löndum. Til að létta umsækjanda róðurinn kveður Búdapestsáttmálinn á um að aðildarríki hans viðurkenni að varðveisla ræktar af viðkomandi örverustofni í einni alþjóðlega viðurkenndri stofnun sé nægileg til að uppfylla skilyrði um lýsingu í umsókn. Skiptir þá ekki máli hvort sú vörslustofnun er innan eða utan viðkomandi lands. Gildir þá varðveislan í öllum aðildarríkjum sáttmálans fyrir umsókn um einkaleyfi sem byggð er á varðveittu örverunni. Þetta sparar umsækjanda bæði umstang og fjárútlát. Jafnframt eru í sáttmálanum nákvæm

ákvæði um hverjir geti fengið afhent sýni af varðveittri rækt og hvenær. Einnig er þar kveðið á um rétt til að endurnýja varðveislueintakið ef það upphaflega getur ekki lengur gegnt hlutverki sínu. Aðildarríki sáttmálans voru 24 1. janúar 1990, þar á meðal eru flest helstu iðnríki heims og Norðurlandaþjóðirnar utan Íslands. Einnig hefur Einkaleyfastofnun Evrópu viðurkennt gildi sáttmálans og ofangreind varðveisla nægir því líka vegna umsóknar um Evrópueinkaleyfi. Ákvæði fyrirliggjandi frumvarps um einkaleyfi eru í samræmi við ákvæði Búdapestsáttmálans.

2.4.2. Strassborgarsamkomulagið frá 1971 (International Patent Classification eða IPC) er grundvöllur alþjóðaflokkunarkerfis einkaleyfa. Samkvæmt þessu flokkunarkerfi er uppfinningum skipað í átta meginflokka og tæplega sextíu þúsund undirflokka. Alþjóðaflokkunarkerfi einkaleyfa er mjög mikilvægt, sérstaklega vegna nýnæmisrannsókna uppfinninga. Aðeins 27 ríki voru 1. janúar 1990 formlegir aðilar að samkomulaginu. Þrátt fyrir það nota rúmlega 70 ríki flokkunarkerfið, þar á meðal Ísland, að því er varðar veitt einkaleyfi.

2.4.3. Auk umsjónar með ofangreindum sáttmálum og samþykktum á sviði einkaleyfa er WIPO að undirbúa sáttmála sem miðar að alþjóðasamræmingu ýmissa efnisatriða einkaleyfalaga. Ef samkomulag næðist um slíkan sáttmála hefði hann í för með sér mikla hagræðingu fyrir alþjóðaviðskipti.

2.5. Vestur-evrópsk samvinna um einkaleyfi.

Eftir síðari heimsstyrjöldina hófst aftur umræða í Vestur-Evrópu um þörf á samræmingu laga og framkvæmdar varðandi eignarréttindi á sviði iðnaðar. Fyrsta skrefið varðandi einkaleyfi var samvinna Benelux-landanna og Frakklands um opnun Alþjóðaeinkaleyfastofnunarinnar í Haag 1947. Sú stofnun sá m.a. um nýnæmisrannsókn aðildarlanda sinna sem aðhylltust skráningakerfið. Stofnunin var lögð niður 1977 og Einkaleyfastofnun Evrópu í München tók við verkefnum hennar.

2.5.1. Evrópuráð var stofnað 1949. Strax á fyrsta ári þess hófst umræða um einkaleyfi og samræmingu þeirra meðal aðildarlanda ráðsins. Fyrst var rætt um að koma á fót sameiginlegri einkaleyfaskrifstofu fyrir Evrópu sem veitti evrópsk einkaleyfi. Fljótlega var hætt við þá hugmynd þar sem of mikill munur var á einkaleyfalöggjöf og framkvæmd við veitingu einkaleyfa í aðildarlöndunum. Umræðan leiddi þó til undirritunar þriggja sáttmála um einkaleyfi. Sá fyrsti var undirritaður 1953 og varðaði formsatriði við umsóknir um einkaleyfi, m.a. kvað samningurinn á um almennar reglur varðandi innlagningardag umsókna. Hins vegar er hann nú orðinn úreltur þar sem alþjóðasamræming formsatriða hefur fyrir löngu farið fram úr því sem krafist er í honum. Ísland er eitt af fimm aðildarríkjum hans. Ef fyrirliggjandi frumvarp til einkaleyfalaga verður að lögum þarf Ísland að segja upp aðild sinni. Næsti sáttmáli var undirritaður 1954 og fjallaði um alþjóðaflokkun einkaleyfa. Hann hefur verið leystur af hólmi af Strasborgarsamkomulaginu frá 1971 sem er undir umsjón WIPO. Þriðji sáttmálinn er mikilvægastur af þessum þremur. Hann fjallar um samhæfingu efnisatriða einkaleyfalaga og var undirritaður 1963, en ekki fullgiltur fyrr en 1980. Sáttmálinn er yfirleitt nefndur Strasborgarsáttmálinn. Þrátt fyrir það að sáttmálinn hefur ekki verið fullgiltur fyrr en seint og síðar meir hefur hann þó verið grundvöllur flestra meginbreytinga og samræmingar evrópskra einkaleyfalaga. Sáttmálinn hefur verið fyrirmynd við endurskoðun einkaleyfalaga einstakra ríkja, m.a. var tekið mið af honum við samræmingu norrænu einkaleyfalaganna. Einnig byggja Evrópusáttmálinn (EPC) og alþjóðasamstarfssáttmálinn um einkaleyfi báðir í aðalatriðum á Strasborgarsáttmálanum að því er varðar kröfur um einkaleyfishæfi uppfinninga.

2.5.2. Næstu skref í vestur-evrópskri samvinnu um einkaleyfi voru undirritun Evrópusáttmálans um einkaleyfi 1973 (European Patent Convention eða EPC) og síðan gildistaka hans í október 1977. Sáttmálinn er opinn öllum Evrópuríkjum og í janúar 1990 voru aðildarlönd hans 14. Af norrænum þjóðum hafa Svíþjóð og Danmörk fullgilt sáttmálann. Megintilgangur sáttmálans er að koma á samræmdri rannsókn og veitingu einkaleyfa fyrir aðildarlönd. Í þeim tilgangi var Einkaleyfastofnun Evrópu opnuð í München sama ár og sáttmálinn gekk í gildi. Stofnunin sér um útgáfu einkaleyfa fyrir aðildarlönd sáttmálans, án þess þó að venjuleg einkaleyfi, veitt af einkaleyfayfirvöldum einstakara ríkja, séu afnumin. Gildi einkaleyfanna er það sama hvort sem það er veitt af Einkaleyfastofnun Evrópu eða einkaleyfayfirvöldum einstakra landa. Mismunurinn er þó sá að á grundvelli einnar umsóknar, sem lögð er inn hjá Einkaleyfastofnun Evrópu, er hægt að fá útgefið einkaleyfi fyrir eins mörg aðildarlönd sáttmálans og umsækjandi æskir. Einkaleyfayfirvöld einstakra ríkja geta hins vegar ekki gefið út einkaleyfi nema fyrir þau ríki sem viðkomandi yfirvöld eru í forsvari fyrir. Umsækjendur, sem vilja fá útgefið einkaleyfi fyrir sömu uppfinningunni í fleiru en einu aðildarlandi Evrópusáttmálans, geta því sparað sér vinnu og útgjöld með því að leggja inn umsókn hjá Einkaleyfastofnun Evrópu. Sparnaðurinn verður þó ekki verulegur nema sótt sé um einkaleyfi í fleiri en þremur aðildarlöndum sáttmálans.

Þó að aðild að sáttmálanum sé bundin við Evrópu getur hver sem er sótt um einkaleyfi hjá stofnuninni, óháð þjóðerni eða búsetu. Hefur það átt sinn þátt í velgengni sáttmálans. Umsóknafjöldi hefur farið fram úr björtustu áætlunum og 1987 bárust rúmlega 45.000 umsóknir frá fleiri en 50 löndum. Miðað við að sjö aðildarlönd eru að meðaltali tilgreind í Evrópuumsóknum samsvarar þetta um 300.000 umsóknum til einstakra ríkja. Þessi velgengni Einkaleyfastofnunar Evrópu hefur líka í för með sér að álag minnkar á einkaleyfayfirvöld einstakra ríkja þar sem umsóknum til þeirra fækkar í hlutfalli við fjölgun umsókna til Einkaleyfastofnunar Evrópu. Sem dæmi má taka sænsku einkaleyfaskrifstofuna. Umsóknir, sem henni bárust, voru um 15.000 árið 1977 en voru aðeins um 6.000 árið 1985. Sama ár var Svíþjóð tilgreind í 20.000 umsóknum til Einkaleyfastofnunar Evrópu. Fækkun umsókna hjá einkaleyfayfirvöldum einstakra aðildarríkja hefur auðvitað í för með sér breyttar áherslur varðandi starfsemi þeirra. Fyrst í stað hafa þau einbeitt sér að því að stytta umfjöllunartíma umsókna. Á árinu 1988 stefndi Svíþjóð að því að einkaleyfaskrifstofan næði því takmarki að taka endanlega ákvörðun um allar umsóknir innan þriggja ára frá innlagningardegi. Jafnframt stefna einkaleyfayfirvöld aðildarríkjanna að því að sveigja starfsemi sína meira í þá átt að vera jafnframt upplýsingamiðstöðvar fyrir iðnaðinn að því er varðar uppfinningar og tækninýjungar.

Evrópusáttmálinn hefur að geyma ítarleg ákvæði um form og efni umsókna. Hann byggir að mestu á ákvæðum Evrópuráðssáttmálans frá 1963 um nýnæmi og einkaleyfishæfi umsókna. Flest aðildarríki sáttmálans, auk annarra Evrópuþjóða, hafa tekið ákvæði hans meira eða minna orðrétt upp í sín einkaleyfalög. Umsókn samkvæmt sáttmálanum er lögð inn annaðhvort hjá Einkaleyfaskrifstofu Evrópu eða hjá einkaleyfayfirvöldum einstakra aðildarríkja sem síðan framsenda umsóknina til Einkaleyfastofnunar Evrópu. Eftir að formsatriði hafa verið athuguð fer nýnæmisrannsókn fram. Birting umsóknar fer fram innan 18 mánaða frá innlagningar- eða forgangsréttardegi. Nýnæmisskýrslan er birt samtímis ef hún liggur fyrir, annars seinna. Frekari rannsókn umsóknar fer ekki fram nema að beiðni umsækjanda og gegn greiðslu rannsóknagjalds. Frestur til að bera upp slíka beiðni er sex mánuðir frá birtingu nýnæmisrannsóknar. Komi slík beiðni fram er umsóknin rannsökuð með tilliti til einkaleyfishæfis. Á grundvelli þeirrar rannsóknar er ákveðið að hafna eða veita einkaleyfi. Ákvörðun um að veita einkaleyfi er birt í opinberu tímariti skrifstofunnar. Eftir birtingu hefur hver sem er rétt til að bera upp andmæli við veitingu einkaleyfisins. Ástæður til andmæla eru tæmandi taldar í sáttmálanum, en þær eru: Í fyrsta lagi, að uppfinningin uppfylli ekki skilyrði

sáttmálans um einkaleyfishæfi, í öðru lagi, að andlag verndar samkvæmt veittu einkaleyfi sé víðara en samkvæmt kröfum í umsókn, og í þriðja lagi, að uppfinningunni sé ekki nægjanlega lýst. Eftir að einkaleyfi hefur verið veitt og það ekki ógilt vegna framkominna andmæla hefur það sama gildi í hverju því aðildarríki sem veitingin nær til og önnur einkaleyfi veitt í sama ríki. Þó eru nokkrar undantekningar frá því. Í fyrsta lagi verður tímalengd verndar að vera 20 ár frá innlagningu umsóknar hvort sem viðkomandi aðildarríki veitir vernd í svo langan tíma eða ekki. Í öðru lagi vernda afurðaeinkaleyfi, sem veitt eru af Einkaleyfastofnun Evrópu, líka þær afurðir sem af aðferðinni leiðir. Í þriðja lagi eru ógildingarástæður Evrópueinkaleyfa tæmandi taldar í sáttmálanum. Ógildingarástæðurnar eru hinar sömu og vegna andmæla, auk þess sem ógilda má einkaleyfi ef það hefur verið veitt til rangs aðila eða ef umfang verndar hefur verið víkkað frá útgáfu einkaleyfisins.

Einkaleyfastofnun Evrópu er alþjóðleg leitarstöð fyrir alþjóðlegar umsóknir samkvæmt samstarfssáttmálanum. Öll aðildarlönd Evrópusáttmálans og Norðurlöndin geta tilgreint hana sem leitarstöð. Heimilt að fella niður nýnæmisrannsókn ef alþjóðaskýrsla um nýnæmisrannsókn fylgir umsókn til Einkaleyfastofnunar Evrópu. Er það m.a. gert ef alþjóðaskýrslan kemur frá sænsku einkaleyfaskrifstofunni. Getur það sparað umsækjanda töluverða fjárhæð.

2.5.3. Fljótlega eftir stofnun Efnahagsbandalagsins (EBE) 1957 var farið að ræða þörfina á samræmingu eignarréttinda á sviði iðnaðar innan EBE. Það var þó ekki fyrr en 1975 að Efnahagsbandalagssáttmálinn um einkaleyfi (Community Patent Convention) var undirritaður í Lúxemborg. Meginmarkmið sáttmálans er að koma á samræmdu einkaleyfi sem gildi fyrir öll EBE-löndin. Samstarfssáttmálinn (PCT) og Evrópusáttmálinn (EPC) stefna hins vegar aðeins að miðstýringu rannsóknar og/eða veitingar einkaleyfa til aðildarlanda sinna. Sterk tengsl eru á milli EBE-sáttmálans og Evrópusáttmálans þar sem ætlunin er að EBE-einkaleyfi verði í umsjá Einkaleyfastofnunar Evrópu frá móttöku umsóknar þar til einkaleyfið fellur úr gildi. Upphaflega var ætlunin að þessir tveir sáttmálar tækju gildi samtímis. Sú varð hins vegar ekki raunin og EBE-sáttmálinn er ekki enn genginn í gildi. Forsenda gildistöku var fullgilding sáttmálans í öllum aðildarríkjum Efnahagsbandalagsins. Við undirritun sáttmálans voru þau níu. Af þeim hafa Danmörk og Írland ekki enn fullgilt sáttmálann. Síðan hafa þrjú ríki bæst í hóp EBE-landa og það einfaldar ekki gildistöku hans. Sá frestur, sem var settur til gildistöku EBE-sáttmálans, rann út 1985. Þá var haldin ráðstefna til að framlengja þann frest og til að endurskoða sáttmálann í því skyni einfalda gildistöku hans. Þar var ákveðið að nægilegt væri að aukinn meirihluti EBE-landa fullgilti sáttmálann til þess að hann gæti tekið gildi. Þrátt fyrir þá breytingu hefur lokaskrefið ekki enn verið stigið. Önnur ráðstefna var haldin í Lúxemborg 1989 til að tryggja gildistöku sáttmálans fyrir 1992 þegar endanleg samtenging verslunar- og viðskiptamarkaða EBE-landanna á að ganga í gildi.

EBE-einkaleyfum er ætlað að gilda samhliða venjulegum einkaleyfum einstakra EBE-landa og sáttmálinn hefur ekki nein áhrif á rétt aðildarríkja til að veita einkaleyfi. EBE-einkaleyfi verður einungis veitt af Einkaleyfastofnun Evrópu. Uppfinning, sem er grundvöllur umsóknar um EBE-einkaleyfi, þarf að uppfylla sömu kröfur um einkaleyfishæfi og aðrar uppfinningar sem Einkaleyfastofnun Evrópu fjallar um. Sáttmálinn kveður á um að tilgreining eins EBE-lands í Evrópuumsókn jafngildi tilgreiningu allra EBE-landanna. Þetta ákvæði var mjög umdeilt og því var sett bráðabirgðaákvæði þess efnis að fyrrgreinda ákvæðið gilti ekki fyrr en með samhljóða ákvörðun EBE-ráðsins. Sáttmálinn inniheldur nákvæm ákvæði um gildi og umfang verndar EBE-einkaleyfa. Hafa þau ákvæði að mestu verið tekin upp í einkaleyfalög aðildarríkja EBE svo og annarra Evrópuríkja, þar á meðal í samræmdu norrænu einkaleyfalögin.

Ein mikilvægasta regla EBE-sáttmálans um inntak einkaréttarins er neyslureglan (exhaustion of rights). Gangi sáttmálinn í gildi gildir reglan fyrir öll EBE-löndin. Samkvæmt neyslureglunni er aðeins frumhagnýting einkaleyfishafa innan eins EBE-lands vernduð. Eftir

að einkaleyfishafi hefur markaðssett verndaða vöru í einu aðildarríki EBE hefur hann afsalað sér frekari rétti til hennar samkvæmt einkaleyfinu. Því getur hann t.d. ekki lengur hindrað inn- eða útflutning vörunnar frá einu EBE-landi til annars á grundvelli einkaleyfisins. Þessi neysluregla mundi gilda jafnt fyrir EBE-einkaleyfi og venjuleg einkaleyfi veitt af einkaleyfayfirvöldum einstakra aðildarríkja. Þrátt fyrir það að sáttmálinn sé enn ekki genginn í gildi er þetta sú framkvæmd sem nú gildir innan EBE. Sú afstaða hefur þróast í meðförum EBE-dómstólsins að tilraunir einkaleyfishafa til að hindra inn- eða útflutning löglega framleiddra vara á milli aðildarríkja EBE í krafti einkaréttar samkvæmt einkaleyfi séu ekki samræmanlegar ákvæðum Rómarsáttmálans um stofnun EBE um frjálsa vörutilfærslu á milli aðildarríkjanna. Hins vegar hefur dómstóllinn jafnframt skorið úr um það að þessi víðtæka neysluregla gildi aðeins á milli aðildarlanda EBE, en ekki milli EBE og ríkja sem það er í fríverslunarbandalagi við, t.d. allra EFTA-landanna.

3.0. Norrænn réttur.

Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð hafa lengi haft mjög nána samvinnu um einkaleyfalöggjöf. Einkaleyfalög þeirra eru nú samhljóða í öllum meginatriðum, jafnframt því sem náið samstarf er milli ríkjanna varðandi framkvæmd laganna.

Norðurlandaþjóðirnar hafa löngum verið undir sterkum réttaráhrifum frá Þýskalandi. Fyrsta löggjöf Þjóðverja um einkaleyfi var sett 1877. Sú löggjöf, auk tilkomu Parísarsáttmálans um alþjóðlega vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar árið 1883, hafði þau áhrif að ný einkaleyfalög voru sett í Svíþjóð 1884, Noregi 1885, Danmörku 1894 og Finnlandi 1898. Þau lög voru byggð á rannsóknaraðferðinni. Núgildandi lög okkar eru að mestu sniðin eftir þessum lögum frændþjóða okkar.

Hugmyndin um samnorrænt einkaleyfi skaut fyrst upp kollinum 1881 á norrænu lögfræðingamóti í Kaupmannahöfn. Henni var haldið lifandi um árabil, en það var þó ekki fyrr en mörgum áratugum seinna, þ.e. eftir seinni heimsstyrjöldina, að hafist var handa af alvöru um að reyna að koma henni í framkvæmd. Komið var á fót nefnd um málið 1949 með fulltrúum frá Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Nefndin skilaði áliti 1952 og á grundvelli þess lagði Norðurlandaráð til árið 1954 við ríkisstjórnir þessara landa, auk Íslands, að stefnt yrði hið fyrsta að því að koma á fót norrænu einkaleyfi. Finnar gerðust aðilar að þessu samstarfi sama ár, en Ísland tók ekki þátt í því. Samstarfið leiddi til frumvarpsdraga 1962–1963 sem sett voru fram í mjög ítarlegri skýrslu: *Nordisk patentlovgivning*, NU 1963:6. Drögin urðu grundvöllur að samræmdum einkaleyfalögum í þessum fjórum löndum sem sett voru í desember 1967 og tóku gildi 1. janúar 1968.

3.1. Norrænu einkaleyfalögin frá 1967.

Einn megintilgangur þessara laga var að leggja grundvöll að samstarfi um veitingu einkaleyfa. Þriðji kafli laganna fjallaði um samnorrænar umsóknir. Á grundvelli umsóknar um einkaleyfi í einu landanna var hægt að veita einkaleyfi í öllum fjórum löndunum. Einkaleyfi veitt á grundvelli samnorrænnar umsóknar var þó í engu frábrugðið venjulegum einkaleyfum og laut sömu reglum um gildi og vernd. Markmiðið með þessu samnorræna umsóknakerfi var að létta vinnuálag einkaleyfafyrirvalda og jafnframt minnka umstang umsækjenda sem höfðu áhuga á að fá einkaleyfi fyrir sömu uppfinningunni í fleiri en einu af þessum löndum. Lögin komu á svo að segja algjörri efnislegri réttareiningu um einkaleyfi í þessum löndum. Þau voru samhljóða, ef frá eru talin einstök ákvæði sem vörðuðu málarekstur og viðurlög. Við samningu laganna var efni Evrópuráðssáttmálans um samhæfingu einstakra efnisatriða einkaleyfalöggjafar frá 1963 hafður til hliðsjónar, sérstaklega varðandi einkaleyfishæfi uppfinninga.

Kaflinn um samnorrænar einkaleyfisumsóknir komst aldrei í framkvæmd. Lágu til þess tvær meginástæður. Í fyrsta lagi komu fram sterk mótmæli af hálfu iðnrekenda í Danmörku og Noregi. Þeir óttuðust að þessi breyting gæti leitt til óæskilegrar fjölgunar einkaleyfa sem hindraði athafnafrelsi iðnaðarins. Í öðru lagi var í sjónmáli að þróun á alþjóðavettvangi leiddi til svipaðs kerfis með víðtækari aðild og vildu norrænu þjóðirnar fylgjast með þeirri þróun. Þær höfðu verið virkir þátttakendur í undirbúningi að samstarfssáttmálanum um einkaleyfi (Patent Cooperation Treaty) og Evrópusáttmálanum um einkaleyfi (European Patent Convention). Hinn fyrrnefndi var undirritaður í Washington 1970 og hinn síðarnefndi í München 1973. Fljótlega var farið að huga að aðild þeirra að þeim og af því tilefni var þörf lagabreytinga. Jafnframt gekk Danmörk í Efnahagsbandalagið 1973 og þurfti því að breyta einkaleyfalögum sínum til samræmis við fyrirhugaðan sáttmála Efnahagsbandalagsins um einkaleyfi (Community Patent Convention). Ákveðið var að halda fast við þá réttareiningu sem fyrir var varðandi einkaleyfi þrátt fyrir mismunandi skuldbindingar á alþjóðavettvangi. Samræmdar lagabreytingar voru því lögfestar 1978 í þessum fjórum löndum. Lögunum frá 1978 var lítillega breytt á árunum 1983–1985. Var það annars vegar vegna breytingar á gjaldtöku vegna umsókna og hins vegar til samræmis við Búdapestsáttmálann frá 1977 um alþjóðaviðurkenningu á geymslu örvera vegna umsóknar um einkaleyfi.

3.2. Núgildandi samnorræn lög um einkaleyfi.

Þrátt fyrir nýjan lagatexta og ýmsar efnisbreytingar með lögunum frá 1978 var uppbyggingu og fyrirkomulagi laganna frá 1967 að mestu haldið. Kaflinn um samnorrænar umsóknir var felldur úr lögunum. Í staðinn kom kafli um alþjóðlegar umsóknir samkvæmt samstarfssáttmálanum. Þegar til kom fullgiltu Svíar einir Norðurlandaþjóða Evrópusáttmálann og því hafa sænsku lögin sérkafla um aðild og áhrif evrópskra einkaleyfisumsókna. Danmörk fullgilti hann síðan 1989. Að öðru leyti er uppbygging laganna hin sama hjá þessum fjórum þjóðum. Efnislega eru þau líka að mestu leyti samhljóða nema hvað varðar ákvæði um málarekstur og viðurlög. Frávikið stafar af mismunandi réttarfarsreglum þessara landa.

Lagabreytingarnar 1978 miðuðu að því að samræma norrænu lögin efnisákvæðum Evrópusáttmálans og samstarfssáttmálans auk fyrirhugaðs Efnahagsbandalagssáttmála. Ákvæði um efnislegan rétt eru að mestu leyti tekin orðrétt úr Evrópusáttmálanum til að koma í veg fyrir hugsanlegan möguleika á mismunandi túlkun samsvarandi ákvæða. Hins vegar er framkvæmd rannsóknar og veitingar einkaleyfa haldið í fyrra horfi. Þannig var ekki tekinn upp sá háttur að tvískipta rannsóknarferli umsókna í nýnæmisrannsókn annars vegar og rannsókn á einkaleyfishæfi uppfinninga hins vegar eins og gert er í Evrópusáttmálanum og samstarfssáttmálanum. Ekki var heldur tekinn upp sá háttur, sem Evrópusáttmálinn byggist á, að taka andmæli fyrst til greina eftir veitingu einkaleyfis. Form- og efnisrannsókn fer því fram í einu lagi, bæði að því er varðar nýnæmi og einkaleyfishæfi uppfinningar. Ef umsókn stenst þá rannsókn eða ef umsækjandi bætir úr göllum er umsókn lögð fram og almenningi gefinn kostur á að andmæla í þrjá mánuði eftir framlagningu. Að þeim tíma liðnum fer fram endanleg rannsókn þar sem tekið er tillit til framkominna andmæla. Síðan er tekin ákvörðun um veitingu einkaleyfis. Fyrirliggjandi frumvarp um einkaleyfi byggist að meginstefnu á norrænu lögunum eins og þau eru nú.

3.3. Norðurlönd og samstarfssáttmálinn (PCT).

Norrænu þjóðirnar fjórar hafa allar fullgilt samstarfssáttmálann um einkaleyfi. Ein meginástæða breytinganna á norrænu einkaleyfalögunum 1978 var fullgilding þessa sáttmála sem tók gildi um leið og lagabreytingarnar. Svíar og Finnar fullgiltu sáttmálann að öllu leyti, en Danir og Norðmenn settu fyrirvara varðandi alþjóðlega bráðabirgðarannsókn um einkaleyfishæfi. Ekki var því hægt að fá slíka rannsókn fyrir þau lönd. Ástæða þess var að

forsvarsmenn iðnaðarins í Noregi og Danmörku óttuðust að bráðabirgðarannsóknin kæmi til með að hafa meiri áhrif en ætlað var, þ.e. að bráðabirgðaskýrslan fengi of mikið vægi við mat á einkaleyfishæfi alþjóðaumsókna. Reynslan hefur þó sýnt að þessi ótti var ástæðulaus og því afléttu Danir þessum fyrirvara á árinu 1988 og í Noregi stendur til að aflétta honum.

Ákvæði um alþjóðaumsóknir á grundvelli samstarfssáttmálans er að finna í þriðja kafla norrænu einkaleyfalaganna. Þar er í fyrsta lagi kveðið á um réttaráhrif alþjóðlegrar umsóknar sem tilgreinir eitthvert þessara landa. Í öðru lagi eru ákvæði um hvaða skilyrði slík umsókn þurfi að uppfylla til að hljóta samþykki í viðkomandi löndum. Að lokum eru ákvæði um hvernig umfjöllun og rannsókn slíkra umsókna skuli háttað. Þrátt fyrir að Danir og Norðmenn hafi í fyrstu sett fyrirvara um bráðabirgðarannsókn á einkaleyfishæfi uppfinninga í alþjóðaumsóknum var ákveðið að lögfesta reglur um áhrif slíkrar rannsóknar á sama hátt og í Finnlandi og Svíþjóð. Þetta var gert til þess að auðvelda gildistöku þessa hluta samstarfssáttmálans seinna meir.

Umsækjendur, bæði innlendir og erlendir, hafa nýtt sér möguleikann á alþjóðaumsóknum í síauknum mæli. Nú má rekja um 20% allra erlendra umsókna á Norðurlöndum til alþjóðaumsókna og á milli 10 og 15% innlendra norrænna umsókna eru alþjóðaumsóknir. Norrænu þjóðirnar láta vel af samstarfssáttmálanum og telja að hann komi umsækjendum að miklu gagni. Hann hefur í för með sér vinnusparnað og hagræði fyrir einkaleyfayfirvöld. Það hve sáttmálanum hefur verið vel tekið af notendum einkaleyfakerfisins á Norðurlöndum má m.a. rekja til þess að sænska einkaleyfastofnunin er viðurkennd sem rannsóknastofnun fyrir alþjóðlegar umsóknir. Þetta auðveldar alla framkvæmd varðandi norrænar alþjóðaumsóknir, sérstaklega með tilliti til tungumála.

Nd. 1194. Nefndarálit [415. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 109/1988 og nr. 76/1989.

Frá minni hl. félagsmálanefndar.

Nefndin fjallaði um frumvarpið á tveimur fundum og gafst því lítill tími til efnislegrar umfjöllunar um þetta mikilvæga og flókna mál. Mikið kapp var lagt á að hraða afgreiðslu málsins þótt ljóst sé að á frumvarpinu séu ýmsir annmarkar og margt sem færa þarf til betri vegar. Það er hroðvirknislega unnið og hefur minni hl. fundið í því villur af furðulegasta tagi. Meiri hl. nefndarinnar gerir tillögur um að leiðrétta eitthvað af þeim.

Undirritaðir nefndarmenn eru hins vegar þeirrar skoðunar að frumvarpið þyrfti miklu nánari umfjöllunar við ef vel ætti að vera enda bera umsagnir, sem félagsmálanefnd efri deildar bárust um málið, það með sér sem og þau viðtöl sem nefndin átti við gesti. Undirritaðir hafa þó ákveðið að flytja umfangsmiklar breytingartillögur í þeim tilgangi að reyna að færa frumvarpið til skynsamlegri vegar fari svo að það verði að lögum á þessu þingi.

Ekki er unnt að gera í nefndaráliti grein fyrir öllum athugasemdum undirritaðra við frumvarpið og verða þær að verulegu leyti að bíða framsögu við 2. umr. Þó skal minnst á nokkur helstu atriði sem óhjákvæmilegt er að gagnrýna og breytingartillögur minni hl. lúta að.

1. Skipan í húsnæðisnefndir.

Með frumvarpinu eru fleiri verkefni og aukin fjárhagsleg ábyrgð á félagslega húsnæðiskerfinu flutt yfir á sveitarfélögin. Engu að síður er ekki tryggt að meiri hluti í sveitarstjórn skipi jafnframt meiri hluta í húsnæðisnefnd. Þannig getur húsnæðisnefnd með fulltingi fulltrúa minni hluta í sveitarstjórn og fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar skuldbundið sveitarfélag til

stórfelldra fjárhagslegra ráðstafana án þess að það sé vilji þeirra sem fara með pólitísk völd í sveitarfélaginu. Þetta er algerlega óeðlilegt. Að vísu er skiljanlegt að verkalýðshreyfingin vilji hafa hönd í bagga þar sem fjallað er um félagslegt húsnæði sem svo er kallað, en kjörnir fulltrúar í sveitarfélaginu hljóta þó að taka á sig þá ábyrgð sem húsnæðisnefndum fylgir. Utanaðkomandi fulltrúar geta ekki komið í þeirra stað þó að um sé að ræða fulltrúa verkalýðsfélaga á staðnum.

Því má bæta við að eins og frumvarpið er úr garði gert er óljóst hvort heildarsamtök launafólks, ASÍ og BSRB, eigi að tilnefna í húsnæðisnfndirnar eða hvort staðbundin verkalýðsfélög eigi að gera það. Það verður ekki ráðið af f-lið 3. gr. (56. gr.) í frumvarpinu og ekki fengust við því skýr svör í nefndinni þó að ítrekað væri eftir þeim gengið.

2. Niðurfelling viðbótarlána til hinna verst settu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að niður falli sá möguleiki sem fyrir hendi er í gildandi lögum að veita þeim sérstakt viðbótarlán til þriggja ára úr Byggingarsjóði verkamanna sem búa við sérstaklega erfiðar fjölskyldu- og fjárhagsaðstæður og eiga í verulegum erfiðleikum við útborgun. Því er borið við að þeir sem þessarar aðstoðar hafa orðið aðnjótandi hafi oft „reist" sér hurðarás um öxl og ekki ráðið við greiðslubyrðina. Vegna þessa gerir frumvarpið ráð fyrir að þessu fólki verði neitað um lán og því bent á að leigja. Engar upplýsingar hafa komið fram um það hve stór sá hópur fólks er sem ekki hefur ráðið við að taka viðbótarlánið miðað við hina sem einmitt þetta lán hefur gert kleift að eignast íbúð í verkamannabústaðakerfinu. Eftir þessum upplýsingum hefur hins vegar ítrekað verið gengið en þær ekki fengist.

Undirritaðir hafa staðið í þeirri meiningu að félagslega íbúðakerfinu væri einmitt ætlað að hjálpa því fólki, sem lakast er sett, til þess að eignast þak yfir höfuðið. Það er undarleg „félagshyggja" hjá ábyrgðarmönnum þessa frumvarps og ríkisstjórninni að vilja draga úr aðstoð við þetta fólk og vísa því á leigumarkaðinn. Tekið skal fram að reynt var að leita samstöðu í nefndinni um breytingartillögu þar sem þetta yrði leiðrétt og opnaður möguleiki fyrir því að áfram yrði heimilt að veita viðbótarlán til þriggja ára við sérstaklega erfiðar aðstæður. Þeir þingmenn, sem mynda meiri hl. í nefndinni, féllust hins vegar ekki á það og flytur minni hl. því breytingartillögu þessa efnis.

3. Á að taka upp eignir einstakra sveitarfélaga?

Sú spurning hefur vaknað hvort með frumvarpinu sé ætlunin að húsnæðisnefndir yfirtaki rekstur og útleigu þess leiguhúsnæðis sem ýmis sveitarfélög eiga. Þess má geta að Reykjavíkurborg á rúmlega 1.000 íbúðir sem leigðar eru skjólstæðingum Félagsmálastofnunar borgarinnar undir umsjón félagsmálaráðs og í umboði borgarstjórnar. Reykjavíkurborg er þinglýstur eigandi að þessum eignum sem metnar eru á um það bil 8 milljarða króna. Vitaskuld er ekki hægt með lögum að svipta borgina yfirráðarétti yfir þessum eignum sínum og fela þær nefnd með aðild utanaðkomandi samtaka. Slíkt er brot á eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar og mun eflaust kalla á umfangsmikil málaferli.

Eins og frumvarpið er orðað verður það þó eigi skilið öðruvísi en svo að einmitt þetta sé ætlunin. Sýnir það ásamt öðru hve málið er vanhugsað og illa unnið. Minni hl. flytur við 2. umr. breytingartillögu við k-lið 3. gr. (61. gr.) til að taka af allan vafa um þetta mál að því er Reykjavíkurborg varðar, en ljóst er að málið er víðtækara og þarf að athuga það mun betur.

4. Yfirtaka á skuldbindingum stjórna verkamannabústaða.

Stjórnir verkamannabústaða hafa starfað um áratugaskeið í mörgum sveitarfélögum landsins og hafa víða mikil umsvif. Í Reykjavík hefur þessi starfsemi haslað sér mikinn völl og er vel búin tækjum og ýmsum búnaði. Stjórnin hefur jafnframt gert marghátttaðar skuldbind-

ingar sem nema hundruðum milljóna króna vegna starfseminnar og er ljóst að frá þeim er ekki unnt að hlaupa án skaðabótaskyldu.

Ákvæði frumvarpsins um yfirtöku húsnæðisnefnda á réttindum og skyldum stjórna verkamannabústaða eru að dómi undirritaðra allt of losaraleg. Nauðsynlegt er að ganga frá slíkri yfirtöku þannig að ekkert fari á milli mála og að starfsfólk sé ekki í óþarfa óvissu um framtíð sína á vinnustaðnum. Í því er ekki minnst á rétt starfsfólks stjórna verkamannabústaða og er það vægast sagt furðulegt að frumvarp frá félagsmálaráðherra sé þannig úr garði gert. Minni hl. gerir breytingartillögur við ákvæði til bráðabirgða sem ætlað er að eyða óvissu vegna yfirtöku húsnæðisnefnda á starfsemi stjórna verkamannabústaða og tryggja hag starfsfólksins. Þá er og gert ráð fyrir að frumvarpið taki gildi 1. september nk. þannig að nægur tími vinnist til að huga að uppgjörsmálum í tengslum við yfirtökuna og að umboð stjórna verkamannabústaða framlengist til þess tíma.

Fjölmargt annað mætti nefna sem minni hl. gerir athugasemdir og breytingartillögur við en það verður látið bíða framsögu fyrir nefndaráliti þessu.

Alþingi, 2. maí 1990.

Geir H. Haarde, frsm. Eggert Haukdal.

Nd. 1195. Breytingartillögur [415. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 109/1988 og 76/1989.

Frá minni hl. félagsmálanefndar (GHH, EH).

1. Við 1. gr. Greinin falli brott.
2. Við 3. gr. Orðin „30.–47. gr. (Lán til almennra kaupleiguíbúða)“ í 1. mgr. falli brott.
3. Við 3. gr., a-lið (51. gr.):
   1. 1. mgr. orðist svo:
      Markmið með lánveitingum til félagslegra íbúða samkvæmt lögum þessum er að jafna kjör og aðstöðu fólks í landinu og skapa láglaunafólki öryggi í húsnðismálum.
   2. b-liður 3. mgr. falli brott.
4. Við 3. gr., b-lið (52. gr.):
   1. Í stað orðsins „kaupleiguíbúðir“ í 1. tölul. 1. mgr. komi: félagslegar kaupleiguíbúðir.
   2. Fyrri málsliður 5. mgr. falli brott.
   3. 7. mgr. falli brott.
5. Við 3. gr., f-lið (56. gr.):
   1. Brott falli orðin „þrjá kosna af sveitarstjórn og tvo fulltrúa tilnefnda af stærstu samtökum launafólks í sveitarfélaginu“ í 1. málsl. 1. mgr. og orðin „fjóra kosna af sveitarstjórn og þrjá kosna af stærstu samtökum launafólks í sveitarfélaginu“ í 2. málsl. *Varatillaga:* Í stað orðanna „fjóra kosna af sveitarstjórn og þrjá kosna af stærstu samtökum launafólks í sveitarfélaginu“ komi: fimm kosna af sveitarstjórn og tvo tilnefnda af stærstu samtökum launafólks í sveitarfélaginu.
   2. 2. mgr. orðist svo:
      Sveitarstjórn skipar formann nefndarinnar sérstaklega en nefndin skiptir að öðru leyti sjálf með sér verkum.

6. Við 3. gr., g-lið (57. gr.):
   1. 2. mgr. falli brott.
   2. 3. mgr. falli brott.
7. Við 3. gr., k-lið (61. gr.). Við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:
   Í Reykjavík skal þó félagsmálaráð hafa umsjón með og annast útleigu leiguhúsnæðis í eigu Reykjavíkurborgar.
8. Við 3. gr., m-lið (63. gr.). Greinin orðist svo:
   Hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna er að annast lánveitingar til félagslegra íbúða með það að markmiði að bæta úr húsnæðisþörf láglaunafólks.
9. Við 3. gr., n-lið (64. gr.). 2. mgr. falli brott.
10. Við 3. gr., p-lið (66. gr.). 4. tölul. falli brott.
11. Við 3. gr., s-lið (68. gr.):
    1. Við 1. mgr. bætist: Heimilt er húsnæðismálastjórn að veita sérstök lán til allt að þriggja ára til þeirra sem eiga í verulegum erfiðleikum með útborgun ef um er að ræða sérstaklega erfiðar fjölskyldu- eða fjárhagsástæður.
    2. Í stað tölunnar „50“ í 4. mgr. komi: 43.
    3. Í stað 12. og 13. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:
       Gjalddagar lána skulu vera 12 á ári, einn í hverjum mánuði. Húsnæðismálastjórn er heimilt í einstökum tilvikum, að höfðu samráði við lántaka, að fækka gjalddögum sem verði þó aldrei færri en fjórir á ári.
12. Við 3. gr., y-lið (73. gr.). 3. mgr. falli brott.
13. Við 3. gr., cc-lið (80. gr.). Málsliðurinn „Við það mat skal miðað við að greiðslubyrði lána fari ekki yfir þriðjung af tekjum“ í c-lið 1. mgr. falli brott.
14. Við 3. gr., ee-lið (82. gr.). Greinin falli brott.
15. Við 3. gr., ii-lið (86. gr.):
    1. Í stað orðanna „og gilda um lán til almennra kaupleiguíbúða“ í niðurlagi 3. mgr. komi: og gilda um almenn lán úr Byggingarsjóði ríkisins.
    2. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Einnig er heimilt að beita dagsektum gagnvart aðilum sem leigja út íbúðir án samþykkis skv. 1. mgr.
16. Við 3. gr., mm-lið (90. gr.). Í stað „1,5%“ í 2. mgr. komi: 1%.
17. Við 3. gr., ss-lið (95. gr.). 1. mgr. orðist svo:
    Byggingarsjóður verkamanna skal að liðnum fimm árum frá undirritun kaupsamnings um félagslega íbúð kanna hvort kaupandi uppfyllir þá enn skilyrði a- og b-liðar 1. mgr. 80. gr. og upp frá því á þriggja ára fresti. Uppfylli kaupandi ekki lengur þessi skilyrði skal breyta vöxtum hans þannig að þeir verði hinir sömu og gilda um almenn lán úr Byggingarsjóði ríkisins.
18. Við 3. gr., zz-lið (101. gr.). Í stað „1,5%“ í 5. mgr. komi: 1%.
19. Við 3. gr., þþ-lið (102. gr.). Í stað „1,5%“ í 2. mgr. komi: 1%.
20. Við 5. gr. 1. mgr. orðist svo:
    Lög þessi öðlast gildi 1. september 1990. Umboð stjórna verkamannabústaða, sem renna eiga út 15. júní 1990, framlengjast til sama tíma.
21. Við ákvæði til bráðabirgða. Ákvæðið orðist svo:
    1. Við gildistöku laga þessara taka húsnæðisnefndir við hlutverki stjórna verkamannabústaða eftir því sem við á. Enn fremur taka húsnæðisnefndir við réttindum og skyldum stjórna verkamannabústaða, þar með töldu húsnæði, tækjum og búnaði, skuldbindingum vegna verksamninga og framkvæmda og öðrum samningum eftir því sem nánar verður kveðið á um í reglugerð eða sveitarfélag ákveður.
    2. Starfsmenn stjórna verkamannabústaða skulu hafa forgang að störfum á vegum húsnæðisnefnda.

Sþ. 1196. Nefndarálit [168. mál]

um till. til þál. um forkönnun Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins á alþjóðlegum varaflugvelli á Íslandi.

Frá meiri hl. utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið á nokkrum fundum og leggur til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 3. maí 1990.

Jóhann Einvarðsson, form., frsm.	Hjörleifur Guttormsson, fundaskr.	Birgir Ísl. Gunnarsson.
Ey. Kon. Jónsson.	Guðmundur G. Þórarinsson.	Karl Steinar Guðnason.

Sþ. 1197. Svar [348. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Hreggviðs Jónssonar um álagningu fasteignagjalda 1990.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hve hátt er hlutfall álagðra fasteignagjalda 1990 af fasteignamati annars vegar íbúðarhúsnæðis, sbr. a-lið 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, og hins vegar annars húsnæðis, sbr. b-lið sömu greinar, og hve hátt verður þetta hlutfall þegar með eru talin álögð öll önnur gjöld af fasteignum, þ.e. vatnsskattur, holræsagjald, lóðarleiga, sorphreinsun, tunnuleiga o.s.frv. Óskað er eftir að hlutfallið sé sýnt sérstaklega í hverjum

a. kaupstað,
b. hreppi með yfir 200 íbúa,
c. hreppi með undir 200 íbúa?

Félagsmálaráðuneytið óskaði eftir því með bréfi, dags. 27. febrúar sl., að Samband íslenskra sveitarfélaga annaðist öflun upplýsinga vegna fyrirspurnar á þingskjali 605 frá Hreggviði Jónssyni um álagningu fasteignagjalda 1990. Talsverðan tíma tók að afla þessara upplýsinga þar sem þær lágu ekki fyrir á þessum tíma hjá sambandinu enda mörg sveitarfélög sem þá höfðu ekki lokið álagningu fasteignagjalda. Rétt er að geta þess að upplýsingar þær, sem komu frá sambandinu varðandi þetta efni, eru ekki tæmandi.

Tafla 1.

Álagningarreglur fasteignagjalda í kaupstöðum 1990.

	Fasteignaskattur a-lið %	b-lið %	Fj. gj.d.	Vatnssk. %fm	Holræsa-gjald	Sorph. gjald
1. Reykjavík	0.421	1.25	3	0.13	-	600
2. Kópavogur	0.5	1.25	10	0.13	0.13	3.000
3. Seltjarnarnes	0.375	1.0	3	0.15	-	2.100
4. Garðabær	0.375	0.75	5	0.15	0.15	2.000
5. Hafnarfjörður	0.375	1.25	4	0.2	0.1	-
6. Mosfellsbær	0.375	1.0	5	0.2	0.15	-
7. Grindavík	0.525	1.05	7	0.15	0.1	2.400
8. Keflavík	0.4	1.0	10	0.13	0.13	1.800
9. Njarðvík	0.4	1.0	5	0.15	0.15	1.800
10. Akranes	0.4	1.0	7	0.135	0.12	1.563
11. Borgarnes	0.4	1.2	5	0.15	0.14	1.700
12. Ólafsvík	0.45	1.25	10	0.12	0.1	3.800
13. Stykkishólmur	0.4	1.15	6	0.3-0.4	0.15-0.25	3.800
14. Bolungarvík	0.4	1.0	5	0.15	0.1	2.500
15. Ísafjörður	0.4	1.2	5	0.2	0.16	2.500
16. Blönduós	0.43	1.06	6	0.2	0.15	3.000
17. Sauðárkrókur	0.43	1.15	7	0.2	0.18	3.000
18. Siglufjörður	0.4	1.15	5	0.18	0.08-0.25	2.100
19. Ólafsfjörður	0.4	1.15	5	0.16	0.1	2.000
20. Dalvík	0.4	1.0	5	0.18	-	2.000
21. Akureyri	0.45	1.25	5	0.18	0.18	-
22. Húsavík	0.45	1.2	6	0.2-0.4	0.16	3.250
23. Seyðisfjörður	0.44	1.1	10	0.20	0.2	2.000
24. Neskaupstaður	0.45	1.25	5	0.27	0.15	-
25. Eskifjörður	0.45	1.12	5	0.3	0.15	2.000
26. Egilstaðir	0.425	1.15	5	0.15	0.15	-
27. Höfn	0.36	0.72	5	0.25	0.2	3.700
28. Vestmannaeyjar	0.335	0.82	10	0.16	-	1.200
29. Selfoss	0.4	1.2	5	0.15	0.075	1.400
30. Hveragerði	0.475	1.25	8	0.20	0.125	3.000

Tafla 2.

Álagningarreglur fasteignaskatts í hreppum með yfir 200 íbúa 1990.

	a-lið	b-lið	fj.gj.daga
	%	%	
Miðneshreppur	0.32	0.9	5
		0.67 flugstöð	
Gerðahreppur	0.36	0.9	5
Vatnsleysustr.hr.	0.5	1.0	5
Bessastaðahreppur	0.4	1.0	5
Kjalarneshreppur	0.28	0.675	5
Neshreppur u. Ennis	0.41	1.0	4
Eyrarsveit	0.4	1.0	4
Laxárdalshreppur	0.36	1.1	6
Patrekshreppur	0.4	1.0	5
Tálknafjarðarhreppur	0.4	1.0	3
Flateyrarhreppur	0.4	1.0	5
Suðureyrarhreppur	0.4	1.0	5
Súðavíkurhreppur	0.4	1.0	5
Hólmavíkurhreppur	0.36	0.9	8
Hvammstangahreppur	0.4	1.0	5
Höfðahreppur	0.45	1.0	5
Hofsóshreppur	0.4	1.0	8
Grýtubakkahreppur	0.36	0.9	5
Skútustaðahreppur	0.4	1.25	5
Raufarhafnarhreppur	0.425	1.1	5
Vopnafjarðarhreppur	0.4	1.0	5
Reyðarfjarðarhreppur	0.4	1.0	5
Stöðvarhreppur	0.4	1.0	5
Búlandshreppur	0.4	1.0	5
Mýrdalshreppur	0.4	1.0	9
Hvolhreppur	0.4	1.0	5
Stokkseyrarhreppur	0.4	1.0	4
Eyrarbakkahreppur	0.4	1.15	6
Ölfushreppur	0.4	0.9	5

Sþ. **1198. Svar** [357. mál]

til félagsmálaráðherra við fyrirspurn Hreggviðs Jónssonar um gatnagerðargjöld sveitarfélaga.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hver eru gatnagerðargjöld á rúmmetra íbúðar- og atvinnuhúsnæðis í hverju sveitarfélagi fyrir sig á landinu?

Félagsmálaráðuneytið óskaði eftir því með bréfi, dags. 27. febrúar sl., að Samband íslenskra sveitarfélaga annaðist öflun upplýsinga vegna fyrirspurnar á þingskjali 614. Talsverðan tíma tók að afla þessara upplýsinga þar sem þær lágu ekki fyrir hjá sambandinu. Rétt er að benda á að gjaldskrár fyrir gatnagerðargöld eru talsvert margbreytilegar og skipting eftir tegund húsnæðis mismunandi. Eins er misjafnt hvort sveitarfélög eru bæði með a- og b-gatnagerðargjöld. Þar sem í yfirliti er bæði um a- og b-gatnagerðargjöld að ræða hafa þau verið lögð saman. Ekki er víst að þessar upplýsingar séu alveg tæmandi hvað varðar gatnagerðargjöld sveitarfélaga.

Tafla.

Yfirlit um gatnagerðargjöld á rúmmetra íbúðar- og atvinnuhúsnæðis.

	Íbúðarhúsnæði			Atvinnuhúsnæði
	einb.	raðh.	fjölb.	versl.og skrifst.h.
	kr.á m3	kr.á m3	kr. á m3	kr. á m3
Reykjavík	2.372,97	1.525,48	677,99	847,49
Kópavogur	1.694,96	1.135,64	762,74	966,14
Seltjarnarnes	1.561,70	1.336,10	381,70	2.556,10 á fm2
Garðabær	2.238,00	1.598,00	1.244,00	
Mosfellsbær	1.953,71	1.452,76	551,46	801,53
Akranes	1.057,85	705,24	308,54	934,45
Stykkishólmur	741,45	566,94	344,85	741,45
Grundarfjörður	793,41	528,94	264,47	793,41
Laxárdalshr.	891,04	742,36		450,26
Ísafjörður	1.593,00	1.150,00	574,00	1.770,00
Blönduós	881,00	687,00	511,00	881,00
Sauðárkrókur	1.145,00	793,00	441,00	1.145,00
Siglufjörður	1.057,00	793,00	617,00	1.057,00
Ólafsfjörður	617,00	476,00	476,00	300,00
Dalvík	1.234,00	740,00 1)	564,00	1.410,00
Akureyri	1.586,00	1.234,00 1)	529,00	1.057,00
Húsavík	1.145,00	749,00	617,00	1.145,00
Hvammstangahr.	1.057,00	811,00	564,00	1.057,00
Höfðahreppur	811,00	634,00	458,00	811,00
Árskógshreppur	1.234,00	687,00	364,00	1.410,00
Grenivík	529,00	529,00	529,00	529,00
Þórshafnarhr.	705,00	634,00	476,00	1.057,00
Neskaupstaður	504,00			756,00
Höfn	1.057,00	846,30	423,14	1.057,88
Rangárvallahr.	612,00	459,00	306,00	612,00
Vestmannaeyjar	268,00	179,00	125,00	268,00
Selfoss	881,00	440,00	264,00	528,00
Hveragerði	1.446,00	1.182,00	917,00	741,00
Ölfushreppur	578,00	402,00	226,00	402,00

1) Ein hæð.

Sþ. 1199. Svar [124. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Ásgeirs Hannesar Eirikssonar um Hafskipsmál.

1. *Hver er nú heildarkostnaður ríkisins af svokölluðu Hafskipsmáli?*

Vegna þessa fyrirspurnarliðar skal tekið fram að annar kostnaður en embættiskostnaður sérstaks ríkissaksóknara í Hafskipsmálinu er ekki sérgreindur í ríkisbókhaldi, en ljóst er þó að kostnaður þessi er verulegur. Þar má telja kostnað við lögreglurannsókn, vinnu innan ríkissaksóknaraembættis, fjölföldun skjala og réttargæslulaun.

2. *Þann 6. ágúst 1987 tók sérstakur saksóknari við málinu og óskast kostnaður frá þeim degi sundurliðaður sérstaklega sem hér segir:*
   a. *Allur almennur skrifstofukostnaður og annar kostnaður,*
   b. *laun sérstaks saksóknara,*
   c. *laun löglærðra aðstoðarmanna.*

Embættiskostnaður sérstaks ríkissaksóknara í Hafskipsmálinu er frá 6. ágúst 1987 til loka ársins 1989 9.073.116 kr.

a. Almennur skrifstofukostnaður og annar kostnaður er fyrir sama tímabil 2.743.212 kr.

b. og c. Laun sérstaks saksóknara og tveggja löglærðra aðstoðarmanna hans eru fyrir sama tímabil frá 6. ágúst til 31. desember 1989 samtals 6.329.904 kr.

Nd. 1200. Frumvarp til laga [352. mál]

um stjórn fiskveiða.

(Eftir 3. umr. í Ed., 3. maí.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.

2. gr.

Til nytjastofna samkvæmt lögum þessum teljast sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð í íslenskri fiskveiðilandhelgi og sérlög gilda ekki um.

Til fiskveiðilandhelgi Íslands telst hafsvæðið frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands eins og hún er skilgreind í lögum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra skal, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveða með reglugerð þann heildarafla sem veiða má á ákveðnu tímabili eða vertíð úr þeim

einstökum nytjastofnum við Island sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á. Heimildir til veiða samkvæmt lögum þessum skulu miðast við það magn.

Leyfður heildarafli botnfisktegunda skal miðaður við veiðar á 12 mánaða tímabili, frá 1. september ár hvert til 31. ágúst á næsta ári, og nefnist það tímabil fiskveiðiár. Skal heildarafli fyrir komandi fiskveiðiár ákveðinn fyrir 1. ágúst ár hvert. Ráðherra er heimilt innan fiskveiðiársins að auka eða minnka leyfðan heildarafla einstakra botnfisktegunda, þó er óheimilt að breyta leyfðum heildarafla þorsks eftir 15. apríl. Heildarafli annarra tegunda sjávardýra skal ákveðinn með hæfilegum fyrirvara fyrir upphaf viðkomandi vertíðar eða veiðitímabils og er ráðherra heimilt að auka hann eða minnka á meðan vertíð eða veiðitímabil varir.

II. KAFLI

Veiðileyfi og aflamark.

4. gr.

Enginn má stunda veiðar í atvinnuskyni við Ísland nema hafa fengið til þess almennt veiðileyfi. Veiðileyfi skulu gefin út til árs í senn.

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að auk almenns veiðileyfis skuli veiðar á ákveðnum tegundum nytjastofna, veiðar í tiltekin veiðarfæri, veiðar ákveðinna gerða skipa eða veiðar á ákveðnum svæðum háðar sérstöku leyfi ráðherra. Getur ráðherra bundið leyfi og úthlutun þess þeim skilyrðum er þurfa þykir. Ráðherra getur m.a. ákveðið að aðeins hljóti leyfi ákveðinn fjöldi skipa, skip af ákveðinni stærð eða gerð eða skip er tilteknar veiðar stunda eða hafa áður stundað.

5. gr.

Við veitingu leyfa til veiða í atvinnuskyni koma til greina þau skip ein sem veiðileyfi fengu skv. 4. og 10. gr. laga nr. 3/1988, um stjórn fiskveiða, og ekki hafa horfið varanlega úr rekstri. Enn fremur bátar undir 6 brl. enda hafi beiðni um skráningu þeirra á skipaskrá Siglingamálastofnunar ríkisins eða sérstaka skrá stofnunarinnar fyrir báta undir 6 metrum borist ásamt fullnægjandi gögnum innan mánaðar frá gildistöku laga þessara. Auk þess skal gefinn kostur á veiðileyfi fyrir nýja báta undir 6 brl. enda hafi smíði þeirra hafist fyrir gildistöku laganna og haffærisskírteini verið gefið út innan þriggja mánaða frá þeim tíma.

Hverfi skip, sem á kost á veiðileyfi skv. 1. mgr. þessarar greinar, varanlega úr rekstri má veita nýju eða nýkeyptu sambærilegu skipi veiðileyfi í þess stað, enda hafi veiðiheimildir þess skips, er úr rekstri hvarf, ekki verið sameinaðar varanlega veiðiheimildum annarra skipa eða horfið til Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins.

6. gr.

Heimilt er án sérstaks leyfis að stunda fiskveiðar í tómstundum til eigin neyslu. Slíkar veiðar er einungis heimilt að stunda með handfærum án sjálfvirknibúnaðar. Afla, sem veiddur er samkvæmt heimild í þessari grein, er óheimilt að selja eða fénýta á annan hátt.

7. gr.

Veiðar á þeim tegundum sjávardýra, sem ekki sæta takmörkun á leyfilegum heildarafla skv. 3. gr., eru frjálsar öllum þeim skipum, sem leyfi fá til veiða í atvinnuskyni skv. 4. gr., með þeim takmörkunum sem leiðir af almennum reglum um veiðisvæði, veiðarfæri, veiðitíma og reglum settum skv. 2. mgr. 4. gr.

Veiðiheimildum á þeim tegundum, sem heildarafli er takmarkaður af, skal úthlutað til einstakra skipa. Skal hverju skipi úthlutað tiltekinni hlutdeild af leyfðum heildarafla tegundarinnar. Nefnist það aflahlutdeild skips og helst hún óbreytt milli ára, sbr. þó 4. málsl. þessarar málsgreinar. Við ákvörðun hlutdeildar einstakra skipa í botnfiskafla skal árlega áætla þann afla, sem er utan aflamarks, á grundvelli heimilda í 1. málsl. 6. mgr. 10. gr.

Aflamark skips á hverju veiðitímabili eða vertíð ræðst af leyfðum heildarafla viðkomandi tegundar og hlutdeild skipsins í þeim heildarafla skv. 2. mgr., sbr. þó ákvæði 9. gr. Skal sjávarútvegsráðuneytið senda sérstaka tilkynningu vegna hvers skips um aflamark þess í upphafi veiðitímabils eða vertíðar.

8. gr.

Verði veiðar takmarkaðar skv. 3. gr. á tegundum sjávardýra sem samfelld veiðireynsla er á, en ekki hafa áður verið bundnar ákvæðum um leyfðan heildarafla, skal aflahlutdeild úthlutað á grundvelli aflareynslu síðustu þriggja veiðitímabila.

Ef ekki er fyrir hendi samfelld veiðireynsla á viðkomandi tegund skal ráðherra ákveða aflahlutdeild einstakra skipa. Getur hann við þá ákvörðun tekið mið af fyrri veiðum, stærð eða gerð skips. Getur ráðherra bundið úthlutun samkvæmt þessari málsgrein því skilyrði að skip afsali sér heimildum til veiða á öðrum tegundum.

9. gr.

Sé fyrirsjáanlegt að verulegar breytingar verði á aflatekjum milli veiðitímabila af veiðum á öðrum tegundum, sem sæta ákvæðum um leyfilegan heildarafla, en botnfiski og úthafsrækju er ráðherra heimilt að skerða eða auka tímabundið botnfiskaflamark þeirra fiskiskipa sem aflahlutdeild hafa af þeirri tegund sem breytingum sætir. Veruleg telst breyting á aflatekjum af sérveiðum í þessu sambandi ef hún veldur því að heildaraflaverðmæti skipa, sem viðkomandi sérveiðar stunda, hefur að mati ráðherra vikið meira en 20% að meðaltali frá meðalaflaverðmæti síðustu fimm ára miðað við fast verðlag.

Tímabundin breyting botnfiskaflamarks skv. 1. mgr. skal koma til hlutfallslegrar hækkunar eða lækkunar á botnfiskveiðiheimildum annarra fiskiskipa. Leiði þetta til breytinga á botnfiskaflamarki á yfirstandandi fiskveiðiári skal sjávarútvegsráðuneytið þegar í stað senda sérstaka tilkynningu vegna hvers skips um breytingu á botnfiskaflamarki þess, sbr. 3. mgr. 7. gr.

10. gr.

Heimilt er að veiða umfram úthlutað aflamark af tiltekinni botnfisktegund allt að 5% af heildarverðmæti botnfiskaflamarks, enda skerðist aflamark annarra botnfisktegunda hlutfallslega miðað við verðmæti samkvæmt ákvörðun ráðuneytis í upphafi árs. Heimild þessarar málsgreinar nær þó ekki til veiða umfram úthlutað aflamark af þorski.

Hafi aflamark verið flutt milli skipa skv. 12. gr. flyst heimild til breytinga skv. 1. mgr. frá skipi sem flutt er af til þess skips sem flutt er til.

Heimilt er að flytja allt að 20% af aflamarki hverrar botnfisktegundar og aflamarki úthafsrækju frá einu fiskveiðiári yfir á það næsta. Á sama hátt er heimilt að flytja allt að 10% af aflamarki humars og síldar frá einu veiðitímabili til þess næsta.

Þá er og heimilt að veiða allt að 5% umfram aflamark hverrar botnfisktegundar, enda dregst sá umframafli frá við úthlutun aflamarks næsta fiskveiðiárs á eftir.

Beita skal skerðingarákvæðum 1. mgr. áður en heimild 3. mgr. er nýtt. Heimild 4. mgr. rýmkar ekki heimildir til breytinga milli fisktegunda skv. 1. mgr.

Fiskur, sem veiðist á línu í janúar, febrúar, nóvember og desember, skal aðeins að hálfu talinn með í aflamarki fiskiskips. Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að fiskur undir tiltekinni stærð teljist aðeins að hluta með í aflamarki.

Þá getur ráðherra ákveðið að afli á ákveðnum fisktegundum, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, skuli reiknaður með álagi þegar metið er hversu miklu af aflamarki skips er náð hverju sinni. Skal álagið vera allt að 20% á þorsk og ýsu en allt að 15% á aðrar tegundir.

11. gr.

Sé rekstri skips hætt, sbr. 2. mgr. 5. gr., skal úthluta nýju eða nýkeyptu skipi í eigu sama aðila aflahlutdeild hins eldra skips, enda sé um sambærilegt skip að ræða. Farist skip skal útgerð þess halda aflamarki skipsins í 12 mánuði talið frá upphafi næsta mánaðar eftir að skip fórst enda þótt nýtt eða nýkeypt skip hafi ekki komið í þess stað innan þess tíma.

Við eigendaskipti að fiskiskipi fylgir aflahlutdeild þess, nema aðilar geri sín á milli skriflegt samkomulag um annað, enda sé fullnægt ákvæðum 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

Eigi að selja fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, til útgerðar sem heimilisfesti hefur í öðru sveitarfélagi en seljandi á sveitarstjórn í sveitarfélagi seljanda forkaupsrétt að skipinu. Forkaupsréttur skal boðinn skriflega þeirri sveitarstjórn sem hlut á að máli og söluverð og aðrir skilmálar tilgreindir á tæmandi hátt. Sveitarstjórn skal svara forkaupsréttartilboði skriflega innan fjögurra vikna frá því henni berst tilboð og fellur forkaupsréttur niður í það sinn sé tilboði ekki svarað innan þess frests.

Neyti sveitarstjórn forkaupsréttar skv. 3. mgr. þessarar greinar skal hún þegar gefa útgerðaraðilum, sem heimilisfesti eiga í sveitarfélaginu, kost á að kaupa skipið og skal opinberlega leita tilboða í það.

Sé skipi ráðstafað andstætt ákvæðum þessarar greinar um forkaupsrétt getur forkaupsréttarhafi krafist þess að salan verði ógild enda sé málsókn hafin innan sex mánaða frá því að hann fékk vitneskju um söluna. Forkaupsréttur gildir ekki sé skip selt á opinberu uppboði. Ákvæði þessarar greinar um forkaupsrétt gilda ekki við sölu opinna báta.

Heimilt er að framselja aflahlutdeild skips að hluta eða öllu leyti og sameina hana aflahlutdeild annars skips, enda leiði flutningur aflahlutdeildar ekki til þess að veiðiheimildir þess skips, sem flutt er til, verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Þó skal framsalið háð samþykki ráðherra hafi það skip, sem flutt er til, ekki aflahlutdeild af þeirri tegund sem framseld er. Tafarlaust skal leita staðfestingar ráðuneytisins á að flutningur aflaheimildar sé innan heimilaðra marka. Öðlast slíkur flutningur ekki gildi fyrr en staðfesting ráðuneytis liggur fyrir. Ekki er heimilt að framselja þann hluta aflahlutdeildar skips, sem rekja má til uppbóta samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I, fyrr en að liðnum fimm árum frá gildistöku laga þessara, enda hafi skipi, sem framselt er af, verið haldið til veiða allt það tímabil.

12. gr.

Heimilt er að færa aflamark milli skipa sömu útgerðar eða skipa sem gerð eru út frá sömu verstöð eftir því sem hlutaðeigandi aðilar koma sér saman um enda hafi það skip, sem fært er til, aflahlutdeild af þeirri tegund sem millifærð er. Sama gildir um skipti á aflamarki milli skipa sem ekki eru gerð út frá sömu verstöð, enda sé um jöfn skipti að ræða að mati ráðuneytisins.

Tilkynna skal sjávarútvegsráðuneytinu fyrir fram um flutning aflamarks milli skipa og öðlast hann ekki gildi fyrr en ráðuneytið hefur staðfest móttöku tilkynningar um flutninginn frá þeim sem hlut eiga að máli.

Annar flutningur á aflamarki milli skipa er óheimill nema með samþykki ráðuneytisins og að fenginni umsögn sveitarstjórnar og stjórnar sjómannafélags í viðkomandi verstöð.

Séu minna en 25% af aflamarki skips ekki nýtt með veiðum skipsins sjálfs tvö fiskveiðiár í röð fellur aflahlutdeild þess niður. Skal við mat á þessu hlutfalli miðað við verðmæti einstakra tegunda í aflamarki skips samkvæmt ákvörðun ráðuneytis í upphafi árs.

III. KAFLI

Framkvæmd og eftirlit.

13. gr.

Ráðherra getur sett nánari reglur varðandi framkvæmd laga þessara.

14. gr.

Sérstök samráðsnefnd, skipuð einum fulltrúa tilnefndum sameiginlega af samtökum sjómanna og einum tilnefndum af samtökum útvegsmanna, auk formanns sem skipaður er af ráðherra án tilnefningar, skal fjalla um álita- og ágreiningsmál varðandi veiðileyfi, úthlutun aflahlutdeildar og aflamark samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og gera tillögur til ráðherra um úrlausn þeirra.

15. gr.

Skipstjórnarmenn veiðiskipa, sem hljóta veiðileyfi í atvinnuskyni skv. 5. gr., skulu halda sérstakar afladagbækur sem ráðuneytið leggur til. Skal með reglugerð kveða nánar á um þær upplýsingar sem skrá skal í afladagbækur, form þeirra og skil til ráðuneytis.

Útgerðarmönnum, skipstjórnarmönnum og kaupendum afla, svo og umboðsmönnum, útflytjendum, flutningsaðilum, bönkum og lánastofnunum, er skylt að láta ráðuneytinu eða Fiskifélagi Íslands ókeypis í té og í því formi, sem ráðherra ákveður, allar þær upplýsingar sem unnt er að láta í té og nauðsynlegar eru taldar vegna eftirlits með framkvæmd laga þessara.

16. gr.

Afli skal ávallt veginn á löndunarstað. Hafnaryfirvöld á hverjum löndunarstað skulu hafa yfirumsjón með vigtun afla og söfnun upplýsinga um landaðan afla.

Ráðuneytið skal að höfðu samráði við samgönguráðuneytið og Hafnasamband sveitarfélaga kveða nánar á í reglugerð um hvernig afli skuli veginn og upplýsingum um landað aflamagn safnað.

Sé afli unninn um borð í veiðiskipi skal skylt að halda sérstaka vinnsludagbók, sem ráðuneytið leggur til, um vinnslu aflans. Skipum, sem vinna afla um borð, er óheimilt að sigla með afurðir til sölu á mörkuðum erlendis án sérstaks leyfis ráðuneytisins. Ráðuneytið getur bundið slík leyfi því skilyrði að útgerð skipsins greiði kostnað vegna ferðar eftirlitsmanns ráðuneytisins til að fylgjast með löndun úr skipinu erlendis eða skipið komi til hafnar á Íslandi vegna eftirlits.

17. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og hefur í því skyni sérstaka eftirlitsmenn í sinni þjónustu.

Jafnframt því sem þessir eftirlitsmenn sinna verkefnum skv. 8. gr. laga nr. 81 31. maí 1976 og eftirliti með reglum settum samkvæmt heimild í þeim lögum skulu þeir fylgjast með löndun, vigtun og vinnslu afla, enn fremur útflutningi afla eða afurða eins og nánar er kveðið á í lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim og í erindisbréfi.

Eftirlitsmönnum er heimilt að fara í veiðiferðir með fiskiskipum og að fara um borð í skip til athugunar á farmi og veiðarfærum. Enn fremur skal þeim heimill aðgangur að öllum vinnslusölum fiskverkana og birgðageymslum.

18. gr.

Ráðherra skal með reglugerð ákveða sérstakt gjald — veiðieftirlitsgjald — fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á grundvelli laga þessara eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða. Skal gjaldið renna til reksturs veiðieftirlits ráðuneytisins og skal upphæð þess miðast við að það standi undir rekstri eftirlitsins að hálfu.

Gjald vegna tilkynningar um aflamark skal miðast við áætlað verðmæti þess aflamarks sem úthlutað er. Skal ráðherra árlega áætla hlutfallslegt verðmæti einstakra tegunda í þessu skyni. Aldrei skal gjald samkvæmt þessari málsgrein vera hærra en 0,2% af áætluðu verðmæti þess afla sem aflamark skips heimilar veiðar á á komandi fiskveiðiári, vertíð eða veiðitímabili. Gjald fyrir hverja tilkynningu um aflamark skal þó aldrei vera lægra en 1.000 kr. og er sú fjárhæð grunntala er miðast við byggingarvísitölu í janúar 1991 og breytist í hlutfalli við þær breytingar sem síðar kunna að verða á henni.

Fyrir veitingu almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni og veiðileyfa, sem veitt verða á grundvelli 2. mgr. 4. gr., skal greiða 5.000 kr. Ráðherra er heimilt að hækka gjaldið er nemur hlutfallslegri hækkun er kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. l. nr. 42/1987. Grunntaxti gjaldsins er miðaður við byggingarvísitölu í desember 1989, þ.e. 157,9 stig.

Útgerð skips skal greiða fæði veiðieftirlitsmanna og sjá þeim endurgjaldslaust fyrir aðstöðu meðan þeir stunda eftirlitsstörf um borð.

IV. KAFLI

Viðurlög o.fl.

19. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Um mál þau, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara að hætti opinberra mála.

20. gr.

Ráðuneytið skal beita ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla, vegna brota gegn þessum lögum eftir því sem við á.

Ráðuneytinu er enn fremur heimilt, vegna brota á ákvæðum laga þessara, reglna settra samkvæmt þeim og leyfisbréfa, að svipta skip heimild til veiða í tiltekinn tíma og varða veiðar eftir leyfissviptingu m.a. upptöku skv. 1. mgr. Sama gildir verði vanskil á greiðslu andvirðis ólöglegs sjávarafla sem sætt hefur upptöku.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, með áorðnum breytingum, skulu veiðar með vörpu heimilaðar á vannýttum fisktegundum á ákveðnum svæðum samkvæmt reglum er ráðherra setur.

22. gr.

Með lögum þessum eru felldar úr gildi 10., 13. og 14. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Jafnframt breytist 2. mgr. 2. gr. þeirra laga og orðist svo:

Íslenskum skipum eru bannaðar veiðar með botnvörpu og flotvörpu í fiskveiðilandhelginni, nema þar sem sérstakar heimildir eru veittar til slíkra veiða í lögum þessum.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1991. Ákvæði, er lúta að veiðum á öðrum tegundum sjávardýra en botnfiski, koma til framkvæmda við upphaf fyrstu vertíðar eða veiðitímabils eftir 1. janúar 1991.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Við ákvörðun aflahlutdeildar við gildistöku laga þessara til veiða á botnfiski og úthafsrækju fyrir skip 10 brl. og stærri skal leggja til grundvallar úthlutun aflamarks á árinu 1990 samkvæmt rg. nr. 585 19. desember 1989, um stjórn botnfiskveiða 1990, og rg. nr. 586 19. desember 1989, um veiðar á úthafsrækju 1990.

Fyrir hvert fiskiskip 10 brl. og stærra skal reikna aflamark í einstökum botnfisktegundum og úthafsrækju til þorskígilda. Ráðherra skal með reglugerð ákveða verðmætahlutfall við þann útreikning. Fyrir hvern sóknarmarksflokk samkvæmt rg. nr. 585 19. desember 1989 skal síðan reikna meðaltalsaflamark þessara tegunda samanlagt. Fyrir þau skip, sem hafa samanlagt aflamark ofan við meðaltal síns flokks, er aflamark hverrar tegundar á árinu 1990 ráðandi við ákvörðun aflahlutdeildar.

Fyrir þau fiskiskip, sem hafa samanlagt aflamark þessara tegunda undir meðaltali síns sóknarmarksflokks, skulu hins vegar reiknaðar uppbætur á eldra aflamark er nema skulu 40% af þeim mun sem er milli meðaltals sóknarmarksflokksins og aflamarks skipsins. Til aflamarks skips í þessu sambandi telst þó ekki sá hluti aflamarks sem sameinaður hefur verið eldra aflamarki á grundvelli 2. málsl. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 3/1988. Þannig reiknaðri uppbót skal síðan skipt milli einstakra tegunda í aflamarki skipsins í hlutfalli við verðmæti fyrra aflamarks. Fyrir skip, sem fá reiknaða uppbót samkvæmt þessari málsgrein, verður því samtala aflamarks ársins 1990 og reiknaðrar uppbótar ákvarðandi fyrir aflahlutdeildina.

Skip, sem loðnuveiðar stunda og skip sem stunda úthafsrækjuveiðar sem sérhæfð rækjuveiðiskip á árinu 1990 samkvæmt ákvæðum rg. 586 19. desember 1989, um veiðar á úthafsrækju 1990, fá þó ekki reiknaðar uppbætur skv. 3. mgr. þessarar greinar. Þessum skipum gefst kostur á í árslok 1990 að velja milli aflamarks í botnfiski og aflamarks í úthafsrækju í samræmi við ákvæði rg. 586 19. desember 1989, um veiðar á úthafsrækju 1990, og verður aflamark samkvæmt því vali ákvarðandi fyrir aflahlutdeild þeirra.

II.

Við úthlutun aflahlutdeildar við gildistöku þessara laga til veiða á botnfiski fyrir báta minni en 10 brl. skulu eftirfarandi reglur gilda sé óskað eftir leyfi til fiskveiða í atvinnuskyni skv. 1. mgr. 4. gr.

Samanlögð úthlutuð aflahlutdeild allra báta minni en 10 brl. í leyfilegum heildarafla allra botnfisktegunda, sem úthlutað er til einstakra skipa og báta, skal vera jöfn aflahlutdeild þeirra í ársafla sömu botnfisktegunda árið 1989.

Fyrir þá báta, sem á árinu 1990 stunda veiðar með aflahámarki sem byggir á eigin veiðireynslu samkvæmt ákvæðum rg. nr. 587 19. desember 1989, um veiðar smábáta 1990, skal miða við forsendur þess aflahámarks við úthlutun aflahlutdeildar.

Hjá þeim bátum, sem ekki falla undir ákvæði 3. mgr. þessarar greinar, skal aflahlutdeild byggð á veiðireynslu áranna 1987–1989 þannig að byggt sé á meðalafla tveggja bestu áranna.

Aflahlutdeild báta, sem veiðileyfi fá í fyrsta sinn eftir 31. desember 1989, án þess að sambærilegir bátar hafi horfið varanlega úr rekstri í þeirra stað, skal þó miðast við meðalaflahlutdeild báta í sama stærðarflokki. Aflahlutdeild þessara báta hefur ekki áhrif á útreikning aflahlutdeildar annarra báta skv. 2. mgr. Ekki er heimilt að framselja aflahlutdeild

þessara báta fyrr en að liðnum fimm árum frá gildistöku laga þessara enda hafi þeim verið haldið til veiða allt tímabilið.

Þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. mgr. þessarar greinar gefst útgerðum báta undir 6 brl., sem skráðir eru á skipaskrá fyrir 31. desember 1989, og útgerðum báta undir 6 brúttótonnum sem skráðir eru á skipaskrá eftir þann tíma en fyrir gildistöku laga þessara, kostur á að velja á árunum 1991, 1992 og 1993 leyfi til veiða með línu og handfæri með dagatakmörkunum í stað aflahlutdeildar. Reynist hlutdeild þessara báta af heildarbotnfiskafla hafa vaxið meira en sem nemur 25% að meðaltali á þessum þremur árum miðað við þá aflahlutdeild sem þeir áttu kost á árið 1991 skal þeim ákvörðuð aflahlutdeild frá og með upphafi þess fiskveiðiárs er hefst 1. september 1994. Ræður aflareynsla þeirra á þessum þremur árum þá aflahlutdeild þeirra, sbr. þó 2. mgr. Hafi aflahlutdeild þessara báta hins vegar ekki farið fram úr framangreindum mörkum skulu gilda óbreyttar reglur um veiðar þeirra næstu þrjú fiskveiðiár og koma þær aftur til sams konar endurskoðunar í lok þess tímabils. Þeim bátum, sem þennan kost velja, skulu óheimilar ár hvert veiðar frá og með 1. janúar til og með 31. janúar, í tíu daga um páskahelgi, tíu daga um verslunarmannahelgi samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra og enn fremur frá og með 1. desember til og með 31. desember.

Sérstök samstarfsnefnd, skipuð fulltrúa tilnefndum af Landssambandi smábátaeigenda, fulltrúa tilnefndum af Fiskifélagi Íslands og formanni skipuðum af ráðherra án tilnefningar, skal fjalla sérstaklega um málefni þeirra aðila sem keypt hafa nýja báta eftir 31. janúar 1988 og hafa því ekki fulla aflareynslu á viðmiðunartímabilinu til að byggja ákvörðun aflahlutdeildar á. Nefndin skal og fjalla um önnur álitaefni sem upp koma og gera tillögur til sjávarútvegsráðherra um aflahlutdeild viðkomandi báta.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur um úthlutun þessa, þar á meðal um stærðarflokkun báta. Úthlutunin skal taka mið af þeim reglum sem giltu um úthlutun aflamarks til skipa 10 brl. og stærri á árinu 1984, sbr. rg. nr. 44/1984, eftir því sem við verður komið. Þó skulu reglur um frátafir frá veiðum og skipstjóraskipti undanskildar.

Sjávarútvegsráðuneytið skal til upplýsingar birta bréflega útgerðum allra báta 10 brl. og minni úthlutað aflamark eins og það hefði orðið árið 1990 samkvæmt lögum þessum ásamt forsendum fyrir þeirri úthlutun.

Útgerðum skal veittur hæfilegur frestur til athugasemda og skýringa gerist þess þörf. Að því loknu skal samstarfsnefnd skv. 7. mgr. gera endanlega tillögu um aflahlutdeild sérhvers báts í viðkomandi botnfisktegund. Sú aflahlutdeild verður síðan grundvöllur árlegrar úthlutunar aflamarks viðkomandi báta.

III.

Leyfður heildarafli botnfisktegunda skv. 2. mgr. 3. gr. fyrir heilt 12 mánaða tímabil skal í fyrsta skipti ákveðinn fyrir fiskveiðiárið er hefst 1. september 1991. Skal sú ákvörðun tekin fyrir 1. ágúst 1991.

Fyrir 1. nóvember 1990 skal ráðherra taka ákvörðun um leyfðan heildarafla botnfisktegunda á tímabilinu 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1991. Skal þeim heildarafla skipt milli skipa á grundvelli fastrar aflahlutdeildar hvers skips sem ákveðin er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I og II annars vegar og dreifingu afla af hverri tegund innan ársins hjá einstökum flokkum fiskiskipa hins vegar.

Reiknað skal hversu hátt hlutfall ársafla af hverri botnfisktegund hefur veiðst að meðaltali á fyrstu átta mánuðum ársins á árunum 1986 til 1988. Jafnframt skal reiknað fyrir hvern útgerðarflokk, sbr. 2. gr. rg. nr. 585 19. desember 1989, um stjórn botnfiskveiða 1990, og fyrir hvern stærðarflokk smábáta, sbr. 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II, hversu mikill

hluti heildarársafla flokksins af hverri tegund hefur verið veiddur á fyrstu átta mánuðum ársins að meðaltali á sama árabili.

Hlutdeild hvers skips í heildarafla hverrar tegundar á framangreindu átta mánaða tímabili á árinu 1991 skal vera föst aflahlutdeild skipsins af viðkomandi tegund deilt með hlutfalli átta mánaða heildarveiða af tegundinni skv. 1. málsl. 3. mgr. en margfaldað með hlutfalli átta mánaða veiða flokksins skv. 2. málsl. 3. mgr.

Ráðherra skal með hliðstæðum hætti ákveða heildarafla af úthafsrækju á fyrstu átta mánuðum ársins 1991 og hlutdeild einstakra skipa í honum.

IV.

Aflahlutdeild til veiða á loðnu, síld og humri skal úthlutað á grundvelli hlutdeildar viðkomandi skips í heildarúthlutun á því veiðitímabili eða vertíð sem síðast lauk áður en lög þessi koma til framkvæmda.

Aflahlutdeild á svæðisbundnum veiðum á innfjarðarrækju og hörpuskelfiski skal úthlutað í samræmi við hlutdeild viðkomandi skips í heildarúthlutun á viðkomandi veiðisvæði á því veiðitímabili sem síðast lauk áður en lög þessi koma til framkvæmda.

V.

Óheimilt er að framselja aflahlutdeild skips skv. 6. mgr. 11. gr. án þess að skip hverfi varanlega úr rekstri og sé afmáð af skipaskrá, nema fyrir liggi samþykki þeirra aðila sem samningsveð áttu í skipinu er lög þessi koma til framkvæmda.

VI.

Sjávarútvegsráðherra skal þegar eftir gildistöku laga þessara skipa nefnd er kanni hvort og þá með hvaða hætti mögulegt sé að koma við vigtun hérlendis á afla sem fluttur er óunninn úr landi. Nefnd þessi skal skipuð fulltrúum útgerðar, sjómanna og fiskvinnslu, auk formanns er ráðherra skipar. Skal hún skila tillögum sínum eigi síðar en hálfu ári eftir gildistöku laga þessara.

VII.

Sjávarútvegsráðherra skal láta fara fram athugun á mismunandi kostum við stjórn fiskveiða þar sem m.a. skal leitast við að meta hagkvæmustu samsetningu fiskiskipaflotans. Skal athugunin, er m.a. taki mið af reynslu annarra þjóða, beinast að því að meta hagkvæmni einstakra aðferða miðað við íslenskar aðstæður með sérstakri hliðsjón af því hvernig unnt sé að tryggja atvinnuöryggi fiskverkafólks og hagsmuni einstakra byggðarlaga. Þá skal ráðherra fyrir árslok 1992 láta endurskoða lög þessi. Hafa skal samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi við þá endurskoðun.

VIII.

Sjávarútvegsráðherra skal láta fara fram endurskoðun á lögum um upptöku ólöglegs sjávarafla, nr. 32 19. maí 1976, og leggja frumvarp að nýrri löggjöf um það efni fyrir Alþingi haustið 1990. Skal sú endurskoðun m.a. beinast að því að aðskilja eftirlit og úrskurðarvald.

Ed. 1201. Nefndarálit [546. mál]

um frv. til l. um flokkun og mat á gærum og ull.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund um málið Hauk Halldórsson og Gísla Karlsson frá Stéttarsambandi bænda.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 3. gr. Á eftir fyrri málslið síðari málsgreinar komi nýr málsliður svohljóðandi: Kaupanda er þó heimilt að meta ullina hjá framleiðanda.

Karvel Pálmason var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 1990.

Skúli Alexandersson, form., frsm.	Egill Jónsson, fundaskr.	Danfríður Skarphéðinsdóttir.
Jón Helgason.	Valgerður Sverrisdóttir.	Þorv. Garðar Kristjánsson.

Sþ. 1202. Nefndarálit [385. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990 vegna kjarasamninga í febrúar 1990.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Frumvarp til fjáraukalaga vegna kjarasamninga í febrúar sl. liggur nú fyrir til afgreiðslu. Það er flutt í þeim tilgangi að afla ríkisstjórninni heimilda til að breyta útgjöldum ríkissjóðs í fjárlögum þessa árs í framhaldi af niðurstöðum nýgerðra kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins annars vegar og ríkisins við BSRB hins vegar. Breytingar hafa orðið á verðlagsforsendum í kjölfar kjarasamninga frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Í athugasemdum við frumvarpið er sagt að heildaráhrif þessara breytinga feli í sér að gjöld umfram tekjur aukist á árinu um 645 m.kr. og nú séu horfur á að rekstrarhalli ríkissjóðs verði a.m.k. 4,3 milljarðar króna á þessu ári.

Engar tilraunir eru hafðar uppi til sparnaðar í ríkisrekstri og ekki er hróflað við þeim fjármunum sem ríkisstjórnin og einstakir ráðherrar hafa óskipta til ráðstöfunar í fjárlögum þessa árs en þeir nema hundruðum milljóna króna.

Tillögur ríkisstjórnarinnar um lækkun útgjalda ríkissjóðs, sem fram koma í frumvarpinu, felast einkum í lækkun á framlögum til stofnframkvæmda og viðhalds á eignum ríkisins og lækkun á framlögum, m.a. til Byggingarsjóðs ríkisins og Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Þegar horft er til þess að verulegt atvinnuleysi er og ekki horfur að úr rætist hlýtur að orka tvímælis, svo ekki sé meira sagt, að skerða framlög Atvinnuleysistryggingasjóðs. Líkur eru á að slík ráðstöfun kosti ríkissjóð aukin útgjöld þegar líður á árið. Þessar tillögur ríkisstjórnarinnar munu ekki stuðla að því að sá fjöldi landsmanna, sem nú býr við atvinnuleysi, geti fengið vinnu. Þessar ráðstafanir munu auka atvinnuleysi í landinu enn frekar.

Við afgreiðslu fjárveitinganefndar á frumvarpinu var leitað eftir ýmsum upplýsingum frá framkvæmdarvaldinu. Leitað var sérstaklega eftir því við fulltrúa fjármálaráðuneytisins hvort í frumvarpinu væri gert ráð fyrir öllum þeim útgjöldum sem fjármálaráðuneytið og ríkisstjórnin höfðu tekið ákvörðun um. Í framhaldi af þeim upplýsingum, sem fram komu, hefur meiri hl. fjárveitinganefndar ákveðið að bæta við útgjöld ríkissjóðs 172 m.kr. Við þessa upplýsingasöfnun kom í ljós að framlög til Ríkisspítala voru vanáætluð í fjárlögum og er áætlað að um 200 m.kr. vanti til að halda rekstri Ríkisspítalanna óbreyttum frá fyrra ári. Má þá minna á að minni hl. benti á þessa vanáætlun við afgreiðslu fjárlaga og gagnrýndi að það væri ekki leiðrétt. Nú er gert ráð fyrir að auka framlag til Ríkisspítala um tæpar 150 m.kr. og ákveðið hefur verið að draga saman nokkra þætti í starfsemi þeirra, þar á meðal hjartaskurðlækningar, og fresta því að hefja glasafrjóvganir. Af þessu er ljóst að enn verður að sækja til annarra landa þá þjónustu sem Ríkisspítalar áformuðu að veita en er ekki fært vegna fjárskorts og mun það kosta ríkissjóð meira en áætlað er að spara hjá Ríkisspítölum. Þetta er eitt af mörgum dæmum um vafasama fjármálastjórn hjá núverandi ríkisstjórn.

70. Ferðafélag Fljótsdalshéraðs, sæluhús		50	
			400
	Samtals		7 000

2.5.3. Þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum.

Fjárveiting var 5.000 þús. kr. Í samvinnu við Náttúruverndarráð var fjárveitingu skipt eins og hér segir:

	Fjárv. í þús. kr.
1. Vegir að Fjallabaki	800
2. Vegir á Þingvöllum	200
3. Vegur að Vigdísarvöllum	300
4. Vegur að Surtshelli	200
5. Vegur á Látrabjarg	300
6. Áningastaðir við Mývatn	600
7. Jökulsárgljúfur	2.000
8. Vegur í Öskju	300
9. Göngubrú á Kaldaklofskvísl	100
10. Jökulheimavegur	110
11. Óskipt	90
Samtals	5.000

2.5.5. Til reiðvega.

Fjárveiting var 3.000 þús. kr. Landssamband hestamanna skipti þessari fjárhæð milli hestamannafélaga á eftirfarandi hátt:

	Í þús. kr.
1. Hestamannafélagið Freyfaxi, Suður-Múlasýslu	1 100
2. Hestamannafélagið Hornfirðingur, Hornafirði	900
3. Hestamannafélagið Glófaxi, Vopnafirði	100
4. Hestamannafélagið Geisli, Breiðdalsvík	300
5. Hestamannafélagið Goði, Fáskrúðsfirði	300
6. Hestamannafélagið Blær, Norðfirði	250
7. Hestamannafélagið Seyður, Seyðisfirði	50
Samtals	3 000

2.6. TIL SÝSLUVEGA

Fjárveiting til sýsluvega á vegáætlun 1989 var 140,0 m.kr. Samkvæmt vegalögum var 102,0 m.kr. af fé þessu skipt milli sýsluvegasjóða í samræmi við reglugerð nr. 62/1964 eins og sýnt er í töflu hér á eftir. Afganginum 38 m.kr. var varið til greiðslu framlags ríkissjóðs á móti aukaframlögum hreppa, sbr. 2. mgr. 21. gr. vegalaga. Lögðu hrepparnir fram aukaframlög að upphæð samtals 10,9 m.kr. Við afgreiðslu vegáætlunar undanfarin ár hefur verið hafður sá háttur á að fresta greiðslu á helmingi mótframlags ríkissjóðs til næsta árs, enda er ekki skylt samkvæmt vegalögum að greiða allt mótframlagið á viðkomandi ári. Á árinu 1989 var fylgt þessari sömu reglu og fóru því eigi nema 25,7 m.kr. til greiðslu mótframlaga, en 12,3 m.kr. koma sýsluvegum til góða á árinu 1990.

Í skýrslunni fyrir árið 1988 voru framlög hreppa til sýsluvegasjóða skv. 21. og 26. gr. vegalaga áætluð 49,93 m.kr., en urðu aðeins hærri eða 50,77 m.kr. Þar af voru aukaframlög skv. 21. gr. 2. mgr. 9,68 m.kr.

Tekjur af vegaskatti, sem lagður er á fasteignir skv. 23. gr. vegalaga, voru áætlaðar 0,45 m.kr., en urðu nokkuð hærri eða 0,54 m.kr. Þessi tekjustofn hefur verið óverulegur eins og kunnugt er síðan orlofsheimili og sumarbústaðir voru undanskildir vegaskattinum árið 1983.

Á árinu 1989 var innheimta á framlögum hreppa til sýsluvegasjóða skv. 21. og 26. gr. vegalaga miðuð við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember 1988, sem var 214,68 á klst. og var það 13,1% hækkun frá kaupgjaldi 1. desember 1987. Áætluð heimaframlög hreppa til sýsluvegasjóða 1989 voru 55,74 m.kr. Þar af voru aukaframlög hreppa áætluð 10,85 m.kr.

Samkvæmt breytingu, sem gerð var á vegalögum og tók gildi um sl. áramót, leggja hrepparnir ekkert fé til sýsluvegasjóða á árinu 1990, heldur verður eingöngu um ríkisframlag að ræða.

Endanlegar tekjur sýsluvegasjóða 1988.

(Upphæðir í þús.kr.)

	Framlög hreppsfélaga skv. vegalögum		Vegaskattur af fasteignum skv.	Ríkisframlag skv. vegalögum		
	Aðalframlag skv. 21. gr. 1. mgr.	Aukaframlag skv. 21. gr. 2. mgr.	23. gr. vegalaga	Aðalframlag skv. 28. gr. 1. mgr.	Aukaframlag skv. 28. gr. 3. mgr.	Samtals
Gullbringusýsla	1.420	0	0	734	0	2.154
Kjósarsýsla	1.580	214	0	4.980	708	7.482
Borgarfjarðarsýsla	1.578	320	0	2.938	1.145	5.981
Mýrasýsla	975	325	0	3.569	1.099	5.968
Snæf.- og Hnappadalssýsla	1.192	264	0	4.671	875	7.002
Dalasýsla	1.154	385	0	2.996	1.289	5.824
A-Barðastrandarsýsla	426	0	0	1.193	0	1.619
V-Barðastrandarsýsla	803	0	0	1.975	0	2.778
V-Ísafjarðarsýsla	981	0	0	2.055	0	3.036
N-Ísafjarðarsýsla	284	0	0	1.261	0	1.545
Strandasýsla	889	0	0	1.994	0	2.883
V-Húnavatnssýsla	1.149	320	0	3.602	1.090	6.161
A-Húnavatnssýsla	1.459	317	0	3.776	1.056	6.608
Skagafjarðarsýsla	2.224	716	0	5.898	2.377	11.215
Eyjafjarðarsýsla	3.010	1.003	525	4.497	3.276	12.311
S-Þingeyjarsýsla	3.198	1.066	0	7.060	3.502	14.826
N-Þingeyjarsýsla	1.098	235	0	4.299	564	6.196
N-Múlasýsla	2.617	872	12	7.661	2.860	14.022
S-Múlasýsla	2.425	283	0	4.899	1.294	8.901
A-Skaftafellssýsla	1.197	255	0	2.530	864	4.846
V-Skaftafellssýsla	1.463	488	0	4.411	1.632	7.994
Rangárvallasýsla	3.850	1.115	0	7.944	3.756	16.665
Árnessýsla	6.125	1.498	0	10.057	5.238	22.918
Samtals	41.097	9.676	537	95.000	32.625	178.935

Áætlaðar tekjur sýsluvegasjóða 1989.
(Upphæðir í þús. kr.)

	Framlög hreppsnefnda skv. vegalögum		Vegaskattur af fasteignum skv. 23. gr. vegalaga	Ríkisframlag skv. vegalögum		Samtals
	Aðalframlag skv. 21. gr. 1. mgr.	Aukaframlag skv. 21. gr. 2. mgr.		Aðalframlag skv. 28. gr. 1. mgr.	Aukaframlag skv. 28. gr. 3. mgr.	
Gullbringusýsla	1.591	0	0	788	0	2.379
Kjósarsýsla	1.892	248	0	5.473	579	8.192
Borgarfjarðarsýsla	1.769	417	0	3.145	920	6.251
Mýrasýsla	1.081	360	0	3.818	852	6.111
Snæf.- og Hnappadalssýsla	1.301	256	0	4.990	650	7.197
Dalasýsla	1.284	428	0	3.197	1.015	5.924
A-Barðastrandarsýsla	462	0	0	1.272	0	1.734
V-Barðastrandarsýsla	916	0	0	2.122	0	3.038
V-Ísafjarðarsýsla	1.073	178	0	2.192	222	3.665
N-Ísafjarðarsýsla	320	0	0	1.350	0	1.670
Strandasýsla	953	0	0	2.120	0	3.073
V-Húnavatnssýsla	1.262	348	0	3.849	835	6.294
A-Húnavatnssýsla	1.279	0	0	3.794	396	5.469
Skagafjarðarsýsla	2.503	806	0	6.324	1.902	11.535
Eyjafjarðarsýsla	4.015	1.338	600	5.451	2.928	14.332
S-Þingeyjarsýsla	3.059	1.020	0	7.002	2.607	13.688
N-Þingeyjarsýsla	1.182	307	0	4.436	677	6.602
N-Múlasýsla	2.906	969	20	8.443	2.302	14.640
S-Múlasýsla	2.242	612	0	5.663	1.134	9.651
A-Skaftafellssýsla	1.394	0	0	2.517	319	4.230
V-Skaftafellssýsla	1.639	546	0	4.725	1.293	8.203
Rangárvallasýsla	4.270	1.280	0	8.493	2.991	17.034
Árnessýsla	6.497	1.738	0	10.836	4.046	22.117
Samtals	44.890	10.851	620	102.000	25.668	184.029

Sýsluvegir 1. janúar 1990.

	Skv. a–c-lið 19. gr.				Skv. d–e-lið 19.gr.	Sýslu-vegir alls	
	Óakf. km	Rutt km	Lagt km	Alls km	km	km	
V-Skaftafellssýsla			132,8	132,8		132,8	
Rangárvallasýsla			222,3	222,3		222,3	
Árnessýsla			264,3	264,3	6,7	271,0	
							626,1
Gullbringusýsla			10,8	10,8		10,8	
Kjósarsýsla			68,9	68,9		68,9	
							79,7
Borgarfjarðarsýsla		5,6	68,8		8,7	83,1	
Mýrarsýsla		1,5	100,6	102,1	34,9	137,0	
Dalasýsla	2,8	9,2	62,3	74,3	13,0	87,3	
Snæf.- og Hnappadalssýsla	1,7	12,7	110,9	125,3	27,4	152,7	
							460,1
A-Barðastrandarsýsla		5,4	24,7	30,1	63,8	93,9	
V-Barðastrandarsýsla		3,6	50,2	53,8	51,9	105,7	
V-Ísafjarðarsýsla		16,6	24,5	41,1	69,8	110,9	
N-Ísafjarðarsýsla		3,6	32,6	36,2	51,1	87,3	
Strandasýsla		5,9	45,1	51,0	88,4	139,4	
							537,2
V-Húnavatnssýsla	0,6	6,5	94,6	101,5	62,3	163,8	
A-Húnavatnssýsla		5,3	92,2	97,5	11,6	109,1	
Skagafjarðarsýsla		5,0	160,7	165,7	15,9	181,7	
							454,6
Eyjafjarðarsýsla	0,4	1,7	124,8	126,9	13,1	140,0	
S-Þingeyjarsýsla		12,7	163,6	176,3	1,8	178,4	
N-Þingeyjarsýsla	0,8	4,2	127,7	132,7		132,7	
							451,1
N-Múlasýsla		19,4	198,8	218,2	35,3	253,5	
S-Múlasýsla		11,1	119,2	130,3	42,5	172,8	
A-Skaftafellssýsla	0,8	0,8	60,7	62,3	27,0	89,3	
							515,6

2.7. TIL VEGA Í KAUPSTÖÐUM OG KAUPTÚNUM

Mannfjöldi í kaupstöðum og þéttbýlisstöðum með 200 íbúa og fleiri var skv. endanlegum tölum um mannfjölda á Íslandi þann 1. desember 1988 útgefnum af Hagstofu Íslands 6. júní 1989.

Kaupstaðir		206.342
Þéttbýlisstaðir með 200 íbúa o. fl.		21.039
	Samtals	227.381
Framlag skv. vegaáætlun 1989	Kr.	190.000.000
25% sjóður skv. 34. gr. vegalaga	Kr.	47.500.000
	Til skipta 1989 Kr.	142.500.000

Skiptitala á hvern íbúa: $\frac{142.500.000}{227.381}$ = Kr. 626,70

Þéttbýlisstaðir með 200 íbúa og fleiri 1. des. 1988.

Kaupstaðir	Íbúar	Framlag 1989
1. Reykjavík	95.811	60.044.892
2. Kópavogur	15.551	9.745.834
3. Seltjarnarnes	4.027	2.523.727
4. Garðabær	6.843	4.288.518
5. Hafnarfjörður	14.199	8.898.534
6. Grindavík	2.132	1.336.127
7. Keflavík	7.305	4.578.054
8. Njarðvík	2.443	1.531.032
9. Mosfellsbær	4.027	2.523.727
10. Akranes	5.404	3.386.695
11. Borgarnes	1.699	1.064.766
12. Ólafsvík	1.203	753.922
13. Stykkishólmur	1.253	785.257
14. Bolungarvík	1.217	762.696
15. Ísafjörður	3.458	2.167.134
16. Blönduós	1.083	678.718
17. Sauðárkrókur	2.478	1.552.966
18. Siglufjörður	1.858	1.164.411
19. Ólafsfjörður	1.171	738.881
20. Dalvík	1.430	896.183
21. Akureyri	13.972	8.756.273
22. Húsavík	2.499	1.566.127
23. Egilsstaðir	1.380	864.848
24. Seyðisfjörður	996	624.195
25. Neskaupstaður	1.714	1.074.166
26. Eskifjörður	1.092	684.358
27. Vestmannaeyjar	4.743	2.972.445
28. Selfoss	3.774	2.365.171
29. Hveragerði	1.572	985.175
Samtals	206.342	129.314.832

Kauptún	Íbúar	Framlag 1989
1. Sandgerði, (Miðneshr.)	1.273	797.791
2. Gerðar	1.065	667.437
3. Vogar, (Vatnsleysustr.hr.)	523	327.765
4. Álftanes, (Bessastaðahr.)	895	560.898
5. Hellissandur og Rif, (Neshr.)	598	374.767
6. Grundarfjörður, (Eyrarsveit)	711	445.585
7. Búðardalur, (Laxárdalshr.)	303	189.890
8. Patreksfjörður	986	617.928
9. Tálknafjörður	342	214.332
10. Bíldudalur, (Suðurfjarðarhr.)	378	236.893
11. Þingeyri	434	271.988
12. Flateyri	448	280.762
13. Suðureyri	414	259.454
14. Súðavík	258	161.689
15. Hólmavík	420	263.215
16. Hvammstangi	676	423.650
17. Skagaströnd, (Höfðahr.)	699	438.064
18. Hofsós	265	166.076
19. Hrísey	276	172.970
20. Grenivík, (Grýtubakkahr.)	306	191.771
21. Reykjahlíð, (Skútustaðahr.)	255	159.809
22. Raufarhöfn	402	251.934
23. Þórshöfn	404	253.187
24. Vopnafjörður	702	439.944
25. Fellabær, (Fellahreppur)	264	165.449
26. Reyðarfjörður	730	457.492
27. Fáskrúðsfjörður, (Búðahreppur)	762	477.546
28. Stöðvarfjörður, (Stöðvarhr.)	360	225.612
29. Breiðdalsvík, (Breiðdalshr.)	254	159.182
30. Djúpivogur, (Búlandshreppur)	431	270.108
31. Höfn í Hornafirði	1.590	996.455
32. Vík í Mýrdal, (Mýrdalshreppur)	335	209.945
33. Hvolsvöllur, (Hvolhreppur)	582	364.740
34. Hella, (Rangárvallahr.)	553	346.566
35. Stokkseyri	461	288.909
36. Eyrarbakki	532	333.405
37. Þorlákshöfn, (Ölfushreppur)	1.152	721.960
	21.039	13.185.168
Samtals	227.381	142.500.000

Úthlutun úr 25% sjóði þéttbýlisfjár árið 1989, samkvæmt bréfi fjárveitinganefndar Alþingis, dags. 23. maí 1989.

Eftirstöðvar frá 1988		Kr. 1.064.079
Framlag árið 1989		– 47.500.000
		Kr. 48.564.079
Úthlutun árið 1989:	**Kr.**	
Kópavogur	12.000.000	
Ísafjörður	8.200.000	
Húsavík	500.000	
Neskaupstaður	1.300.000	
Vestmannaeyjar	3.700.000	
Bessastaðahreppur, Kjósarsýsla	1.000.000	
Hvanneyri, Andakílshreppur, Borg.	500.000	
Borgarnes	2.000.000	
Arnarstapi, Breiðuvíkurhreppur, Snæf.	500.000	
Ólafsvík	900.000	
Patreksfjörður	2.000.000	
Hólar í Hjaltadal, Hólahreppur	800.000	
Árskógshreppur, Eyjafjarðarsýslu	1.000.000	
Kópasker, (Presthólahreppur)	1.500.000	
Þórshöfn	1.700.000	
Borgarfjörður eystri, Borgarfj. hreppur	3.500.000	
Eiðar, Eiðahreppur, S-Múl.	2.500.000	
Fellabær, (Fellahreppur)	800.000	
Mjóifjörður, Mjóafjarðarhreppur	300.000	
Stöðvarfjörður, (Stöðvarhreppur)	500.000	
Nesjahreppur, A-Skaftafellssýslu	1.000.000	
Stokkseyri	500.000	
Laugarvatn, (Laugardalshreppur)	500.000	
Kostnaður Vegagerðar ríkisins	1.300.000	
		Kr. 48.500.000
Eftirstöðvar í 25% sjóði til 1990		Kr. 64.079

Lengd þjóðvega í þéttbýli 1. janúar 1990.

Kjördæmi	Bundið slitlag km	Án slitlags km	Samtals km	Óakfært km
Suðurland	14,5	0,2	14,8	0,1
Reykjanes	31,0	0,2	33,0	1,8
Reykjavík	35,4	1,8	43,3	6,1
Vesturland	14,4		14,4	
Vestfirðir	14,2	0,7	14,9	
Norðurland vestra	14,0	0,6	14,6	0,3
Norðurland eystra	14,7	0,8	15,8	
Austfirðir	25,7	1,4	27,1	
Samtals	163,9	5,7	177,9	8,3

2.8. TIL VÉLAKAUPA OG ÁHALDAHÚSA

2.8.1. Vélakaup.

Helstu vélar sem keyptar voru:

Vélar og tæki.
- 3 Dráttarvélar
- 1 Útlagningartæki fyrir slitlög
- 3 Slitlagsviðgerðartæki
- 3 Vegsópar
- 1 Sand-/malardreifari
- 3 Snjófeykjar
- 5 Snjóplógar og tennur

Bifreiðar.
- 3 Vörubílar
- 7 Fólksbifreiðar
- 2 Jeppar
- 3 Sendi- og fólksflutningabifreiðar
- 4 Pallbifreiðar 4x4 og 4x2

2.8.2. Til byggingar áhaldahúsa.

Engin fjárveiting var til nýbyggingar og viðhalds húsnæðis, en sérstakri húsaleigu var varið til þessa. Helstu verkefnin voru:

1. Suðurland.
   Frágangur á lóð á Selfossi.
2. Reykjavík.
   Endurbætur og breytingar á húsnæði í Borgartúni og Sætúni. Endurbætur á húsnæði og lóð í Grafarvogi.
3. Vesturland.
   Frágangur á lóðum í Borgarnesi, Ólafsvík og Búðardal.
4. Vestfirðir.
   Byggingu geymslu á Ísafirði lokið. Frágangur á lóðum á Patreksfirði og á Hólmavík.
5. Norðurland vestra
   Frágangur á lóðum á Sauðárkróki og Hvammstanga. Auk þess lagfæringar innan húss á Hvammstanga.
6. Norðurland eystra
   Lokið breytingum á áhaldahúsi á Akureyri. Frágangur á lóð á Húsavík.
7. Austurland
   Frágangur á lóð í Vopnafirði.

2.9. TIL TILRAUNA Í VEGAGERÐ

Fjárveiting var 15,0 m.kr.
Unnið var að eftirtöldum verkefnum á árinu:

- Burðarþolshönnun
- Eiginleikar íslensks bergs
- Umferðarrannsóknir
- Burðarlög
- Burðarþolsprófanir
- Öxulþungamælingar
- Jarðskjálftamælingar
- Þunn steypt slitlög
- Burðarþol vega með þunnu slitlagi
- Nagladekk – hálkuvarnir
- Styrking á gömlum brúm
- Snjóflóðavarnir
- Orkuupptaka í blýfylltum legum
- Nagladekk – hálkuvarnir
- Umferðarhávaði
- Bindiefni
- Styrking vega með dúk
- Ýfimælingar
- Gúmmímalbik
- Sjálfvirk hraðagæsla

Flest verkefni þau, sem nú eru í gangi, eru langtímaverkefni þar sem unnið er að mælingu og söfnun upplýsinga um ýmis atriði. Umfangsmest verkefna þessara eru burðarþolsprófanir og burðarþolshönnun. Verkefni þessi, sem eru nátengd hvort öðru, beinast einkum að notkunarhæfni mismunandi malarefna til vegagerðar. Þá voru gerðar all umfangsmiklar mælingar á yfirborðssléttleika (ýfi) bundinna slitlaga á árinu. Haldið var áram tilraunum, sem hófust fyrir tveimur árum, með lögn þjappaðrar þurrsteypu ofan í gamalt steypt slitlag. Af nýjum verkefnum má sérstaklega benda á athugun á burðarþoli vega með þunnu slitlagi einkum með tilliti til hækkandi öxulþunga og vaxandi loftþrýstings í dekkjum.

3.1. SÉRSTÖK VERKEFNI

3.1.1. Styrking vega og bundið slitlag.

Við gerð langtímaáætlunar í vegagerð 1983 var miðað við að vegir yrðu endurbyggðir í ríkum mæli og síðan lagðir bundnu slitlagi. Fjármagn til verkefnisins hefur í reynd orðið verulega minna en vera átti. Til að komast áfram með bundið slitlag hefur verið gripið til þess ráðs í nokkrum mæli að styrkja og lagfæra vegi í stað þess að endurbyggja þá undir slitlagsgerð.

Jafnframt hefur verið lögð áhersla á styrkingu aðalvegakerfisins fyrir viðhaldsfé. Í nokkrum tilvikum hefur verið lagt bundið slitlag í framhaldi af slíkum styrkingum. Hefur það þá að hluta verið greitt af viðhaldsfé.

Árangur af þessu hefur verið sá að verulega hefur dregið úr þungatakmörkunum á vorin á undanförnum árum. Þá hefur einnig tekist að halda áætlun í bundnu slitlagi og jafnvel fara fram úr henni. Alls er bundið slitlag komið á 2.136 km af þjóðvegum og fer nú rúmlega 75% af öllum akstri á þjóðvegunum fram á bundnu slitlagi.

Vegir, sem meðhöndlaðir eru á þennan hátt, jafnast ekki á við vegi sem byggðir eru samkvæmt staðli, að því er varðar legu og fleira. Það er þó mat Vegagerðarinnar að bundið slitlag sé svo mikilvægt að rétt sé að leggja áherslu á það. Á árinu 1989 var þó lagt mun minna af bundnu slitlagi en næstu ár á undan. Stafar það m.a. af því að þeim köflum á vegakerfinu, sem styrkja má með ódýrum hætti til undirbúnings bundnu slitlagi, fer fækkandi. Enn fremur ber þess að geta að hin stóru verkefni, jarðgöng, höfuðborgarsvæði og stórbrýr, sem nú eru hafin, taka til sín umtalsvert fjármagn. Er brýnt að heildarfjármagn verði aukið að því marki að styrking vegakerfisins og lagning bundins slitlags geti haldið áfram í svipuðum mæli og verið hefur.

4.1. YFIRLIT YFIR FJÁRMAGN TIL VEGAMÁLA

Heildarútgjöld til vegamála voru um 1,3% minni á árinu 1989 en þau voru árið 1988. Fjárveitingar urðu heldur meiri, en á móti kom töluverð minni lántaka en árið áður eins og fram kemur í kafla 2.3.0.2., en nýjar reglur voru settar á árinu um töku bráðabirgðalána til framkvæmda.

Kostnaður við sumarviðhald var mjög svipaður árið 1989 og hann var árið áður. Kostnaður við vetrarþjónustu var mjög mikill og sló öll fyrri kostnaðarmet. Ástæður þessa eru mjög snjóþungur vetur og einnig breyttar reglur um snjómokstur sem miðuðu að aukinni þjónustu. Útgjöld til nýbygginga voru um 8% lægri á árinu 1989 en þau voru árið áður.

4.1.1. Útgjöld til vegamála sem hlutfall af þjóðarframleiðslu 1964–1989.
Nýr endurskoðaður grunnur.



4.1.2. Heildarútgjöld til vegamála 1964–1989.
Upphæðir í m.kr. á verðlagi 1989.



4.1.3. Heildarkostnaður við sumarviðhald og vetrarþjónustu 1964–1989.
Upphæðir í m.kr. á verðlagi 1989.



4.1.4. Kostnaður við sumarviðhald 1964–1989.
Upphæðir í m.kr. á verðlagi 1989.



4.1.5. Kostnaður við vetrarþjónustu 1964–1989.
Upphæðir í m.kr. á verðlagi 1989.



4.1.6. Nýbygging vega, brúa og fjallvega 1964–1989.
Upphæðir í m.kr. á verðlagi 1989.



Fskj. 1.–1.

MARKAÐIR TEKJUSTOFNAR VEGAGERÐAR RÍKISINS

1. Bensíngjald.

Bensíngjald var kr. 12,60 á lítra fram til 1. janúar 1989 en þá var það hækkað í kr. 16,70 á lítra. Þann 1. júní var það síðan hækkað í kr. 17,95 á lítra. Þann 22. júní var bensíngjald af blýlausu bensíni lækkað um 8,5% í kr. 16,43 á lítra. Bensíngjaldið með þessari skiptingu var síðan óbreytt út tekjuárið, en 1. desember var það hækkað um 8% þ.e. í kr. 19,39 á lítra af 98 okt. bensíni, en í kr. 17,74 á lítra af blýlausu 93 okt. bensíni.

2. Þungaskattur.

2.1. Árgjald.

Af dísilbifreiðum minni en 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd greiðist 68.079 kr. fyrir bíla að 1.000 kg eigin þyngd, 87.020 kr. fyrir bíla 1.000–1.999 og u.þ.b. 4.979 kr fyrir hver 200 kg umfram 2.000. Eigendur þessara bíla geta valið um, hvort þeir greiða fast árgjald eða skv. eknum km, sbr. lið 2.2. Fyrir leigubíla og sendibíla, sem taka gjald samkvæmt löggiltum mæli, greiðist 30% hærra gjald.

2.2. Kílómetragjald.

Dísilbifreiðar yfir 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd greiða þungaskatt í formi gjalds fyrir hvern ekinn km. Á sama hátt greiðist þungaskattur af tengi- og festivögnum yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd. Frá 1. janúar 1990 er gjaldið eins og hér segir.

Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.
4,0– 4,9	4,67	15,0–15,9	9,93
5,0– 5,9	4,97	16,0–16,9	10,71
6,0– 6,9	5,37	17,0–17,9	11,49
7,0– 7,9	5,63	18,0–18,9	12,19
8,0– 8,9	5,88	19,0–19,9	13,12
9,0– 9,9	6,15	20,0–20,9	13,81
10,0–10,9	6,52	21,0–21,9	14,61
11,0–11,9	6,76	22,0–22,9	15,54
12,0–12,9	7,61	23,0–23,9	16,28
13,0–13,9	8,34	24,0–24,9	17,01
14,0–14,9	9,22	25,0 og þyngri	17,84

Af akstri fólksflutningabifreiða er taka 17 farþega eða fleiri í sæti, sem á sér stað vegna áætlanaferða í þéttbýli, þ.e. akstur almenningsvagna eða sérleyfisferða, skal greiða 70% lægri skatt en að ofan greinir.

Af akstri vöruflutningabifreiða, þ.m.t. festi- og tengivagnar, umfram 25.000 km á ári skal veittur 10% afsláttur af þungaskatti skv. 2. gr. Af akstri þessara ökutækja umfram 35.000 km á ári skal veittur 20% afsláttur og 50% afsláttur af akstri þeirra umfram 45.000 km á ári.

Af akstri annarra bifreiða skal afsláttur þessi vera 10% af akstri umfram 25.000 km á ári og 20% af akstri umfram 45.000 km á ári.

Afsláttur kemur til framkvæmda við fyrsta uppgjör eftir að akstur hefur náð framangreindum mörkum, talið frá og með 10. október ár hvert.

Fskj. 2.1.3.–1.


SUÐURLANDSKJÖRDÆMI
Umferðartalning 1989
VEGAGERÐIN
Reykjavík, í apríl 1990
Skýringar:
LANGJÖKULL
MÝRDALS-
JÖKULL
VESTMANNAEYJAR

Fskj. 2.1.3.–2.


REYKJANESKJÖRDÆMI
Umferðartalning 1989
Reykjavík í apríl 1990
VEGAGERÐIN
Skýringar:
AKRANES
REYKJAVÍK
SELTJARNARNES
GARÐABÆR
HAFNARFJÖRÐUR
KEFLAVÍK
NJARÐVÍK
GRINDAVÍK

Fskj. 2.1.3.–3.


VESTURLANDSKJÖRDÆMI
Umferðartalning 1989
Reykjavík i april 1990
VEGAGERÐIN
Skýringar:
BREIÐAFJÖRÐUR
FAXAFLÓI
LANGJÖKULL
Hvammstangi
Laugarbakki
Hrútafjörður
Búðardalur
Hvammsfjörður
Stykkishólmsbæ
Grundarfjörður
Hellissandur
ÓLAFSVÍK
Hafjörður
Borgarfjörður
Borgarfjörður
AKRANES

Fskj. 2.1.3.–4.


Jökulfirðir
BOLUNGARVIK
Suðureyri
Hnífsdalur
Ísafjarðardjúp
ÍSAFJÖRÐUR
Suðavík
Önundarfjörður
Flateyri
360
190
920
690
Dýrafjörður
150
100
Arnarfjörður
Bíldudalur
Tálknafjörður
Patreksfjörður
150
100
DRANGAJÖKULL
HÚNAFLÓI
Skagaströnd
110
60
110
50
Hólmavík
Drangsnes
Steingrímsfjörður
Blönduós
Húnafjörður
140
80
110
70
Reykhólar
Flatey
Hvammstangi
Laugarbakki
BREIÐAFJÖRÐUR
Buðardalur
Hvammsfjörður
150
VESTFJARÐAKJÖRDÆMI
Skýringar:
500 Meðalumferð á dag, júní-sept., föst talning
400 " " " skynditalning
300 " " árs talning
200 (10%) Hlutfallstala í svige á eftir umferðartölu táknar sennilegt hlutfall þungra bíla af viðkomandi umferð samkv. athugun
VEGAGERÐIN
Umferðartalning 1989
Reykjavík, í apríl 1990

Fskj. 2.1.3.–5.


NORÐURLANDSKJÖRDÆMI VESTRA
Umferðartalning 1989
VEGAGERÐIN
Reykjavík í apríl 1990
Skýringar:
HÚNAFLÓI
HÚSAVÍK
AKUREYRI
SIGLUFJÖRÐUR
ÓLAFSFJÖRÐUR
DALVÍK
SAUÐÁRKRÓKUR
Skagafjörður
Hrútafjörður
Miðfjörður
Hvammstangi
Laugarbakki
Hrútafjarðará
Hvítá
Ytri-Rangá
Þjórsá
Ölfusá
Hvalfjörður
Borgarfjörður
Skjálfandi
Öxarfjörður
Flóvenjuskarð
Holtavörðuheiði
Vatnsskarð
Siglufjarðarskarð
Öxnadalsheiði
Vaðlaheiði
Víkurskarð
Hólasandur
Mývatnsöræfi
Möðrudalsöræfi
Jökuldalsheiði
Hellisheiði
Þingvallavatn
Mosfellsheiði
Kjalarnes
Hvalfjarðarbotn
Borgarnes
Akrafjall
Akranes
Hafnarfjall
Grundartangi
Kjalarnesi
Mosfellsbæ
Hveragerði
Selfossi
Hellu
Hvolsvelli
Vík
Kirkjubæjarklaustri
Skaftártungu
Skeiðarársandi
Öræfum
Hornafirði
Djúpavogi
Breiðdalsvík
Stöðvarfirði
Fáskrúðsfirði
Reyðarfirði
Eskifirði
Neskaupstað
Seyðisfirði
Egilsstöðum
Fellabæ
Vopnafirði
Bakkafirði
Þórshöfn
Raufarhöfn
Kópaskeri
Húsavík
Mývatni
Reykjahlíð
Skútustöðum
Grenivík
Dalvík
Ólafsfirði
Siglufirði
Sauðárkróki
Varmahlíð
Blönduósi
Hvammstanga
Borgarnesi
Akranesi
Reykjavík
Keflavík
Grindavík
Þorlákshöfn
Eyrarbakka
Stokkseyri
Laugarvatni
Reykholti
Hvanneyri
Bifröst
Búðardal
Stykkishólmi
Grundarfirði
Ólafsvík
Hellissandi
Rifi
Arnarstapa
Hellnum
Búðum
Snæfellsjökli
Borgarfirði
Vík
Kirkjubæjarklaustri
Skaftártungu
Skeiðarársandi
Öræfum
Hornafirði
Djúpavogi
Breiðdalsvík
Stöðvarfirði
Fáskrúðsfirði
Reyðarfirði
Eskifirði
Neskaupstað
Seyðisfirði
Egilsstöðum
Fellabæ
Vopnafirði
Bakkafirði
Þórshöfn
Raufarhöfn
Kópaskeri
Húsavík
Mývatni
Reykjahlíð
Skútustöðum
Grenivík
Dalvík
Ólafsfirði
Siglufirði
Sauðárkróki
Varmahlíð
Blönduósi
Hvammstanga
Borgarnesi
Akranesi
Reykjavík
Keflavík
Grindavík
Þorlákshöfn
Eyrarbakka
Stokkseyri
Laugarvatni
Reykholti
Hvanneyri
Bifröst
Búðardal
Stykkishólmi
Grundarfirði
Ólafsvík
Hellissandi
Rifi
Arnarstapa
Hellnum
Búðum
Snæfellsjökli
Borgarfirði

Fskj. 2.1.3.–6.


NORÐURLANDSKJÖRDÆMI EYSTRA
Skýringar:
VEGAGERÐIN
Umferðartalning 1989
Reykjavík, í apríl 1990
Grímsey
Raufarhöfn
Kópasker
Öxarfjörður
Skjálfandi
HÚSAVÍK
ÓLAFSFJÖRÐUR
DALVÍK
AKUREYRI
HOFSJÖKULL
Dyngjujökull
Brúarjökull

Fskj. 2.1.3.–7.


AUSTURLANDSKJÖRDÆMI
Skýringar:
VEGAGERÐIN
Umferðartalning 1989
Reykjavík í apríl 1990
Bakkafjörður
Vopnafjörður
Borgarfjörður
EGILSSTAÐIR
SEYÐISFJÖRÐUR
NESKAUP-STAÐUR
ESKIFJÖRÐUR
Reyðarfjörður
Fáskrúðsfjörður
Stöðvarfjörður
Breiðdalsvík
Djúpivogur
Brúarjökull

Fskj. 2.1.3.–8.


AUSTURLANDSKJÖRDÆMI
Umferðartalning 1989
Reykjavík, i apríl 1990
VEGAGERÐIN
Skýringar:
VATNAJÖKULL
Hofn
Skálafellsjökull
Breiðamerkurjökull
Öræfajökull
Skeiðarárjökull
Hrollaugsenjar
Tvísker
Hornafjörður
Skarðsfjörður
Hamarsfjörður
Búlandstindur
Vesturdalsjökull
Eyjabakkajökull
Lambatungurjökull
Hoffellsjökull
Fjallsjökull
Hvannadalshnúkur
Kverkjökull

Fskj.2.3.0.–1.

Þjóðvegir 1. janúar 1990.

Kjördæmi	Stofn-brautir km	Þjóð-brautir km	Þjóðvegir í þéttbýli km	Þjóð-vegir km
Suðurland	492,8	1080,9	14,8	1588,5
Reykjanes	198,9	201,4	76,3*)	476,6
Vesturland	525,5	841,3	14,4	1381,2
Vestfirðir	802,1	515,9	14,9	1332,9
Norðurland vestra	362,4	714,2	14,6	1091,2
Norðurland eystra	580,3	607,9	15,8	1204,0
Austurland	845,1	537,6	27,1	1409,8
Samtals	3807,1	4499,2	177,9	8484,2

* Lengd þjóðvega í þéttbýli, Reykjavík meðtalin.

Stofnbrautir 1. janúar 1990.

Kjördæmi	Ekki akfært km	Akfært km	Alls km
Suðurland		492,8	492,8
Reykjanes	5,9	193,0	198,9
Vesturland		525,5	525,5
Vestfirðir		802,1	802,1
Norðurland vestra		362,4	362,4
Norðurland eystra		580,3	580,3
Austurland		845,1	845,1
Samtals	5,9	3801,2	3807,1

Þjóðbrautir 1. janúar 1990.

Kjördæmi	Ekki akfært km	Akfært km	Alls km
Suðurland	2,7	1078,2	1080,9
Reykjanes		201,4	201,4
Vesturland	17,4	823,9	841,3
Vestfirðir	9,0	506,9	515,9
Norðurland vestra	14,9	699,3	714,2
Norðurland eystra		607,9	607,9
Austurland		537,6	537,6
Samtals	44,0	4455,2	4499,2

Fskj. 2.3.0.–2.

Þjóðvegir og sýsluvegir 1. janúar 1989.

Kjördæmi	Stofn-brautir km	Þjóð-brautir km	Sýslu-vegir km	Alls km	Þjóðvegir í þéttbýli km
Suðurland	493	1 078	626	2 197	15
Reykjanes	193	201	80	474	69
Vesturland	526	824	460	1 810	14
Vestfirðir	802	507	537	1 846	15
Norðurland vestra	362	699	454	1 515	15
Norðurland eystra	580	608	451	1 639	15
Austurland	845	538	516	1 899	27
Samtals	3 801	4 455	3 124	11 380	170

ATH.: Aðeins eru taldir akfærir vegir. Af götum í kaupstöðum og kauptúnum eru aðeins taldar með þær sem eru þjóðvegir í þéttbýli.

Fskj. 2.3.1.1.–1. og 2.3.1.2.–1.

Stofnbrautir – Almenn verkefni og bundin slitlög.
Greinargerð um framkvæmdir.

1 Suðurlandsvegur

16 Sýslumörk - Sandhólar

Framkvæmdum var frestað. Fjárveiting var 2,0 m.kr.

30 Skeiða- og Hrunamannavegur

04 Þjórsárdalsvegur - Hrunavegur

Fjárveiting var 7,0 m.kr. Hluti fjárveitingar var notaður til að greiða skuld sem var á veginum. Ákveðið var að bjóða út kaflann frá Hólakoti að Flúðum en því frestað vegna óvissu um fjárveitingar árið 1990. Framkvæmt var fyrir 2,0 m.kr.

34 Eyrarbakkavegur

05 Um Óseyrarnesbrú

Fjárveitingar voru 19 m.kr. af sérfjárveitingum, og 33 m.kr. stofnbrautafjárveiting. Á árinu 1989 voru settir upp leiðarar við brúna og ýmsum frágangsverkum lokið. Fjárveitingar voru að mestu notaðar til að greiða skuldir vegna fyrri framkvæmda.

35 Biskupstungnabraut

04 Laugarvatnsvegur - Skálholtsvegur

Fjárveiting var 20,0 m.kr., en auk þess var tekið 3,0 m.kr. lán frá kafla 335-05. Lagt var bundið slitlag á kaflann frá Laugarvatnsvegi og austur fyrir Mosfell samtals 6,2 km. Lokið var við að undirbyggja kaflann frá slitlagsendanum að Brúará lengd 2,0 km. Klæðning hf. sá um lögn klæðingar en Pétur Steingrímsson var verktaki við undirbyggingu á kaflanum frá slitlagsenda að Brúará.

37 Laugarvatnsvegur

01 Biskupstungnabraut - Laugarvatn

Fjárveiting var 4,0 m.kr. en framkvæmdin var að mestu fjármögnuð af viðhalds- og styrkingarfé. Lagt var bundið slitlag á kaflann frá Apá að Laugarvatni og kaflinn styrktur samtals 6,3 km. Eftir er að setja ræsi á þrjár ár á leiðinni, Stangarlæk, Apá og Djúpá, og rífa núverandi brýr. Þessar brýr eru allar hættulegar vegna þess hve mjóar þær eru. Verktaki var Klæðning hf.

38 Þorlákshafnarvegur

01 Suðurlandsvegur - Þrengslavegur

Fjárveiting var 5 m.kr. en hluti kostnaðar var fenginn að láni og öðrum verkum frestað. Lagt var bundið slitlag frá Hrauni að Bakka samtals 2,7 km og vegurinn styrktur. Verktaki var Klæðning hf.

1 Vesturlandsvegur

15 Á Kjalarnesi

Fjárveiting var 6,0 m.kr. Fjárveiting var skorin niður samkvæmt ákvörðun ráðherra. Þessi fjárveiting var ætluð í sjóvarnargarð á um 500 m kafla, en þar brýtur sjórinn alltaf meir og meir af ströndinni.

19 Vegrið í Hvalfirði

Fjárveiting var 2,0 m.kr. Settir voru upp 1350 m af leiðurum á þremur stöðum í Hvalfirði frá Hvammsvík inn í Brynjudal. Verkið var unnið af Vegagerðinni.

19 Rannsóknir í Hvalfirði

Fjárveiting var 1,0 m.kr. Haldið var áfram þeim rannsóknum sem byrjað var á 1988.

40 Hafnarfjarðarvegur

03 Kópavogur - Arnarnes

Fjárveiting var 36 m.kr. og af 1.5. Höfuðborgarsvæðið 11,0 m.kr. Lánað til Vesturlandsvegar í Hvalfirði 33 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 19,6 m.kr. Að undangengnu forvali var boðin út brú á Kópavogslæk, umferðarbrú á Arnarnesvegi, undirgangur við Fífuhvammsveg, 1,7 km af eystri akbraut úr Kópavogi og suður fyrir Arnarneshæð, vestri akbraut á Arnarneshæð og tengingar Hafnarfjarðarvegar við Arnarneshæð. Verktaki áætlar að ljúka verkinu í september 1990. Verkið er unnið af Hagvirki hf.

41 Reykjanesbraut

08 - 11 Njarðvík - flugstöð

Fjárveiting var 9,0 m.kr. Gert var við þá malbikskafla sem skemmst höfðu, með malbiki og klæðingu. Verkið var unnið af Loftorku hf. og Klæðningu hf.

1 Vesturlandsvegur

01 Rannsóknir í Hvalfirði

Fjárveiting var 1,0 m.kr. Unnið var að jarðfræðirannsóknum í firðinum og umferðarkönnunum.

01 Um Hvalstöð og Olíustöð

Fjárveiting var 4,0 m.kr. Unnið var við færslu á lögnum og öðrum undirbúningi fyrir væntanlegar framkvæmdir á árinu 1990.

09 Eskiholtslækur-Gljúfurá

Fjárveiting var 60,0 m.kr. Lokið var við undirbyggingu og lögn bundins slitlags á 6,9 km kafla. Enn er eftir lítils háttar frágangsvinna. Verktaki við undirbyggingu var Plútó hf. en Borgarverk hf. sá um lögn slitlags.

12 Arnarbæli - Hvammur

Fjárveiting var 3,0 m.kr. Greiddar voru skuldir frá fyrra ári.

54 Ólafsvíkurvegur

02 Borg - Tungulækur

Fjárveiting var 12,0 m.kr. Boðin var út undirbygging á 3,8 km kafla. Verktaki er Klæðning hf. Áætluð verklok eru 1. ágúst 1990.

05 Núpá - Stóra Þúfa

Fjárveiting var 14,0 m.kr. Haldið var áfram framkvæmdum sem hófust haustið 1988. Undirbyggðir voru 4,3 km frá Núpá að Rauðkollsstöðum og styrktur kafli frá Seli að Stóru Þúfu. Verktaki var Sigurður Vigfússon Staðarsveit.

07 Vegamót - Reiðhamar

Fjárveiting var 13,0 m.kr. Lokið var við undirbyggingu á 5,8 km kafla og lagt bundið slitlag. Verktaki við undirbyggingu var Sigurður Vigfússon, Bjarnarfossi Staðarsveit, en Hagvirki hf. lagði slitlagið.

60 Vestfjarðavegur

09 Víðir - Bessatunga

Fjárveiting var 13,0 m.kr. Lokið var að mestu vegagerð á 4,5 km kafla en frágangsvinna er nokkur eftir. Verkið er að mestu unnið fyrir lánsfé og verður að fullu greitt 1990. Verktaki er Jóhann Bjarnason, Hellu á Rangárvöllum.

10 Klofningsvegur - Brunná

Fjárveiting var engin en heimiluð var lántaka til greiðslu 1990 og 1991. Verkið var boðið út síðla hausts og var lokið við undirbyggingu á snjóastöðum fyrir veturinn. Verklok eru áætluð 1. júlí 1990. Verktaki er Tak hf. Búðardal.

60 Vestfjarðavegur (framhald)

10 Rannsóknir í Gilsfirði

Fjárveiting var 1,0 m.kr. Fjárveitingin var notuð til líffræðirannsókna í firðinum, einnig dýptar- og setlagamælinga.

60 Vestfjarðavegur

01 Rannsóknir í Gilsfirði

Fjárveiting var 1 m.kr. (sjá fjárveiting Vesturland). Unnið var að athugunum á vegar- og brúarstæði yfir Gilsfjörð. Mest var unnið að úrvinnslu mælinga frá fyrra ári.

03 Kambur - Gillastaðir

Fjárveiting var 19 m.kr. Lagður var vegarkafli frá Kambi um brú á Bæjará að Geitará 3,2 km að lengd. Eftir er að setja slitlag á kaflann. Verkið var unnið af Árvélum á Selfossi.

14 Þingmanná - Flókalundur

Fjárveiting var 8 m.kr. Lagt var bundið slitlag frá Þingmanná að Barðastrandarvegi 4,0 km og 0,6 km af Barðastrandarvegi frá vegamótum við Vestfjarðaveg, samtals 4,6 km. Verkið var unnið af vinnuflokkum Vegagerðarinnar.

27 Jarðgöng

Fjárveiting var 5 m.kr. af almennum verkefnum og 10 m.kr. af stórverkefnum, sbr. fylgiskjal 2.3.1.6. Unnið var að rannsóknum og úrvinnslu. Langkostnaðarsamast var að bora 4 rannsóknarholur sem Jarðboranir hf. sáu um.

61 Djúpvegur

05 Brú á Langadalsá

Fjárveiting var 4 m.kr. Tekið var lán frá Geiradalsá að upphæð 8 m.kr. og frá Óshlíð að upphæð 10 m.kr. Byggð var 40 m eftirspennt bitabrú í einu hafi með einni akrein. Verkið var unnið af vinnuflokki Vegagerðarinnar. Með tengingu brúarinnar styttist Djúpvegur um rúmlega 6 km.

05 Snæfjallastrandarvegur - flugvöllur

Fjárveiting var engin á þessu ári af almennum verkefnum en 2 m.kr. voru til ráðstöfunar af fjárveitingu af sérverkefnum, sjá fylgiskjal 2.3.1.3. Einnig var tekið vinnulán að upphæð 6 m.kr. Lagður var 2,3 km vegarkafli og nýja brúin á Langadalsá tengd um leið. Nokkuð er eftir af frágangi við vegarkaflann en hann var opnaður í nóvember. Verktaki er Karl Þ. Björnsson Hólmavík.

18 Djúpagil - Hafnartangar

Fjárveiting var 16 m.kr. Lagður var 3,1 km langur kafli frá Djúpagili að Hafnartöngum. Verktakafyrirtækið Jón og Magnús sf., Ísafirði, vann að undirbyggingunni en vinnuflokkur Vegagerðarinnar lagði slitlagið sem er klæðing.

62 Barðastrandarvegur

05 Raknadalur - Patreksfjörður

Fjárveiting var 31 m.kr. Greitt var vinnulán að upphæð 0,5 m.kr. Lokið var við undirbyggingu á 5,7 km löngum kafla sem að miklu leyti var lagður 1988. Verktaki við undirbygginguna, Karl Þórðarson, var leystur frá hluta verksins og lauk vinnuflokkur Vegagerðarinnar því. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar lagði loks klæðingu á kaflann.

65 Súgandafjarðarvegur

02 Botn - Laugar

Fjárveiting var 24 m.kr. Endurgreitt var lán frá fyrra ári að upphæð 9,3 m.kr. Árið 1988 hófu tvö verktakafyrirtæki vinnu við undirbyggingu vegarkaflans, Jón og Magnús sf., Ísafirði, og Vinnuvélar Patreksfirði. Luku þau bæði sínum verkum og síðan lagði vinnuflokkur Vegagerðarinnar klæðingu á kaflann 5,9 km. Eftir er að leggja seinna lag klæðingarinnar og verður það gert 1990.

68 Hólmavíkurvegur

06 Stikuháls norðanverður

Fjárveiting var 13 m.kr. Greitt var vinnulán frá fyrra ári að upphæð 3,8 m.kr. Verktaki í undirbyggingunni 1988, sem var Höttur, lauk öllum frágangi. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar lagði síðan klæðingarslitlag á kaflann sem er 2,6 km langur.

1 Norðurlandsvegur

06 Víðidalsvegur vestri - Víðidalsá

Fjárveiting var 17 m.kr. Lögð var klæðing á nýbyggingu frá árinu á undan 6,4 km að lengd. Verktaki var Borgarverk hf.

14 - 15 Gilshús-Valadalsá

Fjárveiting var 15 m.kr. Lögð var klæðing á nýbyggingu frá árinu á undan 4,2 km að lengd. Verktaki var Borgarverk hf.

17 Um Héraðsvötn

Innstæða frá fyrra ári var 7 m.kr. Byggðir voru straumbeinar á varnargarðinn við Arnarberg. Verktaki var Ræktunarsamband Flóa og Skeiða.

18 - 19 Miðhús - Víðivellir - Uppsalir

Fjárveiting var 12 m.kr. og 26 m.kr. til sérstakra verkefna, auk vinnuláns að upphæð 18 m.kr. Lögð var klæðing frá Miðhúsum að Víðivöllum 3,8 km að lengd. Verktaki var Borgarverk hf. Byggður var nýr vegur frá Víðivöllum að Uppsölum á eyrum Héraðsvatna 6,0 km að lengd. Verktaki var Ræktunarsamband Flóa og Skeiða.

72 Hvammstangavegur

01 Norðurlandsvegur - Hvammstangi

Fjárveiting var 22 m.kr. Lögð var klæðing á nýbyggingu frá árinu á undan að lengd 4,7 km. Verktaki var Borgarverk hf.

76 Siglufjarðarvegur

02 Um Gljúfurá

Fjárveiting var 4,0 m.kr., 4,0 m.kr. merktar kafla 07 Sunnan Stafár og 5,0 m.kr. af viðhaldsfé. Lokið var nýbyggingu vegar, sem byrjað var á árið áður um nýja brú á Gljúfurá og kaflinn lengdur norður að Kýrholti, samtals 5,4 km að lengd. Lögð var klæðing á kaflann. Verktakar við nýbygginguna voru Hvítserkur hf. og Fjörður sf. Verktaki við klæðinguna var Borgarverk sf.

07 Sunnan Stafár.

Fjárveiting var 4,0 m.kr., sjá kafla 02 Um Gljúfurá.

1 Norðurlandsvegur

04 Hörgárdalsvegur - Krossastaðir

Fjárveiting var 17 m.kr. Lagður var 7,0 km langur kafli frá Steðja að Bægisá og byggð ný brú á Fossá. Verkið var unnið af Arnarfelli hf. Einnig var lagt fyrra lag klæðingar á 1,6 km langan kafla frá Krossastöðum að skógræktargirðingu.

1 Norðurlandsvegur (framhald)

09 Leiruvegur

Fjárveiting var engin en eftirstöðvar frá fyrra ári 5 m.kr. Lagt var bundið slitlag á 3,0 km langan kafla af Eyjafjarðarbraut eystri þar sem hún tengist Leiruvegi.

15 Fnjóskadalsvegur eystri - Norðausturvegur

Fjárveiting var engin en eftirstöðvar frá fyrra ári voru notaðar til að leggja seinna lag klæðingar á 2,9 km langan kafla frá Birningsstöðum að Kambsá og 4,6 km langan kafla frá Stórutjarnarskóla að Krossi.

20 Skútustaðir - Garður

Fjárveiting var 12 m.kr. Lokið var við lagningu á 2,7 km löngum kafla frá Skjólbrekku að Garði. Einnig var lagt fyrra lag klæðingar á allan kaflann.

27 Hólsfjallavegur - Biskupsháls

Fjárveiting var 1 m.kr. Notuð til athugunar á betra vegarsambandi milli Norður- og Austurlands.

82 Ólafsfjarðarvegur

06 Um Ólafsfjarðarmúla

Fjárveiting var 10 m.kr., sjá fskj. 2.3.1.6.–1.

85 Norðausturvegur

12 Hólsfjallavegur - Öxarfjarðarheiðarvegur

Fjárveiting var engin en fyrir viðhaldsfé var lagt seinna lag klæðingar á 2,6 km langan kafla frá Hólsfjallavegi til norðurs.

14 Arnarstaðir - Kópasker

Fjárveiting var engin en fyrir viðhaldsfé var lagt seinna lag klæðingar á 1,6 km langan kafla frá Brekku að Kópaskeri.

21 Raufarhöfn - flugvöllur

Fjárveiting var 5 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

26 Hafralónsá - Langanesvegur

Fjárveiting var 15 m.kr. Hækkaður og lagfærður 0,6 km langur kafli austan Hafralónsár. Lagt seinna lag klæðingar á 6,3 km langan kafla frá Fiská að Þórshöfn og fyrra lag klæðingar á 1,3 km langan kafla frá Fiská að Brúarlandi.

821 Eyjafjarðarbraut vestri

01 - 02 Hvammur - Miðbraut

Fjárveiting var 24 m.kr. Byggð var ný brú á Reyká og lagt seinna lag klæðingar á 8,4 km langan kafla frá Brunná að Miðbraut.

1 Austurlandsvegur

08 Um Teigará

Fjárveiting var 5,0 m.kr. Var lækkuð í 2,0 m.kr. og verki frestað.

15 Úlfsstaðir - Stóra Sandfell

Fjárveiting var 15,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 8,0 m.kr. Tekið nýtt lán 8,0 m.kr. Lokið var við frágang vegar og lögð klæðing á 6,1 km.

25 - 27 Fossá - Valtýskambur

Fjárveiting var 11,0 m.kr. Jafnframt unnið fyrir viðhaldsfé. Lokið var við undirbyggingu vegar frá Fossárvík að Framnesi samtals 10,7 km. Verki er ekki lokið. Verktaki er Héraðsverk hf. Egilsstöðum.

38 Mánagarður - Myllulækur

Fjárveiting var 6,0 m.kr. Vegstæði hefur ekki verið ákveðið. Verki frestað.

1 Austurlandsvegur (framhald)

47 - 48 Hof - Virkisá

Fjárveiting var 30 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári og lán samtals 16,5 m.kr. Tekið nýtt lán 8,0 m.kr. Vegur endurbyggður og lögð klæðing á 8,0 km kafla milli Hvalvörðugilslækjar og Virkisár.

85 Norðausturvegur

12 Á Burstarfelli

Fjárveiting var 13,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 2,4 m.kr. Vegur var lagfærður og lagt malarslitlag á 14,0 km kafla frá Kálffelli að Teigará.

93 Seyðisfjarðarvegur

02 Langahlíð - Norðurbrún

Fjárveiting var 11,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 2,1 m.kr. Lokið var að mestu við nýbyggingu frá fyrra ári ofan Lönguhlíðar 1,3 km og vegur endurbyggður upp að og um Norðurbrún 2,1 km. Verki er ekki lokið.

96 Suðurfjarðavegur

02 Götuhjalli - Hafranes

Fjárveiting var 2,0 m.kr. Vegur endurbyggður og endurnýjuð ræsi um Torfuneslæk 0,24 km og Landamótaá 0,36 km.

04 Skriður - Höfðahús

Fjárveiting var 18,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 4,0 m.kr. Lokið við frágang og lögð klæðing frá Staðarskriðum að Höfðahúsum 4,9 km. Verktaki við undirbyggingu var Vökvavélar hf. Egilsstöðum.

07 Tunguá - Víkurgerði

Fjárveiting var 19,0 m.kr. Tekið lán að upphæð 8,0 m.kr. Lokið við að styrkja og lögð klæðing á 10,1 km.

10 Stöðvará - Tóftá

Fjárveiting var 9,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 0,2 m.kr. Vegur var endurbyggður og lögð klæðing á 2,1 km.

Fskj. 2.3.1.3.–1.

Stofnbrautir – sérstök verkefni.
Greinargerð um framkvæmdir.

1 Suðurlandsvegur

11 - 12 Um Mýrdalssand

Fjárveiting var 35,0 m.kr. af sérstökum verkefnum. Á Mýrdalssandi var lagt seinna lag klæðingar á 8,2 km. Byggð var 10 m löng brú á Vestur Kæli. Mörg ræsi voru lengd og þeim fjölgað. Byggðir voru varnargarðar til að stýra leysingarvatni um sandinn. Gerðir voru tveir vetrarvegir og ýmsum frágangsverkum lokið. Klæðning hf. sá um lögn klæðingar en Vegagerðin sá um aðrar framkvæmdir. Greiddar voru skuldir frá fyrra ári.

12 Um Múlakvísl

Fjárveiting var engin en ýmsum framkvæmdum frestað. Hafnar voru framkvæmdir við brú yfir Múlakvísl. Steyptir voru stöplar brúarinnar og hafnar framkvæmdir við gerð steyptra eininga í brúargólf. Nýja brúin verður 128 m löng stálbitabrú í fjórum höfum, 7,0 m á breidd. Núverandi brú er 140 m löng og 2,8 m breið stálbitabrú með timburgólfi. Brúin var byggð árið 1955 og er orðin mjög léleg. Á undanförnum árum hefur hún oft lokast vegna skemmda af völdum vatnavaxta og var öryggi vegarsambands og vegfarenda talið ófullnægjandi. Framkvæmt var fyrir 14,8 m.kr. árið 1989.

36 Þingvallavegur

01 Á Mosfellsheiði

Fjárveiting var 2,0 m.kr. sem fór til greiðslu á skuld.

1 Vesturlandsvegur

17 - 19 Um Hvalfjörð

Fjárveiting var 25 m.kr. Lán frá Hafnarfjarðarvegi var 33 m.kr. Lokið var við 4,4 km langan kafla frá Fossá að Eyri og hann lagður klæðingu. Með þessum kafla er lokið lagningu slitlags í sunnanverðum Hvalfirði. Verkið var unnið af Klæðningu hf.

14 Holtavörðuheiði

Fjárveiting var engin en framkvæmdafé fengið að láni frá kafla 601-02 sem greitt verður af fjárveitingu 1990. Lagt bundið slitlag á 4,2 km kafla frá Sanddalsá að Norðurá í Hellistungum. Verktaki var Klæðning hf.

16 Holtavörðuheiði

Fjárveiting var 41,0 m.kr. Lánað var til framkvæmda á kafla 14 frá Sanddalsá að Norðurá í Hellistungum. Boðinn var út og undirbyggður 4,6 km kafli frá Miklagili að Brú. Verklok eru áætluð 1. ágúst 1990. Verktaki er Höttur sf. Strandasýslu

60 Vestfjarðavegur

22 Um Dýrafjörð.

Fjárveiting var 14 m.kr. Hafin var gerð brúar á Dýrafjörð. Brúin stendur á Lambadalsodda við norðanverðan fjörðinn. Hún verður 120 m löng eftirspennt bitabrú í þremur höfum með einni akrein. Lokið var niðurrekstri staura undir sökkla og stálþils um sökkla millistöpla. Annar millisökkull var steyptur. Byggingu brúarinnar verður væntanlega lokið 1990. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar vinnur það verk.

01 - 05 Tenging Inndjúps.

Fjárveiting var 26 m.kr. Greitt var lán frá fyrra ári að upphæð 24 m.kr. Afgangurinn 2 m.kr. var notaður á kafla 05, sjá fskj. 2.3.1.1.

1 Norðurlandsvegur

18 - 21 Miðhús - sýslumörk

Fjárveiting var 26 m.kr., sjá fskj. 2.3.1.2.–1.

01 - 04 Sýslumörk - Ólafsfjarðarvegur

Fjárveiting var 20 m.kr. og 17 m.kr. til almennra verkefna og bundinna slitlaga, sjá fskj. 2.3.1.1.–1. og 2.3.1.2.–1.

85 Norðausturvegur

10 - 16 Vopnafjörður - Hérað

Fjárveiting var 2,0 m.kr. Unnið var að frekari athugunum á bættu vegasambandi milli Vopnafjarðar og Héraðs.

92 Norðfjarðarvegur

09 - 10 Um Oddsskarð

Fjárveiting var 22,0 m.kr. Innstæða var 14,9 m.kr. frá fyrra ári. Lokið að mestu við undirbyggingu vegar ofan Eskifjarðar, 2,5 km. Verktaki er Gunnar og Kjartan sf., Egilsstöðum. Vegur undirbyggður um og neðan við Háhlíðarhorn, 1,3 km. Verktaki er Héraðsverk hf., Egilsstöðum. Unnið var við styrkingu og lagfæringar á vegi um Oddsdal á 2,0 km, Vegagerðin vann verkið.

Jarðgangarannsóknir

Fjárveiting var 3,0 m.kr. Unnið var að jarðfræðirannsóknum, könnuð vegstæði og gerðar umferðarkannanir vegna jarðganga.

Fskj. 2.3.1.4.–1.

Ó-vegir.

61 Djúpvegur

25 Óshlíð

Fjárveiting var 17 m.kr. þar að auki fékkst styrkur úr Ofanflóðasjóði að upphæð 6 m.kr. Sett var upp 200 m langt grjótvarnarnet. Fimmtán metrar voru settir innan vegskálans við Steinsófæru en 185 m yst á skriðunum. Einnig var unnið að breikkun á nokkrum stöðum.

82 Ólafsfjarðarvegur

06 Um Ólafsfjarðarmúla. Fjárveiting var 60 m.kr., sjá fskj. 2.3.1.6.–1.

Fskj. 2.3.1.5.

Höfuðborgarsvæðið.

Greinargerð um framkvæmdir.

1 Vesturlandsvegur

12 Höfðabakki - Úlfarsárvegur

Fjárveiting var 8,0 m.kr. Árið 1988 tengdi Reykjavíkurborg nýtt hverfi inn á Vesturlandsveg ofan við Grafarholt. Vesturlandsvegur var stefnugreindur og kostaði Reykjavíkurborg framkvæmdina. Fjárveitingin fór til greiðslu skuldar við áðurnefnda framkvæmd.

14 Í Mosfellsbæ

Fjárveiting var 11 m.kr. er fór til greiðslu á skuld.

40 Hafnarfjarðarvegur

Sjá fskj. 2.3.1.1.–1. og 2.3.1.2.–1. almenn verkefni og bundin slitlög.

41 Reykjanesbraut

02 - 03 Reykjavík - Hafnarfjörður

Fjárveiting var 9,0 m.kr. Þessi fjárveiting var ætluð til greiðslu á landbótum og efnistöku. Ekki hefur enn náðst samkomulag við landeigendur.

04 Hafnarfjarðarvegur - Krýsuvíkurvegur

Fjárveiting var 9 m.kr. Lokið var framkvæmdum við gatnamót Reykjanesbrautar og Lækjargötu. Lýstur var upp 1,0 km langur kafli frá Ásbraut að Krýsuvíkurvegi og var lýsingin gerð af Rafveitu Hafnarfjarðar.

04 - 11 Sunnan Hafnarfjarðar

Fjárveiting var 5 m.kr. Greidd var skuld við Bæjarsjóð Hafnarfjarðar vegna lýsingar gatnamóta Reykjanesbrautar og Hellnahrauns. Einnig var greidd skuld við Hitaveitu Suðurnesja vegna lýsingar gatnamóta Reykjanesbrautar og Aðalgötu. Lögð var klæðing á axlir frá Krýsuvíkurvegi suður fyrir Kúagerði og frá Ramma að Grænási. Samtals var lagt á 13 km langan kafla. Þetta verk vann Vegagerðin.

415 Bessastaðavegur

01 Hafnarfjarðarvegur - Herjólfsgata

Fjárveiting var 4,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

416 Álftanesvegur

02 Landakot - Bessastaðir

Fjárveiting var 6,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

Fskj. 2.3.1.6.

Stórverkefni.

Vestfjarðagöng

Fjárveiting var 10 m.kr., sjá fskj. 2.3.1.1.

82 Ólafsfjarðarvegur

06 Um Ólafsfjarðarmúla

Fjárveiting var 190 m.kr., 60 m.kr. frá Ó-vegum, sjá fskj. 2.3.1.4.–1., og 10 m.kr. frá almennum verkefnum, sjá fskj. 2.3.1.1.–1. og 2.3.1.1.–2. Unnið var við vegagerð og jarðgangagerð. Um áramót var búið að undirbyggja 1,7 km langan kafla frá gangamunna að Ólafsfirði og 1,1 km langan kafla frá gangamunna að Klifi. Einnig var búið að gera 2.680 m löng jarðgöng.

Fskj. 2.3.2.1.

Þjóðbrautir.

Greinargerð um framkvæmdir.

204 Meðallandsvegur

03 - 04 Syðri Fljótar - Langholt

Fjárveiting var 5,0 m.kr. Lagt var bundið slitlag á kaflann frá Syðri Fljótum í átt að Langholti, samtals 6,7 km. Breidd slitlags var 3,3 m. Klæðning hf. sá um lögn slitlagsins.

219 Péturseyjarvegur

01 Suðurlandsvegur - Suðurlandsvegur

Fjárveiting 1,0 m.kr. Gerðar voru ýmsar lagfæringar á veginum og var ýtt upp 2,9 km vegarkafla til að lyfta veginum upp úr snjó.

25 Þykkvabæjarvegur

02 Hrafntóftir - Ásvegur

Fjárveiting var 5,0 m.kr. sem notuð var til að greiða gamla skuld vegna slitlagsframkvæmda.

240 Stórhöfðavegur

01 Strandvegur - Stórhöfðaviti

Fjárveiting var 3,0 m.kr. sem notuð var til að greiða skuld við Vestmannaeyjabæ.

261 Fljótshlíðarvegur

03 - 04 Hlíðarendakot - Háimúli

Byggður var nýr vegur 4,5 km langur frá Hlíðarendakoti að Háamúla. Vegurinn er á nýjum stað nokkuð sunnar en gamli vegurinn. Verktaki var Jóhann Bjarnason hf. Hellu. Fjárveiting var 7,5 m.kr. árið 1988 og voru framkvæmdir þá hafnar og þeim lokið í júní 1989. Lán var tekið vegna framkvæmda á árinu 1989 fyrir væntanlega fjárveitingu árið 1990 sem var fyrirhuguð 8,0 m.kr. Verkinu er lokið nema eftir er að setja á veginn slitlag.

264 Rangárvallavegur

02 Keldur - Þingskálavegur

Fjárveiting var 7,0 m.kr. Undirbyggður var kaflinn frá Þingskálavegi að Gunnarsholti og vegurinn undirbúinn fyrir bundið slitlag. Vegagerðin sá um framkvæmdir. Framkvæmt var fyrir 3,5 m.kr.

275 Ásvegur

02 Um Háfsós

Fjárveiting var 1,0 m.kr. Fjárveitingin var notuð til að greiða skuld sem var vegna tengingar á brú yfir Háfsós. Vegagerðin sá um framkvæmdir.

314 Holtsvegur

02 Við Stokkseyri.

Fjárveiting var 2,0 m.kr. Vegurinn var endurbyggður frá slitlagsenda og út fyrir þéttbýlið um 0,6 km. Bundið slitlag var lagt á veginn og sá Vegagerðin um framkvæmdir.

30 Skeiða- og Hrunamannavegur

07 Við Brúarhlöð

Fjárveiting var 3,0 m.kr. Ýtt var upp vegi við bæinn Foss og snjóastaðir lagaðir. Vegagerðin vann verkið.

33 Gaulverjabæjarvegur

02 Austan Stokkseyrar

Fjárveiting var 3,0 m.kr. Vegurinn var undirbyggður og lagt bundið slitlag á 2,0 km. Vegagerðin sá um framkvæmdir.

35 Biskupstungnabraut

05 Skálholtsvegur - Reykjavegur

Fjárveiting var 5,0 m.kr. Byggður var nýr vegur frá slitlagsenda neðan Reykholts að afleggjara að Reykholti um 0,5 km. Vegagerðin sá um framkvæmdir. 3,0 m.kr. lánaðar til kafla 335-04.

37 Laugarvatnsvegur

03 Laugarvatn - Reykjavegur

Lagt var bundið slitlag á veginn frá Laugarvatni að Snorrastöðum um 2,1 km. Verkið var fjármagnað af viðhalds- og styrkingarfé.

358 Einholtsvegur

01 Um Tungufljót

Fjárveiting var 7,0 m.kr. en framkvæmt fyrir 1,3 m.kr. Gerður var vegur að brúarstæði við Tungufljóti frá Biskupstungnabraut um 0,3 km. Vegagerðin sá um framkvæmdina.

374 Hvammsvegur

01 Sogn - Suðurlandsvegur

Fjárveiting var 2,0 m.kr. Vegurinn var styrktur frá Suðurlandsvegi að vestan að afleggjara að Sogni. Vegagerðin sá um framkvæmdir.

415 Bessastaðavegur

02 Álftanesvegur - Bessastaðir

Fjárveiting var 5,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári og lögð klæðing á afleggjara fram hjá Bessastaðastofu að bústað ráðsmanns.

427 Ísólfsskálavegur

Fjárveiting var 4,0 m.kr. Lýstur var 1,0 km langur kafli frá Ránargötu austur fyrir Þórkötlustaðahverfi. Verkið var unnið af Hitaveitu Suðurnesja.

461 Meðalfellsvegur

Fjárveiting var 6 m.kr. Fjárveiting af viðhaldsfé var 5 m.kr. Gerður var 0,6 km langur vegur um nýja brú á Svínadalsá. Einnig var gerður 1,9 km langur vegur frá Vesturlandsvegi að Meðalfellsvatni. Báðir kaflarnir voru lagðir malarslitlagi. Verkið vann Klæðning hf.

50 Borgarfjarðarbraut

04 Hálsasveitarvegur - Hvítá

Fjárveiting var 1,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

05 Hvítá - Varmalandsvegur

Fjárveiting var 1,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

59 Laxárdalsvegur

02 Laxárdalsheiði

Fjárveiting var 2,0 m.kr. Greiddar voru bætur og málskostnaður vegna gerðardóms í máli gegn Hagvirki hf. Einnig voru gerðar lagfæringar á nokkrum snjóastöðum neðan við Sólheima. Verkið var unnið af Vegagerðinni.

518 Hálsasveitarvegur

01 Borgarfjarðarbraut - Reykholtsdalsvegur

Fjárveiting var 10,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

03 Um Húsafellsskóg

Fjárveiting var 4,0 m.kr. Greiddar skuldir frá fyrra ári. Lagt var seinna lag klæðingar á 3,0 km kafla í Húsafellsskógi. Verkið var unnið af Borgarverki hf.

527 Varmalandsvegur

01 Borgarfjarðarbraut - samkomuhús

Fjárveiting var 6,0 m.kr. Greiddar voru skuldir frá fyrra ári.

574 Útnesvegur

04 Snjóastaðir

Fjárveiting var 3,0 m.kr. Heimild fékkst til lántöku og var boðinn út 2,0 km kafli um Djúpudali. Verk hófst rétt fyrir jól og eru verklok áætluð 1. júlí 1990. Verktaki er Borgarverk hf. Borgarnesi.

59 Laxárdalsvegur

01 Laxárdalsheiði

Fjárveiting var 4 m.kr. Í upphafi árs féll gerðardómur í deilumáli Vegagerðarinnar og Hagvirkis hf. vegna verks sem unnið var 1985. Fjárveitingin fór til greiðslu málskostnaðar og bóta.

605 Tröllatunguvegur

01 Vestfjarðavegur - Bakkaá

Fjárveiting var 2 m.kr. Framkvæmdum var frestað til 1990.

04 Tröllatunga - Hólmavíkurvegur

Fjárveiting var 1 m.kr. Lagfærðir voru nokkrir snjóastaðir einkum næst Hólmavíkurvegi.

614 Rauðasandsvegur

01 Ofan Bjarngötudals.

Lagfærður var snjóastaður um 200 m langur ofan Bjarngötudals og annar niðri í dalnum.

633 Vatnsfjarðarvegur

03 Vatnsfjörður - Kelda

Fjárveiting var 13 m.kr. Lagður var 3,8 km kafli frá Skálavík út á Vatnsfjarðarnes. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar vann verkið. Á þessum áratug er þá búið að leggja nýjan veg af Vestfjarðavegi í Mjóafjarðarbotni út á Vatnsfjarðarnes.

645 Drangsnesvegur

01 Strandavegur - Drangsnes.

Fjárveiting var 1 m.kr. og var hún notuð til að greiða skuld frá fyrra ári.

711 Vatnsnesvegur

01 Hvammstangi - Skarð

Fjárveiting var 2,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

05 Hjá Ósum

Fjárveiting var 1,0 m.kr. Framkvæmdum var frestað til næsta árs.

731 Svínvetningabraut

01 Norðurlandsvegur - Reykjabraut

Fjárveiting var 5,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

734 Svartárdalsvegur

01 Um Fjósaklif

Fjárveiting var 4,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

752 Skagafjarðarvegur

01 - 02 Varmilækur - Mælifellsá

Fjárveiting var 5,0 m.kr. auk vinnuláns að upphæð 1,5 m.kr. Byggður var nýr vegur frá Varmalæk að Mælifellsá, ásamt afleggjara af Skagafjarðarvegi að Svartárbrú hjá Reykjum. Verktaki var Vélar og kraftur hf., en hann lauk ekki verkinu.

792 Flugvallarvegur í Siglufirði

01 Siglufjörður - flugvöllur

Fjárveiting var 3,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

83 Grenivíkurvegur

02 Ystavík - Fnjóskadalsvegur eystri

Fjárveiting var engin en fyrir viðhaldsfé var gengið frá 0,7 km löngum kafla um Fagrabæ og lagt á hann fyrra lag klæðingar.

803 Kleifarvegur

02 Flugvöllur - Sólheimar

Fjárveiting var engin en eftirstöðvar frá fyrra ári 2,0 m.kr. Endurbyggður og lagfærður 1,4 km langur kafli um Kleifar.

805 Svarfaðardalsvegur

01 Ólafsfjarðarvegur - Tunguvegur

Fjárveiting var engin en fyrir viðhaldsfé var lagt seinna lag klæðingar á 1,8 km langan kafla frá Ólafsfjarðarvegi að Holtsá.

02 Hreiðarsstaðakot - Hóll

Fjárveiting var 10 m.kr. Lagður var 3,2 km langur kafli frá Hreiðarsstaðakoti að Hóli. Verkið var unnið af Jarðverki sf.

809 Hauganesvegur

01 Ólafsfjarðarvegur - Hauganes

Fjárveiting var engin en fyrir viðhaldsfé var lagt seinna lag klæðingar á 1,1 km langan kafla frá Ólafsfjarðarvegi að Hauganesi.

811 Hjalteyrarvegur

02 Bakkavegur - Hjalteyri

Fjárveiting var 1,0 m.kr. Lagt var seinna lag klæðingar á 2,1 km langan kafla frá Ólafsfjarðarvegi að Bakkavegi.

815 Hörgárdalsvegur

01 Norðurlandsvegur - Melar

Fjárveiting var 3,0 m.kr. Lagður var 0,8 km langur kafli frá Norðurlandsvegi að Melum og tengd ný brú á Hörgá. Verkið var unnið af Arnarfelli hf.

816 Dagverðareyrarvegur

01 Norðurlandsvegur - Ólafsfjarðarvegur

Fjárveiting var 2 m.kr. Styrktur og endurbyggður 2,2 km langur kafli frá Hlöðum að námu við Skipalón og lagfærðir snjóastaðir hjá Glæsibæ. Verkið var unnið af Halldóri Baldurssyni.

848 Mývatnssveitarvegur

01 Vagnbrekka - Stekkjarnes

Fjárveiting var 4 m.kr. Gengið frá 1,2 km löngum kafla austan við Vagnbrekku og lagt á hann fyrra lag klæðingar.

850 Flugvallarvegur Mývatnssveit

01 Kísilvegur - flugvöllur

Fjárveiting var 2 m.kr. Gengið frá 0,9 km löngum kafla frá Kísilvegi að flugvelli og lagt á hann fyrra lag klæðingar.

851 Út-Kinnarvegur

01 Um Leikskálaá

Fjárveiting var 4 m.kr. Lagður var 0,7 km langur kafli vegna tengingar á nýrri brú á Leikskálaá.

870 Kópaskersvegur

01 Norðausturvegur - Duggugerði

Fjárveiting var 3 m.kr. Lagt var seinna lag klæðingar á 0,8 km langan kafla frá Norðausturvegi að Duggugerði.

94 Borgarfjarðarvegur

01 - 08 Mýnes - Borgarfjörður

Fjárveiting var 11,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 0,5 m.kr. Vegur endurbyggður um Snjóholt 1,8 km og um Eiða 0,6 km, verki ekki lokið. Verktaki er Héraðsverk hf., Egilsstöðum.

923 Jökuldalsvegur

Fjárveiting var 2,0 m.kr. og tekið lán 2,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

931 Upphéraðsvegur

01 Við Fellabæ

Fjárveiting var engin. Framlag úr 25% sjóði var 0,8 m.kr. Vegur endurbyggður og lögð klæðing 0,5 km við Skipalæk.

08 Hafursá - Freyshólar

Fjárveiting var 1,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

953 Mjóafjarðarvegur

Fjárveiting var 5,0 m.kr. Byggður var nýr vegur á Mjóafjarðarheiði um Bræðravötn 1,1 km.

955 Flugvallarvegur Norðfirði

Fjárveiting var engin. Unnið var fyrir innstæðu frá fyrra ári 1,6 m.kr. Lögð var klæðing 0,5 km.

Fskj. 2.4.–1.

Brýr 10 m og lengri.
Greinargerð um framkvæmdir.

Bugða (463)

Fjárveiting var 12 m.kr. Lokið var gerð brúar á Svínadalsá (463) en fjárveiting til Svínadalsár 1988 var að mestu notuð til gerðar brúar á Bugðu.

Hörgá (815)

Fjárveiting var 14 m.kr. Byggð var 30 m löng stálbitabrú með einni akrein á steyptu gólfi. Brúin er skammt neðan ármóta Öxnadalsár og Hörgár á nýjum hluta Hörgárdalsvegar sem tengist nýjum kafla Norðurlandsvegar norðan Bægisár. Með þessari tengingu er lögð af hættuleg brú á Öxnadalsá neðan Bægisár sem byggð var 1931.

Leikskálaá (851)

Fjárveiting var 8 m.kr. Byggð var 12 m löng steypt plötubrú með einni akrein í nýrri veglínu. Gamla brúin á Leikskálaá var frá 1966 og hafði slæma aðkomu. Hún skemmdist mikið í vatnavöxtum 1986.

Tungufljót (359)

Fjárveiting var 31 m.kr. og nægði ekki til alls verksins. Smíðaðir voru stálbitar brúarinnar en öðrum framkvæmdum var frestað. Meiri hluti fjárveitingarinnar var lánaður til brúargerðar á Múlakvísl (1). Brúin á Tungufljót verður 90 m stálbitabrú í tveimur höfum með einni akrein á steyptu gólfi. Hún verður í nýrri veglínu frá bænum Króki. Hún kemur í stað stálgrindabrúar sem er á Einholtsvegi (358) skammt frá Vatnsleysu.

Geiradalsá (60)

Fjárveiting var 8,0 m.kr. Framkvæmdum var frestað en fé lánað til byggingar brúar á Langadalsá (60).

Morsá (Skaftafellsþjóðgarði)

Fjárveiting var 2 m.kr. Framkvæmdum var frestað til 1990 en þá er gert ráð fyrir lokafjárveitingu til verksins.

Eyjafjarðará (823)

Fjárveiting var 2 m.kr. og fór hún öll til greiðslu á vöxtum af skuldum vegna byggingar brúarinnar.

Falljökulkvísl í Öræfum (1)

Fjárveiting var engin en vegna rennslis úr Virkisárjökli í Falljökulkvísl og endurtekinna lokana vegarins var talið nauðsynlegt að endurbyggja brúna á Falljökulkvísl. Nýja brúin er 10 m löng steypt plötubrú með tveimur akreinum. Gamla brúin á Falljökulkvísl var 6 m löng byggð árið 1965 og vegna hækkunar á aurnum umhverfis hana var hún orðin allt of lág.

Fskj. 2.5.1.–1.

Aðalfjallvegir.
Greinargerð um framkvæmdir.

F28 Sprengisandsleið
Fjárveiting var 600 þús. kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.
F82 Eyjafjarðarleið
Fjárveiting var 800 þús. kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.
F92 Gæsavatnaleið
Fjárveiting var 1.600 þús. kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

Ed. 1205. Nefndarálit [572. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um grunnskóla, nr. 63/1974, með síðari breytingum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem er flutt af menntamálanefnd neðri deildar. Lagt er til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Guðrún Agnarsdóttir var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 1990.

Jón Helgason, varaform.	Valgerður Sverrisdóttir, frsm.	Salome Þorkelsdóttir.
Halldór Blöndal.	Skúli Alexandersson.	Sveinn Gunnar Hálfdánarson.

Sþ. 1206. Breytingartillaga [385. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990 vegna kjarasamninga í febrúar 1990.

Frá menntamálaráðherra.

Við 02-610 Héraðsskólar almennt. Sundurliðun á lækkun stofnkostnaðar kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Héraðsskólar almennt (02-610 690).	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Reykholt	–4.160	
2. Núpur	–1.950	
3. Reykjanes	–550	
4. Reykir	–280	
5. Eiðar	–2.500	
6. Skógar	–280	
7. Laugarvatn	–280	
		–10.000

Sþ. 1207. Breytingartillögur [385. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990 vegna kjarasamninga í febrúar 1990.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar (MálmS).

Þús. kr.

1. Við 3. gr.
   a. Við 02-233 Rannsóknasjóður.
      Liðurinn falli brott.
   b. Við 08-385 Framkvæmdasjóður aldraðra.
      Liðurinn falli brott.
   c. Við 09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum.
      Fyrir „– 50.000“ komi . . . . . –68.000
2. Á eftir 3. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Heimildaliður 6.2 í 6. gr. fjárlaga, um kaup á 500 viðbótareintökum af dagblöðum umfram heimildir í lið 6.1, falli brott.

Sþ. 1208. Nefndarálit [465. mál]

um till. til þál. um breyt. á þál. um vegáætlun fyrir árin 1989–1992.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Um þessar mundir er eitt ár liðið frá því að vegáætlun fyrir árin 1989–1992 var afgreidd á Alþingi. Um tekjustofna þeirrar áætlunar komst samgönguráðherra þannig að orði í þingræðu 10. apríl 1989.

„Í tillögu þeirri, sem hér liggur fyrir, er miðað við að markaðir tekjustofnar standi áfram undir öllum útgjöldum vegáætlunar. Reiknað er með hægum en jöfnum vexti bensínsölu á tímabilinu en óbreyttum stofni í þungaskatti. Með því að nýta tekjustofnana samkvæmt lögum, þ.e. láta þá fylgja verðlagi, má auka framkvæmdafé vegáætlunar umtalsvert og er við það miðað hér, þ.e. að þessir mörkuðu tekjustofnar séu nýttir að fullu og látnir fylgja verðlagshækkunum. Þannig má ná hlutfalli af þjóðarframleiðslu miðað við hinn nýja grundvöll á bilinu 1,4–1,5% á næstu árum. Er það veglegur áfangi í þá átt að ná því framkvæmdamagni sem langtímaáætlun miðast við og talsvert hærra hlutfall en runnið hefur til vegamálanna nú hin síðustu ár. Þetta hlutfall næst þó ekki á yfirstandandi ári eins og kunnugt er, en vegna ástands í efnahagsmálum þjóðarinnar varð því miður ekki hjá því komist að hluti markaðra tekna rynni í ríkissjóð á þessu ári.“

Tilefni þessara yfirlýsinga voru að samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar voru 682 millj. kr. af vegafé ársins 1989 teknar í ríkissjóð, auk fleiri skerðinga á framkvæmdafé Vegagerðar ríkisins. Samkvæmt yfirlýsingu ráðherrans var hér einungis um tímabundna skerðingu vegafjár að ræða, tilkomna vegna slæmrar stöðu ríkissjóðs. Slík skerðing skyldi ekki endurtekin í hans ráðherratíð.

Þetta staðfesti samgönguráðherra enn betur síðar í umræðunum þegar fjallað var um vegáætlun fyrir árin 1989–1992.

„Varðandi það efni, sem hér hefur verið nefnt af mörgum og var reyndar sérstaklega gert að umtalsefni af mér í upphafi, að því miður varð það að ráði vegna erfiðra aðstæðna í ríkisfjármálum á þessu sl. hausti að taka hluta af mörkuðum tekjustofnum Vegagerðar, þ.e. sérstaka hækkun sem gripið var til á þeim tekjustofnum, og láta renna í ríkissjóð, vil ég upplýsa að við þá afgreiðslu í hæstv. ríkisstjórn var gerð bókun sem lýtur að því að hér er um

einstaka afgreiðslu að ræða bundna yfirstandandi ári og ekki er ætlunin að hún verði til frambúðar. Á grundvelli þessarar bókunar og vilja ríkisstjórnarinnar er vegáætlun nú þannig sett upp að þegar á næsta ári renna markaðir tekjustofnar að fullu og öllu til framkvæmda í vegamálum og ég vil gefa þá yfirlýsingu sem samgönguráðherra að ég mun sjá til þess að við þessa afgreiðslu ríkisstjórnarinnar verði staðið verði það í mínu valdi."

Þegar nú bregður svo við að flutt er tillaga á Alþingi um breytingu á gildandi vegáætlun er eðlilegt að spurt sé um ástæðu. Samkvæmt gildandi vegáætlun átti ráðstöfunarfé til vegamála að vera 5.250 millj. kr. Með þeim breytingum, sem nú eru gerðar, verður fjárveiting til þessara mála 4.396 millj. kr. Niðurskurður á milli þessara ára verður þannig 854 millj. kr. Þessi skerðing á fjárveitingu til vegamála er tilefni að þeim tillöguflutningi sem hér er fjallað um.

Þannig hefur þá farið með yfirlýsingar samgönguráðherra um óbreytta og fullnýtta tekjustofna til vegamála. Niðurstaðan liggur fyrir, vegagerðarfé er skert um 854 millj. kr. frá gildandi vegáætlun. Aftur á móti var bifreiðagjald stórlega hækkað og þannig fékkst greið leið fyrir aukna skattheimtu af bifreiðaeigendum til ríkissjóðs í stað þess að nýta tekjustofna Vegagerðarinnar til framkvæmda í vegagerð.

Vegáætlun er nú brotin upp á næsta ári eftir að regluleg endurskoðun hefur farið fram. Hún er að því leyti óvenjuleg að nú er ákveðið að skerða framlög til vegagerðar sem auðvitað leiðir til minni framkvæmda í vegamálum og torveldar Vegagerð ríkisins að annast hin margháttuðu verkefni sem henni eru falin, svo sem viðhald vega og snjómokstur. Dæmi eru hins vegar um að vegáætlun hafi verið breytt án þess að um lögbundna endurskoðun væri að ræða. Svo var t.d. árið 1988 að frumkvæði fyrrverandi samgönguráðherra, Matthíasar Á. Mathiesens. En sú breyting var gerð til að auka vegaframkvæmdir gagnstætt því sem nú er gert með því að stórlega er dregið úr framkvæmdum.

Sú stefna, sem núverandi ríkisstjórn hefur markað í vegamálum mun hafa hinar alvarlegustu afleiðingar í för með sér. Súlurit, sem birt er með nefndaráliti þessu sem fylgiskjal, sýnir með skýrum hætti hve stórlega hefur dregið úr lagningu bundins slitlags við tilkomu núverandi ríkisstjórnar. Fullyrða má að enn dragi úr lagningu bundins slitlags í ár frá því sem var á síðasta ári, og var þó nóg að gert.

Þrátt fyrir þetta er nú leitast við að dylja niðurskurð vegaframkvæmda svo sem framast er kostur með lántökum sem velta afleiðingum niðurskurðarins yfir til næstu ára.

Minni hl. fjárveitinganefndar er þessari aðför núverandi ríkisstjórnar að vegamálum algerlega andvígur og mun því, þrátt fyrir sameiginlega umfjöllun þingmanna einstakra kjördæma um skiptingu framkvæmdafjár ekki taka þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 1990.

Egill Jónsson, frsm. Pálmi Jónsson. Málmfríður Sigurðardóttir.

Fylgiskjal.



Nd. 1209. Frumvarp til laga [580. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

5. málsl. 1. mgr. 64. gr. laganna orðist svo: Eftirlifandi maka skal ætíð heimilt að telja fram allar tekjur sínar og hins látna maka sem hjón væru í samræmi við ákvæði 63. gr., í allt að níu mánuði frá og með andlátsmánuði makans og fer þá um álagningu tekjuskatts og ákvörðun persónuafsláttar samkvæmt því.

2. gr.

Við 81. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 51/1989, bætist ný málsgrein er orðist svo:

Eignarskattsálagningu eftirlifandi maka eða sambúðaraðila, sbr. 3. málsl. 1. mgr., skal á dánarári maka eða sambúðaraðila hagað á sama hátt og um hjón væri að ræða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1991 vegna tekna á árinu 1990 og eigna í lok þess árs.

Greinargerð.

Nefndin hefur haft til umfjöllunar frumvarp Friðriks Sophussonar og Inga Björns Albertssonar um breytingu á tekjuskatts- og eignarskattslögum, 494. mál þingsins, er miðar að því að auka rétt eftirlifandi maka til að nýta persónuafslátt látins maka. Við athugun nefndarinnar kom fram að gera þyrfti ýmsar breytingar á frumvarpinu til að hægt væri að ná fram markmiðum þess og ákvað því nefndin að velja þann kost að flytja sjálfstætt frumvarp um málið.

Samkvæmt gildandi lögum getur eftirlifandi maki nýtt sér persónuafslátt hins látna á því almannaksári sem andlát makans bar að. Eftirlifandi maki getur þannig nýtt sér persónuafslátt látins maka í einn til tólf mánuði eftir því hvenær árs maki lést. Samkvæmt þessum ákvæðum er það háð því hvenær andlát ber að innan ársins hve mikinn persónuafslátt eftirlifandi maki getur nýtt sér.

Í frumvarpi nefndarinnar er gert ráð fyrir að réttur eftirlifandi maka til að nýta persónuafslátt þess maka, er fellur frá, verði sá sami í öllum tilvikum þannig að allir, sem missa maka sinn, geti nýtt persónuafslátt eftirlifandi maka í jafnlangan tíma. Lagt er til að þessi réttur vari í fulla níu mánuði frá og með þeim mánuði er maki féll frá.

Ed. 1210. Nefndarálit [264. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um Landsvirkjun, nr. 43/1983.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og sent það til umsagnar. Umsagnir bárust frá Fjórðungssambandi Norðlendinga, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, iðnaðarráðuneytinu, Orkubúi Vestfjarða, Orkustofnun, Rafmagnsveitum ríkisins, Sambandi íslenskra rafveitna, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Samtökum sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi.

Landshlutasamtök og fleiri aðilar lýsa yfir eindregnum stuðningi við tilgang frumvarpsins og leggja til að það verði samþykkt. Í umsögnum frá öðrum koma hins vegar fram ábendingar um að betur þurfi að huga að ákvæðum þess. Þar sem ekki vinnst tími til þess fyrir þinglok telur nefndin rétt að iðnaðarráðherra skipi nú þegar nefnd til að semja frumvarp um verðjöfnun á raforku og leggi það fyrir Alþingi á næsta þingi.

Í trausti þess leggur nefndin til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Guðrún Agnarsdóttir var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 1990.

Karl Steinar Guðnason, form., frsm.	Jón Helgason.	Þorv. Garðar Kristjánsson.
Margrét Frímannsdóttir.	Stefán Guðmundsson.	Ey. Kon. Jónsson.

Nd. 1211. Nefndarálit [520. mál]

um frv. til l. um Búnaðarmálasjóð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Nefndin fékk til viðræðna um efni frumvarpsins Jónas Jónsson búnaðarmálastjóra, Hauk Halldórsson, formann Stéttarsambands bænda, Leif Kr. Jóhannesson, forstöðumann Stofnlánadeildar landbúnaðarins, og Guðmund Sigþórsson úr landbúnaðarráðuneytinu. Umsagnir um frumvarpið bárust frá Stofnlánadeild landbúnaðarins, Stéttarsambandi bænda, búnaðarþingi 1990, Búnaðarsamtökum Vesturlands og Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Nefndin leggur til að nokkrar breytingar verði gerðar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi er lagt til að heimild landbúnaðarráðherra til að ákveða með reglugerð sérstakt gjald af hvers konar greiðslum, sem eru látnar koma í stað framleiðslu, verði afnumin. Í öðru lagi er gerð tillaga um breytta tekjuskiptingu af búnaðarsjóðsgjaldi þannig að tekjur búgreinafélaga og Stofnlánadeildar eru lækkuð örlítið og mismunurinn látinn renna til Búnaðarfélags Íslands vegna félagslegrar starfssemi þess. Í þriðja lagi er lagt til að 5. gr. verði breytt þannig að heimild sú sem þar er veitt til gjaldtöku nái ekki til búgreinafélaga sauðfjár- og nautgriparæktar. Að lokum er lagt til að bætt verði tveimur nýjum ákvæðum til bráðabirgða. Í því fyrra er ákvæði um yfirstjórn forfallaþjónustu bænda en nauðsynlegt er að ákveða skipan hennar. Í því síðara er lagt til að Stofnlánadeild landbúnaðarins haldi óbreyttum tekjum til 30. nóvember nk. Er þetta gert til að fjárhagsáætlanir deildarinnar raskist sem minnst.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Málmfríður Sigurðardóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk þessari afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 1990.

Alexander Stefánsson, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir, fundaskr.	Eggert Haukdal.
Pálmi Jónsson.	Þórður Skúlason.	Guðni Ágústsson.

Ingi Björn Albertsson.

Nd. 1212. Breytingartillögur [520. mál]

við frv. til l. um Búnaðarmálasjóð.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. C-liður falli brott.
2. Við 4. gr. 1. mgr. orðist svo:

Tekjum af búnaðarmálasjóðsgjaldi, sem innheimt er skv. 1. gr. og A- og B-liðum 2. gr. skal skipt þannig:

	Greiðsla af A-flokki skv. 2. gr.	Greiðsla af B-flokki skv. 2. gr.
Til Stéttarsambands bænda	0,100%	0,250%
Til búnaðarsambanda	0,250%	0,500%
Til búgreinafélaga	0,075%	0,075%
Til Búnaðarfélags Íslands	0,025%	0,075%
Til Stofnlánadeildar landbúnaðarins	0,100%	0,200%
Til forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, sbr. lög nr. 32/1979	0,200%	0,400%

3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 2. og 4. gr. laganna getur landbúnaðarráðherra heimilað búgreinafélagi annarra greina en sauðfjár- og nautgriparæktar að innheimta allt að 1,0% gjald í stað 0,075% skv. 4. gr., enda liggi fyrir meirihlutasamþykkt viðkomandi búgreinafélags og samþykki Stéttarsambands bænda. Ákvörðun þessi gildi til eins árs í senn.
4. Við bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða (II og III) svohljóðandi:
   a. (II.) Þar til fram hefur farið endurskoðun á lögum nr. 32/1979, um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, skal yfirstjórn forfallaþjónustunnar falin þriggja manna stjórn. Skal einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, einn af Stéttarsambandi bænda og einn af búnaðarsamböndunum sameiginlega.
   b. (III.) Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. skal Stofnlánadeild landbúnaðarins halda tekjum eins og orðið hefðu að óbreyttum lögum til 30. nóvember 1990. Skal Búnaðarmálasjóður því greiða Stofnlánadeild þær tekjur sem ella hefðu runnið þangað mánuðina september, október og nóvember 1990.

Ed. 1213. Nefndarálit [543. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóra og Snorra Olsen og Guðmund Björnsson frá fjármálaráðuneytinu.

Lagt er til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. maí 1990.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Ey. Kon. Jónsson.
Halldór Blöndal.	Skúli Alexandersson.	Sveinn Gunnar Hálfdánarson.

Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Ed. 1214. Nefndarálit [417. mál]

um frv. til l. um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk til viðræðna Guðmund Björnsson frá fjármálaráðuneytinu. Einnig barst umsögn frá Sambandi almennra lífeyrissjóða.

Nefndin leggur til að tvær breytingar verði gerðar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um tæknilega breytingu á 6. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Í öðru lagi er lagt til að skoðunarmenn reikninga tilkynni ekki einungis stjórn lífeyrissjóðs og bankaeftirliti ef vart verður verulegra ágalla í rekstri sjóðsins heldur einnig fjármálaráðuneyti.

Lagt er til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 3. maí 1990.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Ey. Kon. Jónsson.
Halldór Blöndal.	Skúli Alexandersson.	Sveinn Gunnar Hálfdánarson.

Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Ed. 1215. Nefndarálit [528. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóra og Snorra Olsen, skrifstofustjóra í fjármálaráðuneytinu. Einnig barst umsögn um frumvarpið frá Iðnþróunarsjóði.

Í nefndinni var mikil umræða um hvort bæta ætti við 3. gr. frumvarpsins ákvæði er tæki af allan vafa um hvort m.a. félög, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins eða ríkisfyrirtækja, gætu nýtt sér heimild 3. gr. um að draga frá tekjum tapað hlutafé. Nefndin lítur svo á að túlka megi ákvæðið á þann hátt án breytingar og leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. maí 1990.

Guðmundur Ágústsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Ey. Kon. Jónsson.
Halldór Blöndal.	Skúli Alexandersson.	Sveinn Gunnar Hálfdánarson.

Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Ed. 1216. Breytingartillaga [417. mál]

við frv. til l. um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Við 3. gr.

a. Í stað orðsins „lífeyrissjóðaeftirlitinu“ í 1. málsl. 6. mgr. komi: Seðlabanka Íslands.
b. Í stað orðanna „stjórn sjóðsins“ í lokamálslið 6. mgr. komi: stjórn sjóðsins, fjármálaráðuneytinu.

Nd. 1217. Nefndarálit [445. mál]

um frv. til l. um breyt. á sjómannalögum, nr. 35/1985.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Hún vill taka sérstaklega fram að þótt þessi grein sé felld brott úr sjómannalögum hefur skipstjóri enn óskorað agavald til að halda uppi góðri reglu á skipi, t.d. ef skip er í háska statt, sbr. heimild í 70. gr. laganna. Í 87. gr. laganna er almennt refsiákvæði sem nær til sjómanna sem gerast sekir um yfirsjón við skyldustörf sín og í 82. gr. eru lögð viðurlög við því að ráðast á skipstjóra. Nefndin telur að með þessum ákvæðum sé tryggt að góð regla haldist um borð í íslenskum skipum, svo framarlega sem hægt er að tryggja slíkt með lögum. Er því óhætt að fella brott 81. gr. laganna eins og lagt er til í þessu frumvarpi. Þá er gerð sú tæknilega breyting að fella út tilvísun 74. gr. laganna í 81. gr., en í 74. gr. eru ákvæði um málssókn.

Nefndin leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á undan 1. gr. komi ný grein er orðist svo:

1. málsl. 1. mgr. 74. gr. orðist svo: Yfirsjónir þær, sem ræðir um í 1. mgr. 80. gr., skulu eigi sæta opinberri málssókn nema skipstjóri eða útgerðarmaður krefjist þess.

Matthías Á. Mathiesen og Friðjón Þórðarson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 1990.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm.	Guðni Ágústsson, fundaskr.	Málmfríður Sigurðardóttir.
Ólafur Þ. Þórðarson.		Árni Gunnarsson.

Nd. 1218. Breytingartillögur [525. mál]

við frv. til l. um Kvikmyndastofnun Íslands.

Frá menntamálaráðherra.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Menntamálaráðherra skipar stofnuninni fimm manna stjórn til þriggja ára í senn. Skal einn skipaður samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra kvikmyndagerðarmanna, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda, tveir samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra listamanna og einn án tilnefningar. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Stjórn Kvikmyndastofnunar tilnefnir aðila utan stjórnar til að annast úthlutun úr sjóðnum. Enginn skal annast úthlutun lengur en tvö ár í röð og mega úthlutunaraðilar ekki eiga hagsmuna að gæta við úthlutun.
3. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Hlutverk úthlutunaraðila er að veita styrki til undirbúnings, framleiðslu eða dreifingar íslenskra kvikmynda, óháð hvaða tækni er notuð við myndgerðina. Einnig er heimilt að veita lán og ábyrgðir fyrir láni, sbr. 8. gr.
4. Við 7. gr. 1. tölul. 1. mgr. orðist svo:
   Árlegt framlag úr ríkissjóði er nemi áætluðum virðisaukaskatti af kvikmyndasýningum, þó aldrei lægri fjárhæð en 110 millj. kr. á meðalverðlagi ársins 1990. Áætlun þessi skal gerð af Hagstofu Íslands og miðast við verðlag eins og það er við gerð fjárlaga hverju sinni.

Ed. 1219. Lög [460. mál]

um Skákskóla Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 1090.

Ed. 1220. Lög [362. mál]

um launasjóð stórmeistara í skák.

(Afgreidd frá Ed. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 1091.

Nd. 1221. Lög [430. mál]

um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

(Afgreidd frá Nd. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 1037.

Nd. 1222. Nefndarálit [249. mál]

um frv. til l. um fjárgreiðslur úr ríkissjóði o.fl.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Nefndin hefur athugað frumvarpið og telur að hér sé hreyft mjög þörfu máli. Í ljósi þess að fjármálaráðherra hefur lagt fram hugmyndir sem ganga í sömu átt og frumvarpið, og þar sem forsætisráðherra er að láta gera lögfræðilega úttekt á málinu telur nefndin rétt að unnið sé áfram að þessu máli og eðlilegt að kveðja til fleiri aðila. Í trausti þess að unnið verði að málinu í sumar samþykkir deildin að taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 3. maí 1990.

Páll Pétursson, form., frsm.	Þórhildur Þorleifsdóttir, fundaskr.	Matthías Bjarnason.
Friðrik Sophusson.	Þórður Skúlason.	Guðmundur G. Þórarinsson.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Nd. 1223. Lög [403. mál]

um breytingu á lögum nr. 51 29. maí 1981, um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.

(Afgreidd frá Nd. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 1085.

Nd. 1224. Lög [191. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

(Afgreidd frá Nd. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 216.

Ed. 1225. Frumvarp til laga [417. mál]

um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða.

(Eftir 2. umr. í Ed., 4. maí.)

1. gr.

Stjórn lífeyrissjóðs skal sjá um að saminn sé ársreikningur fyrir hvert almanaksár í samræmi við reglur sem Seðlabanki Íslands setur. Ársreikningur skal hafa að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, fjármagnsstreymi og skýringar. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum og framsetningu.

Í ársskýrslu stjórnar skal koma fram yfirlit um starfsemi sjóðsins á árinu, svo og upplýsingar um atriði er mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu sjóðsins og afkomu hans á reikningsárinu er ekki koma fram annars staðar í ársreikningnum.

Ársreikningur lífeyrissjóðs skal lagður fyrir skoðunarmenn eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

Ársreikningur skal undirritaður af öllum stjórnarmönnum lífeyrissjóðs. Hafi einhver stjórnarmanna mótbárur fram að færa gegn ársreikningi skal hann undirrita með fyrirvara og gera skal grein fyrir því í ársskýrslu hvers eðlis fyrirvarinn er.

2. gr.

Endurskoðun hjá lífeyrissjóði skal framkvæmd af tveimur skoðunarmönnum, sem valdir eru samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sjóðsins, og einum skoðunarmanni sem er löggiltur endurskoðandi.

3. gr.

Skoðunarmenn skulu framkvæma endurskoðun í samræmi við góðar endurskoðunarvenjur og reglur Seðlabanka Íslands þar að lútandi. Með endurskoðun sinni skulu þeir komast að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika þeirra upplýsinga sem ársreikningurinn veitir. Þeir skulu ganga úr skugga um að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við góða reikningsskilavenju og fylgt hafi verið ákvæðum laga, reglna og samþykkta varðandi meðferð fjármuna, ráðstöfun fjár, ávöxtun og upplýsingaskyldu lífeyrissjóða.

Skylt er að veita skoðunarmönnum aðstöðu til að gera þær athuganir sem þeir telja nauðsynlegar. Þeir skulu fá aðgang að öllum eignum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum lífeyrissjóðsins og skulu stjórn sjóðsins og starfsmenn veita þeim allar þær upplýsingar sem þeir æskja og unnt er að láta í té.

Skoðunarmenn skulu árita ársreikninginn og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Þeir skulu gefa upplýsingar um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og að hann hafi verið saminn í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykkta. Þeir skulu láta í ljósi álit á ársreikningnum og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar að öðru leyti.

Telji skoðunarmenn að í ársreikningi séu ekki þær upplýsingar, sem þar eiga að koma fram, skulu þeir geta þess í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar, ef þess er kostur. Að öðru leyti geta skoðunarmenn greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem þeir telja eðlilegt að fram komi í ársreikningi.

Ábendingar og athugasemdir, sem skoðunarmenn vilja koma á framfæri við stjórn eða framkvæmdastjóra, skal bera fram skriflega og skal veita þessum aðilum hæfilegan frest til svara. Ef skoðunarmönnum þykir ástæða til skulu þeir gera tillögur til stjórnar lífeyrissjóðs um endurbætur varðandi meðferð fjármuna, um breytingar á innra eftirliti og öðru því sem þeir telja að geti verið til bóta í rekstri lífeyrissjóðsins.

Skoðunarmönnum er skylt að veita Seðlabanka Íslands allar þær upplýsingar um málefni lífeyrissjóðs og framkvæmd endurskoðunar sem hann kann að óska eftir og þeir geta látið í té. Ef endurskoðun leiðir í ljós verulega ágalla í rekstri lífeyrissjóðs varðandi innra eftirlit, iðgjaldainnheimtu, greiðslutryggingar útlána, meðferð fjármuna eða önnur atriði, sem veikt geta fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins eða skaðað hann að öðru leyti, skulu skoðunarmenn gera stjórn sjóðsins, fjármálaráðuneytinu og Seðlabanka Íslands viðvart.

Skoðunarmenn hafa rétt til að sitja stjórnarfund þar sem fjallað er um ársreikning.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1991.

Ed. 1226. Nefndarálit [508. mál]

um frv. til l. um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um málið Ólaf Steinar Valdimarsson, ráðuneytisstjóra í samgönguráðuneytinu, og Gunnar Guðmundsson og Jón Rögnvaldsson frá Vegagerð ríkisins. Þá barst nefndinni erindi frá sveitarstjórn Kjalarneshrepps og samtökum sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

5. gr. frumvarpsins verði 2. gr. og röð annarra greina breytist samkvæmt því.

Alþingi, 4. maí 1990.

Karvel Pálmason, form.	Skúli Alexandersson, fundaskr., frsm.	Þorv. Garðar Kristjánsson.
Egill Jónsson.	Halldór Blöndal.	Stefán Guðmundsson.
	Jón Helgason.	

Nd. 1227. Nefndarálit [386. mál]

um frv. til. l. um skipan prestakalla og prófastdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og komu séra Gunnlaugur Garðarsson og séra Kristinn Ágúst Friðfinnsson frá Félagi brauðlausra presta á fund nefndarinnar. Umsagnir bárust um frumvarpið frá Hraungerðis- og Villingaholtssóknum.

Nefndin er samþykk flestum þeim breytingum sem gerðar voru á frumvarpinu í meðförum efri deildar en leggur þó til breytingu á Stóranúps- og Selfossprestaköllum. Felst hún í því að Hraungerðis-, Villingaholts- og Laugardælasóknir verði sameinaðar í nýju prestakalli, Hraungerðisprestakalli.

Þá flytur nefndin nokkrar nýjar breytingartillögur. Lagt er til að ráðningartími aðstoðarpresta lengist úr þremur árum í fjögur. Þá er lagt til að vígslubiskup í Skálholti njóti aðstoðar nágrannapresta eða farprests í stað þess að ráðinn sé aðstoðarprestur að Skálholti. Er þetta

sama fyrirkomulag og er í Hólaprestakalli. Enn fremur leggur nefndin til að 48. gr. frumvarpsins falli brott en hún fjallar um réttarstöðu prests ef prestakall leggst niður. Nefndin telur að greinin geti brotið í bága við lög um veitingu prestakalla, nr. 44/1987, auk þess sem 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, fjallar um réttarstöðu ríkisstarfsmanna ef staða er lögð niður. Að lokum er lagt til að gerð verði orðalagsbreyting á ákvæði til bráðabirgða og að lögin verði endurskoðuð eigi síðar en 1995 í stað 1998.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þessum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Friðjón Þórðarson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 1990.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Ólafur G. Einarsson, fundaskr.	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.
Ingi Björn Albertsson.	Sighvatur Björgvinsson.	Guðni Ágústsson.

Nd. 1228. Breytingartillögur [386. mál]

við frv. til. l. um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað 2. tölul. **V. Árnessprófastsdæmi** komi tveir nýir töluliðir svohljóðandi:
      2. *Stóranúpsprestakall:*
         Stóranúps- og Ólafsvallasóknir.
         Prestssetur: Tröð.
      3. *Hraungerðisprestakall:*
         Hraungerðis-, Villingaholts- og Laugardælasóknir.
         Prestssetur: Hraungerði.
   b. 5. tölul. **V. Árnessprófastsdæmi** orðist svo:
      5. *Selfossprestakall:*
         Selfosssókn.
2. Við 3. gr. Í stað orðsins „þremur“ í síðari málslið 3. mgr. komi: fjórum.
3. 2. mgr. 42. gr. orðist svo:
   Vígslubiskup í Skálholti hefur með höndum prestsþjónustu í Skálholtsprestakalli. Skal hann njóta aðstoðarþjónustu nágrannapresta eða farprests.
4. 48. gr. falli brott.
5. Við ákvæði til bráðabirgða:
   a. Í stað orðanna „sameiningu prestakalla“ í fyrri málslið 2. tölul. komi: breytingar á prestakalla- og prófastsdæmaskipaninni.
   b. Í stað „1998“ í niðurlagi 6. tölul. komi: 1995.

Ed. 1229. Nefndarálit [534. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar, nr. 64/1981, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess án breytinga.

Guðrún Agnarsdóttir var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 1990.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Salome Þorkelsdóttir, fundaskr., með fyrirvara.	Valgerður Sverrisdóttir.
Guðmundur H. Garðarsson, með fyrirvara.	Margrét Frímannsdóttir.	Karl Steinar Guðnason.

Sþ. 1230. Breytingartillögur [385. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990 vegna kjarasamninga í febrúar 1990 og við brtt. á þskj. 1167.

Frá fjármálaráðherra.

	Þús. kr.
1. Við brtt. á þskj. 1167,1.	
a. Við Gjöld. Fjármagnstilfærslur.	
Fyrir „–64.000“ kemur	–34.000
b. Við Lántökur. Innlend lán.	
Fyrir „820.000“ kemur	850.000
2. Við brtt. á þskj. 1167,2. 04 Landbúnaðarráðuneyti.	
Fyrir „–3.000“ kemur	27.000
3. Við 3. gr. Við bætist nýr liður:	
04–221 Áburðarverksmiðja ríkisins	
601 Stofnkostnaður	30.000

Ed. 1231. Frumvarp til laga [546. mál]

um flokkun og mat á gærum og ull.

(Eftir 2. umr. í Ed., 4. maí.)

I. KAFLI

Um flokkun, meðferð og sölumat á gærum.

1. gr.

Flokkun gæra.

Allar gærur, sem selja á, skulu flokkaðar við móttöku fjár í sláturhúsi. Skal flokkunin lögð til grundvallar útreikningi á verði gæranna til einstakra framleiðenda eftir því sem sundurliðun á verðlagsgrundvelli gefur tilefni til. Við flokkun gæra skal taka tillit til ástands, eðlisgæða og litar þeirra samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

2. gr.

Meðferð og sölumat gæra.

Sláturleyfishöfum er skylt að hlíta fyrirmælum gærumatsmanna um fyrirristu, fláningu, kælingu, söltun, frágang, geymslu og afhendingu gæra. Við afhendingu skal tilgreina tölu og flokk saltaðra gæra. Gærumatsmaður skal yfirfara gærur við móttöku þeirra í sútunarverksmiðju, meta ástand þeirra og gefa vottorð þar um. Nánari ákvæði um meðferð, meðhöndlun og framkvæmd sölumats og gerð vottorðs skal setja í reglugerð.

II. KAFLI

Um flokkun, meðferð og sölumat á ull.

3. gr.

Mat á óþveginni ull.

Öll óþvegin ull, sem framleidd er í landinu og selja á, skal flokkuð og metin eftir lit og gæðum samkvæmt flokkunar- og matsreglum sem landbúnaðarráðherra setur í reglugerð að fengnum tillögum ullarmatsnefndar.

Framleiðendur ullar skulu skila ullinni í merktum umbúðum og er kaupanda eða umboðsaðila skylt að meta ullina sem fyrst eftir móttöku. Kaupanda er þó heimilt að meta ullina hjá framleiðanda. Framleiðanda skal send skýrsla um matið.

4. gr.

Mat á þveginni ull.

Öll þvegin ull, sem selja á, skal metin af ullarmatsmönnum ef kaupandi eða seljandi óskar þess. Landbúnaðarráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um útflutning ullar.

III. KAFLI

Um starfsmenn við gæru- og ullarmat.

5. gr.

Löggilding matsmanna gæra og ullar.

Um löggildingu matsmanna fer eftir ákvæðum í reglugerð og er þar heimilt að ákveða að afurðastöð og söluaðilar (þar með taldar sútunarverksmiðjur) skuli á sinn kostnað hafa í þjónustu sinni matsmenn til að framkvæma mat samkvæmt lögum þessum. Þá eina má skipa eða löggilda sem matsmenn er hafa góða þekkingu á gærum og ull og reynslu á öllu er varðar meðferð vörunnar og mat á þeim.

Afurðastöðvum og öðrum, sem selja gærur og ull, er skylt að sjá matsmönnum fyrir aðstöðu til að framkvæma matið.

6. gr.

Yfirmat á gærum og ull.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna gærumatsnefnd. Skal einn nefndarmaður tilnefndur af Landssambandi sláturleyfishafa, annar af gærukaupendum og sá þriðji án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna ullarmatsnefnd. Skal einn tilnefndur af Stéttarsambandi bænda, annar af ullarkaupendum og sá þriðji án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Landbúnaðarráðherra ræður eftirlitsmann með ullarmati samkvæmt tillögu ullarmatsnefndar. Skal hann hafa aflað sér þekkingar á ullarmati og meðferð ullar, t.d. með því að hafa áður starfað að ullarmati.

Ágreiningi út af ullar- og gærumati er heimilt að skjóta til nefndar skv. 1. eða 2. mgr. sem fellir úrskurð innan 30 daga frá því að erindi barst nefndinni. Að öðru leyti skal hlutverk nefndanna vera að veita fræðslu um flokkun, meðferð og framkvæmd mats á gærum og ull og er matsmönnum skylt að hlíta mati í samræmi við fyrirmæli viðkomandi nefndar.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að setja nánari ákvæði um starfssvið gæru- og ullarmatsmanna, eftirlitsmanna skv. 3. mgr. og nefnda skv. 1. og 2. mgr.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

7. gr.

Kostnaður.

Kostnaður af starfi gæru- og ullarmatsnefnda og eftirlitsmanns ullar greiðist úr ríkissjóði en kostnaður af starfi matsmanna greiða viðkomandi afurðastöðvar.

8. gr.

Refsiákvæði, gildistaka.

Brot á ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1990. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 21 21. apríl 1976, um flokkun og mat ullar, og lög nr. 22 10. maí 1976, um flokkun og mat á gærum.

Ed. 1232. Nefndarálit [576. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 8 18. apríl 1986.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Húnboga Þorsteinsson, skrifstofustjóra í félagsmálaráðuneytinu.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þeirri breytingu að lögin taki gildi 15. júní nk. er nýjar sveitarstjórnir hafa tekið við af afstöðnum sveitarstjórnarkosningum. Nefndin telur eðlilegt að afgreiðsla umsókna samkvæmt ákvæðum frumvarpsins fari ekki fram fyrr en eftir 15. júní þannig að ný sveitarstjórn samþykki umsóknina og gangi frá lántökunni. Fyrir liggur að stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga fellst á þetta sjónarmið nefndarinnar.

Nefndin leggur á það áherslu að æskilegt sé að við samningu reglugerðar samkvæmt ákvæðum 1. gr. verði gengið þannig frá málum að trygging sú, sem Lánasjóður sveitarfélaga fái í staðgreiðslutekjum sveitarfélags, sé veitt vegna skuldbreytingarlána.

Guðmundur H. Garðarsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 1990.

Margrét Frímannsdóttir, form., frsm.	Salome Þorkelsdóttir, með fyrirvara.	Karl Steinar Guðnason.
Jóhann Einvarðsson.	Valgerður Sverrisdóttir.	Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Ed. 1233. Breytingartillaga [576. mál]

við frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 8 18. apríl 1986.

Frá félagsmálanefnd.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 15. júní 1990.

Ed. 1234. Nefndarálit [402. mál]

um frv. til l. um innflutning dýra.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk hún á sinn fund Jónas Jónsson búnaðarmálastjóra og Brynjólf Sandholt yfirdýralækni. Lagt er til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 4. maí 1990.

Skúli Alexandersson, form., frsm.	Egill Jónsson, fundaskr.	Danfríður Skarphéðinsdóttir.
Jón Helgason.	Karvel Pálmason.	Þorv. Garðar Kristjánsson.
	Valgerður Sverrisdóttir.	

Ed. 1235. Frumvarp til laga [508. mál]

um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð.

(Eftir 2. umr. í Ed., 4. maí.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela hlutafélagi, sem stofnað yrði í því skyni, að annast að nokkru eða öllu leyti undirbúning, fjármögnun og framkvæmdir við vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð, svo og rekstur um tiltekinn tíma.

2. gr.

Nánari ákvæði um gerð, rekstur, tilhögun mannvirkja, gjaldtökutíma og önnur atriði, sem þurfa þykir, skulu vera í samningi sem samgönguráðherra gerir við framkvæmdaaðila. Slíkur samningur öðlast ekki gildi fyrr en hann hefur hlotið staðfestingu Alþingis.

3. gr.

Til að bera kostnað af framkvæmdum og rekstri samkvæmt lögum þessum skal hlutafélagi skv. 1. gr. heimilt að taka umferðargjald af vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð enda liggi fyrir samningar við samgönguráðherra um verkefnið og rétt til gjaldtökunnar.

4. gr.

Vegagerð ríkisins skal hafa eftirlit með að gerð og rekstur mannvirkja samkvæmt lögum þessum sé á viðunandi hátt. Sé um vanrækslu að ræða að dómi Vegagerðar ríkisins skal hún gefa veghaldara fyrirmæli um að framkvæmda nauðsynlegar útbætur innan hæfilegs frests.

5. gr.

Þegar vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð er lokið skal vegurinn teljast til þjóðvega samkvæmt ákvæðum vegalaga með þeim undantekningum sem lög þessi ákveða. Ef samkomulag næst ekki um kaup á landi og efni sem þörf verður á vegna framkvæmda samkvæmt lögum þessum heimilast Vegagerð ríkisins eignarnám skv. X. kafla vegalaga.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 1236. Lög [572. mál]

um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 63/1974, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 1070.

Ed. 1237. Lög [528. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 925.

Ed. 1238. Frumvarp til laga [576. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8 18. apríl 1986.

(Eftir 2. umr. í Ed., 4. maí.)

1. gr.

1. mgr. 89. gr. laganna orðist svo:

Sveitarfélag getur veitt Lánasjóði sveitarfélaga tryggingar í tekjum sínum vegna lána sem það tekur hjá sjóðnum. Eigi má sveitarfélag veðsetja öðrum tekjur sínar né heldur fasteignir sem nauðsynlegar eru til þess að sveitarfélagið geti rækt lögskyld verkefni sín. Aðrar eignir getur sveitarfélag veðsett og heildareignir sveitarfélags standa til tryggingar skuldbindingum þess. Félagsmálaráðherra getur sett í reglugerð nánari ákvæði um tryggingar sjóðsins í tekjum sveitarfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. júní 1990.

Nd. 1239. Breytingartillögur [386. mál]

við frv. til l. um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.

Frá Matthíasi Bjarnasyni.

Við 1. gr.

1. Fyrirsögn IX. tölul. orðist svo: **Ísafjarðar- og Strandaprófastsdæmi.**
2. Aftan við liðinn bætist:

7. *Árnessprestakall:*
Árnesssókn.
Prestssetur: Árnes.

8. *Hólmavíkurprestakall:*
   Kaldrananess-, Drangsness-, Staðar-, Hólmavíkur- og Kollafjarðarnesssóknir.
   Prestssetur: Hólmavík.
9. *Prestsbakkaprestakall:*
   Prestsbakka-, Staðar- og Óspakseyrarsóknir.
   Prestssetur: Prestsbakki.

3. 1.–3. tölul. X. tölul. falli niður. Röð tölusetninga breytist í samræmi við það.

Ed. 1240. Lög [534. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 64/1981, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 1188.

Ed. 1241. Lög [402. mál]

um innflutning dýra.

(Afgreidd frá Ed. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 1139.

Sþ. 1242. Nefndarálit [181. mál]

um till. til þál. um eflingu löggæslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna á nokkrum fundum. Það er skoðun nefndarinnar að þótt efling löggæslu á því svæði, þar sem þörfin er mest, hafi orðið óvenjumikil með auknum fjárveitingum á þessu þingi þá sé hér um svo veigamikinn málaflokk að ræða að seint sé nóg að gert á því sviði. Framkvæmd laga og réttar byggist á öruggri og vel uppbyggðri löggæslu. Með tilliti til sífellt aukinna verkefna á sviði löggæslu leggur því nefndin til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 4. maí 1990.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Jón Kristjánsson, fundaskr.	Guðrún Helgadóttir.
Karl Steinar Guðnason.	Eggert Haukdal.	Kristinn Pétursson.
	Ingi Björn Albertsson.	

Ed. 1243. Frumvarp til laga [581. mál]

um upplýsingaskyldu stjórnvalda.

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. gr.

Lög þessi taka til stjórnsýslu ríkis, sveitarfélaga og stofnana þeirra. Í reglugerð, sem forsætisráðherra setur, er heimilt að ákveða að lögin skuli taka til nánar tilgreindra félaga,

stofnana og fyrirtækja sem kostuð eru af eða eru í eigu opinberra aðila eða er að lögum fengið vald til þess að taka ákvarðanir fyrir hönd ríkis og sveitarfélaga.

Lögin taka ekki til starfsemi Alþingis og stofnana þess eða til dómstóla.

2. gr.

Stjórnvöldum er skylt að veita almenningi aðgang að gögnum hjá stjórnsýslustofnunum með þeim takmörkunum sem um getur í lögum þessum eða öðrum lögum.

Almenn ákvæði um þagnarskyldu starfsmanna í opinberri þjónustu takmarka ekki skyldu til að láta í té upplýsingar samkvæmt lögum þessum.

Beiðni um aðgang að gögnum hjá stjórnsýslustofnunum skal vera skrifleg og skal í henni tilgreina skýrt þau gögn sem hlutaðeigandi óskar eftir að kynna sér.

3. gr.

Óheimilt er að veita almenningi aðgang að gögnum sem varða friðhelgi einkalífs og mikilvæga viðskiptahagsmuni einstaklinga og fyrirtækja, nema sá samþykki sem í hlut á. Sama er um gögn sem gerð eru til undirbúnings funda ríkisstjórnar og ríkisráðs eða hafa að geyma frásagnir af þeim fundum.

4. gr.

Heimilt er að takmarka aðgang almennings að gögnum þegar mikilvægir almannahagsmunir krefjast, enda hafi gögnin að geyma upplýsingar um:

1. öryggi ríkisins og varnarmál,
2. samskipti við erlend ríki og fjölþjóðastofnanir,
3. ráðstafanir stjórnvalda til eftirlits með framkvæmd löggjafar og opinberum rekstri og ráðstöfunum er ekki lokið,
4. mál, sem til rannsóknar er, þar sem ætla má að lögbrot hafi verið framið,
5. fyrirhugaðar hagræðingarráðstafanir eða breytingar á rekstri þeirra stofnana sem falla undir ákvæði 1. gr.,
6. fyrirhugaðar ráðstafanir í fjármálum ríkis og sveitarfélaga, þar á meðal í gjaldeyrismálum, peningamálum, skattamálum, tollamálum og til annarrar tekjuöflunar, svo og í kjaramálum starfsmanna þeirra stofnana sem ákvæði 1. gr. ná til. Einnig gögn er geyma upplýsingar um undirbúning löggjafar þegar frumvarp er enn ekki komið fram,
7. viðskiptamál fyrirtækja ríkis og sveitarfélaga til verndar rekstrar- og samkeppnisaðstöðu þeirra,
8. hvers konar prófraunir sem fyrirhugaðar eru á vegum ríkis og sveitarfélaga.

5. gr.

Ef ákvæði 3.–4. gr. taka einungis til hluta skjals er mönnum heimilt að óska eftir útdrætti af öðrum hlutum skjalsins.

Ráðherra skal með reglugerð setja ákvæði um meðferð þeirra gagna sem aðgangur er bannaður eða takmarkaður að og um það hve lengi skuli banna aðgang að gögnunum. Skal í því efni hafa samráð við Þjóðskjalasafn Íslands.

6. gr.

Réttur almennings til að kynna sér gögn hjá stjórnvöldum nær til:

1. allra gagna, sem snerta mál sem komið hefur til afgreiðslu stjórnvalds, þar með talinna endurrita bréfa sem stjórnvaldið hefur sent, enda megi ætla að bréfin hafi borist viðtakanda,
2. skráninga í skjalaskrár og lista um málsgögn,

3. vinnuskjala og bréfa milli aðila innan sama stjónvalds ef þau geyma endanlega ákvörðun stjórnvalds um afgreiðslu máls eða þau geyma upplýsingar sem ekki er unnt að afla annars staðar frá.

Upplýsingar um þá, sem sótt hafa um ráðningu eða stöðuhækkun í opinberri þjónustu, skulu bundnar við nöfn umsækjenda.

Nú eru veittar munnlegar upplýsingar, sem mikilvægar má telja fyrir úrslit máls, og ber þá stjórnvaldi að skrá efni þeirra og leggja það sem skráð hefur verið með öðrum gögnum málsins.

7. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. er þó heimilt að undanþiggja aðgangi vinnugögn starfsmanna, sem rituð hafa verið hjá stjórnvaldi til eigin afnota í sambandi við meðferð máls og bréfaskipti um málið milli ýmissa deilda eða stofnana innan sama stjónvalds, sbr. þó 3. tölul. 1. mgr. 6. gr.

Einnig má undanþiggja aðgangi bréfaskipti stjórnvalda við sérfróða menn til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort mál skuli höfða. Einnig bréfaskipti milli sveitarstjórnar og nefnda á hennar vegum eða annarra undirstofnana, svo og bréfaskipti þeirra sín á milli.

8. gr.

Nú er sett fram beiðni um aðgang að gögnum um mál, sem stjórnvald hefur tekið ákvörðun um eða hefur til ákvörðunar, og skal þá það stjórnvald ákveða hvort orðið skuli við beiðninni.

Ákvarðanir um hvort veita eigi aðgang að gögnum má kæra sérstaklega til æðra setts stjórnvalds ef það er fyrir hendi. Komi fram slík kæra skal hið æðra stjórnvald taka afstöðu til ákvörðunarinnar og málsmeðferðarinnar að öðru leyti.

Heimilt er ráðherra að setja með reglugerð ákvæði sem víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr.

9. gr.

Það stjórnvald, sem fær beiðni um aðgang að gögnum, skal eins fljótt og unnt er taka ákvörðun um, hvort taka eigi beiðni til greina og hvort veita skuli þeim aðila er setur beiðnina fram, aðgang að gögnunum, annað hvort með því móti að hann kynni sér gögnin á staðnum eða með þeim hætti að honum verði afhent endurrit eða ljósrit af þeim. Sé ekki orðið við beiðni eða henni hafnað innan viku frá móttöku skal stjórnvald tilkynna aðila um ástæðu fyrir því og hvenær vænta megi að ákvörðun liggi fyrir.

Ráðherra getur ákveðið gjald fyrir afrit og ljósrit gagna samkvæmt lögum þessum.

10. gr.

Lög þessi gilda ekki um gögn sem stjórnvöld hafa samið eða stjórnvöld hafa veitt móttöku fyrir gildistöku laganna. Upplýsingar um raunveruleg málsvatvik, sem er að finna í slíkum gögnum, eru þá háðar rétti til aðgangs eftir reglum þessara laga, hafi gögnin verið lögð með máli sem er eða verið hefur til meðferðar hjá stjórnvaldi eftir að lögin tóku gildi og upplýsingarnar hafa eða hafa haft að geyma verulega þýðingu varðandi ákvörðun í málinu.

Ákvæði annarra laga um aðgang til að kynna sér gögn hjá stjórnvaldi skulu halda gildi sínu þótt sá réttur til aðgangs sé þrengri en réttur samkvæmt lögum þessum.

11. gr.

Forsætisáðherra setur með reglugerð nánari reglur um framkvæmd laganna.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1992.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Frumvarp þetta er lagt fram til kynningar á þessu þingi. Er ætlunin að óska eftir athugasemdum og umsögnum við frumvarpið á komandi sumri og leggja það síðan fram á ný á Alþingi í haust með breytingum eftir því sem tilefni gefst til. Samhliða frumvarpi þessu er lagt fram til kynningar sjálfstætt frumvarp til stjórnsýslulaga sem farið verður með á sama hátt.

Hinn 23. maí 1989 skipaði Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra nefnd til þess að vinna að setningu reglna um upplýsingaskyldu stjórnvalda. Í nefndinni áttu sæti Jón Sveinsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, formaður, Arnmundur Bachman hæstaréttarlögmaður, Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri og Guðmundur Ágústsson alþingismaður. Ritari nefndarinnar var Kristján Andri Stefánsson laganemi.

Nefndin kynnti sér þingsályktanir og frumvörp um upplýsingaskyldu stjórnvalda og aðgang að upplýsingum hjá almannastofnunum sem fram hafa komið á Alþingi. Einnig kynnti nefndin sér lög um aðgang almennings að gögnum hjá stjórnsýslunni á öðrum Norðurlöndum. Einkum kynnti hún sér vel dönsku lögin um aðgang almennings að gögnum hjá stjórnsýslunni sem eru nýjustu lögin á þessu sviði á Norðurlöndum og samin voru með hliðsjón af reynslu annarra þjóða af framkvæmd upplýsinga- og stjórnsýslulaga.

Varð nefndin sammála um að byggja frumvarp sitt í meginatriðum á frumvarpi til laga um aðgang að upplýsingum hjá almannastofnunum sem lagt var fram á 99. löggjafarþingi 1977–1978. Jafnframt ákvað nefndin að gera nokkrar breytingar með hliðsjón af norrænni löggjöf og frumvarpi til stjórnsýslulaga sem lagt er fram til kynningar samhliða frumvarpi þessu.

Fyrri tillögur um setningu laga um upplýsingaskyldu stjórnvalda.

Tillaga til þingsályktunar um upplýsingaskyldu stjórnvalda var fyrst lögð fram á Alþingi 1969–1970 af Þórarni Þórarinssyni o.fl. Hún var þess efnis að lagt skyldi fyrir þingið frumvarp um skyldu stjórnvalda og ríkisstofnana til að skýra opinberlega frá störfum sínum og ákvörðunum og veita þeim sem þess óska aðgang að reikningum og skjölum sem almenning varða. Sú tillaga var ekki útrædd. Á sama veg fór með þingsályktunartillögur sama efnis sem lögð var fram á þinginu 1970–1971. Þingsályktunartillaga Þórarins Þórarinssonar og Ingvars Gíslasonar um upplýsingaskyldu stjórnvalda var síðan samþykkt 19. maí 1972.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni segir m.a. svo:

„Eigi almenningur að geta dæmt um gerðir stjórnvalda og ríkisstofnana þarf hann að eiga þess kost að geta fengið sem áreiðanlegastar upplýsingar um starfsemi þeirra og ákvarðanir. Mjög skortir nú á að svo sé. Allt of mikil leynd hvílir yfir starfsemi þessara aðila. Reikningum þeirra og skjölum er oftast haldið lokuðum þannig að almenningur fær ekki aðgang að þeim. Þessi leynd dregur mjög úr því aðhaldi sem þegnarnir gætu annars veitt og gerir erfitt fyrir þá að dæma um athafnir stjórnvalda og ríkisstofnana."

Frumvarp til laga um upplýsingaskyldu stjórnvalda var síðan lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi í febrúar 1973. Hafði Jón P. Emils hæstaréttarlögmaður samið frumvarpið að beiðni dóms- og kirkjumálaráðuneytis, með hliðsjón af löggjöf annarra Norðurlanda á því sviði, en ráðuneytið gerði í samráði við hann nokkrar breytingar á frumvarpinu og jók við greinargerð. Frumvarpið varð ekki útrætt og var það síðan lagt fyrir Alþingi að nýju á 94. löggjafarþingi haustið 1973. Frumvarpið varð þá ekki heldur útrætt.

Með bréfi dags. 16. september 1976, fól Ólafur Jóhannesson dómsmálaráðherra Baldri Möller ráðuneytisstjóra, Einari Karli Haraldssyni fréttastjóra, þáverandi formanni Blaðamannafélags Íslands, og Sigurði Líndal prófessor að endurskoða fyrra frumvarp til laga um uppýsingaskyldu stjórnvalda eða semja nýtt frumvarp um þetta efni. Valdi nefndin þann kost að semja algjörlega nýtt frumvarp sem hún nefndi „Um aðgang að upplýsingum hjá almannastofnunum". Það var lagt fram á 99. löggjafarþingi 1977–1978 en varð ekki útrætt.

Aðgangur almennings að gögnum.

Í fyrri frumvörpum var gert ráð fyrir að lögin nefndust annaðhvort „lög um upplýsingaskyldu stjórnvalda“ eða „lög um aðgang að upplýsingum hjá almannastofnunum“. Með þessu frumvarpi er lagt til að lögin heiti „lög um upplýsingaskyldu stjórnvalda“. Er það heiti að mati nefndarinnar heppilegra, enda stjórnvöldum skylt skv. 2. gr. frumvarpsins að veita aðgang að gögnum. Skylda er hins vegar ekki lögð á stjórnsýsluhafa að hafa frumkvæði að því að veita almenningi upplýsingar. Meginhugsun þess frumvarps, sem hér liggur fyrir, er sú að öllum eigi að vera heimilt að kynna sér skjöl í málum sem eru eða hafa verið til meðferðar hjá stjórnsýsluaðilum ef þeir óska þess. Undantekningar ber eingöngu að gera ef sérstakir hagsmunir einstaklinga eða þjóðfélags krefjist þess. Hins vegar megi ekki láta nein þau sjónarmið hafa áhrif sem lúta að því að losa embættismenn og aðra starfsmenn stjórnsýslunnar við óþægindi eða fyrirhöfn við að veita vitneskju um mál. Verða þær undantekningar, sem gert er ráð fyrir í lagafrumvarpi þessu, sérstaklega rökstuddar hver fyrir sig þegar kemur að athugasemdum við einstakar greinar.

Í stjórnsýslulagafrumvarpi, sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi, er að finna ákvæði um rétt málsaðila til aðgangs að upplýsingum hjá stjórnvöldum, en talið var rétt að aðskilja upplýsingaréttinn á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir, annars vegar með framlagningu þessa frumvarps og hins vegar með framlagningu sjálfstæðs frumvarps til stjórnsýslulaga. Ástæða þessa er sú að réttur málsaðila er að mörgu leyti ríkari en almennings og eins er hitt að ólíkar forsendur liggja að baki aðgangsheimild þessara tveggja hópa. Er farin að þessu leyti sama leið og Danir hafa valið. Í stjórnsýslulagafrumvarpinu eru skilgreiningar á ýmsum hugtökum sem fram koma í frumvarpi þessu og vísast til þess hvað þær snertir.

Upplýsingamiðlun framkvæmdarvaldshafa annars vegar og upplýsingamiðlun dómstóla og löggjafarvalds hins vegar er um margt ólíkt. Sú meginregla hefur um langan aldur gilt í íslensku réttarfari að dómþing skulu háð í heyranda hljóði, sbr. nú 33. gr. laga 85/1936, um einkamálaréttarfar, og 16. gr. laga nr. 74/1974, um réttarfar í sakamálum. Í 57. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, er og kveðið svo á að fundir Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Svipuð meginregla verður hins vegar ekki talin eiga við á sviði stjórnsýslu eðli málsins samkvæmt. Sérstakt lagaboð verður að koma til ef opna á fundi fjölskipaðs stjórnvalds, sbr. t.d. sveitarstjórnarlög, nr. 8/1986. Málflutningur fyrir dómstólum er yfirleitt í heyranda hljóði og dómar Landsyfirréttar og síðar Hæstéttar hafa verið gefnir út óslitið síðan 1873. Útgáfa Alþingistíðinda hóf göngu sína 1845.

Til að auðvelda almenningi að fylgjast með störfum stjórnsýslunnar hafa þó verið sett ýmis lög og reglur jafnframt því að venjur hafa myndast á sumum sviðum um upplýsingamiðlun hins opinbera. *Stjórnartíðindi* hófu göngu sína 1874 og *Lögbirtingablað* nokkru síðar. Þar að auki eru gefnar út ársskýrslur, fréttabréf og fréttatilkynningar, blaðamannafundir eru haldnir og einstök lög gefa almenningi kost á að kynna sér fyrirhugaðar stjórnarathafnir, sbr. 17. gr. skipulagslaga, nr. 19/1964.

Framangreind upplýsingamiðlun veitir almenningi kost á að fylgjast með sumu af því sem stjórnsýslan fæst við. Hins vegar er ekki þar með tryggður réttur borgaranna til þess að fá að kynna sér tiltekin gögn er þeir óska eftir hjá stjórnsýslunni. Einungis er um að ræða einhliða ákvörðun stjórnsýsluhafa um birtingu tiltekinna ákvarðana samkvæmt eigin starfsreglum eða að öðrum kosti samkvæmt lagaboði.

Enn fremur ber að líta á að í gildi eru ýmis lagaákvæði um leyndarskyldu og þagnarskyldu, bæði almenns eðlis og sérgreind tilvik, og má þar fyrst og fremst vísa til 32. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, og 136. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940, um brot á þagnarskyldu sem eru þó svo almennt orðaðar að ekki er hægt að draga af þeim ályktun um almennar leyndar reglur.

Þannig hefur skortur á reglum jafnt bagað borgarana sem og stjórnsýsluhafa, en þeir hafa ekki getað stuðst við leiðbeiningarreglur um hvað megi birta og hvað sé ekki réttlætanlegt að veittar verði upplýsingar um.

Embætti umboðsmanns Alþingis var stofnað með lögum nr. 13/1987, en skv. 7. gr. laganna ber honum skýlaus réttur til liðveislu um upplýsingaöflun hjá stjórnsýslunni. Á þessu hefur orðið nokkur brestur, sbr. 5 tölul. I. kafla í ársskýrslu umboðsmanns fyrir árið 1989. Varð það honum tilefni til að rita forsætisráðherra bréf 29. desember 1989, þar sem hann hvetur til lagasetningar um meðferð upplýsingabeiðna. Er með frumvarpi þessu reynt að mæta þeim óskum, svo og með frumvarpi til stjórnsýslulaga.

Af þessu má ljóst vera að framkvæmd upplýsingaskyldu hefur verið talsvert á reiki í stjórnkerfinu, enda valdhöfum ekki sett úrlausnarmörk í lagareglum. Umboðsmaður Alþingis tók að eigin frumkvæði til athugunar á síðastliðnu ári hvort ráðuneyti fylgdu almennt einhverjum reglum um svör við erindum sem þeim bærust. Af niðurstöðum athugunar hans má ljóst vera að skortur á reglum af þessu tagi hefur ekki orðið til að flýta fyrir afgreiðslu upplýsingabeiðna í meðförum ráðuneyta, ríkisstofnana og hjá sveitarfélögum. Frumvarpi þessu er ætlað að auka skilvirkni í stjórnsýsluni, flýta afgreiðslutíma erinda og auðvelda samskipti sem borgararnir þurfa að hafa við stjórnvöld.

Erlend lög um aðgang að gögnum í stjórnsýslunni.

Nefndin hefur í starfi sínu kynnt sér þær reglur sem í gildi eru á Norðurlöndum og aflað ítarlegra upplýsinga þaðan.

Í Svíþjóð er meginreglan að öll opinber gögn séu aðgengileg og öllum opin og var hún fest í lög 1982. Þau lög taka þó ekki fram sérstökum lögum um trúnaðarskyldu, Sekretesslagen 1980, en í þeim er skilgreint hvað flokkast undir trúnaðargögn og skylt er að halda leyndum.

Í Finnlandi gilda svipaðar reglur og í Svíþjóð.

Í Noregi gildir einnig sama meginreglan, lögfest 1970. Var þeim lögum ætlað að auka aðgang almennings að opinberum gögnum og fækka undantekningum frá meginreglunni.

Í Danmörku tóku ný lög um upplýsingaskyldu gildi í upphafi árs 1987 og leystu þau af hólmi eldri lög frá 1970.

Í öllum þessum löndum hefur stefnan verið sú að auka rétt þegnanna til aðgangs að opinberum gögnum og stjórnvöldum og í sumum tilvikum gert að skyldu að koma upplýsingum á framfæri við almenning eða tiltekna hópa fólks. Gífurlegt átak hefur verið gert í þessu sambandi með því að kynna opinberum starfsmönnum reglur á þessu sviði og auðvelda almenningi að þekkja inn á stjórnkerfið, en stjórn upplýsingagjafar og meðferð opinberra gagna er nánast á ráðuneytisstigi í Svíþjóð og Noregi.

Stjórnkerfið hér er þó fábreyttara og einfaldara í sniðinu en hjá milljónaþjóðum og ber að hafa það í huga við mótun reglna á þessu sviði. Reglur þær, sem í frumvarpi þessu eru lagðar til, eru því fyrst og fremst grundvallarreglur og langt frá því eins ítarlegar og í þeim löndum sem vitnað er til hér að framan. Á öllum meginatriðum er þó tekið. Verður reynslan síðar að skera úr um það hvort nauðsyn er á setningu enn ítarlegrar löggjafar á þessu sviði hérlendis en nú er lagt til.

Helstu ákvæði frumvarpsins.

Með gögnum er í frumvarpinu átt við ritaðan texta í skjölum, uppdrætti og teikningar, myndir, þar með talin myndbönd eða hljóð- og segulbandsupptökur sem má lesa, hlusta eða horfa á. Undanþegin eru þó vinnugögn stjórnvalda, sem ekki hafa að geyma upplýsingar um endanlega ákvörðun stjórnvalds, trúnaðargögn og skrár eða aðrar kerfisbundnar upplýsingar í tölvutæku formi, en um hið síðastnefnda gilda sérstök lög nr. 121/1989.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að mönnum sé almennt veitt heimild til að kynna sér skjöl í málum sem eru eða hafa verið til meðferðar hjá stjórnsýslunni. Í 3. gr. eru undantekningar frá meginreglunni og enn fremur í 4. gr. þar sem stjórnsýsluhöfum er heimilað að undanþiggja tiltekin málefni aðgangi þegar mikilvægir almannahagsmunir krefja. Reynt er að telja upp sem ítarlegast allar þær undantekningar sem nauðsynlegt hefur verið talið að lögfesta. Með þessu móti er girt fyrir það að forstöðumenn almannastofnana og fyrirtækja reyni að skjóta sér undan því að veita tilteknar upplýsingar með því að bera fyrir sig eðli máls án nánari skilgreiningar.

Þá fjalla lögin einungis um heimild almennings til að kynna sér gögnin, en þau nefna ekkert um það í hvaða skyni þessar upplýsingar skuli notaðar. Af þeim leiðir að sjálfsögðu að unnt er að birta þessi skjöl og það takmarkast einungis að því leyti er lög mæla fyrir um á annan veg.

Þá er ekki í þessum lögum á neinn veg fjallað um heimild manna til að vera viðstaddir fundi í stjórnvaldsráðum og nefndum. Um það fer eftir öðrum lögum, sbr. t.d. ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Helstu atriði frumvarps þessa eru eftirfarandi:

1. lagt er til að lögfest verði almenn meginregla um rétt almennings til aðgangs að gögnum hjá stjórnsýslu ríkis, sveitarfélaga og stofnana þeirra. Skilgreint skal til hvaða gagna er tekið,
2. sett er meginregla um til hvaða gagna aðgangur almennings nær til,
3. settar eru reglur um hvaða gögn eru fortakslaust undanþæg meginreglunni,
4. settar eru reglur um í hvaða tilvikum er heimilt að takmarka upplýsingaréttinn,
5. ráðherra getur ákveðið hversu lengi aðgangur að gögnum skuli bannaður,
6. sett er regla um að beiðni um aðgang að gögnum skuli vera skrifleg,
7. settar eru reglur um meðferð upplýsingabeiðna,
8. settar eru reglur um upplýsingaskyldu vegna gagna sem til eru komin fyrir gildistöku laganna ef að lögum verður,
9. lagt er til að lögin taki gildi 1. janúar 1992.

Að öðru leyti vísast til athugasemda við einstakar greinar hér á eftir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um gildissvið laganna. Um merkingu orðsins *stjórnsýsla* vísast til frumvarps til stjórnsýslulaga. Þar þýðir orðið stjórnsýsla stjórnunar- og eftirlitsstörf við rekstur ríkis- og sveitarfélaga.

Samkvæmt 2. mgr. falla utan gildissviðs laganna Alþingi og dómstólar um það er lítur að löggjafar- og dómsstörfum, enda gilda um það sérstakar reglur. Með stofnunum Alþingis er átt við Ríkisendurskoðun og umboðsmann Alþingis. Rétt þykir hins vegar að heimila að lögin nái til þeirra fyrirtækja og stofnana sem að öllu leyti eru í eigu ríkis eða sveitarfélaga, svo sem fram kemur í 1. mgr., svo sem allra ríkisbanka og sjóða í almannaeigu, jafnt sem annarra atvinnu- og þjónustufyrirtækja ríkis- og sveitarfélaga. Þó ber í þessu sambandi að vekja athygli á ákvæðum viðskiptabankalaga sem gilda m.a. um ríkisviðskiptabanka, þar sem segir að bankaráð, bankastjórar og allir starfsmenn bankans séu bundnir þagnarskyldu um það sem snerti hagi viðskiptamanna bankans er þeir fá vitneskju um í starfi sínu. Gert er ráð fyrir að þetta ákvæði og önnur samsvarandi haldist þannig að réttur manna til að kynna sér skjöl í málum, sem eru til meðferðar og hafa verið til meðferðar í ríkisviðskiptabönkum, sé einungis bundinn við þau er lúta rekstri bankanna.

Um 2. gr.

Í þessari grein er mörkuð meginstefna frumvarpsins um að öllum sé heimilt að kynna sér gögn í málum sem eru eða hafa verið til meðferðar hjá stjórnvöldum. Um skilgreiningu á hugtakinu „gögn“ vísast til þess er segir í almennum athugasemdum hér að framan. Ýmsar takmarkanir eru þó gerðar í frumvarpinu og öðrum lögum. Ákvæði greinarinnar takmarkast hins vegar hvorki af stjórnvaldsfyrirmælum, svo sem reglugerðarákvæðum, né heldur samþykktum eða siðareglum tiltekinna starfshópa.

Önnur málsgrein felur í sér að sérstök fyrirmæli í lögum um þagnarskyldu skuli haldast en takmarkar hins vegar ekki skyldu til að láta í té upplýsingar samkvæmt þessum lögum.

Í beiðni skv. 3. mgr. á að taka fram hvert það mál er sem hlutaðeigandi óskar að fá upplýsingar um þannig að það sé full ljóst. Frekari kröfur um efni eða form beiðni eru ekki gerðar. Þannig þarf ekki að tiltaka ástæðu til beiðni, en rétt er að vekja athygli á því að unnt er að baka sér ábyrgð með því að nota sér upplýsingar úr málsskjölum í ólögmætum tilgangi.

Um 3. gr.

Samkvæmt þessari grein er óheimilt að veita upplýsingar um einkamálefni einstaklinga, þar með talin fjárhagsmálefni. Í greininni er takmarkaður aðgangur að skjölum vegna einkahagsmuna. Ákvæðið skerðir ekki rétt aðila sjálfs til þess að kanna gögnin, svo sem fram kemur í svipuðu ákvæði frumvarps til stjórnsýslulaga. Er með þessari grein einkum stefnt að því að vernda friðhelgi einkalífs. Undir þessa grein féllu m.a. skjöl er lytu að hjúskaparmálum, ættleiðingum, framfærslu, ætterni, heilsufari manna o.s.frv. Af skjölum sem einkum falla undir þennan lið má einnig nefna læknisvottorð, skrár og dagbækur sjúkrahúsa, sakavottorð, skattframtöl o.fl. Í þessu sambandi má og minna á fjölmörg sérákvæði um þagnarskyldu sem stefna að sama markmiði. Jafnframt eru undanþegin ýmis gögn er varða störf ríkisráðs og ríkisstjórnar.

Um 4. gr.

Í greininni eru taldir upp nokkrir málaflokkar þar sem heimilt er að takmarka aðgang almennings að gögnum vegna ríkra almenningshagsmuna.

Greinin heimilar að undanþiggja aðgangi að skjölum í tilteknum málaflokkum sem sérstaklega eru taldir upp. Metið skal í hverju einstöku tilfelli hvort mikilvægir hagsmunir séu bundnir við hvert einstakt gagn. Þrátt fyrir þetta verður þó að telja að greinin heimili að undanþiggja aðgang að öllum gögnum tiltekins máls, ef upplýsingar um eitthvert gagn eða einhver hluti þess hefði það óbeint í för með sér að nauðsynlegri leynd yrði svipt af öllu málinu.

Rétt er að vekja athygli á því að sum undantekningarákvæðin taka aðeins til ráðstafana, sem fyrirhugaðar eru, þ.e. þau eiga ekki við eftir að ráðstafanir hafa verið gerðar.

Í 1. tölul. er stjórnsýsluhöfum heimilt að undanþiggja ákvæðum 2. gr. frumvarpsins gögn er lúta að öryggi ríkisins og vörnum landsins. Þarfnast það ekki frekari skýringar.

Í 2. tölul. falla hvers konar gögn er lúta að samskiptum við erlend ríki, bæði utanríkisviðskiptamálum og utanríkisstjórnmálum. Hagsmunir íslenska ríkisins krefjast þess mjög oft að slíkum gögnum sé haldið leyndum einkum í samningum við önnur ríki, ella yrði verulegum hagsmunum stefnt í hættu. Auk þess verður að hafa í huga þær almennu reglur, sem gilda í samskiptum ríkja, er oft krefjast þess að gögnunum sé haldið leyndum, nema fengið sé samþykki hins erlenda ríkis að rjúfa upplýsingaleynd. Enn fremur verður oft að líta á það hvaða reglur gilda í hinu erlenda ríki um aðgang að gögnum. Sama á við um fjölþjóðastofnanir, svo sem Norðurlandaráð, Sameinuðu þjóðirnar, Atlantshafsbandalagið, Fríverslunarsamtök Evrópu og Evrópubandalagið.

3. tölul. á við um hvers konar ráðstafanir til eftirlits ríkisins þar sem hugsanlegt væri að það missti marks ef skylt væri að veita óskorað aðgang að gögnum sem að því lúta. Hér má sem dæmi nefna hvers konar endurskoðun á opinberum rekstri, svo og skattaeftirlit, einkum rannsóknir skattyfirvalda á framtölum manna. Þegar einstökum aðgerðum er lokið sýnist ekkert mæla gegn því að aðgangur sé heimilaður að umræddum gögnum ef önnur lagaákvæði banna ekki.

4. tölul. er nátengdur 3. tölul. og oft félli tiltekið mál undir báða þessa liði. Mál, sem til rannsóknar eru hjá lögreglu, njóta oft þagnarverndar skv. 16. gr. laga nr. 74/1974, en hún tekur einungis til mála sem til rannsóknar eru hjá lögreglu. Mjög mikilvægt kann að vera að ekki sé skýrt frá slíkum málum á rannsóknarstigi alveg óháð því hvort þau eru í höndum lögreglu eða annarra stjórnvaldsstofnana. Þykir því rétt að hafa almennt undantekningarákvæði um þetta atriði í frumvarpinu. Rannsókn á lögbrotum getur farið fram í ráðuneytum og öðrum almannastofnunum og er oftast mikilvægt að vitneskja um slík mál berist ekki út á frumstigi rannsóknar, bæði í þágu þess sem rannsókn beinist að og eins vegna almannahagsmuna sem því eru bundnir að rannsókn beri árangur.

Þessi töluliður veitir einnig næga heimild til þess að halda nöfnum leyndum, bæði þeirra sem kynnu að kæra eða veitt gætu upplýsingar er að gagni mættu koma við rannsókn máls. Enn fremur á töluliður þessi við jafnvel þótt hugsanlegt brot kynni einungis að valda viðurlögum samkvæmt ákvörðun stjórnvaldshafa og viðkomandi mál færi aldrei fyrir dómstóla.

Í 5. tölul. felst að talið er nauðsynlegt að stjórnsýsluhafar hafi heimild til að varna aðgangi að gögnum um fyrirhugaða hagræðingu og breytingu í rekstri stjórnsýslustofnana og -fyrirtækja. Er alkunnugt að þar er einatt um viðkvæm málefni að ræða sem geta valdið ótímbærum deilum meðan þau eru á undirbúningsstigi. Undantekningarákvæðið í 2. tölul. 8. gr. frumvarpsins ætti ekki ávallt við þar sem við slíka starfsemi þyrfti oft að afla skýrslna og bréfa frá öðrum stofnunum. Slíkum gögnum kynni oft að vera nauðsynlegt að halda leyndum þangað til undirbúningi máls væri lokið, ella væri hætta á að ráðstafanir, sem fyrirhugaðar væru, mistækjust. Að sjálfsögðu mætu stjórnsýsluhafar það hverju sinni hvenær tímabært teldist að greina frá umræddum áætlunum. Eins og fyrr var vikið að gætu slíkar áætlanir einatt snert stöðu manna og starfssvið og því varðað hagsmuni einstaklinga.

Í 6. tölul. er gert ráð fyrir að ekki séu birtar fyrirætlanir um ráðstafanir varðandi fjármál ríkis og sveitarfélaga. Þær þurfa oft undirbúning og ekki einhlítt að undantekningarákvæði 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins ætti við um öll gögn sem nota þyrfti. Hér féllu undir aðgerðir í gjaldeyrismálum, svo sem gengisbreyting, ýmsar ráðstafanir í skattamálum og tollamálum eða til annarrar tekjuöflunar ríkisins, eins og ákvarðanir um breytingu á verðlagi áfengis eða tóbaks o.s.frv. Ef ekki væri unnt að halda slíkum fyrirætlunum leyndum, uns til framkvæmda kæmi, gæti það valdið svo mikilli röskun að ráðstafanirnar misstu marks.

Enn fremur er samkvæmt þessum tölulið heimilt að halda leyndum gögnum sem lúta að fyrirhuguðum ráðstöfunum í kjaramálum starfsmanna ríkis og sveitarfélaga. Þetta ákvæði kæmi einkum til álita þegar ríki eða sveitarfélög standa að kjarasamningum við starfsmenn sína, en í því sambandi þarf oft að afla ýmislegra skýrslna og gagna frá öðrum stofnunum. Slík gögn féllu ef til vill ekki alltaf undir undantekningarákvæði í 1. mgr. 7. gr. Þá þarf oft að taka ákvarðanir um hvaða afstöðu taka skuli til krafna starfsmanna og hefur ríkið og einnig sveitarfélög ótvíræða hagsmuni af því að geta haldið slíkum ákvörðunum leyndum ef það á að standa jafnt að vígi í samningum og viðsemjandi þess.

7. tölul. lýtur að þeim atvinnufyrirtækjum sem ríki og sveitarfélög kunna að reka á viðskiptagrundvelli. Ákvæðinu er einungis ætlað að vernda samkeppnisaðstöðu þeirra er lýtur að viðskiptasamböndum, tilboðum um kaup og sölu o.s.frv. þannig að þau geti starfað á jafnréttisgrundvelli borið saman við einkafyrirtæki.

Í 8. tölul. er fjallað um nauðsyn þess að öllum prófgögnum sé haldið leyndum. Ákvæðið er einungis sett til að taka af öll tvímæli og koma í veg fyrir að úrskurða þurfi slíkt sérstaklega, enda hugsanlegt að einhverjir gengju á það lagið að krefjast slíkra gagna ef ekki væru reglur sem berum orðum heimiluðu að halda þeim leyndum. Ákvæðið nær einunigs til fyrirhugaðra prófa þannig að leynd skal aflétt þegar prófi er lokið. Á hinn bóginn nær það ekki eingöngu til prófa í skólum, heldur einnig utan þeirra, svo sem bifreiðastjóraprófa, flugprófa o.s.frv.

Um 5. gr.

Eigi sjónarmið um gagnaleynd aðeins við um hluta skjals skal veita málsaðila aðgang að öðru efni skjalsins skv. 2. mgr.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að ráðherra geti sett í reglugerð ákvæði um að eftir tiltekið árabil megi létta af takmörkunum á tilteknum gögnum sem ekki hefur verið heimilt að veita aðgang að samkvæmt ákvæðum laga þessara. Er í mörgum tilvikum nauðsynlegt að hafa reglur hvað þetta snertir þannig að almenningur geti gengið að upplýsingum vísum að tilteknum árafjölda liðnum. Rétt þykir að haft verði samráð við Þjóðskjalasafn Íslands í þessu efni.

Um 6. gr.

Í greininni eru talin upp þau gögn sem réttur almennings nær til.

Í fyrsta lagi er um að ræða öll gögn sem snerta mál, þar með talin móttekin og send bréf.

Í öðru lagi eru skráningar í skjalaskrár og listar um gögn málsins.

Í þriðja lagi eru vinnuskjöl og bréf milli aðila innan sama stjórnvalds er þau geyma upplýsingar sem ekki er hægt að geyma annars staðar. Er þar um undantekningu að ræða frá þeirri aðalreglu að almenningur hafi ekki aðgang að vinnuskjölum.

Í 2. mgr. er tekið skýrt fram að varðandi ráðningar í stöður og stöðuhækkanir megi aðeins veita upplýsingar um nöfn umsækjanda og fjölda þeirra.

Ástæðan fyrir 3. mgr. er sú að iðulega afla stjórnvaldshafar munnlegra upplýsinga til viðbótar þeim sem fyrir eru í máli, oft símleiðis. Ef mikið kveður að því að mál séu afgreidd á grundvelli munnlegra upplýsinga getur það haft þær afleiðingar að réttur manna til aðgangs að gögnum verði í reynd að litlu gerður. Á hinn bóginn er margt sem mælir með því að stjórnsýsluhafi taki við slíkum munnlegum upplýsingum, m.a. gerir það stjórnsýsluna þjálli og liðlegri. Því er ekki talin ástæða til að amast við þeirri aðferð, en rétt þykir að reyna að koma til móts við bæði sjónarmiðin. Er kveðið svo á í greininni að upplýsingar um staðreyndir sem veittar eru munnlega eigi að fá í útdrætti þannig að staðreyndir málsins liggi fyrir skjalfestar. Skyldan lítur aðeins að þeim staðreyndum sem teljast mikilvægar við úrlausn málsins. Verður stjórnsýsluhafi að meta það hverju sinni hverjar upplýsingar beri að skrá á þennan hátt, enda ógerlegt að orða almenna reglu um það.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. eru undanskilin aðgangi vinnuskjöl sem rituð hafa verið hjá stjórnvaldi til eigin afnota eða í sambandi við meðferð máls og bréfaskipti um málefni ýmissa deilda eða stofnana innan sama stjórnvalds. Hér er fylgt fyrirmyndum annarra stjórnsýslu- og upplýsingalaga, en slík vinnuskjöl eru undanþegin aðgangi sökum þess að þau innihalda oft vangaveltur um mál, uppköst að skriflegu eða munnlegu svari, skýringar staðreynda og skoðana um þau mál sem síðan breytast við nánari athugun á staðreyndum og réttarheimildum. Þá er hér um ýmsar skýrslur að ræða sem stjórnvald lætur gera í tengslum við innra eftirlit á rekstri og eru nauðsynlegur þáttur í góðri stjórnsýslu.

Í 2. mgr. eru undanskilin bréfaskipti stjórnvalda við sérfróða menn til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort mál skuli höfða. Í tengslum við dómsmál eða undirbúning þeirra fara oft fram bréfaskipti aðila við sérfróða menn. Stjórnvöld njóta hér jafnræðis við aðra aðila,

sem hugsanlega eru að undirbúa málaferli gegn þeim, en þurfa ekki að birta bréfaskipti sín við sérfróða aðila í því sambandi. Einnig eru undanskilin bréfaskipti milli sveitarstjórnar og nefnda hennar eða annarra undirstofnana, svo og bréfaskipti þeirra á milli. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum er sveitarstjórn æðsti stjórnandi málefna sveitarfélaga og á fundum sveitarstjórnar tekur það endanlega ákvarðanir, m.a. með umfjöllun um fundargerðir nefnda sveitarstjórna. Sveitarstjórnarfundir eru haldnir í heyranda hljóði, nema í algjörum undantekningartilvikum og þau gögn, sem þar eru lögð fram, lýsa endanlegri afstöðu nefnda til einstakra mála. Aðgangur að þessum gögnum, svo og fundagerðum sveitarstjórna, veita því málsaðila aðgang að nauðsynlegum gögnum, en hins vegar ekki að bréfaskiptum og öðrum vinnuskjölum sem farið hafa á milli einstakra nefnda, stofnana og starfsmanna innan stjórnvaldsins.

Um 8. gr.

Lagt er til að það stjórnvald, sem ákvörðun tók eða hefur mál til meðferðar, taki ákvörðun um hvort orðið skuli við beiðni um aðgang að gögnum. Ekki yrði það talið ósamrýmanlegt þessari grein þótt slíkt vald yrði framselt til annarra aðila eða stofnunar. Oft er eðlilegt að það stjórnvald, sem varðveitir gögn, ákveði hvort veita skuli aðgang að þeim.

Í 2. mgr. er fjallað um rétt til þess að kæra ákvörðun um synjun aðgangs að gögnum. Æðra setta stjórnvaldið tekur þá endanlega ákvörðun um aðgang að gögnunum.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir því að ráðherra sé heimilt að setja nánari reglur og sem víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr.

Um 9. gr.

Stjórnvald skal skv. 1. mgr., jafnskjótt og unnt er, ákveða hvort taka beri beiðni um aðgang að gögnum til greina. Jafnframt tekur stjórnvald ákvörðun um á hvern hátt aðgangur að gögnum skuli veittur. Sé ekki orðið við beiðni eða henni hafnað innan viku frá móttöku hennar skal stjórnvald tilkynna aðilanum um ástæðu fyrir því eða hvenær vænta megi að ákvörðun liggi fyrir.

Loks er í 2. mgr. gert ráð fyrir að ráðherra geti ákveðið gjald fyrir afrit og ljósrit gagna sem látin eru af hendi.

Um 10. gr.

Hér er um að ræða ákvæði er varða aðgang að gögnum máls og er heimild til aðgangs almennings miðuð við gögn sem stjórnvöld hafa samið eða veittu móttöku eftir gildistölu laganna. Undantekning er þó gerð varðandi gögn sem snerta raunveruleg málsatvik hafi gögnin verið lögð inn í mál, sem er eða verið hefur til meðferðar hjá stjórnvöldum, eftir hið greinda tímamark og upplýsingarnar hafa eða hafa haft að geyma verulega þýðingu varðandi ákvörðun í málinu.

Í 2. mgr. er tekið fram að ákvæði annarra laga, sem heimila almenningi að kynna sér gögn hjá stjórnvaldi, skuli halda gildi sínu þrátt fyrir að sá réttur til aðgangs sé þrengri en réttur samkvæmt lögum þessum.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi 1. janúar 1992. Talsverðan tíma þarf að ætla til kynningar á efni frumvarpsins fyrir starfsliði við stjórnsýslu hins opinbera, svo og almenningi. Þarf kynning helst að fara fram bæði með útgáfu leiðbeiningabæklinga fyrir starfslið og almenning og með fræðslufundum. Er reiknað með að frumvarp þetta verði kynnt samhliða frumvarpi til stjórnsýslulaga.

Ed. 1244. Frumvarp til stjórnsýslulaga. [582. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi taka til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og stofnana þeirra. Í reglugerð, sem forsætisráðherra setur, er heimilt að ákveða að lögin nái jafnframt til fyrirtækja og stofnana sem fengið er opinbert vald án þess að þær teljist til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga.

Lögin gilda um meðferð stjórnsýslumála hjá stjórnvöldum þegar þau taka ákvörðun um rétt eða skyldu manna. Þau gilda þó ekki við samningu reglugerða eða annarra almennra stjórnvaldsfyrirmæla.

2. gr.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

Stjórnsýsla: Orðið stjórnsýsla þýðir í lögum þessum stjórnunar- og eftirlitsstörf við rekstur ríkis og sveitarfélaga.

Stjórnvald: Embætti, stofnun, ráð eða nefnd á vegum ríkis eða sveitarfélaga sem hefur að lögum heimild til þess að kveða á um rétt eða skyldu manna.

Stjórnvaldshafi: Einstaklingur sem í skjóli stjórnsýsluvalds hefur að lögum heimild til þess að kveða á um rétt eða skyldu manna. Stjórnvaldshafi getur einnig verið fleiri einstaklingar saman.

Málsaðili: Sá sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta varðandi stjórnvaldsákvörðun.

Íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun: Ákvörðun stjórnvalds sem skerðir rétt manna eða leggur auknar skyldur á herðar þeim.

Andmælaréttur: Réttur þess, sem stjórnvaldsákvörðun varðar, að kynna sér gögn máls og málsástæður sem ákvörðun byggist á og að fá að tjá sig um þær.

II. KAFLI

Vanhæfi.

3. gr.

Stjórnvaldshafi má ekki taka þátt í meðferð máls ef:

1. hann er aðili máls, fyrirsvarsmaður eða umboðsmaður aðila,
2. hann er skyldur eða mægður aðila að feðgatali eða niðja eða að öðrum lið til hliðar, maki hans, sambýlismaður eða sambýliskona, unnusti eða unnusta, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn,
3. hann er skyldur eða mægður fyrirsvarsmanni eða umboðsmanni aðila að feðgatali eða niðja eða að fyrsta lið til hliðar, maki hans, sambýlismaður eða sambýliskona, unnusti eða unnusta, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn,
4. hann hefur áður tekið ákvörðun í málinu eða haft önnur afskipti af því sem stjórnvald,
5. málið varðar hann sjálfan verulega, venslamenn hans, næstu yfirmenn, stofnun eða fyrirtæki í einkaeigu sem hann er í forsvari fyrir eða á annan hátt er hætta á því að hann fái ekki litið hlutlaust á málavexti.

Sá sem vanhæfur er í máli má ekki taka ákvörðun, taka þátt í ákvörðun eða að öðru leyti taka þátt í meðferð málsins.

4. gr.

Stjórnvaldshafi má þrátt fyrir ákvæði 3. gr. taka þátt í meðferð máls ef bundið er verulegum vandkvæðum eða talið varhugavert að fela öðrum aðila meðferð málsins í stað þess er í hlut á. Eigi er heldur um vanhæfi að ræða ef eðli eða vægi þeirra hagsmuna, sem málið snýst um, er smávægilegt eða þáttur hlutaðeigandi í meðferð málsins er það lítilfjörlegur að ekki er talin hætta á að hlutdræg sjónarmið hafi áhrif á ákvörðun málsins.

Ákvæði 3. gr. gilda um aðila sem sæti eiga í fjölskipuðu stjórnvaldi, jafnvel þótt ókleift reynist að boða varamann. Þó gilda ákvæðin ekki ef það leiðir til þess að stjórnvaldið er ekki lengur ályktunarbært eða af skipan stjórnvaldsins leiðir að það teljist nauðsynlegt að afstaða hans komi fram við meðferð málsins og eigi er unnt að fresta umfjöllun um málið án verulegs tjóns fyrir almanna- eða einkahagsmuni.

Í fjölskipuðu stjórnvaldi getur aðili, þrátt fyrir ákvæði 3. gr., tekið þátt í kjöri til starfa jafnvel þótt hann sé sjálfur í kjöri.

Um vanhæfi sveitarstjórnarmanna til meðferðar máls fer eftir 45. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 6 18. apríl 1986.

5. gr.

Ráðherra getur sett reglur þar sem nánar er mælt fyrir um gildissvið ákvæða 3. og 4. gr. á tilteknum sviðum opinberrar stjórnsýslu.

6. gr.

Stjórnvaldshafi, sem veit um anmarka er veldur vanhæfi hans, sbr. 1. mgr. 3. gr., skal án tafar vekja athygli næsta yfirmanns síns á því nema augljóst sé að anmarkinn hafi enga þýðingu.

Sé um fjölskipað stjórnvald að ræða skal vekja athygli stjórnvaldsins á anmarkanum.

Sá er í hlut á má ekki sjálfur taka þátt í meðferð eða ákvörðun máls um vanhæfi, sbr. þó 1. og 2. mgr. 4. gr. Þetta gildir þó ekki á sviðum þar sem lög kunna að skipa þessu á annan veg.

Víki ráðherra sæti af ástæðum er greinir í 3. gr. skipar forseti Íslands annan ráðherra til þess að taka ákvörðun í því máli sem til úrlausnar er.

III. KAFLI

Leiðbeiningar stjórnvalds, fyrirsvarsmenn o.fl.

7. gr.

Öllum, sem sinna stjórnsýslustörfum, er skylt að leiðbeina mönnum sem til þeirra leita um rétt þeirra og skyldur.

Nú berst stjórnvaldi skriflegt erindi sem ekki snertir starfssvið þess og skal þá framsenda það, eftir því sem tök eru á, til réttts stjórnvalds.

8. gr.

Aðili máls getur, á hvaða stigi málsmeðferðar sem er, fengið annan til þess að vera í fyrirsvari fyrir sig eða til aðstoðar. Stjórnvald getur þó krafist þess að málsaðili mæti sjálfur þegar það hefur þýðingu fyrir ákvörðun í málinu að mati þess.

IV. KAFLI

Réttur málsaðila til að kynna sér gögn málsins.

9. gr.

Aðila máls er heimilt að kynna sér skjöl og önnur gögn, sem mál hans varða, hjá því stjórnvaldi sem tekur ákvörðun um málið.

Ráðherra getur með reglugerð takmarkað aðgang aðila sjálfs að gögnum á afmörkuðum sviðum þar sem ríkir opinberir hagsmunir mæla með því. Í slíkum tilvikum skal lögmaður aðila eiga aðgang að gögnunum sem trúnaðarupplýsingum.

Ákvæði um þagnarskyldu opinberra starfsmanna og opinberra sýslunarmanna takmarka ekki skyldu til að veita aðgang að gögnum samkvæmt þessum kafla.

Ákvæði þessa kafla gilda ekki um mál þar sem grunur hefur fallið á aðila um lögbrot án þess að til ákæru hafi komið né heldur meðan hann er sóttur til refsingar. Þó getur sakborningur, eftir að dómsmeðferð í sakamáli er lokið, krafist þess að fá að kynna sér gögn málsins hjá stjórnvöldum. Skal orðið við slíkri beiðni að því leyti sem hún er studd sanngjörnum rökum um hagsmuni hans og ef tillit til fyrirbyggjandi aðgerða stjórnvalda, upplýstrunar sakamála eða saksóknar eða sérstök sjónarmið til verndar sakborningum, vitnum eða öðrum aðilum mæla ekki gegn því.

10. gr.

Réttur málsaðila til aðgangs að gögnum máls nær til:

1. allra gagna sem snerta málið, þar með talinna endurrita bréfa sem stjórnvaldið hefur sent þegar ætla má að þau hafi borist viðtakanda,
2. skráningar í skjalaskrár og lista um gögn málsins,
3. vinnuskjala og bréfa milli aðila innan sama stjórnvalds ef þau geyma endanlega ákvörðun stjórnvalds um afgreiðslu máls eða þau geyma upplýsingar sem ekki er unnt að afla annars staðar frá.

Sá sem sækir um eða sótt hefur um ráðningu eða stöðuhækkun í opinberri þjónustu getur þó aðeins krafist að fá að kynna sér þau gögn um ráðninguna eða stöðuhækkunina er varða hann sjálfan.

11. gr.

Þegar málsaðila er veittur aðgangur að gögnum máls sem til meðferðar er hjá stjórnvaldi skal fresta afgreiðslu málsins þar til málsaðila hefur gefist tími til að kynna sér gögnin.

Ákvæði 1. mgr. gilda þó ekki ef frestun hefur í för með sér að lögmæltur frestur til að afgreiða mál rennur út eða hagsmunir aðilans um að máli sé frestað þykja eiga að víkja vegna ríkra almanna- eða einkahagsmuna.

12. gr.

Réttur til aðgangs að gögnum tekur ekki til:

1. fundargerða ríkisráðs og ríkisstjórnar, minnisgreina af ráðherrafundum eða skjala sem tekin hafa verið saman af stjórnvöldum fyrir slíka fundi,
2. vinnuskjala sem rituð hafa verið hjá stjórnvaldi til eigin afnota í sambandi við meðferð málsins og bréfaskipta um málið milli ýmissa deilda eða stofnana innan sama stjórnvalds, sbr. þó 3. tölul. 1. mgr. 10. gr.,
3. bréfaskipta stjórnvalda við sérfróða menn til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort mál skuli höfða,
4. bréfaskipta milli sveitarstjórnar og nefnda hennar eða annarra undirstofnana, svo og bréfaskipti þeirra sín í milli.

13. gr.

Stjórnvaldi er heimilt að takmarka aðgang málsaðila að gögnum ef hagsmunir hans af því að notfæra sér vitneskju úr gögnum málsins þykja eiga að víkja fyrir ríkum almannahagsmunum, en undir það falla:

1. öryggi ríkisins og varnarmál,
2. hagmunir ríkisins á sviði utanríkis- og utanríkisviðskiptamála, þar á meðal gögn um samskipti ríkisins við erlend ríki og alþjóðastofnanir,

3. fyrirbyggjandi aðgerðir lögreglu- og dómsyfirvalda gegn lögbrotum, svo og uppljóstran lögbrota og saksókn brotamanna, refsifullnusta og skyld mál, enn fremur verndun sakborninga, vitna og annarra sem tengjast málum er varða refsiverð brot,
4. framkvæmd opinbers eftirlits, stjórnunarstarfa og áætlunargerðar eða fyrirhugaðar aðgerðir á sviði gengisskráningar eða fyrirhugaðar breytingar á sviði skattamála eða annarrar tekjuöflunar hins opinbera,
5. fjárhagshagsmunir hins opinbera, þar með taldir viðskiptahagsmunir við kaup eða sölu vöru og þjónustu.

Ef sjónarmið þau, sem greinir í 2. mgr., eiga aðeins við um hluta skjals skal veita málsaðila aðgang að öðru efni skjalsins.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um takmörkun á aðgangi að gögnum samkvæmt þessari grein.

14. gr.

Ákvörðun um það hvort og í hve ríkum mæli taka beri til greina beiðni um aðgang að gögnum máls tekur það stjórnvald sem málið hefur til meðferðar.

Stjórnvald skal jafnskjótt og unnt er ákveða hvort taka beri beiðni til greina. Sé ekki orðið við beiðni eða henni hafnað innan viku frá móttöku hennar skal stjórnvald tilkynna aðilanum um ástæður fyrir því, svo og hvenær vænta megi að ákvörðun liggi fyrir.

Nú skiptir það aðila máli að fá afrit eða ljósrit af gögnum máls til að gæta hagsmuna sinna og skal þá orðið við beiðni þar að lútandi. Þetta gildir þó ekki ef eðli skjalanna, fjöldi eða stærð þeirra mæla sterklega gegn því.

Kæra má synjun á aðgangi að gögnum til sama stjórnvalds og fá mundi efnisúrskurð stjórnvalds í málinu til meðferðar ef kostur er á kæru hans til æðra stjórnvalds. Ákvæði 11. gr. gilda hér eftir því sem við á.

15. gr.

Nú er heimild til að kæra ákvörðun bundin við tiltekinn frest og beiðni um aðgang að gögnum máls er borin fram eftir að ákvörðun hefur verið tilkynnt aðilanum en áður en kærufrestur rennur út og getur þá stjórnvald ákveðið að rjúfa kærufrest. Hefst kærufrestur að nýju frá þeim tíma þegar aðila er heimilaður aðgangur að gögnunum eða er synjað um hann, en hann skal vera tvær vikur hið skemmsta. Tilkynningu um hvenær kærufrestur rennur út að nýju skal jafnframt send öðrum aðilum, sem rétt eiga til þess að kæra, hafi þeir fengið skriflega tilkynningu um sjálfa ákvörðunina.

V. KAFLI

Andmælaréttur málsaðila.

16. gr.

Ef ætla má að aðila máls sé ókunnugt um að stjórnvald hafi undir höndum tilteknar upplýsingar um málsatvik er óheimilt að taka ákvörðun í málinu fyrr en málsaðila hefur verið gefinn kostur á að kynna sér upplýsingarnar og tjá sig um þær. Þetta gildir því aðeins að upplýsingarnar séu málsaðilanum í óhag og hafi verulega þýðingu varðandi afgreiðslu málsins. Heimilt er stjórnvaldi að setja aðila ákveðinn frest til að láta nefnda umsögn í té.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef:

1. frestun hefur í för með sér að farið sé fram úr lögmæltum fresti til afgreiðslu málsins,
2. hagsmunir aðila af því að fá málinu frestað þykja eiga að víkja fyrir ríkum almanna- eða einkahagsmunum,
3. sérstök lögmælt ákvæði tryggja aðila rétt til að kynna sér á hverju hin fyrirhugaða ákvörðun er byggð og til að tjá sig um málið áður en ákvörðun er tekin.

Ráðherra getur með reglugerð fellt niður andmælarétt í ákveðnum málaflokkum.

17. gr.

Í málum, þar sem stjórnvaldi er unnt að beiðni málsaðila að breyta ákvörðun, getur það látið hjá líða að veita andmælarétt ef eðli málsins eða tillit til málsaðila sjálfs mælir gegn því.

Nú hefur verið látið hjá líða að veita málsaðila andmælarétt skv. 1. mgr. og skal þá láta fylgja ákvörðuninni þær upplýsingar sem ella hefði átt að kynna honum samkvæmt ákvæðum 16. gr. Málsaðila skal jafnframt kynntur réttur hans til að fá málið tekið upp að nýju. Stjórnvald getur sett aðila frest til að setja fram beiðni um endurupptöku.

Í tilvikum þar sem frestur er tiltekinn til að skjóta ákvörðun til annars stjórnvalds og beiðni um endurupptöku er borin fram innan þess frests rofnar kærufresturinn. Kærufrestur hefst að nýju frá þeim tíma er ný ákvörðun er tilkynnt málsaðila, en skal þó vera tvær vikur hið skemmsta.

18. gr.

Aðili máls getur á hvaða stigi málsmeðferðar sem er krafist þess að afgreiðslu málsins sé frestað uns hann hefur gert grein fyrir afstöðu sinni. Heimilt er að setja aðila ákveðinn frest til að láta umsögn í té.

Ákvæði 1. mgr. gildir þó ekki ef:

1. frestun hefur í för með sér að farið sé fram úr lögmæltum fresti til afgreiðslu málsins,
2. hagsmunir aðila af því að fá málinu frestað þykja eiga að víkja fyrir ríkum almanna- eða einkahagsmunum,
3. sérstök lögmælt ákvæði tryggja aðila rétt til þess að láta í té umsögn um málið áður en það er afgreitt.

VI. KAFLI

Rökstuðningur o.fl.

19. gr.

Þegar ákvörðun er tilkynnt skriflega skal fylgja henni rökstuðningur nema hún sé að öllu leyti ívilnandi fyrir hlutaðeigandi málsaðila.

20. gr.

Sá sem fengið hefur ákvörðun stjórnvalds tilkynnta munnlega getur krafist þess að fá skriflegan rökstuðning fyrir henni nema ákvörðunin sé ívilnandi að öllu leyti fyrir hlutaðeigandi málsaðila. Beiðni hér að lútandi skal bera fram við stjórnvald innan viku frá því að málsaðili tók á móti tilkynningunni frá stjórnvaldi.

Beiðni um skriflegan rökstuðning skv. 1. mgr. skal svara jafnskjótt og auðið er. Hafi beiðni ekki verið svarað innan tveggja vikna frá því að hún barst stjórnvaldi skal það tilkynna málsaðila ástæðurnar fyrir töfinni og hvenær svars megi vænta við beiðninni.

21. gr.

Í rökstuðningi fyrir ákvörðun stjórnvalds skal vísa til þeirra réttarreglna sem hún er byggð á. Að því marki, sem ákvörðun samkvæmt þessum reglum byggist á stjórnsýslulegu mati, skal í rökstuðningnum greina þau meginsjónarmið sem ráðandi voru við matið.

Enn fremur skal í rökstuðningi, ef ástæða þykir til, rekja í stuttu máli þær upplýsingar um raunveruleg málsatvik sem þyngst hafa verið á metunum við ákvörðun.

Takmarka má rökstuðninginn að því leyti sem hagsmunir aðilans til þess að notfæra sér hann til hagsmunagæslu þykja eiga að víkja fyrir ríkum almanna- eða einkahagsmunum, sbr. ákvæði 12. og 13. gr.

Hafi fjölskipað stjórnvald eigi samþykkt rökstuðning með ákvörðun sinni skal formaður þess semja rökstuðning með ákvörðuninni og taka þar mið af þeim sjónarmiðum sem lágu henni til grundvallar.

VII. KAFLI

Leiðbeiningar um kæru o.fl.

22. gr.

Stjórnvaldsákvörðunum, sem kæra má til annars stjórnvalds, skulu, þegar þær eru tilkynntar skriflega, fylgja leiðbeiningar um kæruheimild, hvert beina skuli kæru, svo og upplýsingar um kærufresti. Þetta gildir þó ekki hafi ákvörðunin að öllu leyti verið ívilnandi fyrir hlutaðeigandi málsaðila.

Ráðherra getur í reglugerð ákveðið að einfalda megi kæruleiðbeiningar í ákveðnum málaflokkum eða sleppa þeim enda séu í þeim tilvikum kæruheimildir á almannavitorði eða þær kynntar með sérstökum hætti.

Ef settur er í lögum sérstakur tímafrestur á málshöfðun vegna stjórnsýsluákvörðunar skulu fylgja upplýsingar þar að lútandi með tilkynningu um stjórnvaldsákvörðun.

23. gr.

Í úrskurði æðra stjórnvalds um kæru á ákvörðun lægra setts stjórnvalds skal greina:

1. efni það sem til úrlausnar er, þar á meðal hina kærðu ákvörðun,
2. niðurstöðu ásamt rökstuðningi þar sem m.a. skal gerð grein fyrir þeim lagaatriðum er niðurstaða byggist á,
3. önnur atriði sem máli skipta.

Aðalniðurstöðu skal draga saman í lok úrskurðar í sérstök úrskurðarorð.

VIII. KAFLI

Þagnarskylda o.fl.

24. gr.

Starfsmenn í opinberri þjónustu og kjörnir eða skipaðir fulltrúar í fjölskipuðu stjórnvaldi skulu gæta þagmælsku um upplýsingar sem flokkaðar eru sem trúnaðarmál og fara eiga leynt eðli máls samkvæmt vegna ríkra almanna- eða einkahagsmuna, sbr. ákvæði 13. gr.

Stjórnvald getur ákveðið að einstaklingar, sem ekki starfa í þjónustu hins opinbera, skuli gæta þagmælsku að því er varðar upplýsingar sem leynt eiga að fara og stjórnvaldið hefur miðlað til hlutaðeigandi aðila án þess að vera skuldbundið til þess.

25. gr.

Starfsmaður í opinberri þjónustu má ekki í skjóli þess afla sér trúnaðarupplýsinga sem ekki hafa þýðingu fyrir verkefni sem honum eru falin í starfi.

IX. KAFLI

Gildistaka o.fl.

26. gr.

Ákvæði sérlaga um meðferð og kærur á ákvörðunum stjórnvalda skulu óbreytt standa þrátt fyrir ákvæði laga þessara.

27. gr.

Ákvæði í IV. kafla laga þessara ná til skjala sem stjórnvöld hafa samið eða komist hafa í vörslu stjórnvalda 1. janúar 1982 eða síðar. Ákvæðum 9. gr. verður ekki beitt varðandi gögn í sakamálum sem lokið er fyrir gildistöku laganna.

Upplýsingar um málsatvik, sem er að finna í skjölum er stjórnvald hefur samið eða komist hafa í vörslur þess 1. janúar 1982 eða síðar, eru samt sem áður háðar ákvæðum IV. kafla hafi

skjölin verið lögð með skjölum máls sem er eða hefur verið til meðferðar hjá stjórnvaldi eftir framangreint tímamark og upplýsingarnar hafa eða hafa haft verulega þýðingu við ákvörðun í málinu.

28. gr.

Forsætisráðherra setur í reglugerð nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1992.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Frumvarp þetta er lagt fram til kynningar á þessu þingi. Er ætlunin að óska eftir umsögnum og athugasemdum við frumvarpið á komandi sumri og leggja það síðan fram á Alþingi í haust með breytingum eftir því sem tilefni gefst til. Jafnframt frumvarpinu er útbýtt til kynningar frumvarpi til laga um upplýsingaskyldu stjórnvalda.

Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra skipaði 23. maí 1989 nefnd til þess að semja nýtt frumvarp til stjórnsýslulaga. Í nefndinni áttu sæti Jón Sveinsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, formaður, Arnmundur Backman hæstaréttarlögmaður, Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri og Guðmundur Ágústsson alþingismaður. Ritari nefndarinnar var Kristján Andri Stefánsson laganemi.

Nefndin kynnti sér frumvarp og þingsályktanir um stjórnsýslulög sem komið hafa fram á Alþingi og hún fór einnig yfir stjórnsýslulöggjöf í nágrannalöndunum. Einkanlega kynnti hún sér dönsku stjórnsýslulögin sem eru nýjasta löggjöfin á þessu sviði á Norðurlöndum og samin voru með hliðsjón af reynslu annarra þjóða af framkvæmd stjórnsýslulaga.

Varð nefndin sammála um að breyta og bæta nokkuð við frumvarp til stjórnsýslulaga sem lagt var fram á 109. löggjafarþingi og byggja framsetningu og efnisatriði nýs frumvarps í megindráttum á dönsku lögunum. Nefndin leitaðist þó við að hafa ákvæði frumvarpsins einfaldari og skýrari en þar er og hún samþykkti að taka ekki í frumvarpið ákvæði um söfnun og miðlun persónuupplýsinga þar sem mun ítarlegri ákvæði um það efni er að finna í lögum nr. 121 28. desember 1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Nefndin er þeirrar skoðunar að ákvæði um upplýsingaskyldu stjórnvalda eigi að vera í sérstökum lögum, en ekki í stjórnsýslulögum þar sem kveðið er á um aðgang aðila að gögnum máls. Önnur viðhorf hljóta að móta reglur um aðgang málsaðila að gögnum og upplýsingum annars vegar en þau sjónarmið sem liggja til grundvallar reglum um aðgang almennings og fjölmiðla að gögnum hjá stjórnsýslunni.

Tillögur um setningu stjórnsýslulaga hér á landi.

Tillaga til þingsályktunar um upplýsingaskyldu stjórnvalda var fyrst lögð fram á Alþingi veturinn 1969–1970 af Þórarni Þórarinssyni o.fl. Var hún þess efnis að lagt skyldi fyrir þingið frumvarp til laga um skyldu stjórnvalda og ríkisstofnana til að skýra opinberlega frá störfum sínum og ákvörðunum og veita þeim sem þess óska aðgang að reikningum og skjölum sem almenning varða. Tillagan varð ekki útrædd og á sama veg fór með þingsályktunartillögu sama efnis sem lögð var fram á þinginu 1970–1971. Þingsályktunartillaga Þórarins Þórarinssonar o.fl. um upplýsingaskyldu stjórnvalda var síðan samþykkt 19. maí 1972 og stjórnarfrumvörp þess efnis lögð fyrir þingin 1972–1973, 1973–1974 og 1974–1975 án þess að hljóta samþykki.

Á 103. löggjafarþingi 1980–1981 var samþykkt þingsályktunartillaga sem Ragnhildur Helgadóttir alþingismaður flutti um undirbúning almennra stjórnsýslulaga. Í greinargerð með

tillögunni segir m.a.: „Tillaga þessi er flutt til að tryggja réttaröryggi einstaklinga gagnvart ákvörðunum stjórnvalda og jafnframt til að gera athafnir framkvæmdarvaldsins skýrari og traustari. Í því sambandi er að mati flutningsmanns nauðsynlegt að setja reglur um málsmeðferð í stjórnsýslunni sem tryggi rétt aðila til að tjá sig áður en stjórnvaldsákvarðanir, sem að þeim beinast, eru teknar."

Á 107. löggjafarþingi árið 1985 var að nýju samþykkt tillaga til þingsályktunar um undirbúning að setningu almennrar stjórnsýslulöggjafar og voru flutningsmenn alþingismennirnir Gunnar G. Schram, Guðrún Agnarsdóttir, Kjartan Jóhannsson, Páll Pétursson, Svavar Gestsson og Friðrik Sophusson. Þar segir m.a. svo í greinargerð:

„Skýrar og ótvíræðar reglur um stjórnsýslu ríkisins eru nauðsynlegar til þess að tryggja réttaröryggi borgaranna í skiptum þeirra við yfirvöld. Hér á landi eru ekki til nein almenn stjórnsýslulög sem m.a. hefðu að geyma reglur um málsmeðferð í stjórnsýslunni, sbr. réttarfarsreglur, þ.e. bæði form- og efnisreglur varðandi undirbúning mála og úrlausn þeirra, þar á meðal um rétt þegnanna til þess að fylgjast með meðferð mála hjá stjórnvöldum og koma að sjónarmiðum sínum og andmælum.

Íslenskur stjórnarfarsréttur byggist að miklu leyti á óskráðum reglum og viðurkenndar stjórnsýslureglur varðandi málsmeðferð eru fáar. Af þessu leiðir að þeir sem þurfa að leita réttar síns hjá stjórnvöldum standa höllum fæti. Oft er ekki ljóst hver er réttur þeirra við málsmeðferð og ákvarðanatöku og þá í hvaða mæli.

Hér mætti hreyfa þeirri mótbáru að óskráðar stjórnarfarsreglur komi í stað skráðra réttarreglna. Því er því miður ekki að heilsa. Slíkar reglur eru margar næsta óljósar og samhæfða framkvæmd skortir sem veiti þeim ótvírætt lagagildi. Þar að auki skortir beinlínis skráðar eða óskráðar réttarreglur um mörg mikilvægustu svið stjórnarfarsréttar sem sérstaklega lúta að réttindum og skyldum borgaranna. Sem dæmi má taka útgáfu ýmiss konar leyfa. Oftast er ekki að finna neinn lagabókstaf um það hvort stjórnvald skuli t.d. rökstyðja synjun um leyfi. Þá er ekki að finna ótvíræðar reglur um það hvort stjórnvaldi sé skylt að veita umsækjanda aðgang að upplýsingum sem synjunin byggist á. Hið sama gildir í öðrum tilvikum, að reglur skortir almennt um skyldur stjórnvalda til þess að rökstyðja almennt úrskurði sína. Fyrir Alþingi hefur legið frumvarp um upplýsingaskyldu stjórnvalda, en ekki náð fram að ganga. Einnig skortir í íslenskum stjórnarfarsrétti almennar settar reglur um heimild manna til þess að koma að andmælum við meðferð máls sem þá varðar og er til úrskurðar eða úrlausnar hjá stjórnvöldum. Sama má segja um hæfi stjórnvalds til þess að fjalla um mál. Flestir virðast að vísu sammála um það að samkvæmt íslenskum lögum megi enginn taka þátt í meðferð máls í stjórnsýslunni ef úrslit málsins varða verulega hagsmuni hans. Þessi réttarregla hefur þó verið margbrotin í íslenskri stjórnsýslu þrátt fyrir þá hættu sem það hlýtur óhjákvæmilega að hafa í för með sér."

Síðar segir í sömu greinargerð: „Þeir gallar, sem hér hefur verið vikið að, varða ekki einungis stöðu borgaranna gagnvart yfirvöldum, heldur starfsskilyrði stjórnsýslunnar sjálfrar. Skortur á skýrum og ljósum réttarreglum er mjög til baga þegar yfirvöld þurfa að leysa úr stjórnarfarslegum álitaefnum á margvíslegustu sviðum. Hætta er á að úrlausnir verði handahófskenndar og skilvirkni mun minni en æskilegt verður að telja.

Af þessum ástæðum er nauðsynlegt að sett verði almenn stjórnsýslulög hér á landi. Er það annars vegar vegna réttaröryggissjónarmiða og hins vegar vegna hagkvæmnis- og skilvirknissjónarmiða. Ástæðulaust er að slíkar reglur séu allt of flóknar og nákvæmar, heldur verður að greina milli aðalatriða og aukaatriða . . ."

Á 109. löggjafarþingi 1986–1987 var lagt fram frumvarp til stjórnsýslulaga og var það samið af hæstaréttarlögmönnunum Eiríki Tómassyni og Jóni Steinari Gunnlaugssyni að beiðni þáverandi forsætisráðherra Steingríms Hermannssonar.

Þar var lagt til að lögfestar yrðu meginreglur um andmælarétt, rétt málsaðila til þess að kynna sér gögn máls, um leiðbeiningarskyldu stjórnvalda, um vanhæfi og um form stjórnvaldsúrskurða.

Samtímis frumvarpinu var lagt fram frumvarp um umboðsmann Alþingis og var það samþykkt sem lög frá Alþingi, en frumvarp til stjórnsýslulaga varð ekki útrætt.

Umboðsmaður Alþingis ritaði 29. desember forsætisráðherra bréf og vitnar hann þar í greinargerð með frumvarpi til stjórnsýslulaga þar sem sagði að náin tengsl væru milli markmiða þessara tveggja frumvarpa. Reglur um málsmeðferð í stjórnsýslulögum næðu betur tilgangi sínum ef þeim væri fylgt eftir af umboðsmanni Alþingis og að sama skapi mundu slíkar reglur styrkja starf umboðsmannsins. Síðan segir umboðsmaður í bréfi sínu:

„Að fenginni tveggja ára reynslu í starfi umboðsmanns Alþingis, hef ég sannfærst um, að ofangreind sjónarmið í greinargerð með frumvarpi til stjórnsýslulaga eigi við veigamikil rök að styðjast, án þess að ég hafi þar með tekið afstöðu til þess í einstökum atriðum, hvernig stjórnsýslulög skuli úr garði gerð. Ég tel hins vegar ástæðu til að leggja áherslu á eftirfarandi atriði, sem eru að mínum dómi brýnt tilefni lagasetningar:

1. Ekki er til að dreifa í skráðum lögum almennum reglum um rétt manna til að kynna sér gögn í vörslu stjórnvalda. Þar verður að gera greinarmun á skyldu stjórnvalds til að veita almenningi upplýsingar, skyldu stjórnvalds til að veita aðilum, sem sérstakra hagsmuna hafa að gæta, aðgang að upplýsingum, skyldu stjórnvalds til að kynna einstaklingi upplýsingar, sem hjá því eru skráðar um einkahagi hans, og skyldu til að veita öðrum stjórnvöldum upplýsingar. Slíkar reglur tengjast lagareglum um þagnarskyldu þeirra manna, sem fást við stjórnsýslu, en lagaákvæði um það eru fjölmörg á víð og dreif í settum lögum. Reynsla mín í starfi umboðsmanns hefur leitt í ljós, að á þessum vettvangi rísa ágreiningsmál, sem oft vefst fyrir stjórnvöldum að greiða úr.
2. Ekki eru í skráðum lögum almennar reglur um hæfi þeirra, sem hafa á hendi stjórnsýslu, til að fjalla um einstök mál, sem þeir fá til úrlausnar.
3. Á ýmsum sviðum stjórnsýslu er ekki svo skýrt sem skyldi, hvaða rétt menn eiga til að skjóta máli sínu til æðra stjórnvalds. Ég tel sérstaka ástæðu til að vekja athygli á því, að slíkur vafi hefur risið í framkvæmd sveitarstjórnarlaga, að því er ákvarðanir sveitarstjórna varðar.

Framangreind talning er ekki á neinn hátt tæmandi og ég lít svo á, að almennt sé nauðsynlegt að lögfesta í stjórnsýslulögum helstu grundvallarreglur um málsmeðferð í stjórnsýslu. Það eru því tilmæli mín, að þér, hæstvirtur forsætisráðherra, beitið yður fyrir því, að frumvarp til stjórnsýslulaga verði lagt á ný fyrir Alþingi eftir atvikum að lokinni endurskoðun þess frumvarps, sem þegar hefur verið samið og áður er vikið að.“

Erlend lög um málsmeðferð í stjórnsýslunni.

Eftir því sem umsvif opinberrar stjórnsýslu hafa aukist hafa í mörgum ríkjum komið fram kröfur um aukið réttaröryggi þegnanna í samskiptum sínum við hið opinbera.

Á Norðurlöndum var þessari kröfu í upphafi mætt með því að leyfa málshöfðunarrétt fyrir dómstólum eftir ákveðnum reglum um gildi eða ógildi stjórnsýsluathafna.

Í Svíþjóð og Finnlandi eru tvö dómstig sérstakra stjórnsýsludómstóla sem starfa að mörgu leyti hliðstætt hinu almenna dómstólakerfi. Í Danmörku, Noregi og hér á landi er aftur byggt á málskotsrétti fyrir almennum dómstólum. Í stjórnsýslu Norðurlandaríkjanna hefur skipulagi stjórnsýslunnar yfirleitt í meginatriðum verið hagað á þann veg að ráðuneyti fara með stefnumótun og eftirlit, en ekki afgreiðslu einstakra mála. Þau fella því sjaldnast úrskurði á fyrsta stigi málsmeðferðar, en hægt er að skjóta gerðum eða úrskurðum lægra settra stjórnarstofnana til endurskoðunar þeirra. Hér á landi er skipulagið þó skemmra á veg komið

að því leyti að almenn kæruleið innan stjórnsýslunnar frá lægra til æðra stjórnvalds er ekki fyrir hendi nema í afmörkuðum málaflokkum.

Þótt yfirleitt sé opin leið til málshöfðunar fyrir almennum dómstólum er þar um seinvirkari og dýrari aðferð að ræða við prófun á gildi stjórnsýslugerða en kæra til æðra stjórnvalds.

Í úrskurðum um gildi stjórnsýsluaðgerða reynir oft á verklagsreglur í stjórnsýslunni, en þær eru í mörgum tilvikum óljósar. Hafa því komið upp raddir um nauðsyn þess að formlega verði settar meginreglur um meðferð mála í stjórnsýslunni með almennum stjórnsýslulögum.

Fjölmörg dæmi eru um slíka lagasetingu. Í Bandaríkjunum eiga þau sér langa sögu bæði hvað snertir löggjöf alríkisins og einstakra ríkja, en það er sameiginlegt slíkri lagasetningu að lögin skiptast þrjá hluta. Í fyrsta lagi fjalla þau um vald stjórnsýslustofnana, í öðru lagi fjalla þau um meðferð þess valds og í þriðja lagi fjalla þau um viðurlög við brotum. Á meginlandi Evrópu hefur slík lagsetning einnig tíðkast lengi og má nefna frönsku stjórnsýslulögin sem dæmi um það, en þau eru víðtækari en bandarísku lögin og fjalla m.a. um réttindi og skyldur starfsmanna, skaðabótaskyldu hins opinbera o.fl.

Norðurlandaríkin nema Ísland hafa sett sér stjórnsýslulöggjöf. Í Noregi voru almenn stjórnsýslulög sett árið 1967, en upphaflegar tillögur um lagasetninguna komu fram í nefndaráliti árið 1958. Lögin hafa tekið verulegum breytingum síðan þau voru sett. Í Svíþjóð tóku almenn stjórnsýslulög frá 1971 gildi 1. janúar 1972. Þeim var breytt nokkrum sinnum og síðan leyst af hólmi með nýjum stjórnsýslulögum sem gildi tóku 1. janúar 1987. Í Finnlandi voru sett stjórnsýslulög árið 1982 og tóku þau gildi 1. janúar 1983. Í Danmörku voru á árinu 1985 sett almenn stjórnsýslulög sem gildi tóku 1. janúar 1987.

Sameiginlegt hinum norrænu lögum er að þau eru að ýmsu leyti hliðstæða réttarfarsreglna við almenna dómstólameðferð. Lögð er áhersla á réttaröryggi þegnanna, en jafnframt er þó reynt að samrýma það kröfunni um skilvirka stjórnsýslu. Í lögunum er lögfestur andmælaréttur í stjórnsýslu og stjórnsýslustofnunum sett tímamörk um afgreiðslu mála. Settar eru almennar reglur um vanhæfi til meðferðar einstaks máls, um leiðbeiningar til málsaðila, um aðgang málsaðila að gögnum máls, um rökstuðning úrskurða, verklagsreglur um kæru til annars stjórnvalds, um þagnarskyldu starfsmanna og um meðferð upplýsinga.

Helstu ákvæði frumvarpsins.

Helstu atriði frumvarps þessa eru:

1. lagt er til að lögfestar verði nokkrar grundvallarreglur um meðferð stjórnsýslumála sem taki til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og stofnana þeirra,
2. sett er fram skilgreining nokkurra stjórnsýsluhugtaka,
3. settar eru skýrar reglur um vanhæfi stjórnvaldshafa,
4. sett eru ákvæði um hvernig bregðast skuli við vanhæfi ráðherra,
5. settar eru skýrar reglur um leiðbeiningarskyldu stjórnvaldshafa,
6. settar eru reglur um rétt málsaðila til þess að kynna sér gögn í málum sem eru til meðferðar hjá stjórnvöldum,
7. andmælaréttur málsaðila er lögfestur,
8. sett eru ákvæði um rökstuðning stjórnsýsluúrskurða,
9. settar eru reglur um leiðbeiningarskyldu varðandi kærumeðferð stjórnvaldsákvarðana,
10. settir eru tímafrestir um meðferð mála sem lögin taka til og úrskurði,
11. þagnarskylda starfsmanna í opinberri þjónustu er ítrekuð,
12. lagt er til að lögin taki gildi 1. janúar 1992,
13. réttur málsaðila til þess að kynna sér málsgögn nær aftur til 1. janúar 1982.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um gildissvið laganna og skýringar á hugtökum sem þar koma fyrir.

Um 1. gr.

Lögin taka til allrar stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga, þ.e. stjórnsýslu ráðuneyta og stofnana sem undir þau heyra, til stjórnsýslu sveitarfélaga og stofnana þeirra. Forsætisráðherra getur auk þess ákveðið að lögin nái jafnframt til fyrirtækja og stofnana sem fengið er opinbert vald án þess að þær teljist til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Sem dæmi um slíkt fyrirtæki má nefna Bifreiðaskoðun Íslands hf. sem samkvæmt sérstökum samningi sér um skoðun ökutækja og úrskurðar í því sambandi hvort þau fullnægi þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar í reglugerðum settum af stjórnvöldum.

Lögin taka til starfsemi ráða og nefnda á vegum ríkisins og sveitarfélaga, en um afgreiðslur mála í sveitarstjórn og nefndum hennar fer þó eftir sérreglum sveitarstjórnarlaga.

Ákvæði laganna ná ekki til löggjafarvaldsins, þ.e. starfsemi Alþingis og stofnana þess, svo sem til umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar. Starfsemi dómsvaldsins er einnig undanþegin ákvæðum laganna nema um sé að ræða hrein stjórnsýsluverkefni. Eins og áður er vikið að getur ráðherra ákveðið í reglugerð að ákvæði laganna nái einnig til fyrirtækja og stofnana, en ella ná þau ekki til starfsemi sjálfseignarstofnana og stofnana sem að forminu til eru hlutafélög eða sameignarfélög þótt eigendur séu að miklu eða öllu leyti ríki og sveitarfélög.

Lögin taka til stjórnsýslustarfa ráðherra, en ekki til starfa þeirra á Alþingi eða þátttöku þeirra í fundum ríkisstjórnar og ríkisráðs.

Lögin gilda um meðferð þeirra mála hjá stjórnvöldum þar sem teknar eru ákvarðanir um rétt og skyldur einstaklinga og lögaðila. Þagnarskylda samkvæmt lögunum nær þó til allra mála. Með hugtakinu „að taka ákvörðun um rétt og skyldur“, er átt við að stjórnvald ákveði, hvað sé „rétt“ í viðkomandi tilviki, t.d. hvort aðili eigi samkvæmt gildandi reglum rétt á leyfi til gjaldeyrisyfirfærslu eða húsbyggingar eða hvort honum beri skylda til þess að aðhafast eitthvað. Lögin ná ekki til margvíslegrar starfsemi hins opinbera sem ekki verður flokkuð undir stjórnsýslu, svo sem samningagerðar, þjónustu eða atvinnustarfsemi á vegum ríkis og sveitarfélaga. Þau ná ekki til umönnunar sjúkra og aldraða, kennslu, húsvörslu eða bókavörslu. Stjórnvöld geta hins vegar tekið ákvarðanir um rétt eða skyldu einstaklinga til þess að njóta slíkrar þjónustu og þær ákvarðanir falla undir ákvæði laganna.

Það leiðir af framangreindri skilgreiningu að lögin ná til ákvörðunar sem tekin er í krafti opinbers valds, en hins vegar ekki til skuldbindinga á sviði einkamálaréttar, svo sem til samningagerðar. Ráðningar einstakra starfsmanna, stöðuhækkanir og uppsagnir falla þó undir lögin, enda snerta þær aðra starfsmenn hins opinbera. Ákvæði laganna um vanhæfi ná þó einnig til skuldbindinga á sviði einkamálaréttar sem stjórnvald eða stjórnvaldshafi tekst á hendur fyrir hönd hins opinbera.

Ákvæði laganna ná ekki til fyrirmæla sem stjórnendur gefa öðrum starfsmönnum við framkvæmd starfa sinna. Þau ná heldur ekki til ákvarðana um útgáfu reglugerða og efni þeirra né til annarra almennra stjórnvaldsfyrirmæla.

Um 2. gr.

Hér eru skilgreind nokkur þau hugtök sem koma fyrir í frumvarpinu. Ástæðan er einkum sú að merking þessara hugtaka hefur verið nokkuð á reiki í íslensku lagamáli. Erfitt er hins vegar að skilgreina hugtök þessi svo, jafnvel þótt í löngu máli væri, að ekki geti komið upp einhver vafatilvik við skýringu á þeim.

Hugtökin eru yfirleitt skilgreind svo að þau beri að skýra rúmt fremur en þröngt. Þó skal tekið fram að svonefndar „neikvæðar stjórnvaldsákvarðanir", þ.e. ákvarðanir sem fela í sér óbreytt ástand, svo sem synjun á umsókn, falla ekki undir hugtakið „íþyngjandi stjórnarvaldsákvörðun" eins og það er skilgreint í frumvarpinu.

Hugtakinu „stjórnvald" ber að halda aðgreindu frá orðinu „stjórnvaldshafi", en það vísar til þess einstaklings er hverju sinni gegnir embætti sem opinbert vald fylgir. Samkvæmt því telst embætti forsætisráðherra vera stjórnvald, en sá einstaklingur, sem því gegnir stjórnvaldshafi. Þessi aðgreining hefur fyrst og fremst þýðingu þegar fjallað er um vanhæfi við meðferð einstakra mála í stjórnsýslunni. Samkvæmt þessum ákvæðum má sá einstaklingur, sem að öðru jöfnu gegnir tilteknu embætti, ekki taka þátt í meðferð máls ef hann hefur eða getur haft sérstakra hagsmuna að gæta varðandi málsúrslit. Við slíkar aðstæður yrði að fela öðrum einstaklingi að fást við málið.

Um II. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um vanhæfi stjórnvaldshafa til þess að taka þátt í meðferð einstakra mála. Um þetta efni hefur skort heildstæðar reglur í íslenskum rétti. Í 36. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936, er að finna ákvæði um vanhæfi dómara, en samsvarandi ákvæði gilda ekki almennt í stjórnsýslu hins opinbera þótt finna megi ákvæði þar að lútandi í einstökum lögum er fjalla um afmarkaða þætti opinberrar stjórnsýslu, svo sem í sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986. Ákvæði kaflans gilda einnig um aðila sem sæti eiga í fjölskipuðu stjórnvaldi. Vanhæfi getur valdið ógildingu ákvörðunar nema það teljist ekki hafa haft þýðingu fyrir ákvörðunina.[1])

Um 3. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru sniðin eftir 36. gr. laga nr. 85/1936 sem fyrr er getið, en aukið er við upptalningu 5. tölul. samkvæmt fyrirmyndum frá stjórnsýslulöggjöf annarra Norðurlandaþjóða.

1. tölul. fjallar um vanhæfi vegna þess að stjórnsýsluhafi er sjálfur aðili máls, fyrirsvarsmaður eða umboðsmaður aðila. Gildir þar meginreglan um að enginn er dómari í eigin sök.

2. tölul. fjallar um vanhæfi vegna skyldleika stjórnsýsluhafa við aðila máls sem eðli málsins samkvæmt getur valdið því að stjórnsýsluhafi fái ekki litið hlutlaust á málavexti.

3. tölul. fjallar um vanhæfi vegna skyldleika stjórnsýsluhafa við fyrirsvarsmann eða umboðsmann aðila og gildir þar sama og um getur í 2. tölul. Skyldleiki til hliðar, sem vanhæfi veldur, nær þó aðeins til systkina.

4. tölul. fjallar um vanhæfi vegna þess að stjórnsýsluhafi hefur áður haft afskipti af málinu og það kemur aftur til meðferðar hans. Hann hefur því fyrir fram skoðun á því og getur trauðla litið á ný hlutlaust á málavexti. Hér er átt við það að úrskurði í máli sé skotið til æðra stjórnvalds, en ekki við umfjöllun máls á sama stigi málsmeðferðar. Hafi stjórnvaldshafi kveðið upp stjórnsýsluúrskurð á lægra stigi, en síðan flutt sig um set innan stjórnsýslunnar, er hann vanhæfur til þess að úrskurða á hærra stigi um gildi úrskurðar sem hann hefur kveðið upp eða átt hlutdeild í á lægra stigi.

5. tölul. tekur til ýmissa ótilgreindra tilvika sem valdið geta vanhæfi stjórnvaldshafa. Þar má nefna nána vináttu við aðila máls, yfirlýsingar sem stjórnvaldshafi hefur gefið um málsatvik, veruleg áhrif sem stjórnvaldsúrskurður getur haft á hag venslamanna sem standa stjórnvaldshafa nærri, en falla ekki undir þær upptalningar er að framan greinir, málið varðar næsta yfirmann stjórnvaldshafa eða stofnun eða fyrirtæki í einkaeigu sem stjórnvaldshafi er í forsvari fyrir. Í síðastnefnda tilvikinu er lögð áhersla á það að um stofnun eða fyrirtæki í

[1]) Um vanhæfi stjórnsýsluhafa sjá greinar í 3.–4. tölublaði tímaritsins Úlfjóts árið 1986.

einkaeigu sé að ræða, en stjórnarseta eða starf fyrir opinbera stofnun, er mál varðar, veldur ekki vanhæfi stjórnvaldshafa. Stjórnvaldshafi, sem jafnframt er fulltrúi í sveitarstjórn, er t.d. ekki vanhæfur til þess að kveða upp stjórnsýsluúrskurð, er á einhvern hátt varðar hag viðkomandi sveitarfélags. Sama er um stjórnarþátttöku stjórnvaldshafa í stofnun þar sem hann er útnefndur eða valinn sem fulltrúi stjórnvaldsins.

Þegar stjórnvaldshafi er vanhæfur til þátttöku í meðferð máls verður að setja annan einstakling *ad hoc* til þess að fara með það. Sá aðili má ekki vera næsti undirmaður stjórnvaldshafa, en vanhæfi til meðferðar máls nær einnig til hans, sbr. 5. tölul. Í flestum tilvikum er verkaskipting milli starfsmanna stjórnvalds þannig að hver starfsmaður fer með ákveðna málaflokka. Aðrir starfsmenn viðkomandi stjórnvalds geta þá leyst málið með því að hlaupa í skarðið fyrir þann sem vanhæfur er, en ef þess er ekki kostur verður að fá utanaðkomandi aðila, t.d. sérfræðing frá öðru stjórnvaldi, til þess að fjalla um málið. Ef um er að ræða vanhæfi einstaklings sem situr í fjölskipuðu stjórnvaldi má yfirleitt kalla til varamann, en ef þess er ekki kostur verður stjórnvaldið að taka ákvörðun án þess að vera fullskipað. Frá þessu eru þó gerð undantekning í 2. mgr. 4. gr.

Um 4. gr.

Ákvæðin um vanhæfi eru ekki fortakslaus. Í fyrsta lagi kann að vera verulegum vandkvæðum bundið að fela öðrum aðila meðferð málsins. Hér er t.d. átt við það tilvik að ekki er völ á öðrum aðilum með nægilega sérfræðikunnáttu til þess að kveða upp stjórnsýsluúrskurð á því sviði sem um ræðir. Þá er oft um að ræða lítilfjörlega hagsmuni sem þótt persónulegir séu geta ekki valdið vanhæfi. Þá verður einnig að líta til þess hvort meðferð mála fer að öllu leyti eftir lögbundnum reglum eða hún er að einhverju leyti háð frjálsu mati stjórnvaldshafa. Ýmsar afgreiðslur stjórnvalda ganga þannig eftir föstum reglum sem ekki verður vikið frá hver sem í hlut á. Lögreglustjóri getur t.d. gefið út ökuskírteini sjálfum sér eða nánum vandamönnum til handa, enda eru skilyrði fyrir ökuleyfi og endurnýjun þess lögbundin og tæpast vafi á því hvort þau skilyrði eru fyrir hendi.

Aðalreglan er sú að sá sem situr í fjölskipuðu stjórnvaldi má ekki taka þátt í afgreiðslu máls ef hann er vanhæfur samkvæmt ákvæðum 3. gr. Það gildir þó ekki ef það er talið nauðsynlegt að stjórnvaldið sé ekki lengur ályktunarbært, ef það er nauðsynlegt talið að afstaða hins vanhæfa aðila komi fram í afgreiðslu stjórnvaldsins og ef ekki er hægt að fresta umfjöllun um málið án verulegs tjóns fyrir almanna- eða einkahagsmuni. Í sumum tilvikum kann að vera gerð krafa til þess að fullskipað stjórnvald taki ákvörðun og í öðrum tilvikum er skipan stjórnvalds með þeim hætti að þar eiga sæti fulltrúar hagsmunaaðila sem fjalla eiga um mál, enda þótt þeir eigi þar jafnframt persónulegra hagsmuna að gæta. Í undantekningartilvikum kann að vera ómögulegt að fresta umfjöllun um mál án verulegs tjóns fyrir almanna- eða einkahagsmuni og því verði að líta fram hjá vanhæfi einstakra meðlima stjórnvaldsins.

Í fjölskipuðu stjórnvaldi getur aðili tekið þátt í kjöri til embættis eða nefndar innan stjórnvaldsins eða til þess að vera fulltrúi þess á öðrum vettvangi enda þótt hann sé sjálfur í kjöri.

Í síðustu málsgrein 4. gr. er sagt að um vanhæfi sveitarstjórnarmanna til meðferðar máls fari eftir 45. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8 frá 1986. Með sveitarstjórnarmönnum er átt við kjörna fulltrúa í sveitarstjórn og fulltrúa í nefndum og ráðum sveitarstjórnar. Vanhæfisreglur laga þessara taka hins vegar til stjórnsýslu sveitarfélaga að öðru leyti.

Um 5. gr.

Hér er ráðherra veitt heimild til þess að setja nánari reglur um gildissvið ákvæða 3. og 4. gr. á tilteknum sviðum opinberrar stjórnsýslu. Slíkt á t.d. við þar sem fulltrúar hagsmunaaðila eiga aðild að fjölskipuðu stjórnvaldi. Ákvæði þetta samsvarar 5. gr. dönsku stjórnsýslulaganna.

Um 6. gr.

Sá sem veit sig vanhæfan til meðferðar einstaks máls skal án tafar vekja athygli næsta yfirmanns síns á því nema ljóst sé að vanhæfið skipti engu máli. Sé um að ræða aðila sem setu á í fjölskipuðu stjórnvaldi skal hann vekja athygli stjórnvaldsins á annmarkanum sem í flestum tilvikum felst í því að hann tilkynnir formanni stjórnvaldsins um það. Ef formaðurinn er sjálfur vanhæfur til meðferðar málsins yrði sá sem vekja vill athygli á vanhæfi sínu að snúa sér til annarra þeirra sem setu eiga í stjórnvaldinu.

Stjórnsýsluhafi má ekki sjálfur taka þátt í meðferð eða ákvörðun máls um vanhæfi sitt, sbr. þó 1. og 2. mgr. 4. gr. Þetta gildir þó ekki á sviðum þar sem lög kunna að skipa málum á annan veg og má þar nefna sveitarstjórnarlögin sem mæla svo fyrir að sveitarstjórnarmaður skuli taka þátt í atkvæðagreiðslu um vanhæfi sitt. Er það ákvæði sett til þess að ekki sé hægt að nota tilefnislausa ásökun um vanhæfi til þess að gera meiri hluta óvirkan í sveitarstjórn eða nefnd sveitarstjórnar. Afgreiðslu sveitarstjórnar á slíku máli má kæra til félagsmálaráðuneytis.

Í síðustu málsgrein 6. gr. er fjallað um vanhæfi ráðherra, en lögin gilda um stjórnsýslustörf þeirra eins og áður er minnst á. Hér er lagt til að víki ráðherra sæti af ástæðum sem greinir í 3. gr. skuli forseti Íslands skipa annan ráðherra til þess að taka ákvörðun í því máli sem til úrlausnar er. Er þetta ákvæði samhljóða 18. gr. stjórnsýslulagafrumvarpsins sem lagt var fyrir 109. löggjafarþing.

Um III. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um leiðbeiningarskyldu stjórnvalda og um rétt almennings til þess að fá annan til þess að vera í fyrirsvari fyrir sig gagnvart stjórnvöldum eða til aðstoðar.

Um 7. gr.

Öllum þeim, sem með stjórnsýslu hins opinbera fara, er skylt að leiðbeina þeim sem til þeirra leita um rétt þeirra og skyldur hvort sem þeir hafa úrskurðarvald í því efni eða ekki. Hér er að sjálfsögðu undanskilið að sá sem leitað er til fjalli um viðkomandi málaflokk eða viti skil á þeim reglum sem gilda. Ef svo er ekki verður að gera þá kröfu til hans að hann vísi rétta leið til þess sem fjallar um viðkomandi málaflokk. Leiðbeiningar stjórnvalda geta bæði verið almennar og einstaklingsbundnar. Almennar leiðbeiningar geta t.d. verið gefnar í sérstökum bæklingum, auglýsingum eða veggspjöldum, en einstaklingsbundnar leiðbeiningar geta verið gefnar munnlega, þar á meðal í síma eða skriflega í bréfi til þess sem leiðbeininga æskir.

Form almennra leiðbeininga þarf að laga að þörf almennings fyrir vitneskju á viðkomandi sviði og síðan þarf að gefa tækifæri á nánari einstaklingsbundinni leiðsögn.

Innihald leiðbeininganna þarf að vera nægilegt til þess að útskýra gildandi reglur á tilteknu sviði, í þeim þarf að koma fram hvaða stjórnvald taki ákvarðanir um mál á því sviði og hvaða upplýsinga nauðsynlegt sé afla ef leggja á erindi fyrir stjórnvaldið.

Í leiðbeiningarskyldu stjórnvaldshafa er innifalin leiðsögn viðvíkjandi útfyllingu eyðublaða, samningu tilkynninga og önnur atriði sem þýðingu hafa á verksviði stjórnvaldshafans. Hins vegar er ekki hægt að gera þá kröfu til stjórnvaldshafa að hann veiti sérfræðilega ráðgjöf í máli, a.m.k. ef hún yrði tímafrek. Hvar draga á mörkin milli leiðbeiningarskyldu og sérfræðilegrar ráðgjafar fer nokkuð eftir aðstæðum.

Í 2. mgr. er ákvæði þess efnis að stjórnvaldi sé skylt að framsenda skriflegt erindi sem því berst ranglega til rétts stjórnvalds eftir því sem tök eru á. Sé erindi munnlegt er hins vegar eðlilegt að erindisgjafa sé leiðbeint um hvar hann finni hið rétta stjórnvald og geti þar komið erindi sínu milliliðalaust á framfæri.

Hér er rétt að minna á samning Norðurlanda um notkun norrænna tungumála fyrir stjórnvöldum, en samkvæmt honum geta borgarar Norðurlandaríkja notað móðurmál sitt í

viðskiptum við opinbera aðila. Er skylt að afla aðstoðar túlks eða skjalaþýðanda, eftir því sem nauðsyn ber til, og skal það vera viðkomandi einstaklingi að kostnaðarlausu. Þau erlend tungumál, sem hér um ræðir, eru danska, finnska, norska og sænska, en samningurinn nær ekki til færeysku, grænlensku eða tungumáls Sama. Því verður að veita leiðbeiningar á framangreindum tungumálum og afla aðstoðar túlks ef viðkomandi starfsmaður og sá sem leiðbeininga leitar skilja ekki hvorn annan.

Um 8. gr.

Hér er málsaðila heimilað að fá annan til þess að vera í fyrirsvari fyrir sig eða til aðstoðar. Hér er bæði átt við sérfræðinga eins og lögmenn eða endurskoðendur, en einnig við aðra sem taka að sér að aðstoða málsaðila. Venjulega verður að gera þá kröfu að slíkur aðstoðarmaður sé lögráða, en í einstaka tilvikum er eðlilegt að falla frá því, t.d. ef barn aðstoðar foreldra sína sem túlkur. Stéttarfélög eða almannasamtök geta tekið að sér umboð fyrir eða aðstoð við einstakling eða lögaðila sem er aðili að stjórnsýslumáli. Aðstoðin getur verið fólgin í því að rita erindi til stjórnvalds, taka við skjölum og mæta til viðtals hjá stjórnvaldshafa. Stjórnvald getur þó krafist þess að málsaðili mæti sjálfur þegar slíkt hefur þýðingu fyrir ákvörðun málsins að mati þess.

Stjórnvaldshafi getur samkvæmt almennum reglum krafist þess að umboðsmaður málsaðila framvísi skriflegu umboði eða sanni á annan hátt heimild sína til erindisreksturs fyrir málsaðila.

Um IV. kafla.

Þessi kafli fjallar um rétt málsaðila til þess að kynna sér skjöl og önnur gögn sem mál hans varða. Frumforsenda þess er að sjálfsögðu sú að aðili viti af því að mál hans sé til meðferðar í stjórnsýslunni. Í kaflanum eru settar nánari reglur um þessi atriði.

Réttur málsaðila til þess að kynna sér gögn er til viðbótar við almenna upplýsingaskyldu stjórnvalda og aðgang að gögnum er varða stjórnsýslu hins opinbera, en þar eru ýmis gögn er varða einkamálefni fólks undanskilin vegna friðhelgi einkalífs.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um rétt aðila til þess að fá að kynna sér gögn málsins hjá því stjórnvaldi sem tekur um það ákvörðun. Hér kann að koma upp vafi um það hver skuli teljast aðili máls. Þar koma til greina umsækjendur, kærendur og aðrir sem verulegra hagsmuna eiga að gæta við afgreiðslu máls. Við ákvörðun um það hvort um aðila máls sé að ræða verður að taka mið af því hversu mikla hagsmuni viðkomandi hefur af ákvörðun um mál á hvorn veg sem hún verður.

Í 2. mgr. er heimild ráðherra til þess að takmarka aðgang aðila sjálfs að gögnum á afmörkuðum sviðum þar sem ríkir opinberir hagsmunir mæla með því. Í slíkum tilvikum skal lögmaður aðila eiga aðgang að gögnunum sem trúnaðarupplýsingum. Það sem hér er einkum haft í huga eru skýrslur umsagnaraðila í málum sem rísa um forræði barna og læknaskýrslur varðandi meðhöndlun ákveðinna sjúkdóma.

Í fyrrnefnda tilvikinu eru ríkir opinberir hagsmunir að afla gagna um álit vina og vandamanna, svo og sérfræðinga á málsatvikum, til þess að viðkomandi yfirvöld geti myndað sér skoðun um þau og betur lagt mat á önnur gögn málsins. Ef málsaðilar sjálfir eiga ótakmarkaðan aðgang að slíkum gögnum er talin hætta á því að menn neiti að láta álit sitt í ljósi af ótta við að baka sér óvild annars málsaðilans. Við það mundu viðkomandi stjórnvöld ekki hafa umsagnir kunnugra aðila til stuðnings ákvörðun í málinu.

Varðandi síðarnefnda atriðið er þess að geta að læknaskýrslur eru gögn sem læknar rita sér til minnis og til þess að auðvelda öðrum læknum að taka við eða taka þátt í meðferð

sjúklings. Með ótakmörkuðum aðgangi aðila sjálfs að slíkum gögnum er talin hætta á ýmiss konar misskilningi, deilum og jafnvel málshöfðunum, sem koma mundu í veg fyrir gerð nákvæmra læknaskýrslna og þar með torvelda meðferð sjúklinga á sjúkrastofnunum.

Í þeim tilvikum, sem heimild þessi kynni að vera notuð, er lögmanni aðila heimilt að kynna sér gögnin sem trúnaðarupplýsingar. Með slíku fyrirkomulagi er ætlunin að tryggja að þau séu gerð í samræmi við tilgang þeirra, en hins vegar er þeim sem gögnin stafa frá veitt persónuleg vernd.

Samkvæmt 3. mgr. eru ákvæði um þagnarskyldu opinberra starfsmanna og sýslunarmanna ekki til fyrirstöðu því að þeir veiti málsaðilum aðgang að gögnum samkvæmt þessum kafla laganna.

Fjórða málsgrein fjallar um mál þar sem grunur hefur fallið á aðila um lögbrot eða hann er sóttur til refsingar. Í þeim tilvikum getur hann ekki krafist aðgangs að gögnum málsins með tilvísan til þessa kafla laganna. Vísbendingar um lögbrot koma oft fram í starfi stjórnsýsluaðila og nánari athugun er hafin sem stundum leiðir til ákæru og stundum ekki. Meðan mál er á því stigi er ekki talið rétt að veita aðila aðgang að gögnum málsins né heldur meðan það er á ákærustigi, en þá gilda um það reglur laga um meðferð opinberra mála.

Hins vegar getur sakborningur, eftir að dómsmeðferð máls er lokið, krafist þess að mega kynna sér gögn málsins hjá stjórnvöldum að því leyti sem slík beiðni er studd sanngjörnum rökum um hagsmuni hans og ef tillit til fyrirbyggjandi aðgerða stjórnvalda, uppljóstrunar sakamála eða saksóknar eða sérstök sjónarmið til verndar sakborningi, vitnum eða öðrum aðilum mæla því ekki í gegn. Þau stjórnvöld, sem hér koma til greina, eru t.d. löggæsluyfirvöld eða ráðuneyti sem sent hefur kæru til rannsóknarlögreglu vegna meintra lögbrota.

Um 10. gr.

Í þessari grein eru talin upp þau gögn sem réttur málsaðila nær til. Í fyrsta lagi er um að ræða móttekin og send bréf. Í öðru lagi eru skráningar í skjalaskrár og listar um gögn málsins. Í þriðja lagi eru vinnuskjöl og bréf milli aðila innan sama stjórnvalds ef þau geyma upplýsingar sem ekki er unnt að afla annars staðar frá. Er þar um undantekningu að ræða frá þeirri aðalreglu að málsaðilar hafa ekki aðgang að vinnuskjölum.

Síðasta málsgrein takmarkar rétt þess sem sótt hefur um ráðningu eða stöðuhækkun í opinberri þjónustu aðgang að þeim gögnum um ráðninguna eða stöðuhækkunina er varða hann sjálfan.

Um 11. gr.

Í þessari grein eru settar reglur um frest á afgreiðslu máls ef málsaðila hefur verið veittur aðgangur að gögnum máls. Skal frestur veittur þar til málsaðila hefur gefist tími til að kynna sér gögnin.

Í 2. mgr. eru þó settar takmarkanir á veitingu slíks frests ef það stangast á við lögmæltan frest til afgreiðslu máls eða hagsmunir aðilans þykja eiga víkja vegna ríkari hagsmuna sem mæla gegn slíkri frestun.

Við ákvörðun á lengd frests til að kynna sér gögn máls verður að taka tillit til fjölda skjala og eðlis máls og einnig þess að málsaðili kann í sérstökum tilvikum að þarfnast aðstoðar sérfróðra manna til þess að meta innihald skjalanna.

Um 12. gr.

Greinin fjallar um undantekningar frá aðgangi að gögnum máls.

Þar í eru í fyrsta lagi undanskilin ýmis gögn er varða starf ríkisráðs og ríkisstjórnar. Ákvæðið er sett til þess að vernda hið stjórnmálalega ákvörðunarferli þessara stjórnvalda sem sjálf taka ákvarðanir um birtingu gagna sem til umfjöllunar eru á fundum þeirra.

Í öðru lagi eru undanskilin vinnuskjöl sem rituð hafa verið hjá stjórnvaldi til eigin afnota í sambandi við meðferð máls og bréfaskipti um málið milli ýmissa deilda eða stofnana innan sama stjórnvalds. Hér er fylgt fyrirmyndum annarra stjórnsýslulaga, en slík vinnuskjöl eru undanþegin aðgangi sökum þess að þau eru liður í ákvörðunartöku um mál og innihalda oft vangaveltur um mál, uppköst að skriflegu eða munnlegu svari, útskýringar staðreynda og skoðanir á efni máls sem síðan breytast við nánari athugun á staðreyndum og réttarheimildum. Þá er hér um ýmsar skýrslur að ræða sem stjórnvald lætur gera í tengslum við innra eftirlit á rekstri og eru nauðsynlegur þáttur í góðri stjórnsýslu. Segja má að takmörkunin á aðgangi gagna varðandi vinnuskjöl til eigin afnota komi fram í gagnályktun frá 3. tölul. 1. mgr. 10. gr. þar sem veittur er aðgangur að þeim vinnuskjölum sem geyma endanlega ákvörðun stjórnvalda um afgreiðslu máls eða geyma upplýsingar sem ekki er unnt að afla annars staðar frá. Í slíku tilviki er skylt að gefa endurrit úr þeim hluta skjalsins sem hefur að geyma umræddar upplýsingar.

Í þriðja lagi eru undanskilin bréfaskipti stjórnvalda við sérfróða menn til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort mál skuli höfða. Í tengslum við dómsmál eða undirbúning þeirra fara oft fram bréfaskipti aðila við sérfróða menn. Stjórnvöld njóta hér jafnræðis við aðra aðila sem hugsanlega eru að undirbúa málaferli gegn þeim, en þurfa ekki að birta bréfaskipti sín við sérfróða aðila í því sambandi.

Í fjórða lagi eru undanskilin bréfaskipti milli sveitarstjórnar og nefnda hennar eða annarra undirstofnana, svo og bréfaskipti þeirra á milli. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum er sveitarstjórn æðsti stjórnandi málefna sveitarfélaga og á fundum sveitarstjórna eru teknar endanlegar ákvarðanir, m.a. með umfjöllun um fundargerðir nefnda sveitarstjórna.

Sveitarstjórnarfundir eru haldnir í heyranda hljóði nema í algjörum undantekningartilvikum og þau gögn, sem þar eru lögð fram, lýsa endanlegri afstöðu nefnda til einstakra mála. Aðgangur að þessum gögnum, svo og að fundargerðum sveitarstjórnar, veita því málsaðila aðgang að nauðsynlegum gögnum, en hins vegar ekki að bréfaskiptum og öðrum vinnuskjölum sem farið hafa á milli einstakra nefnda, stofnana og starfsmanna innan stjórnvaldsins.

Um 13. gr.

Í 13. gr. eru taldir upp nokkrir málaflokkar þar sem heimilt er að takmarka aðgang málsaðila að gögnum vegna ríkra almannahagsmuna sem nánar eru taldir upp í greininni.

Þar er í fyrsta lagi nefnt öryggi ríkisins og varnir landsins, en málsaðili kann að krefjast slíks aðgangs í tengslum við mál hans, sem til umfjöllunar er hjá stjórnvöldum.

Í öðru lagi eru nefndir hagsmunir ríkisins á sviði utanríkis- og utanríkisviðskiptamála, þar á meðal gögn um samskipti ríkisins við erlend ríki og alþjóðastofnanir. Hér er oft um viðkvæm mál að ræða þar sem ríkir almannahagsmunir ráða því að gögnin verða ekki gerð opinber.

Í þriðja lagi eru nefndar fyrirbyggjandi aðgerðir gegn lögbrotum, svo og uppljóstran lögbrota, saksókn brotamanna og fleiri atriði. Ástæða er talin til þess að hindra aðgang að gögnum í þessu sambandi í því skyni að ekki sé dregið úr virkni löggæslunnar.

Í fjórða lagi er um að ræða ýmis atriði í rekstri hins opinbera þar sem nauðsyn ber til að hindra að upplýsingar berist ekki of fljótt út, svo sem vegna fyrirhugaðra breytinga á gengi íslensku krónunnar eða á vegna áformaðra breytinga á tekjuöflun hins opinbera.

Í fimmta lagi eru taldir fjárhagslegir hagsmunir hins opinbera, þar með taldir viðskiptahagsmunir við kaup eða sölu vöru eða þjónustu. Hér er átt við tilvik þar sem hið opinbera kemur t.d. fram í hlutverki kaupanda eða seljanda vöru. Tilgangur ákvæðisins er að koma í veg fyrir að réttur til aðgangs málsaðila að gögnum skerði ekki samningsaðstöðu hins opinbera þannig að það standi ver að vígi en viðsemjandinn.

Lögð skal áhersla á að í framangreindum tilvikum er um heimildarákvæði að ræða. Við mat stjórnvalda á því hvort heimildinni skuli beitt þarf að meta hvort hagsmunir málsaðila eða

hins opinbera eru ríkari, en margt í þeim gögnum, sem falla undir framangreinda málaflokka, má vafalaust gera opinbert án þess að það skaði almannahagsmuni.

Eigi sjónarmið um gagnaleynd aðeins við um hluta skjals skal veita málsaðila aðgang að öðru efni skjalsins.

Loks er ráðherra í síðustu málsgrein veitt heimild til þess að setja nánari reglur um aðgang gagna sem fjallað er um í þessi grein, en slíkar almennar reglur mundu auðvelda einstökum stjórnvöldum ákvarðanir um aðgang málsaðila að gögnunum.

Um 14. gr.

Ákvörðun um hvort og að hvaða leyti málsaðili fái aðgang að gögnum tekur það stjórnvald sem málið hefur til meðferðar. Skal stjórnvaldið jafnskjótt og unnt er taka ákvörðun um hvort taka beri beiðni til greina og sé ekki orðið við beiðni eða henni hafnað innan viku frá móttöku hennar skal stjórnvald tilkynna aðilanum um ástæður fyrir því, svo og hvenær megi vænta ákvörðunar í málinu.

Í flestum tilvikum ætti ekki að vera neitt til fyrirstöðu því að málsaðili geti litið á gögn málsins, en í fáeinum tilvikum þarf þó að taka beiðni málsaðila til nánari athugunar og e.t.v. undirbúa gerð úrskurðar um höfnun aðgangs að gögnum málsins. Ákvæði 2. mgr. eru sett til þess að tryggja rétt málsaðila og koma í veg fyrir að erindi hans verði látið ósvarað í langan tíma.

Í 3. mgr. er fjallað um rétt málsaðila til þess að fá afrit eða ljósrit af gögnum máls. Stjórnvald getur þó neitað málsaðila um afrita- eða ljósritatöku sem eru ofviða venjulegu skrifstofuhaldi stjórnvaldsins, t.d. ef óskað er eftir afritum eða ljósritum svo nemur hundruðum eða jafnvel þúsundum blaðsíðna. Einnig getur verið að gögnin séu þess eðlis að miklum erfiðleikum sé bundið að afrita þau, t.d. ef um er að ræða módel, sýnishorn, líkön og því um líkt. Málsaðili þarf að greiða kostnað við afrit og ljósrit og fer upphæð greiðslunnar eftir almennum reglum hjá ríki eða sveitarfélögum á hverjum tíma.

Í 4. gr. er fjallað um kæruheimild til æðra stjórnvalds sem fá mundi málið til meðferðar við kæru málsaðila á úrskurði þess stjórnvalds sem haft hefur málið til meðferðar.

Um 15. gr.

Hér er fjallað um heimild stjórnvalds til að rjúfa kærufrest ef kæruheimild er bundin við ákveðinn frest og beiðni um aðgang að gögnum máls er borin fram eftir að ákvörðun hefur verið tilkynnt aðila, en áður en kærufrestur er runninn út. Hefst þá nýr kærufrestur frá þeim tíma þegar aðila er heimilaður aðgangur að gögnum eða honum synjað um hann. Skal hann vera tvær vikur hið skemmsta og skal senda tilkynningu um hinn nýja kærufrest til annarra aðila, sem rétt eiga til þess að kæra, hafi þeir fengið skriflega tilkynningu um sjálfa ákvörðunina.

Síðari málsgrein fjallar um það hver taki ákvörðun um aðgangsbeiðni að gögnum og um kæruheimild til æðra stjórnvalds sé þess kostur.

Andstætt dómsúrskurðum er í mörgum tilvikum unnt að endurskoða stjórnsýsluúrskurði án áfrýjunar og getur stjórnsýsluhafi því tekið ákvörðun sína til endurskoðunar og veitt málsaðila frest til þess að skoða gögn málsins og tjá sig um þau, jafnvel eftir að úrskurður hefur verið kveðinn upp í málinu. Þar með er ekki sagt að samræmingar verði ekki að gæta í stjórnsýsluúrskurðum, en nýjar upplýsingar kunna að koma fram eftir að málsaðili hefur fengið tækifæri til þess að kynna sér þau gögn sem úrskurður var byggður á.

Um V. kafla.

Í V. kaflanum er fjallað um andmælarétt málsaðila sem talinn er meginregla í almennu réttarfari fyrir dómstólum og sem hefur einnig í æ ríkari mæli rutt sér til rúms í þeim reglum er

gilda um stjórnsýsluúrskurði í nágrannaríkjum okkar. I stjórnsýslunni tengist andmælarétturinn annarri reglu sem nefnd er rannsóknarreglan, en samkvæmt henni bera stjórnvöld ábyrgð á því að allra nauðsynlegra upplýsinga varðandi mál, sem til úrlausnar er, verði aflað og þær rannsóknir og kannanir, sem nauðsynlegar þykja, verði framkvæmdar. Kjarni andmælareglunnar er að ekki verði tekin ákvörðun er varðar réttarstöðu einstaklinga eða lögaðila án þess að viðkomandi aðila hafi gefist kostur á að kynna sér gögn máls og málsástæður, sem ákvörðun byggist á, og að tjá sig um málið. Andmælarétturinn stuðlar að réttaröryggi borgaranna og dregur úr líkum á röngum, óréttmætum og óheppilegum stjórnvaldsákvörðunum.

Til þess að aðilar geti neytt andmælaréttar síns þurfa þeir í fyrsta lagi að fá vitneskju um að mál, sem þá varðar, sé til úrlausnar hjá stjórnvaldi, sbr. grenndarkynningu samkvæmt ákvæðum byggingarlaga. Í öðru lagi þarf aðili að eiga þess kost að kynna sér gögn málsins og í þriðja lagi að eiga þess kost að tala máli sínu.

Frá almennri andmælareglu eru nokkrar undantekningar í löggjöf nágrannalanda okkar og hafa nokkrar þeirra verið teknar upp í frumvarp þetta, enda þótt lagt sé til að hún verði lögfest sem meginregla. Ljóst er að almenn andmælaregla getur dregið úr skilvirkni stjórnsýslunnar og aukið vinnuálag stjórnvaldshafa, en í frumvarpinu er reynt að feta meðalveg milli skilvirkni og réttaröryggis í stjórnsýslu hins opinbera.[1])

Um 16. gr.

Í 1. mgr. er þeirri meginreglu slegið fastri að ef ætla megi að aðila máls sé ókunnugt um að stjórnvald hafi undir höndum tilteknar upplýsingar um málsatvik sé stjórnvaldi óheimilt að taka ákvörðun í málinu fyrr en málsaðila hefur verið gefinn kostur á að kynna sér upplýsingarnar og tjá sig um þær.

Þetta gildir þó því aðeins að upplýsingarnar séu málsaðilanum í óhag og hafi verulega þýðingu varðandi afgreiðslu málsins. Stjórnvaldi sé heimilt að setja aðila ákveðinn frest til að láta nefnda umsögn í té.

Þessi regla hefur þann tilgang að tryggja að málsaðili í stjórnsýslumáli fái tækifæri til þess að kynna sér gögn málsins og benda á misskilning eða ónákvæmni í þeim og jafnframt benda á gögn sem séu betri grundvöllur ákvörðunar að hans mati.

Ekki er mælt fyrir um hvort aðili skuli tjá sig skriflega eða munnlega, en það er á valdi stjórnvalds hvor hátturinn hafður er á. Tjái aðili sig munnlega þarf þó að rita minnisblað um þær athugasemdir er hann kann fram að færa.

Ef fyrirliggjandi upplýsingar eru málsaðila í hag eða hafa litla þýðingu fyrir úrslit málsins má þó sleppa því að gera honum aðvart um fyrirliggjandi gögn.

Stjórnvald getur sett aðila ákveðinn frest til að láta umsögn sína í té og verður að haga þeim fresti eftir aðstæðum, en almennt ber að hafa hann eins skamman og unnt er sökum kröfunnar um skilvirkni stjórnsýslunnar og skjótrar afgreiðslu mála.

Ef aðila er kunnugt um þau gögn, sem eru í fórum stjórnvalds, er ekki nauðsynlegt að gefa honum frest til að tjá sig um gögnin. Þetta á t.d. við ef aðili sjálfur hefur komið gögnunum til stjórnvalds ásamt nauðsynlegum skýringum. Sama á við ef upplýsingarnar eru ekki taldar málsaðila í óhag. En sé vafi um annað hvort þessara atriða yrði stjórnvald að gefa aðila kost á að tjá sig um málið. Þótt mál kunni að snerta hagsmuni fleiri aðila en þess sem kemur við sögu í því er ekki skylda að gefa þeim öllum kost á að tjá sig um það.

Í 2. mgr. eru taldar nokkrar undantekningar frá andmælarétti málsaðila.

Í fyrsta lagi hafi frestun vegna andmælaréttar þær afleiðingar að farið sé fram úr lögmæltum fresti til afgreiðslu málsins.

[1]) Um andmælaregluna, sjá grein Ingibjargar Rafnar hdl. í Tímariti lögfræðinga 1980, bls. 149: Andmælareglan og stjórnsýslan.

Í öðru lagi er heimilt að synja um frestun vegna andmælaréttar þegar hagsmunir aðila af því að fá málinu frestað þykja eiga að víkja fyrir ríkum almanna- eða einkahagsmunum sem mæla gegn slíkri frestun. Ákvæðið er byggt á þeirri forsendu að stjórnvald meti og vegi í hverju tilviki hagsmuni málsaðila annars vegar og hagsmuni hins opinbera, einstaklinga eða lögaðila hins vegar.

Í þriðja lagi er heimilt að synja um frestun vegna andmælaréttar þegar sérstök lögmælt ákvæði tryggja aðila rétt til að kynna sér á hverju hin fyrirhugaða ákvörðun er byggð og til að tjá sig um um málið áður en ákvörðun er tekin. Hér má t.d. nefna reglur byggingar- og skipulagslaga sem gefa tilteknum aðilum, sem ákvörðun snertir, rétt til þess að bera fram athugasemdir áður en ákvörðunin er tekin.

Í 3. mgr. er ráðherra heimilað með reglugerðum að fella niður andmælarétt í ákveðnum málaflokkum. Reyna kann á þetta ákvæði ef í ljós kemur að frestun vegna andmælaréttar í tilteknum málaflokkum torveldar um of skilvirkni stjórnsýslunnar. Ákvæðið er sniðið eftir sambærilegu ákvæði í 19. gr. dönsku stjórnsýslulaganna.

Um 17. gr.

Í þessari grein er fjallað um undanþágu frá veitingu andmælaréttar í þeim tilvikum þar sem stjórnvaldi er unnt að beiðni málsaðila að breyta ákvörðun, enda mæli eðli máls og tillit til málsaðila sjálfs gegn því. Undanþágan nær því einkum til ýmiss konar leyfa þar sem umsækjandi fær synjun.

Samkvæmt 2. mgr. skal í því tilviki láta fylgja ákvörðuninni þær upplýsingar sem ella hefði átt að kynna málsaðila samkvæmt ákvæðum 16. gr. og málsaðila skal jafnframt tilkynntur réttur hans til að fá málið tekið upp að nýju. Stjórnvald getur sett aðila frest til að setja fram beiðni um endurupptöku.

Í 3. mgr. er ákvæði um rof frests til að skjóta ákvörðun til æðra stjórnvalds ef málsaðili notfærir sér rétt sinn til endurupptöku. Hefst kærufrestur þá að nýju frá þeim tíma er ný ákvörðun er tilkynnt málsaðila, en skal þó vera a.m.k. tvær vikur.

Það er forsenda fyrir því að ákvæðum þessarar greinar sé beitt að hægt sé að breyta stjórnvaldsákvörðun málsaðila í hag og leiði endurupptaka málsins til breyttar ákvörðunar gildir hún frá þeim tíma sem fyrri ákvörðun átti að gilda frá. Þó verður að gera þann fyrirvara að ný ákvörðun skerði ekki rétt annars eða annarra.

Um 18. gr.

Þessi grein veitir málsaðila rétt til þess að krefjast frestunar á afgreiðslu máls uns hann hefur gert grein fyrir afstöðu sinni. Þetta gildir þó ekki ef frestun leiðir til þess að farið sé fram úr lögmæltum fresti til afgreiðslu málsins, ríkir almanna- eða einkahagsmunir mæla gegn frestun eða sérstök lögmælt ákvæði tryggja rétt aðila til þess að gefa umsögn um málið áður en það er afgreitt á sama hátt og um getur í 15. gr.

Um VI. kafla.

Um 19. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um að skriflegri ákvörðun stjórnvalds skuli fylgja rökstuðningur, nema hún sé að öllu leyti ívilnandi fyrir málsaðila. Það er aðeins ákvörðunin sjálf sem rökstyðja þarf, en ekki önnur atriði sem málinu tengjast.

Um 20. gr.

Í þessari grein er fjallað um ákvarðanir stjórnvalds sem tilkynntar eru munnlega. Í því tilviki getur málsaðili krafist þess að fá skriflegan rökstuðning fyrir ákvarðanir, nema að ákvörðunin sé ívilnandi að öllu leyti fyrir málsaðila. Skal bera fram beiðni um það innan viku frá því að málsaðili tók á móti tilkynningunni frá stjórnvaldi.

Svara skal beiðni um skriflegan rökstuðning skv. 1. mgr. jafnskjótt og unnt er og hafi beiðni ekki verið svarað innan tveggja vikna frá því að hún barst stjórnvaldi skal það tilkynna málsaðila ástæðurnar fyrir töfinni og hvenær vænta megi svars við beiðninni.

Alþingi, 4. maí 1990.

Skúli Alexandersson, form., frsm.	Egill Jónsson, fundaskr.	Danfríður Skarphéðinsdóttir.
Jón Helgason.	Karvel Pálmason.	Valgerður Sverrisdóttir.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. 1262. Nefndarálit [140. mál]

um frv. til l. um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 893 eftir afgreiðslu neðri deildar.

Guðrún Agnarsdóttir var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 1990.

Karl Steinar Guðnason, form., frsm.	Þorv. Garðar Kristjánsson, með fyrirvara.	Ey. Kon. Jónsson, með fyrirvara.
Jón Helgason.	Stefán Guðmundsson.	Margrét Frímannsdóttir.

Nd. 1263. Breytingartillögur [352. mál]

við frv. til l. um stjórn fiskveiða.

Frá Þórhildi Þorleifsdóttur, Önnu Ólafsdóttur Björnsson, Kristínu Einarsdóttur og Málmfríði Sigurðardóttur.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Sjávarútvegsráðherra skal, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveða með reglugerð þann heildarafla sem veiða má á ákveðnu tímabili eða vertíð úr þeim einstökum nytjastofnum við Ísland sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á. Heimildir til veiða samkvæmt lögum þessum skulu miðast við það magn og ekki víkja meira en 2% frá tillögum Hafrannsóknastofnunar.

Leyfður heildarafli botnfisktegunda skal miðaður við veiðar á 12 mánaða tímabili, frá 1. september ár hvert til 31. ágúst á næsta ári, og nefnist það tímabil fiskveiðiár. Skal heildarafli fyrir komandi fiskveiðiár ákveðinn fyrir 1. ágúst ár hvert. Að höfðu samráði við Hafrannsóknastofnunina er ráðherra heimilt innan fiskveiðiársins að auka eða minnka leyfðan heildarafla einstakra botnfisktegunda. Þó er óheimilt að breyta leyfðum heildarafla þorsks eftir 15. apríl. Heildarafli annarra tegunda sjávardýra skal ákveðinn

með hæfilegum fyrirvara fyrir upphaf viðkomandi vertíðar eða veiðitímabils og er ráðherra heimilt í samráði við Hafrannsóknastofnunina að auka hann eða minnka á meðan vertíð eða veiðitímabil varir.

2. Við 4. gr. Greinin verði svohljóðandi:

Að höfðu samráði við Hafrannsóknastofnun getur ráðherra ákveðið með reglugerð:

a. að veiðar á ákveðnum tegundum nytjastofna, veiðar í tiltekin veiðarfæri, veiðar ákveðinna gerða skipa eða veiðar á ákveðnum svæðum skuli háðar sérstöku leyfi ráðherra,
b. að fiskur undir tiltekinni stærð teljist aðeins að hluta með í aflamarki.

3. Á eftir 4. gr. komi fimm nýjar greinar svohljóðandi:

A. (5. gr.)

Heimildir til botnfiskveiða skulu vera tvenns konar:

a. 80% þess heildarafla, sem ákveðinn er skv. 3. gr., skal skipt milli sveitarfélaga (útgerðarstaða) með hliðsjón af löndunum afla síðustu fimm ára og reiknuðu meðaltali aflakvóta skipa skrásettra í sveitarfélaginu á sama tímabili.
b. 20% heildaraflans skulu renna í sérstakan sameiginlegan sjóð, veiðileyfasjóð, og vera til leigu eða til sérstakrar ráðstöfunar til sveitarfélaga, sbr. 8. gr.

B. (6. gr.)

Sveitarstjórnir skulu leigja eða ráðstafa veiðiheimildum, sem þeim er úthlutað skv. a-lið 5. gr., til útgerða, fiskvinnslustöðva eða einstaklinga eftir þeim reglum sem þær setja sér.

Sveitarstjórnum er heimilt að ákveða gjald fyrir framsal veiðileyfa sem þær fá skv. b-lið 5. gr. og skal gjaldið eigi vera lægra en það sem þær greiða fyrir þau í veiðileyfasjóð.

C. (7. gr.)

Sveitarstjórnum er heimilt:

a. að úthluta tilteknu aflamarki til útgerða, fiskvinnslustöðva eða einstaklinga,
b. að setja skilyrði um að afli, sem flytja á óunninn úr landi, verði veginn í íslenskri höfn,
c. að ákveða að afli af ákveðnum fisktegundum, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, skuli reiknaður með álagi, allt að 20% á þorsk og ýsu, en allt að 15% á aðrar tegundir þegar metið er hversu miklu af aflamarki er náð hverju sinni,
d. að leyfa færslu veiðiheimilda, allt að 5%, milli ára,
e. að setja reglur um veiði smábáta,
f. að setja reglur um tómstundaveiðar,
g. að telja fisk, sem veiðist á línu í janúar, febrúar, nóvember og desember, aðeins að hálfu með í aflamarki fiskiskips,
h. að framleigja veiðiheimildir til annarra sveitarfélaga, enda verði aflanum að einhverju leyti landað í því sveitarfélagi sem framleigir veiðiheimild ef viðkomandi sveitarstjórn óskar; tekjum af leigunni verði varið í þágu sjávarútvegsins.

D. (8. gr.)

Gjald fyrir veiðiheimildir frá veiðileyfasjóði, sbr. b-lið 5. gr., skal miðast við ákveðið meðalverð á afla upp úr sjó.

Tekjum af sölu eða leigu veiðiheimilda skal varið til eftirtalinna verkefna:

a. fræðslu sem nýtist sjávarútvegi, fiskvinnsluskóla, símenntunar fiskvinnslufólks og fyrirbyggjandi aðgerða vegna atvinnusjúkdóma fiskvinnslufólks, sjómannaskóla og öryggisfræðslu sjómanna,
b. rannsókna tengdum sjávarútvegi, grunnrannsókna á lífríki sjávar, rannsókna á ónýttum og vannýttum tegundum, vöruþróunar í sjávarútvegi, markaðsöflunar og markaðshönnunar fyrir sjávarafurðir,
c. verðlauna til þeirra sem veiðiheimildir hafa fyrir sérstaka frammistöðu við nýtingu og meðferð aflans eða fyrir lofsverðan aðbúnað starfsfólks.

E. (9. gr.)

Sveitarfélagi er skylt að tilkynna sjávarútvegsráðuneytinu um framleigu veiðiheimilda til annarra sveitarfélaga. Sé um slíka framleigu að ræða í þrjú ár samfleytt skerðist aflamark sveitarfélagsins sem því nemur við næstu úthlutun.

Farist skip skal útgerð þess halda aflamarki skipsins í 12 mánuði talið frá upphafi næsta mánaðar eftir að skip fórst enda þótt nýtt eða nýkeypt skip hafi ekki komið í þess stað innan þess tíma.

4. Við 5. gr. Greinin falli brott.
5. Við 6. gr. Greinin falli brott.
6. Við 7. gr. er verði 10. gr. Greinin orðist svo:

   Veiðar á þeim tegundum sjávardýra sem ekki sæta takmörkun á leyfilegum heildarafla skv. 3. gr. eru frjálsar öllum sem leyfi fá til veiða skv. 6. gr. með þeim takmörkunum sem leiðir af almennum reglum um veiðisvæði, veiðarfæri, veiðitíma og reglum settum skv. 4. gr.
7. Við 8. gr. er verði 11. gr. 2. mgr. verði svohljóðandi:

   Ef ekki er fyrir hendi samfelld veiðireynsla á viðkomandi tegund skal ráðherra ákveða aflahlutdeild einstakra sveitarfélaga að fengnum tilögum Hafrannsóknastofnunarinnar.
8. Við 9. gr. er verði 12 gr.:
   a. Í stað orðsins „fiskiskipa“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: sveitarfélaga.
   b. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo: Veruleg telst breyting á aflatekjum af sérveiðum í þessu sambandi ef hún veldur því að heildaraflaverðmæti sveitarfélaga þar sem viðkomandi sérveiðar eru stundaðar hefur að mati ráðherra vikið meira en 20% að meðaltali frá meðalaflaverðmæti síðustu fimm ára miðað við fast verðlag.
   c. 2. mgr. falli niður.
9. Við 10. gr. Greinin falli brott.
10. Við 11. gr. Greinin falli brott.
11. Við 12. gr. Greinin falli brott.
12. Við 13. gr. Greinin falli brott.
13. Við 14. gr. er verði 13. gr. Á eftir orðunum „og einum tilnefndum af samtökum útvegsmanna“ komi: einum tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einum tilnefndum af Verkamannasambandi Íslands.
14. Við 15. gr. er verði 14. gr.

    Fyrri málsgrein verði svohljóðandi:

    Skipstjórnarmenn veiðiskipa skulu halda sérstakar afladagbækur sem sjávarútvegsráðuneytið leggur til. Skal með reglugerð kveða á um þær upplýsingar sem skrá skal í afladagbækur, form þeirra og skil til ráðuneytis.
15. Við 16. gr. er verði 15. gr. Á eftir orðunum „án sérstaks leyfis ráðuneytisins“ í 3. mgr. komi: að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélag.
16. Við 17. gr. er verði 16. gr. Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðuneytið“ komi: Umhverfisráðuneytið.
17. Við 18. gr. er verði 17. gr.
    a. 1. mgr. orðist svo:

    Sjávarútvegsráðherra skal í samráði við umhverfisráðherra ákveða með reglugerð sérstakt gjald — veiðieftirlitsgjald — fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á grundvelli laga þessara eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða. Skal gjaldið renna til reksturs veiðieftirlits og skal upphæð þess miðast við að það standi undir rekstri eftirlitsins að hálfu.

    b. 3. mgr. falli niður.

18. Við 20. gr. er verði 19. gr. Í stað orðanna „að svipta skip heimild til veiða“ í 2. mgr. komi: að svipta handhafa veiðiheimildum.
19. I. og II. ákvæði til bráðabirgða falli brott.
20. Við ákvæði til bráðabirgða III er verði I.
    a. 2. mgr. verði svohljóðandi:
    Fyrir 1. nóvember 1990 skal ráðherra í samráði við Hafrannsóknastofnun taka ákvörðun um leyfðan heildarafla botnfisktegunda á tímabilinu 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1991. Skal þeim heildarafla skipt milli sveitarfélaga á grundvelli fastrar aflahlutdeildar hvers sveitarfélags sem ákveðin er skv. a-lið 5. gr.
    b. 3. og 4. mgr. falli niður.
    c. Í stað orðsins „skipa“ í 5. mgr., sem verður 3. mgr., komi: sveitarfélaga.
21. Við ákvæði til bráðabirgða IV er verði II. Ákvæðið verði svohljóðandi:
    Aflahlutdeild til veiða á loðnu, síld og humri skal úthlutað á grundvelli hlutdeildar viðkomandi sveitarfélags í heildarúthlutun afla á viðkomandi veiðisvæði, sbr. a-lið 5. gr., á því veiðitímabili eða vertíð sem síðast lauk fyrir gildistöku laga þessara.
    Aflahlutdeild í svæðisbundnum veiðum á innfjarðarrækju og hörpuskelfiski skal úthlutað í samræmi við hlutdeild viðkomandi sveitarfélags í heildarúthlutun á viðkomandi veiðisvæði, sbr. a-lið 5. gr., á því veiðitímabili sem síðast lauk fyrir gildistöku laga þessara.
22. V. og VI. ákvæði til bráðabirgða falli niður.

Nd. 1264. Breytingartillögur [352. mál]

við frv. til l. um stjórn fiskveiða.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

1. Við 7. gr. 2. mgr. og 3. mgr. orðist svo:
    Veiðiheimildum á þeim tegundum, sem heildarafli er takmarkaður af á hverjum tíma, skal úthlutað til einstakra skipa og fiskvinnslustöðva. Skal hverju skipi og hverri vinnslustöð úthlutað tiltekinni hlutdeild af leyfðum heildarafla tegundarinnar. Nefnist það aflahlutdeild skips og aflahlutdeild fiskvinnslustöðvar og helst hún óbreytt milli ára, sbr. þó 5. málsl. þessarar málsgreinar. Skal 30% veiðiheimilda á þeim tegundum, sem heildarafli er takmarkaður á, úthlutað til fiskvinnslustöðva en 70% til fiskiskipa. Við ákvörðun hlutdeildar einstakra skipa og fiskvinnslustöðva í botnfiskafla skal árlega áætla þann afla sem er utan aflamarks á grundvelli heimilda í 1. málsl. 6. mgr. 10. gr.
    Aflamark skips og aflamark fiskvinnslustöðvar á hverju veiðitímabili eða vertíð ræðst af leyfðum heildarafla viðkomandi tegundar og hlutdeild skipsins og fiskvinnslustöðvarinnar í þeim heildarafla skv. 2. mgr., sbr. þó ákvæði 9. gr. Skal sjávarútvegsráðuneytið senda tilkynningu vegna hvers skips og hverrar fiskvinnslustöðvar um aflamark í upphafi veiðitímabils eða vertíðar.
2. Við 10. gr. bætast tveir nýir málsliðir svohljóðandi: Ráðherra getur ákveðið að einungis sé heimilt að flytja út sem óunninn afla tiltekið hlutfall af árlegu aflamarki fiskiskips og fiskvinnslustöðvar. Þá getur ráðherra ákveðið að heimilt sé að framselja útflutningsheimildir milli handhafa þeirra.
3. Við 11. gr. 2. og 3. mgr. orðist svo:
    Við eigendaskipti að fiskiskipi og fiskvinnslustöð fylgir aflahlutdeild, enda sé fullnægt ákvæðum 3. og 4. mgr. þessarar greinar.
    Ekki er heimilt að framselja aflahlutdeild fiskiskips eða fiskvinnslustöðvar nema til fiskiskips eða fiskvinnslustöðvar innan sama sveitarfélags.

4. Við 12. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Annar flutningur á aflamarki er óheimill.
5. Nýtt ákvæði til bráðabirgða IX:
   Aflahlutdeild fiskvinnslustöðva skal fundin þannig að lagður er saman allur afli fiskvinnslustöðva sem móttekinn var til vinnslu árin 1987, 1988 og 1989. Síðan er mótteknum afla einstakra fiskvinnslustöðva í þessi þrjú ár deilt upp í heildartöluna.
   Hafi fiskvinnslustöð hætt starfsemi sinni vegna gjaldþrots fyrir árslok 1988 skal reikna aflahlutdeild hennar fyrir árin 1987 og 1988 og bætist hún við aflahlutdeild þeirra fiskvinnslustöðva sem eftir eru í sveitarfélaginu.

Ed. 1265. Nefndarálit [422. mál]

um frv. til l. um breyt. á læknalögum, nr. 53/1988.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 4. maí 1990.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Salome Þorkelsdóttir, fundaskr.	Margrét Frímannsdóttir.
Karl Steinar Guðnason.	Guðmundur H. Garðarsson.	Valgerður Sverrisdóttir.
	Danfríður Skarphéðinsdóttir.	

Sþ. 1266. Þingsályktun [268. mál]

um flugmálaáætlun árin 1990–1993.

(Afgreidd frá Sþ. 4. maí.)

Alþingi ályktar skv. I. kafla laga nr. 31/1987 að árin 1990–1993 skuli framkvæmdum í flugmálum hagað samkvæmt eftirfarandi flugmálaáætlun.

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1990	1991	1992	1993
1.1. Markaðar tekjur:				
*1. Flugvallagjald	285	306	306	306
*2. Eldsneytisgjald	40	43	43	43
3. Lendingargjöld	67	67	67	67
4. Loftferðaeftirlitsgjöld	19	19	19	19
5. Leigugjöld	23	23	23	23
6. Þjónustugjöld	30	30	30	30
7. Aðrar tekjur	14	14	14	14
	478	502	502	502
1.2. Önnur framlög:				
1. Framlag úr ríkssjóði	532	647	647	647
Samtals	1010	1149	1149	1149

* Tekjur sem bundnar eru til framkvæmda í flugmálum samkvæmt lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

II. SKIPTING ÚTGJALDA
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1990	1991	1992	1993
2.1. Rekstur:				
1. Yfirstjórn	52	60	60	60
2. Loftferðaeftirlit	27	32	32	32
3. Reykjavíkurflugvöllur	81	101	101	101
4. Flugvalladeild	136	154	154	154
5. Flugleiðsöguþjónusta	75	95	95	95
6. Flugumferðarþjónusta	147	178	178	178
7. Alþjóðaflugþjónusta	167	180	180	180
	685	800	800	800
2.2. Áætlunarflugvellir I:				
1. Flugbrautir og stæði	81	90	72	80
2. Byggingar	47	14	0	0
3. Fjarskipta- og veðurmælitæki	1	1	0	15
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	0	0	0	0
5. Snjóhreinsibúnaður	7	0	30	0
6. Aðflugs- og rafbúnaður	2	0	1	59
7. Ljósabúnaður	0	0	0	9
8. Bundið slitlag	0	49	73	38
9. Yfirstjórn framkvæmda	6	9	13	10
	144	163	189	211
2.3. Áætlunarflugvellir II:				
1. Flugbrautir og stæði	9	8	0	0
2. Byggingar	15	11	0	0
3. Fjarskipta- og veðurmælitæki	0	0	0	17
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	0	0	2	0
5. Snjóhreinsibúnaður	3	12	39	0
6. Aðflugs- og rafbúnaður	1	0	9	50
7. Ljósabúnaður	0	0	0	0
8. Bundið slitlag	47	2	0	0
9. Yfirstjórn framkvæmda	3	2	0	3
	78	35	50	70
2.4. Áætlunarflugvellir III:				
1. Flugbrautir og stæði	50	0	0	0
2. Byggingar	15	42	0	0
3. Fjarskipta- og veðurmælitæki	0	0	0	0
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	0	44	0	0
5. Snjóhreinsibúnaður	0	0	25	0
6. Aðflugs- og rafbúnaður	0	6	27	0
7. Ljósabúnaður	0	0	0	0
8. Bundið slitlag	0	0	0	0
9. Yfirstjórn framkvæmda	4	2	0	0
	69	94	52	0
2.5. Aðrir flugvellir og lendingarstaðir:				
1. Óskipt	19	22	22	22
2. Yfirstjórn framkvæmda	1	2	2	2
	20	24	24	24
2.6. Flugleiðsögu- og flugumferðarþjónusta:				
1. Óskipt	14	16	16	16
2.7. Til leiðréttinga og brýnna verkefna:	0	17	18	28
Samtals	**1010**	**1149**	**1149**	**1149**

III. FLOKKUN FLUGVALLA

3.1 Áætlunarflugvellir I.
Reykjavíkurflugvöllur, Akureyrarflugvöllur, Egilsstaðaflugvöllur, Alexandersflugvöllur við Sauðárkrók og Húsavíkurflugvöllur.

3.2 Áætlunarflugvellir II.
Ísafjarðarflugvöllur, Vestmannaeyjaflugvöllur, Patreksfjarðarflugvöllur og Hornafjarðarflugvöllur.

3.3 Áætlunarflugvellir III.
Grímseyjarflugvöllur, Siglufjarðarflugvöllur, Vopnafjarðarflugvöllur, Flateyrarflugvöllur, Bíldudalsflugvöllur, Norðfjarðarflugvöllur, Þingeyrarflugvöllur, Þórshafnarflugvöllur, Suðureyrarflugvöllur, Gjögursflugvöllur, Bakkafjarðarflugvöllur, Borgarfjarðarflugvöllur, Ólafsfjarðarflugvöllur, Raufarhafnarflugvöllur, Breiðdalsvíkurflugvöllur, Kópaskersflugvöllur, Fáskrúðsfjarðarflugvöllur, Rifsflugvöllur, Blönduósflugvöllur, Stykkishólmsflugvöllur, Hólmavíkurflugvöllur og Grundarfjarðarflugvöllur.

3.4 Aðrir flugvellir og lendingarstaðir.
Arngerðareyri, Búðardalur, Bæir, Djúpivogur, Hella, Ingjaldssandur, Kirkjubæjarklaustur, Melgraseyri, Reykhólar, Reykjahlíð, Reykjanes, Sandskeið/Kapelluhraun, Selfoss og Vík. Álftaver, Bakki, Berjanesfitjar, Bolungarvík, Borgarnes, Breiðabólstaður, Dagverðará, Einholtsmelar, Fagurhólsmýri, Flúðir, Geysir, Grímsstaðir, Gunnarsholt, Herðubreiðalindir, Hnausar, Hólakot, Hrafnseyri, Hrauneyjafoss, Húsafell, Hveravellir, Kaldármelar, Kerlingarfjöll, Króksfjarðarnes, Krókstaðamelar, Melanes, Melgerðismelar, Múlakot, Narfastaðamelar, Núpur, Nýidalur, Sandármelar, Sandur, Selárdalur, Seyðisfjörður, Skálavatn, Skógarsandur, Sprengisandur, Stórholt, Stóri-Kroppur, Svínafell, Tálknafjörður, Þórisós og Þórsmörk.

IV. SUNDURLIÐUN VERKEFNA
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1990	1991	1992	1993
4.0. Yfirstjórn framkvæmda	14,0	15,0	15,0	15,0
	14,0	15,0	15,0	15,0
4.1. Reykjavík				
1. Tækjageymsla	24,8			
2. Hitamælar	1,0			
3. Vararafmagn	2,4			
4. Malbik		48,9	72,4	37,6
5. Sanddreifari			4,0	
6. Markviti			0,7	
7. Stefnusendir				30,0
8. Skyggnismælir				2,0
9. Skýjahæðarmælir				4,0
	28,2	48,9	77,1	73,6
4.2. Akureyri				
1. Snjóblásari	7,0			
2. Hitamælir		1,0		
3. Bremsumælir			3,0	
4. Stefnusendir				15,0
5. Skyggnismælir				1,0
6. Skýjahæðarmælir				4,0
	7,0	1,0	3,0	20,0
4.3. Egilsstaðir				
1. Flugbraut	81,0	89,3		
2. Flugstöð	14,3	14,1		
3. Flugbrautarlenging			72,4	79,8
4. Snjóblásari			8,0	
5. Flugbrautarsópur			10,0	
6. Bremsumælir			3,0	
7. Stefnusendir				15,0
	95,3	103,4	93,4	94,8
4.4. Sauðárkrókur				
1. Tækjageymsla	7,6			
2. Bremsumælir			2,0	
3. Skyggnismælir				1,0
4. Skýjahæðarmælir				2,5
5. Aðflugsljós				9,0
	7,6	0,0	2,0	12,5
4.5. Ísafjörður				
1. Bundið slitlag	11,4	2,4		
2. Snjósópur		12,0		
3. Bremsumælir			2,0	
4. Vararafmagn			1,5	
5. Skyggnismælir				1,0
6. Skýjahæðarmælir				4,0
	11,4	14,4	3,5	5,0

	1990	1991	1992	1993
4.6. Vestmannaeyjar				
1. Bundið slitlag	34,5			
2. Tækjageymsla	7,6			
3. Snjósópur	3,0		7,0	
4. Radíóviti	1,0			
5. Snjóplógur			4,0	
6. Sanddreifari			1,0	
7. Bremsumælir			2,0	
8. Vararafmagn			1,5	
9. Stefnusendir				12,2
10. Skyggnismælir				1,0
11. Skýjahæðarmælir				2,0
	46,1	0,0	15,5	15,2
4.7. Patreksfjörður				
1. Tækjageymsla	7,6			
2. Öryggissvæði	3,8			
3. Björgunarbátur			1,0	
4. Snjóplógur			4,0	
5. Snjóblásari			2,0	
6. Sanddreifari			1,0	
7. Bremsumælir			2,0	
8. Vararafmagn			1,5	
9. Stefnusendir				7,0
10. Fjarlægðarmælir				4,0
11. Skyggnismælir				1,0
12. Skýjahæðarmælir				2,0
	11,4	0,0	11,5	14,0
4.8. Húsavík				
1. Flugbraut, lenging	3,8			
2. Tækjageymsla		11,0		
3. Snjóblásari			1,0	
4. Bremsumælir			2,0	
5. Radíóviti			1,0	
6. Markviti			0,7	
7. Vararafmagn			1,5	
8. Stefnusendir				12,2
9. Skyggnismælir				1,0
10. Skýjahæðarmælir				2,0
	3,8	11,0	6,2	15,2
4.9. Hornafjörður				
1. Flugbraut, þverbraut	1,4	8,5		
2. Björgunarbátur			1,0	
3. Snjóplógur			4,0	
4. Snjóblásari			2,5	
5. Sanddreifari			1,0	
6. Snjósópur			2,0	
7. Bremsumælir			2,0	
8. Vararafmagn			1,5	
9. Stefnusendir				15,0
10. Skyggnismælir				1,0
11. Skýjahæðarmælir				2,0
	1,4	8,5	14,0	18,0

	1990	1991	1992	1993
4.10. Grímsey				
1. Flugbraut	7,6			
2. Slökkvibúnaður		4,5		
3. Radíóviti		1,0		
4. Markviti			0,7	
5. Sanddreifari			1,0	
	7,6	5,5	1,7	0,0
4.11. Siglufjörður				
1. Tækjageymsla	1,4			
2. Sanddreifari			1,0	
3. Markviti			0,7	
4. Vararafmagn			1,5	
	1,4	0,0	3,2	0,0
4.12. Vopnafjörður				
1. Tækjageymsla	4,8			
2. Sanddreifari			1,0	
	4,8	0,0	1,0	0,0
4.13. Flateyri				
1. Slökkvibúnaður		4,5		
2. Sanddreifari			1,0	
3. Vararafmagn			1,5	
	0,0	4,5	2,5	0,0
4.14. Bíldudalur				
1. Tækjageymsla		2,4		
2. Slökkvibúnaður		4,5		
3. Sanddreifari			1,0	
4. Vararafmagn			1,5	
	0,0	6,9	2,5	0,0
4.15. Norðfjörður				
1. Öryggissvæði	5,7			
2. Tækjageymsla	1,4			
3. Radíóviti		1,0		
4. Vararafmagn			1,5	
	7,1	1,0	1,5	0,0
4.16. Þingeyri				
1. Sanddreifari			1,0	
2. Vararafmagn			1,5	
3. Radíóviti		1,0		
	0,0	1,0	2,5	0,0
4.17. Þórshöfn				
1. Flugbraut	11,4			
2. Tækjageymsla		2,4		
3. Slökkvibúnaður		4,5		
4. Farþegaskýli		8,5		
5. Radíóviti		1,0		
6. Sanddreifari			1,0	
7. Markviti			0,7	
	11,4	16,4	1,7	0,0

	1990	1991	1992	1993
4.18. Suðureyri				
1. Sanddreifari			1,0	
	0,0	0,0	1,0	0,0
4.19. Gjögur				
1. Flugbraut	4,8			
2. Tækjageymsla		8,5		
3. Slökkvibúnaður		4,5		
4. Radíóviti		1,0		
5. Snjóplógur			4,0	
6. Snjóblásari			2,5	
7. Sanddreifari			1,0	
8. Markviti			0,7	
9. Vararafmagn			1,5	
	4,8	14,0	9,7	0,0
4.20. Borgarfjörður eystri				
1. Öryggissvæði	2,9			
2. Slökkvibúnaður		4,5		
3. Tækjageymsla		2,4		
4. Sanddreifari			1,0	
5. Markviti			0,7	
6. Vararafmagn			1,5	
	2,9	6,9	3,2	0,0
4.21. Raufarhöfn				
1. Öryggissvæði	2,9			
2. Tækjageymsla		0,9		
3. Radíóviti		1,0		
4. Sanddreifari			1,0	
	2,9	1,9	1,0	0,0
4.22. Breiðdalsvík				
1. Tækjageymsla		2,4		
2. Slökkvibúnaður		4,5		
3. Sanddreifari			1,0	
4. Radíóviti			1,0	
5. Markviti			0,7	
6. Vararafmagn			1,5	
	0,0	6,9	4,2	0,0
4.23. Kópasker				
1. Hlað, öryggissvæði	3,8			
2. Tækjageymsla		8,5		
3. Slökkvibúnaður		4,5		
4. Snjóblásari			2,5	
5. Sanddreifari			1,0	
6. Radíóviti			1,0	
7. Markviti			0,7	
8. Vararafmagn			1,5	
	3,8	13,0	6,7	0,0
4.24. Rif				
1. Flugbraut, lenging	2,1			
2. Radíóviti			1,0	
3. Markviti			0,7	
	2,1	0,0	1,7	0,0

	1990	1991	1992	1993
4.25. Blönduós				
1. Tækjageymsla		2,4		
2. Sanddreifari			1,0	
3. Radíóviti			1,0	
	0,0	2,4	2,0	0,0
4.26. Stykkishólmur				
1. Öryggissvæði	3,6			
2. Tækjageymsla		2,4		
3. Slökkvibúnaður		4,5		
4. Sanddreifari			1,0	
5. Radíóviti			1,0	
6. Vararafmagn			1,5	
	3,6	6,9	3,5	0,0
4.27. Hólmavík				
1. Öryggissvæði	5,7			
2. Farþegaskýli	7,6			
3. Slökkvibúnaður		4,5		
4. Sanddreifari			1,0	
5. Markviti			0,7	
	13,3	4,5	1,7	0,0
4.29. Aðrir flugvellir og lendingarstaðir				
1. Óskipt	19,1	22,0	22,0	22,0
	19,1	22,0	22,0	22,0
4.30. Flugleiðsögu- og flugumferðarþjónusta				
1. Óskipt	14,0	16,0	16,0	16,0
	14,0	16,0	16,0	16,0
4.31. Til leiðréttinga og brýnna verkefna	0,0	17,0	18,5	27,7
Samtals	325,0	349,0	349,0	349,0

Nd. 1267. Nefndarálit [524. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60/1981, um raforkuver o.fl.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið vandlega og voru eftirtaldir kvaddir á fund hennar: Páll Flygenring, Halldór J. Kristjánsson og Jón Ingimarsson frá iðnaðarráðuneytinu, Garðar Valdimarsson, ríkisskattstjóri, Halldór Jónatansson, Jóhann Már Maríusson, Helgi Bjarnason, Guðmundur Helgason og Örn Marinósson frá Landsvirkjun, Þórður Friðjónsson, Ingvi Harðarson og Friðrik M. Baldursson frá Þjóðhagsstofnun, Magnús Pétursson, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, Jóhann Rúnar Björgvinsson hagfræðingur, Garðar Ingvarsson, Andrés Svanbjörnsson og Geir A. Gunnlaugsson frá markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar, Þóroddur Þóroddsson og Eyþór Einarsson frá Náttúruverndarráði, Ólafur Pétursson og Sigurbjörg Gísladóttir frá Hollustuvernd ríkisins, Eyjólfur Sæmundsson frá Vinnueftirliti ríkisins, Skúli Johnsen, Friðrik Pálmason, Magnús Jónsson, Guðjón Jónsson, Hákon Aðalsteinsson og Jón Ingimarsson frá ráðgjafarnefnd um umhverfisáhrif stóriðju, Jakob Björnsson og Guðmundur Pálmason frá Orkustofnun, Sigurður Guðmundsson frá Byggðastofnun, Sigmundur Freysteinsson frá verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens,

Gunnar Kristinsson, hitaveitustjóri í Reykjavík, Halldór V. Sigurðsson og Lárus Ögmundsson frá Ríkisendurskoðun og Jóhannes Nordal, formaður ráðgjafarnefndar um áliðju.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt eins og það liggur fyrir á þskj. 1098 eftir afgreiðslu efri deildar.

Þótt ekki liggi fyrir samningar um byggingu álvers telur meiri hl. nefndarinnar nauðsynlegt að heimild fáist til að verja fjármunum, allt að 300 milljónum króna, til rannsókna og undirbúnings virkjana á þessu ári samkvæmt ákvörðun stjórnar Landsvirkjunar og að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar. Slík heimild er nauðsynleg til að greiða fyrir framkvæmd samninga ef þeir takast. Þá telur meiri hl. mjög mikilvægt að heimild sé lögfest til stækkunar Búrfellsvirkjunar.

Með áliti þessu er birt sem fylgiskjal kostnaðaráætlun frá Landsvirkjun um nauðsynlegan undirbúning í ár vegna virkjanaframkvæmda.

Alþingi, 4. maí 1990.

Páll Pétursson, frsm. Friðrik Sophusson. Rannveig Guðmundsdóttir.

Guðmundur G. Þórarinsson. Birgir Ísl. Gunnarsson.

Fylgiskjal.

UNDIRBÚNINGUR VEGNA NÝRRAR STÓRIÐJU
(29. mars 1990.)

KOSTNAÐARÁÆTLUN 1990
Verðlag í des. 1989 (VB = 159,6)

	JAN	FEB	MAR	APR	MAÍ	JÚN	JÚL	ÁGÚ	SEP	OKT	NÓV	DES	ALLS	SAMT.
STÆKKUN BÚRFELLS														
Ráðgjafar	2	2	4	4	4	4	2	4	4	4	4	2	40	
Vinnubúðir													0	
Dæling				4		1	1	1					7	47
S. ÁF. KVÍSLAVEITU														
Ráðgjafar													0	
Rannsóknir													0	0
FLJÓTSDALSVIRKJUN														
Ráðgjafar		1	1	5	8	10	11	12	12	14	14	13	101	
Rannsóknir og mælingar					1	2	2	1	1	1			8	
Kjarnaborun							6	6	8	3			23	
Vegagerð							6	15	15	3			39	
Aðkomugöng								4	20	20	3		47	
Aðstaða							2	2	3	2	1		10	228
HÁSPENNULÍNUR														
BÚRFELL-SANDSKEIÐ					1	1	1	2	1	1			7	
FLJÓTSD.-AKUREYRI				2	2	2	2	2	2	2	1	1	16	
HRAUNEYJAF.-AKUREYRI							1	1					2	25
SAMTALS MKR.	2	3	5	15	16	20	34	50	66	50	23	16		300
UPPSAFNAÐ MKR.	2	5	10	25	41	61	95	145	211	261	284	300		

Ed. 1268. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 16. apríl 1971, um náttúruvernd, lögum nr. 20 30. apríl 1986, um Siglingamálastofnun ríkisins, og ýmsum lögum er varða yfirstjórn umhverfismála.

Frá 1. minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin ræddi málið á einum fundi en hefur ekki fjallað efnislega um frumvarpið, enda ætlað að afgreiða það innan sólarhrings frá því að málið kom til deildarinnar.

Endanleg afgreiðsla þessa mikilvæga máls er staðfesting á því að tilgangur ríkisstjórnarinnar með stofnun umhverfisráðuneytis var að tryggja sér meiri hluta á Alþingi en stefna ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum og viðfangsefni ráðuneytis umhverfismála aukaatriði.

Slík vinnubrögð eru ámælisverð og Alþingi til vansæmdar.

Afstaða 1. minni hl. við afgreiðslu málsins hlýtur að markast af þessum óhæfu vinnubrögðum.

Alþingi, 4. maí 1990.

Salome Þorkelsdóttir, frsm. Ey. Kon. Jónsson.

Nd. 1269. Breytingartillaga [352. mál]

við frv. til l. um stjórn fiskveiða.

Frá Eggert Haukdal.

Við ákvæði til bráðabirgða VII bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Þar til endurskoðun laganna hefur farið fram getur sjávarútvegsráðherra, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 7. gr. laganna, veitt veiðiheimild með sóknarmarki í ákveðinn dagafjölda á þeim svæðum er henta þykir og með þeim takmörkunum á ákveðnum fisktegundum sem ráðherra ákveður að tillögu Hafrannsóknastofnunar. Ráðherra skal setja reglur um sóknarmark í samræmi við gildandi lög um fjölda sóknardaga, skiptingu í tímabil, fjölda skipa, aflahámark, veiðisvæði og annað það er þurfa þykir.

Sþ. 1270. Þingsályktun [465. mál]

um breytingu á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1989–1992.

(Afgreidd frá Sþ. 4. maí.)

Alþingi ályktar að árið 1990 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað samkvæmt eftirfarandi vegáætlun:

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN

(Fjárhæðir í m.kr.)

		1990
1.1.	**Markaðar tekjur 1990:**	
	1. Bensíngjald	3186
	2. Þungaskattur, km-gjald	925
	3. Þungaskattur, árgjald	285
		4396
1.2.	**Eftirstöðvar markaðra tekna frá fyrri árum, innheimtar 1990**	100
1.3.	**Sérstök fjáröflun vegna flýtingar jarðganga á Vestfjörðum**	47
	Samtals	4543

II. SKIPTING ÚTGJALDA
(Fjárhæðir í m.kr.)

		1990
2.1.	**Stjórn og undirbúningur:**	
	1. Skrifstofukostnaður	119
	2. Tæknilegur undirbúningur	90
	3. Umferðartalning og vegaeftirlit	29
	4. Eftirlaunagreiðslur	8
		246
2.2.	**Viðhald þjóðvega:**	
	1. Sumarviðhald	
	1. Viðhald malarvega	316
	2. Viðhald vega með bundið slitlag	331
	3. Viðhald brúa	62
	4. Viðhald varnargarða	12
	5. Heflun vega	162
	6. Rykbinding	54
	7. Vinnsla efnis	184
	8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð	74
	9. Vegmerkingar	22
	10. Umferðaröryggisaðgerðir	23
		1240
	2. Vetrarviðhald	477
		1717
2.3.	**Til nýrra þjóðvega:**	
	1. Stofnbrautir	
	1. Almenn verkefni og bundið slitlag	685
	2. Sérstök verkefni	385
	3. Stórverkefni	623
		1693
	2. Þjóðbrautir	256
	3. Bundið slitlag á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum	29
	4. Girðingar og uppgræðsla	22
		2000
2.4.	**Til brúagerða:**	
	1. Brýr 10 m og lengri	138
	2. Smábrýr	7
		145
2.5.	**Til fjallvega o.fl.:**	
	1. Aðalfjallvegir	14
	2. Aðrir fjallvegir	9
	3. Þjóðgarðavegir o.fl.	7
	4. Vegir á Þingvöllum	6
	5. Reiðvegir	4
		40
2.6.	**Til sýsluvega:**	150
2.7.	**Til vega í kaupstöðum og kauptúnum:**	225
2.8.	**Til vélakaupa og áhaldahúsa:**	0
2.9.	**Til tilrauna:**	20
	Samtals	4543

SUNDURLIÐUN
2.3. Til nýrra þjóðvega.
1. Stofnbrautir.
1.1. Almenn verkefni og bundið slitlag.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1990 Fjárv. m.kr.
1	Suðurlandsvegur	
18	Um Markarfljót	7
30	Skeiða- og Hrunamannavegur	
04	Þjórsárdalsvegur-Hrunavegur	18
35	Biskupstungnabraut	
04	Laugarvatnsvegur-Skálholtsvegur	11
38	Þorlákshafnarvegur	
01	Suðurlandsvegur-Þrengslavegur	22
1	Vesturlandsvegur	
17	Eyrarfjallsvegur-Kjósarskarðsvegur	2
19	Rannsóknir í Hvalfirði	2
40	Hafnarfjarðarvegur	
03	Kópavogur-Arnarnes	38
04	Umferðarljós	5
41	Reykjanesbraut	
03	Landbætur	3
1	Vesturlandsvegur	
01	Rannsóknir í Hvalfirði	1
01	Um Hvalstöð og Olíustöð	24
09	Eskiholtslækur-Gljúfurá	12
54	Ólafsvíkurvegur	
05	Núpá-Skógarnesvegur	2
08	Staðará-Urriðaá	40
60	Vestfjarðavegur	
09	Víðir-Bessatunga	20
10	Rannsóknir í Gilsfirði	2
60	Vestfjarðavegur	
01	Gilsfjörður	3
03	Króksfjarðanes- Kambur	14
24	Gemlufallsheiði	5
61	Djúpvegur	
05	Snæfjallastrandarvegur-Flugvöllur	44
18	Hafnartangar-Hamar	29
25	Óshlíð	11
62	Barðastrandarvegur	
05	Hlaðseyri-Raknadalur	19

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1990 Fjárv. m.kr.
65	Súgandafjarðarvegur	
02	Botn-Laugar	3
1	Norðurlandsvegur	
08	Árfarið í Vatnsdal	4
19	Víðivellir-Uppsalir	16
19	Uppsalir-Kjálkavegur	8
74	Skagastrandarvegur	
01-02	Norðurlandsvegur-Skagaströnd	10
76	Siglufjarðarvegur	
08-09	Um Brúnastaðaá og Fljótaá	1
10	Strákagöng	16
1	Norðurlandsvegur	
03-04	Hörgárdalur	47
20	Skútustaðir-Garður	6
82	Ólafsfjarðarvegur	
06	Um Ólafsfjarðarmúla	73
85	Norðausturvegur	
21	Raufarhöfn-flugvöllur	9
26	Hafralónsá-Langanesvegur	8
1	Austurlandsvegur	
15	Úlfsstaðir-Stóra-Sandfell	12
25-27	Fossá-Valtýskambur	59
38	Mánagarður-Myllulækur	17
47-48	Hof-Virkisá	13
85	Norðausturvegur	
04	Á Sandvíkurheiði	15
93	Seyðisfjarðarvegur	
02	Langahlíð-Norðurbrún	10
96	Suðurfjarðavegur	
01	Norðfjarðarvegur-Handarhald	7
04	Skriður-Höfðahús	4
07	Tunguá-Víkurgerði	12
10	Stöðvará-Tóftá	1
	Samtals	685

1.2. Sérstök verkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1990 Fjárv. m.kr.
1	Suðurlandsvegur	
11-12	Um Mýrdalssand	11
12	Um Múlakvísl	29
18	Um Markarfljót	4
34	Eyrarbakkavegur	
05	Um Ölfusárós	6
40	Hafnarfjarðarvegur	
03	Kópavogur-Arnarnes	36
1	Vesturlandsvegur	
13	Sveinatungumúli	25
54	Ólafsvíkurvegur	
02-03	Um Mýrar	44
1	Vesturlandsvegur	
02-03	Holtavörðuheiði	16
60	Vestfjarðavegur	
22	Um Dýrafjörð	30
61	Djúpvegur	
05	Tenging Inn-Djúps	3
1	Norðurlandsvegur	
18-21	Miðhús-Sýslumörk	44
1	Norðurlandsvegur	
03	Öxnadalur	32
917	Hlíðarvegur	
01-07	Vopnafjörður-Hérað	25
92	Norðfjarðarvegur	
09-10	Um Oddsskarð	76
	Jarðgangarannsóknir	4
	Samtals	385

1.3. Stórverkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1990 Fjárv. m.kr.
	Jarðgöng.	
60	Vestfjarðavegur	
27	Vestfjarðagöng	58
82	Ólafsfjarðarvegur	
06	Ólafsfjarðarmúli	272
	Samtals	330
	Höfuðborgarsvæðið.	
40	Hafnarfjarðarvegur	
03	Kópavogur-Arnarnes	105
	Sætún vestan Kringlumýrarbrautar	73
	Nýbýlavegur	31
	Samtals	209
	Stórbrýr.	
	Dýrafjörður	67
	Markarfljót	16
	Til undirbúnings næstu verkefna	1
	Samtals	84
	Stórverkefni samtals	623

2. Þjóðbrautir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1990 Fjárv. m.kr.
26	Landvegur	
01	Um Marteinstungu	14
211	Álftaversvegur	1
240	Stórhöfðavegur	4
252	Landeyjavegur	
06	Ártúnsvegur-Suðurlandsvegur	1
261	Fljótshlíðarvegur	
03-04	Hlíðarendakot-Háimúli	9
268	Þingskálavegur	
02	Þingskálar-Haukadalur	2
37	Laugarvatnsvegur	
03	Um Laugardalshóla	8
316	Kaldaðarnesvegur	
01	Um Litlu-Sandvík	4
358	Einholtsvegur	
01	Um Tungufljót	9
360	Grafningsvegur efri	
02	Grafningsvegur neðri-Nesjavellir	8

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1990 Fjárv. m.kr.
415	Bessastaðavegur	
02	Álftanesvegur-Bessastaðir	5
425	Nesvegur	
02	Reykjanesviti-Grindavíkurvegur	18
461	Meðalfellsvegur	2
50	Borgarfjarðarbraut	
02	Um Andakílsá	7
05	Síðumúlaveggir-Varmaland	21
59	Laxárdalsvegur	
01	Höskuldsstaðir-Þrándarkot	7
527	Varmalandsvegur	
01	Borgarfjarðarbraut-Samkomuhús	4
574	Útnesvegur	
04	Snjóastaðir í Djúpudölum	7
606	Karlseyjarvegur	
01	Reykhólasveitarvegur-Karlsey	15
607	Reykhólasveitarvegur	
10	Grímsnes-Hafnanes	11
711	Vatnsnesvegur	
05	Hjá Ósum	2
731	Svínvetningabraut	
01	Norðurlandsvegur-Reykjabraut	9
745	Skagavegur	
03	Um Laxá	2
752	Skagafjarðarvegur	
01-02	Varmilækur-Mælifellsá	11
764	Hegranesvegur vestri	3
765	Hegranesvegur eystri	3
805	Svarfaðardalsvegur	
02	Hreiðarstaðakot-Hóll	3
812	Bakkavegur	
01	Um Pálmholtslæk	3
816	Dagverðareyrarvegur	
01	Norðurlandsvegur-Ólafsfjarðarvegur	7
830	Svalbarðseyrarvegur	
01	Norðurlandsvegur-Svalbarðseyri	14
848	Mývatnsvegur	
01	Vagnbrekka-Stekkjarnes	2
850	Flugvallarvegur Mývatnssveit	
01	Kísilvegur-Flugvöllur	2
864	Hólsfjallavegur	
01-04	Norðurlandsvegur-Norðausturvegur	4
94	Borgarfjarðarvegur	
01	Mýnes-Eiðar	34
	Samtals	256

2.4. Til brúagerða.
1. Til brúa 10 m og lengri.

	1990 Fjárv. m.kr.
Ölfusá, göngubrú (1)	31
Tungufljót (358)	15
Álftá (54)	7
Geiradalsá (60)	4
Fljótaá (76)	32
Brúnastaðaá (76)	14
Eyjafjarðará (823)	14
Falljökulkvísl (1)	5
Kelduárkvísl, yfirbygging (931)	8
Fjarðará (ÞÞ)	6
Morsá (Skaftafellsþjóðgarður)	2
Samtals	138

Nd. 1271. Nefndarálit [352. mál]

um frv. til l. um stjórn fiskveiða.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarpið á tíu fundum. Sjö þeirra voru haldnir sameiginlega með sjávarútvegsnefnd neðri deildar og komu þá á fundi nefndarinnar eftirtaldir: Þorsteinn Gíslason fiskimálastjóri, Jakob Jakobsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, Lárus Jónsson frá Félagi rækju- og hörpudiskframleiðenda, Sigurbjörn Svavarsson og Vilhjálmur Vilhjálmsson frá Aflamiðlun, Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda, Jón Kjartansson frá Verkamannasambandi Íslands, Árni Benediktsson frá Félagi Sambandsfiskframleiðenda, Óskar Vigfússon og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Benedikt Valsson og Kristján Ingibergsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Dagbjartur Einarsson frá Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda, Kristján Ragnarsson, Brynjólfur Bjarnason og Eiríkur Tómasson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Jón Ingvarsson frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Ágúst Einarsson og Sturlaugur Sturlaugsson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Ólafur Karvel Pálsson frá Hafrannsóknastofnun og Jón Kristjánsson fiskifræðingur

Sjávarútvegsnefnd efri deildar sendi frumvarpið til umsagnar, ýmist að eigin frumkvæði eða að ósk nefndarmanna í sjávarútvegsnefnd neðri deildar. Bárust umsagnir frá eftirtöldum: bæjarstjórn Stykkishólms, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi Sambands fiskframleiðenda, Félagi dráttarbrauta og skipasmiðja, Félagi rækju- og hörpudiskframleiðenda, Félagi viðskipta- og hagfræðinga, Fiskifélagi Íslands, Fjórðungssambandi Norðlendinga, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Landssambandi smábátaeigenda, rækjubátaeigendum við Ísafjarðardjúp, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Samtökum fiskvinnslustöðva, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Sjómannasambandi Íslands, Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda, Verkalýðsfélaginu Baldri, verkalýðsfélögunum á Snæfellsnesi, Verslunarráði Íslands, Vinnuveitendafélagi Breiðafjarðar, Vinnuveitendafélagi Vestfjarða og Vinnuveitendafélagi Vestmannaeyja.

Kristján Skarphéðinsson, deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, sat flesta fundi nefndarinnar. Veitti hann nefndinni ýmsar upplýsingar varðandi frumvarpið og aflaði gagna samkvæmt óskum sem fram komu á hinum sameiginlegu fundum, m.a. frá Fiskifélagi Íslands. Enn fremur lágu fyrir tillögur þær sem þrír stjórmálaflokkar í Færeyjum hafa gert um hugsanlega fiskveiðistjórn þar í landi. Þá óskuðu níu alþingismenn eftir áliti Lagastofunar Háskóla Íslands á réttarfars-, skattaréttar- og eignarréttarlegum álitaefnum í frumvarpinu og var hún unnin af prófessor Sigurði Líndal og Tryggva Gunnarssyni hæstaréttarlögmanni.

Eftir að málið var afgreitt frá efri deild hélt nefndin þrjá fundi. Kynnti nefndin sér rækilega þær breytingar sem gerðar voru á frumvarpinu í meðförum efri deildar og ræddi efnislega um þær. Aðrir efnishlutar frumvarpsins voru nefndinni vel kunnir enda verið til umfjöllunar í langan tíma.

Þórhildur Þorleifsdóttir og Stefán Valgeirsson (um tíma varamaður hans Jóhann A. Jónsson) sátu fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúar.

Meiri hl. nefndarinnar telur að þær breytingar, sem gerðar voru á frumvarpinu í meðförum efri deildar, séu til bóta. Leggur meiri hl. til að frumvarpið verði samþykkt með áorðnum breytingum.

Alþingi, 4. maí 1990.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, form., frsm. Alexander Stefánsson. Geir Gunnarsson.

Guðni Ágústsson.

Nd. 1272. Nefndarálit [197. mál]

um frv. til l. um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á þremur fundum. Kynnti nefndin sér ítarlega og ræddi efnislega um þær breytingar sem gerðar voru á því í meðförum efri deildar. Kom Kristján Skarphéðinsson, deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, á fund nefndarinnar. Nefndarmenn hafa einnig kynnt sér þær umsagnir sem bárust um frumvarpið, en þær komu frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi Sambandsfiskframleiðenda, Félagi dráttarbrauta og skipasmiðja, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Landssambandi smábátaeigenda, Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, Samtökum fiskvinnslustöðva og Sjómannasambandi Íslands.

Þórhildur Þorleifsdóttir og Stefán Valgeirsson (um tíma varamaður hans, Jóhann A. Jónsson) sátu fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúar.

Meiri hl nefndarinnar telur að breytingar þær sem gerðar voru á frumvarpinu í meðförum efri deildar séu til bóta og til þess fallnar að tryggja betur trausta atvinnu og jafna búsetu um land allt. Leggur meiri hl. til að frumvarpið verði samþykkt með áorðnum breytingum.

Alþingi, 4. maí 1990.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, form., frsm. Alexander Stefánsson. Geir Gunnarsson.

Guðni Ágústsson.

Nd. 1273. Nefndarálit [524. mál]

um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver o.fl.

Frá 1. minni hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á fjórum fundum og varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl., sem í eru fulltrúar Alþýðuflokks, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, leggur til að frumvarpið verði samþykkt. Undirritaður, sem skipar 1. minni hl., leggst gegn samþykkt málsins og leggur til að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Annar minni hl., fulltrúi Samtaka um kvennalista, leggur til að frumvarpið verði fellt.

Á fund nefndarinnar komu vegna málsins eftirtaldir: Páll Flygenring, Halldór J. Kristjánsson og Jón Ingimarsson frá iðnaðarráðuneytinu, Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri, Halldór Jónatansson, Jóhann Már Maríusson, Helgi Bjarnason, Guðmundur Helgason og Örn Marinósson frá Landsvirkjun, Þórður Friðjónsson, Ingvi Harðarson og Friðrik M. Baldursson frá Þjóðhagsstofnun, Magnús Pétursson, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, Jóhann Rúnar Björgvinsson hagfræðingur, Garðar Ingvarsson, Andrés Svanbjörnsson og Geir A. Gunnlaugsson frá markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar, Þóroddur Þóroddsson og Eyþór Einarsson frá Náttúruverndarráði, Ólafur Pétursson og Sigurbjörg Gísladóttir frá frá Hollustuvernd ríkisins, Eyjólfur Sæmundsson frá Vinnueftirliti ríkisins, Skúli Johnsen, Friðrik Pálmason, Magnús Jónsson, Guðjón Jónsson, Hákon Aðalsteinsson og Jón Ingimarsson frá ráðgjafarnefnd um umhverfisáhrif stóriðju, Jakob Björnsson og Guðmundur Pálmason frá Orkustofnun, Sigurður Guðmundsson frá Byggðastofnun, Sigmundur Freysteinsson frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen, Gunnar Kristinsson, hitaveitustjóri í Reykjavík, Halldór V. Sigurðsson og Lárus Ögmundsson frá Ríkisendurskoðun og Jóhannes Nordal, formaður ráðgjafarnefndar um áliðju.

Bornar voru fram við fyrrgreinda fjölmargar spurningar varðandi málið og lögð voru fram skrifleg svör við allmörgum þeirra og greinargerðir um einstaka þætti.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, en tveir nefndarmenn eru frumvarpinu andvígir og skila hvor sínu áliti.

Efnisþættir frumvarpsins.

Efni frumvarpsins er í aðalatriðum þríþætt:

1. Óskað er heimilda til nokkurra virkjana í tengslum við undirbúning að 200 þúsund tonna álbræðslu og er þar samtals um að ræða 181 megavatt í afli.
2. Ákvarðanir um virkjanaröð eru fluttar frá Alþingi til iðnaðarráðherra.
3. Leitað er heimilda fyrir Landsvirkjun til að verja á árinu 1990 til viðbótar við fyrri heimildir 300 milljónum króna til undirbúnings og framkvæmda við virkjanir vegna samningaumleitana um álbræðslu.

Frumvarpið er þannig nátengt áformum um umrædda álbræðslu sem reynt er nú að semja um á vegum iðnaðarráðherra við þrjú erlend fyrirtæki samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 13. mars 1990. Boðað er af iðnaðarráðherra að stefnt sé að því að flutt verði í byrjun næsta þings haustið 1990 frumvarp til heimildalaga um nýtt álver, sbr. fskj. II. Fyrirliggjandi frumvarp er þannig fyrsta skrefið í ákvörðunum er tengjast nýrri álbræðslu, en þar er á ferðinni fjárfesting samanlagt á um 100 milljarða króna og yrði þetta langstærsta fjárfesting hérlendis vegna eins fyrirtækis til þessa.

Um aðdraganda málsins.

Um samfellt sjö ára skeið hafa íslenskir iðnaðarráðherrar leitast við að ná samningum við erlenda aðila um orkufrekan iðnað hérlendis. Á árunum 1983–1988 voru það iðnaðarráðherrar úr röðum Sjálfstæðisflokksins sem höfðu forgöngu um leit að erlendum fyrirtækjum með þetta að markmiði, en lengst af án nokkurs árangurs. Reynt var m.a. að fá Alusuisse til að stækka álbræðslu sína í Straumsvík og stóðu viðræður við fyrirtækið um þetta árum saman. Í júlí 1988 gekk Friðrik Sophusson iðnaðarráðherra frá samkomulagi við fjögur erlend fyrirtæki, svonefndan Atlantal-hóp, um að gera í samvinnu við íslensk stjórnvöld hagkvæmnikönnun á því að reisa hérlendis um 200 þúsund tonna álbræðslu. Stóð sú könnun yfir við ríkisstjórnarskipti haustið 1988 er Jón Sigurðsson varð iðnaðaráðherra í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar.

Við stjónarmyndunina haustið 1988 lýsti þingflokkur Alþýðubandalagsins yfir eindreginni andstöðu við öll áform um erlenda álbræðslu, en fallist var á að hagkvæmnikönnuninni lyki samkvæmt gerðu samkomulagi. Átti þingflokkur Alþýðubandalagsins enga aðild að meðferð málsins á vegum iðnaðarráðherra þar til í mars 1990. Það var fyrst með sameiginlegri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og Atlantal-aðilanna 13. mars 1990 að á málið reyndi gagnvart ríkisstjórninni og stuðningsflokkum hennar.

Á fundi þingflokks Alþýðubandalagsins 7. mars 1990 mótmælti undirritaður því að Alþýðubandalagið gerðist aðili að yfirlýsingu um Atlantal-álbræðslu og lét bóka eftirfarandi:

„Ég er því algjörlega andvígur að þingflokkurinn fallist á að teknar verði upp viðræður um álver allt að 200 þúsund tonn að stærð við þrjú erlend fyrirtæki án þess að gengið hafi verið frá því fyrir fram á hvaða grundvelli þær viðræður fari fram af hálfu íslenskra stjórnvalda varðandi eignarhald, raforkuverð, staðsetningu, mengunarvarnir og fleiri þætti."

Í umræddri yfirlýsingu segir m.a.: „Ríkisstjórnin hyggst leggja fyrir tillögu um nýtingu innlendra orkulinda til atvinnuuppbyggingar og frumvarp til heimildalaga varðandi ákveðnar virkjanir." Þar er um að ræða það frumvarp sem hér liggur fyrir og er það því með beinum hætti tengt áformunum um þessa erlendu álbræðslu.

Þegar fumvarpið var til meðferðar í þingflokki Alþýðubandalagsins lagði ég þar fram tillögu um afgreiðslu málsins af hálfu þingflokksins, en hún hlaut ekki stuðning. Þar gagnrýndi ég harðlega hvernig staðið hefur verið að undirbúningi þessa máls á vegum iðnaðarráðherra og gerði kröfu til þess að allar forsendur málsins yrðu teknar til rækilegrar endurskoðunar þá þegar. *Ég lagði til að þingflokkurinn heimilaði ekki fyrir sitt leyti að málið yrði flutt í nafni ríkisstjórnarinnar.* Tillaga mín í þingflokknum 7. apríl 1990 er birt í heild sem fskj. II, svo og samþykkt meiri hl. þingflokks Alþýðubandalagsins um málið, sjá fskj. I.

Ótímabært frumvarp.

Ekki eru fyrir því frambærileg rök að afla þurfi nú neinna þeirra heimilda sem í frumvarpinu felast. Ekkert liggur fyrir um samninga um umrædda álbræðslu og viðurkennt er af samningamönnum iðnaðarráðherra að allt eins getur svo farið að ekki gangi saman milli aðila. Við þær aðstæður er ótímabært með öllu að festa fé í frekari virkjanaundirbúningi eða veita heimildir þar að lútandi sem vitað er að verða notaðar, hvað svo sem samningum líður. Orðalag í skýringu frumvarpsins á ákvæði til bráðabirgða II er afar sérkennilegt þar sem segir: „Ákvarðanir um þessar framkvæmdir og það að nýta þessar heimildir verða teknar í einstökum atriðum *eftir því sem samningum um álverið vindur fram.*"

Eins og fram kemur í yfirliti Landsvirkjunar um áformaða nýtingu á þessum 300 milljónum króna, sjá fskj. VIII, er gert ráð fyrir að fljótlega verði byrjað að nýta hluta af þeim og ráðstafa fjármagninu að mestu fyrir haustið, þ.e. áður en Alþingi fær ráðrúm til að fjalla um hugsanlega samninga. Hér er líka um að ræða beinar verklegar framkvæmdir, bæði við

svokallaða Búrfellsvirkjun og Fljótsdalsvirkjun, m.a. að grafa frá væntanlegum jarðgangamunna við þá síðartöldu. Það er augljóst að því meira sem fjárfest er í þágu virkjana fyrir álbræðsluna, þeim mun meiri ástæða verður talin á að ná samningum og þá stöðu munu hinir erlendu gagnaðilar færa sér í nyt. Það er í þessu sambandi einkennilegt að lesa eftirfarandi athugasemdalaust í greinargerð með frumvarpinu: „Fram hefur komið af hálfu Alumax að það fyrirtæki hefur aldrei fyrr gert samning um orkukaup fyrir álbræðslu án þess að orkuver hafi þegar verið byggð."

Alþingi afsalar sér ákvörðunarvaldi um virkjanaröð.

Þriðja grein frumvarpsins felur í sér að lögfesta á að Alþingi afsali sér ákvörðunarvaldi um virkjanaröð og það vald flytjist í hendur iðnaðarráðherra. Í þessu sambandi er rétt að minna á þau miklu pólitísku átök sem það kostaði á sínum tíma að lögfesta að ráðist skyldi í meiri háttar virkjanir utan Suðurlands og eldvirkra svæða. Lögin um raforkuver, nr. 60/1981, voru afrakstur stefnu ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens sem tók það upp í málefnasamning að næsta stór vatnsaflsvirkjun skyldi byggð utan eldvirkra svæða. Mikið átak var gert í rannsóknum á Blönduvirkjun og Fljótsdalsvirkjun af þessu tilefni og leystar voru með samningum hatrammar deilur sem tengdust fyrrnefndu virkjuninni. Virkjanaröðin var síðan ákvörðuð á grundvelli laganna með þingsályktun vorið 1982.

Rétt er að vekja rækilega athygli á að ákvæði til bráðabirgða I með frumvarpinu á eingöngu við um virkjanir sem tengjast Atlantal-aðilunum og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og þeirra frá 13. mars 1990 um álver. Ekki þarf annað að gerast en að þessi yfirlýsing falli úr gildi og nýir samningsaðilar birtist á sjónarsviðinu til að framkvæmdarvaldið sé óbundið af ákvæðum um þessar virkjanir. Þá væri það í valdi iðnaðarráðherra eins á grundvelli 3. gr. frumvarpsins að ákvarða hvar virkja skuli. Hætt er við því að þá verði virkjanir á Suðurlandi áfram efst á blaði líkt og var fyrir setningu laganna um raforkuver árið 1981.

Erlend risaálbræðsla slæmur kostur.

Með undirbúningi Atlantal-álbræðslunnar er verið að endurtaka fjárfestingarmistök frá sjöunda áratugnum þegar samið var við Alusuisse um álbræðsluna í Straumsvík. Útlendingum er einum ætlað að eiga verksmiðjuna, en Íslendingum að leggja henni til raforku og aðstöðu. Hinir erlendu eigendur munu flytja arðinn af fyrirtækinu úr landi ef þeim býður svo við að horfa. Landsvirkjun mun taka erlend lán fyrir virkjunarkostnaði sem alls óvíst er að skili sér til baka á eðlilegum afskriftatíma.

Þessi fjárfesting, hátt í 100 milljarða króna, þar af milli 30 og 40 milljarðar í raforkumannvirkjum, mun skapa innan við 700 manns störf þegar allt er talið og margfeldisstuðullinn miðað við staðsetningu á höfuðborgarsvæðinu er af Byggðastofnun talinn innan við 2, þ.e. um 1.900 störf samtals. Álbræðsla er þannig illa til þess fallin að auka atvinnuframboð, en á því virðist brýn þörf á íslenskum vinnumarkaði næsta áratug. Störf á byggingartíma eru hins vegar til muna fleiri, áætluð á bilinu 1.100–1.800 um fjögurra ára skeið 1991–1994, en þar er um tímabundið ástand að ræða sem skapað getur vandræði og óstöðugleika á byggingartíma og ekki síður að honum loknum. Um það höfum við reynslu frá Suðurlandi og frá Blönduvirkjun. Þessar framkvæmdir eru takmarkaðar við örfá svæði á landinu og til lengdar leysa þær ekki atvinnuvanda landsbyggðarinnar nema þá staðbundið og í takmörkuðum mæli.

Þensluáhrif og viðbrögð við þeim.

Eðlilega hafa menn áhyggjur af þensluáhrifum þessara stórframkvæmda eins og m.a. kemur fram í umsögn Þjóðhagsstofnunar með frumvarpinu, einkum að verðbólguskriða geti farið af stað. Rætt er um ýmis ráð til að bregðast við slíku, m.a. með samdrætti í opinberum

framkvæmdum ríkis og sveitarfélaga og að ríkið reki aðhaldsstefnu og noti tekjuauka til að draga úr lántökum. Stjórnarformaður Landsvirkjunar, Jóhannes Nordal, nefndi þannig á ársfundi fyrirtækisins 6. apríl 1990 að gera þyrfti sérstakar ráðstafanir í skipulagningu opinberra framkvæmda, t.d. með því að Vegagerð ríkisins og sveitarfélög fresti framkvæmdum á byggingartíma álbræðslunnar.

Það blasir þannig við að eigi að komast hjá mikill þenslu og verðbólgu vegna þessara framkvæmda þurfa að koma til stórfelldar aðhaldsaðgerðir og samdráttur í öðrum fjárfestingum eða neyslu. Þetta mun bitna á endurskipulagningu og nýsköpun í ýmsum greinum, þar á meðal í sjávarútvegi, og seinka aðlögun sem mikið er nú rætt um að nauðsynleg sé, m.a. vegna breytinga í alþjóðaviðskiptum. Þessi áform koma þannig eins og skrattinn úr sauðarleggnum þvert á viðleitni stjórnvalda til að skapa jafnvægi í íslensku efnahagslífi og hagstætt rekstrarumhverfi til vaxtar í atvinnulífi.

Blekkingar iðnaðarráðherra: Tonn af áli jafngildi tonni af þorski!

Það sætir tíðindum með hvaða aðferðum reynt er að vinna fylgi við þetta heljarstökk. Jón Sigurðsson hefur verið óþreytandi að boða þessa erlendu stóriðju sem sérstakt fagnaðarerindi og telur sig sérstakan sporgöngumann aldamótaskálda. Hann hefur reynt að halda því að þjóðinni að í 200 þúsund tonna álbræðslu felist úrlausn fyrir efnahag Íslendinga og lífskjör sem jafnist nokkurn veginn á við ⅔ af öllum þorskafla af Íslandsmiðum. Þann 24. október 1989 mátti t.d. lesa eftirfarandi úr penna iðnaðarráðherrans og fyrrverandi forstjóra Þjóðhagsstofnunar:

„Eitt tonn af áli frá álbræðslu hér á landi skilar álíka miklu í þjóðarbúið og eitt tonn af þorski upp úr sjó. Þegar málið er skoðað á þennan hátt sjá menn glöggt hversu mikilvæg viðbót við atvinnulífið stækkun álversins í Straumsvík getur orðið. Við þurfum þessa viðbót nú, þegar draga þarf úr þorskafla til þess að vernda stofninn."

Í áramótagrein ráðherrans í Alþýðublaðinu 30. desember 1989 er sami boðskapur orðaður svona:

„Eitt tonn af áli frá álbræðslu hér á landi skilar álíka miklu í þjóðarbúið og eitt tonn af þorski upp úr sjó. Það þarf í raun ekki fleiri orð til þess að lýsa því hversu mikilvæg viðbót við atvinnulífið í landinu öllu aukin álframleiðsla gæti orðið."

Þegar kom fram á útmánuði 17. mars 1990 sagði ráðherrann í löngu viðtali í flokksblaði sínu um áldrauminn:

„Til að gefa hugmynd um hversu mikilvægt er að í þetta verði ráðist þá stappar nærri þegar verðið á álinu er í góðu meðallagi þá sé eitt tonn af áli jafn mikils virði sem innlegg í þjóðarbúið og eitt tonn af þorski."

Þessi síbyljuáróður hefur verið endurtekinn af ráðherranum og fleirum við fjölmörg tækifæri og það í öflugri fjölmiðlum en Alþýðublaðinu. Þannig lagði formaður Alþýðuflokksins, Jón Hannibalsson, mikla áherslu á þetta atriði í eldhúsdagsumræðum frá Alþingi 4. maí 1990. Með þessum fjarstæðuáróðri á að reyna að vinna þjóðina til fylgis við málið og endurtaka ósannindin nógu oft til að menn trúi.

Í iðnaðarnefnd neðri deildar var farið yfir þennan málflutning og var Þjóðhagsstofnun m.a. beðin um álit á honum.

Umsögn Þjóðhagsstofnunar er að finna í fskj. IX með þessu áliti. *Niðurstaða Þjóðhagsstofnunar er að hreinar gjaldeyristekjur af hverju þorsktonni séu tvöfalt til þrefalt meiri en af áltonni, þ.e. að álið gefi aðeins ⅓ af ígildi þorsks fyrstu 10 starfsár álbræðslu og ½ til lengri tíma litið.*

Með þessu er þó ekki öll sagan sögð. Í útreikningum Þjóðhagsstofnunar eru afborganir og vextir af innlendum hluta fjárfestingarinnar í álbræðslu og virkjunum ekki dregnar frá. Látum

vera með afborganirnar þar sem innlend fjárfesting er kaup á innlendum framleiðsluþáttum og aðföngum. Hins vegar gildir annað um vextina af innlendu fjárfestingunni ef hún er að mestu leyti fjármögnuð með erlendum lánum eins og reikna má með að verði í þessu tilviki. *Verði sú raunin og sé tekið tillit til þess í samanburði yrði hlutfallið milli áls og þorsks ⅕–⅙ samkvæmt lauslegum útreikningum.*

Þannig eru álvísindi alþýðuflokksráðherranna orðin harla léttvæg og fyrrverandi þjóðhagsstjóri orðinn ber að dæmafáum blekkingum. Það er illa gert gagnvart þjóð, sem á mest undir sjávarafla komið, að reyna að villa um fyrir henni með svo grófum hætti sem hér um ræðir. Í stóriðjumálum þurfa menn að reyna að líta hlutlægt á hugsanlegan ávinning og haga ákvörðunum í ljósi þess.

Raforkuverðið leyndardómurinn óttalegi.

Í iðnaðarnefnd var reynt að varpa ljósi á samningsstöðu Íslendinga varðandi raforkusölu til álbræðslu. Upplýsingar fengust um meðalframleiðslukostnað Landsvirkjunar sem legið hefur á bilinu 20–25 mill á kílóvattstund (117–141 eyrir á verðlagi 1989) undanfarin fjögur ár. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að margar eldri virkjanir fyrirtækisins eru afskrifaðar, eða samtals 27 milljarðar af um 80 milljarða króna fastafjármunum. Þegar hins vegar voru bornar fram ítrekaðar fyrirspurnir um raforkuverð sem til umræðu væri í yfirstandandi samningum við Atlantal-aðilana var harðlega neitað að svara nokkru þar að lútandi, sbr. svör Landsvirkjunar við fyrispurnum á fskj. VII. Ekki fengust heldur nein svör við spurningum um viðbótarkostnað í orkukerfinu, svonefndan flýtingarkostnað, né heldur við fyrirspurnum er vörðuðu ráðgerða tengingu rafmagnsverðs við verð á áli. Borið var við viðkvæmri samningsstöðu og skipti engu þótt talað væri um nefndina sem lokaðan vettvang í þessu sambandi.

Því miður liggur það fyrir eftir starfið í iðnaðarnefnd að þessu máli að alþingismönnum er í þingnefnd neitað um upplýsingar um undistöðuþætti er varða málið, sbr. fskj. IV. Á sama tíma er þingið beðið um að veita víðtækar heimildir til virkjana og fjárskuldbindingar vegna undirbúnings og framkvæmda.

Gífurleg áhætta tekin.

Varðandi raforkusölu til álbræðslu, ef af verður, stefnir í stórfellda áhættu fyrir Landsvirkjun og innlenda viðskiptavini fyrirtækisins, atvinnurekstur og einstaklinga. Opinberlega er talað um að veita afslátt á orkuverði fyrstu starfsár bræðslunnar og tengja á raforkuverðið við heimsmarkaðsverð á áli sem tekur miklum sveiflum. Af því hafa menn þegar reynslu í viðskiptum við Ísal, en nú á að margfalda þá áhættu í samningum við Atlantal. Rétt er að hafa í huga að eftir að ný álbræðsla hefði tekið til starfa 1995 væri hlutfall raforkusölu til stóriðju af heildarsölu Landsvirkjunar 62% og hækkaði í 71% um aldamót ef álbræðslan yrði stækkuð í 400 þúsund tonna framsleiðslugetu á ári.

Þegar svo væri komið er fátt orðið eftir til varnar fyrir aðra viðskiptavini Landsvirkjunar sem hljóta að þurfa að taka á sig byrðar ef þróunin yrði mjög óhagstæð varðandi greiðslur frá stóriðjufyrirtækjum. Í ljósi þessa sýnist það brýnt úrlausnarefni að greina á milli reksturs virkjana sem reistar eru fyrst og fremst vegna stórnotenda eins og álbræðslu og raforkuvera sem framleiða fyrir almenningsveitur.

Umhverfismál í tvísýnu.

Iðnaðarnefnd leitaðist við að gera sér grein fyrir stöðu umhverfismála vegna fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda og álbræðslu. Það er álit undirritaðs að verulegar brotalamir séu í stjórnunarlegri meðferð þessara mála og ekki hafi þar verið ráðin bót á með skipun sérstakrar ráðgjafarnefndar um umhverfisáhrif iðjuvera.

Vakin er athygli á því sem segir í minnisblaði frá iðnaðarráðuneyti 3. maí 1990 um starfsleyfi fyrir Atlantsál, sjá fskj. V:

„Í 8. kafla mengunarreglugerðar nr. 386/1989 er fjallað um veitingu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Ákvæðum reglugerðarinnar verður fylgt eftir því sem kostur er, en þó er stefnt að því að samningur um meginskilmála varðandi útblástur og aðra þætti mengunarvarna verði undirritaður samhliða undirritun aðalsamnings um nýtt álver."

Í greinargerð frá Hollustuvernd ríkisins til iðnaðarnefndar, dags. 3. maí 1990, sjá fskj. X, segir m.a.:

„Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins telja, sérstaklega í ljósi þess að stefnt er að samkomulagi um umhverfismál samhliða aðalsamningi, að nokkuð hafi skort á til þessa að stofnunin tæki nægilegan þátt í mótun krafna og að upplýsingar um stöðu mála hafi borist."

Náttúruverndarráð segir m.a. í bókun sem rakin er í bréfi til nefndarinnar, sjá fskj. XI, dags. 3. maí 1990:

„Náttúruverndarráð leggur áherslu á að í nýju álveri, er kann að verða reist hér á landi, verði gerðar ýtrustu kröfur um mengunarvarnir og ekki minni en gerðar eru í nágrannalöndunum.

Að gefnu tilefni er lögð áhersla á vothreinsun SO_2 og byggir það á eftirfarandi."

Í þessu sambandi er vakin athygli á ummælum í greinargerð með frumvarpinu þar sem segir:

„Eitt helsta álitaefni varðandi mengun frá nýju álveri er, hvort krefjast skuli vothreinsunar á SO_2. Forsendur þess að gera kröfu um vothreinsun geta verið nokkuð aðrar en t.d. í Noregi og Svíþjóð, sem einkum hefur verið horft til."

Staðarval á uppboði.

Einn ósæmilegasti þáttur þessa máls lýtur að meðferð stjórnvalda á hugsanlegri staðsetningu álbræðslu. Í stað þess að ákveða stað slíks fyrirtækis að vel yfirveguðu ráði, eigi það að rísa á annað borð, er sveitarfélögum og landshlutum att út í keppni um fjárfestinguna. Hefur það m.a. leitt til þess að einstök byggðarlög eru farin að bjóða niður framkvæmdakostnað í þágu útlendinganna. Nú síðast hefur iðnaðarráðuneytið framsent erindi frá Atlantal-aðilunum til nokkurra valinna sveitarstjórna þar sem þær eru hvattar til að veita útlendingunum svör um staðbundin málefni, m.a. um viðhorf þeirra til umhverfismála.

Í þessu erindi ráðuneytisins fyrir hönd Atlantal segir:

„Sérstök athygli er vakin á því að Atlantal-aðilarnir telja nauðsynlegt að staðsetning verði valin með hliðsjón af því að stækka megi álverið einhvern tíma í framtíðinni í allt að 400.000 árstonn og að byggð verði rafskautaverksmiðja."

Þessi bréfaskipti og annað, sem að staðarvali álbræðslu lýtur, varpa skýru ljósi á afleiðingar þess að fela forræði í slíku fyrirtæki í hendur útlendinga sem hafa munu síðasta orðið um staðarval ef til kemur. Fráleitt er með öllu að reisa stórfyrirtæki af þessu tagi á höfuðborgarsvæðinu og í grennd þess eins og staðan er nú í byggðamálum, en jafnframt ber að varast að líta á byggingu risaálbræðslu sem lausn á erfiðleikum landsbyggðarinnar í atvinnumálum. Þar þurfa önnur ráð að koma til.

Athygli vekur afar frumstæð framsetning varðandi þetta mál þegar reynt er að gylla hagvöxt og aukningu ráðstöfunartekna vegna framkvæmda við virkjanir og álbræðslu. Í því sambandi er gengið út frá eins konar núlllausn, þ.e. að til komi álver, en að öðrum kosti gerist ekkert í atvinnumálum. Þeir sem þannig tala gleyma þeim fjölþættu möguleikum sem hér eru á mörgum sviðum og munu þróast ef hlúð er að menntun, rannsókna- og þróunarstarfi og að því að skapa góðan jarðveg til rekstrar og athafna sem víðast á landinu.

Lokaorð.

Undirritaður, sem skipar 1. minni hl. iðnaðarnefndar, hefur leyft sér að benda hér á nokkra af fjölmörgum annmörkum sem eru á þessu frumvarpi. Ábyrgð þeirra, sem ætla að lögfesta það og styðja þá stefnu sem þar er mörkuð um erlenda álbræðslu, er sannarlega mikil. Boðað er að á eftir komi frumvarp til heimildalaga um nýtt álver, sbr. fskj. III. Með því á jafnvel að opna fyrir heimildir fyrir framkvæmdarvaldið til að leyfa byggingu álbræðslu *áður en* endanlega verði gengið frá samningum, m.a. um raforkuverð.

Allt er þetta mál þannig vaxið að skylt er að vara við að farið verði út á þá braut sem þar er lagt til. Ríkisstjórnin öll þyrfti að hugsa sitt ráð, endurmeta málið í heild og leita annarra og vænlegri leiða í atvinnuuppbyggingu í landinu. Með vísan til þess og nefndarálitsins er lagt til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 5. maí 1990.

Hjörleifur Guttormsson,
form.

Fylgiskjal I.

Samþykkt þingflokks Alþýðubandalagsins um hugsanlega byggingu álvers.
(9. apríl 1990.)

Þingflokkur Alþýðubandalagsins minnir á að enn eru engar forsendur fyrir hendi til að unnt sé að meta hvort hagkvæmt sé fyrir Íslendinga að ganga til samninga við erlenda aðila um byggingu 200 þúsund tonna álvers hér á landi. Meðan meginatriði væntanlegra samninga liggja ekki fyrir er tvímælalaust óhyggilegt að hefja virkjunarframkvæmdir, enda hlyti það að veikja samningsaðstöðu Íslendinga að binda nokkur hundruð milljónir króna í nýjum virkjanaframkvæmdum án þess að orkuverð hafi verið ákveðið.

Á þessu stigi málsins telur þingflokkur Alþýðubandalagsins brýnast að ríkisstjórnin marki þá stefnu að hugsanleg bygging þessa risafyrirtækis stuðli ekki að enn frekari byggðarröskun í landinu og þess vegna verði því valinn staður utan höfuðborgarsvæðisins. Jafnframt minnir þingflokkurinn á að auk byggðarsjónarmiða hlýtur endanleg afstaða til nýrra stóriðjuframkvæmda að ráðast af því fyrst og fremst hvaða verð fæst fyrir orkuna, hvort iðjuverið greiðir skatta með eðlilegum hætti og lýtur íslenskum dómstólum og hvernig mengunarvörnum og umhverfisvernd verður háttað.

[Samþykkt gegn atkvæði Hjörleifs Guttormssonar.]

Fylgiskjal II.

Alþýðubandalagið hafni frumvarpi ríkisstjórnarinnar.
Tillaga Hjörleifs Guttormssonar flutt í þingflokki Alþýðubandalagsins en hlaut ekki stuðning.
(7. apríl 1990.)

Þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar var mynduð haustið 1988 var það eindregin stefna Alþýðubandalagsins að hafna kröfum um erlenda álbræðslu sem ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar hafði samið um könnun á við svonefndan Atlantal-hóp. Þingflokkur Alþýðubandalagsins hafði eindregna afstöðu til málsins og forsætisráðherra gaf yfirlýsingu um að frumvörp, sem tengdust nýrri álbræðslu, yrðu ekki lögð fram gegn vilja einhvers aðila að ríkisstjórninni.

Alþýðubandalagið hefur ætíð talið að orkufrekur iðnaður komi fyllilega til greina sem þáttur í atvinnulífi í landinu, enda eigi íslenskir aðilar öll orkuver að fullu og meiri hluta í orkufrekum iðnfyrirtækjum. Flokkurinn hefur hins vegar ítrekað lýst eindreginni andstöðu við uppbyggingu orkufreks iðnaðar í höndum útlendinga og talið algjöra forsendu að íslenska ríkið eigi meiri hluta í stóriðjufyrirtækjum. Með eignarhaldi útlendinga á 200 þúsund tonna álveri til viðbótar við þau ítök erlendra aðila sem fyrir eru yrði stökkbreyting á áhrifum erlendra auðhringa í atvinnurekstri hérlendis. Þingflokkur Alþýðubandalagsins er andvígur fyrirætlunum um álbræðsluna þegar á ofangreindum forsendum, en margt fleira veldur því að þingflokkurinn getur ekki fallist á fyrirliggjandi frumvarp iðnaðarráðherra um raforkuver vegna álbræðslunnar.

Bygging álvers og tilheyrandi virkjana mun hafa stórfelld áhrif á efnahags- og atvinnustarfsemi í landinu meðan á framkvæmdum stendur. Um er að ræða hátt í 100 milljarða króna fjárfestingu sem mundi koma til á þremur til fjórum árum og valda gífurlegri þenslu, nema aðrar framkvæmdir í þágu opinberra aðila og atvinnuvega yrðu stórlega skornar niður á sama tíma. Þessi áform stangast því á við núverandi stefnu stjórnvalda og viðleitni til að ná stöðugleika í efnahagsmálum. Stjórnarformaður Landsvirkjunar boðaði á ársfundi fyrirtækisins 6. apríl sl. að gera þyrfti sérstakar ráðstafanir í skipulagningu opinberra framkvæmda, t.d. með því að Vegagerð ríkisins og sveitarfélög fresti framkvæmdum á byggingartíma álbræðslunnar. Þingflokkurinn varar við slíkum hugmyndum og bendir auk þess á að bygging álbræðslu mundi bitna á nauðsynlegri endurskipulagningu í sjávarútvegi og draga þróttinn úr nýsköpun í öðrum greinum, svo sem ferðaþjónustu.

Staðsetning álbræðslunnar hefur ekki verið ákveðin og gefið er í skyn af stjórnvöldum að erlendir eignaraðilar bræðslunnar eigi að hafa síðasta orðið í þeim efnum. Sýnir fátt betur afleiðingar þess að fela forræði í slíku fyrirtæki í hendur útlendinga. Sveitarfélögum og einstökum landshlutum hefur verið att út í keppni um fjárfestinguna sem leitt hefur til þess að einstök byggðarlög eru farin að bjóða niður framkvæmdakostnað í þágu útlendinganna. Fráleitt er með öllu að reisa stórfyrirtæki af þessu tagi á höfuðborgarsvæðinu, en jafnframt er ljóst að það leysir ekki atvinnuvanda landsbyggðarinnar nema staðbundið og í takmörkuðum mæli.

Þegar stefnir í óefni með raforkuverð til álbræðslunnar og svo er að sjá sem forusta Landsvirkjunar sé reiðubúin til að teygja sig afar langt í afslætti á raforkuverði. Fjármagn til virkjanaframkvæmda verður að langmestu leyti tekið að láni og m.a. vegna óvissu um þróun raunvaxta ætti að vera ástæða til að tryggja raforkuverð vel yfir framleiðslukostnaði nýrra virkjana.

Annað er eftir þessu. Ekki hefur einu sinni verið gengið frá því sem forsendu fyrir álbræðslunni að hún lúti að fullu íslenskum skattalögum eða að lögsaga í deilumálum sé í höndum íslenskra dómstóla. Það virðist jafnframt eiga að verða samningstriði hvort álbræðslan eigi að vera búin fullkomnustu mengunarvörnum.

Þingflokkur Alþýðubandalagsins gagnrýnir harðlega hvernig staðið hefur verið að undirbúningi þessa máls á vegum iðnaðarráðherra og gerir kröfu til þess að allar forsendur málsins verði teknar til rækilegrar endurskoðunar nú þegar.

Þingflokkurinn telur ekki koma til greina að Alþingi veiti við þessar aðstæður heimildir til nýrra virkjana eða fjárskuldbindinga til undirbúnings og framkvæmda við virkjanir í þágu álbræðslu á þessu ári.

Fylgiskjal III.

Minnisblað frá iðnaðarráðuneytinu um meginatriði væntanlegra heimildalaga um nýtt álver til iðnaðarnefndar neðri deildar Alþingis.

(2. maí 1990.)

Almennt má segja að af Íslands hálfu hafi í samningaviðræðunum um nýtt álver verið tekið mið af reynslu sem fengist hefur af samningum við erlenda aðila um orkufreka stóriðju, ekki síst um Íslenska járnblendifélagið hf. en einnig um Íslenska álfélagið hf. Heimildalögin yrðu væntanlega rammalög, áþekk lögum um járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði. Í aðalsamningi yrði samið nánar um réttindi og skyldur aðila.

Meginatriði frumvarps til heimildalaga um nýtt álver eru til umræðu við Atlantsálaðilana og því er ekki hægt að tíunda efni þeirra í einstökum atriðum. Í skýrslu iðnaðarráðherra til Alþingis um nýtt álver á þingskjali 1055, 372. mál, Sþ., er gerð stuttlega grein fyrir atriðum sem líklegt er að fjallað verði um í heimildalögum. Meðal atriða, sem nefnd eru í skýrslunni, eru:

1. Kveðið yrði á um að iðnaðarráðherra verði heimilað að ganga til samninga við aðila sem tilbúnir eru að stofna og reka hlutafélag um byggingu og rekstur álbræðslu á Íslandi.
2. Verkefnið sjálft, sem lögin heimila, yrði tilgreint, þ.e. bygging verksmiðju til bræðslu á áli og annarra mannvirkja sem slíkri verksmiðju fylgja, þar á meðal mengunarbúnaðar. Framleiðslugeta verksmiðjunnar verður 200.000 tonn af áli á ári, með hugsanlegum ákvæðum um möguleika til stækkunar síðar takist samningar um það.
3. Kveðið yrði á um undanþágur frá tilteknum lagaákvæðum vegna meirihlutaeignar erlendra aðila. Meðal ákvæða sem fjalla þarf um eru ákvæði hlutafélagalaga, iðnaðarlaga og laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna varðandi erlenda eignaraðild.
4. Gengið hefur verið út frá því að í heimildalögunum yrðu ákvæði um að fyrirtækið greiði skatta og önnur opinber gjöld sem á eru almennt lögð á Íslandi á hverjum tíma með þeim sérákvæðum sem nauðsynleg eru vegna sérstöðu þessarar starfsemi.
5. Væntanlega yrði kveðið á um að innflutningur fyrirtækisins á byggingarefni, vélum og búnaði og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum til verksmiðju fyrirtækisins og rekstrar hennar og tengdra mannvirkja verði undanþeginn aðflutningsgjöldum. Væntanlega þarf í heimildalögunum að tryggja að innflutningur af hálfu fyrirtækisins á hráefnum og rekstrarvörum, sem beinlínis eru notaðar í framleiðslu á útflutningsvörum frá verksmiðjunni, verði undanþeginn tollum og gjöldum á innflutningi. Hugsanlega þarf að koma til sérákvæði um virðisaukaskatt, t.d. af raforku.

6. Fjalla þarf um skattskyldu þeirra erlendu aðila sem kvaddir yrðu til samvinnu samkvæmt lögum og eiga hluti í félaginu eða láta því í té tæknilega aðstoð. Gert er ráð fyrir að farið verði eftir ákvæðum þeirra tvísköttunarsamninga sem í gildi eru milli Íslands og heimaríkja þessara aðila. Í þeim tilvikum, þar sem slíkum tvísköttunarsamningum er ekki til að dreifa, þarf að veita ríkisstjórninni heimild til að beita í þessu efni ákvæðum annarra tvísköttunarsamninga sem í gildi eru á hverjum tíma.
7. Vænta má að fyrirtækin óski eftir sérákvæðum um að þeim verði heimilt að taka við, geyma, fjárfesta og endurfjárfesta í erlendum gjaldmiðli í reikningum utan Íslands greiðslur eða fjárframlög til fyrirtækisins sem stafar af fjármagnsflutningum eða aðgerðum er varða rekstur þess. Þessi heimild yrði væntanlega háð sanngjörnum skilyrðum um að viðhalda eðlilegu rekstrarfjármagni á Íslandi.

Hér er ekki um tæmandi talningu að ræða. Líklegt er að ákvæði heimildalaga um skattamál verði allítarleg, enda er sérstaða rekstrar af þessu tagi allnokkur og getur kallað á frávik og aðlögun að ákvæðum íslenskra skattalaga. Þá er líklegt að ákvæði verði í heimildalögunum um umhverfismál til að herða á skuldbindingum Atlantal varðandi það og koma til móts við óskir um sérstaka málsmeðferð við veitingu starfsleyfis. En svo sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu hafa Atlantsálsaðilarnir lagt mikla áherslu á að samningur um meginskilmála varðandi útblástur frá álverinu og aðrar mengunarvarnir verði undirritaður samhliða undirritun aðalsamnings um nýtt álver. Þeir hafa tekið skýrt fram að félögin geti ekki hafið framkvæmdir við nýtt álver nema slíkt samkomulag liggi fyrir. Hugsanlega þyrfti sérákvæði til að kveða á um þessa málsmeðferð.

Fylgiskjal IV.

Minnisblað frá iðnaðarráðuneytinu um samninga við Atlantal-hópinn um orkusölu, sent iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis.

(4. maí 1990.)

Á fundi nefndarinnar í dag var sett fram ósk um að gerð yrði nákvæm grein fyrir eftirtöldum atriðum:

1. Grunnverð á raforku til Atlantal-álversins.
2. Tenging grunnverðs á raforku við álverð.
3. Lægsta orkuverð sem Landsvirkjun gæti samið um.

Ekki þykir fært að verða við þessari ósk, enda standa samningaviðræður um nýtt álver nú yfir og afstaða til einstakra þátta er enn í mótun. Afstaða til þessara atriða er háð mati á mörgum atriðum, svo sem þróun álverðs og þróun raunvaxta. Þá koma til ýmis atriði er varða orkusöluna sjálfa, þ.e. hlutfall forgangsorku, kaupskyldu, ábyrgðir og endurskoðunarákvæði.

Þótt ekki sé fært að gera nákvæma grein fyrir ofangreindum atriðum að sinni er rétt að benda á að í 13. gr. laga nr. 42 frá 23. mars 1983 eru skýr ákvæði um það hvernig Landsvirkjun skuli standa að gerð slíkra samninga. Í 3. mgr. 13. gr. laganna segir orðrétt:

„Landsvirkjun gerir orkusölusamninga við almenningsrafveitur og iðjuver innan þeirra marka sem segir í 2. gr. Til orkusölusamninga til langs tíma, við iðjuver sem nota meira en 100 millj. kwst. á ári, þarf Landsvirkjun leyfi ráðherra þess er fer með orkumál. Slíkir samningar mega ekki að dómi ráðherra valda hærra raforkuverði til almenningsrafveitna en ella hefði orðið."

Í greinargerð með raforkulagafrumvarpinu er gerð grein fyrir meginsjónarmiðum sem lögð hafa verið til grundvallar í samningaumleitunum um sölu á raforku til Atlantal-álversins, en þau eru:

a. Heildartekjur af raforku til álversins gerðu gott betur en að standa undir kostnaði vegna flýtingar virkjunarinnar.
b. Orkuverð yrði tengt verði á áli.
c. Eðlileg ákvæði yrðu um endurskoðun.
d. Veittur yrði afsláttur frá orkuverði fyrstu starfsárin.

Samkvæmt yfirlýsingu iðnaðarráðherra og Atlantal-aðilanna sem undirritaður var 13. mars sl. er stefnt að því að samningar um málið í heild liggi fyrir 20. september nk. Meðal þeirra samninga er samningur milli Atlantsál og Landsvirkjunar um orkusölu. Samningar um nýtt álver yrðu lagðir fyrir Alþingi í heild næsta haust annaðhvort í drögum eða lýst nákvæmlega í fylgiskjölum með heimildalagafrumvarpi. Verður þá gerð grein fyrir samningunum í heild og hægt að leggja mat á heildarhagsmuni Íslands af þeim samningum. Í heimildalagafrumvarpi um nýtt álver verður enn fremur gerð ítarleg grein fyrir forsendum Landsvirkjunar fyrir raforkuverði.

Fylgiskjal V.

Minnisblað iðnaðarráðuneytisins varðandi 3. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um raforkuver, sent iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis.

(3. maí 1990.)

Í 3. gr. er lagt til að í stað þess að Alþingi ákveði röð virkjanaframkvæmda í einstökum atriðum verði framkvæmdarvaldinu settar almennar reglur þar að lútandi. Í sérstöku ákvæði til bráðabirgða er þó lögð til ákveðin virkjanaröð takist samningar um nýtt álver með 200 þúsund tonna ársframleiðslugetu á grundvelli yfirlýsingar frá 13. mars 1990.

Telja verður mikilvægt að Alþingi marki almenna stefnu um val á virkjanakostum og eru þær viðmiðanir sem lagðar eru til í 3. gr. eðlilegar, þ.e.:

— að röð framkvæmda við virkjanir ráðist af væntanlegri nýtingu orkunnar,
— að orkuöflunin verði með sem hagkvæmustum hætti fyrir þjóðarbúið,
— að leitast verði við að auka öryggi í vinnslu á raforku, m.a. með eðlilegri dreifingu virkjana um landið,
— að leitast verði við að auka öryggi í flutningi raforku um landið.

Tvennt mælir gegn því að Alþingi ákveði röð virkjana í einstökum atriðum. Í fyrsta lagi er ekki hægt að ákveða röð framkvæmda nema með hliðsjón af orkunýtingu og kemur þá bæði til mismunandi raforkuþörf einstakra iðjukosta og tímasetning framkvæmda. Í öðru lagi er óhyggilegt að festa í lög eða með ályktunum Alþingis til lengri tíma ákveðna röð virkjana sem miðast við mismunandi öruggar spár um orkunýtingu. Auk þess sem framþróun í tækni við virkjanir og flutningsvirki getur á skömmum tíma gjörbreytt hagkvæmni einstakra virkjana eins og nýleg dæmi um Fljótsdalsvirkjun sýnir. Eðlilegt er að framkvæmdarvaldið ákveði hagkvæmustu virkjanakosti á hverjum tíma, en Alþingi setji meginreglurnar um hvernig iðnaðarráðherra, að fengnu áliti Landsvirkjunar, Orkustofnunar og annarra aðila, ákveður virkjanaröð.

Minnisblað iðnaðarráðuneytisins um starfsleyfi fyrir Atlantsál, sent iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis.
(3. maí 1990.)

I. Ferli vegna starfsleyfis.

Í 8. kafla mengunarreglugerðar nr. 386/1989 er fjallað um veitingu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för mmeð sér mengun. Ákvæðum reglugerðarinnar verður fylgt eftir því sem kostur er, en þó er stefnt að því að samningur um meginskilmála varðandi útblástur og aðra meginþætti mengunarvarna verði undirritaður samhliða undirritun aðalsamnings um nýtt álver. Vegna þessa er nauðsynlegt að ýmsum þáttum umhverfisrannsókna sé lokið áður en aðalsamningur verður undirritaður. Hér á eftir verður gerð grein fyrir meginatriðum í ferli undirbúnings vegna starfsleyfis fyrir Atlantsál.

1. Til að stuðla að því að afgreiðsla starfsleyfis geti gengið hratt, jafnframt því sem greinar 8.2.5. og 8.2.6. í reglugerðinni séu uppfylltar var efnt til samstarfs milli ráðgjafarnefndar um áliðju, heilbrigðisráðuneytisins og Hollustuverndar ríkisins í byrjun árs 1989. Til skýringar skal þess getið að grein 8.2.5. kveður á um að Hollustuvernd ríkisins og umsagnaraðilar geti sett það sem skilyrði að fram fari ýmsar athuganir á kostnaði umsækjanda og það ákvæði, sem vísað er til í grein 8.2.6., kveður á um að forkönnun skuli gerð vegna staðarvals þar sem fram fari mat á umhverfisröskun vegna starfseminnar. Meðan Alusuisse var í Atlantal-hópnum og gert var ráð fyrir að álverið yrði í Straumsvík tók fulltrúi frá heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar einnig þátt í samstarfinu. Þessi hópur hefur tekið þátt í viðræðum við Atlantsálsaðilana, mótað tillögur um nauðsynlegar undirbúningsrannsóknir vegna starfsleyfisumsóknar o.fl. Auk þessara hefur verið rætt við fulltrúa frá Náttúruverndarráði og Vinnueftirliti ríkisins. Framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs og Vinnueftirlits ríkisins tóku m.a. þátt í skoðunarferð sem farin var til Frakklands til að skoða álver sem er sambærilegt því sem hér hefur verði gert ráð fyrir að reisa. Álverið er jafnframt að hluta rekið til rannsókna og til að þróa framleiðslutækni við álframleiðslu.
2. Stefnt er að því að Atlantsál sendi umsókn um starfsleyfi fljótlega eftir að staðsetning þess hefur verið ákveðin. Með umsókninni mun m.a. fylgja spá um dreifingu mengandi efna auk þeirra gagna sem kveðið er á um í grein 8.2.2. í mengunarreglugerðinni. Með því móti er ætlunin að flýta fyrir mati á hugsanlegri dreifingu mengunar, sbr. ákvæði 8.2.4. í reglugerðinni. Hollustuvernd ríkisins tók þátt í viðræðum við sérfræðing NILU (Norsk institutt for luftforskning) vegna dreifingarspárinnar.
3. Í grein 8.2.6. í mengunarreglugerðinni er kveðið á um að áður en starfsemi nýs álvers hefst skuli til samanburðar við síðara ástand framkvæma nauðsynlegar rannsóknir og mælingar á þeim umhverfisþáttum sem helst verða fyrir áhrifum af starfseminni. Stefnt er að því að þessar rannsóknir hefjist, að svo miklu leyti sem þær hafa ekki verið gerðar áður, þegar samningar um nýtt álver hafa tekist.
4. Samhliða undirritun aðalsamnings um nýtt álver er gert ráð fyrir að undirritað verði samkomulag um umhverfismál þess, sjá fskj. II.
5. Þess er vænst að starfsleyfi geti legið fyrir áður en framkvæmdir hefjast.

II. Samkomulag um umhverfismál.

Svo sem vikið er að í frumvarpi til laga um raforkuver hafa Atlantsálsaðilarnir lagt áherslu á að undirritað verði samkomulag um meginatriði mengunarskilmála nýs álvers samhliða undirritun aðalsamnings. Í aðalatriðum hafa þeir óskað eftir að auk ákvæða um útblástursmörk álversins, þ.e. magn brennisteinstvíildis, flúors og ryks á hvert framleitt tonn

af áli verði kveðið á um nokkur önnur meginatriði svo sem förgun kerabrota og annars úrgangs. Óska þeir eftir að samkomulagið — sem verði undirritað milli Atlantsál og heilbrigðisráðuneytisins eða þess ráðuneytis sem gefur út starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 81 1981, sbr. reglugerð 386/1989 — kveði á um að starfsleyfi skuli útgefið með þeim meginskilmálum sem í samkomulaginu greinir. Starfsleyfið verði hins vegar gefið út þegar ferli samkvæmt reglugerðinni, með þeim undirbúningi sem þegar er hafinn, er lokið. Starfsleyfið verði byggt á ofangreindum meginforsendum auk þess sem kveðið verði nánar á um aðra þætti, þar með talið mælingar, eftirlit og önnur framkvæmdaratriði.

Atlantsálsaðilarnir vilja með öðrum orðum ekki undirrita samkomulag við ríkisstjórnina sem skuldbindur þá til að reisa og reka álbræðslu hér á landi nema skriflega sé frá því gengið samhliða að álverið, sem þeir hafa samið um, standist kröfur sem til þess yrðu gerðar í starfsleyfi.

Ekki er hægt að leggja fram drög að umræddu samkomulagi þar sem fullmótuð drög liggja ekki fyrir.

Fylgiskjal VI.

Listi yfir verkefni sem ráðgjafarnefnd um umhverfisáhrif iðjuvera er ætlað að vinna að.
(2. maí 1990.)

I. Varðandi Atlantal-álverið er nefndinni ætlað að veita iðnaðarráðuneytinu umsögn um eftirfarandi þætti:

a. Mikilvæga þætti í umhverfisathugun.
b. Útreikninga NILU á dreifingu mengandi efna og mat á áhrifum þeirra á menn, dýr, gróður o.fl.
c. Áætlun um mælingar á loftgæðum og túlkun þeirra.
d. Mælingar á áhrifum álversins á umhverfi eftir að það tekur til starfa.

II. Almennt er nefndinni ætlað að veita iðnaðarráðuneytinu umsögn um:

e. Íslenskar kröfur um loftgæði og forsendur þeirra og samanburð við erlendar kröfur.
f. Áhrif mengandi efna á líf (menn, dýr, gróður, sjávarlíf), vatn og land.
g. Upptökuhæfni náttúrunnar á mengandi efnum hér á landi samanborið við önnur lönd.
h. Þörf á umhverfisrannsóknum vegna frekari uppbyggingar orkufrekrar stóriðju.
i. Áhrif íslenskra iðjuvera á umhverfið, mat á hvað hentar íslenskum aðstæðum, hvað ber að varast og hvar er best að velja iðjuverum stað.
j. Innlenda ráðgjafa í umhverfismálum.

III. Umsögn um starfandi iðjuver eftir því sem óskað verður eftir.

Listi yfir nefndarmenn er í frumvarpinu.

Fylgiskjal VII.

Landsvirkjun:

Svör við skriflegum spurningum iðnaðarnefndar neðri deildar Alþingis, sem lagðar voru fram á fundi nefndarinnar 2. maí 1990, í tengslum við umfjöllun um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver o.fl.
(2. maí 1990.)

1. Framleiðslukostnaður LV á selda kílóvattstund sl. 10 ár aur/mill.

Meðalkostnaður við rekstur Landsvirkjunarkerfisins sl. 10 ár dreift á allar seldar kílóvattstundir er sem hér segir á verðlagi hvers árs.

	Aur/kwst.	Mill/kwst.
Árið 1980	680	14.2
Árið 1981	10.8	14.8
Árið 1982	23.5	18.7
Árið 1983	47.3	18.9
Árið 1984	62.2	19.6
Árið 1985	73.6	17.7
Árið 1986	83.2	20.2
Árið 1987	84.8	21.9
Árið 1988	108.8	25.2
Árið 1989	116.9	20.4

Taka ber skýrt fram að ofangreindar tölur eru meðaltalstölur og sýna ekki hlutdeild einstakra viðskiptavina Landsvirkjunar í kostnaðarverðinu. T.d. er framleiðslukostnaðurinn mun minni til stóriðju en til almenningsveitna. Kemur þar margt til m.a. að stóriðja fullnýtir virkjun strax en almenningsveiturnar taka nokkur ár til þess. Enn fremur krefst stóriðjumarkaðurinn tiltölulega minna uppsetts afls í virkjunum. Þá má nefna að inn í ofangreindum tölum er rekstrarkostnaður við byggðalínukerfið sem ekki getur talist kostnaður vegna rafmagnssölu til stóriðju.

Á verðlagi á miðju ári 1989 verða ofangreindar tölur í aur/kwst. sem hér segir og er þá miðað við byggingarvísitölu.

	Aur/kwst.
Árið 1980	92.6
Árið 1981	96.6
Árið 1982	134.8
Árið 1983	159.7
Árið 1984	173.6
Árið 1985	155.6
Árið 1986	141,2
Árið 1987	122.2
Árið 1988	133.2
Árið 1989	116.9

2. *Framleiðslukostnaður raforku frá Blönduvirkjun og viðbótarvirkjunum miðað við sölu til álbræðslu.*

Framleiðslukostnaður rafmagns vegna nýrrar stóriðju ræðst af því hvað leggja þarf í mikinn viðbótarkostnað í orkukerfinu umfram það sem nægjanlegt er ef eingöngu væri virkjað fyrir almenningsveitur. Þessi kostnaður, svonefndur flýtingarkostnaður, hefur verið reiknaður út en ekki þykir ráðlegt að gera opinberlega grein fyrir honum að svo stöddu vegna þeirra samningaviðræðna sem nú eru væntanlega að fara í hönd við Atlantal-hópinn.

3. *Forsendur: Stofnkostnaður, vextir o.s.frv.*

Stofnkostnaður þeirra virkjana, sem fyrirhugaðar eru vegna byggingar nýs álvers, er eftirfarandi á verðlagi í desember 1989.

	Stofnkostnaður[1]			
	Afl mw.	Orka gwst./ár	Samtals m.kr.	Á orkuein. kr./kwst./ári
1. Blönduvirkjun	150	610	12.400	
2. Stækkun Blöndulóns	–	110	278	17,6[2])
3. Stækkun Búrfells, Þórisvatns og 5. áf. Kvíslaveitu	100	530	6.266	11,82
4. Nesjavellir	30	180	906	5,04
5. Fljótsdalsvirkjun	240	1460	18.673	12,79
6. Krafla	30	180	1.411	7,84

Þær háspennulínur, sem reisa þarf í þessu skyni, eru eftirfarandi:

	Spenna kv.	Lengd km	Stofnkostnaður m.kr.
1. Blanda-byggðalína	132	12	176
2. Sandskeið-Hamranes	220	24	239
3. Nesjavellir-Korpa	132	35	253
4. Búrfell-Sandskeið	220	96	955
5. Fljótsdalur-Akureyri	220	295	2.482
6. Hrauneyjafoss-Akureyri	220	200	2.670

1) Með 5,5% vöxtum á byggingartíma.
2) Stofnkostnaður fyrir endanlega virkjunarstærð.

Við útreikninga á framleiðslukostnaði raforku er reiknað með 4–7% vöxtum á fjárfestingum. Reiknað er með eftirfarandi afskriftum og árlegum rekstrarkostnaði:

	Afskriftatími ár	Árlegur rekstrarkostnaður % af stofnkostnaði
Vatnsaflsvirkjanir	40	0,7
Gufuvirkjanir	25–30	3,0–5,0
Háspennulínur	30	1,0
Tengivirki	30	1,0

4. *Rafmagnssamningur vegna álbræðslu: Verð, verðtrygging, endurskoðun.*
5. *Hugmyndir um tengingu við álverð. Hvernig? Verðþróun á áli, spá.*

Gert er ráð fyrir langtímasamningi milli Landsvirkjunar og Atlantsáls um sölu á um 2.800 gwst. af raforku sem í meginatriðum yrði þannig frá sjónarmiði Íslendinga:

a. Heildartekjur af orkusölu til álversins gerðu gott betur en standa undir flýtingarkostnaði vegna virkjana.
b. Orkuverð yrði tengt verði á áli.
c. Veittur yrði afsláttur á orkuverði fyrstu starfsárin. Af viðskiptalegum ástæðum er ekki fært að gera opinberlega grein fyrir hugmyndum um orkuverð á þessu stigi, enda eru þær ekki fullmótaðar. Sama máli gegnir um álverðsspár sem stuðst verður við og aðra skilmála.

6. *Núverandi hlutfall raforkusölu: Stjórnendur/aðrir + tekjuhlutföll.*

Árið 1989 var raforkusala til stóriðju 55,5% af heildarsölu og raforkusala til almenningsveitna 44,5%. Tekjurnar skiptust hins vegar þannig að frá stóriðjunni komu 36% af tekjunum árið 1989 en 64% frá almenningsveitunum.

7. *Hvert yrði hlutfall raforkusölu eftir 200 þ.tn. og 400 þ.tn.?*

Hlutfall raforkusölu til stóriðju af heildarsölu er breytilegt eftir stærð hins almenna markaðar. Því verður þessari spurningu ekki svarað nema að miða við ákveðið ár í hlutfallsreikningi. Sé miðað við að árið 1995 verði fyrsta heila starfsár nýrrar 200 þ.tn. álbræðslu verður ofangreint hlutfall 62% fyrir stóriðjumarkaðinn og 38% fyrir almenna markaðinn.

Af augljósum ástæðum er ekki hægt að upplýsa ofangreint hlutfall með 400 þ.tn. nýju álveri þar sem ekkert er vitað um hvenær það kæmi til með að hefja starfrækslu.

8. *Fjármögnun virkjana: Eigið fé, erlend lán, innlend lán.*

Gert er ráð fyrir að 80–85% virkjanakostnaðar verði fjármagnaður með lánsfé, aðallega erlendu og 15–20% af eigin fé.

9. *Hversu mikið eigið fé er komið í Blöndu? Erlend lán, innlend lán.*

Blönduvirkjun er bókfærð á um 6.510 m.kr. í árslok 1990. Fjármögnunin er þannig:

	M.kr.	%
Eigið fé:	1.600	25
Erlend lán:	4.500	69
Innlend lán:	410	16
Samtals	6.510	100

10. *Framkvæmdaáætlanir vegna nýrra virkjana 1990–1994.*

Í meðfylgjandi verkáætlun, sjá fskj. I, er gert ráð fyrir því að nýtt álver taki til starfa um mitt ár 1994. Stækkun Búrfellsvirkjunar verður samkvæmt þessu unnt að taka í rekstur 1. febrúar 1994 og Fljótsdalsvirkjun 1. október 1994. Þessi áætlun miðast við að ákveðin undirbúningsvinna sé unnin á árinu 1990 auk hönnunar til að unnt sé að hefja framkvæmdir af

fullum krafti á árinu 1991. Á þetta einkum við varðandi Fljótsdalsvirkjun, en nauðsynlegt er að hefja þar undirbúningsframkvæmdir nú í sumar jafnhliða hönnun mannvirkja og útboðsgagnagerð ef miðað er við ofangreind tímamörk á gangsetningu virkjunarinnar. Talið er að undirbúnings- og hönnunartími áður en eiginlegar framkvæmdir hefjast þurfi að vera a.m.k. 13 mánuðir og lágmarksframkvæmdatími að gangsetningu fyrstu vélar er talinn vera 43 mánuðir.

Ef miðað er við að stækkun Búrfellsvirkjunar verði tekin í notkun 1. ágúst 1994 munu fyrstu framkvæmdir þurfa að hefjast þar sumarið 1991, en skemmsti framkvæmdatími er talinn vera þrjú ár auk hönnunar- og undirbúningstíma.

11. FDV og tilhögun jarðgangagerðar.

Við verkhönnun Fljótsdalsvirkjunar á árunum 1980–1982 var gert ráð fyrir að vatni frá Eyjabakkalóni og af Fljótsdalsheiði yrði veitt um 24 km langan aðrennslisskurð norður heiðina að allstóru inntakslóni og þaðan um göng að neðanjarðarvirkjun.

Á allra síðustu árum hefur orðið tæknilega unnt að heilbora jarðgöng í lagskiptum berglögum eins og eru hér á landi og jafnframt hafa orðið miklar tækniframfarir í hefðbundinni jarðgangagerð. Þessar breyttu aðstæður gera það að verkum að jarðgöng eru nú talin hagkvæmari kostur en skurður. Hin nýja tilhögun gerir ráð fyrir því að vatni sé veitt frá Eyjabakkalóni um 33 km leið að lóðréttum fallgöngum við stöðvarhús og þaðan verða frárennslisgöng og skurður út í Jökulsá á svipaðan hátt og fyrr var ráðgert. Hönnun stöðvarhúss og Eyjabakkastíflu svo og veitu frá Sauðá, Grjótá og Kelduá inn í Eyjabakkalón er óbreytt.

Helstu kostir þessarar tilhögunar umfram þá fyrri eru eftirfarandi:

1. Styttri byggingartími og minni árstíðasveiflur í mannafla.
2. Lægri stofnkostnaður á orkueiningu.
3. Verulega minni landspjöll sökum þess að aðrennslisskurður verður ekki grafinn og ekki hin allstóru lón við stöðvarinntak, samtals um 27 km^2.
4. Aukið rekstraröryggi að vetri til þar eð veðurfar hefur ekki áhrif á rennsli í aðrennslisgöngum.

Endanlegri verkhönnun þessarar tilhögunar er enn ekki að fullu lokið. Meginatriði varðandi hönnun jarðganga eru þó nokkuð ljós. Gert er ráð fyrir að um 25 km af gangaleiðinni verði boraðir með tveimur borvélum, en um 8 km verði hefðbundin sprengd göng. Miðað við að afl virkjunar verði eins og áður var ráðgert, 240 mw., og virkjað rennsli um 48 m^3/sek. verður þvermál boruðu ganganna 5,4 m, breidd sprengdu ganganna verður 6,0 m. Göngin munu halla um 3,5 0/00 (3,5 m pr. km) til norðurs í rennslisátt.

Aðkomugöng inn í aðrennslisgöng á byggingartíma verður á fjórum stöðum, við gangaenda beggja megin, þ.e. við lóðréttu göngin og við Eyjabakkastíflu og á tveimur stöðum þar á milli. Þessi göng verða á bilinu 500–1000 á lengd og er talið nauðsynlegt að hefja byrjunarframkvæmdir við hluta þeirra á þessu ári til að unnt sé að hefjast handa við gangagerðina af fullum krafti fyrri hluta árs 1991.

Aðrennslisgöngin munu vera í u.þ.b. 490–510 m hæð, þ.e. á 100–130 m dýpi og ræðst lega þeirra nokkuð af því. Berglög á þessu dýpi eru talin heppileg til gangagerðar samkvæmt þeim berglagasniðum sem gerð hafa verið af svæðinu. Borun niður á 200 m dýpi á gangastæði staðfesti þetta. Enn fremur er fyrirhugað að bora nk. sumar 3–4 holur á gangastæði til frekari rannsókna á eðli og gæðum berglaga á væntanlegri gangaleið.

12. Er nauðsynlegt að hraða undirbúningi? Áhrif á samningsstöðu?

Til að tryggja að Landsvirkjun geti séð 200.000 tonna álverksmiðju fyrir raforku 1994 miðað við núverandi ráðagerðir er nauðsynlegt að halda áfram undirbúningsvinnu í þágu hlutaðeigandi virkjana. Lágmarksfjárfesting í ár í þessu skyni er um 300 m.kr., einkum vinnu við hönnun, rannsóknir, útboðsgagnagerð og ýmsa aðstöðusköpun eins og fram kemur hér að framan. Til að draga úr hættu á að fjárfest verði meira en þörf krefur verður að leitast við að endurskoða fjárfestingaráformin nægilega oft á árinu til að draga megi í land með fjárfestingar eftir því sem samningaviðræður kunna að gefa tilefni til. Þessi undirbúningur er tiltölulega lítill miðað við þann kostnað sem þegar hefur verið lagt í vegna rannsókna og undirbúnings í þágu hlutaðeigandi virkjanakosta á undanförnum árum. Miðað við stöðu álmálsins nú er umrædd fjárfesting í ár forsenda fyrir því að kostnaður af svipuðu tagi og hingað til skili arði fyrr eða seinna. Hér er því ekki um það að ræða að fjárfestingin í ár veiki samningsaðstöðu okkar, þvert á móti styrkir hún okkur í þeim möguleika að nýta fjárfestingar á fyrri árum með raforkusölu á viðunandi verði.

13. Hönnun virkjana: Yfirlit um hverjir starfa að hönnun, kostnaður, innlendir og erlendir hönnuðir.

Fljótsdalsvirkjun:

Endanleg ákvörðun um hönnunaraðila hefur enn ekki verið tekin. Þeir aðilar, sem unnu að gerð verkhönnunar á sl. ári, munu gera Landsvirkjun tilboð í lokahönnun, útboðsgagnagerð og tilheyrandi vinnu á næstu vikum. Þessir aðilar eru Electrowatt í Zurich, Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf., Almenna verkfræðistofan hf. og Rafhönnun hf.

Stækkun Búrfellsvirkjunar:

Ráðgjafar eru Almenna Verkfræðistofan hf. og Rafhönnun hf.

Fimmti áfangi Kvíslaveitna og stækkun Þórisvatns:

Ráðgjafar hafa frá upphafi þessara framkvæmda verið Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf.

Bygging háspennulínu frá Fljótsdal til Akureyrar og þaðan að Hrauneyjafossi:

Við frumhönnun þessara framkvæmda hafa ráðgjafar verið Hönnun hf., Línuhönnun hf. og Hnit hf.

Af ofansögðu er ljóst að ekki hefur verið gengið frá samningum við hönnuði nema að litlu leyti. Af þeim sökum er kostnaður vegna hönnunarvinnu óljós á þessu stigi.

14. Tilhögun útboða, yfirlit.

Eins og fram kemur hér að framan er hönnunarvinna ekki það langt komin að ákvörðun um tilhögun útboða liggi fyrir. Útboð hafa farið fram á raf- og vélbúnaði við stækkun Búrfells, en ekki hefur verið samið við bjóðendur. Ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um tilhögun útboða á byggingarvinnu.

Við Fljótsdalsvirkjun er líklegt að vegagerð á virkjunarsvæðinu verði boðin út í sumar og miðast þá við nauðsynlegustu vegi vegna væntanlegra framkvæmda við gangagerð. Verði af samningum um byggingu 200.000 tonna álvers sem taki til starfa 1994 er nauðsynlegt að framkvæmdir við gerð gangamunna aðkomuganga hefjist í haust til að væntanlegur verktaki við gangagerð komist að verki á fyrri hluta næsta árs.

Ákvörðun um frekari tilhögun útboða verður tekin þegar vinna við útboðsgagnagerð hefst af fullum krafti væntanlega síðar á þessu ári.

15. Hvers vegna ný Búrfellsvirkjun í stað stækkunar Hrauneyjafoss: Sigöldu?

Stækkun Búrfellsvirkjunar mun nýta verulegt rennsli sem fer nú fram hjá virkjuninni. Miðast stækkun virkjunarinnar við að nýta þetta rennsli. Með aukinni miðlun á Þjórsár-Tungnaársvæði verður þetta unnt þannig að eðlilegt afljafnvægi verður milli virkjananna í Tungnaá miðað við núverandi stærð þeirra og við Búrfell eftir stækkun virkjunarinnar. Vegna ríflegs uppsetts afls í Hrauneyjafossi og Sigöldu mun orkuvinnslugeta kerfisins ekki aukast neitt með viðbótarvélum við rennsli úr Kvíslaveitunni, hins vegar mun orkuvinnslugetan aukast um ríflega 500 gwst. á ári með tilkomu Búrfellsvirkjunar auk þess sem sú virkjun eykur aflið á Þjórsársvæðinu um 100 mw.

16. Suðurlandsskjálfti, hættumat. Fyrirkomulag tryggínga.

Landsvirkjun hefur látið gera sérstakt mat á áhrifum væntanlegs Suðurlandsskjálfta á virkjanamannvirki og háspennulínur.

Samkvæmt þessu mati munu mannvirki við Sog og Búrfell standast áraun líklegra skjálfta án þess að verða fyrir teljandi tjóni. Sama má segja um háspennulínurnar. Sigalda og Hrauneyjafoss liggja utan við mestu jarðskjálftasvæðin og eru auk þess hönnuð til þess að standast verulega jarðskjálfta svo að það eru taldar minni líkur á jarðskjálftaskemmdum þar en t.d. við Búrfell. Hvað varðar Kröflu er mat á ástandi svæðisins í gangi, en flestir virðast á þeirri skoðun að núverandi eldgosahrina sé liðin hjá.

Vatnsaflsstöðvar Landsvirkjunar eru ásamt stíflumannvirkjum í svonefndri „All Risk"-tryggingu gegn náttúruhamförum, svo sem jarðskjálftum, eldgosum og flóðum. Vátryggingarupphæðin er alls 93 millj. Iðgjaldið var 85.970 tímabilið 22. nóvember 1988 til 22. nóvember 1989, en fékkst lækkað í 29.500 fyrir tímabilið 22. nóvember 1989 til 22. nóvember 1990.

Verði verulegt tjón á Kröfluvirkjun vegna náttúruhamfara ber ríkinu að greiða Landsvirkjun allan kostnað sem leiðir af tjóninu samkvæmt sérstökum samningsákvæðum.

Framkvæmdir í raforkukerfinu, nýtt 200.000 tonna álver 1994, verkáætlun.



Fylgiskjal VIII.

Undirbúningur vegna nýrrar stóriðju, kostnaðaráætlun 1990.

Verðlag í desember 1989.
(VB=159,6.)

	JAN	FEB	MAR	APR	MAÍ	JÚN	JÚL	ÁGÚ	SEP	OKT	NÓV	DES	ALLS	SAMT.
STÆKKUN BÚRFELLS														
Ráðgjafar	2	2	4	4	4	4	2	4	4	4	4	2	40	
Vinnubúðir													0	
Dæling				4		1	1	1					7	47
5. AF. KVÍSLAVEITU														
Ráðgjafar													0	
Rannsóknir													0	0
FLJÓTSDALSVIRKJUN														
Ráðgjafar		1	1	5	8	10	11	12	12	14	14	13	101	
Rannsóknir og mælingar					1	2	2	1	1	1			8	
Kjarnaborun							6	6	8	3			23	
Vegagerð							6	15	15	3			39	
Aðkomugöng								4	20	20	3		47	
Aðstaða							2	2	3	2	1		10	228
HÁSPENNULÍNUR														
BÚRFELL-SANDSKEIÐ					1	1	1	2	1	1			7	
FLJÓTSD.-AKUREYRI				2	2	2	2	2	2	2	1	1	16	
HRAUNEYJAF.-AKUREYRI							1	1					2	25
SAMTALS MKR.	2	3	5	15	16	20	34	50	66	50	23	16		300
UPPSAFNAÐ MKR.	2	5	10	25	41	61	95	145	211	261	284	300		

Fylgiskjal IX.

Svör Þjóðhagsstofnunar.

Þjóðhagsstofnun hefur að beiðni iðnaðarnefndar neðri deildar Alþingis tekið saman (3. maí 1990) eftirfarandi svör við spurningum nefndarinnar:

1. *Hvert er verðmæti áltonns í samanburði við þorsktonn?*

Rétt er að vekja athygli á því að samanburður á áltonni og þorsktonni hefur í sjálfu sér ekkert gildi af þeirri einföldu ástæðu að ekki er um neitt val að ræða milli þess að auka þorskafla og auka álframleiðslu. Samanburður af þessu tagi hefur því að sjálfsögðu engin áhrif á niðurstöður um þjóðhagsleg áhrif Atlantal-álvers. Vergur innlendur virðisauki af áltonni og þorsktonni er svipaður, en hins vegar eru hreinar gjaldeyristekjur tvöfalt til þrefalt meiri af þorsktonni. Nánari samanburður kemur fram í töflu sem fylgir hér með.

2. *Hver eru áhrif Atlantal-álvers á ráðstöfunartekjur heimilanna?*

Kaupmáttur ráðstöfunartekna í heild er talinn verða um 5% hærri 1997 þegar álver hefur náð fullum afköstum en án álvers. Ráðstöfunartekjur í heild eru áætlaðar um 200 milljarðar kr. á þessu ári. Í þessu felst að ráðstöfunartekjur fjögurra manna fjölskyldu á ári verða um það bil 160 þúsund krónum hærri en án álvers.

3. *Hversu mikið er eigið fé í atvinnurekstri á Íslandi og hve mikil er erlend fjárfesting hér á landi?*

Lauslega áætlað var eigið fé í heild í íslenskum atvinnurekstri um 200 milljarðar kr. á árinu 1989. Ekki liggja fyrir glöggar upplýsingar um erlenda fjárfestingu hér á landi. Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar hefur þó verið áætlað að eigið fé erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi sé um það bil 4–5 milljarðar kr.

Þjóðhagsstofnun:

Samanburður á verðmæti áls og þorsks.
(3. maí 1990.)

		Meðaltöl		
Verðmæti áls í kr./kg., verðlag 1989		1995-1999	1995-2004	1995-2014
Vergt útflutningsverðmæti		102	104	105
Innflutt aðföng alls		54	55	55
Vergur innlendur virðisauki		48	49	50
Afborganir og vextir af erlendum hluta fjárfestingar 1)		22	21	19
Arður úr landi		12	12	13
Hreinar innlendar tekjur		14	16	19
Verðmæti óslægðs þorsks í kr./kg.,	**1989**			
Vergt útflutningsverðmæti	65			
Innflutt aðföng	16			
Vergur innlendur virðisauki	49			
Erlendur hluti árgreiðslu	7			
Hreinar innlendar tekjur	42			
Hlutfall: þorsktonn/áltonn		**1995-1999**	**1995-2004**	**1995-2019**
Vergur innlendur virðisauki		1	1	1
Hreinar innlendar tekjur		3	3	2

1) Gert er ráð fyrir 6% raunvöxtum, til samræmis við árgreiðslu í sjávarútvegi.

Fylgiskjal X.

GREINARGERÐ MENGUNARVARNA HOLLUSTUVERNDAR RÍKISINS
(Send iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis 3. maí 1990
vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 60/1981,
um raforkuver o.fl., 524. mál á 112. löggjafarþingi.)

Starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun.

Í mengunarvarnareglugerð nr. 396/1989 er álframleiðsla talin upp í viðauka 7 yfir atvinnurekstur sem heilbrigðisráðherra gefur út starfsleyfi fyrir. Um starfsleyfisumsóknir, vinnslu starfsleyfistillagna og rétt til athugasemda fer samkvæmt eftirfarandi útdrætti úr mengunarvarnareglugerð.

8.2. Starfsleyfisumsókn og vinnsla starfsleyfistillagna.

8.2.1. Umsóknir um starfsleyfi skulu sendar Hollustuvernd ríkisins. Umsækjendur greiða kostnað við starfsleyfisvinnsluna samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra gefur út.

8.2.2. Umsóknum skal fylgja nákvæm lýsing á starfseminni, upplýsingar um mengunarhættu og fyrirhugaðar mengunarvarnir, lýsing á og uppdrættir af staðsetningu, staðháttum, byggingum og næsta umhverfi, svo og önnur þau gögn sem máli kunna að skipta.

8.2.3. Hollustuvernd ríkisins skal við gerð starfsleyfistillagna ávallt leita umsagnar Náttúruverndarráðs og heilbrigðisnefndar. Einnig umsagnar Vinnueftirlits ríkisins, eiturefnanefndar, Siglingamálastofnunar ríkisins og annarra sérfróðra aðila, eftir því sem við á hverju sinni.

8.2.4. Áður en umsagnar heilbrigðisnefndar og Náttúruverndarráðs er leitað, skal liggja fyrir mat á áhrifum hugsanlegrar mengunar á umhverfið. Það skal unnið á vegum Hollustuverndar ríkisins.

8.2.5. Telji Hollustuvernd ríkisins eða umsagnaraðilar að upplýsingar um mengun og áhrif hennar á umhverfið skorti má setja sem skilyrði að fram fari athuganir, mælingar eða rannsóknir á kostnað umsækjanda.

8.2.6. Ef um er að ræða meiri háttar atvinnurekstur, t.d. þar sem fjárfesting er meiri en 600 milljónir miðað við byggingarvísitölu 136 1. apríl 1989, skal gera forkönnun vegna staðarvals þar sem fram fari mat á umhverfisröskun vegna starfseminnar. Sama gildir ef á takmörkuðu svæði á sér stað mikil uppbygging smærri fyrirtækja og Hollustuvernd ríkisins telur að hætta sé á röskun lífríkis eða óviðunandi mikilli mengun lofts, láðs eða lagar. Einnig skal, áður en starfsemi hefst, þegar fjárfesting í atvinnurekstri er meiri en 600 milljónir miðað við byggingarvísitölu 136 til samanburðar við síðara ástand, framkvæma nauðsynlegar rannsóknir og mælingar á þeim umhverfisþáttum sem helst verða fyrir áhrifum af starfseminni. Rannsóknir og mat á umhverfisröskun er á kostnað umsækjanda.

8.3. Réttur til athugasemda.

8.3.1. Telji starfsleyfisumsækjandi að krafist sé óeðlilegra athugana og/eða rannsókna, sbr. gr. 8.2.5. og 8.2.6., getur hann leitað úrskurðar ráðherra.

8.3.2. Starfsleyfistillögur skulu liggja frammi á skrifstofu viðkomandi sveitarstjórnar til kynningar þeim aðilum sem rétt hafa til að gera athugasemdir, sbr. 8.3.3. Skal auglýsing þess efnis birt í *Lögbirtingablaðinu*. Frestur til að gera athugasemdir er 6 vikur frá því starfsleyfistillögur eru fyrst kynntar. Heimilt er að lengja frestinn í allt að 12 vikur, ef sérstakar ástæður mæla með því.

8.3.3. Rétt til að gera athugasemdir við starfsleyfistillögur hafa eftirtaldir aðilar:

1. Sá sem sótt hefur um starfsleyfi, svo og forsvarsmenn og starfsmenn tengdrar eða nálægrar starfsemi.
2. Íbúar þess svæðis sem ætla má að geti orðið fyrir óþægindum vegna mengunar.
3. Opinberir aðilar, félög og aðrir þeir sem málið varðar.

8.3.4. Skriflegar athugasemdir við starfsleyfistillögur skal senda Hollustuvernd ríkisins. Stofnunin kannar málið í ljósi þeirra athugasemda sem fram hafa komið og lætur í ljós álit. Sætti aðilar málsins sig ekki við það álit og náist ekki málamiðlun úrskurðar ráðherra ef í hlut eiga opinberar eftirlitsstofnanir, sveitarstjórnir eða umsækjandi. Eigi aðrir í hlut er heimilt að vísa málinu til stjórnar Hollustuverndar ríkisins og sætti aðilar sig ekki við úrskurð hennar skal vísa málinu áfram til sérstakrar úrskurðarnefndar samkvæmt lögum nr. 81/1988.

Í starfsleyfi eru m.a. ákvæði um mengunarvarnabúnað, hvernig farga skuli úrgangi, hámarksgildi leyfilegra mengunarefna í fráveituvatni og útblæstri, hvernig eftirliti skuli háttað (emissions- og imissionsmælingar) eftir að rekstur er hafinn og fleira. Starfsleyfið ákveður því hvernig fyrirtækið skuli haga sínum rekstri með tilliti til umhverfis. Rétt er í þessu sambandi að benda á að þótt ef til vill sé hægt að gera samkomulag um meginskilmála starfsleyfis fyrir fram getur endanleg gerð þess aldrei legið fyrir fyrr en allar athugasemdir við tillögur Hollustuverndar ríkisins hafa borist.

Við gerð starfsleyfis er hvert einstakt fyrirtæki skoðað sérstaklega og kröfur mótaðar með tilliti til aðstæðna. Í þessu felst að gerð er veruleg krafa um sérþekkingu mengunarvarnaaðila bæði á viðkomandi starfsemi og umhverfisáhrifum hennar. Eðlilegt er við slíkar aðstæður þegar um stórframkvæmdir eins og nýtt álver er að ræða að um samstarf mengunarvarnaaðilans og undirbúningsaðila sé að ræða frá upphafi. Á þann hátt er tryggt að mengunarvarnir fái það vægi sem þeim ber. Öflun nauðsynlegra upplýsinga og allur undirbúningur starfsleyfis ætti að geta orðið markvissari.

Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins telja, sérstaklega í ljósi þess að stefnt er að samkomulagi um umhverfismál samhliða aðalsamningi, að nokkuð hafi skort á til þessa að stofnunin tæki nægilegan þátt í mótun krafna og að upplýsingar um stöðu mála hafi borist.

Kröfur um mengunarvarnir.

Kröfur um mengunarmörk hafa ekki verið settar fram á vegum mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins í tengslum við umræðu um nýtt álver og hefur ekki borist erindi frá stjórnvöldum um að slíkar kröfur yrðu mótaðar.

Þegar umræður voru í gangi um álver við Eyjafjörð árið 1984 lögðu mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins að ósk staðarvalsnefndar fram tillögur um hreinsibúnað og um hámarksmengun í útblásturslofti hugsanlegs álvers, sbr. fskj. I. Í þeim tillögum var gert ráð fyrir að mörk fyrir hámarksmagn flúoríðs væri 0,8 kg/tonn ál, fyrir brennisteinsdíoxíð 6,0 kg/tonn ál og ryk 2,5 kg/tonn ál. Þessar tölur miðast allar við ársmeðaltal. Miðað er við að afsogsloft frá kerum sé hreinsað í þurrhreinsibúnaði og síðan í vothreinsibúnaði.

Rétt er að benda á að kröfur um mengunarvarnir vegna nýs álvers gera ráð fyrir að nýtt álver sé byggt samkvæmt fullkomnustu tækni og búið fullkomnum hreinsibúnaði.

Í umræðum um staðsetningu nýs álvers hafa ýmsir staðir verið nefndir. Ljóst er að umrædd svæði eru ólík með tilliti til auðlindanýtingar. Er ástæða að leggja á það áherslu að nauðsynlegt er að fyrir liggi fullnægjandi mat og útreikningar á dreifingu mengunar miðað við hugsanlega staðsetningu. Jafnframt að fram fari nánari könnun á viðkomandi svæðum, sbr. bréf mengunarvarna til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 16. janúar 1990, sjá fskj. II. Þetta er m.a. mikilvægt í sambandi við ákvörðun um vothreinsibúnað fyrir brennisteinsdíoxíð. Í því sambandi skal bent á eftirfarandi:

— að vothreinsibúnaður eykur einnig hreinsun flúoríðefnasambanda úr afsogslofti frá kerum,
— að brennisteinsdíoxíðmengun gæti haft skaðleg áhrif á umhverfið ef ekki kæmi til vothreinsun,
— að líkur eru á auknu brennisteinsinnihaldi í forskautum, en samkvæmt upplýsingum áliðnaðarins mun í náinni framtíð reynast erfitt að fá skaut með lágu brennisteinsinnihaldi,
— að annars staðar á Norðurlöndum er krafist vothreinsunar kergasa í álverksmiðjum,
— að verði reist 200 þús. tonna álver án vothreinsunar mun losun brennisteinsdíoxíðs út í andrúmsloftið á Íslandi aukast verulega eða um 50%, þó aðeins sé miðað við 2% brennisteinsinnihald í skautum (undanskilin er brennisteinsmengun frá millilandaskipum),
— að Ísland gerðist árið 1982 aðili að alþjóðlegum samningi um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa. Ísland hefur vegna sérstöðu sinnar ekki getað skrifað undir samkomulag í framhaldi af samningnum um að draga úr brennisteinslosun út í andrúmsloftið um a.m.k. 30% eins og margar Evrópuþjóðir hafa gert. Hins vegar hefur Ísland á vettvangi Norðurlandaráðs skrifað undir norræna umhverfisverndaráætlun, sjá fskj. III, og samþykkt framkvæmdaáætlun um að vinna gegn loftmengun, sjá fskj. IV, þar sem því er heitið að fara varlega í þessum efnum.

Samhengi á milli stærðar álvera og mengunar.

Í starfsleyfum álvera eru gerðar kröfur um að mengunarefni séu innan ákveðinna marka og er þá algengt að miða við ákveðna einingu á framleitt tonn. Rekstraraðstæður og hráefni gera það að verkum að mengun getur verið mismikil eftir aðstæðum. Í skýrslu NILU (Norsk institutt for luftforskning) um spá um dreifingu loftmengunar frá álveri í Eyjafirði (október 1985) kemur fram að reiknað er með línulegu samhengi á milli magns mengunarefna og stærðar álversins.

Viðmiðunarmörk fyrir loftgæði.

Í mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989 eru í viðauka 3 viðmiðunarmörk fyrir brennisteinsdíoxíð og ryk í umhverfinu. Nokkur umræða hefur verið um að mörkin fyrir brennisteinsdíoxíð séu óeðlilega ströng en þau miðast við verndun gróðurs. Þegar mörkin voru sett var tekið mið af þeim upplýsingum sem fyrir lágu um loftgæði hér á landi og einnig stuðst við erlend mörk. Þar var einkum tekið mið af umræðu á Norðurlöndum og þeim mörkum sem í gildi eru í Noregi. Þar sem íslensku sólarhringsmörkin eru 95 prósentílmörk eru þau í raun mun vægari en norsku mörkin gagnvart gróðri. Það sama á raunar við um ársmeðaltalsmörkin, sjá fskj. V.

Viðmiðunarmörk fyrir flúoríð hafa ekki verið sett í mengunarvarnareglugerð. Í umræðum um álver hefur verið miðað við norsk viðmiðunarmörk þar sem mikill áliðnaður er í Noregi og vandamál í sambandi við flúoríðmengun því vel þekkt. Einnig hafa norskir sérfræðingar unnið að rannsóknum og útreikningum í sambandi við staðsetningu álvera hér á landi og hafa þeir miðað við norsku mörkin, sjá fskj. VI.

Fylgiskjal XI.

Náttúruverndarráð:

Bréf til iðnaðarnefndar neðri deildar Alþingis.
(3. maí 1990.)

Á fundi fulltrúa Náttúruverndarráðs með iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis var óskað eftir skriflegu yfirliti yfir umsagnir Náttúruverndarráðs um virkjanir og fylgir það hér með.

Náttúruverndarráð vill nota þetta tækifæri til þess að koma á framfæri eftirfarandi bókun um mengunarvarnir í nýju álveri, er var samþykkt á fundi ráðsins í dag:

Náttúruverndarráð leggur áherslu á að í nýju álveri, er kann að verða reist hér á landi, verði gerðar ýtrustu kröfur um mengunarvarnir og ekki minni en gerðar eru í nágrannalöndunum.

Af gefnu tilefni er lögð áhersla á vothreinsun SO_2 og byggist það á eftirfarandi:

1. Ýmsar tegundir plantna hér á landi eru viðkvæmari fyrir mengun en í nágrannalöndum vegna erfiðra lífsskilyrða.
2. Nýtt álver eykur verulega við heildarútstreymi SO_2 frá mannlegum umsvifum hér á landi, eða um 50–100%, og það er í andstöðu við stefnu í norrænum og alþjóðlegum samningum um umhverfisvernd að einstakar þjóðir auki mengun svo stórlega eins og hér gæti orðið.
3. Við hreinsun á SO_2 næst einnig aukinn árangur í hreinsun á flúor.
4. Mengunaráhrif eru mjög háð staðsetningu álvers en vernda þarf umhverfi sem best hvar sem það verður byggt.
5. Ýmsar upplýsingar benda til þess að búast megi við að magn brennisteins í forskautum fari vaxandi og geti það tvöfaldast á næstu árum vegna aukinnar notkunar á hráefni sem inniheldur meiri brennistein.

Umsagnir um virkjanir.
(3. maí 1990).

	Dagsetning	
72.21 Hvítá í Borgarfirði [?]		
72.30 Dynjandisá	4.7. 1978	neikvæð
72.32 Suður-Fossá	23.2. 1976	jákvæð
72.33 Hvalá-Rjúkandi	16.12. 1975	óafgreidd
72.41 Blönduvirkjun	16.3. 1978	jákvæð
Blönduvirkjun	23.3. 1982	jákvæð
72.42 Villinganesvirkjun	13.10. 1988	óafgreidd
72.43 Fljótaárvirkjun	2.4. 1974	jákvæð
72.44 Jökulsár í Skagafirði		óafgreitt
72.51 Kröfluvirkjun	26.3. 1975	jákvæð
72.52 Laxárvirkjun (Gljúfurversvirkjun)	30.10. 1969	jákvæð
Laxárvirkjun (Orkuv. í Laxá)	6.11. 1969	jákvæð
72.53 Dettifossvirkjun (reiðubúið að skoða)	25.1. 1971	
72.61 Fljótsdalsvirkjun	31.3. 1981	jákvæð

	Dagsetning.	
72.62 Bessastaðaárvirkjun	14.3. 1978	jákvæð
72.63 Lagarfossvirkjun	21.5. 1974	jákvæð
72.64 Grímsárvirkjun		finnst ekki
72.65 Smyrlabjargaárvirkjun (stækkun miðl.)	2.4. 1974	jákvæð
72.71 Búrfell 2	17.10. 1988	jákvæð
72.72 Sigölduvirkjun	16.3. 1973	jákvæð
72.73 Hrauneyjafossvirkjun	2.12. 1975	jákvæð
72.74 Kvíslaveita 3. áfangi	7.4. 1983	jákvæð
Kvíslaveita 4. áfangi		
Kvíslaveita 5. áfangi	30.10. 1988	jákvæð
72.75 Sultartangavirkjun	29.6. 1981	jákvæð
72.76 Vatnafellsvirkjun	17.10. 1988	jákvæð

Fylgiskjal XII.

Efnahagsumræðan. Rit nr. 4.

Jóhann Rúnar Björgvinsson,
þjóðhagfræðingur:

LEIÐIR ÁLVER TIL LAKARI LÍFSKJARA?
(Reykjavík í mars 1990.)

Afar mikilvægt er að spá vel í framtíðina ef taka þarf afdrifaríkar efnahagsákvarðanir sem snerta afkomu og lífskjör heillar þjóðar um ókomna framtíð. Horfa þarf langt fram á veginn, og sérstaklega á þau atriði sem mestu skipta fyrir þjóðarheildina, þ.e. lífskjörin og atvinnustigið. Í þessari grein verður spáð í líklega atvinnu- og efnahagsþróun á þessum áratug, í það hvernig ál- og orkuframkvæmdir munu falla að þeirri þróun, og í líkleg efnahagsáhrif þeirra framkvæmda. Þá verður spáð í aðra valkosti til atvinnuuppbyggingar hér á landi. En fyrst verður vikið að takmörkunum hagkerfisins og stöðu þess í dag.

A. Takmörk hagkerfisins.

Það er hagfræðileg staðreynd að hverju hagkerfi eru takmörk sett í því hversu miklar framkvæmdir hægt er að ráðast í á hverjum tíma. Ef gott jafnvægi er ráðandi í hagkerfinu, eins og t.d. árið 1986 og líklega nú 1990, ræðst fjárfestingar- eða framkvæmdagetan, sem beinist að innlendum aðföngum, af sparnaði þjóðarbúsins, þ.e. að því fjármagni sem lagt er til hliðar og ekki notað til neyslu. Við slíkar aðstæður á atvinnustigið að vera í nokkuð góðu jafnvægi og sömuleiðis vöru- og þjónustumarkaðurinn og einnig peningamarkaðurinn.

Í þessu samhengi er mikilvægt að gera sér grein fyrir samspilinu milli peninga (ávísana á verðmæti) annars vegar og verðmæta hagkerfisins hins vegar. Að í jafnvægi er gott samræmi milli peningamagnsins og verðmætanna, svo sem vinnuaflsins og annarra innlendra framleiðsluþátta. Og að lán á erlendum sparnaði eða erlendu fjármagni til kaupa á innlendum framleiðsluþáttum við jafnvægisaðstæður veldur fyrst og fremst þenslu og verðbólgu.

Framleiðsluþættirnir verða fljótt fullnýttir sem veldur þenslu og samkeppnin um þá veldur verðbólgu. Það eru því einföld sannindi að við jafnvægi í þjóðarbúinu setur atvinnustigið og sparnaðurinn framkvæmdagetunni skorður.

B. Staða hagkerfisins.

Staða atvinnulífsins og þau efnahagsskilyrði, sem það býr við, skipta miklu sem útgangspunktur að líklegri atvinnu- og efnahagsþróun.

1. Atvinnulífið.

Til glöggvunar skal dregin upp einföld mynd af hagkerfinu þar sem annars vegar eru framleiðsluþættir og aðföng, þ.e. vinnuafl, hráefni og framleiðslutæki, og hins vegar ákveðnar þarfir eintaklinga og þjóðfélags fyrir vöru og þjónustu. Framleiðslan gengur út á það að umbreyta framleiðsluþáttunum yfir í þessar vörur og þjónustu. Ef framleiðsluþáttunum er umbreytt á hagkvæmastan hátt bera einstaklingarnir og þjóðfélagið sem heild meira úr býtum en ella.

En með hvaða hætti er best hægt að tryggja hagkvæmustu umbreytingu yfir í vöru og þjónustu? Þeir sem trúa á starfsemi markaðarins eru þeirrar skoðunar að einkarekstur og markaðskerfið sinni best slíku hlutverki. Þeir segja sem svo að hagnaðarvonin rekur framleiðendur áfram í leit sinni að tækifærum til hagnaðar. Slík leit endar annars vegar í framleiðslu nýrra vara og þjónustu ef framleiðandinn trúir að neytandinn sé tilbúinn til að greiða hærra verð fyrir vöruna en kostar að framleiða hana. Og hins vegar í ódýrari framleiðslu eða hagkvæmari umbreytingu en áður. Hagnaðarvonin er því driffjöðurin að nýjungum og hagkvæmari framleiðslu og skiptir frelsi og samkeppni markaðskerfisins þar miklu.

Víða í okkar hagkerfi er að finna takmarkanir sem hindra að ýmsar atvinnugreinar fái að þróast eðlilega og laga sig að breyttum aðstæðum og nýjum kröfum; að framleiða sem mest fyrir sem minnstan tilkostnað. Ríkisvaldið hefur gripið í ríkum mæli inn í eðlilega þróun þeirra annaðhvort með styrkveitingum, lánveitingum eða með lagasetningu sem takmarkar aðgang, framleiðslu og samkeppni þeirra. Dregið hefur verið úr hvötum sem auka hagkvæmni innan atvinnuveganna, svo sem úr samkeppni milli framleiðenda. Þannig hefur t.d. verið tekin upp kvótastýring í landbúnaði og í sjávarútvegi.

Þá vantar mikið á að samkeppni sé með eðlilegu móti þar sem hún á við. Í skjóli efnahagslegrar einangrunar í áranna rás hafa víða myndast einokun og samráð milli fyrirtækja. Í því skjóli hafa þau nánast getað tekið þau verð fyrir framleiðsluna sem þau hafa viljað og því ekki þurft að lágmarka framleiðslukostnað sinn sem skyldi eða að ná fram sem hagkvæmustum rekstri. Ýmis þjónusta, sem beinist að innlendum markaði, hefur tileinkað sér slíka starfshætti, svo sem banka- og tryggingarþjónusta og hönnunarþjónusta svo að eitthvað sé nefnt.

Af ofansögðu má ráða að ríkisforsjá og skortur á samkeppni hefur víða gert atvinnulífið mjög óhagkvæmt. Vinnuaflið er illa nýtt og sömuleiðis fjármagnsvörurnar. Það má því segja að í hagkerfinu sé bæði mikið dulið atvinnuleysi og mikil offjárfesting sé miðað við hagkvæmustu umbreytingu framleiðsluþátta.

Ef nefndar eru einstakar atvinnugreinar benda t.d. rannsóknir til þess að hægt væri að veiða jafnmikinn botnfiskafla og nú fæst úr sjó umhverfis landið með allt að 40% minni flota og því minni útgerðarkostnaði. Sömuleiðis benda athuganir til þess að verðmætasköpun í landbúnaði sé lauslega áætluð ríflega 9 milljarðar króna, en að samfélagið þurfi að taka á sig 10 til 15 milljarða króna viðbótarkostnað til að halda uppi þeirri atvinnustarfsemi[1]). Óhagkvæmnin er því augljós í þessum atvinnugreinum. Eflaust má fá fram mun meiri hagkvæmni með bæði fækkun og betri nýtingu vinnuafls og fjárfestingarvara.

Bankakerfið er enn fjötrað í viðjar fortíðarinnar, í uppbyggingu og starfsháttum mótuðum við skilyrði neikvæðra raunvaxta sem ekki gerðu kröfur um hagkvæmasta reksturinn og bestu viðskiptahættina. Bankarnir þurftu lítið sem ekki að keppa sín á milli um útlánin. Þeir hafa því ekki haft raunverulegan vilja og þörf til að lágmarka tilkostnað. Með einokunaraðstöðu sinni hafa þeir getað velt flestum mistökum sínum og óhagkvæmni yfir í vextina og þjónustugjöldin. Í bankakerfinu er því bæði dulið atvinnuleysi og mikil offjárfesting[2]). Sama gildir um margt hjá tryggingafélögunum. Þau hafa búið við litla samkeppni utan í frá og hafa nánast fengið þau verð sem þau hafa þurft til að mæta tilkostnaði sínum, en flestar tryggingar eru lögbundnar. Við slíkar aðstæður hefur ekki verið rík hvöt til að veita tryggingarþegum virkt aðhald til að draga úr tryggingarkostnaði eða til þess að ná fram sem hagkvæmustum rekstri.

Ofangreind dæmi eiga víða við í hagkerfinu þar sem samkeppnin er aðeins á yfirborðinu og framleiðsluþættirnir illa nýttir. Mörg fyrirtæki hafa verið gagntekin af hinum svokallaða „mark-up"-hugsunarhætti sem felst í því að ef kostnaður þeirra eykst sé eina leiðin að hækka verð þjónustunnar til að fá viðunandi afrakstur, en ekki er reynt að ná fram betri nýtingu framleiðsluþáttanna með hagræðingu. Slíkur hugsunarháttur getur þrifist ef fyrirtæki í sömu þjónustu eru samstiga í slíkum hugsunarhætti eða ef fyrirtækið er í einokunaraðstöðu.

2. Efnahagsskilyrði.

Rekstrar- eða efnahagsskilyrði atvinnulífsins hafa vægast sagt verið mjög breytileg hér á landi undanfarna áratugi. Raunvextirnir hafa oftast verið neikvæðir, en nú um nokkurt skeið jákvæðir. Verðbólgan hefur verið himinhá, en þess á milli tiltölulega lág. Kaupmáttur launa hefur gengið upp og niður og gengi krónunar yfirleitt stöðugt fallið þannig að núllin hafa saxast af. Nú síðast hefur átt sér stað allverulegt kaupmáttarhrap, gengislækkun og þrýstingur til lækkunar á raunvöxtum. En með slíkri efnahagsstjórn hefur verið hægt að halda atvinnulífinu gangandi og atvinnuleysinu í skefjum þótt dulið atvinnuleysi og offjárfesting sé víða.

Eitt hefur þó breyst frá fyrri tíð, en það er að raunvextirnir eru nú yfirleitt jákvæðir. Sú staðreynd gerir það óhjákvæmilegt að atvinnurekstur verður að standast eðlilegar arðsemiskröfur þegar til lengri tíma litið. Afleiðingarnar hafa verið að þau fyrirtæki, sem ekki standast slíkar kröfur, hafa þurft endurskipulagningar við eða orðið gjaldþrota. Óhagkvæmni vissra atvinnufyrirtækja um áraraðir hafa því komið skýrt í ljós. En það hjálpar þó óhagkvæmu hagkerfi ef kaupmáttarskerðingin eða rangt skráð gengi tekur einnig á sig það hlutverk sem neikvæðir vextir höfðu áður.

Að óbreyttu ástandi, svo sem án aukins efnahagssamstarfs við Evrópulöndin, höfum við enn frjálsar hendur til að breyta gengi krónunnar og kaupmætti launa til að laga hagkerfið að fullu atvinnustigi við óbreyttan framleiðslu-"struktur", þ.e. að halda gangandi hinu óhagkvæma hagkerfi. Nýlega hafa tekist hóflegir kjarasamningar þrátt fyrir verulega kaupmáttarrýrnun sem lofa góðu um stöðugleika í verðlagsmálum, samningar sem vel má nýta sér til að ná verðbólgunni í landinu niður á sama stig og í samkeppnislöndum okkar.

3. Ályktanir.

Af ofangreindu má sjá að víða er pottur brotinn í okkar hagkerfi. Óhagkvæmnin er allveruleg og dulið atvinnuleysi mikið. Þá er offjárfesting á flestum sviðum. Segja má að atvinnuleysi upp á 0-1%, sem hér hefur oft ríkt, sé óeðlilega lágt í ljósi reynslu annarra þjóða. Samkeppni og heimsmarkaðsverð setja framleiðslu vestrænna þjóða skilyrði sem hún verður að standast. Hér á landi og í Austur-Evrópu eru slík lögmál ekki látin gilda. Það er hins vegar

auðvelt verk að halda uppi fullri atvinnu ef ekki er horft í hagkvæmni hagkerfisins en það kemur aftur á móti fram í lægri lífskjörum þjóðarinnar.

Þótt hagkerfi sé verulega óhagkvæmt getur það verið í efnahagslegu jafnvægi í sinni óhagkvæmni. Margt bendir til þess að hagkerfið sé einmitt nú í tiltölulega góðu jafnvægi. Peningamarkaðurinn er í jafnvægi og sömuleiðis viðskipti við útlönd. Þá hafa tekist hóflegir kjarasamningar sem lofa góðu varðandi stöðugleika og hjöðnun verðbólgu. Spurning er hvort meira atvinnuleysi nú en oft áður sé ekki eðlilegra í ljósi breyttra efnahagsskilyrða, svo sem jákvæðra raunvaxta, og reynslu annarra þjóða. En í óhagkvæmninni felst dulið atvinnuleysi sem kemur í ljós ef efnahagsskilyrði atvinnulífsins verða alþjóðlegri (sjá næsta hluta).

C. Framtíðin og atvinnustigið.

Eins og áður segir er afar mikilvægt að vel sé spáð í framtíðina ef taka á afdrifaríkar efnahagslegar ákvarðanir sem snerta afkomu og lífskjör þjóðarinnar um ókomna framtíð. Að horft sé langt fram á veginn og sérstaklega á þau atriði sem mestu skipta fyrir þjóðarheildina, þ.e. lífskjörin og atvinnustigið. Mikið atvinnuleysi veldur miklum þjóðfélagslegum kostnaði, bæði í veraldlegri og andlegri vanlíðan. Þá leiða batnandi lífskjör bæði til bjartsýni og aukinnar vellíðanar svo að mikið er í húfi.

Með þetta í huga verður reynt að spá í líklega atvinnu- og efnahagsþróun á næstu árum. Í einstakar atvinnugreinar og í líkleg efnahagsleg skilyrði þeirra.

1. Atvinnulífið.

Mjög líklegt er að á næstu árum muni draga verulega úr ýmsum fjötrum í hagkerfinu sem hindrað hafa eðlilega þróun atvinnuveganna. Í ljósi þróunarinnar í Austur-Evrópu og í samskiptum Evrópuríkjanna er líklegt að ríkisforsjá og samkeppnishöft verði á miklu undanhaldi. Þá er líklegt að kröfur um aukinn hagvöxt hér heima verði mun háværari en nú er. Slíkum kröfum verður best mætt með aukinni samkeppni og opnara og stöðugra þjóðfélagi, og því með minni ríkisforsjá og samkeppnishöftum eða samráði. Aukið efnahagssamstarf við Evrópulöndin mun flýta verulega fyrir slíkri þróun.

(1) *EFTA/EB samvinnan* mun hafa í för með sér verulegar tilslakanir í Evrópulöndunum þar sem landamæri þeirra verða opnuð fyrir t.d. auknum fjármagns-, vöru-, og þjónustuviðskiptum. Hvernig þessi þróun kemur til með að æxlast er að sjálfsögðu ekki að fullu fyrirséð. En það er þó ljóst að erlend fyrirtæki og fjármagnseigendur hafa mun greiðari aðgang að okkar hagkerfi en áður. Samkeppnin mun því aukast verulega hér á landi t.d. í samgöngum, verslun, þjónustu, iðnaði og banka- og tryggingarþjónustu svo að eitthvað sé nefnt. Verslunarráð metur það svo að 10–30% af heimamarkaðnum muni tapast til erlendra samkeppnisaðila. Ekki er ljóst hver aðgangur erlendra aðila verður að fiskvinnslu eða fiskiðju hér á landi en eitt er þó víst að þar eru möguleikar þeirra mestir og sú atvinnugrein kemur eflaust fyrst upp í huga þeirra þegar hugsað er til Íslands.

(2) *Sjárvarútvegurinn* er í mikilli endurskoðun. Til stendur að koma á kvótakerfi eða veiðileyfasölu sem stuðla á að mun meiri hagkvæmni í þeirri atvinnugrein en nú er. Fiskiskipum mun fækka og sömuleiðis mun nýting þeirra stóraukast. Þá mun vinnuaflinu fækka og það nýtast betur. Hagvöxturinn og lífskjörin kalla á þessa þróun.

(3) *Landbúnaðurinn* er að vísu ekki í mikilli endurskoðun eins og er. En blikur eru í lofti. Almenningur krefst lægra vöruverðs og þær kröfur eiga eftir að verða mun háværari innan tíðar. Kvóta- og haftakerfi stendur eðlilegri hagvaxtarþróun og lífskjarabata fyrir þrifum. Hér

eru því líkur á uppgjöri fyrr en síðar. Þá er líklegt ef af efnahagssamvinnu við Evrópulöndin verður að einhverjir samningar um landbúnaðarmál verði gerðir. Varla getum við ætlast til að komast inn á tollalausan Evrópumarkað með okkar fiskafurðir án þess að hleypa öðrum inn á okkar markað með sínar höfuðafurðir.

(4) *Byggðamálin* hafa orðið erfiðari viðfangs. Margt kemur þar til, svo sem dýrara fjármagn (jákvæðir raunvextir) sem hefur gert strangari arðsemiskröfur til alls atvinnurekstrar. Byggðarlög, sem hafa verri skilyrði til að uppfylla eðlilegar arðsemiskröfur, vegna t.d. fjarlægðar eða smæðar, hafa lent í erfiðleikum með að halda uppi atvinnurekstri og nauðsynlegri þjónustu. Þá hefur krafan um aukna þjónustu leitt til þess að fjölbreyttari þjónusta er sótt í ríkara mæli til stærri byggðarlaga en áður. Kvótastýring í landbúnaði og sjávarútvegi hefur í sumum tilfellum íþyngt sumum byggðarlögum.

Mikilvægt er að líta á byggðamálin í stærra samhengi og yfir lengri tíma. Þau þurfa að skoðast vel í ljósi líklegrar atvinnuþróunar. Ekki er ólíklegt að hið opinbera eða einstök sveitarfélög þurfi að liðka fyrir æskilegum breytingum. Hinn félagslegi kostnaður getur verið þungbær bæði fyrir einstaklinga og þjóðfélagið í heild. Því getur viss félagsleg aðstoð til að auðvelda aðlögun byggðar verið þjóðfélagslega hagkvæm til lengri tíma litið. Fordæmi fyrir slíku er að finna meðal annarra þjóða sem hafa auðveldað flutninga til staða þar sem atvinnuuppbygging er í hvað örustum vexti.

(5) *Herstöðin* á Keflavíkurflugvelli hefur veitt talsverða atvinnu í gegnum árin, en þar starfa nú ríflega þúsund manns. Ekki er vitað með vissu hvernig þróunin verður þar í ljósi minnkandi hernaðarumsvifa í heiminum á næstu árum.

2. Ný efnahagsskilyrði.

Með auknu efnahagslegu samstarfi við aðrar þjóðir er mjög ólíklegt að hægt verði að ráðskast með efnahagsskilyrði þjóðarinnar í sama mæli og áður. Vaxtastig og verðlag mun í ríkara mæli ráðast af framboði og eftirspurn og af heimsmarkaðsverðum. Sama má segja um gengismálin þau verða í mun ríkara mæli að vera í takt við gengisstefnu annarra þjóða. Líklegt er að erlendir samkeppnisaðilar muni bjóða laun í samræmi við velgengni og getu fyrirtækja sinna. Auknar arðsemiskröfur og betri nýting vinnuafls og fjármagnsvara munu ýta undir hærri og stöðugri raunlaun og þar með styrkja kaupmáttinn.

Þessar breyttu aðstæður, að ekki verður hægt að ráðskast með kaupmátt launa og gengismálin í sama mæli og áður, torveldar mjög að hægt verði að halda uppi fullri atvinnu. Atvinnustigið mun nú í ríkum mæli ráðast af því hvernig atvinnustarfsemin kemur til með að standast samkeppni, heimsmarkaðsverð og eðlilegar arðsemiskröfur. Gömlu stjórntækin eru ekki til staðar lengur.

3. Ályktanir.

Eins og fram kemur að ofan eru miklar og róttækar breytingar í íslensku hagkerfi fram undan. Aukin efnahagsleg samvinna við aðrar þjóðir og aukin samkeppni mun smátt og smátt gera hagkerfið hagkvæmara. Almennur kaupmáttur mun eflast og verðlag mun í ríkara mæli tengjast verðlagi annarra þjóða. Hið dulda atvinnuleysi í hagkerfinu og hin mikla offjárfesting mun koma skýrar í ljós. Ekki er því ólíklegt að ný og breytt efnhagsskilyrði eigi eftir að valda auknu atvinnuleysi á þessum áratug og það allverulegu meðan á aðlögunni stendur. Eftirfarandi tafla sýnir atvinnustigið eins og það er nú og einnig hugsanlegt atvinnuleysi í kjölfar breytinganna.

Atvinnugreinar:	Atvinnu-stig	Dulið atvinnu-leysi	Atvinnu-leysi
Landbúnaður	7.200	30%	2.160
Fiskveiðar	6.500	30%	1.950
Fiskvinnsla	9.000	10%	900
Verslun og veitingar	20.000	10%	2.000
Samgöngur	8.000	10%	800
Iðnaður	16.000	0%	0
Byggingarstarfsemi	12.500	0%	0
Önnur þjónusta [1])	22.000	10%	2.200
Varnarliðið	1.100	30%	330
Hið opinbera	25.000	0%	0
Atvinnuleysi nú	2.200		2.200
Samtals	129.300	9,7%	2.540

[1]) Banka- og tryggingarþjónusta o.fl.

Taflan er einungis hugsuð sem vísbending um stærðargráður í þessu samhengi. Atvinnuleysið á þessum áratug gæti orðið meira eða minna. En það ræðst mikið til af því hversu hratt ofangreindar breytingar koma til, hversu náið efnahagssamstarfið við Evrópuþjóðirnar verður og ekki síst hversu mikil samkeppnin verður. Að sjálfsögðu munu erlendir samkeppnisaðilar þurfa á innlendu vinnuafli að halda sem vega mun eitthvað upp á móti. En óhagkvæmnin í hagkerfinu, hið mikla dulda atvinnuleysi, er staðreynd sem koma mun í ríkum mæli í ljós.

D. Ál- og orkuframkvæmdir.

Það eru einkum þrjár spurningar sem koma upp í hugann þegar fjallað er um ál- og orkuframkvæmdir. Hvernig standast slíkar framkvæmdir arðsemiskröfur? Hvernig falla þær að líklegri atvinnu- og efnahagsþróun í landinu og hver eru líkleg áhrif þeirra á hagkerfið? Í þessum hluta verður reynt að svara þessum spurningum.

1. Arðsemi orkuvers.

Ef kanna á arðsemi orkuvers skipta tveir þættir mestu, þ.e. tekjur þess af raforkusölu og kostnaður við byggingu og rekstur orkuversins. Ef tekjurnar eru hærri en kostnaðurinn er um hagnað að ræða, annars ekki. Við slíka arðsemisútreikninga verður að leggja til grundvallar raunsætt endingartímabil sem talið er heppilegt til afskriftar á orkuverinu. Viðskiptin munu síðan eiga sér stað á því tímabili.

(1) Mjög erfitt er að segja til um raunsætt *afskriftatímabil*. Í fyrsta lagi er framtíðin mjög óráðin þegar horft er öld fram á veginn og í öðru lagi er erfitt að segja fyrir um úreldingu og slit ál- eða orkuvers. Hagfræðin hefur þó tilhneigingu til að vera íhaldsöm og ströng í þessu tilliti. Því er ekki ólíklegt að 40 til 60 ára tímabil yrði fyrir valinu sem grundvöllur við arðsemisútreikninga. Hér er gert ráð fyrir 50 árum.

(2) Grunnurinn að *tekjum* orkuversins mun ráðast af samningum við álverið. Í slíkum samningum er yfirleitt gert ráð fyrir að orkuverðið taki mið af verðþróun áls. Ræður því þróun álverðs miklu um tekjur orkuversins. Í eftirfarandi töflu má sjá hvernig álverðið hefur þróast á markaði síðustu 6 árin. Tölurnar eru meðaltalstölur fyrir hvert ár.

Ár	1984	1985	1986	1987	1988	1989	Janúar 1990
Verð á áli í USD/tonn	1.250	1.040	1.150	1.565	2.550	1.950	1.500

Í töflunni sést að álverðið hefur sveiflast mjög á þessu tímabili sem segir að tekjur orkuversins munu gera það einnig. Á árinu 1988 náði álverðið miklu hámarki, en hefur síðan fallið verulega. Samkvæmt ársskýrslu Landsvirkjunar var raforkuverð til Ísals í upphafi árs 1988 15,78 US mill, en í lok ársins 18,5 US mill. Meðaltalsverð er þar á milli. Á því ári voru tekjur Landsvirkjunar af Ísal 1.090 milljónir króna. Ef þær tekjur eru uppfærðar með byggingarvísitölu til verðlags 1989 verða þær 1.340 milljónir króna. Þá hefur ekki verið tekið tillit til þess að álverð er um fjórðungi lægra á árinu 1989 en árið 1988.

(3) *Kostnaður* orkuvers er annars vegar byggingarkostnaður þess og hins vegar rekstrarkostnaður vegna framleiðslu raforkunnar. Samkvæmt áætlunum er gert ráð fyrir að það kosti 40 milljarða króna að reisa orkuver sem framleiðir raforku til 200 þúsund tonna álvers. Sá kostnaður verður að mestu leyti fjármagnaður með lánsfé, erlendu eða innlendu. Að líkindum að mestu með erlendu lánsfé. Ef gert er ráð fyrir að þessir 40 milljarðar króna verði teknir að láni til 50 ára með árlegum afborgunum og jafnri greiðslubyrði eftir byggingu orkuversins verður sú greiðslubyrði með þeim hætti sem fram kemur í eftirfarandi töflu.

Vaxta-prósenta	Árleg greiðslu-byrði
9%	4.140 m.kr.
8%	3.660 m.kr.
7%	3.207 m.kr.
6%	2.766 m.kr.
5%	2.355 m.kr.
4%	1.973 m.kr.

Í töflunni sést að við 9 prósent vaxtastig verður árleg greiðslubyrði af láninu rúmlega 4,1 milljarður króna, en hins vegar um 2 milljarðar króna við 4 prósent vaxtastig. Vaxtastigið skiptir því verulegu máli fyrir kostnað orkuversins. Á síðasta ári voru vextir af erlendum langtímalánum þjóðarbúsins 8,8% að meðaltali. Innlendir raunvextir voru einnig mjög háir eða 7–8% að meðaltali.

Við arðsemisútreikninga af þessu tagi hefur verið tilhneiging til þess hér á landi að taka að fullu tillit til hugsanlegrar verðbólguþróunar erlendis, þ.e. ef erlendir nafnvextir væru 9% og erlend verðbólga 3% væru raunvextirnir um 6%. Setja má spurningarmerki við slíka útreikninga. Ekki hníga öll hagfræðileg rök að því að þetta skuli reiknað inn að *fullu*. Hvaða aðferðir nota erlendir aðilar við samsvarandi arðsemisútreikninga? Þá má í þessu samhengi velta upp hversu mikils af lánsfénu verður aflað með innlendri lántöku, en hér eru raunvextir 7–8%.

Erfitt er að spá í vaxtaþróunina langt fram í tímann. Ég er þó þeirrar skoðunar að á næstu 10–15 árum megi búast við verulega aukinni lánsfjáreftirspurn í heiminum vegna þeirra breytinga og uppbyggingarstarfs sem eiga mun sér stað í Austur-Evrópu. Hagkerfi þeirra landa hefur verið mjög óhagkvæmt. Arðsemiskröfur hafa ekki ráðið ferðinni og því er mikið um úrelt framleiðslutæki. Hins vegar er í þessum löndum tiltölulega velmenntað vinnuafl því mun endurreisnarstarfið ganga hratt fyrir sig, líkt og eftir styrjaldarástand. En þessar þjóðir munu þurfa að byrja frá grunni. Hagvaxtarmöguleikar þeirra eru gífurlegir, þ.e. að fara frá þeim lífskjörum sem þær búa við nú til þeirra lífskjara sem Vesturlönd njóta. Það er því mjög líklegt að þessar þjóðir taki að láni erlendan sparnað til að flýta fyrir fjárfestingaruppbyggingunni þar sem arðsemi slíkra fjárfestinga er mjög mikil, verulega hærri en vaxtastigið. Hin aukna lánsfjáreftirspurn mun eflaust koma til með að hafa áhrif á vaxtastigið til hækkunar þannig að arðsemiskröfur til atvinnurekstrar í heiminum verða meiri. Fjárfestingarforsendur eiga því líklega eftir að breytast verulega frá því sem nú er og því sömuleiðis margir arðsemisútreikningarnir.

Hvað varðar rekstrarkostnað orkuvers má nefna að á árinu 1988 var rekstrarkostnaður Landsvirkjunar án afskrifta, vaxtagreiðslna og skatta 1.073 milljónir króna. Á því ári var heildarraforkusala Landsvirkjunar 3.947 gwst., þar af keypti Ísal 1.421 gwst. eða 36% af raforkusölunni. Ef gert er ráð fyrir að 36% af framleiðslukostnaðinum tilheyri raforkusölu til Ísals er sá kostnaður 386 milljónir króna. En ef hins vegar helmingi lægri framleiðslukostnaður tilheyrir raforkusölunni til Ísals er kostnaðurinn 193 milljónir króna, eða 238 milljónir króna á verðlagi ársins 1989.

(4) Í eftirfarandi *arðsemisútreikningum* er tekið mið af raforkusölu til Ísals. Íslenska álverið er 85 þúsund tonna verksmiðja, en hið nýja álver 200 þúsund tonn. Tæknin í álverum hefur aukist mikið frá því Ísal var reist. Nú þarf t.d. mun minna vinnuafl en áður, en talið er að fjöldi starfsmanna verði sex hundruð í hinu nýja álveri sem er svipaður fjöldi og í Ísal. Ef gert er ráð fyrir að stærðarmunur álveranna gefi góða vísbendingu um fjölda gígavattstunda sem keyptar verða árlega má ætla að hið nýja álver kaupi 3.300 til 3.400 gwst. árlega.

Eins og fram kom hér að ofan var árið 1988 mjög hagstætt fyrir álframleiðslu. Álverð var hátt og fékk Landsvirkjun nálægt 18,5 US mill fyrir kwst. Ef það ár er lagt til grundvallar við tekjuútreikninga Landsvirkjunar af raforkusölu til nýs álvers verða árlegar brúttótekjur Landsvirkjunar 3.150 milljónir króna af þeirri sölu. Á móti þeim tekjum kemur aukinn rekstrarkostnaður Landsvirkjunar sem gæti orðið 560 milljónir króna og er þá gert ráð fyrir að sá kostnaður sé helmingi lægri en núverandi kostnaður á gígavattstund. Af þessu leiðir að nettótekjur Landsvirkjunar fyrir greiðslu vaxta og afborgana er 2.590 milljónir króna. Ef vaxtastigið er 5% eru árlegar vaxta- og afborgunargreiðslur 2.355 milljónir króna, og árlegur hagnaður því 235 milljónir króna (2.590 – 2.355). Ef vaxtastigið er hins vegar 6% verður um árlegt tap á virkjuninni að ræða upp á 177 milljónir króna (2.590 – 2.767). Af þessum útreikningum má ráða að hagnaður af orkuverinu er alls ekki gefinn.

2. Efnahagsleg áhrif.

Samkvæmt áætlunum er gert ráð fyrir að að álver muni kosta ríflega 50 milljarða króna og orkuver í kringum 40 milljarða. Þá er lauslega áætlað að ⅔ hlutar af byggingu orkuvers séu innlend aðföng og ⅓ hluti af byggingu álvers. Það eru því um 43 milljarðar króna sem munu fara í kaup á innlendum aðföngum, vinnuafli og öðru á þremur árum, þ.e. 14–15 milljarðar króna á ári. Bein vinnuaflseftirspurn í tengslum við framkvæmdirnar er talin verða um 5.000–6.000 ársverk eða 1.500–2.000 ársverk á ári, en hin óbeina vinnuaflseftirspurn gæti orðið mun meiri.

Flestir geta verið sammála um að hagkerfið sé nú í nokkuð góðu jafnvægi. Peningamarkaðurinn er í jafnvægi og sömuleiðis viðskiptin við útlönd. Þá hafa tekist hóflegir kjarasamningar sem lofa góðu varðandi stöðugleika og hjöðnun verðbólgu. Spurning er hvort meira atvinnuleysi nú en oft áður sé ekki eðlilegra í ljósi breyttra efnahagsskilyrða (jákvæðra raunvaxta) og reynslu annarra þjóða, en atvinnuleysi hér á landi er samt tölvert minna í samanburði við það sem aðrar þjóðir búa við. Þá nýtist sparnaður þjóðarbúsins að fullu og ríkissjóður tekur afganginn til að fjármagna ríkishallann.

Það er því ljóst að ef ráðast á í ofangreindar fjárfestingar án þess að það valdi mikilli þenslu og verðbólgu verður að koma á móti stórfelldur samdráttur hér innan lands í annarri fjárfestingu eða í neyslu. Það er hins vegar mjög ólíklegt að þessir 43 milljarðar króna verði teknir af innlendum sparnaði. En ef svo yrði mun slík ráðstöfun gera alla endurskipulagningu í sjávarútvegi, landbúnaði og byggðamálum mun erfiðari, auk þess sem hún minnkaði verulega svigrúm okkar til að mæta aukinni erlendri samkeppni og þeim breytingum sem aukið efnahagssamstarf hefur í för með sér. Með öðrum orðum mundi þessi upptaka á innlendum sparnaði svelta aðra atvinnustarfsemi frá lánsfjármagni sem hefði að sjálfsögðu mjög bagaleg áhrif á aðlögun þeirra að breyttum efnahagsskilyrðum. Fyrir utan það munu slíkar ráðstafanir hafa mjög óæskileg áhrif á þá framleiðslu sem þegar er í landinu. Þá mun vaxtastigið án efa hækka verulega vegna samkeppninnar um lánsfjármagnið sem enn íþyngir atvinnustarfseminni.

Ef þetta fjármagn verður hins vegar tekið erlendis frá án þess að til komi samdráttur á móti hér innan lands siglum við hratt og örugglega inn í eitt þenslu- og verðbólguskeiðið enn. Þensla hefur að sjálfsögðu í för með sér eftirspurnaraukningu á flestum sviðum sem koma mun fram í framleiðsluaukningu í hagkerfinu, verðbólgu og viðskiptahalla. Skortur gæti orðið á vinnuafli sem takmarkaði framkvæmdagetu víða í hagkerfinu og hefði í för með sér launaskrið. Þensla eða eftirspurnaraukning gefur atvinnurekendum rangar vísbendingar þar sem hún byggist fyrst og fremst á erlendu fjármagni. Atvinnurekendur hugsa fyrst og fremst út frá fyrirtækjum sínum. Aukin eftirspurn skapar velgengni og bjartsýni. Atvinnurekendur gætu eins og árið 1987 mætt þeirri velgengni með fjárfestingarákvörðunum sem hugsaðar væru til að mæta áframhaldandi og aukinni eftirspurn. En þegar erlendu lántökunum linnir kemur samdrátturinn. Fjárfestingar sumra atvinnurekenda munu ekki standast. Erfiðleikar, endurskipulagning og gjaldþrot koma til sögunar. Samdrátturinn í þjóðarbúinu verður dýpri en ella, þar sem þensla og verðbólga hafa stuðlað að röngum fjárfestingarákvörðum, þ.e. að sparnaði þjóðarbúsins hefur verið illa ráðstafað[3]).

Við sjáum af ofangreindu að hér er um dæmigerðar verðbólguframkvæmdir að ræða. Þær þurfa mikið erlent fjármagn og vinnuafl í stuttan tíma. Hagvöxturinn verður allverulegur, allt að 5% meðan á framkvæmdunum stendur, ef ekki meira. Síðan kemur samdrátturinn þegar lántökunum linnir og erfiðleikarnir vegna þess misvægis sem hagkerfið er komið í, þ.e. launaskriðið, vaxtastigið og gengisskráningin. Við þekkjum vel þá sögu. Í þenslunni, sem að mestu er til komin vegna erlends fjármagns, eru ekki margir hvatar að verki sem ýta undir endurskipulagningu og aðlögun að breyttum efnahagsskilyrðum. Þenslan verkar sem sjálfsblekking eða deyfilyf. Að henni lokinni kemur óhagkvæmni hagkerfisins aftur í ljós, hið dulda atvinnuleysi og þá enn meiri offjárfesting. Í þeirri stöðu stöndum við hins vegar verr að vígi en fyrir framkvæmdirnar. Við höfum tapað vissu frumkvæði til erlendra samkeppnisaðila og erum auk þess mun skuldugri öðrum þjóðum en áður. Þá hefur verðbólgan geisað um hríð og sá stöðugleiki, sem menn eygja nú, fyrir bí og þeir miklu möguleikar sem hann gæti gefið. Og allt er þetta gert til að byggja upp atvinnustarfsemi sem ekki skilar þjóðarbúinu neinum viðbótartekjum að ráði næstu áratugina, að vísu fá 600 manns atvinnu við hið nýja álver, sjá hluta E.

Þá er í rauninni óhugsandi að ofangreindar framkvæmdir verði fjármagnaðar innan lands til að koma í veg fyrir þenslu- og verðbólguástand, en ef svo yrði setjum við alla aðra atvinnustarfsemi í mjög erfiða stöðu bæði rekstrarlega og í aðlögun að breyttum efnahagsskilyrðum. Slík innlend fjármögnun er aðeins framkvæmanleg með miklum ríkisafskiptum, þvingunum og verulegum vaxtahækkunum. Hún er því mjög ólíkleg og verður því ekki farið út í þá atburðarás hér.

3. Líkleg atvinnu- og efnahagsþróun.

Eins og fram kom hér að framan eru miklar líkur á að atvinnuleysi muni aukast verulega á komandi árum í kjölfar frjálsara og opnara hagkerfis og aukins samstarfs við aðrar þjóðir og í kjölfar uppstokkunar í landbúnaði og sjávarútvegi. Mikilvægt er því að taka mið af þeirri þróun við atvinnuuppbyggingu. Í ljósi þessa er þá forsvaranlegt að opinbert fyrirtæki taki að láni 40 milljarða króna til byggingar orkuvers sem ekki er líklegt að skili þjóðarbúinu neinum viðbótartekjum á næstu áratugum? Orkuver sem er forsenda fyrir nýju álveri sem aðeins mun skapa um 600 ný störf í rekstri, en orkuverið sjálft þarf mjög lítið vinnuafl.

Þessir 40 milljarðar króna, sem bundnir verða í orkuveri, verða ekki notaðir til annarrar atvinnuuppbyggingar. Önnur atvinnuuppbygging í landinu bæði einkaaðila og opinberra aðila verður að bíða meðan á þessum framkvæmdum stendur ef ekki á að hljótast af þensla og verðbólga eins og áður segir. Hið opinbera heldur með öðrum orðum einkageiranum frá framkvæmdum með svona gríðarlegum framkvæmdum, einmitt þegar mest ríður á að einkageirinn mæti erlendri samkeppni og breyttum efnahagsskilyrðum. En í ljósi fyrri reynslu og eðli þessara framkvæmda eru frekar líkur á þenslu og verðbólgu, að hér springi allt út um nokkurn tíma. En að framkvæmdatímanum loknum komi samdrátturinn eins og áður segir. Tekjur ál- og orkuvers fara að mestu út úr landinu í formi vaxta og afborgana. Í þeirri stöðu þarf að fara að huga að hinu óhagkvæma hagkerfi á ný, að hinu dulda atvinnuleysi og hinni miklu offjárfestingu. Hvar á þá að fá aflvakann til atvinnuuppbyggingar til að draga úr auknu atvinnuleysi. Ekki getum við tekið endalaust erlend lán til framkvæmda. Auk þess er þjóðarbúið mun skuldugra eftir orkuframkvæmdirnar en fyrir þær. Verður lánshæfni okkar þá betri þegar skuldastaðan nálgast tvo þriðju af þjóðarframleiðslu eins árs að stærðargráðu og erlendar vaxtagreiðslur taka stærri hlut af útflutningstekjunum? Verður vinnufriðurinn í hagkerfinu og jafnvægisstaðan þá svipuð og hún eru nú? Hér er mikilvægt að líta langt fram á veginn því að mikið er í húfi og tækifærin geta glatast.

Ofangreindar framkvæmdir falla vægast sagt mjög illa að væntanlegri atvinnuþróun. Og í rauninni virka þær sem skemmdarstarfsemi í þessu samhengi þegar hafður er í huga sá stöðugleiki sem nú ríkir og sá ávinningur sem hann getur gefið.

E. Hagvöxtur ál- og orkuframkvæmda.

Hagvöxt má mæla á mismunandi vegu og er því áríðandi að velja réttan mælikvarða með tilliti til tilgangs mælingarinnar hverju sinni. Ef hagvöxtur á að gefa vísbendingu um bætt lífskjör eða getu til aukinnar fjárfestingar er rétt að leggja til grundvallar vöxt þjóðartekna, þ.e. raunverulega tekjuaukningu þjóðarinnar. Slík mæling getur til dæmis verið vöxtur þjóðartekna í heild eða á mann. Dæmi um aðra mælikvarða er vöxtur í landsframleiðslu eða vöxtur í þjóðarframleiðslu, en þeir mælikvarðar gefa ekki rétta mynd í ofannefndu samhengi þótt þeir séu oft notaðir.

Landsframleiðsla mælir þá framleiðslu sem á sér stað í landinu á einu ári. Erlendir aðilar eiga hins vegar tilkall til hluta af þeirri framleiðslu sem greiðist í formi vaxta- og arðgreiðslna. Ef sá hluti er dreginn frá landsframleiðslunni fæst *þjóðarframleiðslan*, þ.e. sá hluti framleiðslunnar sem fellur þjóðinni til. En til þess að ná þeirri framleiðslu hefur hluti af fjárfestingu

þjóðarinnar notast eða étist upp. *Þjóðartekjur* eða nettóþjóðarframleiðsla taka því tillit til þeirrar eyðingar eða afskrifta og mæla því raunverulegar tekjur þjóðarinnar á hverju ári. Aukning þjóðartekna er því til lengri tíma litið grunnurinn að bættum lífskjörum. Samkvæmt þessu þýðir því aukin landsframleiðsla ekki nauðsynlega bætt lífskjör eða aukið svigrúm til fjárfestingar ef vöxtur þjóðartekna er verulega minni, eins og eftirfarandi ál- og orkudæmi sýnir.

Gerum ráð fyrir að virðisauki orkuvers sé 2.600 milljónir króna fyrir greiðslu vaxta og afborgana eins og fram kemur í arðsemisútreikningunum hér að framan. Virðisaukinn, sem skapast í álverinu að frátöldum vinnulaunum, er eign erlendra aðila og notast að mestu til greiðslu upp í það mikla fjármagn sem liggur bundið í verksmiðjunni. Sá hluti, sem afgangs verður eftir þá fjármagnsgreiðslu, er hagnaður sem er skattlagður. Verksmiðjan getur þó haft nokkur áhrif á þann hagnað með t.d. áhrifum á verð aðfanga, svo sem hráefna. Við getum auðvitað aukið landsframleiðslu okkar verulega með því að telja virðisauka álversins að fullu til hennar[1]), en þjóðarframleiðslan eykst ekkert við það. Það sem frekar ætti að telja til landsframleiðslu eru launatekjur hinna 600 starfsmanna álversins og verður svo gert hér. Þær tekjur gætu verið um 900 milljónir á einu ári. Við sjáum því í eftirfarandi töflu að landsframleiðslan vex um 1,1% vegna starfsemi ál- og orkuvers, en þjóðarframleiðslan um aðeins 0,3% og hefur þá verið tekið tillit til afskrifta.

Þjóðhagreikningar:		Viðbótar-
Viðbót vegna reksturs ál- og orkuvers	Fjárhæðir	hagvöxtur
Virðisauki ál- og orkuvers	3.300 m.kr.	
Landsframleiðsla (vöxtur)	3.300 m.kr.	1,1%
Vextir og afborganir til útlanda (5%)	–2.355 m.kr.	
Þjóðarframleiðsla (vöxtur)	945 m.kr.	0,3%

Þjóðarframleiðsla er færð hér nettó, þ.e. afskriftir og vextir.

Ef tekjur Landsvirkjunar af álverinu verða lægri eða vaxtastigið verður hærra en 5% verður þjóðarframleiðslan lægri en fram kemur í dæminu. Sama verður upp á teningnum ef vaxta- og afborgunartímabilið verður styttra en 50 ár. Því styttra tímabil því minni þjóðartekjur til lífskjarabóta eða aukinnar fjárfestingar fyrstu áratugina eftir framkvæmdirnar.

Í dæminu að ofan er hagvöxtur á byggingartímanum ekki reiknaður með en hann verður hins vegar tölverður eins og fram kemur í eftirfarandi töflu, en aflvaki hans er erlent fjármagn.

Þjóðhagsreikningar:		Viðbótar-
Viðbót vegna byggingar ál- og orkuvers	Fjárhæðir	hagvöxtur
Virðisauki ál- og orkubygginga	14.300 m.kr.	
Landsframleiðsla (vöxtur)	14.300 m.kr.	4,8%
Vextir og afborganir til útlanda	0 m.kr.	
Þjóðarframleiðsla (vöxtur)	14.300 m.kr.	4,8%

Á byggingartímanum — segjum þrjú ár — má ætla að þjóðartekjur aukist um 5% vegna framkvæmdanna og er þá litið fram hjá þenslu- og verðbólguáhrifum þeirra sem geta bæði dregið úr hagvexti annars staðar í hagkerfinu og eins aukið hann sem er líklegra. Að byggingartímanum loknum munu þjóðartekjur hins vegar dragast verulega saman þegar rúmlega 14,3 milljarða króna erlent fjármagn hættir að streyma inn í hagkerfið. Samdrátturinn verður þá umtalsverður eins og fram hefur komið.

F. Óbeinn kostnaður af ál- og orkuframkvæmdum.

Fyrir utan þenslu- og verðbólguáhrif hafa ál- og orkuframkvæmdir ýmsan óbeinan kostnað í för með sér fyrir þjóðarbúið og verður í þessum hluta reynt að tína það helsta til.

(1) *Stöðugleikinn* í efnahagslífinu hefur ótrúlega jákvæð áhrif á efnahagsþróun hagkerfisins, þ.e. að forsendur atvinnurekstrar séu stöðugar um lengri tíma, en verði ekki breytt á einni nóttu eins og svo oft hefur orðið raunin hér á landi. Við stöðugra og áreiðanlegra efnahagslíf eykst tiltrú manna á hagkerfið verulega og þar með skapast betri forsendur fyrir virkum hlutafjármarkaði með öllum þeim kostum sem hann hefur. Fólk er viljugra að leggja fjármagn í atvinnurekstur við slíkar aðstæður. Virkur hlutafjármarkaður einfaldar mjög eignaskipti, endurskipulagninu, uppstokkun og samruna fyrirtækja sem leitt getur til hagkvæmari og arðsamari reksturs. Sömuleiðis skapar hann skýrari mörk milli eignaraðildar og stjórnunar fyrirtækja, sem er framfaraspor.

Við stöðugleika og tiltrú á efnahagslífið verða framtíðaráform og fjárfestingarákvarðanir fyrirtækja mun markvissari og sparnaður þjóðarbúsins mun betur notaður. Rekstur fyrirtækja verður auðveldari. Þá er stöðugleikinn ein meginforsenda þess að erlendir aðilar sýni innlendu rekstrarumhverfi áhuga og vilji byggja upp atvinnustarfsemi hér á landi. Aukið efnahagsstarf við aðrar þjóðir verður því einnig mun auðveldara við þær aðstæður.

(2) Viðamiklar framkvæmdir eins og ál- og orkuframkvæmdir geta torveldað *endurskipulagningu* atvinnulífsins. Í þenslunni, sem af þeim hlýst, verða ekki margir hvatar að verki sem ýta undir endurskipulagningu og aðlögun að breyttum efnahagsskilyrðum. Þenslan virkar sem deyfilyf. Atvinnurekendur greina ekki þá viðbótareftirspurn sem er vegna innstreymis erlends fjármags frá annarri eftirspurn. Ef framkvæmdir verða hins vegar fjármagnaðar innan lands verður önnur atvinnustarfsemi í landinu sett í mjög erfiða stöðu rekstrar- og framkvæmdalega eins og fram hefur komið.

(3) *Vaxtarmöguleikar hagkerfisins:* Mikilvægt er að atvinnuuppbyggingin sé þess eðlis að hún hafi vaxtarmöguleika, þ.e. að hún geti byggst út hægum skrefum, tekið inn aukið vinnuafl og nýjar fjármagnsvörur og stækkað markað sinn. Matvælaframleiðsla og ferðaþjónusta eru þess eðlis (sjá næsta hluta). Ál- og orkuframleiðsla byggist hins vegar aðeins út í risaskrefum á íslenskan mælikvarða, en þess á milli ekkert.

(4) *Ímynd okkar sem matvæla- og ferðamannalands:* Ef vaxtarmöguleikar okkar í framtíðinni eru fyrst og fremst í matvælaframleiðslu og ferðaþjónustu er mikilvægt að passa upp á ímynd okkar hvað þær atvinnugreinar varðar. Nú nýlega komu t.d. fram upplýsingar um að vatnsframleiðsla hér á landi gæti lofað góðu og þá sem hágæðavara. Þá er ekki ólíklegt að öllum landamærum slepptum að Ísland sé mjög ákjósanlegur staður til framleiðslu á fullunnum gæðasjávarafurðum, stutt frá auðlindinni og í hagstæðu loftslagi. Þá er landið hreint og óðruvísi sem er freistandi fyrir ýmsan ferðalanginn. Mikil álframleiðsla getur spillt fyrir ímynd þessara höfuðatvinnugreina okkar í framtíðinni, auk þess sem hún getur valdið raunverulegri mengun, ekki síst inn á milli hárra fjalla.

Halldór Ibsen

8. *Loðnunefnd*
Filip Þór Höskuldsson
Jón Ólafsson
Jón B. Jónasson

9. *Stjórn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins*
Árni Kolbeinsson
Kristján Ragnarsson
Benedikt Valsson
Friðrik Pálsson
Árni Benediktsson
Sigurður Haraldsson
Dagbjartur Einarsson
Jón Reynir Magnússon
Jón Ólafsson
Ólafur B. Ólafsson
Hermann Hansson
Ólafur Björnsson
Björgvin Jónsson
Þórður Friðjónsson
Bjarni Bragi Jónsson

10. *Fiskmatsráð*
Gylfi Gautur Pétursson
Jóhann Þorsteinsson
Sturlaugur Daðason
Gunnar Hafsteinsson
Hafþór Rósmundsson
Guðjón A. Kristjánsson
Gunnar Tómasson

11. *Samráðsnefnd*
Þórður Eyþórsson
Kristján Ragnarsson
Hólmgeir Jónsson

12. *Starfsfræðslunefnd*
Finnur Ingólfsson
Gylfi Gautur Pétursson
Karl Steinar Guðnason
Jón Kjartansson
Svavar Svavarsson
Ágúst H. Elíasson
Gissur Pétursson

13. *Rekstrarstjórn vegna rannsóknarbáts*
Arndís Steinþórsdóttir
Jörundur Svavarsson
Þorleifur Valdimarsson
Vignir Thoroddsen

14. *Stjórn sjávarútvegshúss*
Árni Kolbeinsson
Jakob Jakobsson
Grímur Valdimarsson

15. *Sovésk-íslensk samstarfsnefnd*
Jakob Jakobsson
Grímur Valdimarsson

16. *Tölvunefnd*
Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson
Sveinn Hjörtur Hjartarson
Kristján Skarphéðinsson

17. *Skipakostanefnd*
Jakob Jakobsson
Björg Ævar Steinarsson
Óskar Vigfússon
Kristján Ragnarsson
Arndís Steinþórsdóttir
Emil Ragnarsson

18. *Aflanýtingarnefnd*
Hermann Sveinbjörnsson
Ágúst Einarsson
Friðrik J. Arngrímsson
Sigurjón Arason
Stefán Guðmundsson
Sveinn Ingólfsson

19. *Verðjöfnunarsjóðsnefnd*
Þórður Friðjónsson
Árni Benediktsson
Benedikt Valsson
Friðrik Pálsson
Geir Gunnarsson
Hreggviður Jónsson
Ísólfur Sigurðsson
Jón Kristjánsson
Karl Steinar Guðnason
Kristján Ragnarsson
Matthías Bjarnason
Lárus Jónsson
Ólafur Ísleifsson
Óskar Vigfússon
Sigurður Haraldsson
Þórunn Friðriksdóttir

20. *Nefnd um fiskveiðistjórnun*
Árni Kolbeinsson
Árni Benediktsson
Arthur Bogason
Dagbjartur Einarsson
Eiður Guðnason
Guðjón A. Kristjánsson
Guðmundur H. Garðarsson
Halldór Blöndal
Hreggviður Jónsson
Jakob Jakobsson
Jóhann A. Jónsson
Jón Ingvarsson
Jón B. Jónsson
Kristján Ragnarsson
Lárus Jónsson
Óskar Vigfússon
Skúli Alexandersson
Stefán Guðmundsson
Unnur Steingrímsdóttir
Þorsteinn Gíslason
Þórður Friðjónsson
Þröstur Ólafsson

21. *Afkomunefnd*
Kristján Skarphéðinsson
Gyða Þórðardóttir
Sveinn Hjörtur Hjartarson

22. *Vigtarnefnd*
Arndís Steinþórsdóttir
Sturla Böðvarsson
Eyþór Einarsson

3.12. UMHVERFISRÁÐUNEYTI

3.12.1. Nefndir, stjórnir og ráð sem Alþingi kýs

Engin starfandi

3.12.2. Verkefnanefndir samkvæmt lögum og samþykktum

1. *Nefnd til að leggja fram hugmyndir í atvinnumálum*
Jón Gunnarsson
Grímur Þór Valdimarsson
Kristján Ingvarsson
Jón Sigurðsson
Erna Hauksdóttir
Geir Gunnlaugsson

2. *Nefnd um rannsóknamiðstöð*
Magnús Magnússon
Vilhjálmur Lúðvíksson
Gunnar G. Schram
Unnsteinn Stefánsson
Magnús Jóhannesson
Gísli Már Gíslason
Sigmundur Guðbjarnason
Jakob Jakobsson
Grímur Þór Valdimarsson
Charles Cobb, sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi
Páll Bergþórsson
Arnþór Garðarsson
Jóhann Sigurjónsson

3.13. UTANRÍKISRÁÐUNEYTI

3.13.1. Nefndir, stjórnir og ráð sem Alþingi kýs

Þróunarsamvinnustofnun Íslands
Ingvar Gíslason
Árni Vilhjálmsson
Árni Gunnarsson
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir
Margrét Björnsdóttir
Kristján Ingvarsson

3.13.2. Verkefnanefndir samkvæmt lögum og samþykktum

1. *Varnarmálanefnd*
Hörður H. Bjarnason
Höskuldur Ólafsson
Guðfinnur Sigurvinsson
Páll Jónsson
Ólafur Björnsson

2. *Kaupskrárnefnd*
Hallgrímur Dalberg
Ásmundur Stefánsson
Þórarinn V. Þórarinsson

3. *Skaðabótanefnd*
Benedikt Blöndal
Guðmundur Karl Jónsson

4. *Skipulags- og byggingarnefnd á varnarsvæðum*
Jóhann Einvarðsson
Garðar Halldórsson
Sigurður Thoroddsen
Pétur Guðmundsson
Guðjón Guðmundsson

5. *Almannavarnanefnd á Keflavíkurflugvelli*
Pétur Guðmundsson
Þorgeir Þorsteinsson

6. *Trygginga- og öryggisnefnd*
Hannes Guðmundsson
Pétur Guðmundsson
Þorgeir Þorsteinsson

7. *Íslandsnefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna*
Sveinbjörn Dagfinnsson
Árni Kolbeinsson
Þorsteinn Gíslason
Þorsteinn Tómasson
Gréta Gunnarsdóttir

8. *Nefnd um samskipti Íslands og Vestur-Íslendinga*
Heimir Hannesson
Bragi Friðriksson
Finnbogi Guðmundsson
Haraldur Bessason
Jón Ásgeirsson
Haukur Ólafsson

9. *Byggingarnefnd flugstöðvar*
Pétur Guðmundsson
Ásgeir Einarsson
Kjartan Gunnarsson
Leifur Magnússon
Guðmundur Eiríksson
Sigurður Ásmundsson

10. *Ratsjárnefnd*
Þorgeir Pálsson
Hörður H. Bjarnason
Berent Sveinsson
Guðmundur Matthíasson
Haraldur Sigurðsson
Sigurður Ásmundsson

3.14. VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

3.14.1. Nefndir, stjórnir og ráð sem Alþingi kýs

1. *Bankaráð Seðlabanka Íslands*
Ólafur B. Thors
Þröstur Ólafsson
Davíð Aðalsteinsson
Björn Björnsson
Guðmundur Magnússon

2. *Bankaráð Landsbanka Íslands*
Kristinn Finnbogason
Friðrik Sophusson
Lúðvík Jósepsson
Kristín Sigurðardóttir
Eyjólfur K. Sigurjónsson

3. *Bankaráð Búnaðarbanka Íslands*
Guðni Ágústsson
Halldór Blöndal
Haukur Helgason
Þórir Lárusson
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir

3.14.2. Verkefnanefndir samkvæmt lögum og samþykktum

1. *Verðlagsráð*
Atli Freyr Guðmundsson
Ásmundur Stefánsson
Magnús Geirsson
Einar Ólafsson
Þórarinn V. Þórarinsson
Vilhjálmur Egilsson
Kjartan P. Kjartansson
Unnsteinn Beck
Þórir Einarsson

2. *Þriggja manna nefnd*
Georg Ólafsson
Ari Skúlason
Hannes G. Sigurðsson

3. *Samstarfsnefnd um gjaldeyrismál*
Atli Freyr Guðmundsson
Kjartan Gunnarsson
Björn Tryggvason

Sigurður Jóhannesson
Halldór S. Magnússon
Sólon R. Sigurðsson
Guðmundur Guðmundsson
Sigfús Gunnarsson
Sigrún Lára Shanko

4. *Stjórn Flutningsjöfnunarsjóðs fyrir olíu og bensín*
Georg Ólafsson
Jón Ögmundur Þormóðsson
Sigurkarl Torfason
Ólafur Bjarki Ragnarsson
Aðalsteinn Kjartansson

5. *Stjórn Flutningsjöfnunarsjóðs sements*
Atli Freyr Guðmundsson
Gunnar G. Þorsteinsson
Gylfi Þórðarson

6. *Tryggingasjóður viðskiptabanka*
Arnljótur Björnsson
Ólafur Örn Ingólfsson
Valur Valsson

7. *Prófnefnd verðbréfamiðlara*
Tryggvi Gunnarsson
Tryggvi Axelsson
Jóhann Albertsson
Gunnar Helgi Hálfdánarson
Þorgeir Örlygsson

8. *Samstarfsnefnd ráðuneytisins og Seðlabankans um starfsemi bankaeftirlitsins*
Jóhannes Nordal
Björn Friðfinnsson
Þórður Ólafsson

9. *Nefnd til að undirbúa heildarlöggjöf um auglýsingar á grundvelli þingsályktunar um auglýsingalöggjöf*
Jón Ögmundur Þormóðsson
Jón Magnússon
Markús Örn Antonsson
Sólveig Ólafsdóttir
Þórhildur Gunnarsdóttir

10. *Nefnd til að endurskoða gildandi gjaldeyrisreglur með það að markmiði að fella þær í einn bálk og samræma framsetningu þeirra reglum og flokkun OECD*
Atli Freyr Guðmundsson
Sveinbjörn Hafliðason
Finnur Sveinbjörnsson
Kjartan Gunnarsson

4. Greiðsla fyrir nefndarstörf fer eftir ákvörðun þóknananefndar og hafa ráðuneytin ekki ákvörðunarvald um greiðslur. Nefndir, sem vinna að tímabundnum störfum, fá venjulega greiðslur þegar nefndarstörfum er lokið, en aðrar nefndir fá greiðslur ýmist mánaðarlega eða einu sinni á ári. Eru nefndarlaun reiknuð í einingum og reynt að meta vinnuframlag hvers og eins nefndarmanns. Venjan er sú að í starfslok er send skýrsla til þóknananefndar. Þar er gerð grein fyrir starfi hlutaðeigandi nefndar og óskað eftir mati nefndarinnar. Sumar nefndir eru hins vegar ólaunaðar.
Laun stjórnar Byggðastofnunar, Framkvæmdasjóðs, Hlutafjársjóðs Byggðastofnunar og Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina eru ákveðin hin sömu og þóknun bankaráðsmanna ríkisbanka. Nefndarmenn í samstarfsnefnd lánastofnana atvinnuveganna og Byggðastofnunar fá greiðslur fyrir hvern fund og stjórnarskrárnefnd fær mánaðarlegar greiðslur.
Um samstarfsnefndir og ráð, sem ráðuneytin tilnefna fulltrúa í, fjallar þóknananefnd yfirleitt ekki.
5. Ekki er kunnugt um hvort þóknananefnd hafi þá vinnureglu að ákveða aðra þóknun fyrir ríkisstarfsmenn en aðra þá sem sæti eiga í viðkomandi nefndum eða ráðum. Það er hins vegar afar erfitt í framkvæmd að launa menn í sömu nefnd á mismunandi hátt og eftir því hvar þeir taka föst laun. Þess er þó rétt að geta að fyrir hefur komið að nefndarmenn sem ekki eru ríkisstarfsmenn hafa fengið aukagreiðslur m.a. vegna aðstöðu og sérþekkingar sem þeir hafa veitt.

Ed. 1275. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 16. apríl 1971, um náttúruvernd, lögum nr. 20 30. apríl 1986, um Siglingamálastofnun ríkisins, og ýmsum lögum er varða yfirstjórn umhverfismála.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið en efni þess var rætt ítarlega í nefndinni fyrr á þessu þingi er hún hafði til umfjöllunar 129. mál, um Stjórnarráð Íslands. Fékk nefndin þá á sinn fund fulltrúa margra þeirra stofnana sem málið varðar.

Við meðferð málsins í neðri deild voru gerðar nokkrar breytingar á frumvarpinu. Í þeim er fyrst og fremst komið til móts við þau sjónarmið að draga nokkuð úr og seinka tilfærslu verkefna til umhverfisráðuneytis í þessum fyrsta áfanga á meðan endurskoðun fer fram á lögum um þær stofnanir sem þessum verkefnum tengjast og vanda þannig betur undirbúning málsins.

Í athugasemdum við ákvæði til bráðabirgða í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, 129. mál þessa þings, sem fellt var niður í meðferð neðri deildar á því frumvarpi, segir svo:

„Við endurskoðun laga um landgræðslu og skógrækt skulu eftirtalin málefni verða á verksviði umhverfisráðuneytis:

1. Gróðureftirlit og gróðurrannsóknir.
2. Gróðurvernd, þar á meðal hvers konar varnir gegn gróðureyðingu, án þess að búist verði við að á móti komi arður eða efnahagslegar nytjar.

Á verksviði landbúnaðarráðuneytis verði eftirtalin málefni:

1. Ræktun ógróins eða lítt gróins lands með það í huga að fá af því beinar nytjar, t.d. að rækta beitilönd og tún.
2. Breytingar á landi til að bæta gróðurfar þess í atvinnuskyni og renna þannig fleiri stoðum undir landbúnaðinn, t.d. með ræktun nytjaskóga.“

Við þessa endurskoðun, sem varðar málefni á verksviði ráðuneytisins, er nauðsynlegt, vegna þeirrar skipulagsbreytingar sem verður við stofnun þess, að ná sem víðtækastri samstöðu. Skipulagsbreytingin má ekki raska mikilvægri starfsemi stofnana, heldur verði það meginmarkmið umhverfisráðuneytisins að auka samstarf þeirra og efla þær. Meiri hl. nefndarinnar telur að á grundvelli þessarar lagasetningar sé hægt að vinna að framgangi mála á þann hátt.

Meiri hl. nefndarinnar leggur því til að frumvarpið verði samþykkt eins og neðri deild afgreiddi málið.

Sveinn G. Hálfdánarson sat lokafund nefndarinnar um málið og lýsti sig samþykkan þessari afstöðu meiri hl. nefndarinnar.

Alþingi, 5. maí 1990.

Jón Helgason, form., frsm. | Guðmundur Ágústsson, fundaskr. | Jóhann Einvarðsson.

Skúli Alexandersson.

Ed. 1276. Breytingartillögur [128. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 16. apríl 1971, um náttúruvernd, lögum nr. 20 30. apríl 1986, um Siglingamálastofnun ríkisins, og ýmsum lögum er varða yfirstjórn umhverfismála.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur.

1. Á undan 1. gr. frumvarpsins komi tvær nýjar greinar svohljóðandi:
   a. (1. gr.)
      1. málsl. 2. gr. laga nr. 3/1955, um skógrækt, sbr. lög nr. 76/1984, orðist svo:
      Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn skógræktarmála samkvæmt lögum þessum, sbr. þó IV. kafla laga þessara um ræktun nytjaskóga á bújörðum.
   b. (2. gr.)
      Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í upphafi 3. gr. laga nr. 17/1965, um landgræðslu, sbr. 2. gr. laga nr. 54/1975, komi: umhverfisráðherra.
      Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytinu“ í 2. mgr. 2. tölul. 7. gr. sömu laga komi: umhverfisráðuneytinu.
      Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 4. mgr. 8. gr. sömu laga komi: umhverfisráðherra.
      Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. málsl. 13. gr. sömu laga komi: umhverfisráðherra.
      Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytið“ í 5. mgr. 23. gr. sömu laga, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1982, komi: umhverfisráðuneyti.
2. Lokamálsgrein 1. gr. frumvarpsins falli brott.

Ed. 1277. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 16. apríl 1971, um náttúruvernd, lögum nr. 20 30. apríl 1986, um Siglingamálastofnun ríkisins, og ýmsum lögum er varða yfirstjórn umhverfismála.

Frá 2. minni hl. allsherjarnefndar.

Kvennalistakonur hafa frá upphafi borið umhverfismál og verndun náttúrunnar mjög fyrir brjósti, enda stendur það nærri konum að vilja sjá börnum sínum borgið í framtíðinni. Umhverfismál eru stór og viðamikill málaflokkur sem nauðsynlegt er að skipi verðugan sess í stjórnkerfi landsins. Umhverfismálin hafa hingað til fallið að einhverju leyti undir flest öll ráðuneytin. Afleiðingin er óstjórn og skörun. Því er brýnt að sameina öll verkefni á sviði umhverfismála undir eitt ráðuneyti og tryggja virka og hagkvæma stjórn og markvissa umhverfisvernd. Kvennalistakonur telja að stofnun umhverfisráðuneytis sé besta og öruggasta leiðin til að bæta úr þeim spjöllum sem gáleysisleg umgengni mannsins við landið hefur haft í för með sér og til að tryggja þá faglegu yfirsýn sem nauðsynleg er á sviði umhverfisverndar.

Á 111. löggjafarþingi lögðu þingkonur Kvennalistans fram þingsályktunartillögu um stofnun umhverfisráðuneytis (150. mál). Auk þess hafa kvennalistakonur átt frumkvæði að mörgum málum á sviði umhverfisverndar og flutt tillögur þar um á Alþingi. Frumvarp þetta er fyrsta skrefið í þá átt að tryggja að einn aðili í stjórnkerfinu hafi yfirsýn yfir náttúruauðlindir landsins, nýtingu þeirra og verndun. Kvennalistakonur hefðu viljað flytja ýmis fleiri verkefni á sviði umhverfismála til hins nýja ráðuneytis en flytja þó einungis tvær breytingartillögur við frumvarpið að þessu sinni. Í ljósi þeirrar staðreyndar að stærsta og alvarlegasta umhverfisvandamálið á Íslandi er gróðureyðing og sandfok telja kvennalistakonur að landgræðsla og

skógrækt hljóti að verða eitt af mikilvægustu verkefnum umhverfisráðuneytis. Til samræmis við þá skoðun Kvennalistans fela breytingartillögurnar í sér að Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins verði fluttar frá landbúnaðarráðuneytinu til umhverfisráðuneytis, þó verði ræktun nytjaskóga og skjólbelta áfram í umsjá landbúnaðarráðuneytis.

Annar minni hl. leggur áherslu á að áfram verði unnið að því að flytja verkefni til umhverfisráðuneytis í því skyni að tryggja þá heildarsýn og þá faglegu þekkingu sem í slíku ráðuneyti verður að vera.

Alþingi, 5. maí 1990.

Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Ed. 1278. Lög [422. mál]

um breytingu á læknalögum, nr. 53/1988.

(Afgreidd frá Ed. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 1251.

Ed. 1279. Lög [520. mál]

um Búnaðarmálasjóð.

(Afgreidd frá Ed. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 1252.

Nd. 1280. Nefndarálit [524. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60/1981, um raforkuver o.fl.

Frá 2. minni hl. iðnaðarnefndar.

Með frumvarpinu er leitað eftir samþykki Alþingis á breyttri virkjanaröð, heimildum fyrir nýjum virkjunum og stækkun annarra. Með frumvarpinu er einnig lögð til sú meginbreyting að iðnaðarráðherra skuli ákveða röð virkjanaframkvæmda og aðrar stórframkvæmdir í raforkumálum í stað þess að það sé í höndum Alþingis. Í ákvæði til bráðabirgða er *Landsvirkjun veitt heimild til að verja allt að 300 millj. kr. á árinu til frekari framkvæmda* við virkjanir en gert var ráð fyrir í upphafi ársins.

Frumvarpið er flutt „til þess að greiða fyrir uppbyggingu orkufreks iðnaðar hér á landi" eins og segið orðrétt í athugasemdum með frumvarpinu. Það er því hluti af stærra máli, byggingu nýs risaálvers hér á landi.

Nýjar virkjanir óþarfar.

Ef einungis er miðað við almennan markað dugar sú raforka, sem nú hefur verið virkjuð, fram yfir næstu aldamót. Frumvarpið er því óþarft. Nýjar virkjanir og sú mikla fjárfesting, sem þeim fylgja, eru því fyrst og fremst í þágu erlendra aðila sem vilja byggja hér álver. Á undanförnum árum hefur miklum fjármunum verið varið til undirbúnings virkjana án þess að séð væri að þörf væri fyrir þá orku sem kæmi frá þeim virkjunum í langri framtíð. Það væri því

mjög óskynsamlegt að verja enn meiri fjármunum í virkjanaundirbúning og framkvæmdir eins og hér er gert ráð fyrir án þess að a.m.k. sé líklegt að hægt verði að selja orkuna fyrir það verð sem eðlilegt er að krefjast. Á þeim tíma, sem frumvarpið er lagt fyrir Alþingi, liggur ekkert fyrir um hvort um samninga verður að ræða milli Landsvirkjunar og erlendu álfyrirtækjanna og hafa komið fram sterkar efasemdir frá aðilum, sem til þekkja, um að samningar takist.

Hluti af stærra máli.

Um árabil hafa ráðamenn verið uppteknir af því að það eina, sem bjargað gæti íslensku efnahagslífi, væri bygging nýs álvers. Fullvíst er að þeim fjármunum, sem áætlað er að eyða til þessara stórframkvæmda af Íslendinga hálfu, væri betur varið til atvinnuuppbyggingar á öðrum sviðum. Álver það, sem nú eru hugmyndir um að byggt verði hér á landi, veitir aðeins rúmlega 600 manns atvinnu þegar byggingarframkvæmdum er lokið. Slík uppbygging er því engin lausn fyrir þann fjölda sem kemur á vinnumarkaðinn á næstu árum. Gert er ráð fyrir að álver muni kosta um 50 milljarða króna og virkjanir því tengdar nær annað eins. Þarna er því gert ráð fyrir óhemjufjárfestingu fyrir hvert starf.

Þrír staðir hafa aðallega verið nefndir fyrir álver: Eyjafjörður, Reyðarfjörður og höfuðborgarsvæðið. Í samræmi við annað í þessu máli hefur það, að því er virðist, verið lagt í hendur erlendu aðilanna hvar á landinu verskmiðjan skuli reist. Það er skoðun Kvennalistans að eigi á annað borð að ákveða að byggja hér álver ætti það að vera í höndum Íslendinga sjálfra að ákveða hvar það verður sem og aðrar grundvallarforsendur í málinu.

Umhverfismál eru stór þáttur sem tengist nýju álveri. Í þeim efnum verður að gera ýtrustu kröfur um mengunarvarnir og ekki minni en gerðar eru í nágrannalöndunum. Reynslan af álverinu í Straumsvík ætti að sýna okkur að verksmiðjueigendur ganga eins langt og hægt er til að koma sér hjá kostnaði við mengunarvarnir. Í samkomulagi milli íslensku ríkisstjórnarinnar og Alusuisse eru ákvæði um að mengunarvarnir skuli vera samkvæmt góðum siðvenjum í öðrum löndunum. Allir vita hverjar efndirnar hafa verið.

Þjóðhagsleg áhrif.

Víst má telja að bygging 200 þúsund tonna álvers með öllu, sem því fylgir, mun hafa veruleg áhrif hér á landi þótt ekki séu allir sammála um hvort þau áhrif yrðu jákvæð. Í athugasemdum með frumvarpinu er gerð tilraun til að meta hve mikið hagvöxturinn muni aukast vegna byggingar álvers. Reiknimeistarar frumvarpsins hafa komist að því að álver muni auka hagvöxt á mælikvarða landsframleiðslu um 1% á ári næstu árin. Ýmislegt er vert að athuga í þeim útreikningum. Óeðlilegt er að taka með í reikninginn vexti og arðgreiðslur sem fara til útlendinga eins og gert er í þessum útreikningum. Ef tekið er tillit til þessara þátta verður hagvöxtur verulega minni. Ekki er heldur gerð nein tilraun til þess að meta hvaða áhrif það hefði ef hliðstæð fjárfesting yrði í íslenskri atvinnustarfsemi. Ekki er tekið tillit til áhrifa á umhverfið og félagslegrar röskunar við útreikninga á slíkum þjóðhagsstærðum. Aukning í hagvexti er því slæmur mælikvarði á hag fólks og velferð sem og áhrif á umhverfi þegar lengra er litið.

Í umræðum á Alþingi og í fjölmiðlum hefur það verið notað til að sannfæra fólk um ágæti og nauðsyn þess að reisa hér álver að hvert tonn af áli skili jafnmiklu til þjóðarbúsins og hvert tonn af þorski. Þessi fullyrðing sýnir hve auðvelt er að beita töfrabrögðum með tölum til að slá ryki í augu fólks. Það er erfitt að sjá hvaða tilgangi það hefur verið talið þjóna að setja fram svo villandi fullyrðingar. Útreikningar Þjóðhagsstofnunar sýna að hreinar gjaldeyristekjur eru tvö- til þrefalt meiri af þorsktonni en áltonni. Þó eru ekki teknir inn í þetta dæmi vextir af innlendri fjárfestingu sem á uppruna í erlendum lánum og er því ljóst að hlutfallið milli þorsktonns og áltonns er enn hærra ef þessar forsendur væru teknar með í dæmið eins og eðlilegt væri.

Reikna má með að um helmingur fjárfestingar í nýju álveri verði af innlendum toga, eða u.þ.b. 45 milljarðar króna. Ef ekkert er að gert mun sú fjárfesting hafa í för með sér röskun og verðbólgu. Til að draga úr þenslu hefur verið talað um að draga úr framkvæmdum hins opinbera meðan á stóriðjuuppbyggingu stendur. Virðist þá helst litið til vegagerðar og annarra byggingarframkvæmda í því sambandi. Engin áætlun liggur þó fyrir um hvernig þetta megi gera.

Aukin stóriðja mun auka skuldasöfnun okkar erlendis en nú nema erlendar skuldir um helmingi af landsframleiðsunni.

Raforkuverð.

Gert er ráð fyrir að selja 2800 gígavattstundir af raforku til 200 þús. tonna álvers. Nær útilokað er fyrir Alþingi að meta hvort hægt verði að standa við ákvæði 13. gr. laga um Landsvirkjun ef af sölu á raforku verður til nýs álvers. Þar er kveðið á um að orkusölusamningar við iðjuver til langs tíma megi ekki valda hærra orkuverði til almenningsveitna en ella hefði orðið. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir til iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar var nefndinni ekki veittur sá trúnaður að hún fengi þær upplýsingar sem gerði henni kleift að meta þetta atriði. Óljósar upplýsingar voru gefnar um að sala á raforku „gerði gott betur en að standa undir flýtingarkostnaði vegna virkjana“ sem og að verð til almennings yrði ekki hærra en ella hefði orðið. Á grundvelli svo óljósra upplýsinga er ekki hægt að gera sér grein fyrir hvort raforka frá virkjunum, sem verið er að veita heimildir fyrir, geti selst á viðunandi verði.

Gert er ráð fyrir að orkuverð verði tengt verði á áli. Því fylgir veruleg áhætta. Á undanförnum árum hefur verð á áli sveiflast mjög. Ef slíkar sveiflur verða álíka og verið hefur munu tekjur af orkusölu verða mjög sveiflukenndar, jafnvel um tap að ræða um lengri eða skemmri tíma. Þegar haft er í huga að eftir byggingu 200 þús. tonna álvers yrði rúmlega 60% af orkusölu Landsvirkjunar tengt verði á áli er ljóst að verið er að taka verulega áhættu með að tengja svo stóran hluta raforkusölunnar við álverð á heimsmarkaði. Enn meiri áhætta verður tekin ef áform um byggingu 400 þús. tonna verksmiðju verða að veruleika en þá má búast við að um 70% af raforkusölu verði til stóriðju. Það getur því lent óþyrmilega á almennum raforkunotanda ef verð á áli helst lágt um langan tíma á heimsmarkaði.

Á síðustu mánuðum hefur orðið sú jákvæða þróun að líkur hafa aukist verulega á afvopnun og þar með muni draga verulega úr framleiðslu hergagna. Þetta hefur að öllum líkindum áhrif á álverð. Þess má einnig geta að nýlega bárust um það fréttir að tengsl gætu verið milli Alzheimerssjúkdómsins og notkunar á álumbúðum fyrir mat- og drykkjarvöru. Ef eitthvað er hæft í þessum fréttum má búast við að notkun áls í umbúðir muni dragast verulega saman. Samkvæmt upplýsingum fulltrúa markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar er talið að aukning í eftirspurn eftir áli verði ekki síst vegna vaxandi notkunar á áli í umbúðir, sérstaklega fyrir drykkjarvöru. Greinilegt er því að margir óvissuþættir eru varðandi verð á raforku.

Þar sem mörgum veigamiklum þáttum málsins er haldið frá Alþingi er útilokað að gera sér grein fyrir áhrifum þess á raforkuverð til almennings og hve mikil sú áhætta er sem þarna er að fara að taka.

Umhverfismálin.

Fullyrt er að tryggðar verði fullnægjandi kröfur um mengunarvarnir og umhverfisvernd í nýju álveri. Enn virðist þó ekki vera búið að skilgreina hvað er fullnægjandi í þessu sambandi og er ástæða til að óttast þá hlið málsins. Mengun frá álverum er einkum ryk, flúoríð, brennisteinsdíoxíð og úrgangur frá kerum og skautum. Allir þessir þættir geta valdið skaða í umhverfinu. Því er mikilvægt fyrir okkar viðkvæmu náttúru að gera miklar kröfur til mengunarvarna og þá einnig til álvers ef það verður byggt hér á landi. Brennisteinsdíoxíð er

eitt þeirra efna sem valdið hafa stórfelldum skaða í umhverfinu. Í Evrópu hafa heilu skógasvæðin beðið alvarlegan hnekki vegna mengunar. Í Noregi og Svíþjóð hefur súrt regn valdið því að fiskur í ám og vötnum hefur drepist og sums staðar hefur súrnunin valdið aldauða í vötnum. Auk þess getur brennisteinsdíoxíð haft áhrif á heilsu fólks og valdið eyðileggingu á menningarverðmætum og tæringu á málmum. Nú er lagt kapp á það á alþjóðavettvangi að draga úr losun brennisteinsdíoxíðs út í andrúmsloftið. Í upplýsingum sem mengunarvarnadeild Hollustuverndar ríkisins gaf nefndinni, segir m.a.: „Á Íslandi erum við svo lánsöm að þurfa lítið að nota orkugjafa sem valda mikilli brennisteinsdíoxíðmengun. Við getum því gert þær kröfur til umhverfis okkar að mengun af þessum völdum sé í lágmarki og þannig tekið mið af viðkvæmasta þættinum, þ.e. gróðri, þegar sett eru viðmiðunarmörk fyrir þetta efni. Í mengunarvarnareglugerð, nr. 386/1989, eru fyrir brennisteinsdíoxíð (SO_2) sett mörkin 50 $\mu g/m^3$ sem sólarhringsmeðaltal (95 prósentíl), en 30 $\mu g/m^3$ sem ársmeðaltal. Þessi mörk taka mið af því að minnsta magn brennisteinsdíoxíðs sem þekkt er að geti valdið gróðurskaða eru 30 $\mu g/m^3$ sem langtímameðaltal. Samsvarandi gildi fyrir heilsufar fólks er 100 $\mu g/m^3$. Viðmiðunarmörk eru að jafnaði hærri eftir því sem viðmiðunartíminn er skemmri þar sem sveiflur jafnast út á lengri mælitíma. Þar sem veðurfari á landinu er þannig háttað að gróður á erfitt uppdráttar er ekki síst ástæða til að vernda gróðurinn fyrir mengun þar sem það er mögulegt."

Það er því mikilvægt að ekki sé slegið af að því er varðar ýtrustu kröfur um hreinsun á þessu efni. Nokkuð hefur borið á því að undanförnu að lítið sé gert úr hættu af brennisteinsdíoxíðmengun vegna álvers hér á landi. Slíkt verður að telja mikið áhyggjuefni. Bent hefur verið á að víða hér á landi hafi jarðvegur meiri möguleika á að taka við vetnisjónum en víða annars staðar og því þurfi ekki að gera eins strangar kröfur varðandi efni sem valda súrnun. Í þessu sambandi virðist það alveg gleymast að skaðleg áhrif á gróður eru fyrst og fremst vegna beinna áhrifa á plöntur þótt auðvitað hafi súrnun jarðvegs einnig veruleg áhrif.

Á fundi Náttúruverndarráðs 3. maí 1990 var samþykkt bókun þar sem lögð er áhersla á að ýtrustu kröfur verði gerðar til mengunarvarna í nýju álveri sem kunni að verða reist hér á landi (sjá fylgiskjal). Náttúruverndarráð leggur sérstaka áherslu á að ekki verði slakað á kröfum varðandi hreinsun á brennisteinsdíoxíði.

Mikilvægt er að með umhverfis- og mengunarmálin verði ekki farið þannig að hugtakið „ýtrustu mengunarvarnir" verði skilgreint upp á nýtt og að gefið verði eftir í þessum efnum.

Margir óvissuþættir.

Nú er gert ráð fyrir að ákvörðun um hvort Atlantsál-aðilarnir reisi hér álver verði tekin í lok júní. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fram komu í nefndinni, eru fjölmörg atriði óviss. Auk þeirrar óvissu, sem er um orkuverð og álverð sem á að verða grunnurinn að verðlagningu, hefur ekki verið upplýst hvert verði fyrirkomulag skattlagningar fyrirtækisins, kröfur um mengunarvarnir hafa ekki verið ákveðnar og staðarval er enn óljóst. Það er því ábyrgðarhluti að ætla sér á þeim stutta tíma, sem gefinn er, að taka ákvarðanir um svo mörg og mikilvæg atriði. Hætta er á að staða íslenskra samningamanna verði veik ef ekki liggur skýrt fyrir hverjar séu grundvallarforsendur af Íslands hálfu í slíkum samningum.

Rangar áherslur.

Sú stefna í atvinnumálum, sem mörkuð er með þessu frumvarpi, er varhugaverð fyrir Ísland. Stóriðja svarar einungis að mjög takmörkuðu leyti þörf fyrir fleiri störf og meiri fjölbreytni í atvinnulífi. Hún leysir ekki vanda kvenna sem nú eru atvinnulausar víða um land og eru jafnan fyrst látnar víkja þegar atvinnuleysi segir til sín.

Fullvinnsla sjávarafla og iðnaður, sem hentar okkar fámenna og viðkvæma landi, eru vænlegri kostir en þau stóriðjuáform sem nú er einblínt á. Ferðaþjónusta er einnig vænlegur kostur fyrir okkur. Það verður erfitt að skapa jákvætt viðhorf til Íslands sem matvælafram-

leiðslu- og ferðamannalands ef ekki verður breytt um stefnu nú þegar. Mengun hefur aukist hér undanfarin ár og nú á að auka þar enn við með stóriðju.

Fólk er almennt að vakna til vitundar um að jörðinnni hefur verið ofboðið með mengun og eyðingu auðlinda og nú þurfi að snúa við blaði. Álframleiðslu tengir enginn við friðsæla og óspillta náttúru, heldur fremur við mengun og ófrið. Álver á hverju landshorni eru ekki líkleg til að laða hingað ferðamenn né heldur skapa jákvæða ímynd af matvælaframleiðslu á Íslandi. Það er sama hve margir verða til þess kallaðir að þeysast um heiminn til að sannfæra fólk um að hér sé að finna frið og ró og óspillta og ómengaða náttúru, staðreyndin, sem við blasir, er önnur ef ekki verður stefnubreyting.

Kvennalistakonur telja að aukin stóriðja og virkjunarframkvæmdir í hennar þágu séu ekki lausn á þeim vanda sem við blasir í íslensku atvinnulífi. Ókostir slíkra lausna eru yfirgnæfandi. Þingkonur Kvennalistans munu því greiða atkvæði gegn frumvarpinu.

Alþingi 5. maí 1990.

Kristín Einarsdóttir,
fundaskr.

Fylgiskjal.

Náttúruverndarráð:

Bréf til iðnaðarnefndar neðri deildar Alþingis.
(3. maí 1990).

Á fundi fulltrúa Náttúruverndarráðs með iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis var óskað eftir skriflegu yfirliti yfir umsagnir Náttúruverndarráðs um virkjanir og fylgir það hér með.

Náttúruverndarráð vill nota þetta tækifæri til þess að koma á framfæri eftirfarandi bókun um mengunarvarnir í nýju álveri er var samþykkt á fundi ráðsins í dag:

Náttúruverndarráð leggur áherslu á að í nýju álveri, er kann að verða reist hér á landi, verði gerðar ýtrustu kröfur um mengunarvarnir og ekki minni en gerðar eru í nágrannalöndunum.

Af gefnu tilefni er lögð áhersla á vothreinsun SO_2 og byggist það á eftirfarandi:

1. Ýmsar tegundir plantna hér á landi eru viðkvæmari fyrir mengun en í nágrannalöndum vegna erfiðra lífsskilyrða.
2. Nýtt álver eykur verulega við heildarútstreymi SOu2 frá mannlegum umsvifum hér á landi, eða um 50–100%, og það er í andstöðu við stefnu í norrænum og alþjóðlegum samningum um umhverfisvernd að einstakar þjóðir auki mengun svo stórlega eins og hér gæti orðið.
3. Við hreinsun á SO_2 næst einnig aukinn árangur í hreinsun á flúor.
4. Mengunaráhrif eru mjög háð staðsetningu álvers en vernda þarf umhverfi sem best hvar sem það verður byggt.
5. Ýmsar upplýsingar benda til þess að búast megi við að magn brennisteins í forskautum fari vaxandi og geti það tvöfaldast á næstu árum vegna aukinnar notkunar á hráefni sem inniheldur meiri brennistein.

Ed. 1281. Lög [128. mál]

um breytingu á lögum nr. 47 16. apríl 1971, um náttúruvernd, lögum nr. 20 30. apríl 1986, um Siglingamálastofnun ríkisins, og ýmsum lögum er varða yfirstjórn umhverfismála.

(Afgreidd frá Ed. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 1255.

Nd. 1282. Nefndarálit [197. mál]

um frv. til l. um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp þetta er svo nátengt frumvarpi um stjórn fiskveiða að það verður hvorki rætt né afgreitt nema samhliða því. Vísast til nefndarálits 4. minni hl. um stjórn fiskveiða um efnislega greinargerð fyrir afstöðu hans.

Minni hl. leggur til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 5. maí 1990.

Hreggviður Jónsson, fundaskr., frsm. Matthías Bjarnason. Kristinn Pétursson.

Nd. 1283. Frávísunartillaga [352. mál]

í málinu: Frv. til l. um stjórn fiskveiða.

Frá Hreggviði Jónssyni, Matthíasi Bjarnasyni og Kristni Péturssyni.

Deildin samþykkir að fela sjávarútvegsráðherra að kalla saman í sumar þá alþingismenn sem sæti eiga sjávarútvegsnefndum Alþingis til þess að fjalla um frumvarp það sem hér liggur fyrir. Í framhaldi af því verði reglulegt Alþingi kallað saman 3. september 1990. Með vísan til framanritaðs samþykkir deildin að vísa dagskrármálinu til ríkisstjórnarinnar.

Nd. 1284. Frávísunartillaga [197. mál]

í málinu: Frv. til l. um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

Frá Hreggviði Jónssyni, Matthíasi Bjarnasyni og Kristni Péturssyni

Deildin samþykkir að fela sjávarútvegsráðherra að kalla saman í sumar þá alþingismenn sem sæti eiga í sjávarútvegsnefndum Alþingis til þess að fjalla um frumvarp það sem hér liggur fyrir og vísar dagskrármálinu til ríkisstjórnarinnar.

Nd. 1285. Nefndarálit [352. mál]

um frv. til l. um stjórn fiskveiða.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Lög um stjórn fiskveiða eru án vafa mikilvægasta mál þessa þings. Þess vegna hefði umfjöllun um það á Alþingi Íslendinga þurft að vera ítarleg. Lagarétting um svo viðamikið og flókið mál hefði þurft vandaða efnismeðferð. Staðreyndirnar eru hins vegar þær að stjórnarliðar hafa beitt lögvillu til að koma málinu fram. Það var í gær um klukkan hálffimm að frumvarpinu var vísað formlega til nefndarinnar. Þá var haldinn einn nefndarfundur sem stóð í nálægt 45 mínútur. Annar fundur nefndarinnar stóð í eina klukkustund og á lokafundi nefndarinnar rétt fyrir miðnætti í gær var okkur stjórnarandstæðingum tilkynnt að meiri hl. mundi taka málið út úr nefnd án frekari umfjöllunar.

Þetta er sú efnismeðferð sem mikilvægasta mál þjóðarinnar fékk í nefndinni. Tíminn, sem alþingismönnum er ætlaður til að brjóta slíkt stórmál til mergjar, er svo knappur að slíkt er ekki samboðið virðingu Alþingis og minnir frekar á afgreiðslu í einræðisríki.

Minni hl. mótmælir harðlega þessum vinnubrögðum og telur þau gróft brot á þingræðisvenjum og grundvallarreglum í lýðfrjálsu landi.

Þá er það og staðreynd, hvað sem líður stjórn fiskveiða, að jafnframt hefði þurft að taka á vanda fiskvinnslunnar. Sú staðreynd, að sí aukinn útflutningur á sér stað á óunnum fiski, hefur leitt til þess að atvinnugreinin á í erfiðleikum um gjörvallt land. Hefur atvinna verkafólks minnkað og erfiðleikar í sjávarþorpum aukist þar sem viðkvæmt og einhæft atvinnulíf er undirstaða tilverunnar.

Við undirritaðir nefndarmenn Sjálfstæðisflokksins teljum því ekki ástæðu til að rekja í þessu nefndaráliti efnisatriði eða þær breytingartillögur sem voru gerðar á frumvarpinu í efri deild sem eru þó sumar til bóta.

Minni hl. nefndarinnar leggur því til að sjávarútvegsnefndir Alþingis verði kallaðar saman í sumar til að vinna áfram í málinu og að reglulegt Alþingi verði kvatt til starfa 3. september 1990 til að fjalla um málið.

Alþingi, 5. maí 1990.

Hreggviður Jónsson, fundaskr., frsm.	Matthías Bjarnason.	Kristinn Pétursson.

Nd. 1286. Frumvarp til laga [415. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 109/1988 og 76/1989.

(Eftir 2. umr. í Nd., 5. maí.)

1. gr.

2. málsl. 1. gr. laganna orðist svo:

— að stuðla að jafnrétti í húsnæðismálum þannig að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

2. gr.

5. og 10. tölul. 11. gr. laganna falli brott.

3. gr.

Á eftir IV. kafla laganna, Húsbréfaviðskipti (sbr. lög nr. 76/1989), og í stað 30.–47. gr. (Lán til almennra kaupleiguíbúða), V. kafla, Byggingarsjóður verkamanna og félagslegar íbúðarbyggingar, 69.–97. gr., og VII. kafla, Félagslegar kaupleiguíbúðir, 104.–122. gr., kemur nýr V. kafli með 52 nýjum greinum, 51.–102. gr. Fyrirsögn kaflans er: **Félagslegar íbúðir.** Töluröð annarra greina breytist samkvæmt því. Hinn nýi V. kafli orðast svo:

a. (51. gr.)

Markmið.

Markmið með lánveitingum til félagslegra íbúða samkvæmt lögum þessum er að jafna kjör og aðstöðu fólks í landinu og skapa fólki öryggi að því er húsnæðismál varðar.

Skal það gert með því

a. að gera sveitarfélögum, félagasamtökum eða fyrirtækjum kleift, með hagstæðum lánum, að koma upp húsnæði ætlað sem eignaríbúðir, leiguíbúðir, leiguíbúðir með hlutareign eða leiguíbúðir með kauprétti,
b. að gefa fólki kost á því að eignast húsnæði á viðráðanlegum kjörum,
c. að gefa fólki færi á að leigja húsnæði, eða leigja með hlutareign eða kauprétti á viðráðanlegum kjörum.

Við framkvæmd félagslegrar aðstoðar samkvæmt grein þessari skal við það miðað

a. að fólk eigi val um þá kosti sem fram koma í grein þessari,
b. að aðstoð til húsnæðismála gangi bæði til eignar- og leiguíbúða,
c. að húsnæðiskostnaður einstaklinga eða fjölskyldna á hverjum tíma fari ekki fram úr þriðjungi af heildartekjum fjölskyldu,
d. að binda opinberar aðgerðir til jöfnunar á húsnæðiskostnaði við aðstæður einstaklinga eða fjölskyldna eins og þær eru á hverjum tíma,
e. að þess sé gætt að félagslegar íbúðir séu ávallt vandaðar að allri gerð og blandist annarri íbúðabyggð með eðlilegum hætti.

b. (52. gr.)

Félagslegar íbúðir. Skilgreiningar.

Félagslegar íbúðir samkvæmt lögum þessum eru:

1. Kaupleiguíbúðir.
2. Félagslegar eignaríbúðir.
3. Félagslegar leiguíbúðir.
4. Íbúðir í verkamannabústöðum, leiguíbúðir sveitarfélaga og félagasamtaka sem byggðar voru í tíð eldri laga, svo og íbúðir sem byggðar voru á vegum framkvæmdanefndar byggingaráætlunar og íbúðir sem byggðar voru samkvæmt lögum nr. 58/1973 og 38/1976.

Framkvæmdaraðili hefur val um þá kosti sem fram koma í 1.–3. tölul. og skal við lánsumsókn kveðið á um hvers konar íbúð er um að ræða.

Með félagslegum eignaríbúðum er átt við íbúðir sem kaupandi festir kaup á þegar í upphafi, sbr. ákvæði eldri laga um verkamannabústaði.

Með félagslegum leiguíbúðum er átt við íbúðir sem eingöngu eru til leigu.

Kaupleiguíbúðir eru tvenns konar: félagslegar kaupleiguíbúðir og almennar kaupleiguíbúðir. Í kaupleiguíbúðum er um þrjá kosti að velja:

a. Kaupréttur nýttur strax í upphafi.
b. Leigu með kauprétti.
c. Leigu með hlutareign.

Félagslegar kaupleiguíbúðir eru byggðar eða keyptar á vegum sveitarfélaga eða viðurkenndra félagasamtaka, fjármagnaðar með láni úr Byggingarsjóði verkamanna fyrir allt að 90% af samþykktum byggingarkostnaði og 10% framlagi af hálfu framkvæmdaraðila.

Almennar kaupleiguíbúðir eru byggðar eða keyptar á vegum sveitarfélaga, viðurkenndra félagasamtaka eða fyrirtækja, fjármagnaðar með lánum úr Byggingarsjóði verkamanna fyrir allt að 70% og 20% af samþykktum byggingarkostnaði, sbr. 66. og 68. gr., og 10% framlagi af hálfu framkvæmdaraðila eða fyrir allt að 70% af samþykktum byggingarkostnaði og 30% framlagi af hálfu framkvæmdaraðila.

c. (53. gr.)

Framkvæmdaraðilar. Skilgreiningar.

Framkvæmdaraðilar koma á fót og reka félagslegar íbúðir. Þeir eru sveitarfélög, viðurkennd félagasamtök eða fyrirtæki með þeim hætti sem hér segir:

a. Félagslegar kaupleiguíbúðir: Sveitarfélög eða félagasamtök.
b. Félagslegar eignaríbúðir: Sveitarfélög.
c. Félagslegar leiguíbúðir: Sveitarfélög eða félagasamtök.
d. Almennar kaupleiguíbúðir: Sveitarfélög, félagasamtök eða fyrirtæki.

Framkvæmdaraðilar geta einnig staðið að verkefni í sameiningu.

Með félagasamtökum er átt við almannasamtök sem starfa að húsnæðismálum með það langtímamarkmið að koma á fót húsnæði og sjá um rekstur þess í þágu félagsmanna sinna. Félagsmálaráðherra skal með reglugerð setja skilyrði um fjárhagslega ábyrgð félagasamtaka.

Fyrirtæki, sem hér er átt við, geta verið einstaklingar, félög og aðrir sem reka sjálfstæða starfsemi og þurfa af brýnni nauðsyn að koma upp íbúðarhúsnæði vegna starfsemi sinnar. Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skilyrði fyrir lánum til fyrirtækja.

Félagasamtök og fyrirtæki skulu hafa hlotið staðfestingu félagsmálaráðherra til þess að teljast fullgildir framkvæmdaraðilar samkvæmt lögum þessum.

d. (54. gr.)

Skipulag og stjórn.

Yfirstjórn.

Um yfirstjórn félagslegra húsnæðismála af hálfu ríkisins vísast til II. kafla laga þessara.

e. (55. gr.)

Sveitarstjórnir og húsnæðisnefndir.

Sveitarfélag ber ábyrgð á félagslegu húsnæði á vegum þess.

f. (56. gr.)

Í sveitarfélögum með 400–10.000 íbúa skal sveitarstjórn skipa fimm manna húsnæðisnefnd og jafnmarga til vara að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum, þrjá kosna af sveitarstjórn og tvo fulltrúa tilnefnda af stærstu samtökum launafólks í sveitarfélaginu. Í sveitarfélögum með yfir 10.000 íbúa skal sveitarstjórn með sama hætti skipa sjö menn í húsnæðisnefnd og jafnmarga til vara, fjóra kosna af sveitarstjórn og þrjá tilnefnda af stærstu samtökum launafólks í sveitarfélaginu. Nefndin fer með stjórn og samræmingu félagslegs húsnæðis í sveitarfélaginu í umboði sveitarstjórnar og almennar upplýsingar og ráðgjöf varðandi húsnæðismál.

Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.

Í sveitarfélögum með færri íbúa en 400 er heimilt að skipa sérstakan húsnæðisfulltrúa í stað húsnæðisnefndar.

g. (57. gr.)

Skyldur, ábyrgð og verksvið sveitarfélaga.

Sveitarstjórn ber fjárhagslega ábyrgð á félagslegum íbúðum á vegum hennar og enn fremur ábyrgð á framkvæmdum.

Skylt er sveitarstjórn að hafa frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf þess fólks í sveitarfélaginu sem þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflun.

Sveitarstjórn ber að kanna heildarþörf á félagslegu húsnæði í sveitarfélaginu og á grundvelli hennar skal unnin fjögurra ára áætlun um byggingu eða kaup á félagslegum íbúðum sem endurskoðuð skal árlega.

Áætlanir um byggingu eða kaup félagslegra íbúða eiga að byggjast á mati á þörf fyrir nýjar íbúðir, upplýsingum um stöðu húsnæðismála í sveitarfélaginu, horfum í atvinnulífinu og mannfjöldaþróun. Einnig komi fram í áætluninni fjöldi þeirra íbúða sem nauðsynlegt er að byggja eða kaupa, æskilegar stærðir, húsgerð og áætlaður byggingartími. Jafnframt skal gerð grein fyrir æskilegri skiptingu íbúða milli eignaríbúða og leiguíbúða.

h. (58. gr.)

Sveitarfélag skal lána 10% kostnaðarverðs hverrar íbúðar við byggingu eða kaup á eignaríbúð. Skal það gert með því að kaupa skuldabréf af Húsnæðisstofnun ríkisins. Húsnæðisstofnun endurgreiðir sveitarfélaginu lánið á 15 árum, sbr. 2. mgr. 70. gr.

i. (59. gr.)

Verði byggingarkostnaður meiri eða kaupverð íbúðar hærra en sá kostnaðargrundvöllur sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt að lánveitingu fjármagnar viðkomandi sveitarstjórn þann kostnað sem umfram er.

Sveitarstjórn er ábyrg fyrir framkvæmdum, á framlagi hennar sem framkvæmdaraðila, á nýtingu fjármagns, uppgjöri og ráðstöfun þeirra íbúða sem eru á vegum sveitarfélagsins.

j. (60. gr.)

Sveitarfélag ber fjárhagslega ábyrgð á þeim umsýslukostnaði sem endursala íbúða hefur í för með sér. Er sveitarfélagi heimilt að áskilja sér allt að 1% álag af endursöluverði vegna eigendaskipta sem skiptist jafnt milli seljanda og kaupanda.

Sveitarfélag ber þann kostnað sem kann að verða ef íbúð stendur auð við innlausn og endursölu.

Nú selst eignaríbúð ekki og er sveitarfélagi þá heimilt að leigja hana tímabundið þar til kaupandi fæst. Um leigufjárhæð gildir viðmiðunarregla 89. gr. Í reglugerð skal nánar kveðið á um leigu samkvæmt grein þessari.

k. (61. gr.)

Skyldur og verksvið húsnæðisnefnda.

Verkefni húsnæðisnefndar eru m.a.:

1. að gera áætlanir fyrir sveitarfélagið um þörf á félagslegu húsnæði,
2. að hafa umsjón og eftirlit með framgangi félagslegra íbúðarbygginga í sveitarfélaginu,
3. að hafa eftirlit með því að ákvæðum laga um félagslegt húsnæði sé framfylgt í sveitarfélaginu,
4. að meta greiðslugetu umsækjenda þegar sótt er um eignaríbúðir, sbr. 80. gr.,
5. að úthluta félagslegum íbúðum á vegum sveitarfélagsins til einstaklinga í umboði sveitarstjórnar,
6. að sjá um endursölu félagslegra eignaríbúða,
7. að veita íbúum sveitarfélagsins upplýsingar og aðra nauðsynlega þjónustu varðandi félagslegt húsnæði og húsaleigusamninga,

8. að annast skráningu félagslegra íbúða í sveitarfélaginu,
9. að vinna með félögum, félagasamtökum og einstaklingum að húsnæðismálum í sveitarfélaginu.

l. (62. gr.)

Skyldur, ábyrgð og verksvið félagasamtaka sem standa að félagslegum íbúðum.

Félagasamtök, sem fengið hafa staðfestingu félagsmálaráðherra um heimild til þess að koma á fót og reka félagslegar íbúðir, bera fulla ábyrgð á byggingu eða kaupum, á rekstri og ráðstöfun félagslegra íbúða á þeirra vegum.

Verði byggingarkostnaður meiri eða kaupverð íbúðar á vegum félagasamtaka hærra en sá kostnaðargrundvöllur sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt að lánveitingu fjármagnar viðkomandi framkvæmdaraðili þann kostnað sem umfram er. Sama gildir ef fyrirtæki fær staðfestingu félagsmálaráðherra til að koma á fót og reka almennar kaupleiguíbúðir.

m. (63. gr.)

Byggingarsjóður verkamanna.

Hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna er að annast lánveitingar til félagslegra íbúða með það að markmiði að bæta úr húsnæðisþörf þess fólks sem þarfnast til þess sérstakrar fyrirgreiðslu.

n. (64. gr.)

Byggingarsjóður verkamanna er í vörslu Seðlabanka Íslands. Fjár til hans skal aflað sem hér segir:

a. með tekjum af eigin fé sjóðsins, þ.e. afborgunum vöxtum og verðtryggingu af veittum lánum,
b. með árlegum framlögum úr ríkissjóði eins og kveðið er á um í fjárlögum hverju sinni,
c. með láni sveitarfélags til Húsnæðisstofnunar ríkisins, sbr. 58. gr.,
d. með sölu skuldabréfa til lífeyrissjóða samkvæmt samningum Húsnæðisstofnunar ríkisins við lífeyrissjóði,
e. með sérstökum lántökum sem ákveðnar verða í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hverju sinni þegar ráðstöfunarfé samkvæmt a–d-liðum nægir ekki til áformaðra framkvæmda.

Stefna skal að því að byggja félagslegt húsnæði sem nemur a.m.k. einum þriðja af árlegri íbúðaþörf landsmanna og skal fjáröflun til sjóðsins hagað samkvæmt því.

Afgreiðsla lána úr sjóðnum og innheimta þeirra fara fram í almennum lánastofnunum sem Húsnæðisstofnun semur við um þá þjónustu.

o. (65. gr.)

Framlög ríkissjóðs skv. 64. gr. skulu greidd Byggingarsjóði verkamanna í samræmi við greiðslubyrði hans á hverjum tíma.

p. (66. gr.)

Lánaflokkar.

Lánaflokkar Byggingarsjóðs verkamanna eru:

1. Lán til félagslegra kaupleiguíbúða (90% lán).
2. Lán til félagslegra eignaríbúða (90% lán).
3. Lán til félagslegra leiguíbúða (90% lán).
4. Lán til almennra kaupleiguíbúða (70% og 20% lán).

r. (67. gr.)

Auk lána til íbúða er heimilt að lána til bílskýla ef nauðsynlegt er að bílskýli fylgi íbúð af skipulagsástæðum.

Einnig er heimilt að veita lán til upphitunar á gangstétt.

Því aðeins er heimilt að lána til bílskýla og upphitunar á gangstétt að samanlagður kostnaður við það og íbúðina fari ekki fram úr þeim kostnaðargrundvelli um hámarksverð á íbúð sem húsnæðismálastjórn setur.

Við endursölu á eignaríbúðum skal bílskýli fylgja íbúð.

Nánar skal kveðið á um efni greinar þessarar í reglugerð.

s. (68. gr.)

Lán. Lánskjör.

Lán til félagslegra íbúða veitir húsnæðismálastjórn úr Byggingarsjóði verkamanna. Lánshlutfall má nema allt að 90% af byggingarkostnaði eða kaupverði, þó aldrei hærra en 90% af þeim kostnaðargrundvelli að lánveitingu sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt.

Sé um sambýli eða íbúðir fatlaðra eða aldraðra að ræða skal heimilt að taka tillit til umframkostnaðar á fermetra.

Lán til félagslegra eignaríbúða og til kaupa á kaupleiguíbúðum eru til 43 ára.

Lán til félagslegra leiguíbúða og til kaupleiguíbúða, sem eru í leigu, eru til 50 ára.

Sérstök lán til framkvæmdaraðila vegna almennra kaupleiguíbúða (20% lán) eru til 25 ára.

Sé um lán til kaupa á notuðum íbúðum að ræða má lánið nema sama hlutfalli af kaupverði og lánað er til nýbygginga.

Lán Byggingarsjóðs verkamanna skulu vera að fullu verðtryggð og skal höfuðstóll lánsins miðast við lánskjaravísitölu eins og hún er á hverjum tíma.

Hvert lán skal tryggt með 1. veðrétti í hlutaðeigandi íbúð.

Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar hvert ár gera tillögur til félagsmálaráðuneytis um vexti af lánum Byggingarsjóðs verkamanna. Ríkisstjórnin tekur ákvörðun um vexti af lánum (lánaflokkum) Byggingarsjóðs verkamanna að fenginni umsögn Seðlabankans. Húsnæðismálastjórn ákveður lántökugjald og aðra þóknun af lánum sjóðsins.

Lánin eru afborgunarlaus fyrsta árið, þó ekki þegar um er að ræða íbúðir sem eingöngu eru í leigu (án hlutareignar).

Lánin endurgreiðast að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands á eftirstöðvum lánstímans.

Gjalddagar lána skulu eigi vera færri en fjórir á ári.

Húsnæðisstofnun ríkisins er heimilt að fjölga gjalddögum ef það er talið æskilegt.

Byggingarsjóður verkamanna veitir samsvarandi fyrirgreiðslu með sömu kjörum vegna íbúða í endursölu sem framkvæmdaraðili leysir til sín samkvæmt ákvæðum þessara laga um forkaupsrétt.

t. (69. gr.)

Hafi framkvæmdaraðili áður hafnað forkaupsrétti að félagslegri íbúð skal honum ekki veitt lán úr Byggingarsjóði verkamanna næstu þrjú ár frá því forkaupsrétti var hafnað. Þetta á þó ekki við ef íbúðin hentar ekki að teknu tilliti til fyrirliggjandi umsókna.

u. (70. gr.)

Bygging eða kaup á félagslegum íbúðum.

Þegar sveitarstjórn eða annar viðurkenndur framkvæmdaraðili hefur tekið ákvörðun um byggingu eða kaup á félagslegum íbúðum skal hann tilkynna Húsnæðisstofnun ríkisins

ákvörðun sína og jafnframt sækja formlega um lán úr Byggingarsjóði verkamanna. Í umsókn komi fram hvaða tegund félagslegra íbúða um er að ræða, fjöldi þeirra, stærð og gerð, framkvæmdatími, áætlaður byggingarkostnaður eða kaupverð og annað það sem nauðsynlegt er til þess að Húsnæðisstofnun geti tekið afstöðu til lánveitinga til framkvæmdanna eða kaupanna. Með umsókn fylgi jafnframt greinargerð um stöðu og horfur byggingarframkvæmda á vegum framkvæmdaraðila. Í greinargerð skal liggja fyrir áætluð byggingarþörf næstu fjögur árin og helstu forsendur fyrir þeirri þörf sem áætluð er.

Með umsókn sinni um lán til félagslegra eignaríbúða skuldbinda sveitarfélög sig til að leggja fram 10% kostnaðar við félagslegar eignaríbúðir með því að kaupa skuldabréf af Húsnæðisstofnun ríkisins. Húsnæðisstofnun endurgreiðir sveitarfélögum bréfin með árlegum greiðslum á 15 árum. Vextir af skuldabréfum þessum skulu vera þeir sömu og gilda um útlán sjóðsins hverju sinni til félagslegra eignaríbúða.

Umsókn sveitarfélags eða annars framkvæmdaraðila skal berast Húsnæðisstofnun ríkisins fyrir 1. október ár hvert.

